

ALÞINGISTÍÐINDI

2017

HUNDRAD FERTUGASTA OG SJÖUNDA
LÖGGJAFARÞING

B

UMRÆÐUR

Skrifstofa Alþingis hefur annast útgáfu Alþingistíðindanna á vef.

ÞINGSETNINGARFUNDUR

Þriðjudaginn 12. september,
kl. 2 miðdegis.

Árið 2017, þriðjudaginn 12. september, var hundrað fer-
tugasta og sjöunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er
það hundrað og tuttugasta aðalþing í röðinni en hundrað
sextugasta og önnur samkoma frá því er Alþingi var endur-
reist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu, anddyri
Skálans, kl. 1.10 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu
í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Bolli Pétur Bollason, sóknar-
prestur í Laufásprestakalli, predikaði. Séra Sveinn Valgeir-
son, sóknarprestur í Dómkirkjunni, þjónaði fyrir altari
ásamt biskupi Íslands, frú Agnesi M. Sigurðardóttur. Séra
Bolli Pétur lagði út af Lúkasarguðspjalli 6:27.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Al-
þingishússins, fundarsalar Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Andrés Ingi Jónsson, 10. þm. Reykv. n.
2. Ari Trausti Guðmundsson, 6. þm. Suðurk.
3. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, 4. þm. Reykv. n.
4. Ásmundur Friðriksson, 3. þm. Suðurk.
5. Ásta Guðrún Helgadóttir, 3. þm. Reykv. s.
6. Benedikt Jóhannesson, 10. þm. Norðaust.
7. Birgir Ármannsson, 8. þm. Reykv. n.
8. Birgitta Jónsdóttir, 3. þm. Reykv. n.
9. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðaust.
10. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Suðvest.
11. Björn Leví Gunnarsson, 7. þm. Reykv. n.
12. Björt Ólafsdóttir, 9. þm. Reykv. n.
13. Bryndís Haraldsdóttir, 2. þm. Suðvest.
14. Brynjar Níelsson, 4. þm. Reykv. s.
15. Einar Brynjólfsson, 7. þm. Norðaust.
16. Elsa Lára Arnardóttir, 6. þm. Norðvest.
17. Eva Pandora Baldursdóttir, 5. þm. Norðvest.
18. Eygló Harðardóttir, 9. þm. Suðvest.
19. Guðjón S. Brjánsson, 8. þm. Norðvest.
20. Guðlaugur Þór Þórðarson, 1. þm. Reykv. n.
21. Gunnar Hrafn Jónsson, 7. þm. Reykv. s.
22. Gunnar Bragi Sveinsson, 2. þm. Norðvest.
23. Halldóra Mogensen, 11. þm. Reykv. n.
24. Hanna Katrín Friðriksson, 5. þm. Reykv. s.
25. Haraldur Benediktsson, 1. þm. Norðvest.
26. Jón Gunnarsson, 6. þm. Suðvest.
27. Jón Þór Ólafsson, 3. þm. Suðvest.
28. Jón Steindór Valdimarsson, 13. þm. Suðurk.
29. Jóna Sólveig Elínardóttir, 9. þm. Suðurk.
30. Katrín Jakobsdóttir, 2. þm. Reykv. n.
31. Kolbeinn Óttarsson Proppé, 6. þm. Reykv. s.
32. Kristján Þór Júlíusson, 1. þm. Norðaust.
33. Lilja Alfreðsdóttir, 9. þm. Reykv. s.
34. Lilja Rafney Magnúsdóttir, 3. þm. Norðvest.
35. Logi Már Einarsson, 9. þm. Norðaust.

Alþt. 2017. B. (147. lögjafarþing).

36. Nichole Leigh Mosty, 10. þm. Reykv. s.
37. Njáll Trausti Friðbertsson, 4. þm. Norðaust.
38. Oddný G. Harðardóttir, 10. þm. Suðurk.
39. Óli Björn Kárason, 8. þm. Suðvest.
40. Ólöf Nordal, 1. þm. Reykv. s.
41. Óttarr Proppé, 7. þm. Suðvest.
42. Pawel Bartoszek, 11. þm. Reykv. s.
43. Páll Magnússon, 1. þm. Suðurk.
44. Rósa Björk Brynjólfsdóttir, 5. þm. Suðvest.
45. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, 2. þm. Norðaust.
46. Sigríður Á. Andersen, 8. þm. Reykv. s.
47. Sigurður Ingi Jóhannsson, 2. þm. Suðurk.
48. Silja Dögg Gunnarsdóttir, 7. þm. Suðurk.
49. Smári McCarthy, 4. þm. Suðurk.
50. Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðaust.
51. Steinunn Þóra Árnadóttir, 6. þm. Reykv. n.
52. Svandís Svavarsdóttir, 2. þm. Reykv. s.
53. Teitur Björn Einarsson, 7. þm. Norðvest.
54. Theodóra S. Þorsteinsdóttir, 12. þm. Suðvest.
55. Unnur Brá Konráðsdóttir, 8. þm. Suðurk.
56. Valgerður Gunnarsdóttir, 8. þm. Norðaust.
57. Vilhjálmur Árnason, 5. þm. Suðurk.
58. Vilhjálmur Bjarnason, 11. þm. Suðvest.
59. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 4. þm. Suðvest.
60. Þorsteinn Víglundsson, 5. þm. Reykv. n.
61. Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, 4. þm. Norðvest.
62. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, 10. þm. Suðvest.
63. Þórunn Egilsdóttir, 5. þm. Norðaust.

Strengjakvartett flutti *Intermezzo* eftir Atla Heimi
Sveinsson.

Forseti Íslands setur þingið.

[14:11]

Forseti Íslands (Guðni Th. Jóhannesson):

Hinn 31. ágúst sl. var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að
Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 12. sept-
ember 2017.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Al-
þingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verð-
ur þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni
er hefst kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 31. ágúst 2017.

Guðni Th. Jóhannesson.

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman þriðjudag-
inn 12. september 2017.“

Samkvæmt bréfi því sem ég hef nú lesið lýsi ég yfir að
Alþingi Íslendinga er sett.

Í góðum hug stend ég hér meðal ykkar, þjóðkjörinna
fulltrúa á Alþingi Íslendinga. Þingið er þungamiðja stjórns-
kipunar okkar. Hingað sækja ráðherrar og ríkisstjórn um-

boð sitt. Hingað horfir fólk þegar það æskir endurskoðunar á lögum landsins. Því er svo mikilvægt að Alþingi njóti virðingar manna á meðal, að þingheimur sé traustsins verður.

Ágætu alþingismenn. Þau sjónarmið hafa lengi heyrst í samfélaginu og þessum sal að skilgreina þurfi betur í stjórnarskrá völd og ábyrgð forseta Íslands. Þetta geri ég ekki að umtalfni nú vegna þess að sá þáttur sé brynna en aðrir þegar rætt er um breytingar á grunnsáttmála okkar, heldur liggur beint við að huga að honum vegna nýlegra álitamála um stjórnskipulega stöðu forsetans.

Fyrir í sumar brugðust fjölmargir ókvæða við þegar kynferðisbrotamenn fengu uppreist æru eftir afplánun dóms. Engu skipti að stuðst var við lög og ríka hefð um framkvæmdina. Þetta skipti engu vegna þess að lagahugtakið uppreist æru þykir úrelt og villandi. Löngu er tímabært að það heyrir sögunni til. Vissulega eiga þeir sem hafa tekið út dóm að feta áfram lífsins göngu, þrátt fyrir þær þjáningar sem þeir öllu öðrum, eftir annari slóð en fyrir. Á þeirri vegferð yrði einlæg iðrun og yfirbót eflaust til góðs og þótt fólk geti hlotið borgaraleg réttindi á ný að lokinni betrunar- og refsivist hefur slík aðgerð ekkert með æru að gera. Þá er það sjónarmið skynsamlegt, sem alþingismenn hafa lýst, að endurheimt ýmissa réttinda megi skilyrða og takmarka að lögum í ljósi þess afbrots sem framið var.

Við verðum að læra af biturri reynslu og bæta um betur. Sá ásetningur Alþingis og ríkisstjórnar að breyta ákvæðum laga um uppreist æru gefur mér von um að svo fari. Þá verður heiðurinn þeirra sem brotið var á og neituðu að bera harm sinn í hljóði. Fólk í frjálsu Lýðræðissamfélagi á að láta í sér heyrja þegar því er misboðið, ekki með háreysti einni saman heldur með rökum í krafti ríkrar réttlætiskenndar og þeirrar sannfæringar að þótt valdhafar megi ekki feykjast til og frá í vindum líðandi stundar þá hlusti þeir, sjái að sér þegar þess er þörf — og axli ábyrgð.

Ábyrgð skiptir sköpum í samfélagi okkar og stjórnskipun. Stjórnarskráin geymir þau ákvæði að forseti er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Hann lætur ráðherra framkvæma vald sitt og bera þeir ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. En alltaf stendur eftir annars konar ábyrgð; ábyrgð gagnvart fólkinu í landinu sem kys sér forseta, ábyrgð gagnvart eigin samvisku, og ekki síst sú ábyrgð og skylda að færa mál til betri vegar þegar því verður við komið. Sú er raunin núna. Við óbreytt ástand verður ekki unað. Eftir óbreyttu verklagi verður ekki unnið.

Ágæti þingheimur. Sú ríkisstjórn sem tók við völdum fyrir á þessu ári hyggst vinna að endurskoðun stjórnarskrár Íslands á grundvelli þess viðamikla starfs sem átt hefur sér stað undanfarin ár, ekki síst á vettvangi stjórnlagaráðs og stjórnarskrárnefnda.

Þegar stjórnarskrá konungsríkisins Íslands var endurskoðuð við lýðveldisstofnun árið 1944 var um það einhugur að breyta því einu sem breyta þyrfti af nauðsyn við þau kaflaskil. Við fyrstu hentugleika yrði stjórnarskráin svo tekin til gagngerðrar endurskoðunar. Þannig líkti Sveinn Björnsson, fyrsti forseti Lýðveldisins, henni við „bætta flík, sem sniðin var upprunalega fyrir annað land, með öðrum viðhorfum, fyrir heilli öld“.

Vissulega hefur stjórnarskrá Íslands oft verið breytt frá

stofnun lýðveldis, flíkin löguð, en samfélagið vex áfram og þróast. Við það er ríkur stuðningur, innan þings sem utan, að í stjórnarskrá skuli setja ákvæði um umhverfisvernd, þjóðareign á auðlindum og þjóðaratkvæðagreiðslur, svo dæmi séu nefnd. Auk þess hafa stjórnmalaleiðtogar, stjórnspekingar og fleiri margsinnis viðurkennt, ekki síst á þessari öld, að í stjórnarskrá okkar þurfi að draga upp skýrari mynd af ríkjandi stjórnaritari, áréttu þurfi að ráðherra fari með æðsta framkvæmdarvald, hver á sínu sviði, og nefna berum orðum hvaða stjórnskipuleg völd forseti hafi í raun. Í þeim efnum má m.a. huga að atbeina við stjórnarmyndanir, þingrofi og skipun í ýmis embætti. Loks varðar miklu að völd og ábyrgð fari saman. Stjórnarskrárbundið ábyrgðarleysi forseta, sem felur samt í sér formlega staðfestingu á ákvörðunum annarra, samræmist ekki réttarvitund fólks og á ekki heima í stjórnsýslu samtímans.

Hv. þingmenn. Sumir í þessum sal vilja algjörlega nýja stjórnarskrá, aðrir litlar sem engar breytingar, rétt eins og skoðanir almennings eru skiptar. Árið 1918 varð Ísland frjálst og fullvalda ríki. Tveimur árum síðar fengum við Íslendingar nýja stjórnarskrá, í stað þeirrar sem konungur afhenti þjóðinni árið 1874. Við hæfi væri að minnast þessara miklu tímamóta næstu missera, aldarafmælis fullveldis og stjórnarskrár, með því að vinna af einurð að breytingum á grunnsáttmála þjóðarinnar, breytingum sem vitna um sam-eiginlega sýn sem flestra á umhverfi og auðlindir, samfélag og stjórnskipun, ábyrgð og vald.

Ég óska ykkur, þingmenn góðir, velfarnaðar í vanda-sömum störfum. Vinnum saman í þágu lands og þjóðar. Ég bið alþingismenn að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingmenn risu úr sætum og forsætisráðherra, **Bjarni Benediktsson**, mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrráhrópi.]

[Strengjakvartett flutti lagið *Hver á sér fegra föðurland*.]

Ávarp forseta Alþingis.

[14:22]

Forseti (Unnur Brá Konráðsdóttir):

Háttvirtir alþingismenn. Ég býð alþingismenn, starfsmenn þingsins og gesti við þingsetningarathöfnina velkomna. Ég vænti þess að eiga gott samstarf við alþingismenn á nýju löggjafarþingi. Sjálf hef ég góðar væntingar til þessa þings og hef fulla trú á því að samstarf okkar verði áfram með þeim ágæta brag sem einkenndi síðasta vetur þegar allir lögðu sig fram um að eiga gott samstarf í þágu lands og þjóðar.

Forsætisnefnd Alþingis gekk frá starfsáætlun þingsins fyrir 147. löggjafarþing um miðjan ágúst sl. að höfðu samráði við ríkisstjórn og formenn þingflokka. Starfsáætlunin er með sama sniði og á undanförmum þingum. Ég ítreka þá afstöðu mína að það er mikilvægt að starfsáætlunin sé marktæk vinnuáætlun Alþingis. Það er þýðingarmikið að hver og einn alþingismaður geti á grundvelli hennar og vikuáætlana skipulagt störf sín vel.

Starfsáætlunin tekur mið af því að sveitarstjórnarkosningar eru í lok máf. Venja er að Alþingi skapi svigrúm fyrir baráttu flokka og félaga fyrir kosningar til sveitarstjórna. Gert verður hlé á störfum þingsins í tvær vikur um og upp úr miðjum máf og þing kemur síðan saman að nýju eftir kjördag til að ljúka afgreiðslu þeirra mála sem út af kunna að standa.

Á næsta ári munum við Íslendingar fagna því að liðin eru 100 ár frá því að Ísland varð frjálst og fullvalda ríki. Það verður eitt af verkefnum þingsins í vetur að undirbúa hátíðarfund á Þingvöllum. Hátíðarfundurinn er fyrirhugaður 18. júlí nk., en þann dag fyrir einni öld var samningnum um fullveldi Íslands lokið og hann undirritaður hér í þessu húsi. Þingfundurinn er hugsaður sem annar aðalatburður afmælisársins, en samkvæmt ályktun Alþingis á ríkisstjórnin að efna til hátíðarhalds 1. desember 2018 þegar öld verður liðin frá því að sambandslögin öðluðust gildi. Undirbúningur þess atburðar er í höndum ríkisstjórnarinnar.

Auk þessara tveggja meginviðburða afmælisársins, annars vegar á vegum Alþingis og hins vegar á vegum ríkisstjórnar, hefur sú nefnd sem Alþingi kaus og framkvæmdastjóri hennar unnið að ýmsum öðrum viðburðum og verkefnum sem dreifast yfir afmælisárið og miða að því að þátttaka landsmanna verði sem víðtækust í þessum hátíðarhöldum sem eru svo sannarlega markverð og mikilvæg.

Ég skora á þingheim að leggja sig fram um að ná góðri samstöðu um mál sem sameinar okkur sem þjóð þegar kemur að því að ákveða hvað verður til afgreiðslu á hátíðarfundinum.

Gera verður ráð fyrir því að Alþingi komi saman í Reykjavík daginn fyrir Þingvallafundinn og ljúki fyrri umræðu um þingmálið og gangi frá ýmsum formsatriðum.

Ég vil skýra frá því að þegar forsætisnefnd afgreiðir í janúar sl. árlega verkefnaáætlun fyrir alþjóðastarf Alþingis 2017 var lögð sérstök áhersla á að tvö mál fengju aukinn forgang í alþjóðastarfi þess. Það eru norðurskautsmál og jafnréttismál. Í báðum þessum málaflokkum stöndum við Íslendingar sterk að vígi og getum lagt verulega af mörkum á alþjóðavettvangi. Fyrstu skrefin í þessum efnum voru stigin með því að styðja aukna þátttöku Vestnorræna ráðsins í starfi Norðurskautsráðsins og með því að styrkja ráðstefnu leiðtogakvænna í stjórnámálum sem haldin verður í Reykjavík 28.–30. nóvember nk.

Nú þegar nýtt löggjafarþing er að hefjast er þarft að rifja upp hvers konar stofnun Alþingi er. Alþingi er það sérstæð stofnun að það ætti auðvitað enginn að fara í grafgrötur um hvað Alþingi er. Ég held þó að einmitt vegna þess að Alþingi á sér enga samsvörum við neina aðra stofnun í íslensku samfélagi sé þeim mun mikilvægara að við veltum hlutverki hennar og verkefnum fyrir okkur einstaka sinnum á stundum sem þessari.

Í mínum huga skipta hér fjögur atriði mestu máli.

Híð fyrsta er að Alþingi er fulltrúasamkunda, öllu öðru fremur, þar sem saman koma fulltrúar ólíkra viðhorfa og hagsmuna í þjóðfélaginu með umboð til að taka ákvarðanir fyrir hönd íbúa þessa lands. Alþingi er því pólitísk stofnun sem ætlað er að leggja pólitískt mat á hlutina. Alþingi er ekki sérfræðingastofnun heldur fulltrúastofnun sem allir eiga að geta tekið sæti á, óháð kyni, menntun, aldri, búsetu

og trúarbrögðum. Sem fulltrúar almennings eru alþingismenn þannig bærir til að fjalla um og taka ákvarðanir um öll mál óháð hagsmunatengslum. Þingmenn eru ekki bundnir af hæfisreglum hljóðstæðum þeim sem gilda um stjórnsýsluna eða dómendur í störfum sínum og geta tekið þátt í meðferð og afgreiðslu allra mála á Alþingi að því undanskildu að þeir geta ekki greitt atkvæði með fjárveitingu til sjálfra sín.

Annað atriði er löggjafarstarf okkar á Alþingi. Sem fulltrúum landsmanna er okkur ætlað að taka ákvarðanir um þær sameiginlegu leikreglur sem skulu gilda í okkar samfélagi. Okkar hlutverk er þannig að hafa síðasta orðið um það hvaða lög skuli gilda í þessu landi. En þar sem við erum ekki kjörin sem sérfræðingar til þessara verka er eðlilegt að samning lagafrumvarpa sé í höndum sérfræðinga sem vinna slík verk undir pólitískri leiðsögn. Hér gildir því hið sama og í öllum öðrum lýðræðisríkjum, að það er framkvæmdarvaldið sem hefur forgang um hina sérfræðilegu vinnu við gerð lagafrumvarpa. Að því leyti er Alþingi ekkert ólíkt öðrum þingum. Líkt og í öðrum þingum í þingræðisríkjum er það verkefni þingsins að yfirfara og leggja mat á og eftir þörfum endurskoða þá vinnu sem unnin hefur verið á vettvangi framkvæmdarvaldsins. Aðstaða Alþingis til að sinna þessu verkefni hefur batnað mikið á síðustu tveimur til þremur áratugum enda þurfum við að leggja metnað okkar í að sinna því verki vel og eignum við að leggja allt kapp á að efla Alþingi enn frekar að þessu leyti. En þrátt fyrir að löggjafarstarf okkar sé um margt líkt og gerist í öðrum þingum sker Alþingi sig úr að einu leyti; hér taka þingmál meiri breytingum en í öðrum þingræðisríkjum.

Þriðja atriðið sem ég vil víkja að er að Alþingi er mikilvægasti pólitíski umræðuvettvangur landsins því að hér eiga sjónarmið flestra landsmanna sína fulltrúa. Um þessi ólíku sjónarmið er tekst á í umræðum á Alþingi. Það er því eðlilegt að umræður setji stóran svip á störf Alþingis. Þó að umræðan snúist að mestu leyti um þau lög sem við setjum skipar almenn þjóðmálaumræða líka sinn sess í dagskrá þingsins enda er nauðsynlegt að þingið geti brugðist með skjótum hætti við þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni. Slík þjóðmálaumræða þarf að mínu mati að fá meira rúm í störfum Alþingis. Umræðurnar eru líka mikilvægt tæki þingmanna í stjórnarandstöðu til að veita ríkisstjórn aðhald og vekja athygli almennings á því sem miður kann að fara. Það má hins vegar með réttu gagnrýna okkur fyrir ýmislegt í umræðuháttum hér í sal Alþingis og margt má þar bæta. Til þess stendur líka minn vilji og ég treysti því að vaxandi skilningur sé á því að slíkt þurfi að gerast.

Ég vil líka nefna að það er mikilvægt að umræður í þingsal fari fram með góðri reglu og vil ég í því sambandi vísa í athyglisverðan dóm Mannréttindadómstólsins í Strassborg á síðasta ári um tjáningarfrelsi þingmanna sem taki mið af hlutverki þjóðþingsins sem fulltrúasamkomu. Þingmönnum ber því að virða rétt annarra þingmanna til þess að tjá sig um einstök mál og að mál þokist fram. Sú skylda hvílir á forseta Alþingis að gæta þess að eðlilegt jafnvægi sé á milli góðrar reglu, tjáningarfrelsis þingmanna og að þingstörf gangi vel fyrir sig.

Það síðasta sem ég vil víkja að um hlutverk Alþingis er að það leiðir af eðli þingsins að við erum ekki í daglegri

framkvæmdasýslu. Slíkt felum við öðrum; ráðherrum sem stýra framkvæmdarvaldinu í okkar umboði. Engu að síður er það á okkar ábyrgð sem æðsta handhafa þjóðfélagsvaldsins að tryggja að sú sýslan fari fram með réttum hætti. Eftirlit Alþingis með ríkisstjórn og stjórnarsýslu hennar skiptir því gríðarlega miklu máli. Eðli máls samkvæmt er það svo í þingræðisríkjum að þetta eftirlit kemur fyrst og fremst í hlut stjórnarandstöðunnar á hverjum tíma þó að ábyrgð stjórnarþingmanna sé einnig mikil. Við höfum tvær stofnanir til að aðstoða okkur, Ríkisendurskoðun og umboðsmann Alþingis. Með þetta í huga hefur ýmsum ákvæðum þingskapa verið breytt á umliðnum árum til að styrkja eftirlitshlutverk Alþingis og þá ekki síst til að gera aðstöðu minni hlutans á Alþingi betri til að sinna þessu verki.

Það sem ég hef hér nefnt undirstrikar að verkefni þessar æðstu stofnunar landsins eru bæði mikilvæg og fjölbreytt. Ég tel hins vegar að umræða um hlutverk og verkefni Alþingis eigi ekki aðeins að fara fram á þeim tíma sem við heyjum kosningabaráttu. Ég hef því fullan hug á því að eiga samtal við fólkið í landinu um hvað því finnst um Alþingi, um starfshætti þess, hvernig það ætti að starfa öðruvísi o.s.frv. Þessi stofnun og við sem hér sitjum verðum að slá í takt við þjóðina. Ég hyggst því efna til opinna funda með landsmönnum um þetta efni á komandi mánuðum. Mér finnst við hæfi að forseti Alþingis eigi slíkt samtal nú þegar við brátt fögnum 100 ára afmæli frjáls og fullvalda Íslands.

Þessum þingfundi verður brátt frestað og vil ég biðja þingmenn og gesti að þiggja veitingar í tilefni dagsins í Skála Alþingis.

Ég bið hæstv. forsætisráðherra að ganga fremstan með mér út úr salnum til Skála. Þessum fundi verður nú frestað til kl. 16.

Fundi slitið kl. 14:34.

ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

Þriðjudaginn 12. september,
kl. 4 síðdegis.

Dagskrá:

Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Varamaður tekur þingsæti.

[16:00]

Forseti (Unnur Brá Konráðsdóttir):

Borist hefur bréf frá 13. þm. Suðvest., Jóni Steindóri Valdimarssyni, um að hann geti ekki sinnt þingstörfum á næstunni. Í dag tekur því sæti á Alþingi 1. varamaður á lista Viðreisnar í kjördæminu, Sigrún Ingibjörg Gísladóttir.

Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkominn til starfa á ný.

Tilkynning um stjórn þingflokks.

[16:01]

Forseti (Unnur Brá Konráðsdóttir):

Borist hefur tilkynning um breytingu á stjórn þingflokks Pírata þannig að Birgitta Jónsdóttir er formaður, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir er varaformaður og Jón Þór Ólafsson er ritari.

[16:01]

Útbýting:

Breyting á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2018, 2. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 2.

Fjárlög 2018, 1. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1.

Gjald af áfengi og tóbaki, 4. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 4.

Virðisaukaskattur o.fl., 3. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 3.

Tilkynning um stefnuræðu forsætisráðherra.

[16:01]

Forseti (Unnur Brá Konráðsdóttir):

Stefnuræða forsætisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, samkvæmt 62. gr. þingskapa, verður flutt á morgun, 13. september, og hefst umræðan kl. 19.30. Samkomulag er um fyrirkomulag umræðunnar. Umferðir verða þrjár, 10 mínútur, fimm mínútur og aftur fimm mínútur, en forsætisráðherra hefur 18 mínútur til framsögu.

Afbrigði um dagskrármál.

[16:02]

Forseti (Unnur Brá Konráðsdóttir):

Leita þarf afbrigða frá þingsköpum, þ.e. lokamálsgrein 3. gr. þingskapa, um hvernig hluta skal um sæti þingmanna. Samkomulag er milli forseta og formanna þingflokka um að leggja til að tekin verði frá sæti næst inngangi í salnum

fyrir formennina, að þeir dragi innbyrðis um þessi sæti. Samkvæmt þessu hefur Birgir Ármannsson sæti 22, Birgitta Jónsdóttir sæti 44, Hanna Katrín Friðriksson sæti 7, Oddný G. Harðardóttir sæti 13, Svandís Svavarsdóttir sæti 23, Theodóra S. Þorsteinsdóttir sæti 45 og Þórunn Egilsdóttir sæti 8.

Skodast þessi afbrigði samþykkt ef enginn hreyfir andmælum.

Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Sætaúthlutun fór á þessa leið:

1. sæti er sæti forseta.
2. sæti hlaut Hildur Sverrisdóttir.
3. sæti hlaut Jón Steindór Valdimarsson.
4. sæti hlaut Njáll Trausti Friðbertsson.
5. sæti hlaut Kolbeinn Óttarsson Proppé.
6. sæti hlaut Nichole Leigh Mosty.
7. sæti hlaut Hanna Katrín Friðriksson.
8. sæti hlaut Þórunn Egilsdóttir.
9. sæti hlaut Andrés Ingi Jónsson.
10. sæti hlaut Lilja Rafney Magnúsdóttir.
11. sæti hlaut Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.
12. sæti hlaut Bryndís Haraldsdóttir.
13. sæti hlaut Oddný G. Harðardóttir.
14. sæti hlaut Ásta Guðrún Helgadóttir.
15. sæti hlaut Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.
16. sæti hlaut Pawel Bartoszek.
17. sæti hlaut Ásmundur Friðriksson.
18. sæti hlaut Brynjar Níelsson.
19. sæti hlaut Silja Dögg Gunnarsdóttir.
20. sæti hlaut Vilhjálmur Árnason.
21. sæti hlaut Smári McCarthy.
22. sæti hlaut Birgir Ármannsson.
23. sæti hlaut Svandís Svavarsdóttir.
24. sæti hlaut Sigurður Ingi Jóhannsson.
25. sæti hlaut Gunnar Hrafn Jónsson.
26. sæti hlaut Björn Leví Gunnarsson.
27. sæti hlaut Elsa Lára Arnadóttir.
28. sæti hlaut Gunnar Bragi Sveinsson.
29. sæti hlaut Lilja Alfreðsdóttir.
30. sæti hlaut Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.
31. sæti hlaut Unnur Brá Konráðsdóttir.
32. sæti hlaut Valgerður Gunnarsdóttir.
33. sæti hlaut Eva Pandora Baldursdóttir.
34. sæti hlaut Teitur Björn Einarsson.
35. sæti hlaut Logi Einarsson.
36. sæti hlaut Vilhjálmur Bjarnason.
37. sæti hlaut Halldóra Mogensen.
38. sæti er sæti varamanns.
39. sæti hlaut Páll Magnússon.
40. sæti hlaut Rósa Björk Brynjólfsdóttir.
41. sæti hlaut Ari Trausti Guðmundsson.
42. sæti hlaut Jóna Sólveig Elfnadóttir.
43. sæti hlaut Jón Þór Ólafsson.
44. sæti hlaut Birgitta Jónsdóttir.
45. sæti hlaut Theodóra S. Þorsteinsdóttir.
46. sæti hlaut Eygló Harðardóttir.

47. sæti hlaut Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.
48. sæti hlaut Haraldur Benediktsson.
49. sæti hlaut Guðjón S. Brjánsson.
50. sæti hlaut Katrín Jakobsdóttir.
51. sæti er sæti varamanns.
52. sæti hlaut Einar Brynjólfsson.
53. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon.
54. sæti hlaut Steinunn Þóra Árnadóttir.
55. sæti hlaut Óli Björn Kárason.
56. sæti er sæti varamanns.
57. sæti er sæti varamanns.
59. sæti er sæti dómsmálaráðherra.
60. sæti er sæti samgönguráðherra.
61. sæti er sæti mennta- og menningarmálaráðherra.
62. sæti er sæti utanríkisráðherra.
63. sæti er sæti forsætisráðherra.
64. sæti er sæti fjármála- og efnahagsráðherra.
65. sæti er sæti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
66. sæti er sæti heilbrigðisráðherra.
67. sæti er sæti umhverfisráðherra.
68. sæti er sæti félags- og jafnréttismálaráðherra.
69. sæti er sæti ferðamála- og iðnaðarráðherra.

Fundi slitið kl. 16:12.

2. FUNDUR

miðvikudaginn 13. september,
kl. 7.30 síðdegis.

Dagskrá:

Stefnuræða forsætisráðherra og umræður um hana.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræður um hana.

[19:30]

Forseti (Unnur Brá Konráðsdóttir):

Nú flytur hæstv. forsætisráðherra stefnuræðu sína fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og fram munu fara umræður um hana sem verður útvarpað og sjónvarpað héðan úr Alþingishúsinu. Umræðurnar skiptast í þrjár umferðir. Forsætisráðherra hefur 18 mínútur til framsögu en aðrir þingflokkar en þingflokkur forsætisráðherra hafa tíu mínútur í fyrstu umferð, í annari og þriðju umferð hafa þingflokkarnir fimm mínútur hver.

Röð flokkanna er í öllum umferðum þessi: Sjálfstæðisflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Píratar, Framsóknarflokkur, Viðreisn, Björt framtíð og Samfylkingin.

Ræðumenn fyrir Sjálfstæðisflokk verða Bjarni Benediktsson forsætisráðherra í fyrstu umferð, Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra í annari umferð og Páll Magnússon, 1. þm. Suðurk., í þriðju umferð.

Ræðumenn fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð verða Katrín Jakobsdóttir, 2. þm. Reykv. n., í fyrstu umferð, í annari Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðaust., og í þriðju umferð Kolbeinn Óttarsson Proppé, 6. þm. Reykv. s.

Fyrir Pírata tala Birgitta Jónsdóttir, 3. þm. Reykv. n., í fyrstu umferð, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, 10. þm. Suðvest., í annari umferð og Eva Pandora Baldursdóttir, 5. þm. Norðvest., í þriðju.

Fyrir Framsóknarflokk tala Sigurður Ingi Jóhannsson, 2. þm. Suðurk., í fyrstu umferð, í annari Lilja Alfreðsdóttir, 9. þm. Reykv. s., og í þriðju umferð Silja Dögg Gunnarsdóttir, 7. þm. Suðurk.

Ræðumenn Viðreisnar verða í fyrstu umferð Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í annari og í þriðju umferð Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttismálaráðherra.

Fyrir Bjarta framtíð tala í fyrstu umferð Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra, í annari Björt Ólafsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, og í þriðju umferð Theodóra S. Þorsteinsdóttir, 12. þm. Suðvest.

Ræðumenn Samfylkingarinnar verða í fyrstu umferð Logi Einarsson, 9. þm. Norðaust., Oddný G. Harðardóttir, 10. þm. Suðurk., í annari og Guðjón S. Brjásson, 8. þm. Norðvest., í þriðju umferð.

[19:33]

Forsætisráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):

Hæstv. forseti. Góðir landsmenn. Í kvöld munu þingmenn ræða komandi þingvetur. Við munum horfa á hlutina frá ólíkum sjónarhólum og leggja út frá þeim á mismunandi hátt. Þetta er hluti af hinu pólitíska landslagi og hefur sennilega alltaf verið. Það væri líka til lítils að stefna saman 63 þingmönnum í þennan sal sem væru sammála um alla hluti. Það er í raun eðli lýðræðisins og um leið tilgangur Alþingis að mynda suðupott ólíkra skoðana og leiða fram málefnalega niðurstöðu.

Ég mun hér í kvöld m.a. ræða heilbrigðismál, kjara- og skattamál, lífeyrismál og málefni aldraðra, efnahagsmál og veikleika á vinnumarkaði, sóknarfæri og framtíð ungra Íslendinga sem munu búa við allt annan veruleika í víðu samhengi en fyrri kynslóðir.

Ég mun segja ykkur að við stöndum styrkum fótum og sennilega aldrei sterkar, að við höfum gert margt vel, en við getum gert betur, að það felist mikil ábyrgð í því að spila úr þessari góðu stöðu.

Góðir landsmenn. Um þessar mundir eru staða og horfur í efnahagsmálum einstaklega góðar. Sterkir fiskstofnar og mikill fjöldi ferðamanna, betri viðskiptakjör á erlendum mörkuðum og farsæl lausn á slitabúum og aflandskrónuvandanum hafa styrkt efnahaginn og leyst mikinn kraft úr læðingi. Styrkur krónunnar hefur haldið verðlagi í skefjum þrátt fyrir miklar launahækkningar og skapað áður óþekktan kaupmátt launa. Það er þess vegna fyrst og fremst undir okkur sjálfum komið hvernig okkur tekst að viðhalda þeim mikla árangri sem við höfum náð.

Við vitum að engin leið er að koma í veg fyrir sveiflur í náttúrunni, við höfum upplifað það í gegnum tíðina, eða óstöðugleika í alþjóðamálum. Við getum ekki komið í veg fyrir versnandi viðskiptakjör eða aðrar utanaðkomandi aðstæður. Við getum einungis þakkað fyrir að eins og sakir standa leggjast flestir þættir með okkur. Svigrúm í ríkisfjármálum síðustu árin hefur einkum verið nýtt til að greiða upp skuldir og auka útgjöld til velferðarmála. Skuldir ríkissjóðs hafa lækkað um 400 milljarða á síðustu þremur árum, auk þess sem við höfum greitt inn á lífeyrisskuldbindingar okkar. Á sama tíma höfum við styrkt velferð í landinu. Síðustu þrjú árin hafa útgjöld til velferðarmála aukist um 50 milljarða kr. Við munum halda áfram á þessari braut. Ríkisstjórnin starfar eftir þeirri skýru stefnu að efla félagslega innviði.

Það verður hins vegar að hafa þolinmæði til að byggja innviðina upp og það þarf að gerast í samræmi við efni og aðstæður hverju sinni. Á síðasta ári náðist ágæt samstaða hér á Alþingi um verulega bætt kjör aldraðra. Bætur almannatrygginga hafa hækkað mikið á yfirstandandi ári og um næstu áramót munu greiðslur til ellilífeyrisþega frá Tryggingastofnun ná 300.000 kr. á mánuði. Ef við lítum aðeins til baka sjáum við að á árinu 2015 var þessi sama greiðsla 225.000 kr. Á föstu verðlagi er þetta 25% hækkun á einungis þremur árum.

Þetta er að sjálfsögðu veruleg kjarabót á skömmum tíma og hún byggir á árangri í efnahagsmálum en við vitum á sama tíma að enn er verk að vinna. Það sem ríkisstjórnin hefur sett í forgang nú er að lyfta skerðingarpakinu vegna atvinnutekna á þessu kjörtímabili.

Góðir áheyrendur. Það er sérstakt gleðiefni að nú stefnir loks í að á vormánuðum verði tekin fyrsta skóflustungan að meðferðarkjarna nýs Landspítala. Samt sem áður er ljóst að þessi mikla fjárfesting dugir ekki ein til. Álag á sjúkrastofnanir mun ekki hverfa með þessari skóflustungu. Við þurfum að efla uppbyggingu á þjónustu við aldraða sem hafa lagt mikið til þess góða árangurs sem íslenskt samfélag hefur náð á liðnum áratugum. Við þurfum að efla þjónustu við kynslóðina sem lagði grunninn að því sem við tökum í dag sem sjálfsögðum hlut, samgöngu-, mennta- og heilbrigðiskerfi, svo eitthvað sé nefnt.

Við þurfum að gera gangskör að uppbyggingu hjúkrunarheimila. Slík fjárfesting mun að endingu ekki eingöngu gagnast öldruðum, heldur einnig minnka álag á sjúkrastofnanir og greiða götu annarra sem þurfa á heilbrigðisþjónustu á Íslandi að halda. Góð heilbrigðisþjónusta og jafnt aðgengi allra landsmanna er leiðarljós þessarar Ríkisstjórnar.

Góðir landsmenn. Þótt okkur Íslendingum hafi um margt gengið vel að stjórna málum á undanförmum áratugum og árangur náðst á mikilvægum sviðum er það engu að síður svo að gamalgróið sundurlyndi á vinnumarkaði er okkur fjötur um fót. Við stöndum þar nálægum þjóðum langt að baki. Vítin til að varast eru svo mörg að það er ótrúlegt að við skulum leyfa okkur að halda uppteknum hætti. Áttundi og níundi áratugurinn voru samfelld sorgarsaga víxlhækkana launa og verðlags. Þjóðarsáttarsamningarnir leiddu til betri vinnubragða og verðbólga var minni, hún var lítil, en engu að síður hækkuðu laun og verðlag umtalsvert meira en hjá viðskiptaþjóðum okkar. Á síðustu árum hafa launahækkanir náð nýjum hæðum, en samspil ýmissa þátta hefur enn sem komið er komið í veg fyrir að sá árangur tapaðist á verðbólguþáli.

Þegar við leitum góðra forðema í öðrum löndum sjáum við að það er grundvallaratriði kjaraviðræðna í nágrennalöndunum náð hefja samtalið á því að sammælast um hve mikið laun geta hækkað heilt yfir svo stutt sé við efnahagslegan stöðugleika. Einnig vísir er að slíku samkomulagi hér á landi eftir að það er orðin sérstök íþrótt að tala niður SALEK-samkomulagið og lýsa yfir andláti þess.

Í upphafi þeirrar kjaralotu sem við vitum að er fram undan hefur ríkisstjórnin óskað eftir samstöðu við opinber stéttarfélag um sterkan kaupmátt. Í því felst m.a. hvernig ríkið getur laðað til sín og haldið í hæft starfsfólk, t.d. með skoðun á vinnutilhögum og öðrum þáttum í vinnuumhverfi sem skipta launþega sífellt meira máli. Í þessu felast tækifæri til bættra lífskjara.

Fram undan eru mikilvægir samningar á vinnumarkaði. Allir gera sér grein fyrir því og allir aðilar verða að rísa undir þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir með sama hætti. Augljóst er að ábyrgð fylgir því að semja, en rétturinn til að semja ekki er líka mjög vandmeðfarinn. Þegar farið er út af sporinu í kjaraviðræðum á Íslandi með samningum sem þykja ekki samræmast stöðugleika hefst samkvæmisleikur sem við gætum kallað: Hver er sökudólgurinn?

Hversu oft ætli við höfum tekið þann leik hér í þessum sal að reyna að finna sökudólginn? Fjármálaráðherrann? Einhver fyrri ríkisstjórn? Einhver ráðherrann? Kannski sveitarfélag?

En það er allt of mikil einföldun að skella skuldinni á

kröfugerð launþega, einstaka atvinnurekendur eða eftir atvikum, eins og ég nefni, ríkisstjórn eða sveitarfélag sem hefur látið undan þrýstingi um samninga þegar sjálf aðferðafærðin til að leiða fram niðurstöðu er jafn gölluð og raun ber vitni. Leitin að sökudólgnum beinir sjónum okkar frá aðalatriðinu sem er að vinnumarkaðslíkanið á Íslandi er í raun ónýtt.

Ég veit að þetta eru stór orð, en hver getur mótmælt því þegar hver höndin er uppi á móti annari, jafnvel í upphafi samningalotu? Það er lítil samvinna til staðar og skipulagið í kjaraviðræðum er tilviljanakennt og mjög breytilegt frá einum kjaraviðræðum til þeirra næstu. Það hvað okkur hefur lítið miðað undanfarna áratugi í að bæta úr þessu er stærsti einstaki veikleiki íslenskra efnahagsmála um þessar mundir en þar sem tekist hefur að halda verðbólgu í skefjum um langt skeið hafa allir launþegar notið góðs af launaþróun síðustu ára. Tölur sýna að langtímalaunaþróun hefur verið svipuð á milli einstakra hópa, en í höfrungahlaupinu kemur hvert stéttarfélag með sína útgáfu af stöðunni. Nú verðum við einfaldlega að ná meiri samstöðu um viðmiðunartímabil, bættu launatölfræði og umgjörð utan um kjarasamninga. Við þurfum að koma betra skipulagi á kjaraviðræður þar sem samkeppnishæfni þjóðarþúsins er ráðandi um það svigrúm sem kjarasamningarnir byggjast á.

Góðir landsmenn. Nýlega kom út skýrsla um skattbyrði launafólks frá því um aldamótin. Horft var aftur til ársins 1998. Niðurstaðan var sú að skattbyrði hefði aukist, sér í lagi hjá þeim tekjulægstu. Þetta kann að vera rétt en breytir ekki því að annað sjónarhorn segir miklu meiri sögu. Við mælum framfarir og lífskjarasókn mun betur með því að horfa á þróun ráðstöfunartekna en skattbyrði. Frá árinu 1998 hafa ráðstöfunartekjur sambúðaraðila á lágmarkslaunum með tvö börn hækkað um u.þ.b. þriðjung á föstu verðlagi. Það er sem sagt mun auðveldara að framfleyta sér í dag en það var árið 1998, jafnvel þótt hægt sé að sýna fram á að skattbyrði einstakra tekjuhópa hafi breyst til hins verra. Ég leyfi mér að benda á þetta því að það sem skiptir máli fyrir velferð launafólks er ekki fjárhæð bóta eða skattbyrðiprósentur, heldur þær krónur sem fólk hefur á milli handanna. Það er það sem málið snýst um. Krónunum hefur líka fjölgað. Kjörin hafa stórbatnað og þau hafa batnað með svipuðum hætti hjá öllum tekjuhópum.

Klisjan um vaxandi ójöfnuð lifir góðu lífi í umræðunni. Staðreyndin er þó sú að engin þjóð mælist með meiri launajöfnuð en Ísland samkvæmt árlegri úttekt OECD á jöfnuði meðal þjóða. Því er engu að síður haldið fram að launaójöfnuður sé sjálfstætt vandamál og vaxandi á Íslandi, en sá málflutningur stent engu skoðun eins og niðurstöður OECD bera skýrt með sér. Það væri nær að beina sjónum að tækifærum til aukinnar verðmætasköpunar og fjölgunar á störfum sem standa undir hærri launagreiðslum. Sterkari samkeppnishæfni landsins mun skila sér í betri kjörum til allra, ekki síst launalægstu hópanna.

Góðir áheyrendur. Á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar fyrir þetta þing er vel á annað hundrað þingmál, allt frá peningastefnu og heilbrigðismálum til persónuverndar og sviðslista. Slíkur fjöldi getur gert mönnum torvelt að sjá skóginn fyrir trjánnum en stóra myndin er sú að samfélög standa frammi fyrir flóknum hnattrenum áskoronum á

sviði umhverfis, loftslags, heilsu, orku, fæðu, fólksflutninga og öryggis.

Sökum örrar þróunar og rannsókná á tækni er nú stundum talað um fjórðu iðnbyltinguna. Breytingarnar munu að öllum líkindum hafa grundvallaráhrif á lífshætti fólks, atvinnu, frístundir og það hvernig fólk tengist hvert öðru. Það er okkur nauðsynlegt að hafa augun á þessari þróun og laga samfélagið að þessum breytingum. Í því felast tækifæri okkar.

Það er lykilatriði fyrir íslenskt samfélag að undirbúa þær kynslóðir sem nú eru að vaxa úr grasi til að takast á við breytt samfélag og vinnumarkað. Ljóst er að ríflega þriðjungur starfa á vinnumarkaði mun breytast mikið eða jafnvel hverfa. Það er jafnframt ljóst að í stað þeirra starfa munu ný störf verða til, störf sem munu krefjast annarrar kunnáttu sem mikilvægt er að við búum komandi kynslóðir undir.

Framþróun og breytingar í menntamállum verða miklar á komandi árum. Hér skiptir öllu að Alþingi og stjórnvöld varði leiðina, sýni raunverulegt þor við að endurskoða menntakerfið og skapa með því nauðsynleg tækifæri fyrir þessar komandi kynslóðir í nýjum veruleika. En þessar breytingar munu ekki eingöngu snerta börnin okkar og framtíð þeirra. Það er líka ljóst að stærstu fyrirsjáanlegu breytingar næstu ára munu einnig koma við þá sem nú þegar eru á vinnumarkaðnum. Starfsfólk á ýmsum sviðum mun á komandi árum og áratugum þurfa að bæta við þekkingu og hæfni sína til að fylgja straumi nýrra tíma. Hér reynir mikið á stjórnvöld, á atvinnulífið, verkalýðshreyfinguna og menntakerfið. Þessi þróun er og verður mikil áskorun sem við verðum að rísa undir og leggja til tíma, kraft og fjármuni.

Góðir landsmenn. Einkunnarorð ríkisstjórnarinnar eru jafnvægi og framsýni. Ríkisstjórnin stundar ábyrg stjórn máli. Hún leggur áherslu á öfluga uppbyggingu innviða og velferðarmála, góðan rekstur ríkisins og að Ísland sé virkur og vel metinn þátttakandi í alþjóðasamfélaginu.

Í augum umheimsins er Ísland fyrirmyndarsamfélag þar sem efnahagsleg velferð er mikil, gæðunum jafnar skipt en annars staðar og jafnrétti og umburðarlyndi ríkir.

Ég hlakka til þessa vetrar sem fram undan er, þeirra fjölmörgu og fjölbreyttu viðfangsefna sem bíða, til samstarfs við fólkid í landinu, við vinnumarkaðinn, við stjórnmalaflokkana og þingmenn. Það er sameiginlegt verkefni okkar allra að verja þann góða árangur sem við höfum náð. Á næsta ári fögnum við 100 ára fullveldisafmæli Íslands. Við ætlum að sækja fram og um leið búa í haginn fyrir framtíðina, grípa tækifærin sem hún ber í skauti sér með viðlíka hætti og þeir sem í upphafi lögðu grunninn að fullveldi og sjálfstæði þjóðarinnar. Þannig tryggjum við bestu mögulegu lífskjör fyrir Íslendinga í bráð og lengd.

[19:50]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Frú forseti. Góðir Íslendingar. Hæstv. forsætisráðherra ræddi í ræðu sinni fyrst og fremst gott efnahagsástand og um margt eru hagvísarnir góðir. En það má líka færa rök fyrir því að ríkið okkar sé í raun mun óþreifanlegra en það sem forsætisráðherrann fór yfir í sinni ræðu.

Við eigum tungumál, tungumál sem við höfum notað til

að skrifa hetjusögur, ástarljóð, stjórnmalgreinar, glæpasögur, rapptexta og veggjakrot; tungumál sem við höfum notað til að tala saman um allt og ekkert, til að skilgreina rétt og rangt, gott og vont, hvernig okkur líður, allt sem er flókið og allt sem við vitum ekki alveg hvað okkur finnst um. Þetta tungumál eigum við og það tengir okkur við fortíð okkar og rætur, allt frá landnámi. Þetta tungumál er ekki sjálfgefið. Minnkandi lestur, hrun í bókaútgáfu, tæknibreytingar, breytt samskipti, allt hefur þetta áhrif á tungumálið. Það ætti að vera forgangsverkefni okkar hér í þessum sal að ná saman um hvað þarf til að vernda tunguna í gerbreyttum heimi þar sem nýjar kynslóðir nýta önnur tungumál æ meir til að tala saman um sín hugðarefni og glata um leið þessum mikilvægu rötum.

Við eigum líka einstaka náttúru, náttúru sem hefur verið okkur gjöful með auðlindum sínum, náttúru sem hefur gildi í sjálfri sér og okkur ber að vernda. Ákvarðanir manna hafa nú þegar haft gríðarleg áhrif á íslenska náttúru. Einstöku landslagi hefur verið fórnað í ýmsum framkvæmdum sem var ætlað að efla íslenskt atvinnulíf. Er kannski kominn tími til að draga línu í sandinn til varnar þeirri ósnortnu náttúru sem við eigum?

Kæru landsmenn. Við höfnina í Gleðivík í Djúpavogi má finna magnað útilitaverk Sigurðar Guðmundssonar þar sem sjá má allmörg granítlegg mótuð eftir eggjum þeirra fugla sem verpa í Djúpavogshreppi. Á þessum stað eins og svo víða annars staðar á Íslandi mætast maður og náttúra með einstökum hætti. Þennan stað og marga aðra heimsótti ég í sumar, dáðist að birtunni og náttúrunni en um leið þessu magnaða listaverki. Maður og náttúra geta lifað í sátt — átt samleið þar sem mannsandi og náttúran tala saman. Okkur Íslendingum hefur miðað fram á við í þessu samtali en við eigum enn langan veg fram undan. Við stöndum frammi fyrir gríðarstórum spurningum. Getum við náð saman um friðun miðhálandisins og breytt því í þjóðgarð? Getum við náð laus í fiskeldismálum þar sem náttúran fær að njóta vafans og við stöndum vörð um þá líffræðilegu fjölbreytni sem felst í villta laxastofninum? Getum við átt þessa umræðu án þess að festast í skotgröfum höfuðborgar og landsbyggðar? Getum við sem búum í þéttbýlinu sýnt þeim skilning sem hafa um árabil staðið í ströngu og barist við að halda uppi byggð þó að ýmsar ákvarðanir, m.a. hér á Alþingi, hafi verið þeim mótdrægar, þeim sem vildu gera út á trillu en áttu aldrei möguleika í svokallaðri frjálsri samkeppni við þá sem fengu kvótann? Getum við átt þetta samtal en um leið tekið ákvarðanir þar sem við ákveðum að vernda náttúru þessa lands sem er einn dýrmætasti fjársjóður sem okkur hefur verið trúað fyrir?

Tungan og náttúran eru ríkiðæmi sem skiptir máli hvernig við höldum á. Samfélag okkar er annað dýrmæti. Þar eigum við saman almannagæði. Þar eigum við líka sameiginlega hugmynd um það sem gerir okkur að samfélagi. En hvað er að verða um þá hugmynd sem við viljum byggja samfélag á? Samfélag er sáttmáli sem á að grundvallu á réttlæti. Meðal annars þess vegna er kallað eftir stjórnarskrárbreytingum sem forseti Íslands ræddi hér í gær. Okkur ber skylda til að vinna að slíkum breytingum þó að á ýmsu hafi gengið í þeirri vinnu á undanföllum árum.

Kæru landsmenn. Ranglæti, hvar sem það finnst í sam-

félaginu, er ógn við réttlætið. Þess vegna megum við aldrei slaka á í baráttu okkar fyrir réttlátu samfélagi. Að bíða með réttlætið jafngildir því að neita fólki um réttlætið — eins og Martin Luther King orðaði það í frægu bréfi.

Stjórnmalamenn mega aldrei vísa í ríkjandi kerfi til að rökstyðja bið eftir réttlæti. Stjórnmalamenn þurfa að vera reiðubúnir að beita sér stöðugt fyrir réttlætinu og breyta kerfinu ef það þarf til. Annars er hættan sú að traust fólks á hinu lýðræðislega samfélagi dvíni og þá ábyrgð þurfum við öll að axla.

Stjórnvöld eiga ekki að biðja fátækt fólk á Íslandi að bíða eftir réttlæti. Núverandi áætlanir þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr gera ráð fyrir því að öryrkjar og aldraðir eigi að halda áfram að hokra og búa við skammarleg kjör. Það á að bjóða atvinnulausu fólki með fullan bótarétt upp á 217.000 kr. á mánuði. Lægstu laun á Íslandi standa enn í 280.000 kr. Þau duga ekki til framfærslu. Og fólk á lægstu launum er beðið að vera þakklátt fyrir 20.000 kr. því að hlutfallslega sé það nú ekki lítið. „Því miður þarf að bíða aðeins með réttlætið fyrir þig,“ er viðkvæðið, „en allt stendur þetta til bóta.“ Þegar þetta fátæka fólk er beðið um að bíða eftir réttlætinu er verið að neita því um réttlæti.

Hið sama má segja um fólk á flótta sem hingað leitar. Talsvert fleiri börnum er vísað frá Íslandi en fá hér hæli, börnum sem hafa alveg örugglega haft mjög lítið val um örlög sín. Þau eru send hédan til landa sem tölvan segir að séu örugg eða hafi meiri reynslu í því að taka á móti fólki á flótta. Gildir þá einu hvað börnin sjálf hafa að segja. Stjórnmalamenn vísa í úrelta Dyflinnarreglugerð og segja: „Réttlætið verður því miður að bíða að þessu sinni. Tölvan segir nei.“ En getum við sagt að samfélag þar sem 36 börnum er vísað úr landi — talsvert fleirum en fá dvalarleyfi — sé réttlátt?

Þetta snýst ekki um einstaka stjórnmalamenn. Og ég er ekki að segja að kerfi séu slæm því að það eru þau ekki en frumskylda stjórnmalamanna er við fólk og leikreglurnar eiga að þjóna fólkinu, tryggja réttlæti og mannúð fyrir alla. Getum við sagt að samfélag þar sem hópum fólks er haldið í fátæktargildru sé réttlátt, fólks sem hefur til að mynda aldrei valið sér þau örlög að verða óvinnufært?

Kæru landsmenn. Ég hef áhyggjur af því að þrátt fyrir efnahagslegan uppgang vanti upp á þennan sameiginlega skilning á því hvað felst í samfélagi. Ég hef áhyggjur af því að of margir séu beðnir um að bíða eftir réttlæti. Og af því að spurt er hvað valdi því að fólk geti ekki komið sér ekki saman um einfalda hluti eins og forgangsroðun er rétt að svara þeirri spurningu fyrir mitt leyti: Hér á Íslandi þarf stjórnvöld sem treysta sér til að útrýma fátækt. Um það hefur ekki verið eining á Alþingi þó að sumir stjórnmalamenn tali eins og hér séu allir sammála um tekjujöfnunarhlutverk skattkerfisins. En við höfum ekki verið sammála um að hlutverk skattkerfis sé að tryggja jöfnuð.

Hér þarf stjórnvöld sem eru reiðubúnir að horfast í augu við og bregðast við því að ríkustu 10% eiga þrjá fjórðu alls auðs í landinu. Launajöfnuðurinn sem hæstv. forsætisráðherra nefndi hér áðan er nefnilega aðeins annar hluti myndarinnar um hið jafna samfélag. Eignaskiptingin segir talsvert aðra sögu.

Vaxandi misskipting auðsins sprettur beinlínis af póli-

tískum ákvörðunum sem hingað til hafa verið þær að ekki megi skattleggja auðinn, ekki megi skattleggja fjármagnseigendur eins og venjulegt launafólk, ekki megi setja sérstakt hátekjuprep á verulegt háar tekjur eins og þær til að mynda sem skila sér í kaupaukagreiðslum sem margir þingmenn flytja gjarnan vandlættingarræður um en heykjast svo á að taka á í gegnum skattkerfið.

Hið sama má segja um þær pólitísku ákvarðanir sem hafa verið teknar um bótakerfin, vaxtabætur og barnabætur, sem nýtast æ færra fólki. Á bak við það eru líka pólitískar ákvarðanir sem hafa ekki miðað að því að auka jöfnuð og draga úr misskiptingu, heldur þvert á móti. Hér þarf stjórnvöld sem eru reiðubúnir að taka pólitískar ákvarðanir til að útrýma fátækt og draga um leið úr misskiptingu.

Hér þarf stjórnvöld sem vilja byggja upp menntakerfið. Háskólar og framhaldsskólar þurfa meira fé. Undir það tók meiri hluti fjárlaganefndar í nefndaráli sínu um fjármálaáætlun síðasta vor. Þær ábendingar birtast hins vegar ekki í fjárlagafrumvarpinu. Því er haldið fram að það eigi að auka hér fé á hvern nemanda, ekki með því að auka fé heldur með því að fækka nemendum, eins og of mikil langskólamenntun sé sérstakt vandamál á Íslandi. Það er hægt að taka pólitíska ákvörðun um að bæta og byggja upp menntakerfið, veðja á fjárfestingu í menntun, rannsóknum og vísindum sem eru í senn mikilvægasta undirstaða blómlegs atvinnulífs og eitt mikilvægasta tækid til að auka jöfnuð og skapa forsendur fyrir einstaklinga til að sækja fram á sínum forsendum.

Hér þarf stjórnvöld sem vilja byggja upp félagslega reknið heilbrigðiskerfi þar sem Landspítalinn stendur undir hlutverki sínu, heilsugæslan fær fjármagn til að vera fyrsti viðkomustaður, setja fjármuni sem um munar í að bæta stöðu geðheilbrigðismála, sem eru verulegt vandamál í okkar góða samfélagi, leggja aukna áherslu á forvarnir til að efla lýðheilsu og heilbrigði — það þarf stjórnvöld sem ekki hafa þá hugsjón í heilbrigðismálum að útvista verkefnum til einkaaðila sem í framhaldinu greiða sjálfum sér arðgreiðslur af almannafé. Það er pólitískt val og pólitísk ákvörðun.

Síðast en ekki síst þarf hér stjórnvöld sem standa með brotapolum kynferðisbrota, ekki síst börnum. Um það hefur pólitísk umræða sumarsins snúist og hún er mikilvæg fyrir samfélagið allt. Það verkefni þarf að nálgast af alvöru, með fræðslu, breyttri framkvæmd og endurbótum á löggjöf. Um það verðum við að ná saman í þessum sal, þvert á alla flokka.

Frú forseti. Kæru landsmenn. Að undanförmu hefur talsvert verið talað um pólitíska umræðu í kjölfar umræðu um áhrifaleyfi þingmanna, vinnutíma þingmanna og ýmislegt annað sem lýtur að hlutverki okkar þingmanna. Ég verð að segja að þingmenn eru að mínu viti forréttingastétt, fólk sem nýtur þeirra forréttinga að vera kosið hingað inn af almenningi í landinu, fær fyrir það ágætlega greitt, til að sinna því hlutverki að tryggja almannahagsmuni. Og það hlutverk eigum við að taka alvarlega. Það hlutverk snýst um að almenningur hafi um það pólitískt val hvernig þessu landi er stjórnað. Það hlutverk snýst um að enginn sé beðinn um að bíða eftir réttlætinu, að stofnanir samfélagsins séu réttlátar, að stjórnmalamenn tryggi að kerfið þjóni fólkinu en ekki öfugt. Okkar aðalhlutverk er að vernda það

raunverulega ríkidæmi sem fólkið í þessu landi á, þær eignir sem mestu máli skipta, sumar áþreifanlegar, aðrar óáþreifanlegar. Gleymum því ekki á þinginu fram undan sem ég vona að verði gjöfult og gott fyrir okkur öll.

[20:01]

Birgitta Jónsdóttir (P):

Forseti. Kæru landsmenn. Ímyndið ykkur Ísland eftir svona 30 ár. Í hvernig samfélagi dreymir ykkur um að búa? Ég veit að það er oft erfitt að sjá fram í tímann. Þó eru til heilu starfsstéttirnar sem vinna sem töluvölvur. Meira að segja veðurfræðingar eru einhvers konar völvur. Bankarnir eru með alls konar spámannadeildir um hvernig verðlag þróast og hvernig hægt sé að græða sem mest.

Meginstefnumál Pírata eru hér til upprifjunar:

1. Uppfæra Ísland með nýrri stjórnarskrá.
2. Tryggja réttláta dreifingu arðs af auðlindum.
3. Endurreisa gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu.
4. Efla aðkomu almennings að ákvarðanatöku.
5. Endurvekja traust og tækla spillingu.

Ef þau næðu fram að ganga gæti eftirfarandi framtíðarsýn kannski orðið að veruleika. Spólum fram um 30 ár:

Krafan um að nýr samfélagssáttmáli yrði lögfestur, sem í þá daga var kallaður stjórnarskrá, var orðin svo rík eftir stóru þjóðfundina sem haldnir voru um land allt í kringum 100 ára afmæli lýðveldisins að ráðamenn sáu ekki fram á neina aðra leið en að virða vilja þjóðarinnar.

Fyrstu þjóðfundirnir eru orðnir að einhvers konar þjóðsögu, svo mikil voru áhrif þeirra og afleiðing. Þjóðfundir eru hluti af okkar daglega lífi núna. Þeir eru stundum stórir og alltaf slembivaldir. Öll stór mál sem varða þjóðina er hægt að taka inn á þennan samræðuvettvang. Flestir kjósa enn að mæta í eigin persónu og það er fátt skemmtilegra en að fá tækifæri til að hitta fólk í raunheimum til að ræða um samfélagið.

Í árdaga þjóðfundanna voru komnir vísar að sýndarveruleikatekni sem þróaðist mjög ört í tómarúminu eftir stóra hrún árið 2020. Það fallegasta sem gerðist var að með aðstoð sýndarveruleika tókst að finna leið til að hjálpa fólki að setja sig í spor annarra á svo djúpstæðan hátt að endalausar erjur um smáatriði urðu að gömlu bergmáli sem hægt og bítandi hvarf í þoku minninga. Þróaður var frábær tölvuleikur til að auðvelda fólki að fylgjast með þeim málum sem það brann fyrir og til að virkja atkvæði sín samhliða þingi sem hægt og bítandi varð slembivalið. Núna er þingið galopinn og virkur vettvangur þar sem lög og stefnur eru unnin í náinni samvinnu við þá sem þurfa að lifa eftir lögum. Lögin hafa auk þess verið uppfærð og einfölduð og auðvelt er að láta leiðrétt lög sem hafa galla eða eru orðin úrelt. Valdefling almennings jókst til muna, einfaldlega vegna þess að réttur hans til upplýsinga og áhrifa var lögfestur í okkar æstu lögum og lýðræðisþátttaka varð nánast eins ávanabindandi og „Candy Crush“.

Þar sem áður var herstöð er núna kallað kísilhæð norðursins. Inn á milli fallugu gróðurhúsaklasanna á Reykjanesi má sjá „minecraft“-útfærslu af gagnaverum sem hýsa viðkvæm og mikilvæg gögn frá öllum heimshornum, líka þessi bönnuðu. Borgaralaun voru innleidd í skrefum, fyrst var gerð sambærileg tilraun og í Finnlandi og Hollandi sem þó

var mun víðtækari hér vegna þess hve fámenn við erum. Allir skjólstæðingar Vinnuálastofnunar og Tryggingastofnunar fengu skilyrðislausu grunnframfærslu. Hætt var að skilgreina fólk sem atvinnuleysingja og öryrkja. Kvíða- og streitusjúkdómum fækkaði til muna. Alls konar skemmtileg verkefni og sjálfbóðaliðavinna urðu til mjög fljótlegra eftir að tilrauninni var ýtt úr vör.

Þegar tilraunir með borgaralaun voru gerðar kom öllum á óvart hversu mikill sparnaður fólst í því að einfalda og sameina tugi mismunandi úrræða fyrir framfærslu í eitt. Því er það aðeins brot af samngjörunum arði af auðlindum sem fór í að fjármagna þessar breytingar. Innleiðingin á gjaldfrjálsri heilbrigðisþjónustu tókst þremur árum á undan áætlun.

Sjálfvirknivæðing í mannfrekum verkum í stjórnsýslu hefur skapað hagræðingu sem hefur nýst til gríðarlegra umbóta í menntakerfinu sem hefur fært það inn í nútímann og nú er símenntun orðin hluti af eðlilegri þróun í starfi á gjörbreyttum vinnumarkaði. Fólkið í dag er líka hætt að verðmeta sig út frá vinnustundum. Það eru reyndar komin furðuleg „heilsu-költ“ úti um allt og sköpunargleðin er nánast að ganga frá landanum. En víða er kynrðin að drepa fólk úr leiðindum. Auðvitað verða alltaf til vinnufiklar en stóri munurinn núna og þá er að fólk er að keyra sig út í vinnu sem það elskar að vinna og það er eiginlega ekki hægt að útskýra fyrir barnabörnunum hvað streita er. En ég man þá tíð þegar sjúkt og gamalt fólk var geymt á göngum í mygluðum sjúkrahöfnum og fólk féll hreinlega fyrir eigin hendi á öryggisdeildum fyrir geðsjúka ef það dó þá ekki bara heima hjá sér vegna þess hve hratt fólk var vísað heim eftir flóknar og erfiðar aðgerðir.

Ég man að það átti að einkavæða allt á sama tíma og við áttum að borga rosalega mikinn skatt. Ég man líka hvernig það var fyrir allt þetta fólk sem átti í miðju góðærinu árið 2017 ekki einu sinni þak yfir höfuð sér og hírðist í tjöldum. Eldri borgurum var meira að segja refsað fyrir að vinna og þeir látnir borga fyrir vinnuna sína.

Ég man líka þegar vímuefnasjúklingar voru settir í fangelsi í stað þess að hjálpa þeim að ná heilsu. Alveg ótrúlegt, satt best að segja. Ég man líka hvernig stjórnámálamenn komust upp með að etja fólk saman og á meðan það reifst og skammaðist á samskiptamiðlum út af einhverju sem fyllti það heilagri vandlætingu einn daginn og var gleymt næsta dag hvarf auðurinn af okkar sameiginlegu auðlindum inn í skattaskjól víða um heim.

En sem betur fer varð alþjóðleg sátt um verulega uppstokkun á fjármagnsflutningum í skúffur og skattaskjól víða um heim. Eftir stóra heimshrunið sem varð upp úr 2020 þurftu mörg þjóðríki að endurskilgreina forgangsroðun og sjálfbærni viðmið. Það var sem hæðist á öllum heiminum og öll sú mikla vinna sem átti sér stað í ýmsum hugveitum í hrúinu 2008, sem átti þá að sporna við því sem gerðist 2020, var loks gerð að veruleika víða um heim. Það átti líka við um Ísland. Árið 2023 var ákveðið að óheimilt væri að samþætta bankastarfsemi við fjárglæfrastarfsemi. Kennitölulflakk og brask, sem einkenndi það sem margir kalla gamla Ísland, heyrir sögunni til enda var internetið nýtt til að efla samvinnu á milli rannsóknarblaðamanna og sérfræðinga í hvíttliblaglæpum.

Ísland tók sér loks afgerandi sérstöðu til að verja upplýsinga- og tjáningarfrelsi, að ógleymdri friðhelgi einkalífisins sem um tíma nánast glataðist.

En ég man þegar ég kom fyrst inn á þing árið 2009. Þá litu þingmenn á sig sem valdalaus verkfæri framkvæmdarvaldsins og virtust ekki fatta að þeir höfðu umboðið sitt frá öllum þessum krossum á kjörseðlum. En það breyttist fljótt eftir að einn valdamesti þingmaður landsins hljópst undan trausti kjósenda sinna og lýsti hreinlega yfir vantrausti á Alþingi. Sá gjörningur vakti aðra þingmenn af doða sínum og varð til þess að alger bylting átti sér stað í þingheimum, þingmenn meiri og minni hluta ákváðu að eina leiðin til að bregðast við sívaxandi vantrausti á störf sín væri samvinna og að opna þingið svo hægt væri að nýta sér vísu fjöldans í flóknum málum. Þá var loks skipuð framtíðarnefnd sem í sátu fulltrúar allra flokka, óháð stærð. Þessar breytingar áttu sér stað stuttu eftir stóra hrun og urðu til þess að allir nefndarfundir voru opnir og aðgengilegir öllum og hið raunverulega starf sem var unnið á þinginu varð öllum sýnilegt. Öll lagasetning var flutt úr lögmannaskrifstofum í opið ferli á þinginu og framkvæmdarvaldið sá svo um að framkvæma lög og reglur sem þjóðin samþykkti.

Tímabilið þar sem þingmenn voru notaðir sem gluggaskraut fyrir ráðherra sína leið undir lok. — Góðar stundir.

[20:09]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Frú forseti. Góðir landsmenn. Ekki er hægt að segja að sú ríkisstjórn sem nú situr við völd sé líkleg til mikilla afreka. Stjórnarsáttmálin er sem kunnugt er þunnur þrettánda. Lítið hefur til ríkisstjórnarinnar spurst í sumar. Hún er lítt sýnileg og flýtur sofandi að feigðarósi á meðan málin stór og smá bíða afgreiðslu og úrlausnar.

Árangur og horfur í efnahagsmálum eru sannarlega góðar en koma ekki af sjálfu sér. Árangur næst með samvinnu, samstöðu, markvissri vinnu og úthaldi og á fyrri ríkisstjórn mikinn þátt í þeim árangri sem náðst hefur. Fyrirséð er að áfram verði vöxtur í þjóðarframleiðslu og því þarf að nýta tímann vel til uppbyggingar fyrir almenning, fyrir fólkið í landinu.

Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. forsætisráðherra, það þarf þolinmæði til að byggja upp innviði. En ef ekki núna, hvenær þá? Að mati okkar Framsóknarmanna er einmitt núna tækifærið til að efla grunnþjónustu og byggja upp.

Grunntónn í ræðu hæstv. forsætisráðherra gefur ekki beinlínis til kynna að það eigi að nýta nokkurra tuga milljarða afgang á ríkissjóði til að búa heilbrigðis-, mennta- og samgöngukerfið í hagin fyrir framtíðina.

Heilbrigðisstofnanir og skólar þurfa öflugan uppbyggingarstefnu, ekki stöðnun. Landsmenn vilja fjölbreytta þjónustu í takt við þarfir sínar á hverjum tíma, óháð búsetu, og aðgengi má ekki takmarka út frá efnahag fólks. Til að takast á við áskoranir framtíðarinnar er lykilatriði að menntun sé fjölbreytt og að ýtt sé undir nýsköpun þannig að okkar stærsta auðlind — mannaúdurinn — fái að njóta sín. Byggja þarf þekkingarbrú á milli skóla og atvinnulífs á öllum skólástigum.

Ríkisstjórnin virðist heldur ekki ætla að nota ríkulegan afgang til að fjárfesta í samgöngum sem er ein mikilvæg-

asta fjárfesting sem við stöndum frammi fyrir sem þjóð, enda vegakerfið víða bágborið.

Stöðu aldrada þarf að bæta áfram og nýta þá vinnu sem unnin var á síðasta kjörtímabili. Þau sem ruddu brautina fyrir okkur sem yngri erum eiga að njóta virðingar, jafnræðis og sanngirni. Við Framsóknarmenn viljum að þeim sé gert auðveldara að taka virkan þátt í samfélaginu með því að taka strax upp sveigjanleg starfslok og hækka frítekjumörk.

Þá eiga nýlegar lagabreytingar í húsnæðismálum að leiða til byltingar og vera aðstoð við kaup á fyrstu fasteign og tryggja ódýrara leiguhúsnæði. Boltinn er m.a. hjá sveitarfélögum. Gallinn er hins vegar sá að stærsta sveitarfélagið, Reykjavíkurborg, virðist aðeins hafa áform um að byggja nýjar íbúðir í gegnum glærusýningar.

Þótt staða efnahagsmála sé góð er að mati okkar Framsóknarmanna ein stærsta áskorun okkar í efnahagsmálum okurvextir og óeðlilegar sveiflur í gengi. Rannsaka þarf samspil hárra vaxta og gengis til að koma í veg fyrir óeðlilegar sveiflur og fyrirbyggja skaðleg áhrif á útflutningsvinnugreinar. Agi og samvinna þarf að ríkja á milli nýrrar peninga- og fjármálastefnu til að tryggja þann stöðugleika sem grunnur var lagður að í tíð síðustu ríkisstjórnar.

Við viljum einnig sjá uppstokkun á bankakerfinu. Bankakerfið á að vera heilbriggt og það á að þjónusta heimili og fyrirtæki. Hinn almenni neytandi þarf að geta treyst m.a. því að eftirlitið sé virkt og að aðhald sé gagnvart fjármála- stofnunum. Margt hefur áunnist í að endurvefja traust en þó nokkuð er í land.

Þessu tengt sendi sá sem hér stendur fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra um eignasafn Seðlabankans fyrir í vor og fékk til baka frekar fátægleg svör um hverjir hafi sinnt þjónustu fyrir bankann og keypt eignir. Með öðrum orðum fær almenningur ekki að vita hverjir keyptu, á hversu mikið né hvernig var greitt fyrir þær. Á sama tíma opna ráðuneytin bókhaldið. Er eðlilegt að Seðlabankinn geti skýlt sér á bak við bankaleynd þegar hann höndlar með eigur almennings?

En stærstu málin um ókomna framtíð eru án efa loftslagsmálin. Ríkisstjórnin vinnur nú að sóknarættun sem lögð var fram í tíð síðustu ríkisstjórnar á grunni Parísarsamkomulagsins. Mikilvægt er að styðja vel við nýsköpun, fjárfestingar og að þróa áframhaldandi þekkingu til að flýta fyrir nauðsynlegum tæknibreytingum á endurnýjanlegri orku og orkuskiptum.

Virðulegir forseti. Það dylst engum að hæstv. forsætisráðherra á í verulegum vanda með að hafa stjórn á minni samstarfsflokki sínum. Eins og stóri bróðir leyfir hann þeim að stökkva fram með yfirlýsingar en slær svo á puttana. Afleiðingin er óljós stefna og óskýr skilaboð.

Þjört framtíð sem virðist vera verkfælin var þó ekki latari en svo í sumar að umhverfisráðherra notaði einmitt þennan sal í auglýsingaskyni fyrir einkafyrirtæki og braut þannig síðareglur ráðherra. Síðasta ríkisstjórn setti síðareglur til þess að eftir þeim yrði farið.

Heilbrigðisráðherra sem á að stýra einu víðamesta ráðuneytinu gleymdi að taka iðjúsama íkornann og útsjónarsemi hans sér til fyrirmyndar sem hann sagði okkur svo skemmtilega sögu af fyrir nokkrum árum.

Fjármálaráðherra sem stundum hefur verið sagður í hagsmunagæslu fyrir fjármálaöflin gerði tilraun til að auka tekjur kortafyrirtækja og banka með því að afnema 10.000 kr. seðilinn. Rök ráðherrans voru þau að koma ætti í veg fyrir að almenningur sviki undan skatti. Á sama tíma keppast ráðherrar og þingmenn Viðreisnar við að tala niður krónuna og vilja taka upp evru, en þar er stærsti seðilinn 500 evrur, ígildi 65.000 kr.

Góðir landsmenn. Það er engu líkara en að ríkisstjórnin sé á sjálfstýringu. Stefnu- og ráðaleysið er algert og þegar tillögur eða aðgerðir koma fram er undir hælinn lagt hvar þær lenda. Stóru málin liggja í láginni hjá ríkisstjórninni. Það er okkar stjórnmalamannanna að berjast fyrir breytingum til að hlúa að undirstöðuatvinnugreinum og fjölga störfum með nýsköpun og menntun. Ég fæ ekki betur séð en að landbúnaðarráðherra sé að þrengja svo að íslenski matvælaframleiðslu að það stefni í algjört hrun í greininni og afleiddum störfum víðs vegar um land. Sjálfstæðisflokkurinn samþykkir þegjandi og hljóðalaust en ber ábyrgðina.

Svipaða sorgarsögu er að segja af nýlegri skýrslu ráðherra í fiskeldismálum þar sem niðurstaðan er sett fram án fullnægjandi greiningar og störfum beinlínis sópað undir teppið. Auðvitað eigum við að fara varlega og tryggja með öllum ráðum hlut villtra laxastofna eins og við höfum áður gert, til að mynda árið 2004 með lokun allra helstu fjarða og flóa fyrir fiskeldi og árið 2015 með því að setja ýrtruðu kröfur inn í ný lög og reglur um fiskeldi.

Góðir landsmenn. Við Framsóknarmenn teljum að staðan sé víða mjög góð og mikil tækifæri í að hér haldi áfram skynsamlegur vöxtur. Hins vegar þarf aðra stjórnarstefnu. Við höfum efni á því að búa betur að þeim sem minna mega sín í samfélaginu. Við getum útrýmt fátækt hjá börnum. Víða um land eru tækifæri til uppbyggingar þrátt fyrir þenslu en nýleg skýrsla Byggingastofnunar sýnir að hagvöxtur er mjög mismunandi eftir landshlutum. Á Vestfjörðum var hann t.d. neikvæður um heil 6% á árunum 2008–2015 á meðan hann var jákvæður í öllum öðrum landshlutum, mismikið þó. Með sömu þjónustu og aðstæðum alls staðar á landinu okkar er samfélagið Ísland sterkara.

Við eigum að treysta sveitarfélögum fyrir því að byggja upp sjálfbær samfélög. Til að mynda er umræðan á Vestfjörðum skiljanleg og væntanlegur fbúafundur þann 24. september nk. liður í því að sá landshluti segi einfaldlega: „Við viljum hafa það í okkar höndum að byggja upp sjálfbæra atvinnu, samgöngur og hafa aðgang að rafmagni og öðrum nauðsynlegum innviðum.“

Okkur Framsóknarmönnum virðist að þar segi ríkisstjórnin pass. Í öllum landshlutum fer nú fram slík umræða af því að ríkisstjórnin er áhugalaus, aðgerðalaus og stefnulaus um að byggja upp allt landið. Þessu þarf að breyta.

Einkunnarorð ríkisstjórnarinnar, jafnvægi og framsýni, eru fögur orð á blaði en fjarri raunveruleikanum því að hún virðist beina sjónum sínum fyrst og fremst að þeim sem fjármagnið eiga. Því kemur ekki á óvart að stuðningur við ríkisstjórnina sé sögulega lítill. Því segjum við Framsóknarmenn: Tökum nú saman höndum, öll hér í þessum sal, tryggjum hag þeirra sem verst standa, nýtum tímann og góðan efnahag í að byggja upp án þess að auka þensluna. Það er hægt. — Góðar stundir.

[20:19]

Fjármála- og efnahagsráðherra (Benedikt Jóhannesson) (V):

Frú forseti. Góðir landsmenn. Hér í þessum sal ræðum við oft málefni liðinna tíma. Við Íslendingar erum söguþjóð — en stundum er eini tilgangurinn með því að ræða um það liðna sá að breyta sögunni. En þó að sagan breytist er fortíðin óbreytt. Jafnvel þótt við séum stundum föst í fortíðinni er algengara að talað sé um liðandi stund og þá framtíð sem blasir við á næstu misserum — eða í besta falli á kjörtímabilinu. Auðvitað er slík umræða þörf og nauðsynleg því að núnið er sá tími sem við lifum í hverju sinni. Í núnu er stundum svartnætti, stundum góðæri. Okkur hættir til að reikna með því að núverandi ástand vari um alla framtíð þó að reynslan kenni okkur að það er einmitt ekki svo.

Hvernig verður framtíðin? Þá velti ég ekki fyrir mér morgundeginum eða árinu 2020, heldur spyr ég: Hvernig verður staðan eftir 30 ár eða 50 ár? Vandí er um slíkt að spá og það eina sem við vitum er að slíkir spádómar verða í mörgum atriðum rangir. Sem stjórnmalamenn eigum við þó aldrei að vera rög við að velja framtíðinni fyrir okkur.

Ef við miðum allar okkar ákvarðanir út frá því sem liðið er verður útkoman röng því að við vitum ekki hvaða áskoranir bíða handan við hornið.

Hvernig verður Ísland árið 2050? Þangað til er aldarþriðjungur. Verður þá sagt að við höfum gengið til góðs? Fyrir réttum 25 árum ræddu alþingismenn það hvort Ísland ætti að slást í för með öðrum ríkjum Vestur-Evrópu með inngöngu á Evrópska efnahagssvæðið. Sitt sýndist hverjum, en nú eru flestir sammála um að við eigum þeim framsýnu alþingismönnum mikið að þakka sem samþykktu aðild Íslands að fjórfrelsinu og sameiginlegri löggjöf Evrópusambandsins á flestum sviðum. Þá voru tryggð réttindi Íslendinga á EES-svæðinu og annarra íbúa svæðisins hér á landi. Þetta breytti miklu. Árið 1992 voru um 2% landsmanna erlendir ríkisborgarar. Um aldamótin voru um 5% mannfjöldans fædd utan landsteinanna. Árið 2007 voru það 10% og nú eru það um 14%. Einn af hverjum sjö landsmönnum er fæddur erlendis.

Hvernig verður það árið 2050? Verður það þá fjórðungur eða helmingur og hvaða áhrif hafa slíkar breytingar á samfélagið?

Við Íslendingar erum að mörgu leyti frjálslýnd og opin þjóð þó að það hafi ekki alltaf verið svo. Fyrir aldarþriðjungi hrökkludust landar okkar úr landi vegna kynhneigðar sem var fordæmd. Nú flykkist stór hluti þjóðarinnar á vettvang þegar hinsegin fólk heldur sína gleðigöngu — og allir gleðjast með.

Í mörgum löndum leiddi hrúnið til þess að upp spruttu flokkar haturs og fordóma. Við Íslendingar höfum að mestu leyti verið laus við slíka hópa og þeir hafa enn sem komið er ekki náð neinni föttestu. En þegar við lítum til Bandaríkjanna, kyndilbera lýðræðisins í heiminum stærstan hluta 20. aldarinnar, sjáum við hvað hefur gerst þar og það gæti líka gerst hér. Það er jákvætt að fólk líti á Ísland sem land tækifæra. Það er jákvætt að Ísland sé frjálslýnt og opið og við verðum að tryggja að svo verði áfram.

Frú forseti. Sveitarfélögin á Íslandi eru núna meira en 70 talsins. Sum eru agnarsmá, jafnvel með tugi íbúa, en þau

hafa sömu skyldur og höfuðborgin með sín 125.000 manns. Við hljótum að sjá að miklu stærri heildir verða að verða að veruleika. Ég sé fyrir mér að Austurland, Vestfirðir og Suðurnes verði hvert um sig sterkt sveitarfélag þar sem horft verði á hagsmuni allra íbúa við stjórnun.

Viðreisn talaði fyrir því að auðlindagjald í sjávarútvegi rynni til þeirra svæða þar sem sjávarauðlindin er nýtt. Með stærri heildum geta sveitarfélög með þessu móti stýrt fjármunum til uppbyggingar á sinni heimaslóð.

Góðir Íslendingar. Tæknin er undirstaða framfara og upplýsingar eru grunnur að skynsamlegri ákvarðanatöku. En hvernig gat það gerst á tæknioöld, þegar við höfðum tölvur með meiri reiknigetu en nokkru sinni fyrir og ítarlegri upplýsingar en nokkru sinni áður, að snjallasta fólk heims, sem við töldum að ynni fyrir okkur í bönkunum, kom okkur í verri kreppu en við höfum kynnst frá seinni heimsstyrjöldinni? Við keppumst við að koma í veg fyrir annað hrun, en næsta bankakreppa verður eflaust ekki eins og sú síðasta. Tæknin getur hjálpað okkur, en hún getur líka steypt okkur í glötun. Veikleikinn verður alltaf mannlegi þátturinn þar sem freistingar eru margar og ágrind þeirra sem eiga miklu meira en nóg er taumlaus. Hér í þessum sal megum við aldrei sofna á verðinum.

Að undanfögnu höfum við séð heiftúðlegri veðurofsa en við minnumst áður. Loftslagsbreytingar af mannavöldum hafa áhrif um allan heim. Við getum ekki setið hjá. Okkur ber að stuðla að því að minnka notkun mengandi orkugjafa og tókum nýrri rafbílatekni fagnandi. Við megum ekki hugsa um skammtímahagsmuni og þaðan af síður megum við stinga höfðinu í sandinn og afneita vísindunum sem lýsa loftslagsbreytingunum og orsökum þeirra. En tæknin hefur víða áhrif. Kannski verða allir bílar sjálfkeyrandi eftir 30 ár. Og þegar sjálfkeyrandi bílarnir koma, verður ökuþróf þá ekki óþarft með öllu? Er samsengi hlutanna svo flókið að loftslagsmál hafa áhrif á fyrirkomulag ökukennslu? Er svo er, er þá nokkuð hægt að spá fyrir um það hvernig jarðlífið verður árið 2050?

En stóru drættirnir eru ljósir. Vélvæðing dregur úr þörf fyrir mörg störf en eykur þörfina fyrir hugaraflið, skapandi vinnubrögð og innsæi. Menntakerfið hefur reynt að líta til framtíðar. Við verðum öll studd til sjálfsnáms og sjálfstæðis, studd — og neydd — til að læra á tæknina og umgangast hana á ábyrgan máta.

Góðir landsmenn. Í upphafi vikunnar var opnaður lítill vefur, opnirreikningar.is, þar sem birtir eru reikningar sem ráðuneytin hafa greitt. Með því að fara inn á þennan vef geta allir sem vilja séð í hvað skattþeningarnir fara. Einnhverjum stjórnámalámonnum kann að þykja þetta óþægilegt, en skattgreiðendur eiga heimtingu á að vita í hvað peningar þeirra fara.

Lífið snýst ekki bara um framleiðni og hagvöxt, krónur og viðskiptaafgang. Fegurðin og tilgang lífsins er ekki að finna í peningakassanum. Listir og menning, útivera, samskipti og vinátta gefa lífinu gildi og lit. Fegurðin er í frelsinu.

Viðreisn hlaut stuðning þjóðarinnar til að vinna að frjálslyndismálum, kerfisbreytingum í þágu neytenda, umhverfisvernd og málum jafnréttis og réttlætis. Við höfum látið hendur standa fram úr ermum og höldum áfram að búa í haginn fyrir framtíðina.

Ég veit að mörgum finnst ganga hægt en þá minni ég á karlinn sem fór með sína æruleysisbæn: „Góði guð, gefðu mér polinmæði. Strax!“

Róm var ekki byggt á einum einasta degi og viðreisn samfélagsins tekur tíma.

Góðir landsmenn. Hin efnahagslega viðreisn hefur gengið vel eftir hrun og þar hafa stjórnámalamennt í mörgum flokkum lagt hönd á plóg. Samfélagslegu viðreisninni er ekki lokið, en hún tekst með heilindum, virðingu og gagnkvæmu trausti. Við skulum taka framtíðinni óhrædd, en verum vel undirbúin.

[20:29]

Heilbrigðisráðherra (Óttarr Proppé) (Bf):

Frú forseti. Ástkæra Alþingi. Kæru landsmenn. Í upphafi þings finnst mér gott að hugsa um mikilvægi verkefna sem okkur eru falin. Þingmönnum er falið mikið vald. En það vald stendur aldrei eitt og sér. Það verður aldrei annað en tæki til að axla ábyrgð og hún er númer eitt. Ábyrgð okkar er rík og það er í eðli sínu jákvætt. Það er heiður að vera treyst fyrir verkefnum sem skipta máli. Það er „bullandi sóknarfæri“, eins og Rúnar Júlíusson sálugi hefði orðað það, falið í því að axla ábyrgð.

Það er margt gott á Íslandi. Hagtölur eru margar hverjar jákvæðar, atvinnuleysi er í sögulegu lágmarki og trekk í trekk sýna alþjóðlegar kannanir að íslenskt samfélag er í fremstu röð á hinum og þessum sviðum. En það þýðir ekki að allt sé fullkomið, síður en svo. Margt þarf að bæta.

Mannréttindi eru grundvöllur frjáls samfélags. Höfum hugrekki til að slást fyrir mannréttindum og laga kerfin okkar ef þau reynast gölluð. Lög um uppreisn eru úrelt. Æra er ekki lengur nokkuð sem opinberir aðilar úthluta eða stjórna hafi það nokkurn tímann verið þannig. Það á að afneima þessar reglur.

Þegar kemur í ljós að nýsamþykkt útlendingalög tryggja ekki í verki, eins og til stóð, rétt barna eigum við ekki að vera feimin við að laga þau lög. Við eigum að taka fagnandi hvatningu forseta Íslands um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Þessi mál eru stærri en flokkadrættir. Það er kappmál að við sameinumst um slík mál, allir þingmenn. Það er ekki eins og við séum hvert af sinni dýratregundinni hérna.

Þegar ég var ungur, enn þá yngri en ég er í dag, kynntist ég fólki af hinni svokölluðu aldamótakynslóð sem fætt var kringum aldamótin 1900. Sú kynslóð Íslendinga ólst upp við kröpp kjör, léleg húsakynni, lítið aðgengi að heilbrigðisþjónustu, litla sem enga menntun en samt hópaðist þetta fólk saman fyrir framan Stjórnarráðið frostaveturinn mikla þann 1. desember, í miðjum faraldri, spænsku veikinni, til að fagna fullveldi Íslands. Þetta fólk var ekki að fagna því hvað allt væri frábært eða mótmæla því sem var ömurlegt. Það var að fagna draumnum um að hægt væri að gera betur og hafði trú á honum.

Munum að það erum við sem þjónum í forsvari, fulltrúar fólksins, sem höldum á þessum draumi. Við berum ábyrgð á að þróa hann áfram og gera hann að veruleika. Við þurfum að hafa hugrekki til að hugsa og byggja upp til langs tíma, byggja undir stöðugleika svo við séum ekki alltaf að eiga við afleiðingar síðustu kollsteypu eða í nauð-

vörn til að koma í veg fyrir þá næstu. Hugsum fram á við. Gerum það sem þarf til að hleypa byr undir háleita drauma.

Sköpum svigrúm og jarðveg til að fólk geti blómstrað þannig að fólk sem við vitum ekki hvað heitir geti fundið upp á einhverju sem við höfum ekki ímyndunarafli til að sjá fyrir okkur. Stóra verkefnið er framtíðin og ég er ekki bara að tala um einhver geimvísindi. Samfélag framtíðarinnar einkennist ekki síst af alls konar tækifærum. Samfélagi þar sem fólk fær jafnvel að ráða hvað það heitir sjálft, þar sem allir hafa tækifæri til náms, vinnu og þátttöku burt séð frá uppruna, kyni, heilsu eða heilsubrestri.

Það er ríkt einkenni á íslensku samfélagi að okkur er ekki sama hverju um annað. Samkennd og samvinna þegar vandamál steðja að, við náttúruhamfarir og önnur áföll, er eitthvert skýrasta styrkleikamerki okkar. Við þekkjum vel gildi þess að halda utan um þá sem þess þurfa.

Ég legg ríka áherslu á geðheilbrigðismál sem heilbrigðisráðherra. Það að eiga bjarta framtíð felst ekki bara í hagsæld, atvinnuöryggi og því um líku. Hún felst ekki síður í hreinni náttúru, mannvænu samfélagi og umhverfi sem hefur faðminn opin. Ég vil styrkja fjölbreytt úrræði, m.a. með styrkingu barna- og unglingsgeðdeildar og sterkari heilsgæslu. Samtals er áætlað að verja ríflega 1 milljarði kr. til og með árinu 2022 til að efla framlög til geðheilbrigðisþjónustu.

Á sunnudaginn var var haldinn alþjóðadagur sjálfsvígsforvarna. Það var mér mjög dýrmætt að fá að taka þátt í kyrrðarstund í Dómkirkjunni og öðrum viðburðum. Hvert einasta sjálfsvíg er harmleikur. Hvert sjálfsvíg er ósigur fyrir samfélagið, ósigur fyrir okkur öll. Það er merki um að það hafi mistekist að halda utan um einstakling sem þurfti á því að halda. Við getum aldrei samþykkt að það sé eðlilegt eða óumflýjanlegt.

Við vitum að nú þegar er mörgum hjálpað. Það er vel og það er þakkarvert. En við getum og eigum að gera betur, stíga fyrr inn. Það er kannski aldrei hægt að halda utan um alla alltaf, en við þurfum að hafa faðminn útbreiddan alltaf. Það þarf að vera skýrt aðgengi að upplýsingum og stuðningi. Þetta er verkefni samfélagsins alls; kerfisins, ættingja og vina, félagsamtaka, skólanna og líka okkar stjórnmálamannanna.

Á næsta ári munum við loksins hefjast handa við byggingu meðferðarkjarna nýja Landspítalans. Það er stærsta einstaka verkefni íslenskrar heilbrigðisþjónustu til margra áratuga. Með nýjum spítala rætist draumur um betri aðstöðu sjúklinga og starfsfólks. Landspítalinn verður enn öflugri vinnustaður og vísindastofnun. Þetta er risaverkefni sem við höfum undirbúið lengi, kannski allt of lengi, en það er mikil ábyrgð að halda því til streitu.

Það eru óteljandi verkefni í heilbrigðiskerfinu sem mætti nefna og við erum að vinna að. Fyrir mér er lykilatriðið það að hagur einstaklingsins, sjúklingsins, sé alltaf í fyrirrúmi. Það renna 1,5 milljarðar í það verkefni að lækka greiðsluþátttöku sjúklinga á næsta ári. Nýtt kerfi sem tók gildi núna í maf er hannað til þess að létta undir með þeim sem standa hvað höllustum fæti og þurfa mest á þjónustunni að halda. Við stefnum að því að gera enn betur á næstu árum.

Ég datt inn í pólitík til að reyna að gera gagn. Við stofn-

uðum Bjarta framtíð til að stunda öðruvísi stjórnsmál. Við viljum hafa jákvæð áhrif á samfélagið og umræðuna og við viljum gera það á borði en ekki bara í orði. Þess vegna tókum við þá ákvörðun, sem var alls ekkert sjálfsögð, að setjast í ríkisstjórn til að hafa áhrif á borði, hafa raunveruleg áhrif á umhverfismálin, styðja við uppbyggingu í heilbrigðiskerfinu og taka þátt í að móta framtíðina. Við viljum axla ábyrgð af því að verkefnið skipta máli.

Það er margt gott en það er alltaf hægt að gera betur. Við þurfum að halda boltanum á lofti í verkefnum dagsins en líka um leið að hafa auðmýkt og hugrekki til að hafa augun á framtíðinni því að það er hún sem skiptir mestu máli.

Alþingismenn, við erum ekki bara við sjálf, við erum fulltrúar fólksins sem kaus okkur, ykkar, kæru áhorfendur. Munum öll að gleðin, menningin, virðingin og hlýjan eru síst minna mikilvæg en krónur og aurar, lög eða reglugerðir. Vöndum okkur, verum góð og þössum að hafa alltaf faðminn útbreiddan. Ég hlakka til samstarfsins við ykkur öll í vetur.

Þakka þeim sem hlýddu. — Góða ferð.

[20:37]

Logi Einarsson (Sf):

Frú forseti. Kæru landsmenn. Einhvern tímann hefði það þótt skynsamlegt, þegar forsætisráðherra semur stefnuræðu á sama tíma og fjármálaráðherra skrifar fjárlagafrumvarp, að þeir bæru örlítið saman bækur sínar. Það virðist þessum herramönnum þó ekki hafa dottið í hug í þetta skipti. Samskiptaleyfi þeirra frænda er orðið þínlegt. Á meðan hæstv. forsætisráðherra talar um nauðsyn á góðu heilbrigðiskerfi og mikilvægi menntunar í ræðu sinni birtir hæstv. fjármálaráðherra metnaðarlítið frumvarp þar sem hvorugum málaflokknum eru sýndur skilningur. Þá var ræða hæstv. forsætisráðherra dapurlegt framlag inn í komandi kjaraviðræður. Stéttarfélag og félagsmenn eru skömmuð fyrir að krefjast kjarabóta. Nær væri að forsætisráðherra lærði af hinum Norðurlöndunum, vinnumarkaðslíkan þeirra byggir ekki eingöngu á efnahagslegum stöðugleika, heldur líka félagslegum. Það mætti ríkisstjórnin fara að skilja. Á hinum Norðurlöndunum er fjárfesting hins opinbera í velferðar- og menntakerfinu ásamt umbótum í atvinnulífnum stór hluti af sátt á vinnumarkaði. Raunverulegar lausnir á húsnæðismarkaði, auknar vaxtabætur og ríkari stuðningur við barnafjölskyldur hefðu liðkað fyrir en í nýju fjárlagafrumvarpi er þetta því miður allt skorið við nögl.

Þá er ömurlegt að vilji almennings um uppbyggingu á opinberu heilbrigðiskerfi skuli fullkomlega hunsaður. Sú aukning sem þó er boðuð mun lenda í vasa einkaaðila og grafa enn frekar undan opinbera heilbrigðiskerfinu.

Hæstv. forsætisráðherra talar um mikilvægi öldrunarþjónustu. Veit hann virkilega ekki að hún er vanfjármögnuð um marga milljarða? Sá kostnaður er m.a. borinn uppi af nokkrum sveitarfélögum sem þurfa að borga hallann með útsvarstekjum sem ætlaðar voru í aðra þjónustu. Það rýrir samkeppnishæfni þeirra og er óboðlegt.

Hæstv. forsætisráðherra bitur þó líklega höfuðið af skömminni þegar hann fullyrðir í ræðunni að það skipti engu máli að skattbyrði hækki mest á lægstu launin, almenn

veislæd hafi nefnilega aukist svo mikið. Skítt með það þótt bilið milli þeirra hæst- og lægstlaunuðu breikki. Það væri kannski ágætishugmynd að hæstv. forsætisráðherra bankaði upp á hjá nokkrum þúsundum barna sem búa við fátækt, fólki sem hrekst um á ótryggum íbúðamarkaði, öryrkjum sem lifa margir á hungurlús eða öldruðum sem búa við krappa stöðu. Hann gæti kannski hjálpað þeim að finna, og tína upp, brauðmolana sem falla af veisluborðinu.

Við erum ríkt land og við getum vel boðið öllum mannsæmandi líf. Það verður aðeins gert með klassískum aðferðum sem gert hafa Norðurlöndin að fyrirmynd annarra ríkja, með því að tryggja öllum öryggi, velferð og menntun en ekki síst skipta gæðum og byrðum réttlátar.

Frú forseti. Það er mikilvægt að ríða þétt öryggisnet sem grípur fólk ef það af einhverjum ástæðum fellur milli skips og bryggju og tryggir þeim öryggi og skjól. En fyrst og fremst eigum að skapa samfélag sem gefur öllum tækifæri til að eflast, þroska hæfileika sína og standa á eigin fótum. Það er því skammsýni að gefa ekki eldra fólki tækifæri á að vinna án þess að megnið af laununum skerðist. Og það er óviturlegt að bæta ekki kjör öryrkja, heldur skerða húsnæðisstuðning og draga úr barnabótum.

Vissulega er líka alltaf mikilvægt hlutverk stjórnvalda að bregðast við óvæntum aðstæðum og leiða þær sem best til lykta. Við megum þó ekki festast algjörlega í stjórnálmum sem fyrst og fremst snúast um viðbragð, hvort sem um er að ræða sveiflur á gengi örmyntar eða offramleiðslu á kindakjöti. Við verðum að vera nógu skynsöm til að horfa til framtíðar og nógu djörf til að þora að fjárfesta í henni.

Þær breytingar sem eru að verða á samfélagi okkar, samfara aukinni tölvu-, tækni- og sjálfvirknivæðingu, krefjast þess beinlínis. Atvinnulífi framtíðarinnar mun í auknum mæli þurfa að byggjast á þróun og nýsköpun og þar þurfum við að reida okkur á eiginleika eins og sköpun, innsæi og frumkvæði. Aukin framleiðni og verðmætasköpun eru forsenda þess að við getum tekist á við breytta aldurssamsetningu þjóðarinnar, skapað samfélag þar sem allir eru virkir þátttakendur og staðist samkeppni við aðrar þjóðir.

Í dag getur ungt fólk nefnilega valið sér allan heiminn að vettvangi og við verðum að fjárfesta í framtíð þess ef við viljum áfram vera í fremstu röð. Svareð við þessari áskorun er menntun, menntun og aftur menntun.

Skólastarf þarf að taka mið af þessari nýju framtíð. Menntun verður hluti af veruleika einstaklingsins með einum eða öðrum hætti alla ævi. Við eigum að leggja enn meiri áherslu á tækni og skapandi greinar, en líka menningu og listir. Þær veita manninn ekki bara ánægju, heldur skipa stöðugt stærri sess í atvinnulífi þjóðarinnar og þroska frumlega og skapandi hugsun. Sókn í menntamálum mun vissulega kosta mikla fjármuni en á endanum skilar það sér margfalt þegar til lengri tíma er litið.

Frú forseti. Við höfum vissulega náð góðum árangri í jafnréttismálum en eigum þó enn langt í land. Áskorunin felst ekki síst í því að breyta óskrifuðum reglum og gildismati samfélagsins. Það á sér rætur í margra alda kerfi sem stjórnað hefur verið af okkur körlum. Á síðustu árum hafa fleiri og fleiri rannsóknir sýnt hvornig þáttur kvenna var beinlínis falinn langt fram á okkar daga. Við erum enn að glíma við óútskýrðan kynbundinn launamun, og hefðbund-

in kvennastörf eru oftar verðmetin lakar en dæmigerð karlastörf. Nægir þar að nefna kennslu og umönnun.

Við þekkjum líka öll dæmin af bryggjukallinum sem gekk sér til húðar um miðjan aldur. Erfiðisstörf samtímans eru iðulega unnin af konum. Góð dæmi eru fiskvinnslukonur og sjúkraliðar. Við verðum að horfa sérstaklega á þessar staðreyndir þegar samið verður um kaup og kjör á næstu misserum.

Hv. þingmenn. Við trúum því að allir menn séu fæddir jafnir og með víðtæk mannréttindi. Það er þó grundvallarmunur á því hvaða merkingu við leggjum í þetta og hvaða leiðir stjórnáflakkar vilja fara til að tryggja þetta. Íslenskir stjórnáflakkar hafa gefið Sjálfstæðisflokknum allt of mikil völd í gegnum tíðina. Í krafti 30% fylgis hefur hann setið í allt of mörgum ríkisstjórnnum þrátt fyrir að 70% þjóðarinnar hugnist hvorki viðhorf hans né stefna.

Þar sem það eru gömul og ný sannindi að bátur kemst hraðar og lengra ef fleiri leggjast á árar er brýnt að flokkar sem aðhyllast félagshyggju og mikla samhjálp nái saman vopnum sínum. Við verðum að skilgreina mikilvægustu snertifletina, vinna þéttar saman og þá verðum við raunverulegur valkostur fyrr en varir. Um stór mál getum við nefnilega alltaf sameinast þótt okkur kunni að greina á um einstakar útfærslur. Ég nefni aukinn jöfnuð, sterkt opinbert mennta- og heilbrigðiskerfi, sanngjarnt afgjald af auðlindum og nýja stjórnarskrá. Ef okkur auðnast þetta ekki höldum við áfram að vera á víxl fylgitungl Sjálfstæðisflokksins með vel þekktum afleiðingum, bæði fyrir flokkana en sérstaklega fyrir samfélagið.

Kæru landsmenn. Við höfum ekki alltaf verið vel stað þjóð, raunar aðeins í mjög skamman tíma. Fyrir rúnum 100 árum vorum við meðal fátækustu þjóða í Vestur-Evrópu. Í upphafi Brekkukotsannáls segir Álfgrímur, með leyfi forseta:

„Í það mund sem ég var að verða til, þá var þar í kotinu mikil örtröð af því fólki sem nú á dögum heitir flóttamenn; það er að flýa land; það leggur á stað með tárur úr heimkynnum sínum og ættbygd af því svo illa er að því búið heima fyrir að börn þess ná ekki þroska heldur deya.“

Þessi orð eru vissulega upp úr skáldsögu en lýsa þó nóprum veruleika þess tíma á Íslandi. Og þau nista inn að beini, sérstaklega vegna þess að það er svo stutt síðan forfeður okkar, jafnvel afar og ömmur, voru í þeim sporum að þau gátu almennt ekki tryggt börnum sínum öryggi og mikil óvissa var um hvort þau kæmst á legg. Þjóð sem bjó við slíkar aðstæður fyrir örfáum áratugum hlýtur og verður að geta sett sig í spor annarra, stutt við og sýnt þeim kærleik sem nú búa við svipaðar aðstæður og jafnvel verri stöðu.

Aðstoð við einn hóp í erfiðri stöðu er ekki á kostnað annars sem á bágt. Við erum rík þjóð og höfum vel efni á því að gera vel við þá báða ef við aðeins deilum gæðunum réttlátar.

Góðir landsmenn. Þegar öllu er á botninn hvolft er samúð og samkennd líklega það falletasta sem mannskepnunni var gefið.

[20:46]

Dómsmálaráðherra (Sigríður Á. Andersen) (S):

Virðulegur forseti. Góðir áheyrendur. Hér áðan vék

hæstv. forsætisráðherra að þeirri hagsæld sem við nú búum við, hagsæld sem er ekki sjálfgefin og sem þarf að nálgast af yfirvegun og skynsemi. Það ætla ríkisstjórnin að gera með uppbyggingu og viðhaldi nauðsynlegra innviða en um leið með því að gera ráðstafanir til þess að fé skattgreiðenda til framtíðar verði einmitt notað í innviði fremur en í vaxtagreiðslur til kröfuhafa íslenska ríkisins vegna skulda-söfnunar.

Hagsæld er ekki bara mæld í krónum og aurum. Það eru til að mynda mikil verðmæti fyrir hvert samfélag að reglur séu skýrar, gangi jafnt yfir alla. Þeir sem eru ósáttir geti fengið áheyrn og eftir atvikum bót sinna mála. Mikilvægur hluti af slíku réttarríki er til að mynda gott aðgengi almennings að stjórnvöldum, dómstólum og Alþingi. Þessar þrjár grunnstoðir réttarríkis okkar eru ólíkar, hver með sitt hlutverk. Í samræmi við kenningar 18. aldar lögfræðingsins Montesquieu er þessum þremur stoðum haldið aðskildum í þágu valdreifingar og aðhalds með hverri stofnun fyrir sig. Þótt þessar grunnstoðir hvíli á gömlum og góðum grunni þá er hvorki hér á landi né annars staðar málum þannig háttað að ekki þurfi stundum að gera bragarbót á. Stofnun nýs millidómstígs hér á landi með Landsrétti sem tekur til starfa 1. janúar næstkomandi er dæmi um hvernig ein þessara stoða tekur breytingum í þágu grundvallarréttinda þeirra sem þurfa að sæta málsmeðferð fyrir dómi.

Stjórnvöldin hefur líka tekið stórstígu framförum undanfarna áratugi, t.d. með stjórnvöldum sem settu vissulega á pappír þær reglur sem áður hafði verið unnið eftir, en einnig aðrar nýjar, flestar til bóta. Við sem höfum haft tækifæri til að sitja hér í þessum sal þekkjum svo hvernig Alþingi hefur þróast. Sitt sýnist reyndar hverjum um þær breytingar. En þingsköpum hefur verið breytt með það að markmiði að bæta störf þingsins. Það á sér þannig stað sífellt þróun á helstu stoðum réttarríkisins. Allar breytingar sem átt hafa sér stað taka hins vegar mið af hinum gamla og góða grunni sem var lagður með þrískiptingu ríkisvaldsins. Sumar breytingarnar hafa meira að segja verið í þeim tilgangi að skerpa einmitt á þessari skiptingu.

Virðulegur forseti. Undanfarið hefur stjórnvöldin verið nokkuð til umfjöllunar vegna mála sem alla jafna vekja ekki endilega upp margar lögfræðilegar spurningar en því mun meiri tilfinningar. Í lögum er ævafornt ákvæði um heimild til þess að veita dæmdum sakamönnum sem hafa afplánað sinn dóm uppreist æru og að uppfylltum skilyrðum góða hegðun. Með uppreist æru öðlast dæmdir menn óflekkað mannorð, en óflekkað mannorð er skilyrði fyrir því að geta gegnt margháttuðum trúnaðarstörfum fyrir hið opinbera og jafnvel stundað tiltekna atvinnu. Uppreist æru felur hins vegar hvorki í sér að brotið hafi ekki verið framið eða það hafi verið léttvægt. Áratugalöng framkvæmd við veitingu uppreistar æru virðist hafa leitt til heldur vélrænnar afgreiðslu á umsóknum um uppreist æru, því miður með vísan til skráðra og óskráðra reglna stjórnvölduráttarins. Þarna kann stjórnvöldin að hafa borið löggjafann ofurlíði.

Ég léði máls á því opinberlega í júní í tengslum við umfjöllun um eina tiltekna veitingu uppreistar æru að endurskoða lagaákvæðið um uppreist æru. Fyrr um vorið hafði ég hafið endurskoðun á þessari stjórnvölduráttar framkvæmd allri. Ég veit að forveri minn í starfi taldi mjög mikilvægt að

þessi endurskoðun færi fram. Ég mun leggja til við þingið í vetur að horfið verði frá þeirri framkvæmd að veita uppreist æru, en um leið að tryggð verði að dæmdir menn öðlist aftur borgaraleg réttindi sem þeir missa við flekkum mannorðs í samræmi við eðli máls og mannréttindi sem við viljum að öllum séu tryggð.

Ég vil að gefnu tilefni nefna það að dómismálaráðuneytið hefur viljað veita allar upplýsingar sem því er heimilt að veita um afgreiðslur þessara mála. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál tók undir sjónarmið ráðuneytisins í nýlegum úrskurði sínum um að slík upplýsingagjöf gæti þurft að sæta takmörkunum er lúta að viðkvæmum persónulegum upplýsingum. Nú þegar hafa gögn verið birt í samræmi við úrskurð nefndarinnar. Ráðuneytið hefur ekki annað í hyggju en að veita allar þær upplýsingar sem dýpkað geta umræðu um þessi mál sem önnur. Ég hef almennt ekki heyrt annað en menn fagni boðuðum lagabreytingum um þessi efni og vænti þess að eiga gott samstarf við þingið um þær þegar þar að kemur.

Góðir áheyrendur. Um aldamótin voru erlendir ríkisborgarar innan við 3% landsmanna, nú eru þeir 9%. Á þetta benti hæstv. fjármálaráðherra áðan í ræðu sinni, talnaglöggur sem hann er. Við þetta má bæta að á hverju ári undanfarið ár hefur um eitt þúsund útlendingum verið veittur íslenskur ríkisborgararéttur. Íslendingar taka og vilja taka vel á móti útlendingum.

Undir lok síðasta kjörtímabils voru samþykkt ný lög um útlendinga sem samin voru af þverpólitískri nefnd þingmanna, hópi þingmanna úr öllum flokkum. Þau kveða á um málsmeðferð sem er í samræmi við íslenskan stjórnvöldurátt og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á sviði mannréttinda. Þannig fá einstök mál öll sérstaka skoðun, fyrst hjá Útlendingastofnun og svo eftir því er leitað hjá kerunefnd útlendingamála. Í einstökum tilvikum fellst kerunefndin jafnvel líka á að enduruptaka eigin úrskurði. Hjá þessum stofnunum starfar fjöldi sérfræðinga á ýmsum sviðum, m.a. í málefnum barna. Nýju löggin voru mikil réttarbót fyrir bæði útlendinga sem hingað leita og stjórnvöldin sem vissulega þarf skýran lagagrundvöll undir sín störf.

Á Íslandi er að sjálfsögðu ríkur vilji til að hjálpa því fólki sem býr við stríð og ógnarstjórn í sínu landi. Á undanförmum árum höfum við meðal annars farið þá leið að bjóða hópum flóttamanna til landsins. Frá árinu 2015 hafa 109 flóttamenn komið hingað og ríkisstjórnin hefur kynnt áform um móttöku 50 flóttamanna á næsta ári. Við erum að öðlast mikla og dýrmæta reynslu á þessu sviði. Hingað kemur líka fólk af sjálfsdáðum og sækir um hæli. Fjöldi þeirra hefur margfaldast undanfarið ár. Í samræmi við lög og alþjóðlegar skuldbindingar er lagt mat á tilefni þessara umsókna í þeim tilgangi að forgangsraða með hliðsjón af atvikum öllum og raunverulegum möguleikum þessa fólks til að komast úr aðstæðum sem metnar eru hættulegar. Það sem af er þessu ári hefur 92 einstaklingum verið veitt hæli hér á landi, í fyrra 111 og árið þar á undan 82 einstaklingum.

Það var viðbúið þegar við þingmenn samþykktum nýja útlendingalöggjöf að hún þyrfti fljótlega að sæta endurskoðun í ljósi reynslunnar. Lagabálkurinn er efnismikill. Við erum öll að kynnast nýjum úrlausnarefnum sem varða mikilsverð réttindi mjög margra. Stöðug vinna er í dóm-

málaráðuneytinu um þetta. Ég hef lýst því við breytingar á útlendingalögum sem fyrirhugaðar eru á komandi þingi að tekið verði vel á móti öllum tillögum þingmanna hvað varðar lagabreytingu og sjónarmið þar að baki. Ég finn að það er mikill áhugi á þessum málaflokki á Alþingi. Ég hef því ákveðið að kalla til samráðsvettvang með fulltrúum allra þingflokka á Alþingi sem verður til samráðs við dómsmálaráðuneytið í þeirri vinnu sem fram undan er við breytingar á lögum um útlendinga og fylgja þeim lagabálki enn lengra úr hlaði. Þannig verður gætt að öllum sjónarmiðum sem upp eru hvað varðar þennan málaflokk.

Góðir landsmenn. Þessi tvö mál sem ég hef nefnt verða meðal fjölmargra framfaramála sem ríkisstjórnin leggur áherslu á á þessum þingvetri. Ég hlakka til samstarfsins við þingmenn úr öllum flokkum og samskipta við kjósendur nú sem endranær.

[20:55]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Frú forseti. Góðir landsmenn. Nú hallar ágætu sumri og land og þjóð kemur að flestu leyti vel undan því, með einni augljósri undantekningu þó: Ríkisstjórnin mætir hvorki samstillt né í góðu skapi til leiks og hefur henni þó tekist að slá tvö Íslandsmet í sumar, ekki heimsmet að vísu, eins og ónefndur fyrirverandi forsætisráðherra var gjarnan að slá, en Íslandsmet. Hið fyrra er í óvinsældum. Aldrei hefur ríkisstjórn á fyrstu mánuðum ævi sinnar mælst með jafn lítið traust, verið jafn óvinsæl. Í sumar tókst ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar — og Bjartrar framtíðar, er það ekki? — meira að segja að slá út viðrinið Donald Trump í óvinsældum. Ríkisstjórn Íslands naut minna trausts en Donald Trump.

Hitt Íslandsmetið er í ódugnaði, verkleysi. Ríkisstjórnin hélt ekki fund í yfir 40 daga. Í heilar sex vikur var enginn fundur. Lýðveldismet í leti, er það? Vantaði þó ekki viðfangsefnin. Í allt vor og sumar hefur ríkisstjórnin t.d. velt á undan sér grafalvarlegum aðsteðjandi vanda sauðfjábænda sem er auðvitað miklu meira en einangraður vandi sauðfjábænda og afurðastöðva. Það er grafalvarlegt byggðavandamál, vandamál sveitarfélaga og heilla landshluta sem og félags- og kjaramál. Eða ætla stjórnvöld aðgerðalaust að horfa á eina tekjulægstu stétt landsins taka á sig tugprósenta kjaraskerðingu í haust ofan í kjaraskerðinguna í fyrrahaust?

Þetta mál er stóralvarlegt. Og hvar var ekki bara landbúnaðarráðherra í sumar, hvar var sveitarstjórnarmálaráðherrann? Hvar var félagsmálaráðherrann? Hvar var byggðamálaráðherra og hvar var forsætisráðherra í þessu máli? Til hvers að ljósleiðaravæða dreifibýlið ef menn ætla á sama tíma að horfa á sveitirnar tæmast af öðrum ástæðum?

Ríkisstjórnin hefur upp á ekkert annað að bjóða en að reyna að lokka menn til þess að bregða búi — hætta, fara — í staðinn fyrir að reyna að semja við þá um að draga úr framleiðslu tímabundið gegn því að þeir búi áfram þannig að byggðaröskuninni sé afstýrt. Stefnuleysi og úrræðaleysi er í málefnum ferðapjónustunnar og sjávarútvegsmálum þar sem einhver stórfurðuleg sáttanefnd er að störfum og formaður hennar er farinn að leita að sökudólgum til að afsaka það að ekkert komi út úr vinnunni svo að segja áður en starfið hefst. Og nú liggur á borðum okkar þingmanna fjár-

lagafrumvarp sem er nákvæmlega jafn ömurlegt og ríkisfjármálaáætlunin frá síðasta vori sem það byggir á, áframhaldandi hægri sveltistefna. Loforðin um stórfellda innspýtingu í innviði og velferðarmál eru endanlega gleymd og grafin með þessu fjárlagafrumvarpi.

Árið 2013 mættust tekjur og gjöld ríkisins í einum punkti í fyrsta sinn um árabíl, sem sagt tókst með viðamiklum, erfiðum en árangursríkum aðgerðum að ná jöfnuði í ríkisfjármálunum strax á árinu 2013, á fimmta ári eftir hrun. Þá voru tekjur og gjöld ríkisins sem mættust þarna á sama stað 32% af vergr landsframleiðslu. Hægri stefnan sem náði völdunum hefur lækkað þessi hlutföll á hverju einasta ári síðan. Útgjöld ríkisins á árinu 2018 eiga að verða rétt liðlega 28,5%, 3,5 prósentustigum minni en þau voru 2013. Þetta eru 95 milljarðar kr. miðað við áætlun um landsframleiðslu ársins 2018.

Við gætum sem sagt haft t.d. 45 milljarða kr. í velferðarmálin og innviðafjárferingar og rekið ríkissjóð með nærri 100 milljarða kr. afgangi ef ríkissjóður hefði bara haldið sjó, ekkert aukið hlutdeild sína. Það væri ábyrgt, það væri góð hagstjórn. En hægri stefnan er nákvæmlega sömu afdrifaríku hagstjórnarmistökun og voru fordæmd í þessu riti hér, skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis árið 2010, þar sem sama stefna á árunum fyrir hrun fékk falleinkunn.

Og nú er forsætisráðherra farinn að óttast hrun. Nema hvað? Því skyldi ekki formaður Sjálfstæðisflokksins óttast annað hrun? Hann fer fyrir flokki með reynslu. [Hlátur í þingsal.] Þeir þekkjá afleiðingarnar af eigin stefnu. Ég spái því ekki að hér verði hrun í bráð og allra síst því að bankakerfið falli, en hættunarnar sem þessi beiting ríkisfjármálanna ber með sér er sú sama. Og það er varað við því á bls. 95 í þessu plaggi, fjárlagafrumvarpinu sjálfu. Það er ótrúlegur samhljómur með því sem höfundur greinargerðar fjárlagafrumvarpsins að þessu leyti á árinu 2017 og höfundar rannsóknarskýrslu Alþingis komust að um sama hlut, orsakir og afleiðingar fyrra hrunsins og hættunarnar sem sama stefna aftur ber með sér.

Þetta er svo sorglegt, þetta er svo ástæðulaust, þetta er svo vont fyrir samfélagið. Við erum að glata svo góðum árum og svo miklum tækifærum til að byggja almennilega upp á Íslandi í staðinn fyrir þessa hörmung. Og nú stendur sami fyrirvaralausí, andvaralausí góðærisvaðallinn upp úr þessum mönnum. Ja, það fór ekki vel að hlusta steinþegjandi á slíkt á árunum fyrir hrúnið hið fyrra.

Við þurfum að losna við þessa ríkisstjórn. Hún er liðónýt og vonandi tekst það í vetur. — Góðar stundir.

[21:02]

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (P):

Frú forseti. Kæru Íslendingar. Þingmennskan er þjónustuhlutverk. Við erum kjörin af þjóðinni til að þjóna henni sem fulltrúar á Alþingi. Þingmenn ættu því með réttu að kallast löggjafarþjóningar og í stað ráðherra mætti kalla þessa þjóna almennings ráðgjafa þjóðarinnar.

Þessa speki mátti heyra í orðum Guðmundar Andra Thorssonar í hugvekju Siðmenntar þegar þingsetning fór fram í gær. Orð Guðmundar Andra festust í huga mér því að auðvitað er margt til í þessu hjá honum þótt mér þyki leitt að vitna um hversu fjarri þetta viðhorf virðist vera í huga núverandi ríkisstjórnar.

Stefneuræða hæstv. forsætisráðherra er gott dæmi um viðhorf hans gagnvart sinni stöðu í samfélaginu. Þar kveður við kunnuglegan tón. Hæstv. forsætisráðherra finnst hann afskaplega óheppinn með þjóð. Hér er allt í glimrandi góðæri og gleði en þrátt fyrir það upplifir almenningur sig í óréttlátu samfélagi og sér ekki veisluna sem hann ber á borð. Við þekkjum þetta tal enda orðið gamalkunnugt stef í málflutningi Sjálfstæðisflokksins, ekki síst hjá hv. forsætisráðherra sem síundurtekið tyggur sömu tugguna um að það hljóti einhverjir andlegir veikleikar að hrjá þá sem ekki sjá hvað allt er frábært og sanngjarnt og réttlátt og æðislegt í því samfélagi sem við búum í.

Skemmt er að minnast orða ráðherrans í Kryddsíldarþætti Stöðvar 2 þess efnis að það þyrfti, með leyfi forseta, „náttúrulega einhverja geðveiki til að sjá ekki hvað þetta er frábært land sem við búum á“. Hann lét ekki þar við sitja heldur sagðist hann vorkenna fólk sem liði svona.

Sömu skilaboð í nýjum búningi mátti heyrna í síðustu stefneuræðu ráðherrans þar sem hann hélt því fram að sterkar vísbendingar væru um að niðurskurður eftir hrun hefði kallað fram hughrif hjá stórum hluta þjóðarinnar um að samfélagssáttmáli um tryggt aðgengi að heilbrigðisþjónustu hefði brostið. Með leyfi forseta sagði ráðherrann:

„Aukin útgjöld til heilbrigðismála á síðustu árum hafa ekki náð að lækna þessi hughrif.“

Að mati hæstv. forsætisráðherra er það sem sagt helber ímyndun hjá almenningi að heilbrigðiskerfið sé að niðurlotum komið, að greiðsluþátttaka sjúklinga hafi hækkað fram úr hófi og að Landspítalinn geti ekki sinnt hlutverki sínu sem skyldi vegna gengdarlauss niðurskurðar og sveltistefnu.

Að mati forsætisráðherra þarf að lækna þessa þjóð sem finnst ekki nóg að gert og leggur nöfn sín í tugþúsundatali við áskorun um endurreisn heilbrigðiskerfisins — lækna hana, ekki af raunverulegum sjúkdómum, því að það kostar peninga, heldur af ímyndunarveiki, vanþakklæti og, jú, einhverri alveg sérstakri tegund af geðveiki sem hann einn sér.

Þarf þessi þjóð ekki bara endurmenntun? spyr hæstv. forsætisráðherra sem hljómar helst eins og ónugt foreldrið í Guttavísunum sem er orðið langþreytt á barni sem engu hlýðir: Almáttugur, en sú mæða að eiga svona þjóð.

Góðir landsmenn. Í kvöld er það launafólk sem misskilur stöðu sína að mati forsætisráðherra. Hann vísar í skýrslu frá ASÍ sem títundar að skattbyrði launafólks hafi aukist umtalsvert síðustu 30 árin, mest hjá hinum tekjulægstu. Ráðherra þykir lítið til ítarlegrar skýrslu stærstu samtaka launafólks á landinu koma þar sem hann viðurkennir svo gott sem í framhjálaupi að ASÍ hafi rétt fyrir sér hvað skattbyrðina varðar en það séu hreinlega að ímynda sér að ráðstöfunartekjur þeirra verst settu hafi lækkað. Raunin er þó sú að þó að launafólki hafi tekist með sinni baráttu að hækka lægstu launin umfram önnur laun á umræddu tímabili hefur ríkisstjórnin, sem á þessu tímabili hefur nánast alltaf verið með Sjálfstæðisflokkinn innan borðs, tekið af þeim kjarabótina jafnharðan með því að hækka skattbyrði á þessa hópa umtalsvert á móti. Þetta veit hæstv. forsætisráðherra fullvel.

Athugum samt að þetta framhjálaup hæstv. forsætisráðherra er stórmerkilegt fyrir þær sakir að hann staðfestir

hér í heyrenda hljóði að helsta áherslumál Sjálfstæðisflokksins í áratugi, lægri skattar, er ekki ætlað þeim sem verst hafa það, heldur einungis hinum betur settu. Það er svo sem gott að fá það staðfest, sem margir hafa löngum vitað, að Sjálfstæðisflokkurinn vinnur markvisst að því að bæta hag hinna efnameiri á kostnað hinna efnaminni. Verra er að fylgjast með forsætisráðherra og flokki hans halda áfram sínum blekkingaleik gagnvart þjóðinni og saka þá um geðveiki sem ekki trúa möntru þeirra um að allir landsmenn sitji við sama gnægtaþorðið í hagvaxtarveislunni þeirra.

Þessi gamalgróna taktík Sjálfstæðisflokksins er vel þekkt og þaulreynd aðferð yfirgangssegga í valdastöðu, í raun andlegt ofbeldi sem felst í því að gefa þólandanum viðstöðulaust rangar upplýsingar með það að markmiði að fá hann til að efast um eigið minni, skynjun og skynsemi, efast um eigin geðheilsu. Og þessi aðferðafræði var furðu fljót að smitast yfir á samstarfsflokka Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn sem virðist sjá það sem eitt af sínum mikilvægustu verkum að sannfæra þjóðina um að hún skilji ekki neitt og sé voðalega ósanngjörn.

Það er ekki verið að einkavæða heilbrigðiskerfið, segir hæstv. heilbrigðisráðherra á meðan hann klippir á borða í Klíníkinni og mokar fé í einkageirann í fjárlögum þessa árs.

Erfiðara finnst mér að segja til um viðhorf stjórnarliða í heild til þessarar aðferðafræði kúgarans, hvort þeir láti blekkjast af síundurteknu og vísvitandi rangfærslunum eða taki virkan þátt í að halda þeim á lofti. Þó má segja að viðstöðulaust áreiti hv. þm. Brynjars Níelssonar gagnvart brotaþolum Róberts Árna Hreiðarssonar um að það hafi ekkert verið brotið svo illa á þeim sé ágætt dæmi um þessa ógeðfelldu taktík. Stjórnarliðar hafa heldur ekki látið í sér heyrna í kjölfar þess að í ljós kom að ráðherra sagði fjölmörg og sömu brotaþola alls ekki eiga rétt á upplýsingum um málsmeðferð í uppreist æru. Það er fullyrðing sem stóðst enga skoðun eins og nú hefur komið á daginn.

Stjórnarliðum finnst líka allt í lagi að dómsmálaráðherra hreyti því í almenning að ákall hans um mannúðlega meðferð tveggja ungra stúlkna á flóttu sé bara eitthvert mál sem dökkji upp í umræðunni fyrir tilviljun og henni detti ekki í hug að gera neitt í.

Frú forseti. Það er þessi ríkisstjórn sem þarf á endurmenntun að halda. Hún mætti raunar fara að góðu fordæmi forseta Alþingis sem ætlar sér að hlusta á viðhorf almennings gagnvart Alþingi og hlutverki þess. Það er að taka hlutverk sitt sem löggjafarþjónn alvarlega.

Þessi ríkisstjórn mætti líka fara að ráðum forseta lýðveldisins og færa fólkina í landinu þá nýju stjórnarskrá sem hún óskaði eftir. Hún þarf líka að læra að segja satt og segja það strax, það á ekki að þurfa að draga sjálfsgæðar og opinberar upplýsingar út úr henni með tögum. En fyrst og fremst mætti ríkisstjórnin hlusta, hlusta á þjóðina sem hún á að þjóna.

[21:09]

Lilja Alfreðsdóttir (F):

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Fram kom í stefneuræðu forsætisráðherra að landsmenn yrðu að hafa þólinmæði til að byggja innviði upp í samræmi við efni og að-

stæður hverju sinni. Það er skiljanlegt að ríkisstjórn aðgerðaleysis kalli eftir þolinmæði. Það er nefnilega þannig að þolinmæði getur vissulega verið dyggð. Margt getur áunnist með henni. Hins vegar er það svo að uppi eru mörg brýn samfélagsverkefni sem þola enga bið.

Ef ekki verður tekið á þessum málum í dag verður kostnaðurinn mun meiri í framtíðinni.

Ágætu landsmenn. Það er samfélagsleg sátt og eining um að bæta heilbrigðisþjónustu á Ísland. Við í Framsóknarflokknum lögðum fram þingsályktunartillögu um gerð heilbrigðisáætlunar fyrir Ísland sem samþykkt var á síðasta þingi. Við leggjum mikla áherslu á geðheilbrigðismálin, ekki síst nærþjónustu er þau varðar.

Í tilefni af alþjóðlegum forvarnardegi sjálfsvíga var haldinn fræðslufundur sem fjallaði um árangursríkar forvarnir og stuðning við fjölskyldur eftir sjálfsvíg. Margt átakanlegt kom þar fram en meginskilaboðin voru að ef unnið er markvisst að forvörnum er hægt að ná umtalsverðum árangri og bjarga mannlífum.

Ég veit að fagfólk okkar í heilbrigðisstétt skilur þetta mætavel. En stjórnvöld þurfa að veita miklu meiri stuðning en nú er gert. Það er engin sérstök þolinmæði gagnvart frekari töfum á fjárfestingu í þessum málaflokki. Við verðum að gera betur.

Góðir landsmenn. Síðasta ríkisstjórn jók greiðslur til eldri borgara um 24 milljarða frá árinu 2016–2017. Hins vegar var ákveðinn hópur eldri borgara fyrir verulegum skerðingum þegar frítekjumarkíð var lækkað, sem þýddi í mörgum tilfellum umtalsverða lækkun á ráðstöfunartekjum. Þetta er einmitt fólkíð sem er enn á vinnumarkaðnum og langar að vinna áfram. Þessi hópur upplifir ekki aðeins verri kjör heldur að búíð sé að setja ákveðnar skorður á hann, að skilaboð samfélagsins séu að eldri borgarar eigi að yfirgefa vinnumarkaðinn.

Þetta tel ég kolröng skilaboð því lífaldur þjóðarinnar fer ört hækkandi. Ég segi: Það þarf að hækka frítekjumarkíð aftur. Það þarf að gera það mun hraðar en nú er gert ráð fyrir.

Eldri borgarar eiga inni hjá okkur að við bregðumst hratt og örugglega við. Við í Framsóknarflokknum erum svo sannarlega tilbúin til að vinna að leiðum svo að það geti orðið að veruleika. Það vill nú þannig til, og beini ég þessu til ríkisstjórnarinnar, að þessi hópur eldri borgara hefur enga þolinmæði til að bíða eftir frekari aðgerðum.

Góðir landsmenn. Virðisaukaskatt á bækur á að afnema. Við Íslendingar erum bókaþjóð. Bækur gegna lykilhlutverki í menntakerfinu og miðla sögu og menningu okkar til komandi kynslóða. Nú er svo komið að bóksala hefur dregist saman um 31% frá árinu 2008 og sölutölur fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins sýna mikinn samdrátt. Ýmsar ástæður eru líklega fyrir þessum samdrætti, til dæmis aukin notkun samskiptamiðla og önnur afþreying. Hins vegar er mikilvægt að bregðast við þessari þróun. Noregur, Færeyjar, Bretland og Írland hafa öll afnumið virðisaukaskatt á bækur. Í kjölfarið hefur sala aukist verulega.

Ljóst er að íslensk bókaútgáfa mun minnka verulega ef ekki verður tekið á þessari þróun. Fyrir því er engin þolinmæði. Þess vegna munu þingmenn Framsóknarflokksins leggja fram frumvarp á næstu dögum um breytingu á lögum

um virðisaukaskatt sem felur í sér afnám skatts á bækur. Ég hvet aðra þingmenn til þess að koma á þetta mál með okkur.

Góðir landsmenn. Ég tel að hægt sé að hagræða frekar í ríkisrekstri, til að mynda með sameiningu stofnana og frekari ábyrgð er varðar rekstur ríkissjóðs. Við þurfum að lækka áfram skuldir til að lækka vaxtakostnað sem eykur svigrúmið sem við höfum til fjármögnunar velferðarmála. Það er brýnt að forgangsraða í þágu velferðarmála ásamt því að grunnatvinnuvegir okkar fái að blómstra í stöðugu umhverfi. Farsæl framtíð liggur í því að stjórnvöld skilji hvenær á að fara í brýn framfaramál og hvenær þau þola enga bið.

Ég er full tilhlökkunar fyrir komandi þingvetri og hlakka til samstarfsins hér á þingi og samtalsins við kjósendur.

[21:15]

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) (V):

Herra forseti. Kæru landsmenn. Það er að vissu leyti ófundsvert að fara með málefni grunnatvinnugreina okkar Íslendinga, sjávarútvegs- og landbúnaðarmál. Sjávarútvegurinn er lýsandi dæmi um atvinnugrein sem dafnar vegna góðrar umgjarðar, kerfi sem byggir á sjálfbærni og vísindalegri ráðgjöf þannig að þorsstofn okkar Íslendinga hefur ekki verið sterkari nú í fjórutlu ár.

Hvað hefur þetta þýtt? Þetta hefur þýtt verðmætasköpun og samkeppnishæfari lífskjör sem aftur skila sér til samfélagsins og gera okkur betur í stakk búin til að takast á hendur sameiginleg verkefni, til dæmis á sviði mennta- og velferðarmála. En umgjörðin er ekki óumdeild. Áskorunin sem við stöndum frammi fyrir er að koma á betri sátt um gjaldtöku vegna nýtingar á sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Það er verkefni stjórnmalanna, sem við eigum og megum ekki skorast undan. Stjórnmalin hafa áður, allir flokkar, leyst erfið viðfangsefni á þessu sviði. Ekkert mælir gegn því að svo verði aftur.

Allir flokkar á þingi eiga nú fulltrúa í sáttanefnd um sjávarútveg. Allir flokkar geta því komið að þessari sáttargjöfð sem ætti að stuðla áfram að sjálfbærni, hagkvæmni og umfram allt sanngirni. Ég vil brýna fyrir þingheimi, þó að það kunni að vera hundur í sumum, að vinna af einlægni að því að búa sjávarútveginum stöðugt umhverfi til frambúðar.

Vöxtur fiskeldis lofar góðu. Málefni þess munu koma til kasta þingsins í vetur. Ef við höldum vel á spilum verður það atvinnugrein sem mun skapa mikil verðmæti fyrir samfélagið okkar og styrkja líka byggðir í landinu. Reynsluboltar sem ég hitti og eigendur fiskeldisfyrirtækja í Noregi sem ég hitti ekki alls fyrir löngu ráðlagði mér eindregið: Farið ykkur hægt, kæru Íslendingar. Ég tek undir það. Við verðum að tryggja gott jafnvægi milli nýtingar og umhverfissjónarmiða. Orðspor okkar á sviði sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda eins og sjávarútvegs er gott. Í því eru fólgin verðmæti í sjálfu sér. Fiskeldið getur að sjálfsögðu styrkt þá ímynd.

Starfshópur ólíkra hagsmunaaðila um mótun stefnu í fiskeldi kom sér saman um að miða við svonefnt áhættumat Hafrannsóknastofnunar Íslands, helstu rannsóknastofnunar

okkar á sviði hafs og vatna. Áhættumatid er breytilegt plagg en það er grunnur sem við eigum að byggja á til lengri tíma litið. Það fer í alþjóðlega rýni nú í byrjun október. Auðvitað á að taka alla gagnrýni alvarlega, fara vel yfir hana, að sjálfsgöðu. Ég vil benda landsmönnum á að í næstu viku munum við í sjávarútvegsráðuneytinu standa fyrir morgunverðarfundum einmitt um áhættumat Hafró.

En það hefur líklega ekki farið fram hjá mörgum að sauðfjárræktin hefur verið nokkuð í sviðsljósinu að undanförmu. Hún á það alla jafna skilið, enda um úrvalsafurð, um náttúru Íslands, að ræða, sem við eigum ekki að vera feimin við að kynna, bæði fyrir Íslendingum á öllum aldri sem og útlendingum. En umræðan um greinina hefur verið hvöss á síðustu vikum. Öll viljum við öflugan landbúnað á Íslandi. Auðvitað hafa stjórnvöld það meginhlutverk að búa greininni góð starfsskilyrði. Þeim ber að hafa hagsmuni framleiðenda, bænda, í huga. En skyldurnar gagnvart neytendum og skattgreiðendum eru líka ríkar. Þessir hagsmunir geta auðveldlega farið saman þótt sumir hér eigi torvelt með að melta það. Þetta eru almannahagsmunir.

Síðan samtal mitt við sauðfjárþændur hófst í vor hefur myndin breyst. Birgðavandinn nú virðist vera minni en í fyrra. Kannski var ríkari ástæða til að grípa til aðgerða þá en nú. En það var ekki gert. Ég tel að við eigum að læra af umræðu síðustu vikna og fara saman yfir virðiskerfi sauðfjárræktarinnar, þændur, afurðastöðvar, sláturleyfishafar, neytendur og stjórnvöld. Í millitíðinni væri kannski réttast fyrir afurðastöðvarnar í ljósi stöðunnar að endurskoða lækkan afurðaverðs til bænda. Það gæti auðvelað frekari endurskoðun á greininni, henni til heilla, og byggt upp traust.

Það er rétt að undirstrika að afurðastöðvarnar ætla sér svo sannarlega að svara kalli tímans. Alls kyns vörur eru nú þegar í þróun. Bændur sjálfir hafa beint til mín fjölbreyttum hugmyndum um það sem betur mætti fara, til dæmis með auknum gæðakröfum og frelsi fyrir bændur til að velja aðrar greinar og fara aðrar leiðir. Sjálf hef ég kallað eftir langtímalausnum sem koma í veg fyrir að sömu vandamálin komi upp aftur og aftur. Ég vil beita mér fyrir auknu frjálshæð innan landbúnaðarins, nýsköpun, markaðsstarfi og vörubrún. Við þurfum að einfalda regluverk, hugsa um kolefnisjöfnuð og stuðla að nánara sambandi milli bænda og neytenda, til dæmis í gegnum framleiðslu og sölu beint frá býli.

Með fjölbreytileika og frelsi verður greinin sterkari og meira aðlaðandi, ekki síst fyrir unga bændur.

Verkefni okkar, herra forseti, fyrir þessar mikilvægu atvinnugreinar, sjávarútveg og landbúnað, er að byggja upp umhverfi fyrirsjáanleika sem samhliða getur aðlagast breyttum tímum, breyttum kröfum og þörfum. Við stjórnálamenn getum aldrei staðið í vegi fyrir eðlilegri þróun og það á ekkert okkar hér inni að óttast skynsamlegar og hófsamar breytingar. — Góðar stundir.

[21:21]

Umhverfis- og auðlindaráðherra (Björt Ólafsdóttir) (Bf):

Forseti. Kæru landsmenn. Í fyrradag voru átta mánuðir frá því að ég, í umboði kjósenda Bjartrar framtíðar, steig

inn í umhverfis- og auðlindaráðuneytið sem ráðherra. Ég setti mér þá tvö meginmarkmið. Það fyrra var að snúa landinu okkar á afgerandi hátt af þeirri leiðu braut sem stjórnvöld hafa á síðustu árum fetað í of mikilli losun gróðurhúsalofttegunda, meðal annars með ívilnunum til mengandi stóriðju. Stærsta skrefið á þeirri leið höfum við þegar stigið. Það verða ekki gerðir ívilnunar samningar um mengandi stóriðju í þessari ríkisstjórn, eða í hvaða ríkisstjórn sem Björt framtíð mun eiga sæti í.

Á næstu mánuðum verður stigið annað stórt skref því fram undan er aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem ég leiði ásamt forsætisráðherra. Til þess að vinna gegn loftslagsbreytingum af manna völdum þurfa allir að vera með því að breytingin verður að vera varanleg. Aðgerðaáætlunin er hornsteinn í að horfa lengra til framtíðar þar sem við höfum alla burði til að vera kolefnishlutlaust land.

Í janúar næstkomandi kynnum við mælanleg og tímasett markmið um hvernig mismunandi verkefni munu ná fram að ganga. Ábyrgð og skyldum er dreift því að tækifærin liggja víða. Við þurfum að leggja öll á eitt í þessu gríðarstóra sameiginlega verkefni.

Góðir landsmenn. Hitt meginmarkmiðið, sem ég setti mér 11. janúar síðastliðinn, er verndun víðerna og þeirrar ósnortnu náttúru sem við finnum á miðhálandi Íslands. Þetta eru okkar gersemar. Þær finnast ekki annars staðar í heiminum á þeim mælikvarða sem við þekkjum þær. Fossárgljúfur, lindár sem spretta fram undan hrauni, hverir, tindar og jöklar. Á miðhálandinu má finna staði þar sem manni er til efs, þegar maður litast þar um, að nokkur annar hafi stigið þar áður niður fæti. Þetta er upplifunin sem fáir staðir annars staðar í heiminum gefa. Þetta vita ferðamennirnir. Þess vegna koma þeir hingað. Þetta vita bændurnir sem sækja fé sitt á fjall á hverja hausti. Þetta vita heimamenn. Þetta verðum við að vernda.

Vinnan þessa átta mánuði hefur gengið vel. Í loftslagsmálunum er starfandi verkefnastjórn með aðkomu fulltrúa atvinnulífs, félagsamtaka, stjórnmalaflokka og sveitarfélaga. Í hálendismálunum hefur verið unnin mikil greiningarvinna. Ég hef einnig fundað með öllum þeim 22 sveitarfélögum sem eiga land á miðhálandinu því það er mikilvægt að skilningur og traust sé á þessu verkefni og að fólk sjái sér hag í því, ekki síst fyrir byggðirnar.

Það er eindregin skoðun okkar í Bjartri framtíð og rauður þráður í allri okkar vinnu að góð mál verða betri og endast lengur ef fleiri koma að þeim.

Kæru Íslendingar. Það er fyrst og síðast mín skylda sem umhverfis- og auðlindaráðherra að vinna að vernd náttúrunnar og sjálfbærni auðlinda okkar. Við höfum ekkert leyfi til að ganga á þær með ósjálfbærum hætti. Náttúran í sinni víðustu mynd er sú auðlind sem gefur okkur líka mest til baka.

Björt framtíð er lítill flokkur og kannski verður hann ekki til staðar um ókomin ár. Kannski verður hann risastór. Það skiptir ekki máli. Það sem skiptir máli er málefnin. Þau ráða för hjá okkur í Bjartri framtíð. Þau eru stærri en við. Það eru náttúruverndarsinnar í öllum flokkum. Að ætla sér eignarhald á málaflokknum býr til svart/hvíta umræðu sem er íslenskri náttúru ekki til framdráttar. Ég er mjög stolt af því að hafa ýtt undir áhuga og skilning samstarfs-

flokka okkar í ríkisstjórn á mikilvægi umhverfismála. Ég vil helst að allir þingmenn og allir ráðherrar geri sig breiða um náttúru og umhverfi okkar og setji sér og sínum flokkum háleit markmið þar um. Þannig næst samhljómur og þannig komumst við áfram.

Það verður að segjast að það er sérstaklega ánægjulegt að tekið sé undir með okkur í Bjartri framtíð um að náttúruvernd sé ekki síst stórt efnahagsmál. Einnig er gott að sjá aðra flokka á Alþingi snúa af þeirri braut að greiða álverum og kísilmálmverksmiðjum leið hingað en snúast nú á sveif með Bjartri framtíð í andstöðu gegn þannig mengunarvöldum. Eins og íbúar Reykjanesbæjar vita manna best höfum við því miður ekki kvatt þetta vandamálið þrátt fyrir góðar fyrirætlanir. Ákvarðanir fyrri ríkisstjórna hafa séð fyrir því. En nú þurfa stjórnálamenn, sveitarstjórnarfólk, lífeyrisgjóðir og bankar að hlusta á almenning frekar en að vinna fyrir fjármagnið.

Kæru landsmenn. Að lokum vil ég minnst á innflytjendamálin. Björt framtíð vill auka fjölbreytni íslensks mannlífs og fagnar þeim sem hingað vilja flytja. Jafnframt þessu hefur flokkurinn talað fyrir ábyrgri langtímahugsun og því að jafnræðis sé gætt. Nú liggur fyrir frumvarp Bjartrar framtíðar sem skilgreinir betur viðkvæma stöðu þeirra barna sem hingað leita í ósk um alþjóðlega vernd. Þannig skilgreinist líka betur ábyrgð ríkisins í þessum efnum. Það frumvarp er unnið með nákvæmlega þessi mikilvægu atriði í huga, ábyrga langtímahugsun og jafnræði. Ég vona að Alþingi sé sammála okkur í því að vinna að því máli.

Kæru Íslendingar. Ég hef nú á skömmum tíma — of skömmum tíma — farið yfir það hvernig Björt framtíð vinnur að mikilvægum málum með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Því ætlum við að halda ótraud áfram. — Góðar stundir.

[21:27]

Oddný G. Harðardóttir (Sf):

Herra forseti. Góðir landsmenn. Ameríski draumurinn er það kallað þegar fátækt fólk getur tryggt sér og sínum góða afkomu og menntun, komist í álnir og bætt stöðu sína. Rannsóknir sýna hins vegar að sá draumur er mun líklegri til að rætast á Norðurlöndum en í Bandaríkjunum.

Eftir fund Baracks Obama, forseta Bandaríkjanna, með forsætisráðherrum Norðurlandanna vorið 2016 sagði hann þetta:

„Heimurinn væri öruggari og farsælli ef fleiri bandamenn væru eins og Norðurlöndin.“

Norræna módelið sem Obama vildi líta til féll ekki af himnum ofan. Það byggir á jöfnuði, samhjálpi og félagslegu öryggi. Grunninn og stöðirnar sem staðist hafa ágang frjáls-hyggunnar lögðu jafnaðarmenn í samstarfi við sterkar verkalýðshreyfingar og stéttarfélag. Stöðirnar þrjár, góð hagstjórn, velferð fyrir alla og skipulagður vinnumarkaður, standa saman eins og fætur undir þrífættum stól, ef ein brotnar fellur allt.

Norðurlöndum hefur tekist að vera fyrirmyndarríki þó að vandi hafi oft stöðjað að. Það sem nú ógnar helst vinnu-markaði og eðlilegri samkeppni á milli fyrirtækja hér heima og í nágrannalöndunum er það sem kallað er félagsleg und-

irboð en er í raun ekkert annað en þjófnaður og svik gegn launafólki og svindl í samkeppni á markaði. Þó að flest fyrirtæki komi vel fram og standi við sitt fer vandinn vaxandi og er eins og aðrir glæpir svikin mykraverk og þola ekki dagsljós.

Hagvöxtur hér á landi hefur verið mikill undanfarin ár. Þessi hagvöxtur hefði ekki orðið til nema fyrir innflutt vinnuafli og þar eru undirboðin algengust. Það er óþolandi að velferðin okkar sé að hluta til byggð á svikum og á því að gengið sé á réttindi launamanna. Við í Samfylkingunni munum ekki sitja þögn hjá og láta verkalýðsfélög ein um að benda á óréttlætið. Með fjársvelli eftirlitsstofnana og lögreglu og óskýrri lagalegri ábyrgð fyrirtækja leyfa stjórnvöld glæpunum að grassera.

Kæru landsmenn. Barnafjölskyldur geta treyst því að Samfylkingin vinni að þeirra hag. Bættar aðstæður barna og jöfn staða ungs fólks er og verður okkar aðaláherslumál. Hin norrænu ríkin laða ungt fólk til sín, sérstaklega barnafjölskyldur, með meiri stuðningi við börn, betri aðstæðum fyrir námsmenn, styttri vinnutíma, hærri launum og gjaldmiðli og lánkjörum sem unnt er að treysta á.

Lenging fæðingarorlofs í eitt ár og að tryggt sé að leikskólar geti tekið við börnum frá eins árs aldri eru breytingar sem skipta okkar barnafjölskyldur miklu máli. Barnabætur eiga að vera með öllum börnum og auka þarf húsnæðisstuðninginn svo um munar. Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar eru þessi nauðsynlegu jöfnunartæki veikt og færð óræve frá því sem norræna módelið byggir á. ?

Það er nefnilega ekkert lögmál að á Íslandi þurfi alltaf að vera lakari kjör en í hinum norrænu ríkjum. Það er engin haldbær ástæða fyrir því að við ættum að sætta okkur við að fólkið okkar fái ekki bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á, að við getum ekki séð til þess að allir eldri borgarar hafi það gott og að öryrkjar séu fastir í fátæktargildru. Við eigum ekki að sætta okkur við að barnafjölskyldur séu á vergangi vegna húsnæðisvanda, að börnin þurfi að flakka á milli skólahverfa og geti ekki stundað íþróttir með félögum sínum vegna þess að foreldrarnir hafa aðeins laun sem duga fyrir húsnæði, fæði og klæðum. Við eigum ekki að sætta okkur við að göðærið nái ekki til allra.

Þetta þarf ekki að vera svona en er það vegna pólitískra ákvarðana, vegna þess að alþingismenn samþykkja fjárlög svipuð þeim sem núverandi fjármálaráðherra mun mæla fyrir á morgun, með fjársvelli velferðarkerfi og úrræðaleyfi í húsnæðismálum. Við eigum að horfa til norræna módelins og vinna af heilum hug að því að auka jöfnuð, jafnrétti og velferð fyrir alla.

Við eigum líka að herða á baráttunni gegn hlýnun jarðar og mengun hafsins og klára vinnu við nýju stjórnarskrána. Við eigum að rétta fólk á flótta hjálparhönd, fólk sem glímir við ógn og vanda.

Við í Samfylkingunni stöndum fyrir mannúð, mildi og samhjálpi af því að við getum ekki annað, af því að það er það sem jafnaðarmenn gera. — Góðar stundir.

[21:33]

Páll Magnússon (S):

Hæstv. forseti. Góðir landsmenn. Sennilega mætti velja daginn í dag eða einhvern þeirra næstu sem formlegan hrunkadag, svona eins og Eyjamenn hafa sinn gosloka-

dag. Allar hagstærðir sýna nefnilega að við erum nú búin að yfirvinna þann þjóðhagslega skaða sem hlaut af hrininu og gott betur. Nú hefur líka fyrra Íslandsmet í kaupmætti launa verið slegið. Hann hefur aldrei verið jafn mikill og nú, ekki einu sinni þegar hin mikla efnahagslega graftarbóla náði hámarki sínu 2007. Til viðbótar er munurinn líka sá að nú liggur raunveruleg verðmætasköpun á bak við þennan kaupmátt en ekki bara froða eins og þá.

Ég geri mér grein fyrir því að við þessar góðærisaðstæður kann að vera nokkuð snúið að vera þingmaður í stjórnarandstöðu, reyndar líka í stjórn ef út í það er farið. Fyrstu viðbrögð stjórnarandstæðinga við fjárlagafrumvarpinu í gær voru að kalla þetta hægri stefnu, aðrir kölluðu þetta sveltistefnu, og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon brást náttúrulega ekki væntingum hérna áðan og kallaði þetta hægri sveltistefnu. [Hlátur í þingsal.]

Veruleikinn er auðvitað allur annar. Ríkisútgjöld halda nefnilega áfram að aukast, raunaukning milli ára 2017 og 2018 er 30 milljarðar kr. fyrir utan laun og verðlag, þ.e. rúmlega 4% að raungildi. Þeir málaflokkar sem taka bróðurpartinn af þessari hækkun eru heilbrigðis- og velferðarmál. Sem dæmi má taka að útgjöld vegna málefna aldraðra hækka um tæplega 4 milljarða að raungildi, 5,5%. Samt heimta stjórnarandstæðingar herra og hraðar, meiri útgjöld og hærri skatta.

Af þeim pólitíska sjónarhóli sem ég stend á mætti hins miklu fremur gagnrýna ríkisstjórnina frá hinni hliðinni. Á útpenslu ríkisins aldrei að linna? Er aldrei hægt að lækka skatta, bara hækka?

Gerir fólk sér grein fyrir því að á tíu ára tímabili, 2007–2016, hafa hrein rekstrarútgjöld ríkisins hækkað að raungildi um 142 milljarða á ári, um 75%? Ég sting upp á því við hæstv. fjármálaráðherra að hann láti fljótlega gera lista yfir það í hvað þessir peningar fóru. Það gæti orðið fróðleg lesning.

Ég held með öðrum orðum að nú sé kominn tími til að staldra aðeins við og spyrja: Förum við nógu vel með allt það fé sem við heimtum af almenningi? Það virðist vera orðið sjálfstætt og allumlykjandi markmið hjá mörgum ríkisstofnunum og jafnvel ríkissjóði sjálfum að raka til sín sem mestu fé, en það sé minni eftirfylgni með því hvernig það er notað. Meira er hugsað um að sækja fjármuni til fólks en hvað fólkíð fær síðan fyrir þessa fjármuni.

Ég staðhæfði áðan að við gætum fagnað hrúnlokum í efnahagslegu tilliti. Við höfum hins vegar ekki enn endurheimt hitt sem tapaðist í hrininu, traustið eða límið í samfélaginu. Þar höfum við verk að vinna hér í þessum sal. Byrjun á sjálfum okkur, eins og presturinn stakk upp á við þingsetninguna í gær. Hættum t.d. að væna hvert annað um að halda hlífiskildi yfir barnaníðingum eða að vilja ekki sýna börnum í hrakningum mannúð og samúð. Heldur einhver hér inni raunverulega að ég hafi meiri samúð með barnaníðingum en annað fólk af því að ég er Sjálfstæðismaður eða minni samúð með börnum sem eiga bággt af sömu ástæðu? — Góðar stundir.

[21:37]

Kolbeinn Óttarsson Proppé (Vg):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Þetta hefur mig alltaf langað til að segja, ég veð að játa það, en mig langar Alþt. 2017. B. (147. löggjafarþing).

að eyða þeim tíma sem ég á hér eftir í að ræða aðeins um kannski ekki skemmtilegasta mál í heimi — og þó. Mig langar að ræða um ábyrgð. Hér hefur aðeins verið komið inn á ábyrgð en mig langar að tala um ábyrgð áfram og brýna okkur hér öll til dáða.

Ég tel að við lifum á dálítið hættulegum tímum. Við lifum á tímum þar sem staðleysa veður uppi. Fólk getur sagt hvaða tölulegu staðreyndir eða ekki-staðreyndir sem eru kallaðar staðreyndir. Við lifum á tímum þar sem útlendingaandúð skýtur æ oftar upp kollinum og er farin að fléttast inn í stjórmmál. Ég held að það sé ábyrgð okkar allra sem hér stöndum, eða sitjum jafnvel eins og þið gerið þótt ég standi, að taka höndum saman í þessu máli.

Fátæktarrasismi hefur það verið kallað þegar hælisleitendum og innflytjendum annars vegar er stillt upp gegn þeim sem hafa það verst í samfélaginu, öldruðum, öryrkjum og fátækum. Þetta er stórhættuleg stefna og þróun sem við höfum séð víða um lönd. Við Íslendingar erum ekkert öðruvísi en annað fólk. Þetta mun bara vaxa hér.

En þetta er sérlega hættulegt og við eigum að taka það sérstaklega til okkar af því að ástæðan fyrir því að það er frjór jarðvegur fyrir þessari stefnu er sú að aldraðir, öryrkjar og fátækir búa ekki við nógu góð kjör. Og það er á ábyrgð okkar hérna inni að laga það. Ég get talað um það og þusað í pontu eins og ég vil, eins og ég hef nú gaman af að gera, en ég er ekki stjórnarliði, ég get ekki með atkvæði mínu haft áhrif á það hver verður samþykkt fjárlaga, hver verður samþykkt útgjalda í málaflokka. Ég ber ekki ábyrgð á því með mínu atkvæði, en það gerið þið, hvert og eitt ykkar, í stjórnarliðinu. Þið berið ábyrgð á orðum, athöfnum og frumvörpum ráðherranna sem lögd eru fram.

Ég er einfaldur maður, ég hef alltaf trúað á að maður eigi bara að standa við það sem maður segir. Maður á ekki að lofa einu fyrir kosningar og koma svo fram eftir kosningar og tala á annan hátt. Við í Vinstri grænum höfum talað fyrir sömu stefnu og við gerðum í kosningabaráttunni og ætli vinsælasta orð kosningabaráttunnar hafi ekki verið innviðauppygging. Ég heyrði það svo oft að ég var hálfpartinn farinn að fá leiða á því enda er það pínulítið hlutlaust orð og getur þýtt hvað sem er — eins og hefur komið í ljós eftir kosningar. Öll þessi innviðauppygging sem allir ætluðu sér að fara í fyrir kosningar var allt í einu horfin eftir kosningar.

Hér hefur verið farið yfir hagstjórnarmál, yfir það hvernig tekjuginnar hafa verið veiktir, hvernig við nýtum ekki það svigrúm sem þó hefur myndast í ríkisfjármálum til að gera vel við þá sem verst standa heldur eru tekjuginnar veiktir og ekki einu sinni verið að búa í haginn fyrir það þegar og ef í harðbakkann slær. Mig langar að segja að þetta eru ekki sanngjörn stjórnmál. Fólk á að geta treyst því sem við segjum fyrir kosningar, að við stöndum við það eftir kosningar.

Ég vona að hvert og eitt ykkar hér í stjórnarliðinu deili þeirri einföldu heimssýn minni að maður eigi að standa við það sem maður segir, að maður eigi að huga mest að þeim sem verst standa í samfélaginu. Það fáum við að sjá í atkvæðagreiðslum um fjárlög, það fáum við að sjá í atkvæðagreiðslum um fleiri frumvörp hér á næstunni. — Góðar stundir.

[21:41]

Eva Pandora Baldursdóttir (P):

Virðulegi forseti. Kæra landsfólk. Mig langar að tala við ykkur um traust. Í vor gerði Gallup könnun meðal landsmanna þar sem traust til ýmissa opinberra stofnana var kannað. Í ljós kom að 22% þjóðarinnar bera traust til Alþingis. 22%! Þetta er hræðileg niðurstaða en kemur þó ekki svo mikið á óvart. Traust almennings til Alþingis náði sögulegri lægð eftir fjármálahrunið 2008 og hefur lítið aukist síðan þá. Af hverju ætli það sé? Er það vegna þess að stjórnmálamenn eru allir í eðli sínu vondir og óheiðarlegir eða er það mögulega vegna þess að á meðan gagnsæi í stjórnsýslunni er ekki meira en raun ber vitni þrífst leyndarhyggja, frændhygli, sérhagsmunagæsla og spilling í skjóli leyndar?

Spilling er að sjálfsgöðu ekki áþreifanlegt fyrirbæri og menn eru ekki sammála um rétta skilgreiningu á hugtakinu „spilling“. Það fyrirfinnst eflaust í hugsun spilltra embættis- og stjórnmálamanna að þeir séu alls ekki spilltir af því að þeir hafi aldrei þegið mútur. En spilling er svo miklu víðtækara en mútugreiðslur. Spilling lætur oft lítið fyrir sér fara og eru lög ekki endilega brotin en túlkun reglna er hagrætt til að ná fram ákveðnu markmiði.

Á meðan ekki ríkir gagnsæi er allsendis ómögulegt fyrir almenning að vera upplýstur um ákvarðanatökur og starfsemi stjórnvalda og hefur hann enga haldþæra tryggingu fyrir því að vel sé staðið að ákvörðunum. Allri ábyrgð ætti að fylgja krafa um gagnsæi til þess að opna hina valdameiri gagnvart eftirliti hinna valdaminni.

Í þessu samhengi eru hinir valdameiri ekki endilega alltaf stjórnvöld og hinir valdaminni almenningur heldur á þetta einnig við ríkisstjórnina annars vegar og Alþingi hins vegar. Alþingi hefur nefnilega tilgang, við erum ekki einungis málstofa heldur hefur Alþingi eftirlitshlutverk með framkvæmdarvaldinu. Til að ríkisstjórn sé starfhæf þarf hún að hafa traust meiri hluta Alþingis og bera ábyrgð á ákvörðunum sínum gagnvart Alþingi og þannig fær hún lýðræðislegan grundvöll til að starfa á. Þetta hljómar allt sem gott og blessað en þegar við horfum til þeirrar staðreyndar að hér á Íslandi eru yfirleitt alltaf meirihlutastjórnir og mikil áhersla er lögð á flokkshollustu þingmanna er Alþingi í dag ekki hæft til að sinna eftirlitshlutverki sínu vegna vald-niðslu meiri hluta sem hefur minni hluta atkvæða á bak við sig.

Flokkshollustan er svo annað vandamál en dæmi eru um að einstaka þingmenn úr stjórnarmeirihlutanum styðji ekki ákveðin mál en kyngi samt sem áður ælunni og veiti þeim brautargengi til að brjóta ekki á þessari flokkshollustu sem er talin vera svo heilög. Þess vegna er enn mikilvægara að allar ákvarðanatökur stjórnvalda séu gagnsæjar. Einungis með gagnsæri ákvarðanatöku er hægt að meta hvort ákvarðanir voru vel upplýstar og að við þær hafi verið beitt gagnrýninni hugsun. Það er ekki hægt að hafa eftirlit með aðilum sem ástunda ekki gagnsæ vinnubrögð. Maður sér ekki í gegnum svartmálað gler.

Mögulega kunna einhverjir að velta fyrir sér af hverju ég sé að eyða dýrmætum tíma í að tala um Alþingi en staðreyndin er sú að engin alvörustefna, sem á að vera burðarbiti í samfélaginu, mun halda ef Alþingi er stillt upp eins og

kökuskrauti á köku sem enginn veit hvað inniheldur. Vandamálin munu halda áfram að hrannast upp og flók mun á endanum gefast upp og hætta að berjast fyrir sínum lýðræðislegu réttindum og í kjölfarið tekur fólk völd sem ríður um hnarreist á fáki haturs og ótta í nafni réttlætis fyrir suma en ekki alla. Í stað þess að leyfa slíku að gerast verðum við að berjast fyrir því að valdefla almenning.

Fyrsta skrefið í valdeflingu almennings er að endurskoða stjórnarskrá landsins og koma á nýjum samfélags-sáttmála. Í frumvarpi stjórnlagaráðs segir í 15. gr., með leyfi forseta:

„Stjórnsýsla skal vera gegnsæ ...

Upplýsingar og gögn í fórum stjórnvalda skulu vera til-tæk án undandrátta og skal með lögum tryggja aðgang almennings að öllum gögnum sem opinberir aðilar safna eða standa straum af.“

Að spyrna við fótum á móti nýjum samfélagsáttmála er ekkert annað en íhaldssemi sem snýst um að ríghalda í ímyndaðan stöðugleika. Það íhaldssama fólk treður marvaða og kafar aldrei í djúpin þrátt fyrir fljóttandi eldmaura-þúfur allt um kring.

Ég legg til að við notum þetta þing til að auka traust og áhuga almennings á Alþingi með því að breyta regluverkinu sem við vinnum eftir. Spilling grefur undan lýðræði og vernd mannréttinda, veikir hagkerfið, hefur skaðleg áhrif á viðskiptalíf, veikir stjórnsýslu og eyðir trausti á opinberum stofnunum. Því skulum við öll taka höndum saman og vinna gegn spillingu hvar sem hún birtist. Þá kannski getum við unnið okkur inn traust þeirra 78% Íslendinga sem ekki treysta Alþingi í dag.

[21:47]

Silja Dögg Gunnarsdóttir (F):

Hæstv. forseti. Góðir landsmenn. Hér situr ríkisstjórn sem ætlaði ekki að hækka skatta. Nú er hins vegar útlið fyrir að ríkisstjórnin, undir forystu Sjálfstæðisflokksins, ætli sér að setja Íslandsmet í skattahækkunum. Já, svo bregðast krosstré sem önnur tré. Hæstv. forsætisráðherra Bjarni Benediktsson skautaði fimlega frá þeirri skattstefnu í ræðu sinni hér fyrir í kvöld eins og hans er von og vísa. Honum varð tíðrætt um góðar horfur í efnahagsmálum en hafði þó tölverðar áhyggjur af stöðugleikanum vegna fyrirséðra kjaraviðræðna.

Sú sem hér stendur var sammála ráðherra að sumu leyti, m.a. því að við þurfum að sýna þolinmæði varðandi uppbyggingu innviða og, jú, það er mikilvægt að halda stöðugleikanum því að það er okkur öllum fyrir bestu. Að öðru leyti þótti mér ræðan heldur innihaldsrý og alls ekki innblásin af þeim metnaði og þeirri ástríðu sem maður teldi að forsætisráðherra í svo til nýrri ríkisstjórn ætti að hafa við afgreiðslu sinna fyrstu sameiginlegu fjárlaga.

Eftir að hafa lesið fjárlagafrumvarpið og farið yfir til-lögur fjármálaráðherra í skattamálum, t.d. varðandi hækkun skatta á eldsneyti og hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu sem ég tel að muni koma sér sérlega illa fyrir dreifðari byggðir og minni fyrirtæki, skil ég vel hvers vegna hæstv. forsætisráðherra er ekki í essinu sínu hér í kvöld. Ég skil líka vel að hans fólki í þingflokki Sjálfstæðisflokksins líði hreint ekki vel þegar það reynir að ímynda sér hvernig

verður að sitja í þingsalnum eftir nokkrar vikur og ýta á græna takkann þegar atkvæðagreiðslur um fjárlög 2018 fara fram. Sannleikurinn er nefnilega sá að fólk hefur ekki þá sannfingu sem til þarf svo hægt sé að fylgja slíkri efna-hagsstefnu eftir.

Skattahækkunarir voru ekki það sem kjósendum Sjálfstæðisflokksins var lofað. Var kjósendum Viðreisnar lofað skattahækkunum? Hvað með kjósendur Bjartrar framtíðar? Vissu þau að skattar yrðu hækkaðir og það á sama tíma og ríkissjóður skilar 44 milljörðum í afgang, 19 milljörðum meira en gert var ráð fyrir?

Hæstv. fjármálaráðherra: Vantar okkur í alvöru pening miðað við allan þennan afgang? Hvernig ætla menn sér að réttlæta þær gríðarlegu skattahækkunarir, vísitöluhækkunarir í kjölfarið og kaupmáttarskerðingar sem fram undan eru ef þessi stefna verður samþykkt? Hvernig ætlar ríkisstjórnin að lifa af heilan þingvetur? Og ég spyr þrátt fyrir að hafa ekki enn nefnt risastór ágreiningsmál innan ríkisstjórnar, eins og framtíð krónunnar, Evrópusambandið, framtíð sauðfjárbúskapar í landinu og matvælaframleiðslu almennt.

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur, Mig langar að vitna í viðtal sem birtist á mbl.is í dag við Runólf Ólafsson, framkvæmdastjóra FÍB. Hann bendir á að miðað við fyrirhugaðar skattbreytingar hækki dísilolían um 21 kr. á lítra og bensín um 9 kr. á lítra. Miðað við venjulega notkun á fjölskyldubíl aukast útgjöld á fjölskyldu sem á einn bíl um 30.000–60.000 kr. Vegna slíkra útgjalda þarf að vinna sér inn u.þ.b. 50.000–90.000 kr. í tekjur til að eiga fyrir hækku-ninni. Miðað við þessar tölur fer hækkan til örorku- og elliðlíffeyrisþega fyrir lítið þar sem gert er ráð fyrir að lágmarksfjárhæð á einstakling sem býr einn hækki úr 280.000 í 300.000 kr., 20.000 kr. viðbót. Ég geri einnig ráð fyrir að skattahækkunarir eigi eftir að hafa verulega neikvæð áhrif á kjaraviðræðurnar.

Samkvæmt frumvarpinu eiga tekjurnar af skattahækkun-um eldsneytis ekki að renna til uppbyggingar á samgöng-um. Nei, ríkisstjórnin gæti hins vegar vel hugsað sér veg-tolla.

Eldsneyti vegur einnig mjög þungt í vísitölunni. Það þýðir að húsnæðislánin okkar allra munu hækka. Kaupmátt-araukningin virðist ætla að fara fyrir lítið sem og stöðug-leikinn með þessari glórulauðu stefnu.

Virðulegi forseti. Er þetta í alvöru sú leið sem almenn-ingur taldi sig vera að samþykkja í síðustu alþingiskosning-um? Eða er þetta allt saman einn hrikalegur misskilningur?

[21:52]

Félags- og jafnréttismálaráðherra (Þorsteinn Víglundsson) (V):

Frú forseti. Góðir landsmenn. Við upplifum nú vaxandi pólitíska ólgu í heiminum. Rótin er víðast sú sama. Aukið frelsi og opnun markaða hefur aukið velmegun. Dregið hefur úr ójöfnuði milli þjóðríkja, en á sama tíma hefur mis-skípting innan þjóðríkja aukist. Ójöfnuður skapar frjóan jarðveg fyrir ófgar þar sem alið er á hatt og andúð og þjóð-félagshópum egnat saman. Frelsið hefur skilað okkur mikl-um ávinningi, en gæta verður að því að allir njóti hans.

World Economic Forum birti á dögunum grein sem sýn-ir að tækifærin til að bæta stöðu sína eru mest í löndum þar

sem jöfnuður ríkir. Ameríski draumurinn er nefnilega nor-rænn eins og hefur áður komið fram í kvöld. Norðurlöndin standa hér öðrum ríkjum framur og það er fagnaðarefni að hér á landi er tekjujöfnuður einna mestur innan OECD-ríkjanna á sama tíma og kaupmáttur er í sögulegu hámarki.

Ég er nýr í stjórn málu, stend hér sem fulltrúi Viðreisn-ar, frjálslynds stjórn mála flokks, sem stofnaður var fyrir ári. Margir keppast nú um að skilgreina okkur. Við erum jafn-vel kennd við nýfrjálslyngju af sumum á vinstri vængnum og á hægri vængnum telja sumir okkur hreina sósíalista. Það endurspeglar kannski þann vanda vinstri manna að rugla saman frjálslyndi og frjálslyngju, að þekkja ekki frelsið, og birtir á sama tíma skilningsleysi hægri manna á mikilvægi almennrar velferðar. Stefna Viðreisnar er ein-föld; við stöndum fyrir hægri hagstjórn og vinstri velferð, klassíska norræna hugmyndafræði um sterkt velferðarkerfi á grundvelli traustrar hagstjórnar og blómlegs atvinnulífs. Ísland á að vera góður staður til að fæðast á og lifa góðu lífi. Mikilvægasta hlutverk stjórn mála er þess vegna að skapa samkeppnishæf lífskjör á Íslandi svo fólk sjái sér framtíð hér á landi.

Frá minni hlutanum á Alþingi heyrast nú sú gagnrýni að ekki sé nógu að gert í velferðarmálu. Veruleikinn er allt annar. Við erum að auka framlag til velferðarmála á milli ára um 30 milljarða kr. Þessar hækkunarir koma til viðbótar liðlega 20 milljarða kr. hækkan á síðasta ári. Á tveimur ár-um munu útgjöld til velferðarmála því hafa aukist um lið-lega 50 milljarða kr. Áherslan á velferð gæti ekki verið skýrari.

Hvað erum við að gera? Við vinnum að viðamiklu að-gerðum til að leysa húsnæðisvanda fólks m.a. með auknu fjármagni til uppbyggingar á ódýrum leiguíbúðum og sam-starfi við sveitarfélög og byggingaraðila um leiðir til þess að lækka byggingarkostnað. Við erum að hækka greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi. Við erum að lögbinda notenda-stýrða persónulega aðstoð og stórauka stuðning til atvinnu fyrir fólk með skerta starfsgetu, svo dæmi séu nefnd. Við erum jafnframt að stórauka framlög til að taka á móti flótta-mönnum sem hingað vilja leita í leit að betra lífi. Við erum hefja byggingu Landspítala, leggja aukna áherslu á gedheil-brigðismál og auka uppbyggingu hjúkrunarýma fyrir eldri borgara. Síðast en ekki síst erum við að styrkja líffeyrisrétt-indi fyrir 35.000 eldri borgara og 18.000 öryrkja. Í þeim efnum er ekki síður mikilvægt að leggja áherslu á að öllum standi til boða að vera virkir í samfélaginu, að hver gefi til samfélagsins eins og hann er fær um og þiggi það frá sam-félaginu sem hann þarf. Í því felast mikil lífsgæði.

Minni hlutinn krefst þess að enn verði aukið við og skattar verði hækkaðir umtalsvert til að fjármagna aukna samneyslu. Þessar hugmyndir eru varhugaverðar nú þegar viðvörunarljós loga í hagkerfinu. Við höfum áður staðið í þessum sporum. Við höfum áður notið ávaxta slíkrar stefnu í formi hárrar verðbólgu og hárra vaxta. Fátt vegur þyngra í útgjöldum heimilanna en vextir og verðbætur. Lágir vextir og stöðugleiki eru nefnilega líka velferðarmál fyrir fólk í landinu.

Við í Viðreisn viljum tryggja að það samfélag sem við búum komandi kynslóðum sé í fremstu röð hvað lífsgæði varðar. Það á ekki aðeins við um öflugt velferðarkerfi og

blómlegt atvinnulíf heldur ekki síður um aðra þætti sem hafa mikil áhrif á okkar daglega líf, svo sem matvælavæð, húsnæðiskost og vaxtakostnað.

Frú forseti. Góðir landsmenn. Grundvöllur þess að Ísland verði framúrskarandi samfélag felst ekki hvað síst í jöfnuði og jöfnum tækifærum, bæði fyrir þá sem hér fæðast, en einnig þá sem hingað flytja. Þau sem hingað hafa flutt að utan standa ekki síður undir velmegun okkar og velferð en við sem hér erum fædd. Við eigum að fordæma stjórn málaöfl sem hér hafa sprottið upp og reyna nú að flokka fólk, egna fólk saman, eftir uppruna og kynþætti. Slíkur boðskapur hefur ekkert með forgang velferðarmála að gera, heldur opinberar fordóma þeirra sem þannig tala. Hlutverk okkar er hins vegar að jafna leikvöllinn, byggja hér upp samfélag þar sem allir fá notið sín án tillits til efna eða uppruna þar sem jafnréttið fær notið sín. — Góðar stundir.

[21:58]

Theodóra S. Þorsteinsdóttir (Bf):

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Í ræðu minni hér í kvöld væri ég til í að tala um afskaplega margt, t.d. geðheilbrigðismál, málefni eldri borgara eða ástandið á húsnæðismarkaði, nú nú árum eftir hrun. Ég væri til í að fjalla um bankana, hagnað þeirra og þá ómögulegu stöðu ef vögunarsjóðir teljast hæfir til að eiga virkan hlut í þeim.

Ég væri líka til í að tala um gríðarlega vel heppnað samstarfsverkefni lögreglunnar og sveitarfélaga þar sem ráðist var í átak gegn heimilisofbeldi sem vakið hefur heimsathygli sem framúrskarandi nýsköpunarverkefni. Það var samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga sem við eigum að taka til fyrirmyndar og gera miklu meira af. En ég ætla að geyma þessa mikilvægu umræðu þar til seinna í vetur.

Góðir landsmenn. Ég ætla að verja örstuttum tíma í að horfast í augu við þá staðreynd að ég mun slá met á þessu þingi. Sagt er að ég verði sá þingmaður sem verður með stystan feril á Alþingi í a.m.k. hálfu öld. Ég vona að þjóðin virði það við mig að ég láti hjartað ráða för. Ég ætla að fá að vinna sem kjörinn fulltrúi fyrir Kópavogsbúa. Það kemur maður í manns stað hér á þingi eins og annars staðar. Ég verð þó að nefna í þessu samhengi að ég finn á viðbrögðum við ákvörðun minni að ég hef hreyft við einhverju. Ég hef fengið sterk viðbrögð um að kannski þurfi störf Alþingis að þróast, færa sig nær nútímanum eða jafnvel nær uppruna sínum. Slík viðbrögð finn ég bæði innan Alþingis og utan.

Forseti þingsins upplýsti í ávarpi sínu í gær að hún hafi í hyggju að efna til opinna funda með landsmönnum, spyrja hvernig Alþingi ætti að starfa öðruvísi og nefndi að við sem hér sitjum yrðum að slá í takt við þjóðina. Ég er sammála því. Ég hef fulla trú á að það samtal leiði til þess að hefðin taki breytingum til hins betra. Ég ætla að taka þátt í þeirri vinnu af heilum hug ásamt þeim verkefnum sem bíða okkar á 147. löggjafarþingi.

Góðir landsmenn. Umræður og samtal um ríkisfjármál munu fara fram hér næstu daga. Það er heiður fyrir mig að fá tækifæri til að taka þátt í slíku samtali. Ásetningur okkar í Bjartri framtíð er að horfa til langs tíma. Hvernig breytum við til betri vegar? Hvernig bjóðum við bestu þjónustuna fyrir alla sem þurfa á henni að halda án þess að djúp niður-

sveifla þurfi að koma til? Uppsveiflur eru aldrei eilífar. Því verðum við að horfa til lengri tíma, sýna ábyrgð í fjárveit-ingum og búa í haginn fyrir erfiðari tíma. Það að tala um ábyrgð og jafnvægi er ekki vinsæl pólitík, ég veit það, en ég tel hana skynsamlega og ég fylgi sannfæringu minni því að ég vil ekki annað hrun.

Ég er óhrædd við að taka samtal um erfiða hluti, en ég bið um að við gerum það á heiðarlegan hátt og að við vöndum okkur. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[22:01]

Guðjón S. Brjánsón (Sf):

Virðulegur forseti. Góðir landsmenn. Fallegt sumar er á hægu undanhaldi og dagarnir stytast. Mikil blessun væri það fyrir almenning í þessu landi ef það sama ætti við um núverandi ríkisstjórn, að dagar hennar færu líka að stytast og að þeim lyki sem fyrst.

Við höfum hlýtt á stefnumæðu forsætisráðherra þar sem hann horfir yfir sviðið úr iðandi blómabrekkunni. Vissulega árar vel fyrir suma, ekki alla. Nefndi ekki forsætisráðherra í ræðu sinni einkunnarorðin jafnvægi og framsýni?

Venjulegu fólki, fjölskyldum, börnum og öldruðum er gefið langt nef. Fátækt og húsnæðisskortur er viðvarandi. Skyldi ríkja eitthvert jafnvægi í lífi þessa fólks? Hvers konar framsýni felst í því að draga úr möguleikum stórra hópa til samfélagsþátttöku? Ég nefni aldræða og þá sem hafa skerta starfsorku.

En er þetta ekki fulldjúpt í árinna tekið, er þetta ekki bara dæmigert minnihlutasvekkelsi?

Nei, frú forseti, því miður ekki. Nú, á einstöku velmegunarskeiði eftir mögur ár, þegar hægt er að rétta hlut þeirra sem höllum fæti standa sýnir það sig hvað hefur forgang. Ríkisstjórnin gumar af því að nú um áramót hefjist stórkostleg vegferð í þágu aldræða sem muni á fimm ára tímabili enda með 100.000 kr. frítekjumarki. Ríkisstjórnin ætti að hafa dug í sér og hækka þetta án tafar að algjöru lágmarki. Reynsla og geta þessa hóps er stórkostlega vanmetin. Við þurfum á öllum vinnufúsum höndum að halda.

Þessa ríkisstjórn skortir tengsl við almenning sem upplifir á eigin skinni félagslegt óréttlæti, ósannngirmi og mismunum, barnafjölskyldurnar, þær einingar sem við leggjum allt okkar traust á, framtíð Íslands. Þar hefur íhaldið í tveimur ríkisstjórnnum gengið fram af einbeitri hörku og skert stuðning við börn. Hverfandi hópur nýtur nú barnabóta og húsnæðisbóta og enn eru vaxtabætur stórlækkaðar. Hvernig rímar þetta við orð forsætisráðherra í kvöld um mikilvægi þess að hlúa vel að börnum og komandi kynslóð? Róttin er stefna ríkisstjórnarinnar undir gamalkunnu ægivaldi Sjálfstæðisflokksins. Þeim finnst þetta í lagi. Það finnst okkur í Samfylkingunni ekki og við krefjumst þess að hlutur barnafólks verði réttur og að allar barnafjölskyldur njóti barnabóta, betra atlatís.

Það er sama hvar borið er niður í velferðarmálum. Gammar sölsa undir sig heilbrigðiskerfið, líta á þjónustuna sem rífandi búnes, sem hann sannarlega getur verið í höndum gróðaafla. Tekjurnar eru öruggar, ríkið borgar fyrir hvert viðvik og viðskiptahópurinn er stór. Áhættan er lítil. Opinberar stofnanir sem þegar eru á heljarþróm eiga hins vegar ekki möguleika og búa við áframhaldandi fjársvelt.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu blasir ekki bara við alvarleg staða hjá sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum, þær molna niður.

Einkageirinn svifur hins vegar seglum þöndum. Sjúkra-tryggingar Íslands borga, sú stofnun fer endurtekið fram úr fjárlögum, átölulítið.

Frú forseti. Góðir landsmenn. Einhver kann að spyrja: Hvernig er hægt að vera með svona mikla ólund á svona fallegu síðsumarskvöldi? Þetta er bara ekki ólund, þessi veruleiki blasir við þúsundum Íslendinga. Við jafnaðarmenn getum ekki unað þessu hrópanði misrétti. Þetta snýst um stjórnámál, hvernig komið er. Fátækt á Íslandi er afleiðing pólitískra ákvarðana. Á því ber Sjálfstæðisflokkurinn ábyrgð öðrum fremur. Þessu er hægt að snúa við og skapa samfélag þar sem enginn þarf að kvíða morgundeginum, hvort til sé matur og fót. Það þarf hins vegar vilja og aðra sýn en þá sem núverandi ríkisstjórn hefur.

Góðir landsmenn. Við eigum að standa vörð og vera jákvæð í garð landsbyggðar sem vill eflast á eigin forsendum. Við eigum að stýðja endursköpun okkar mikilvægu matvælaframleiðslu í landbúnaði og sömuleiðis nýjar atvinnugreinar í sátt við umhverfið. Ónumin lönd eru í ferðahjónustu. Í innviðaupbyggingu vega stórbættar samgöngur á landsbyggðinni þyngst en þetta eru afgangsstærðir hjá ríkisstjórninni.

Við höfum því miður orðið vitni að því, í svo mörgu, að litlar efndir fylgja orðum. Þetta er ríkisstjórn öfugmæla. Gefum því gaum hvað ríkisstjórnin segist vera að gera, ætla að gera, lofar að gera. Fylgist með hvernig forgangsroðun er háttáð, hvernig hún framkvæmir síðan. Það eru ekki velferðarmálin, ekki hagur barna eða umburðarlyndi og manniúð gagnvart fólki í neyð, innan lands eða utan. Þeir sem standa höllum fæti eru settir til hliðar. Þessu vill Samfylkingin, jafnaðarmannaflokkur Íslands, breyta. Það gerir ekki þessi ríkisstjórn. — Góðar stundir.

Þingmálaskrá 147. löggjafarþings 2017:

Forsætisráðherra:

1. Frumvarp til laga um endurnot opinberra upplýsinga (innleiðing tilskipunar um endurnot upplýsinga). Innleiðing. Nóvember.
2. Frumvarp til laga um þjóðarsjóð. Febrúar.
3. Skýrsla forsætisráðherra um framkvæmd þingsályktana frá árinu 2016. Október.
4. Skýrsla forsætisráðherra um málefni þjóðlendna. Apríl.
5. Skýrsla forsætisráðherra um framkvæmd upplýsinga-laga. Apríl.

Dómsmálaráðherra:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/2016, um dómstóla (hagsmunaskráning dómara, setning hæstaréttardómara). Október.
2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 32/1997, um helgidagafrið (starfsemi á helgidögum). Febrúar.
3. Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, o.fl. (afnám reglna um uppreist æru). Nóvember.

4. Frumvarp til laga um breytingu á lögræðislögum, nr. 71/1997 (samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks). Janúar.

5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 100/1952, um íslenskan ríkisborgararétt (ríkisfangsleysi). *Endurflutt*. Október.

6. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/2005, um happdrætti (netspilun). Febrúar.

7. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 39/1978, um þinglýsingar (rafrænar þinglýsingar). Október.

8. Frumvarp til laga um persónuvernd (innleiðing á reglugerð um persónuvernd). Innleiðing. Janúar.

9. Frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993. Janúar.

10. Frumvarp til laga um refsingar fyrir hópmorð, glæpi gegn manniúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði. Nóvember.

11. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/2016, um dómstóla, lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála, og lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála (endurupptaka dæmdra mála). Janúar.

12. Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (mútubrot). Nóvember.

13. Frumvarp til laga um Höfðaborgarsamninginn um alþjóðlega skráningu og réttarvernd fjárhagslegra réttinda yfir farartækjum og tengdum búnaði. Nóvember.

14. Tillaga til þingsályktunar um löggæsluáætlun. Nóvember.

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 73/2005, um skipan ferðamála. Nóvember.
2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1994, um alferðir. Innleiðing. Mars.
3. Frumvarp til laga um Flugþróunarsjóð. Mars.
4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Nóvember.
5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi. Innleiðing. Október.
6. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 24/2006, um faggildingu. Febrúar.
7. Frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008. Október.
8. Frumvarp til laga um brottfall laga nr. 10/2001, um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja. September.
9. Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003. September.
10. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 98/2004, um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku. Febrúar.
11. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög (hæfisskilyrði, atvinnurekstrarbann). Mars.
12. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur (innleiðing tilskipunar og reglugerðar). Innleiðing. Mars.
13. Frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005. Febrúar.
14. Frumvarp til laga um traustþjónustu. Innleiðing. Febrúar.
15. Tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um

uppbýggingu flutningskerfis raforku. Október.

16. Skýrsla ráðherra um raforkumálefni. Febrúar.

Félags- og jafnréttismálaráðherra:

1. Frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar þjónustubarfir (heildarlög). *Endurflutt*. September.

2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga (innleiðing samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, stjórnsýsla og húsnæðismál). *Endurflutt*. September.

3. Frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna (heildarlög). *Endurflutt*. Innleiðing. Október.

4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál (hlutverk Íbúðalánasjóðs, stefnumörkun og áætlanagerð). *Endurflutt að hluta*. Október.

5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar. Október.

6. Frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði. *Endurflutt*. Október.

7. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, og fleiri lögum. *Endurflutt*. Innleiðing. Október.

8. Frumvarp til laga um starfsendurhæfingu og endurhæfingargreiðslur. Febrúar.

9. Frumvarp til laga um starfsgetumat og örorkulífeyri. Febrúar.

10. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, og lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð. Febrúar.

11. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof. Mars.

12. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindum útlendinga. Mars.

13. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2015/1794 um farmenn. Innleiðing. Október.

14. Tillaga til þingsályktunar um fjölskyldustefnu. *Endurflutt að hluta*. Október.

15. Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn ofbeldi í íslensku samfélagi. Október.

16. Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir í málefnum hinsegin fólks. Febrúar.

Fjármála- og efnahagsráðherra:

1. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2018. September.

2. Frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2017. Október.

3. Frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2016. Október.

4. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2018 (safnlög). September.

5. Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur (safnlög). September.

6. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt (skattþrep). Október.

7. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta, lögum nr. 87/2004, um olífugjald og kílómetragjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt (kolefnisgjald, olífugjald, virðisaukaskattur). September.

8. Frumvarp til laga um brottfall laga nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda. *Endurflutt í annað sinn*. September.

9. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki (gjaldhlutfall). September.

10. Frumvarp byggt á tillögum starfshóps um endurskoðun skattlagningar ökutækja og eldsneytis (ýmsar breytingar). Október.

11. Frumvarp til laga um afleiðuviðskipti, miðlæga mótáðila og afleiðuviðskiptaskrár (heildarlög). Innleiðing. September.

12. Frumvarp til laga um brottfall laga nr. 87/2002, um heimild til handa ráðherra f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast skuldabréf vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf. September.

13. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Október.

14. Frumvarp til laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (heildarlög). Innleiðing. Október.

15. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki (skuldajöfnun, o.fl.). Október.

16. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands (eigin áhætta o.fl.). Nóvember.

17. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (skerðingar, lífeyristökualdur). Október.

18. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum (greiðslukort). Október.

19. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt (cfc-ákvæði, sam-sköttun, þunn eiginfjármögnun, skattvílunir vegna hlutabréfakaupa, kaupréttur hluta-bréfa, fækkun gjalddaga o.fl.). Nóvember.

20. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt (gildis-dagsetningar, kaup og sala á vörum og þjónustu milli landa, byggingarstarfsemi o.fl.). Nóvember.

21. Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005 (upprunareglur, tímabundin notkun ökutækja). Nóvember.

22. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki (framlenging á neyðarlagaákvæði). Nóvember.

23. Frumvarp til laga um milligjöld. Innleiðing. Janúar.

24. Frumvarp til laga um meðferð ríkisaðstoðarmála (heildarlög). Innleiðing. Janúar.

25. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt (skuldajöfnun). Janúar.

26. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt (raunverulegur eigandi, almenn regla gegn misnotkun o.fl.). Febrúar.

27. Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna frekari aðgerða gegn skattundanskotum og skattsvikum (hert skatteftirlit og –rannsóknir, aukin upplýsingaöfl-

un, samráð o.fl.). Febrúar.

28. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda (útleiga vinnuafis). Febrúar.

29. Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005 (gjafafríðindi, persónuupplýsingar o.fl.). Febrúar.

30. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald (gjaldhlutfall). Mars.

31. Frumvarp til laga um innheimtu opinberra gjalda (heildarlög). Mars.

32. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 100/2016, um váttryggingarstarfsemi (Omnibus II). Innleiðing. Febrúar.

33. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, o.fl. (Omnibus I). Innleiðing. Febrúar.

34. Frumvarp til laga um verðbréfauppgjör og verðbréfamíðstöðvar (CSDR). Innleiðing. Mars.

35. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármála-starfsemi. Febrúar.

36. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki (samstæðu-efirlit, útibú, viðbúnaðaráætlun, snemmbær inngrip o.fl.). Innleiðing. Mars.

37. Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun. Mars.

Heilbrigðisráðherra:

1. Frumvarp til laga um breytingar á lyfjalögum, nr. 93/1994 (EES reglur). Innleiðing. Október.

2. Frumvarp til lyfjalaga. *Endurflutt*. Nóvember.

3. Frumvarp til laga um bann við tilteknum frammi- stöðubætandi efnum og lyfjum. *Endurflutt*. September.

4. Frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (EES reglur o.fl.). *Endurflutt að hluta*. Innleiðing. Október.

5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir (EES reglur o.fl.). Innleiðing. Febrúar.

6. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu. Febrúar.

7. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/2014, um vísindarannsóknir á heilbrigðis-sviði (gjaldtaka). Febrúar.

8. Frumvarp til laga um kynheilbrigði og þungunarrof. Febrúar.

9. Frumvarp til laga um ófrjósemisaðgerðir. Febrúar.

10. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu (málsmeðferð o.fl.). *Endurflutt*. Október.

11. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 112/2008, um sjúkratryggingar (eftirlit o.fl.). Febrúar.

12. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu (skýrari ákvæði um sjúkráhusþjónustu, skipan framkvæmdastjórna og hjúkrunar- og dagdvalarrými o.fl.). Mars.

Mennta- og menningarmálaráðherra:

1. Frumvarp til sviðslistalaga. *Endurflutt*. Nóvember.

2. Frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum, nr. 137/2001 (viðeigandi ráðstafanir vegna EES reglna).

Nóvember.

3. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 58/1990, um launasjóð stórmeistara í skák. Janúar.

4. Frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna (ný heildarlög). Febrúar.

5. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um vísindamál; breytingu á lögum nr. 2/2003, um Vísinda- og tækniráð, lögum nr. 3/2003, um opinberan stuðning við vísinda-rannsóknir, og lögum nr. 75/2007, um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun. Október.

6. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/2011, um skil á menningarverðmætum til annarra landa (innleiðing tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/60/ESB frá 15. maí 2014 um skil á menningarminum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012). Innleiðing. Nóvember.

7. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 26/2010, um viðurkenningu á menntun og hæfi til starfa hér á landi (innleiðing tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/55/ESB frá 20. nóvember 2013 um breytingu á tilskipun 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi og á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn). Innleiðing. Janúar/febrúar.

8. Frumvarp til laga um sameiginlega umsýslu höfundaréttar og fleira (innleiðing tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/26/ESB frá 26. febrúar 2014 um sameiginlega umsýslu höfundaréttinda og skyldra réttinda og leyfisveitingar yfir landamæri vegna netnotkunar á tónverkum á innri markaðnum). Innleiðing. Febrúar.

9. Frumvarp til laga um vísindasamstarf og rannsóknarinnviði í Evrópu (innleiðing reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 1261/2013 frá 2. desember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 723/2009 um lagaramma Bandalagsins um samtök um evrópska rannsókninnviði (ERIC)). Febrúar.

10. Skýrsla mennta- og menningarmálaráðherra um framkvæmd skólustarfs skólaárin 2014–2015 til 2015–2016. Október.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna. September.

2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 81/2003, um fjarskipti (CE merkingar á fjarskiptabúnaði og nethlutleysi). Innleiðing. September.

3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 81/2003, um fjarskipti, lögum nr. 135/2005, um fjarskiptasjóð, og lögum nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun (gjaldtaka fyrir framlengingu tíðniheimilda). September.

4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/2003, um eftirlit með skipum. September.

5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 119/2012, um Samgöngustofu, stjórnsýslu-stofnun samgöngumála (innleiðing viðauka og bókana við alþjóðasamninga o.fl.). September.

6. Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (fjölgun fulltrúa). *Endurflutt*. September.

7. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga (fasteignasjóður vegna fatlaðs fólks). September.

8. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/2004, um siglingavernd, og lögum nr. 60/1998, um loftferðir. Október.

9. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 81/2003, um fjarskipti (alþjónusta). Október.

10. Frumvarp til laga um pósthjónustu. Innleiðing. Október.

11. Frumvarp til laga um Þjóðskrá Íslands. Október.

12. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 28/2017, um farþegaflutninga og farmflutninga á landi. Október.

13. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 97/2010, um stofnun hlutafélaga um vegaframkvæmdir. Október.

14. Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (ýmsar breytingar). Nóvember.

15. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga (endurskoðun regluverks Jöfnunarsjóðs). Desember.

16. Frumvarp til umferðarlaga (heildarendurskoðun). Desember.

17. Frumvarp til laga um þjóðskrá og almannaskráningu. Janúar.

18. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 31/1996, um köfun. Janúar.

19. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna innleiðingar samþykktar Alþjóðavinnuáætlunarinnar um vinnuskilyrði farmanna. Janúar.

20. Frumvarp til laga um lögheimili. Febrúar.

21. Frumvarp til laga um net- og upplýsingaöryggi mikilvægra innviða. Innleiðing. Febrúar.

22. Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2018?2021. September.

23. Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2018?2029. September.

24. Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun til sjö ára, 2017?2023. Febrúar.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 79/2005, um uppboðsmarkaði sjávarafna. Janúar.

2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, o.fl. (byggðakvóti). Desember.

3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 71/2008, um fiskeldi, o.fl. Desember.

4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 89/1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins (endurskoðun). Mars.

5. Frumvarp til laga um Matvælastofnun. Október.

6. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 93/1995, um matvæli, og lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Október.

7. Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005. Október.

8. Frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993, og búnaðarlögum, nr. 70/1998. Október.

9. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.

162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu. Mars.

10. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 27/2011, um útflutning hrossa. Mars.

11. Frumvarp til laga um fyrirkomulag gjaldtöku fiskveiðiheimilda. Mars.

Umhverfis- og auðlindaráðherra:

1. Frumvarp til laga um skóga og skógrækt (heildarlög). *Endurflutt, að mestu óbreytt.* September.

2. Frumvarp til laga um landgræðslu (heildarlög). *Endurflutt, að mestu óbreytt.* September.

3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (sérstök kæruheimild vegna athafna og athafnaleysis). *Endurflutt, að mestu óbreytt.* Innleiðing. September.

4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum, og lögum nr. 60/2007, um Vatnajökulspjóðgarð (atvinnurekstur, gjaldtaka o.fl.). *Endurflutt, óbreytt.* September.

5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 160/2010, um mannvirki (lækkun byggingarkostnaðar). Október.

6. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (framlenging bráðabirgðaákvæðis). Október.

7. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og breytingu á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs (stjórnvaldssektir). *Endurflutt að hluta.* Nóvember.

8. Frumvarp til laga um skipulag hafs og stranda (heildarlög). *Endurflutt, að mestu óbreytt.* Nóvember.

9. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl.). Innleiðing. Febrúar.

10. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/2013, um náttúruvernd (ákvæði til bráðabirgða o.fl.). Febrúar.

11. Frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun (heildarlög). Febrúar.

12. Frumvarp til laga nr. 70/2012, um loftslagsmál (gildissvið viðskiptakerfis ESB). Innleiðing. Febrúar.

13. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir (verkaskipting UST og HES). Mars.

14. Frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (lækkun byggingar-kostnaðar og einföldun stjórnsýslu). Mars.

15. Tillaga til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landsvæða. *Endurflutt.* September.

16. Tillaga til þingsályktunar um tólf ára stefnumótandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Nóvember.

17. Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Mars.

18. Skýrsla – Hvítbók um náttúruauðlindir. Febrúar.

Utanríkisráðherra:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/2010,

um Íslandsstofu. September.

2. Frumvarp til laga um stofnun Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Febrúar.

3. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2017 um breytingu á II. viðauka (tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. September

4. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2017 um breytingu á IV. viðauka (orka) við EES-samninginn. September.

5. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2017 um breytingu á VII. viðauka (gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn. September.

6. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2017 um breytingu á XX. viðauka (umhverfismál) við EES-samninginn. September.

7. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2017 um breytingu á II. viðauka (tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. September.

8. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIX. viðauka (neytendavernd) við EES-samninginn. Október.

9. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XXII. viðauka (félagaréttur) við EES-samninginn. Janúar.

10. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XI. viðauka (rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (rafræn auðkenning). Janúar.

11. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XI. viðauka (rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (almenna persónuverndarreglugerðin). Janúar.

12. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka (fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (OTC-afleiður, miðlægir mótaðilar og afleiðuviðskiptaskrár). Febrúar.

13. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka (fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (verðbréfasjóðir). Febrúar.

14. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka (fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (áhættufjármagnssjóðir og félagslegir framtakssjóðir). Febrúar.

15. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka (fjármálaþjónusta) við EES-samninginn. Febrúar.

16. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka (fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (markaðir fyrir fjármálagerninga). Febrúar.

17. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XI. viðauka (rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn. Mars.

18. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka (fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (endurreisn og skilameðferð lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja). Mars.

19. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka (fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (verðbréfamiðstöðvar og verðbréfauppgjör). Mars.

20. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka (fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (Omnibus II). Febrúar.

21. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Filippseyja. Október.

22. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2017. Október.

23. Tillaga til þingsályktunar um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2018?2022. Október.

24. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2018. Febrúar.

25. Skýrsla utanríkisráðherra til Alþingis um utanríkis-mál. Apríl.

Fundi slitið kl. 22:07.

3. FUNDUR

fimmtudaginn 14. september,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Fjárlög 2018, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Hanna Katrín Friðriksson, 5. þm. Reykv. s.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir sjútv.- og landbrh., 4. þm.
Suðvest.

Tilkynning um mannabreytingar í nefndum.

[10:30]

Forseti (Unnur Brá Konráðsdóttir):

Forseti vill tilkynna að honum hefur borist erindi frá þingflokki Pírata um mannaskipti í nefndum. Birgitta Jónsdóttir tekur sæti Gunnars Hrafn Jónssonar sem aðalmaður í allsherjar- og menntamálanefnd og Einar Brynjólfsson sæti Birgittu Jónsdóttur sem varamaður í sömu nefnd.

Smári McCarthy tekur sæti Evu Pandoru Baldursdóttur sem aðalmaður í atvinnuveganefnd og Einar Brynjólfsson sæti Halldóru Mogensen sem varamaður í sömu nefnd.

Eva Pandora Baldursdóttir tekur sæti Ástu Guðrúnar Helgadóttur sem varamaður í efnahags- og viðskiptanefnd.

Ásta Guðrún Helgadóttir tekur sæti Evu Pandoru Baldursdóttur sem varamaður í fjárlaganefnd.

Eva Pandora Baldursdóttir tekur sæti Birgittu Jónsdóttur sem aðalmaður í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og Halldóra Mogensen sæti Smára McCarthys sem varamaður í sömu nefnd.

Birgitta Jónsdóttir tekur sæti Halldóru Mogensen sem varamaður í umhverfis- og samgöngunefnd.

[10:31]

Útbýting:

Fæðingar- og foreldraorlof, 14. mál, frv. SiIG o.fl., þskj. 14.

Veiting ríkisborgararéttar, 8. mál, frv. LE o.fl., þskj. 8.

Fjárlög 2018, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

[10:32]

Fjármála- og efnahagsráðherra (Benedikt Jóhannesson) (V):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2018 sem er fyrsta mál 147. löggjafarþings eins og stjórnarskrá og þingskapalög kveða á um. Samkvæmt lögum um opinber fjármál skal frumvarpið lagt fram á grundvelli þingsályktunar um fjármálaáætlun og skal það vera í samræmi við markmið hennar.

Með frumvarpinu er lagt fram sérstakt fylgirit en í því er

Alþt. 2017. B. (147. löggjafarþing).

meðal annars sýnd nánari skipting á tekjum ríkissjóðs auk skiptingar fjárheimilda, málaflokka í fjárveitingar til ríkisaðila og annarra verkefna sem tilheyra A-hluta ríkissjóðs. Jafnframt er birt yfirlit sem sýnir samanburð á útgjöldum milli ríkisreiknings fyrir næstliðið ár, fjárveitinga samkvæmt gildandi fjárlögum og fjárveitinga á komandi fjárlagaári, auk áætlunar um fjárveitingar næstu tveggja ára þar á eftir. Ég vek athygli á því að fjárveitingar í fylgiritinu hafa ekki lögformlegt gildi og að fjárveitingar eru allar á verðlagi ársins 2018.

Með samanburðinum og áætlunum til lengri tíma en eins árs verður auðveldara að fylgjast með þróun fjárhags ríkisaðila og verkefna með hliðsjón af stefnumótun þeirra. Upplýsingar í fylgiritinu munu þannig auka gagnsæi, ásamt því að vitneskja um fjárveitingar berist fyrir en áður til forstöðumanna ríkisstofnana og annarra rekstraraðila.

Frú forseti. Á síðasta kjörtímabili voru samþykkt ný lög um opinber fjármál sem stuðla að markvissari stefnumótun í efnahagsmálum og fjármálum hins opinbera til lengri tíma titið. Fjármálastefna ríkisstjórnarinnar til næstu fimm ára var lögð fram í janúar síðastliðnum í samræmi við þessi lög. Stefnan gerir ráð fyrir meiri afgangi af rekstri hins opinbera yfir allt áætlunartímabilið en fyrri stefna til að vega á móti ójafnvægi og þenslu í hagkerfinu. Áhersla er lögð á niðurgreiðslu skulda ríkisins í fjármálastefnunni og þar með lækun vaxtagreiðslna í framtíðinni.

Ríkisstjórnin lagði enn fremur fram sína fyrstu fjármálaáætlun í mars síðastliðnum. Fjármálaáætlunin, sem Alþingi samþykkti síðla vors, felur í sér ítarlegri útfærslu á fjármálastefnu til fimm ára og markar um leið þá stefnu sem birtist í þessu frumvarpi til fjárlaga. Fjögur hagstjórnarmarkmið voru sett fram í áætluninni; aðhald í ríkisrekstri, einkum á fyrri hluta áætlunartímabilsins; stöðugleiki og sátt á vinnumarkaði; stöðugleiki í gengismálum, og í fjórða lagi efling opinberrar þjónustu og innviða á grundvelli öflugs atvinnulífs og traustrar fjárhagsstöðu hins opinbera.

Nýtt vinnulag er að festa sig í sessi þó að það sé vissulega enn að slípast til. Margir kostir felast í því, meðal annars styður það við festu og fyrirsjáanleika í stjórn opinberra fjármála, eflir efnahagslega umfjöllun á Alþingi og í samfélaginu og gerir umræðu um opinber fjármál markvissari.

Grunnstoðir þessa nýja verklags eru fjármálastefna og fjármálaáætlun. Þær miða að því að marka fyrst heildaramma efnahagsstefnunnar í fjármálastefnu og ákveða svo hvernig ramminn er útfærður niður á einstök málefnavið í fjármálaáætlun. Í fjárlögum er ramminn síðan útfærður nánar niður á einstaka málaflokka. Í fylgiritinu, sem lagt er fram samhliða fjárlagafrumvarpinu, kemur síðan fram skipting fjárheimilda í fjárveitingar til einstakra stofnana og verkefna.

Í ár var sá háttur hafður á að fjárlagafrumvarpið var birt að morgni þingsetningardags. Er það í fyrsta skipti sem frumvarpið er birt opinberlega áður en það er formlega lagt fram á Alþingi. Markmiðið með þessari breytingu er að gefa þingmönnum meiri tíma til að kynna sér efni frumvarpsins og skapa þannig grundvöll fyrir málefnalegri umræðu um efni frumvarpsins þegar það er rætt á Alþingi. Jafnframt vek ég athygli á því að talnaefni frumvarpsins er nú allt aðgengilegt á tölvutæku formi.

Í umræðum síðastliðið vor komu fram ýmsar gagnlegar ábendingar frá þingmönnum og hv. fjárlaganefnd. Leitast hefur verið við að koma til móts við þær eftir föngum og kann ég hv. þingmönnum bestu þakkir fyrir samvinnu við það.

Frú forseti. Í tengslum við þetta vil ég einnig nefna að með breyttu verklagi er mikilvægt að afgreiðslu á frumvarpinu ljúki fyrr en verið hefur. Þannig er gert ráð fyrir því, samkvæmt starfsáætlun Alþingis, að 3. umr. frumvarpsins verði 23. nóvember. Það er mikill áfangi ef hægt væri að ljúka afgreiðslu frumvarpsins á þeim tíma og að sami skapi nauðsynlegt með vísan til þeirrar kröfu sem lög um opinber fjármál gera. Það auðveldar ríkisstofnunum, sem eiga að vinna eftir fjárlögum, skipulag sinnar vinnu.

Með því að ljúka afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins fyrr en ella gefst enn fremur kostur á að hefja undirbúning að komandi fjármálaáætlun fyrr með það að markmiði að hægt verði að leggja hana fyrir Alþingi um miðjan mars og auka þannig þann tíma sem þingið hefur áætlunina til umfjöllunar.

Frú forseti. Meginverkefni ríkisstjórnar og Alþingis á næsta ári er að varðveita þann góða árangur í efnahagsmálum sem náðst hefur á undanförunum misserum. Verðbólga er lítil, vaxtastigið hefur lækkað, atvinnuleysi er í lágmarki og kaupmáttur er mikill. Einkunnarorð ríkisstjórnarinnar, jafnvægi og framsýni, eru ekki úr lausu lofti gripin. Íslendingar eru vanir miklum sveiflum í efnahagslífinu. Hátt raungengi krónunnar, mun hærri vaxtakostnaður en hjá erlendum samkeppnisfyrirtækjum og miklar launahækkanir á skömmum tíma hamlar íslenskum fyrirtækjum í samkeppni við erlend fyrirtæki sem búa við annað rekstrarumhverfi.

Í fjármálaáætlun síðastliðið vor var boðað að tilfærslur yrðu í virðisaukaskattskerfinu þannig að nokkrir flokkar ferðþjónustu færðust úr lægra þrepi virðisaukaskatts í almennt þrep 1. júlí árið 2018, en almenna þrepið yrði svo lækkað úr 24% í 22,5% 1. janúar 2019. Í ljósi þess að ábendingar hafa komið fram um að fyrirvari á skattbreytingum væri lítil, auk þess sem óæskilegt væri að gera tvær breytingar á skattkerfinu á skömmum tíma í stað einnar, var ákveðið að fresta gildistöku breytinga til 1. janúar 2019. Sambland af tekju- og gjaldaráðstöfunum tryggja að afkomumarkmiði fjármálastefnunnar verður náð þrátt fyrir að gildistöku breytinganna hafi verið frestað um sex mánuði.

Frú forseti. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2018 gerir að þessu sinni ráð fyrir 44 milljarða afgangi fyrir það ár. Það jafngildir 1,6% af vergri landsframleiðslu og er aukning um 0,6% frá gildandi fjárlögum. Ég vek athygli á því að gangi áætlanir frumvarpsins eftir mun sá hluti frumgjalda ríkisins sem ákvarðaður er með útgjaldarömmum fyrir málefnasvið ráðuneyta aukast um 13% að raunvirði á tveimur árum. Það er líklega meiri raunhækkun útgjalda á tveggja ára tímabili en sést hefur undanfarna áratugi. Þrátt fyrir þetta tekst okkur að skila heildarafgangi upp á 3,8% af vergri landsframleiðslu. Ljóst er að á næstu árum munum við ekki sjá viðlíka vöxt í útgjöldum ríkisins. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að opinbert fé sé vel nýtt, að starfsemi hins opinbera sé skilvirk og að útgjöldum verði forgangsraðað með virkum hætti.

Virðulegi forseti. Kaupmáttur heimilanna hefur vaxið

hröðum skrefum undanfarin misseri og er nú hærri en nokkru sinni fyrr. Mikilvægt er að stöðugleiki á vinnumarkaði verði hægt mestur svo að hægt verði að varðveita þá kaupmáttaraukningu og þann góða árangur sem náðst hefur í efnahagslífinu almennt. Eftir umfangsmiklar breytingar á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna um áramótin 2016–2017 er áfram unnið að því að jafna kjör starfsmanna hins opinbera og starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Ríkisstjórnin styður aðila vinnumarkaðarins í frekari umbótum á íslenska vinnumarkaðslíkaninu að norrænni fyrirmynd. Kjarasamningar eiga að skapa opinberri starfsemi hagstæð skilyrði og stuðla þannig að hagkvæmni og góðri frammistöðu.

Útgjöld til heilbrigðismála hafa vaxið mikið í fjárlagafrumvarpinu í takti við stefnu stjórnvalda. Alls hækka útgjöld til velferðarmála um 8%, eða 4,4% umfram verðlag og launahækkanir, samanborið við fjárlög 2017. Hafin verður vinna við byggingu nýs Landspítala við Hringbraut og þar er bætt við 1,5 milljarða kr. framlögum umfram þau sem kynnt voru í síðustu fjármálaáætlun, sem stafar af breytingu á byggingaráætlun. Fyrirsjáanlegt er að aukinn stofnkostnaður vegna þessara framkvæmda mun falla á árin 2019 og 2020. Þessar breytingar munu koma fram í fjármálaáætlun næsta vor.

Nýtt sjúkrahótel tekur til starfa á fyrri hluta næsta árs. Hjúkrunar- og dagdvalaryrjum verður fjölgað, innviðir stofnana styrktir, teymisvinna eflað og fjarheilbrigðisþjónusta styrkt. Skimun hefst fyrir krabbameini í ristli, ráðgjöf um heilsuefingu er eflað og heilsuefandi samfélögum fjölgað. Innkaup lyfja verða styrkt, meðal annars í samvinnu við önnur lönd.

Í ljós hefur komið að útgjöld til almannatrygginga á árinu 2017 eru hærri en ætlað var. Því veldur meðal annars vanáætlaður kostnaður vegna hækkunar viðmiða ellilífeyris í lágmarkslaun, en hins vegar fjölgun örorkulífeyrisþega umfram áætlun. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að dregið verði úr skerðingum lífeyris vegna atvinnutekna og á kjör-tímabilinu verði 100 þúsund kr. frítekjumarki náð.

Framlög á hvern framhaldsskólanema halda áfram að hækka og máltækni verður studd dyggilega á grundvelli nýrrar aðgerðaáætlunar.

Þungi verður í greftri Dýrafjarðarganga og framkvæmdir og viðhald vegakerfisins verða áberandi á árinu.

Frú forseti. Heildarskuldur ríkissjóðs hafa lækkað fyrir hluta árs 2017 um nálægt 200 milljarða kr. með lækkun vaxtakostnaðar upp á meira en 8 milljarða. Áfram eru vaxtagreiðslur þó afar stór útgjaldaliður og munu nema 72,7 milljörðum kr. á árinu 2018. Hreinar skuldir hins opinbera eru enn umfram 30% skuldareglu laga um opinber fjármál, en ráðgert er að því marki verði náð árið 2019. Áætlanir gera ráð fyrir að halda svo áfram niðurgreiðslu skulda enda gerir hátt vaxtastig á Íslandi skuldsetningu afar dýra.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er áhersla á samræmt kerfi grænna skatta. Ísland má ekki láta sitt eftir liggja í framlagi til mengunarvarna. Við erum aðilar að alþjóðlegum samningum þar um, en ekki vegur minna að Íslendingar vilja hreint land og hreint andrúmsloft. Í fjárlagafrumvarpinu er stigið mikilvægt skref í þessa átt með lækkun

kolefnisgjalds og samræmingu í gjaldtöku af bensíni og dísilolíu, auk þess sem ívilnanir vegna kaupa á rafblum verða framlengdar um þrjú ár.

Afram verður markvisst unnið gegn skattundanskotum og nýtingu skattaskjóta sem og vexti svarta hagkerfisins með hertum aðgerðum skattfirvalda. Þegar liggja fyrir margvíslegar tillögur frá þremur starfshópum sem skiluðu álitinu nú í sumar sem miða allar að því marki. Nú er unnið að því að færa þær í lagabúning og mun frumvarp þessa efnis sjá dagsins ljós á vorþingi.

Virðulegi forseti. Samkvæmt mælingum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, er ekkert land með meiri tekjujöfnuð, ekkert land með minni kynjamun og ekkert land með minni fátækt en Ísland. Fá lönd hafa notið viðlíka hagvaxtar og Ísland og fjárlagafrumvarp 2018 sýnir glögggt að þessi hagfella þróun bætir ekki eingöngu stöðu fólks á vinnumarkaði, heldur einnig stöðu þeirra sem reiða sig á stuðning velferðarkerfisins. Samkeppnishæf lífskjör, sem halda í og laða að hæfileikafólk, felast meðal annars í tryggju velferðarkerfi, hóflegum sköttum, skilvirkum ríkisrekstri og neytendavænum markaði.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir megininntak fjárlagafrumvarpsins, frumvarps sem mun styðja við stöðugan og sjálfbæran ríkisrekstur og stuðla að jafnvægi og velferð. Ég mælist til þess að frumvarpið gangi til hv. fjárlaganefndar að lokinni þessari umræðu.

[10:46]

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir ræðuna. Það væri hægt að spyrja um margt og óhætt er að segja að þetta frumvarp endurspeglar það sem kom fram í áætluninni í vor sem er fyrst og fremst aðhald.

Því langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra sérstaklega út í skólamálin. Hjá meiri hluta fjárlaganefndar kom fram tillaga eða beiðni um að skoðað yrði, sérstaklega hvað varðaði framhaldsskólana, að halda inni fjármuninum sem hefðu farið í raun út úr kerfinu en hefðu átt að haldast inni vegna styttingar. Mig langar að spyrja ráðherrann hvers vegna það var ekki gert. Samkvæmt mínum útreikningum og myndinni á bls. 314 virðast vera í kringum 56 milljónir til allra framhaldsskóla á landinu sem þeir hafa í raun inn í sinn grunnrekstur til viðbótar við það sem ekki er búið að festa nú þegar í launum og öðru slíku.

[10:48]

Fjármála- og efnahagsráðherra (Benedikt Jóhannesson) (V) (andsvar):

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa spurningu. Þannig er að framlög til framhaldsskólanna hækka um um það bil 500 milljónir frá fjárlögum yfirstandandi árs. Framlög á hvern nemanda eru einnig að hækka. Ég tel því að farið hafi verið eftir þessum tilmælum fjárlaganefndar.

[10:48]

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Ósköp var þetta nú rýrt. Það er nefnilega vert að geta þess að þetta kemur ágætlega fram í þessari bók. Það er útgjaldasvigrúm. Þessu er mjög mikið stillt upp

þannig. Það er útgjaldasvigrúm. Í framhaldsskólunum er það 686 milljónir. Svo er nefnilega kassi við hliðina á sem segir: aðhald. Það eru 605 milljónir. Mismunurinn er því það sem stendur eftir. Hann er ekki sá sem hefði átt að vera ef fjármunirnir hefðu átt að haldast inni.

Það má í raun segja að það sé svipað með háskólastigið þó að þar sé útgjaldasvigrúmið reyndar nýtt og aðhaldið minna, en þar eru felldir niður peningar sem áður voru inni í kerfinu. Ég get ekki fallist á það með ráðherranum að fjármunirnir séu inni sem voru fyrir í kerfinu og sérstaklega framhaldsskólakerfinu sem átti að vera þar miðað við það sem sagt var, nema það sé bara breyting. En meiri hluti fjárlaganefndar leit ekki svo á. Það verður áhugavert að fara í gegnum það hversu margar tillögur sem lagðar voru (Forseti hringir.) fram af hálfu nefnda fengu yfirleitt brautargengi.

[10:50]

Fjármála- og efnahagsráðherra (Benedikt Jóhannesson) (V) (andsvar):

Virðulegi forseti. Samkvæmt fylgiriti sést að fyrir framhaldsskólastigið samkvæmt fjárlögum ársins 2017 erum við með 30 milljarða og 298 milljónir til framhaldsskóla. Á árinu 2018, samkvæmt fjárlagafrumvarpinu, erum við með 30 milljarða og 930 milljónir. Þetta er töluvert hærra tala og þvert á það sem hv. þingmaður heldur fram. Þarna er um hækkan að ræða.

[10:50]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Á bls. 135 er tafla þar sem borin eru saman fjárlög 2017 og frumvarp 2018 og sagt að breyting þar á milli sé um 18 milljarðar kr. Vandamálið er að ýmsir fjárlagaliðir í fjárlögum 2017 voru vanáætlaðir og eru ekki, eftir því sem ég best veit, reiknaðir inn í þessar upphæðir í fjárlögum 2017. Ef maður tekur til dæmis lyf og lækningavörur, sem eru uppfærðar í frumvarpi 2018, hælisleitendur og nokkra aðra liði er talan jafnvel komin niður í 11 til 12 milljarða sem er hækkan á milli fjárlaga 2017–2018. Þegar við tölum aðeins um þennan vöxt í útgjöldum finnst mér vanta að taka tillit til þeirra leiðréttinga sem á eftir að gera á fjárlögum 2017 þegar bera á saman við fjárlög 2018; svona um að „blása út báknið“ eins og kemur oft hægra megin frá.

Ég er að velta því fyrir mér hvort einhver greining hafi farið fram á þessum mun, (Forseti hringir.) á því sem vantar upp á fjárlög 2017, fyrir þennan samanburð.

[10:52]

Fjármála- og efnahagsráðherra (Benedikt Jóhannesson) (V) (andsvar):

Frú forseti. Þetta er vissulega rétt hjá hv. þingmanni, það hafa orðið breytingar. Fjárlaganefnd hefur verið upplýst um þær og þingmenn almennt. Það er gerð grein fyrir því — ég er nú ekki með blaðsíðutalið alveg í kollinum — hverjar þær eru. Það er því í sjálfu sér einfalt að sjá það sem þegar er komið. Það hafa bæði verið meiri tekjur en jafnframt meiri útgjöld á ákveðnum sviðum. En þetta sýnir að prósentutölur geta stundum verið varasamar. Maður verður þá að vita af hverju við erum að taka prósentur. Þess vegna

miðuðum við við fjárlögin sjálf en ekki til dæmis vænt lokafjárlög sem verða samþykkt síðar.

[10:53]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Það er erfitt að tala um þessa meintu útgjaldaaukningu fyrr en við sjáum í raun hver lokastaðan 2017 er. Ég vænti þess að þar sem búíð er að uppfæra fjárlögin 2018, til að taka tillit til þessara liða sem eru venjulega vanfjármagnaðir, verði héðan í frá auðveldara að bera saman frumvörp á milli ára þar sem ekki á að vera fjárukafrumvarp og því um líkt.

Á bls. 95 er áhugaverð setning: „Brottfall nokkurra tekjustofna á undanförunum árum gerir það einnig að verkum að þunginn er orðinn mjög mikill á meginskattstofna eins og virðisaukaskatt, tekjuskatt einstaklinga og tryggingagjald. Það felur í sér að þegar um hægist í efnahagslífinu taka tekjurnar mun stærri dýfu en útgjöldin með tilheyrandi áhrifum á afkomuna til hins verra og skuldasöfnun hefst að nýju.“

Ég velti fyrir mér af hverju ríkisstjórnin tekur ekki mark á eigin ráðleggingum í þessu fjárlagafrumvarpi.

[10:54]

Fjármála- og efnahagsráðherra (Benedikt Jóhannesson) (V) (andsvar):

Frú forseti. Aftur þakka ég hv. þingmanni fyrir ábendingu hans. Vissulega tókum við mikið mark á því og við vitum það og höfum ekki legið neitt á því að það mun koma að því að ekki verði jafn góð tíð eins og nú hefur verið. Þess vegna höfum við einsett okkur að nýta þær aðstæður sem eru í efnahagslífinu til þess að reyna að greiða niður skuldir. Við sjáum að það sem hjálpaði okkur mikið í hruginu árið 2008 var sú framsýni stjórnvalda á þeim tíma að hafa greitt niður skuldir. Það var gert markvisst um árábil. Þess vegna kannski tókst okkur að komast jafn hratt út úr því hruni og raun ber vitni. Þarna sýnum við ábyrgð og hlustum svo sannarlega á eigin orð.

[10:55]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir framsöguna. Það er ljóst að ráðherra varð nokkuð tíðrætt um stöðugleika á gengi og að mikilvægt væri að lenda hægkerfi okkar mjúklega, að við þyrftum að passa okkur á þenslu. Nú hefur ríkisstjórnin ákveðið að fresta hækkun á virðisaukaskatti á ferðaþjónustuna til áramóta 2019. Þar af leiðandi verða menn af einum 7, 8 milljörðum, ef ég man rétt. Í staðinn virðast menn hafa sett á skatta upp á tæpa 4 milljarða, sem er veruleg hækkun á eldsneytisgjöldum, áfengisgjöldum og slíkum gjöldum, sem fara auðvitað beint inn í vísitöluna, hækka verðtryggt lán o.s.frv.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort sú aðgerð að hækka þessa skatta sérstaklega sé til þess að slá á þenslu til þess að taka peningana af fólkinu svo ekki verði of mikill kaupmáttur, að hugmyndafræðin sé að tryggja þann stöðugleika sem hæstv. ráðherra varð svo tíðrætt um.

[10:56]

Fjármála- og efnahagsráðherra (Benedikt Jóhannesson) (V) (andsvar):

Frú forseti. Ég veit að hv. þingmaður er sammála mér um að það er auðvitað mjög mikilvægt að við náum að varðveita þann góða árangur sem náðst hefur. Það er enginn ágreiningur um það. Varðandi þessi ákveðnu gjöld lít ég svo á að þarna séum við fyrst og fremst að bregðast við loftslagsbreytingum. Við erum að reyna að ná sem allra fyrst markmiðum okkar um að hér verði hreinir, innlendir orkugjafir meginorkugjafir í ökutækjum. Vonandi verður það líka í öðrum samgöngum, t.d. í skipum í náinni framtíð. Þarna er þróunin hröð og við erum að reyna að hraða henni með þessu. Það er markmiðið fremur en tekjuöflun.

[10:57]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég þakka svörin. Þau skýra ekki að fullu rökstuðninginn um mikilvægi þess að viðhalda stöðugleika.

Fjármálaráð gagnrýndi sérstaklega í fjármálaáætluninni fyrirhugaða lækkun á virðisaukaskattinum, sem á að gerast 1. janúar 2019, þar sem menn ætla síðan að gefa út slaka upp á 10, 15 milljarða, ef ég man rétt, upp á 1,5%.

Þá verð ég að spyrja aftur: Hvernig samrýmist það því að viðhalda stöðugleika í þensluhverfi ef menn hækka álgögur á almenning á þessu ári en ætla síðan að gefa þrisvar sinnum meiri slaka með lækkun virðisaukaskatts í upphafi árs 2019? Er enginn rökstuðningur, er ekkert samhengi í því hvernig menn ætla að viðhalda þessum stöðugleika?

Sé það nú svo að menn hafi lagt þessar verulegu skattahækkunar á nú á þessu ári eða á árinu 2018, hafa menn velt því fyrir sér hvar þær lenda? Þetta mun hækka verðtrygðar skuldir. (Forseti hringir.) Þessar álgögur leggjast auðvitað mjög misjafnt á fólk eftir búsetu, eftir því hvort keyra þarf að bíl um langan veg — (Forseti hringir.) ekki geta allir keypt Teslur á 10 milljónir og keyrt 400 kílómetra á rafmagni.

[10:59]

Fjármála- og efnahagsráðherra (Benedikt Jóhannesson) (V) (andsvar):

Ég þakka hv. þingmanni aftur fyrir svör hans. Jú, það er vissulega rökrænt samhengi í þessu. Þarna gleymist úr jöfnunni að það er á sama tíma veitt ívilnun til kaupa á bæði tvinn- og rafknúnum bílum. Það er stöðugt verið að byggja upp hleðslustöðvar fyrir rafknúna bíla. Við vitum öll að sú tækni er bæði dýrari núna en hún mun verða í framtíðinni og bílarnir eru ekki jafn langdrægir og þeir verða vonandi í framtíðinni, nema þá einstaka bifreiðar. En við erum þarna að reyna að stíga fyrstu skref inn í hreinni framtíð þar sem við verðum með hreina innlenda orkugjafa í stað erlendra mengandi orkugjafa.

[11:00]

Logi Einarsson (Sf) (andsvar):

Frú forseti. Þetta er eins konar spjall lesenda við höfund. Gæti verið uppi í Gerðubergi. Og þá skyldi maður eiginlega ætla að höfundurinn gæti svarað meiru til um innhaldið en

lesendur sem eru í rauninni bara að fóta sig í þessu stóra plaggi og átta sig á því. Ég viðurkenni að ég er langt frá því búinni að átta mig á öllum nákvæmum tölum, en stóra samhengið er kannski að skýrast.

Ég vil í fyrra andsvari óska eftir því að ráðherra svari hv. þm. Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur betur: Hve stór hluti af þeirri aukningu sem hæstv. fjármálaráðherra kom inn á eru launa- og verðlagsbreytingar? Og einnig: Er hann að hafna því að horfið hafi verið frá þeirri stefnu sem fyrirverandi ríkisstjórn mótaði, að fjármagnið sem sparaðist við styttingu framhaldsskólanna ætti að haldast inni í kerfinu? Er hann að mótmæla því?

[11:01]

Fjármála- og efnahagsráðherra (Benedikt Jóhannesson) (V) (andsvor):

Frú forseti. Ég hef svarað þessari spurningu býsna oft áður. Það er ágætt að svara henni því í spurningunni kristallast mismunandi viðhorf til útgjalda. Annars vegar að setja nemandann í forgrunn, það sé nemandinn sem skipti máli og útgjöld á nemanda sem skipti máli og að þau séu styrkt. Hins vegar að það sé eitthvert kerfi sem eigi að viðhalda burt séð frá því hversu mörg ár eru í framhaldsskólunum, burt séð frá því hvernig því er hagað. Ég er fulltrúi nemendanna. Ég vil að við setjum þá í forgrunn. Einhverjir aðrir kunna að hugsa um kerfið. En það er bara ekki það sem skiptir máli. Við eigum að hugsa um nemendurna, hugsa um sjúklingana, hugsa um hina almennu borgara. Það er þeirra hagur sem við eigum að hugsa um. Ekki hag kerfisins.

[11:02]

Logi Einarsson (Sf) (andsvor):

Frú forseti. Hæstv. ráðherra flækti nú svarið enn meira. Honum lætur kannski betur að starfa sem tryggingafræðingur og tala konkret um tölur en að fara á eitthvert heimspékilegt flug. En fyrst við erum komin þangað og hæstv. ráðherra og hæstv. forsætisráðherra töluðu mjög mikið og innblásið um framtíðina og hvernig við ættum að mæta henni — þó að hæstv. fjármálaráðherra hafi reyndar svarað því sjálfur að hann vissi ekki hvernig hún yrði. Það vitum við ekki. Við vitum að það verða miklar breytingar. Finnst ráðherra þetta metnaðarlitla plagg í menntamálum þegar gert er ráð fyrir litlum breytingum og svikum varðandi framhaldsskóla, allt of litlum fjármunum í háskóla og við erum enn hálfdrættingar á við Norðurlöndin, það er verið að skera niður í rannsóknnum og vísindum, vera svarið við þeirri framtíð sem við vitum að við stöndum frammi fyrir?

[11:03]

Fjármála- og efnahagsráðherra (Benedikt Jóhannesson) (V) (andsvor):

Frú forseti. Svarið er já. Við eigum að sýna mikinn metnað í menntamálum. Menntun, menntun, menntun er framtíðin. Hún er það sem skiptir máli. Þannig talaði Tony Blair á sínum tíma og þannig talar formaður Samfylkingarinnar hér í ræðustól. Ég get tekið undir þau orð. Það skiptir þá miklu máli hvern við erum að mennta. Við erum ekki að mennta eitthvert húsæði eða stofnanir. Við erum að

mennta einstaklinga. Það er staðreynd að útgjöld, framlög á hvern nemanda, hvern einstakling, hvort sem við horfum á háskólanám eða framhaldsskólanám, aukast með þessu fjárlagafrumvarpi. Ég er ánægður með það. Það er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar, í samræmi við þá stefnu að menntun er framtíðin.

[11:04]

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (Vg):

Frú forseti. Þetta voru áhugaverðar umræður hjá hæstv. ráðherra. Óhætt er að segja það. Nemendur eru ekki hús. Menntun er ekki til þess að styðja við hús heldur fyrir nemendur. Ég er alveg sammála því. (LE: ... í heilbrigðismálum á Landspítalanum.) Enda kem ég nú úr því kerfi, var þar áður en ég kom á þing. Ég þekki það ágætlega. En mér fannst hæstv. ráðherra snúa sig heldur lélega frá spurningunni með þessu svari.

Frú forseti. „Mannfólk gerir mistök og græðgi mun verða til þess að fólk taki slæmar ákvarðanir. Það mun gerast aftur.“ Þetta sagði hæstv. forsætisráðherra Bjarni Benediktsson. Þetta er ráðherrann sem varð uppvis að því að eiga eignir í skattaskjóli, ráðherra sem hefur staðið fyrir því að mylja undan samneyslunni og opinbera kerfinu um 100 milljarða frá árinu 2013 og moka undir einkavæðingu. Við erum með fjármálaráðherra sem talar niður krónuna og vill helst ekki peninga, bara kort. Við eigum nefnilega að vera minnug þess að ríkið á að veita þjónustu og er ekki eins og hvert annað fyrirtæki. En því miður finnst mér bæði fjármálaráðherra og fleiri í þessum sal vilja hafa það þannig.

Síðustu daga hafa ráðherrar þessarar ríkisstjórnar keppt við að segja landsmönnum hvað þeir setji nú rosalega mikla peninga í kerfið. Þeir segjast vera að standa við stóru loforðin sem gefin voru fyrir kosningar. En er það raunin? Við fyrstu sýn og lestur fjárlagafrumvarpsins virðist það ekki vera svo, enda sagði í fjármálaáætluninni sem meiri hlutinn samþykkti í vor að aðhald yrði aukið 2018. Það ætti í sjálfu sér ekki að koma nokkrum manni á óvart að aðhald birtist í þessum fjárlögum, hvort heldur sem horft er til heilbrigðis-, mennta-, menningar-, samgöngu-, löggæslu- eða fjölskyldumála.

Það er nefnilega svo, og kom fram á fundi fjármálaráðherra með fjárlaganefnd, að stærsti hluti þeirra fjármuna sem bættust við þetta fjárlagafrumvarp er vegna kjarasamninga og verðlagsbreytinga. Allt of víða er sáralítið sett af nýjum peningum til að styrkja rekstur hins opinbera. Það á hins vegar ekki við þegar kemur að hinu einkarekna, til dæmis í heilbrigðisþjónustunni sem vex og vex þrátt fyrir aðvaranir landlæknis um að það veiki opinbera reksturinn.

En hvert var ákallið fyrir síðustu kosningar? Það var ákall um að nú þegar áraði betur í þjóðarbúskapnum væri kominn tími á að spýta verulega í og styrkja grunnrekstur hinnar opinberu þjónustu. Heilbrigðismálin, og ekki síst geðheilbrigðismálin, voru og eru í brennidepli. Hér á að setja 60 milljónir til að framfylgja aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum. Það á líka að styrkja heilsugæsluna um 200 milljónir en ég geri ráð fyrir að einungis brot af þeirri fjárhæð fari í sálfræði- og teymisvinnu. Því miður finnst mér það afskaplega þunnur þrettándi og er ekki ein um það því að það var viðtal í Morgunútvarpinu um þessi mál þar sem það er sagt vera allt of lítið á komandi árum.

Þess vegna verður heilbrigðisráðherra að sýna okkur svart á hvítu hvar og hvernig þessi milljarður er og verði að finna, sem hann segir að eigi að fara í málaflökkinn.

Sjúkrahúsinn koma líka illa undan þessum fjárlögum. Þegar frá eru dregin laun og verðlagsáhrif eru sáralitlir peningar í reksturinn en dyggilega er stutt við einkareksturinn. Það ætti svo sem ekki að koma mörgum á óvart með þessa ríkisstjórn. Það er afskaplega ánægjulegt að byggja eigi við Landspítalann, loksins. Þó er það nú svo að fólk bíður ekki með að verða veikt þar til sú bygging rís. Þess vegna þarf að styrkja grunnrekstur þessara stofnana. Það er ekki gert í þessu fjárlagafrumvarpi. Ekki frekar en tekið er á þeim vanda sem blasir við gagnvart öldrunarheimilum. Spyrja má ráðherra eftir því hvort til standi að fara í þau mál að leiðrétta stöðu sveitarfélaganna sem borga ítrekað með rekstrinum sem á alla jafna að vera á hendi ríkisins. Það væri gott að fá svar við því.

Virðulegi forseti. Hvað með 300 þúsund kallinn til öryrkja eða eldri borgara sem þurfa að treysta á hið opinbera kerfi? Það er nefnilega bara hluti einstæðinga sem kemst þangað. Ekki geta þeir nú unnið mikið því að tekjuviðmiðið er hlægilega lágt og á að taka mörg ár í að hækka það. Hvenær er tími til að leiðrétta ef ekki nú þar sem samfelldur hagvöxtur var 7,2% í fyrra, meira en í nokkru öðru OECD-ríki?

Við hverju er að búast þegar forsætisráðherra landsins segir að það sé stórkostlegt afrek að hækka laun þessa hóps í 300 þúsund? Nei, virðulegi forseti. Ríkisstjórnin er að viðhalda fátækt með aðgerðum sínum í þessu frumvarpi gagnvart stórum hluta þessa hóps.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar bitna líka á ungu barnafólki sem fær sífellt lægri barna- og vaxtabætur þrátt fyrir að sjaldan hafi verið eins erfitt að koma sér þaki yfir höfuðið. Vaxtabætur eru lækkaðar um 30% vegna þess að fasteignaverð hefur hækkað. En þó að fasteignaverð hækki þýðir það ekki að þessar sömu ungu fjölskyldur hafi meira ráðstöfunarfé á milli handanna. Eina jákvæða ljósið í þessu gagnvart ungu fjölskyldufólki er stighækkandi fæðingarorlof. En þá verður líka að muna eftir því að það þarf að brúa bilið á milli leikskóla og fæðingarorlofs. Það hefur ekki verið gert.

Við verðum líka að ræða hin brýnu húsnæðismál. Félags- og jafnréttismálaráðherra stærir sig mikið af því að settir séu viðbótarfjármunir í þann lið. En ekki hvað? Ætlaði ríkisstjórnin ekki að standa við sinn hluta sem um var samið í síðustu kjaraviðræðum? Skárri væri það nú. Það breytir því ekki að það dugar engan veginn til að standa undir þeim áætlaða fjölda sem ætlunin var að byggja. Því mun enn blasa við húsnæðisskortur.

Ég get ekki látið hjá líða að ræða skattana sem hér eru lagðir til. Allra síst ætla ég nú að tala á móti grænum sköttum en mikil hækkan á olíu og bensíni sem hér er lögð til kemur sérstaklega illa við hinar dreifðu byggðir þar sem fólk þarf að fara um langan veg og aðrir fararkostir ekki endilega heppilegir. Við erum með handónýta vegi um land allt. Allt of litlum fjármunum er varið til samgangna. Hugmyndir ráðherra þess málaflökks eru að taka vegtolla sem koma þá til með að bætast við þessar hækkanir.

Við sem búum í dreifbýlinu þurfum að sækja ýmsa þjónustu um langan veg. Því er óhætt að segja að þetta sé

þþingjandi landsbyggðarskattur. Ég verð að spyrja ráðherrann hvort hann hafi hugsað sér einhvers konar mótvægisáðgerðir og þá hverjar. Því að þetta er ekki bara þþingjandi fyrir hinn almenna íbúa heldur líka fyrir fyrirtæki, fyrir bændur sem reka flest sín tæki á olíu. Hvað með ferðaþjónustuna sem nú þegar hefur dregist saman á landsbyggðinni? Þetta hlýtur líka að hafa áhrif á dreifingu ferðamanna. Þarf ekki að kanna þessi áhrif?

Ég vil líka spyrja ráðherrann hvort hann hafi látið reikna út áhrifin á skuldastöðu heimilanna. Hækkun á bensíni, olíu og áfengisgjaldi hefur, eins og við vitum, bein áhrif á hana. Við viljum líka tengja þetta launum. Samkvæmt FÍB þarf fólk að afla á bilinu 45–70 þúsund krónum meira á ári. Við erum líka að tala um fólkið sem er beðið um að vera þakklátt fyrir 20 þúsund krónur, því að hlutfallslega væri það ekki lítið. Er þetta ekki dæmi um að við setjum í annan vassann og tökum svo úr hinum?

Loftslagsmál skipta okkur öll máli. Það þarf að gera orkuskiptaáætlun til framtíðar. Það þarf að leggja fram aðgerðaáætlun. Það er ekki hægt að henda út í kosmosið aðgerð hér og aðgerð þar sem ekki ná tilgangi sínum. Ekki eiga fjármunirnir að fara í loftslagsaðgerðir nema bara eins og hér var nefnt. Það eina sem lagt er til er að undanþágan varðandi rafmagnsbíla verði til þriggja ára. Við kaupum auðvitað ekki öll rafmagnsbíl á einu bretti. Við þurfum að finna einhverjar mótvægisáðgerðir. Ég myndi vilja heyra hjá ráðherra hverjar þær eigi að vera.

Kannski er það svo að innanbúðarmenn ríkisstjórnarinnar sjái til þess að þetta verði ekki gert. Alla vega hefur formaður efnahags- og viðskiptanefndar lýst því yfir að hann telji breytinga þörf á þessu tiltekna máli.

Forsætisráðherra gerði lítið úr þróun skattbyrðarinnar í stefnuræðu sinni í gær. Það er óumdeilt að um leið og skattbyrði lágtekju- og millihópa hækkaði fyrir hrun stórlækkaði skattbyrði hæstu tekjuhópa. Þar hafa mikil áhrif auknar fjármagnstekjur sem báru mun lægri skatta en atvinnutekjur launafólks. En ráðherrann vill bara tala um auknar ráðstöfunartekjur. Það breytir ekki þessari staðreynd. Þótt kaupið hafi hækkað eitthvað hefur skattbyrði þeirra lægst launuðu líka hækkað. Þetta fjárlagafrumvarp boðar minnkandi stuðning velferðarkerfisins sem étur þá upp þann litla ávinning af kjarasamningum.

Hann virðist líka vera búinn að gleyma rannsókninni sem rætt var um fyrir réttu ári, um að í fyrsta skipti frá iðnvæðingu hafi ungt fólk það verra en forverjar þeirra. Það er því miður svo að hægri pólitíkin sér ævinlega um sína. Fólkið sem hefur það betra í þjóðfélaginu nýtur frekar góðs af þeirri stefnu. En það ætti ekki að koma nokkrum manni á óvart.

Ég vil líka minnast aðeins á skólakerfið sem fer ekki vel út úr þessum fjárlögum.

Virðulegi forseti. Ég verð líklegast að fá að koma aftur því að ég á töluvert eftir af ræðu minni, en ég þarf að láta staðar numið að sinni.

[11:14]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður minntist á aðhaldið, bæði í andsvari sínu við hæstv. fjármálaráðherra og einnig í

ræðu sinni. Mig langaði til að vekja aðeins athygli á þessu í fjárlögunum. Hér er á hverju einasta málefna sviði aðhaldskrafa. Ef ég fletti t.d. upp á málefna sviði 7, Rannsóknir, nýsköpun og þekkingargreinar, bls. 222, erum við með aðhaldskröfu upp á 153 milljónir. Af hverju erum við með aðhaldskröfu í rannsóknum, nýsköpun og þekkingargreinum? Og af hverju erum við með aðhaldskröfu yfirleitt?

Hérna erum við einfaldlega að ákveða hversu miklar fjárheimildir hver stofnun, málefna svið og málefna flokkur fær. Aðhaldskrafa kemur því ekkert við því að lokum ákveðum við hversu mikill peningur á að fara hvert.

Það er mjög skrýtið að vera alltaf með einhvern takka sem skrófar niður upphæðina sjálfkrafa og hefur í rauninni enga þýðingu þegar við ákveðum lokaupphæðina.

Mig langaði því að eiga samtál við hv. þingmann aðeins um þessa aðhaldskröfu sem er gerð sjálfkrafa og dettur inn á eitthvað, eins og rannsóknir, það er bara fátíðlegt að það skuli eiga sér stað, og leggja það svona inn í umræðuna í framhaldinu hvernig við eigum að — ættum við ekki að breyta þessu?

[11:16]

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið. Það er alveg óhætt að segja að mjög víða, eins og ég kom inn á í ræðu minni, er það þessi aðhaldskrafa sem étur í raun upp það sem talað er um sem útgjaldsvigrúm. Ég ætla ekki að gera lítið úr því að stofnanir geta margar hverjar gert betur og það getur verið gott að hafa einhvers konar aðhald til að mæta því og reyna að eiga við það en hins vegar, þegar við erum að tala um fjársvelta starfsemi til margra ára, eins og í heilbrigðisgeiranum, eins og í menntageiranum, eins og í samgöngum, finnst manni auðvitað skrýtið að aðhaldið sé það mikið að allt of lítið verði hægt að gera sem skiptir verulega miklu máli í þessum kostnaðarsömu verkefnum.

Það er auðvitað mjög sérstakt það sem þingmaðurinn bendir á varðandi rannsóknir, nýsköpun og þekkingargreinar. Það er mjög sérstakt að hér er lækkan á milli rammanna, sem sagt árána 2017 og næsta árs, um nærri 200 milljónir. Hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra flutti ræðu hér í gær og talaði um framtíðarsýnina, hvað myndi taka við og hvort þörf væri á einhverri tiltekinni menntun eða ekki, en maður spyr sig hvort verið sé að skera niður í þessum geira. Það er svolítið sérstakt.

En við eigum eftir að fara betur yfir þetta í fjárlaganefnd. Þetta frumvarp átti að verða enn læsilegra en áður og það er eitthvað áleiðis, verð ég að segja, en alls ekki nægjanlega. Við stöndum enn frammi fyrir því að vera að leita og tölur virðast ekki stemma í texta og í töflum.

[11:18]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Það er gott að skýra þetta aðeins nánar. Það er þessi sjálfkrafa aðhaldskrafa sem ég er að gagnrýna. Að sjálfsögðu erum við með ákveðna aðhaldskröfu sem er þá upplýst aðhaldskrafa, bara svo að við tökum umræðuna um hvort það eigi við á hverju málefna sviði og hverjum málaflokki fyrir sig. En þessi sjálfkrafa aðhaldskrafa gerir það að verkum að allt á einu verður niðurskurður

á rannsóknum í rauninni um það magn sem sjálfkrafa er ætlast til. Sjálfkrafa, af hverju í ósköpunum?

Einnig vil ég bæta við fyrirspurn mína, andsvar mitt áðan, varðandi þessa athugasemd í fjárlagafrumvarpinu um að breikka skattstofnana sem er ekki verið að gera, það er einungis verið að hækka þá sem nú eru og við vitum að nokkrir hafa verið felldir út hérna á árum áður, hvort það sé ekki í rauninni nauðsyn að bregðast við því sem varað er við í fjárlagafrumvarpinu. Það hlýtur að koma til þess að við þurfum að breikka skattstofnana áður en eitthvað gerist eins og er lýst þarna, að við missum tekjur þegar fer að hægjast um.

[11:20]

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni andsvarið. Auðvitað er það svo að við Vinstri græn höfum talað fyrir því og þess vegna, eins og ég sagði áðan, ætla ég ekki að tala gegn grænum sköttum eða einhverju öðru slíku. Ég ætla heldur ekki að tala gegn því að hér verði tekinn upp auðlegðarskattur til dæmis. Við höfum lagt fram slíkar tillögur, t.d. um auðlindagjöld.

Það er alveg ljóst að hér eru að leka út kannski fyrirframgefnar tekjur, þ.e. eins og gert var ráð fyrir t.d. í kringum ferðaþjónustuna og fleira, sem er þá verið að taka inn núna að einhverju leyti til að mæta því á öðrum stöðum. Síðan hefur einkaneyslan vaxið sem mætir þessu líka þannig að gatið verður ekki 9 milljarðar eins og kannski hefði getað orðið.

Ég held að við eigum að breikka skattstofna. Ég held að það sé skynsamlegt. Það er borð fyrir báru víða í samfélaginu, sérstaklega hjá þeim sem eru betur staðir eins og við höfum margoft rætt.

[11:21]

Haraldur Benediktsson (S) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðu hennar sem hún flytur hér, ekki síst vegna góðrar þekkingar á fjárlögum og fjárlagafrumvarpi vegna setu hennar í fjárlaganefnd.

Það sem mér kemur í huga við lestur fjárlagafrumvarps, þessa frumvarps eins og annarra frumvarpa sem við höfum áður fjallað um, er kannski útgjaldaþungi frumvarpanna og útgjaldaþungi hins opinbera. Því langar mig að spyrja hv. þingmann sem gagnrýnir ráðstafanir, að ekki sé nógu mikið þarna og ekki nógu mikið hér. Hefur hv. þingmaður velt fyrir sér hvar við gætum skorðið upp útgjöldin og reynt að spara í ríkisrekstrinum og reynt að feta okkur stigin þar til að ná hagkvæmari ríkisrekstri?

[11:22]

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið. Ég hef sagt það áður í þessari pontu að mér finnst útgjaldaþungi ríkisins í rauninni ekki vera slíkur ef við horfum til þess að samneyslan hefur dregist saman ár frá ári. Ég lít svo á að við þurfum að auka samneysluna en ekki að draga úr henni eins og gert hefur verið undanfarnin mörg ár undir styrki stjórn Sjálfstæðisflokksins. Ég tek því ekki undir

það hjá hv. þingmanni að það sé eitthvert sérstakt vandamál. Það má alltaf gera betur í öllum rekstri, ég held að við getum verið sammála um það. Ég hef auðvitað ekki meiri innsýn í það en hv. þingmaður, hann hefur meira að segja kannski betri innsýn en ég hvað það varðar inn í einstaka stofnanir eða annað slíkt, við höfum auðvitað fengið þær til okkar og við verðum að bregðast við því sem þar kemur fram. Ég er heldur ekki að halda því fram að það eigi að segja já við öllu sem um er beðið, alls ekki. En þegar við tölum um grunnþjónustuna okkar, heilbrigðismálin, menntamálin, samgöngurnar, svo ég nefni nú bara þetta, þá verðum við að bæta betur í þar. Við verðum að gera betur þar vegna þess að í allt of mörg ár hefur verið úr of litlu að spila.

Þess vegna finnst mér sorglegt að horfa til þess og ég segi það líka þegar verið er að tala um og guma af 44 milljarða kr. afgangi sem ég ætla ekki að gera lítið úr, það er gott að eiga afgang. En er raunverulega hægt að tala um afgang þegar við erum með vanfjármagnaða innviði? Er hægt að tala um afgang þegar við erum með ónýta vegi? Erum við þá ekki að ýta einhverju bara inn í framtíðina sem við erum ekki að leysa núna? Er hægt að tala um afgang þegar fólk brennur upp í störfum í heilbrigðisþjónustunni, í kennslunni o.s.frv. vegna þess að það er ekki búið nægilega vel að því? Ég held ekki.

Við þurfum eflaust og getum eflaust skoðað einhverjar tilteknar stofnanir. En ég held að við þurfum að leggja betur til þessarar grunnþjónustu.

[11:24]

Haraldur Benediktsson (S) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmanninn fyrir svar hennar sem ég leyfi mér að túlka með þeim hætti: Nei, það er ekki sérstök þörf að draga saman á nokkurn hátt í útgjöldum hins opinbera.

Annað sem mér kemur í huga eftir ræðu þingmannsins er að við vinnu við fjármálaáætlun í vor lagði hv. þingmaður fram tillögur um verulegar skattahækkunarir. Ég tók eftir því í ræðu hennar að þá gagnrýndi hún skattahækkunartilöggu ríkisstjórnarinnar og kom mér nokkuð á óvart miðað við þann tillöguflutning sem hún hafði haft áður uppi á vörmanuðum þar sem hún flutti tillögur um verulegar skattahækkunarir, allt að 1 milljón á hvert heimili á gildistíma fjármálaáætlunar, en þá henta ekki þessar skattar. Hvaða forgangsroðun er í skattahækkunum sem hv. þingmaður getur séð fyrir sér?

[11:25]

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir. Ég hef sagt það hér, og hef ekkert legið á því, að ég ætla ekki að gera lítið úr því að innheimta græna skatta, alls ekki. Hv. þingmaður veit það jafn vel og ég að við erum ekki að tala um skatta sem leggjast á alla jafnt, við viljum að tekjuskattkerfið sé jafnanði. Það hefur ekki gerst í tíð þessarar ríkisstjórnar og þetta eru fyrst og fremst álögur á landsbyggðina. Það finnst mér ekki vera byggðastefnulegt og ég get ekki tekið undir það að slíkt sé gert án þess að einhverjar mótvægisáðgerðir komi til. Fyrir utan það er verið að henda

þessu hér út í kosmosið í nafni þess að það sé grænt, í nafni þess að koma eigi til móts við loftslagsmarkmið. Engar áætlanir liggja fyrir hjá þessari ríkisstjórn um þau mál. Það þarf líka að taka þetta í því samhengi.

Um útgjaldþungann í þessu frumvarpi — það er ekki rétt hjá hv. þingmanni að hvergi megi skoða eða taka til — þá ræddi ég fyrst og fremst um grunnþjónustuna. Það er mikilvægt að hafa það í huga.

[11:26]

Fjármála- og efnahagsráðherra (Benedikt Jóhannesson) (V) (andsvar):

Frú forseti. Hv. þingmaður beindi til mín ákveðnum spurningum og ábendingum sem vissulega er þörf á að ræða og ég veit að þær verða ræddar í meðferð þingsins á fjárlagafrumvarpinu. Þar nefnir hv. þingmaður til dæmis mótvægisáðgerðir. Það er vissulega rétt að skattar á neyslu, hvort sem það eru virðisaukaskattur sem mun leggjast á almenna neyslu eða sértekur skattar sem leggjast á eldsneyti, kolefnisgjöld, leggjast eingöngu á þá sem nota það sem um ræðir. Það er rétt sem hefur verið bent á, og ég veit að það verður tekið til meðhöndlunar í þingnefnd, og þar vænti ég þess að horft verði til þess hvernig hægt verði að byggja upp víðar hraðhleðslustöðvar þannig að bílar nýtist betur á landsbyggðinni, rafbílar og tvinnbílar. En ég vil spyrja hv. þingmann: Hvaða mótvægisáðgerðir sér hv. þingmaður fyrir sér í þessu sambandi?

[11:28]

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir spurninguna. Ég tel einmitt að við þurfum að skoða byggðaaáhrif skattans, eins og ég kom inn á áðan. Það að byggja hraðhleðslustöðvar úti um allt dugar ekki til. Við megum heldur ekki gleyma því að það gerist ekki þannig að við skiptum út bílafлотanum sisvona og við gerum það heldur ekki til sveita. Þar er mikið af tækjum og tólum sem við skiptum ekkert út bara sisvona. Þetta tekur allt tíma og þess vegna þarf að gera áætlanir. Þess vegna kalla ég eftir aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í þessum málum.

Ég hef í sjálfu sér ekki lagt niður fyrir mér hvaða mótvægisáðgerðir væru bestar, enda er það væntanlega annarra en mín að koma fram með tillögur um það til þess að ná utan um það í fjárhæðum talið hvernig þetta kemur við tilteknar byggðir o.s.frv. Eigum við að gera þetta í einni og sömu áðgerðinni? Hentar eitt öllum og allt það? Það er eitt-hvað sem ég get ekki sagt hér og nú, ég játa það alveg, en ég sé í hendi mér að þetta myndi koma mjög illa við víða. Við landsbyggðarfólk sækjum þjónustu mjög víða, mikið hingað suður til Reykjavíkur. Við þurfum að fara um langan veg sem oft er ekki góður og þess vegna held ég að það þyrfti að koma eitthvað til. Ráðherrann verður að finna út úr því hvernig það gæti verið best og til þess hefur hann væntanlega gott fólk sér til hliðar að reyna að finna út úr því. Það er líka hægt að kalla til sveitarfélögin, það er hægt að kalla til samstarfshópana, þ.e. landshlutasamtök sveitarfélaga, og spyrja: Hvað mynduð þið telja að mætti þessu? Það eru auðvitað þau sem fást við þetta dags daglega úti á akrinum þannig að ég held að það væri vanlegra en að einhver einn alþingismaður fari að nefna tiltekin dæmi.

[11:30]

Fjármála- og efnahagsráðherra (Benedikt Jóhannesson) (V) (andsvar):

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni svarið. Ég lít reyndar svo á að þegar fjárlagafrumvarpið hefur verið lagt fram sé þetta sameiginlegt verkefni okkar allra þingmanna. Nú fer þetta úr höndum ráðuneytisins yfir til þingsins.

Ég get sjálfur nefnt atriði sem myndu hjálpa til víða á landsbyggðinni, t.d. ef við skilgreindum flug sem almenningsamgöngur. Það held ég að væri stórt skref í þá átt að veða á móti. Almenningsamgöngur almennt eru orkuvæn- ar, svo ég svari þarna spurningu minni fyrir þingmenn.

Hv. þingmaður sagði: „Alltaf má gera betur í öllum rekstri“. Aðhaldskrafa er í raun og veru krafa um hagræðingu. Hver væri hin eðlilega aðhaldskrafa að mati hv. þingmanns?

[11:31]

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir andsvárið. Ég tek undir með honum, þó að flugið sé nú ekki beint umhverfisvænt þá er það auðvitað bara eina tengingin mjög víða. Það er hins vegar ekki gert ráð fyrir peningum sem einhverju skipta til þess að mæta þeirri kröfu. Það er búið að skipa vinnuhópa og þeir eru búnir að skila af sér. Það er enn annar hópur í gangi. Við erum alltaf að stofna einhverja vinnuhópa sem skila af sér tillögum en svo þarf alltaf að skipa nýja vegna þess að það kemur ný ríkisstjórn eða eitt-hvað til þess að búa til einhverjar aðrar niðurstöður.

Að mínu viti hefði átt að vera löngu búið að gera þetta, þ.e. mæta innanlandsfluginu sem almenningsamgöngum. Almenningsamgöngurnar í hinum dreifðu byggðum duga okkur ekkert til daglegs reksturs. Það veit ráðherra jafn vel og ég.

Hver aðhaldskrafan á að vera, það er auðvitað misjafnt. Það er kannski það sem var gert hér rétt eftir hrúnið. Þá sættu t.d. þessar viðkvæmu stofnanir minna aðhaldi en sumar aðrar þurftu að sæta. Það held ég að við þurfum að skoða hverju sinni, þ.e. hvort grunnþjónusta (Forseti hringir.) okkar sæti minna aðhaldi, það gangi ekki jafnt yfir alla.

[11:33]

Björn Leví Gunnarsson (P):

Virðulegi forseti. Nú vinnum við eftir lögum um opinber fjármál og fjöllum hér um fyrsta fjárlagafrumvarpið sem er byggt bæði á fjármálastefnu og fjármálaáætlun sem hægt er að taka mark á og hefur fengið undirbúning hjá ríkisstjórn og umfjöllun á Alþingi. Það verður þó að hafa í huga að þær aðstæður sem fjármálastefna og fjármálaáætlun voru unnar í voru eilítið óvenjulegar. Ríkisstjórnin fékk um það bil hálfu ári skemmri tíma til að leggja sitt mark á stefnu og áætlun. Bæði fjármálastefna og fjármálaáætlun báru þess merki eins og kom vel fram í umræðum á Alþingi í kringum þau mál.

Fjárlagafrumvarpið er hins vegar ekkert nýtt af nálinni. Ríkisstjórnin fékk allan þann tíma sem hægt er að fá til að skila því af sér. Munurinn á þessum fjárlögum og fyrri fjárlögum er að þetta er fyrsta fjárlagafrumvarpið sem er byggt á fjármálastefnu og fjármálaáætlun sem fóru alla leið í

gegnum kerfið, fengu umsagnir fjármálaráðs og því um líkt. En til áminningar, þar sem þetta er allt nýtt, þá á fjármálastefnan að fjalla um þróun eigna og skulda opinberra aðila í heild til a.m.k. fimm ára. Fjármálaáætlunin á að fjalla um efnahagsþróun, setja markmið um þróun tekna, gjalda og skulda, og að lokum setja stefnu fyrir málefnasvið ríkissjóðs.

Bæði fjármálastefna og fjármálaáætlun eiga að fylgja grunnildum um sjálfbærni, varfærni, stöðugleika — sem nú til dags er í raun hæfnin til að aðlagast breytilegum aðstæðum að mínu mati — festu og síðan gagnsæi. Eins og kom vel fram í umræðum á Alþingi um fjármálastefnu og fjármálaáætlun voru þó nokkrar brotalamir þar á. Sérstaklega voru gerðar alvarlegar athugasemdir vegna skorts á gagnsæi.

Fjárlagafrumvarpið gerir aðeins betur. Að hluta til vegna þess að það er bara meiri reynsla á bak við fjárlagafrumvarpsgerð og efni þess. Þó hafa verið gerðar nokkrar meiri háttar breytingar sem þarf að taka tillit til við gerð fjárlaga. Það fyrsta er að það á ekki að vera neitt fjárlagafrumvarp. Samt á að leggja eitt slíkt fram í október samkvæmt þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar. Það skrifast einfaldlega á síðustu ríkisstjórn sem vanáætlaði ýmsa útgjaldaliði þrátt fyrir að vita betur. En í fjárlagafrumvarpi fyrir 2018 lítur út fyrir að búið sé að vinna vel að því að fjármagna þá fjárlagaliði sem ítrekað hafa verið vanáætlaðir á undanförunum árum. Nú fá þeir raunveruleikaleiðréttingu í fjárlagafrumvarpinu í stað þess að vera alltaf afgangur í fjárlagalögum þegar kemur í ljós að kostnaðarmatið var aftur rangt.

Þar ber hæst málefnasviðið lyf og lækningavörur sem er raunuppfært um 1,8 milljarða kr. og málefni hælisleitenda sem voru ekkert vanáætluð, þau voru vísvitandi undirfjármögnuð. Það er gott, gagnsæisins vegna, að þetta sé uppfært. Nú verður auðveldara að bera saman tölur á milli fjárlaga áður en ríkisreikningur er gefinn út. Það þarf ekki að púsla saman útgjöldum með fjárlögum, fjárlagalögum og jafnvel lokafjárlögum til að komast að því hvað eitthvað kostaði. Þessi raunveruleikaleiðrétting útskýrir dágóðan hluta þeirrar útgjaldabreytingar sem er á milli fjárlaga 2017 og fjárlaga 2018, sem er sögð vera rúm 18 milljarðar. Eftir að búið er að taka tillit til þessara leiðréttinga er útgjaldaaukningin nær því að vera 11–12 milljarðar.

Önnur mikilvæg viðbót eru skýrslur ráðherra. Í lögum um opinber fjármál er kveðið á um mánaðarlegar, ársfjórðungslegar, árlegar og svo þriggja ára skýrslur. Ársfjórðungsskýrslurnar eru meira að segja tvær. Allar þessar skýrslur eiga að hjálpa okkur öllum, ekki bara þingmönnum, að fylgjast með því hvort framkvæmd fjárlaga sé á réttu róli og hvort stefnumótun til framtíðar sé á réttri braut. Fyrsta skýrslan sem vert er að nefna er mánaðarskýrsla A-hluta ríkissjóðs, gefin út af Fjársýslu ríkisins. Mjög fín skýrsla. Hægt er að fara yfir stöðu tekna og útgjalda ríkisins frá mánuði til mánaðar. Næsta skýrsla er ársfjórðungsskýrsla A-hluta. Hún er ekki til. Það næsta sem kemst því að vera sú skýrsla er minnisblað sem fjárlaganefnd fær. Hvað sem hver segir telst það að senda fjárlaganefnd minnisblað ekki vera „að birta skýrslu“, eins og segir í lögum um opinber fjármál. Minnisblaðið inniheldur ekki einu

sinni allt sem á að vera í þeirri skýrslu. Ég er ekki einu sinni búinn að fá kynningu á þessu minnisblaði, ég veit bara að það var að berast og er kannski komið inn í skjala-kerfi þingmanna.

Til viðbótar er hverjum ráðherra heimilt að veita tilfallandi styrki og framlög til verkefna sem gera skal grein fyrir í fylgiriti fjárlaga. Þar er að finna upplýsingar um skuldbindandi styrki og samninga en ekki tilfallandi styrki og framlög. Það vantar. Skamm, skamm.

Ársfjórðungslega skal ráðherra birta skýrslu þar sem borin er saman framvinda opinberra fjármála við markmið fjármálaáætlunar. Ég hef ekki fengið neina slíka skýrslu. Ég finn hana ekki þegar ég leita. Mér er sagt af þeim sem eru öllum hnútum kunnugir að ekkert sé til. Skamm, skamm aftur.

Að lokum eru tvær skýrslur sem er sagt að ekki sé kominn tími á enn þá. Annars vegar er það skýrsla sem gefa á út á þriggja ára fresti a.m.k. þar sem horft er fram á veginn og spáð fyrir um þróun ýmissa þátta samfélagsins til næstu áratuga. Hins vegar er það ársskýrsla ráðherra þar sem á að gera grein fyrir niðurstöðu útgjalda innan málefna sviða og málaflokka og hún borin saman við fjárheimildir fjárlaga. Tekið er sérstaklega fram að framsetning ársskýrslu skuli vera skýr og greinargóð. Það má vel vera að fjárlagafrumvarpið uppfylli eitthvað af skilyrðum ársskýrslunnar en það er hvorki skýrt né greinargott að leita í frumvarpinu né heldur er það skýrt og greinargott að ekki sé til nein sérstök skýrsla um þetta eins og á að vera. Þegar fólk fer að leita að þessari skýrslu er ekki það fyrsta sem því dettur í hug að leita í fjárlagafrumvarpinu. Skilaboðin sem ég fæ er að það eigi að gera hana á næsta ári. Ég hef ekki hugmynd um hvenær framtíðarskýrslan á að vera tilbúin en verð að gera athugasemdir við metnaðarleysið, að fresta þessum skýrslum. Það er í fyrsta lagi engin afsökun fyrir því að fresta ársskýrslunni. Það er allt sem segir manni að framtíðarskýrslan væri mjög gott gagn við gerð fjármálastefnu, fjármálaáætlunar og fjárlaga, jafnvel þótt hún væri ekki gefin út nema í smækkaðri mynd í fyrstu atrennu. Það mætti gera nýja og betri að ári. Það er a.m.k. á þriggja ára fresti sem þarf að gefa þetta út. En ég veit að fólk hefur lagt mjög mikið á sig við að koma öllu þessu til okkar og kann að meta afurðina. En ég væri ekki að sinna starfi mínu ef ég benti ekki á það sem vantaði. Þau skilaboð eru ekki endilega til ráðuneyta og stofnana. Það eru frekar skilaboð til okkar þingmanna að passa upp á að það sé hægt að sinna því starfi sem við eigum að sinna lögum samkvæmt.

Detnum nú í smá pólitík. Við eigum eftir að heyrja kunnuglega frasa og slagorð eins og venjulega í umræðum um fjárlagafrumvarpið. Það er auðvelt að grípa til frasa og slagorða. Fólki líður vel þegar það heyrir það sem það kannast við. Eða kannski illa, eftir atvikum. En það er í raun enginn nær um hvað er í gangi. Raunveruleikinn frá mínum bæjar- dyrum séð er sorglegri en kunnulegir frasar ná utan um. Í umræðum um fjármálastefnuna kom skýrt og greinilega í ljós að markmið ríkisstjórnarinnar var að greiða niður skuldir. Punktur. Í umræðum um fjármálaáætlun trúði heldur enginn á upphæðirnar sem voru settar fram og héldu að þær yrðu lagaðar í fjárlagafrumvarpinu, svipað og var gert fyrir árið 2017. Svo var ekki. Það er virðingarvert út af fyrir

sig og er gríðarlega nauðsynlegur hluti af nýja fjárlagaferlinu að halda þeirri festu sem áætlun og stefna setja fram. En þetta þýðir bara eitt: Skuldir verða greiddar niður og ekkert annað.

Þegar ég segi „ekkert annað“ er það ekki hárnákvæmt. Það er pólitísk námundun hjá mér. Það sem ég meina er að smá peningum er hent í málefni aldraðra, kannski skiljanlega, það er öflugur kjósendahópur sem hefur margt gott til málanna að leggja og málstaður þeirra er réttmætur. En upphæðirnar sem hent er í málaflokkinn eru dropi í haðið, því miður. Það er ekki hægt að segja annað en að verið sé að friðþægja þá sem hafa, með réttu, hátt. Það sé verið að borga burtu óþægilega gagnrýni. Ef það væri einhver alvara með því að leysa vandamálin á þessu málefna sviði væri eitthvað að finna um það í þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar. Það er ekkert.

Í anda heiðarleika þá finn ég að vísu eitt málefna svið þar sem fjárlagafrumvarp og þingmálaskrá sýna einhverja stefnu og það er í málefnum öryrkja og fatlaðs fólks. Þar kemur t.d. loksins til framkvæmda samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og NPA. Hér er hægt að segja: Loksins. En ekki mikið meira. Húra fyrir að gera loksins það sem allir hefði líka gert a.m.k. jafn vel. Þetta átti að vera löngu klárað. Það eru formlegheit að þessi viðbót sé núna loksins að koma inn í fjárlög. Ég ætla því að halda mig við að það líti út fyrir að með frumvarpinu sé verið að greiða niður skuldir og ekkert annað. Engin uppbygging, bara klórað í bakkann. Smá friðþæging. Bygging nýs meðferðarkjarna Landspítalans er ekki uppbygging, hún er lífsnauðsynleg lagfæring eftir niðurskurðinn í hruninu.

Við Píratar segjum að við verðum að fara í uppbyggingu eða eins og fjármálaráð benti á í álitu sínu; við verðum að gera ábatagreiningu á þeim verkefnum sem bíða til þess að hægt sé að taka ákvarðanir um forgangsroðun. Það er góðra gjalda vert að greiða niður skuldir og spara vaxtakostnað. En aðrar framkvæmdir gætu skilað jafnvel meiri ábata en sem nemur vaxtakostnaðinum. Við vitum bara ekki hverjar því greiningin er ekki til, en uppbygging í heilbrigðiskerfinu virðist augljós valkostur.

Við Píratar teljum að kostnaðurinn við að tefja nauðsynlega uppbyggingu geti orðið meiri en ágóðinn sem fæst af sparnaði vegna minni vaxtakostnaðar. Hver veit, að öllum líkindum þurfum við að taka lán fyrir uppbyggingunni þegar allt kemur til alls. Hver var þá afrakstur stefnunnar að borga niður skuldir yfirleitt?

Píratar lögðu upp leiðir fyrir kosningar til að auka tekjur ríkisins með því að fá sanngjarna greiðslu fyrir notkun á sameiginlegum auðlindum og nota þá upphæð í uppbyggingu, t.d. í heilbrigðiskerfinu. Þess vegna er mjög áhugavert að sjá ábendingar í fjárlagafrumvarpinu um að skattstofnar séu ekki nógu breiðir. Og það er merkilegt að þrátt fyrir að ríkisstjórnin segi að skattstofnarnir séu ekki nógu breiðir ætli hún ekki að gera neitt til að breikka þá og minnka álagið á meginskattstofnana, sem þá væri mögulegt að lækka á móti. Það væri t.d. hægt að setja eignarskatt með lögheimilispersónuafslætti upp á 100 milljónir. En stefnan er: Borga niður skuldir, ekkert annað.

Velkomin í 1. umr. fjárlaga 2018, hárlitun þar sem ekkert er látið líta út fyrir að vera eitthvað.

[11:43]

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna. Eins og við var að búast fór hann svoltíð í kerfislega umræðu fyrst, hann sveik mann ekkert um það. Mig langar aðeins til að velta því upp með honum að stór hluti þessara fjárlaga er til kominn, alla vega eins og ég upplifi þau, þ.e. viðbótin eins og talað er um, er mikið til út af öldrun þjóðarinnar sem gleymdist óvart að gera ráð fyrir, fjölgun hælisleitenda sem var vitað um, a.m.k. komu drög frá Útlendingastofnun og annað sem við fengum inn í nefndina sem sagði okkur það, og út af vanfjármögnun á breyttum lögum almanna-trygginga, það var líka rætt í þingsal að það væru efasemdir um að þeir fjármunir dygðu til. Nú á fjárlagalafrumvarpið samkvæmt þingmálaskrá ekki að koma fram fyrir en í október og mig langar til að velta því upp með þingmanninum hvað honum finnst um það. Ættu ekki stóru línurnar að liggja fyrir núna? Nú er fjárlagalafrumvarpið komið fram. Við eigum í rauninni ekki að vera með fjárlagalög nema bara að eitthvað brest í samfélaginu samkvæmt hinum nýju lögum um opinber fjármál. Þá finnst mér við vera að fara að taka aftur við frumvarpi þar sem meiri parturinn var fyrir séður og ekkert er sérstaklega mikið nýtt og óvænt. En aðallega þetta: Ætli við megum búast við einhverju meiru, ég gleymdi bara að spyrja ráðherrann um það áðan, sem veldur því að frumvarpið kemur ekki fram fyrir en í október? Af hverju í ósköpunum? Hefði það ekki átt að vera lagt fram núna með fjárlagalafrumvarpinu?

[11:45]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Þetta er mjög áhugaverð spurning. Ég fór í andsvari yfir töfluna á bls. 135. Það er ekkert auðvelt að blaða í blaðsíðunum hérna og tína út hvaðan aukningin kemur. Fjárlagalafrumvarpið er dálítið undarlegt í þessum buningi sem við erum með samkvæmt lögum um opinber fjármál. Í fjárlagavinnunni 2017 kom t.d. innanríkisráðuneytið og útskýrði nokkrar sviðsmyndir í málefnum hælisleitenda og kostnað sem var langt umfram það sem var síðan lagt fram og í rauninni það sem ríkisstjórnin lagði fram. Á sama tíma er nýbúið að setja ný útlendingalög sem gáfu ríkisstjórninni ákveðnar heimildir til að vinna þann málaflokk eða það verkefni hraðar. Maður veltir fyrir sér: Allt í lagi, þeir leggja til miklu lægri upphæð en innanríkisráðuneytið segir að sviðsmyndirnar geti endað í, það hlýtur þá að vera að þeir ætli að nota þessar breytingar á lögnum til að vinna á skilvirkari hátt. En svo kemur á daginn, mánuð eftir mánuð eftir mánuð, að við fáum viðvaranir um að verið sé að fara langt fram yfir fjárheimildir. Við erum alltaf að spyrja: Af hverju er ekki verið að gera neitt? Hvað ætlið þið að gera í þessu?

Svörin sem við fáum eru að þessu verði reddað í fjárlaga. En það á ekki að gera það. Það á bara að gera það ef himinn og haf ferst eða eitthvað því um líkt. Ég átta mig ekki á því hvað við ætlum að gera við fjárlagalafrumvarpið. Það sem ég sé jákvætt hvað það varðar í frumvarpinu fyrir 2018 er að það virðist vera búið að loka þessum hefðbundnu vanáætluðu liðum þannig að ég er bjartsýnn á framhaldið, en 2017 er enn þá vandamál.

[11:47]

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir svárið. Ég ætla bara að grípa boltann þar sem hann endaði. Ég er ekki alveg jafn sannfærð um að það sé búið að loka þessu gati. Það er alveg rétt að sumar stofnanir hafa farið fram úr og hér hafa Sjúkratryggingar Íslands gjarnan verið nefndar í því samhengi, þær hafa farið mikið fram úr og alltaf fengið viðbætur í gegnum fjárlagalög. Maður fór að halda og hefur hugsað um það hvort það sé hreinlega þannig að kostnaðurinn sé bara vanáætlaður af því að það er vitað mál að þetta fæst bætt. Það er auðvitað óásættanlegt. Hv. formaður nefndarinnar spurði mig áðan hvar væri hægt að taka til og það er t.d. hægt að velta þessu fyrir sér. Þá er ég auðvitað ekki að tala um sérmerktu S-lyfin, þar höfum við þurft að draga mjög úr því að fá ný lyf. Núna ætti að vera lag að gera það en ég hef t.d. áhyggjur af þeim lið í fjárlagalafrumvarpinu og átta mig ekki á því hvort við getum átt von á því að geta flutt inn einhver ný lyf eða hvort það sé bara verið að bregðast við því sem orðið er. Það er alltaf verið að tala um að það þurfi að taka afstöðu til þess hvort þetta eigi að vaxa endalaust eða ekki en sú afstaða er aldrei tekin. Á meðan sitjum við uppi með það að ekkert breytist. Ég hef áhyggjur af því að við náum ekki enn þá utan um þetta. En fyrst og fremst er það þetta sem ég ræddi áðan og spurði þingmanninn um og átti orðastað við hann um, þ.e. að mér finnst þetta skrýtið og það leiðir hugann að því að það geti verið að eitthvað sé meira en þessir stóru liðir sem eigi hreinlega að reyna að setja inn í fjárlagalafrumvarpið. Ég held að við séum að tala um tugi milljarða, ekki bara nokkra.

[11:49]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Já, þetta eru vangaveltur sem er áhugavert að þæla í, einmitt þetta að fjárlagalafrumvarpið kemur fram svona seint þrátt fyrir að við höfum vitað af þessum veikleikum í þó nokkuð langan tíma. Það er undarlegt að það sé ekki tilbúið. Ég bar upp þessa töflu á bls. 135 aðallega til að vekja athygli á þessum svokallaða útgjalda-akka upp á 18 milljarða og vekja athygli á því að þetta er ekki sanngjarn samanburður.

Jú, það er stoppað upp í þessi augljósu göt og maður vonar að það haldist en það getur vel verið að það verði svipað og áður. Það er þó verið að stoppa upp í þennan mun á lyfjum og lækningavörum sem var t.d. ekki gert áður, alla vega ekki í sama magni, þannig að vonin er sú að það verði mjög auðvelt að nota varasjóðinn væntanlega til þess að brúa það bil sem á að gera í staðinn fyrir að taka það inn í fjárlagalög.

Það er áhugaverð þæling af hverju fjárlagalafrumvarpið kemur fram svona seint og það verður áhugavert að sjá skýringarnar með tilliti til þess hvað þarf til að fjárlagalafrumvarp sé lagt fram samkvæmt lögum um opinber fjármál. Ég hlakka bara til.

[11:51]

Haraldur Benediktsson (S) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Birni Leví Gunnars-

sýni fyrir ræðuna. Undir lok hennar minnst hann á tillögur Pírata til tekjuöflunar. Ég kann vel að meta þegar menn brjóta upp ræðurnar og kvarta ekki bara yfir því að það vanti útgjöld hingað og þangað heldur leggja hugmyndir, tillögur inn í umræðuna. Hann nefndi eðlilegan hlut í nýtingu auðlindanna. Veruleiki okkar er mismunandi sem störfum á Alþingi og uppruni okkar er mismunandi. Við berum virðingu fyrir því.

Veruleiki minn er þessi, hv. þingmaður: Í byggðarlögum sem ég er fulltrúi fyrir horfir fólk nú framan á samdrátt og samþjöppun sjávarútvegsfyrirtækja m.a. vegna veiðigjalda og að sjálfsögðu líka vegna annarra þátta. En drifkraftur þeirrar samþjöppunar og þess að fyrirtæki hörfa nú frá byggðum og þess að fólk missir atvinnu er óumdeilt gjaldtaka sem við höfum nefnt veiðileyfagjöld.

Þá langar mig að biðja hv. þingmann að svara fólki á Snæfellsnesi, Akranesi og víða um land fyrir mig og deila með því sýn sinni á það hvernig þessi eðlilega hlutdeild í nýtingu auðlindanna getur birst þessu fólki þegar veruleikinn í dag er með þeim hætti sem ég hef hér lýst.

[11:53]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Það hefur komið skýrt fram að vandamálið með veiðigjöldin er hversu seint þau eru innheimt og þá ekki miðað við núvirði. Mig langar að fá að vekja athygli á því fyrst hv. formaður fjárlaganefndar nefndi það, að samkvæmt fjármálaáætlun er gert ráð fyrir 10,2 milljarða innheimtu á veiðigjöldum í verkefninu um aukna sátt um greiðslufyrirkomulag af sameiginlegum auðlindum hafsins. Í fjárlagafrumvarpinu, sem er byggt á fjármálaáætlun, er gert ráð fyrir tekjum upp á 10,2 milljarða. Það er bara verið að fara eftir fjármálaáætlun. Byggt er á verkefni um innheimtu á veiðigjöldum eða einhvers konar gjöldum af sameiginlegum auðlindum hafsins í þeirri sátt sem talað er um í fjármálaáætlun. Sáttin er nokkuð sem við horfum mikið til sem lýðræðisflokkur. Ég hlakka til að sjá framvindu starfs þeirrar nefndar sem á að vinna að þessari sátt. Mér finnst mjög áhugavert að gert sé ráð fyrir þessum 10,2 milljörðum í tekjur áður en búið er að klára sáttameðferðina.

[11:54]

Haraldur Benediktsson (S) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmanninum þetta svar. Hann kom samt ekkert inn á það sem ég bað hann að gera, þ.e. að svara fólki í þessum byggðarlögum um það hvernig hugmyndir um verulegar tekjur af nýtingu sameiginlegra auðlinda eiga að birtast því fólki. Ég þekki fjárhæðina sem var í fjármálaáætlun og ég þekki upphæðina sem er í fjárlagafrumvarpinu. Við getum alveg deilt skoðunum á því að innheimtakerfið er gallað og nú er verið að innheimta veiðigjöld fyrir góð ár í sjávarútvegi akkúrat þegar verulega kreppt er. En ég heyrdi ekki svarið sem ég var að fiska eftir.

Það er annað sem mig langar að biðja hv. þingmann um vegna setu hans í hv. fjárlaganefnd þar sem hann hefur lagt gjörva hönd á plóg. Mig langar mig að biðja hann að velta fyrir sér útgjöldunum og útgjaldþunganum. Sömuleiðis

spyr ég, eins og ég hef spurt aðra fjárlaganefndarmenn: Hvar mundi þingmaðurinn geta séð fyrir sé að við gætum skorið upp og endurskoðað útgjöld og lækkað þau?

[11:56]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Jú, ég skal svara fólki á Snæfellsnesi, Vestfjörðum og í Reykjavík líka og fleirum. Þar er einfaldlega stefna okkar að arðurinn sem kemur af því að nýta sameiginlegar auðlindir dreifist ekki á jafn fátur hendur. Það er rosalega einfalt svar og mjög augljóst. Þetta er það sem við höfum horft upp á á undanförunum árum, að arðurinn af nýtingu sameiginlegrar auðlindar safnast á fátur hendur. Þetta snýst bara um það að dreifa þeim auð sanngjarnar til þeirra til sem hafa rétt á því, til nærsamfélagsins. Ef fólk getur kvittað undir það þá hlýtur það að vera sammála því að við þurfum að vinna í þá átt í sáttinni.

Útgjaldþunginn. Það er orð sem verið er að nota hérna. En ég er ekkert viss um að það sé rétt að nota það. Hv. formaður fjárlaganefndar þarf fyrst að sannfæra mig um að um einhvern útgjaldþunga sé að ræða. Ég hef ekki séð það. Það sem ég sé í ræðunum hérna er að hlutfallið af útgjöldum ríkisins hefur minnkað miðað við verga landsframleiðslu. Ég þarf að skoða það töluvert betur. Ef það hefur farið lækkandi þá er alls ekki útgjaldþungi í gangi þannig að ég bara vísa því aftur til fyrirsprjanda.

[11:57]

Sigurður Ingi Jóhannsson (F):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns beina einni fyrirsögn til hæstv. fjármálaráðherra. Nú erum við að innleiða nýtt umhverfi og þar af leiðandi er umræðan um fjárlög kannski aðeins öðruvísi en við höfum oft séð áður. Annað ár fjármálaáætlananna liggur fyrir og einn liður í því fyrir fjárlaganefnd og okkur í þinginu er að fá svokallaðar eftirlitsskýrslur úr ráðuneytinum, frá fagráðherrum þar sem þeir leggja mat sitt á það hvernig gangi að uppfylla fjárlög-in, þau markmið sem ráðuneytin hafa sett sér. Ég hefði talið það mjög æskilegt að þessar skýrslur hefðu legið fyrir í júní eða í sumar þannig að hægt væri að ræða þær núna þegar við erum að tala um fjárlagafrumvarp næsta árs til að leggja mat á það hvernig fjárlögin 2017 eru að ganga. Duga þær fjárhéimildir sem þingið veitti fyrir þeim markmiðum o.s.frv.? Mér finnst skipta máli að þetta komi fram hérna af því að við erum að innleiða nýja hluti. Í þessu mikla plaggi um frumvarp til fjárlaga er fjallað svolítið um fjármálaáætlun, fjármálaráð og slíkt. Ég sá hvernig minnst á eftirlitshlutverk eða álitshlutverk Bygðastofnunar sem þarf að meta byggðaleg áhrif á fjármálaáætlunina því að núna kemur útfærsla á fjárlögum og þá koma kannski upp nýjar spurningar, nýjar víddir. Kolefnisgjaldið er auðvitað eitt af því sem ég kem aðeins betur inn á á eftir.

Varðandi fjárlögin er ómögulegt annað en að byrja á tekjunum. Þá þurfum við að byrja á árinu 2017 sem var óvanalega mikið útgjaldaár. Þið munið öll, ágætu þingmenn, að við frágang fjárlagafrumvarps í desember 2016 við óvanalegar aðstæður urðu mikil útgjöld vegna ársins 2017. Engu að síður stefnir nú í að það verði meiri afgangur vegna þess að tekjurnar eru svo miklu meiri, um 25 millj-

arðar kemur fram á bls. 96, þrátt fyrir að útgjöldin hafi jafnvel aukist enn umfram það sem fjárlögin buðu upp á.

Várðandi 2018 hef ég þá trú að vænta megi enn frekari tekjuaukningar og að sá 44 milljarða afgangur sem hér er talað um gæti orðið meiri, m.a. vegna arðs og einskisþekna. Í því ljósi er svolítið merkilegt að horfa á aukna skattheimtu upp á 4 milljarða sem ríkisstjórnin leggur til á neysluskatta, þ.e. eldsneytisgjöldin, áfengisgjöld, bifreiðagjöld og kílómetragjald. Hér er annars vegar um að ræða uppfærslu á verðlagi upp á 2,2% á alla línuna. Ég get alveg skilið að það sé þörf á því og þegar verðbólga er lág skiptir það ekki máli. Vilji menn hins vegar rjúfa þann vátahring að verðtryggingin sé alls staðar og allt um kring þarf ríkisvaldið stundum að ganga á undan. Það gerðum við á síðasta kjörtímabili þegar við hækkuðum ekki, það var gert til þess að rjúfa þann hring að menn hækki alltaf sjálfkrafa en hugsuðum ekki: Hvernig leggjast þessar álögur á einstaka hluti? Þetta finnst mér skipta máli vegna þess að það er verið að breyta álögum á einstaka aðila.

Stóra myndin er sú að hér gengur allt býsna vel, efnahagsmálin eru í góðum gangi, það er meira að segja meira jafnvægi núna en í vor þegar við vorum að ræða þessi mál af því að gengið hefur gefið eftir og annað í þeim dúr. Þess vegna finnst mér sérkennilegt og vanta betri rökstuðning fyrir auknum álögum á árinu 2018, þ.e. hækkun skatta upp á 4 milljarða. Fyrir utan verðlagsuppfærslu á hún væntanlega að koma til móts við það að menn hafa frestað hækkun á virðisaukaskattinum, sem er þá tap upp á 9 milljarða, en á sama tíma ætla menn á árinu 2019 að lækka virðisaukaskattinn úr 24% niður í 22,5%, á sömu þenslutímum og við erum enn í, sem gerir um 15–16 milljarða. Mér finnst ekki vera neitt sambengi í þessum hlutum eða við orðræðuna um að viðhalda stöðugleika og lenda hagkerfinu á skynsemi.

Talandi um jafnvægi og framsýni; vilji menn horfa á það hvernig við ætlum að tryggja að samfélagið hafi áframhaldandi kraft lengra inn í tímann er í mínum huga alveg augljóst að það þarf að lækka tryggingagjald. 90% fyrirtækja í landinu eru einyrkjar og minni fyrirtæki með starfsmenn færri en tíu eða hvort það voru 94% fyrirtækja sem eru með tíu starfsmenn eða færri. Þessi fyrirtæki líða fyrir hátt tryggingagjald, þessi fyrirtæki eru vöxtur framtíðarinnar. Þau þurfa að vaxa. Þess vegna hefði ég viljað sjá í sambengi við þessi stóru orð, jafnvægi og framsýni, að ríkisstjórnin hefði horft til þess hvernig hún ætlaði að lækka tryggingagjald gagnvart þessum aðilum.

En förum síðan í útgjöldin sem eru áhugaverðasta umræðan. Þrátt fyrir að allt sé með býsna góðum gangi og aukning hingað og þangað er það samt þannig með heilbrigðiskerfið að þegar búíð er að taka út steinsteypana og launahækkarnir er í sjúkrahúspjónustunni kannski aukið um 30 milljónir. Ég sagði 30 milljónir, ekki 30 milljarða eða 3. Það er skortur á hjúkrunarheimilum, það vantar meira þar. Við þurfum auðvitað líka að tækla það hvernig þessi þök á mismunandi gjöld samrýmast, eftir því hvort um er að ræða komugjöld, lyfjagjöld og stoðtækjagjöld. Tannlækningar aldraðra, það voru allir að tala um það fyrir einu eða tveimur árum að það þyrfti að auka þar einn, tveir og þrír. Það er hvergi hér að sjá, þar vantar milljarð sem gæti komið til móts við þá sem verst hafa það og satt best

að segja er tannheilsa þeirra ekki nægilega góð. Á sama tíma aukast útgjöld til Sjúkratrygginga um 7 milljarða, ef ég man rétt. Með öðrum orðum, stefnan með því að grípa ekki inn í, athafnaleysisstefnan, aðgerðaleysisstefnan, er að færa fjármuni yfir í einkageirann. Það virðist sem heilbrigðisráðherra sé að mistakast að búa til tilvísanakerfi þar sem við höfum einhverja stjórn á því hvernig einkageirinn tekur við, hvernig sérfræðilæknarnir taka við og það kostar okkur í opinbera heilbrigðiskerfinu.

Þegar kemur að menntakerfinu hefur stundum verið spurt: Fyrir hvað standið þið, Framsóknarmenn? Jú, í fjármálaáætluninni sem við lögðum fram í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn átti ávinningurinn af styttingu framhaldsskólans upp á einar 400 milljónir að fara inn í framhaldsskólann. Meiri hluti fjárlaganefndar benti á það sama og það um að þetta yrði gert. Það er ekki að sjá að það standi. Í fjármálaáætlun nýrrar ríkisstjórnar átti að taka þessa peninga og setja þá inn í ríkið. Það er gert. Háskólann vantar enn fjármuni, þar er ekki gengið nægilega langt. Ef við skoðum Vísinda- og tækniráð og nýsköpun er engin áætlun um áframhaldandi uppbyggingu. Þar er metnaðarleysi. Samt koma menn og tala um fjórðu iðnbyltinguna og hvernig við ætlum að tækla það að menntakerfið þarf að takast á við þær gríðarlegu breytingar sem eru fram undan. Hæstv. fjármálaráðherra sagði áðan að ekki væri að vænta eins mikillar útgjaldaaukningar og við höfum séð síðustu tvö árin. Eðlilega, þær hafa verið mjög miklar. Hann var í raun og veru að boða status quo. Það mun ekki breytast í nýrri fjármálaáætlun í febrúar á næsta ári.

Tökum samgöngurnar, þar er verulega undarleg staða. Við Framsóknarmenn aðhyllumst það mjög að við förum í orkuskipti, förum yfir í endurnýjanlega orku á bíla, rafmagnsbíla, tvinnbíla og endurnýjanlega orku af öllu tagi, en það er ekki hægt að byrja á því að skattleggja allt í drep án þess að búa til hvata. Hér spurði hæstv. fjármálaráðherra áðan: Hvaða aðrir leiðir og mótvægisáðgerðir eru til? Hann nefndi sjálfur að almenningssamgöngur í flugi gætu verið gott mál. Já, það er mjög gott. Önnur leið væri til að mynda sú, hafi menn enn uppi hugmyndir um að leggja þar að auki veggjöld ofan á þær hækkanir allar sem er verið að leggja á þá sem þurfa vinnu sinnar vegna og búsetu að keyra um lengri veg en aðrir og þar af leiðandi fer hærra hlutfall útgjalda þeirra í bíl og eldsneyti, að taka upp skattaávilnun vegna aksturs til og frá vinnu. Það er tillaga sem við Framsóknarmenn höfum lagt fram í ein fimm, sex ár. En það er hvergi að sjá. Það vantar sem sagt hvatana til þess að fara þá leið sem við erum öll sammála um að sé skynsamleg, heldur á einhvern veginn að skattleggja án þess að það sé greint hvernig sú íþyngjandi skattlagning leggst á fólkið í landinu.

Örstutt um virðisaukaskatt á ferðaþjónustuna. Meiri hluti fjárlaganefndar lagði til að komugjöld yrðu skoðuð og aðrir þættir. Hér birtist í frétt frá Rannsóknasetri verslunarinnar að í ágúst hafi verið 10% minni meðaleyðsla á hvern erlenda ferðamann. Ferðaþjónustan er búin að benda á að þetta verði mjög alvarlegt fyrir þá á landsbyggðinni sem eru í meiri fjarlægð frá höfuðborginni og frá Suðurlandi, frá Borgarfirði. Það eru þegar vísbendingar um það. Mér finnst hæstv. fjármálaráðherra ekki hafa skýrt þau rök að hafa

ekki horft til niðurstaðna meiri hluta fjárlaganefndar í þessu máli og hvernig hann ætli að tryggja það að þeir landshlutar sem (Forseti hringir.) eru lengra frá höfuðborgarsvæðinu, lengra frá þunganum í ferðabjónustunni, geti tekið þátt í því (Forseti hringir.) að byggja upp sjálfbæra atvinnu á þessum grunni. Ég get því miður ekki haldið lengra í bili en hugsanlega myndi ég koma hingað aftur, frú forseti.

[12:08]

Haraldur Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér fjárlagafrumvarp. Það er árleg umræða sem fer fram á fyrstu dögum þingsins. Eðlilega eru skoðanir skiptar um það sem hér er lagt og borð og misjöfn sjónarmið reifuð. Mér finnst þetta hreint út sagt stórkostlegt, mér líður þannig. Mér finnst stórkostlegt hvernig efnahagslífið hér hefur aftur risið upp á ótrúlega stuttum tíma.

Fyrir ekki mörgum misserum voru menn að fást hér við mikla erfiðleika, mikinn samdrátt, mikinn vanda bæði í opinbera rekstrinum og í efnahagslífinu almennt. Ég geri ekki lítið úr því stóra verkefni sem þá var unnið en ég held að það sé hollt fyrir okkur að muna hversu óskaplega stuttur tími það er.

Það er mikill vandi að fara með þann árangur sem náðst hefur. Það er meginþema fjárlagafrumvarpsins, sem hæstv. fjármálaráðherra leggur hér fram, að fjalla um hvernig við ætlum að varðveita þann mikla árangur sem náðst hefur. Ég held að það verði raunverulega langstærsta áskorun þeirra mánaða sem nú taka við; kjarasamningar og hvernig við spilum úr þeim árangri sem áunnist hefur.

Enn og aftur leggjum við fram fjárlagafrumvarp sem innleysis verulegar kjarabætur og launahækkanir. Langstærsta verkefni þessa fjárlagafrumvarps og fjárlaga seinasta árs er í raun að ráðstafa miklum fjármunum til launahækkana. Það er réttmæt gagnrýni sem komið hefur fram, og við skulum ekki loka augunum fyrir því, að við höfum í sjálfu sér ekki hlúð að öðrum grunnþáttum á meðan við höfum verið að fást við það að borga háa kjarasamninga. Eins og ég hef áður sagt í þessum ræðustól sé ég ekki eftir launahækkunum til opinberra starfsmanna, nema síður sé, en ég get aftur á móti ekki alveg tekið undir það að það að hafa bætt kjör þessa starfsfólks og gert þessi störf eftirsóknarverðari sé í eðli sínu ekki að efla grunnþjónustu ríkisins á þann hátt sem því getur fylgt.

Við getum haft marga óskalista hér uppi í ræðupólitinu og við heyrum hljóminn úr þeim mörgum. Niðurstaðan sem birtist í fjárlagafrumvarpinu verður eðlilega til umræðu og rétt eins og hæstv. forseti sagði á þingsetningardegri er það mjög sterkt einkenni á Alþingi Íslendinga að í meðförum þingsins breytast þingmál. Við sáum það síðastliðið haust að fjárlagafrumvarpið sem þá var lagt fram af starfsstjórn tók verulegum breytingum í meðförum þingsins við einstakar aðstæður. Ég er ekki boða að þetta frumvarp taki viðlíka viðsnúningi eins og þá var en eðlilega mun frumvarpið þurfa að taka ákveðnum breytingum í meðförum þingsins.

Það eru samt meginskilaboðin sem ég vil að við áttum okkur á sem fjöllum um fjárlagafrumvarpið næstu daga og næstu vikur í störfum fjárlaganefndar hér í þinginu, og

tekjumál sem því tengjast, að við erum að takast á við það að hér hefur orðið 13% raunútgjaldaaukning á ótrúlega stuttum tíma eða á tveimur árum. Og það tekur í að ráða við það.

Við sjáum líka þann bata í þessu fjárlagafrumvarpi miðað við gildandi fjárlög þessa árs að við höfum náð árangri í að lækka vaxtakostnað ríkisins um 8 til 9 milljarða. Það er árangur sem skilar okkur því að við getum farið að byggja upp á nýjan leik, að við getum farið að horfa til þeirra verkefna sem við höfum látið sitja á hakanum. Við megum aldrei gleyma því hversu gríðarlega mikilvægt það er að við notum þessi góðu veltuár, það góða ástand sem er í efnahagslífinu, til að búa okkur undir þá tíma sem óhjákvæmlega munu koma. Það getur ekki verið sams konar veisla ár eftir ár eins og við höfum upplifað undanfarn tvö ár í það minnsta. Meginverkefnið er að lækka skuldir hins opinbera og við höfum náð ágætum árangri í þeim efnunum.

Það er ýmislegt sem ég sem alþingismaður get fært fram í þessum ræðustóli sem ég sakna úr þessu fjárlagafrumvarpi. Það getur líka verið langur listi. En utan um þessar staðreyndir vil ég fyrst taka, þ.e. hversu frábærum árangri við höfum náð og hversu mikilvægt er að við varðveitum hann. Ég get talið upp ýmsa galla við þetta fjárlagafrumvarp. Ég mun mæta þeim í störfum mínum í fjárlaganefnd ásamt því fólki sem þar vinnur. Við höfum ýmsa þætti á hverju ári sem við þurfum að plægja okkur í gegnum og ég er misjafnlega sáttur við það hvernig við höfum unnið úr því eða notað það í vinnu okkar.

Ég nefni það til dæmis hvernig við reiknum arðgreiðslur hjá bönkum. Auðvitað er það ekki þannig að við getum ár eftir ár reiknað með því að miklu hærri arðgreiðslur verði til ríkissjóðs, eins og reyndin hefur verið í að minnsta kosti tveimur eða þremur fjárlagafrumvörpum sem við höfum fjallað um í þessum sal á undanförmum árum, að sjálfsögðu ekki. En það er samt eitthvað við þann undirbúning og við þá vinnu sem ekki er í nógu góðu horfi. Ég mundi líka vilja horfa á eigið fé þeirra miklu eigna sem ríkissjóður á, sem bankar eru, og að við förum að skoða efnahagsreikninga þeirra og halda þannig á málum að við getum gert þá að söluvöru. Ég hefði líka viljað koma með einhverja sýn það í þessu fjárlagafrumvarpi hvenær og hvernig við ætlum að selja þær miklu eignir sem við eigum að hluta eða að einhverju leyti.

Alþingi á að hafa forystu um að ræða hvernig við ætlum að standa að þeirri bankasölu. Bankasala hefur í eðli sínu mjög neikvætt orð á sér. Þegar við ræðum það úr stólum Alþingis, þegar við fjöllum um það, fyllir það fólk því miður vantrausti. Því ætti það að vera að frumkvæði Alþingis að leita leiða og sátta um það hvernig við eigum að standa að því. Ég held að það sé hins vegar algjörlega nauðsynlegt að við ræðum það af mikilli hreinskilni og sem fyrst hvernig við ætlum að losa um þessar miklu eignir og ná þannig enn meiri árangri í því að lækka skuldir hins opinbera og búa okkur undir það sem við eigum von á, sem er þá minni vöxtur í efnahagslífi, svo ekki sé dýpra á árinni tekið. Verkefnið er ærin næstu daga í því að fjalla um þetta ágæta fjárlagafrumvarp.

Nokkur umræða hefur orðið um útgjöld og mjög mikið er að alþingismanni komi í ræðustól og vanti útgjöld

hingað og þangað. Já, já. Það eru örugglega góð og gild rök fyrir því. Við tölum því miður miklu minna um hvernig við getum gert betur í ríkisrekstri, hvernig við getum notað þá fjármuni betur sem við tökum þó inn í ríkiskassann. Það er umræða sem við ættum að vera mun uppteknari af; hvernig við förum betur með það skattfé sem við innheimtum. Auðvitað á það að vera verkefni hvers tíma. Við týnum okkur svo kannski í umræðum um einstakar skattahækkanir eða kerfisbreytingar sem okkur finnast risastórar í samhengi hlutanna og gerum að stóru máli. Ég ætla ekki að gera lítið úr þeirri gagnrýni, t.d. eins og gagnrýni á hækkun eldsneytisgjalda. Að mörgu leyti get ég alveg tekið undir og sett mig í spor þeirra alþingismanna sem tala t.d. um hækkun eldsneytis og áhrif þess á íbúa á landsbyggðinni. En ég kalla eftir umræðu um það í þinginu að við förum bara í gegnum það saman til hvaða mótvægisáðgerða við getum gripið.

Undir lok þessarar stuttu ræðu sem ég flyt hér langar mig að nefna það verkefni sem við tökumst á hendur í loftslagsmálum og tengjum oft samgöngum; sem er náttúrlega miklu stærra verkefni en það. Ég hef flutt um það ræður og skrifað um það greinar. Við gætum mögulega náð undra-verðum árangri í loftslagsmálum mun hraðar en við áttum okkur á ef við horfðum til þátta sem standa okkur mjög nærri. Reynsla Norðmanna í þessum efnun, sem hafa um langan tíma staðið fyrir því að gefa afslátt af rafbilum eða svokölluðum tvinnbílum, er sú að þeir hafa jú náð verulegum árangri. Og við höfum náð gríðarlegum árangri í því að skipta um ökutæki í umferðinni á Íslandi. Aldrei hafa verið seldir jafn margir bílar hlutfallslega í þessum flokki. Við höfum náð þar geysilegum árangri. Norðmenn tala aftur á móti um það núna, eins og ég les fréttirnar, og það má ekki koma fyrir hjá okkur, að feta sig út úr þeim afslætti sem þeir hafa verið að gefa. Þegar innviðirnir á landsbyggðinni, vegna þessara samgangna, eru að verða tilbúnir þar fellur afslátturinn niður, þegar við úti á landi getum loksins farið að taka þátt í þessari miklu byltingu. Við þurfum því að hugsa þetta á miklu breiðari grunni en við gerum okkur grein fyrir í umræðunni um þessa tilteknú skattbreytingu sem við höfum gert að umtalsefni.

Þrátt fyrir að okkur finnst að bæta þurfi í hér og breyta þar vil ég að við gleymum aldrei þeirri stórkostlegu stöðu sem við erum komin í með íslenskt efnahagslíf. Afdrif þessa fjárlagafrumvarps og íslenskra efnahagsmál eru í okkar höndum. Hvernig við förum með það ræður miklu um það hvernig við spilum úr þessari góðu stöðu.

[12:19]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður segir að það sé vandmeðfarið að fara með þann árangur sem náðst hefur. Ég ætla að leiðrétta það aðeins og segja að það sé í rauninni vandmeðfarið að klúðra þeim aðstæðum sem eru nú í gangi með þeirri öldu ferðamanna sem nú er, þegar makrillinn kom og þar fram eftir götunum, það er vandmeðfarið að klúðra þeim hagvexti sem hefur komið yfir okkur. En eins og bent er á í fjárlagafrumvarpinu að ef aðstæður eins og breiðari skattstofnar koma ekki til þegar hægjast fer um þá lendum við í vandræðum einmitt með t.d. skuldafófnun

sem virðist vera aðaláhersla og eina áhersla ríkisstjórnarinnar.

Nú langar mig til að snúa aðeins andsvari hv. þingmanns til mín áðan varðandi það að svara íbúum Snæfellsness, Vestfjarða, Þorlákshafnar og fleiri staða. Nú náðum við ákveðinni líffræðilegri sjálfbærni þegar kvótinn var settur á. Við náðum ákveðinni efnahagslegri hagræðingu þegar framsal var sett á kvóta þó að sú útfærsla hafi í rauninni brotið þriðja mikilvæga atriðið sem var samfélagsleg sjálfbærni þar sem kvóti fór að flytjast fram og til baka sem lagði heilar byggðir í rúst. Þess vegna skil ég ekki af hverju er verið að spyrja mig að því hvernig á að svara íbúum Snæfellsness og Vestfjarða þegar núverandi kerfi er að leggja byggðir hér og þar í rúst.

Ég talaði áðan í ræðu minni um hvernig við förum betur með skattfé. Ég tek undir þau orð hv. þingmanns. Til þess að vita það þá vantar okkur ýmsar upplýsingar eins og t.d. þær skýrslur sem er kveðið á um í lögum um opinber fjármál og við fáum ekki, þar vantar. Er Bjarni kannski með þær? Ég velti því fyrir mér, honum finnst svo gaman að vera með skýrslur.

Við getum illa svarað þeim spurningum hvernig og hvort við erum að fara vel með almannafé ef við fáum ekki góðar og gildar upplýsingar til baka um það hvernig fram vindur.

Mig langar aðeins til að varpa spurningunum til baka. Hvernig svarar hv. þingmaður íbúum Snæfellsness og Vestfjarða um sjálfbærni þeirra byggða? Hvar eru skýrslurnar?

[12:21]

Haraldur Benediktsson (S) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni andsvarið. Ég vil vegna upphafsorða hans í andvarinu segja eftirfarandi þar sem hann fjallaði um að það yrði afrek að klúðra þessum árangri. Það er mjög auðvelt að klúðra þessum árangri. Það sem ég er að reyna að draga fram í ræðustól Alþingi við þessa fjárlagaumræðu, 1. umr. um fjárlög fyrir árið 2018, er að við eigum ekki síður að horfa til útgjaldahlíðarinnar. Ég held og þara segi það að mér finnst við kannski vera að beita aðferðum þægindanna. Við erum lítið að rýna í það hvað við gerum, við setjum miklu minni fókus á það, ef ég má sletta, virðulegi forseti, hvernig við ráðstöfum peningunum og hvort við getum gert eitthvað betur.

Ég leyfði mér, virðulegi forseti, í andsvari við hv. þingmann áðan að biðja hann um einhverja mynd af því við íbúa sem búa við það að sjá fyrirtæki sín renna saman, samþjöppunina verða og störfín að hörfa. Ég var að reyna að lýsa því hver veruleikinn er. Hvaða svar á ég handa þessu fólki? Ég á það svar að ég get ekki séð fyrir mér að sú stefna sem hv. þingmaður talaði fyrir í ræðustólnum um að taka meira afgang af nýtingu auðlindanna svari því með öðru en að herða á þeim vanda sem ég var að reyna að lýsa.

[12:23]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Til að halda áfram með það, núverandi kerfi gerir það ekki í alvöru, það er nákvæmlega vandamál núverandi kerfis. Það væri auðvelt að klúðra þessum árangri, það er alveg rétt. Það er varað við því í fjárlagafrum-

varpinu; að breikka skattstofnana ellegar hrapa tekjurnar þegar fer að hægjast um. Hvaða skattstofna á að breikka núna á næstunni?

Ég sagði hins vegar að það hefði verið auðvelt að komast hingað miðað við þær aðstæður sem hafa verið. Það hefði verið mjög erfitt að klúðra því að komast hingað. Það er auðvelt að klúðra því til framtíðar, ég er alveg sammála því. Það er varað við því í fjárlagafrumvarpinu. Þess vegna spyr ég: Hvernig eigum við að fara eftir þeim ráðleggingum?

Varðandi hitt málið, eins og ég sagði áðan er núverandi kerfi að skemma byggðir landsins. Þess vegna finnst mér mjög undarlegt að eigi að snúa þeirri spurningu upp á mig.

[12:24]

Haraldur Benediktsson (S) (andvar):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður verður að þola það þegar hann kemur hingað og boðar auknar álögur að þá er ekkert óeðlilegt við það að maður biðji um að hann svari því hvernig sú mynd á að birtast íbúnum. Ég er einfaldlega að leggja áherslu á það að veislan verður ekki endalaus. Einfaldur framreikningur útgjaldaranna er kannski ekki besta stýritækið sem við höfum. Við verðum að vera gagnrýnin á það sem við gerum. Það veit ég að hv. þingmaður skilur. Hann er gagnrýninn í störfum sínum í fjárlaganefnd. Það skal ég bara votta hér og stendur sig afar vel. Það er hlutverkið okkar. Það er hlutverkið okkar að ræða hvernig við förum betur með þá peninga sem hingað koma. Hvað erum við að gera úr þeim? Erum við að veita bestu mögulegu þjónustu fyrir þessa fjármuni? Við höfum í raun og veru engar aðrar skyldur, við sem eigum að fjalla af ábyrgð um þessa þætti.

[12:25]

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (Vg) (andvar):

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna. Ég gæti örugglega spurt hann tíu spurninga að minnsta kosti, en ekki gefst tími fyrir þær.

Í umræðum úr fjármálaáætlunina sagði hv. þingmaður að margt mundi gerast frá því við samþykktum áætlun að vori þar til við fengjum frumvarp að hausti sem yrði að endanlegum aðgerðum til stuðnings þeim markmiðum sem við setjum fram í fjármálaáætlun, eins og hann orðaði það. Nú er það komið fram og ég verð að spyrja hv. þingmann um prinsippatriði.

Frá hrúni og fram til ársins í fyrra skiluðu tvö fyrirtæki á meðal þeirra 40 arðsömustu hér á Íslandi um 600 milljónum í arð, það voru heilbrigðisfyrirtæki. Finnst þingmanninum það eðlilegt að einstök heilbrigðisstarfsemi, sem að mestu fær tekjur sínar frá ríkinu, geti skilað gríðarlegum arði, t.d. á meðan við erum enn með mikla greiðsluþátttöku í kerfinu? Við horfum til bænda sem eru hálflaunalausir, m.a. vegna aðgerða stjórnvalda, o.s.frv. Ég held að það sé margt sem við getum rætt hér.

Þingmaðurinn talaði um að fara vel með skattfé. Hvað er að fara vel með skattfé? Um hvað hefur þjóðin rætt þegar kemur að því að fara með skattfé? Vill fólk ekki fá heilbrigðisþjónustu sem er góð og er úti um allt land? Höfum við ekki fengið hverja könnunina á fætur annari um það?

Vill fólk ekki almennt hafa góða skóla sem vel er sinnt um? Þó að við séum komin í góða stöðu núna er ekkert flókið að viðhalda henni. Þetta snýst auðvitað um það að vera fær og þora að takast á við það að raða í þessa grunnþjónustu.

Ég verð því að spyrja þingmanninn út í það hvort honum finnst þetta eðlileg skipting fjár.

[12:27]

Haraldur Benediktsson (S) (andvar):

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir andsvar hennar. Ég verð bara að gera þá játningu, virðulegi forseti, að ég þekki ekki þær arðgreiðslur sem hún nefndi hérna, mundi kannski vilja biðja hana í seinna andsvari að fjalla nánar um það svo að ég geti svarað því með beinum hætti.

Hitt vil ég segja sem mitt lífsviðhorf að mitt eðli stendur til þess að menn séu ekki að maka krókinn á jafn viðkvæmri þjónustu og þjónustu við sjúkt fólk. Ég er alveg til samtals um það. Þó að ég geti alveg stutt, og styð, að við færum þau verkefni og þá þjónustu í auknum mæli í hendur einkaaðila, þá vil ég ekki heldur að það verði að einhverjum stórgróðafyrirtækjum. Ég hef einfaldlega ekki samvisku til þess og get hvar sem er staðið fyrir þeirri meiningu. Hvernig ég get útfært það síðan er önnur og dýpri umræða sem ég ræð ekki við í þessu andsvari.

Já, það er nákvæmlega það sem ég er að reyna að kalla fram í þessari umræðu, hv. þingmaður, hvernig við notum þessa skattpeninga betur. Það snýst nákvæmlega um þau atriði sem þingmaðurinn taldi hérna upp. Erum við að veita nægilega góða þjónustu með þeim fjármunum sem við erum að innheimta? Það er í raun og veru vinnan okkar. Höfum við sannfæringu fyrir því að við séum að gera það besta úr þeim fjármunum sem við tökum af skattborgurum og ráðstöfum með þeim hætti?

[12:29]

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (Vg) (andvar):

Ég þakka hv. þingmanni fyrir svarið, virðulegi forseti. Þeir sem eru kannski dómbærastir á það hvort við stöndum okkur í því að veita þessa þjónustu hljóta að vera þeir sem hana þiggja. Það hefur komið fram og við vitum að fólk er almennt ekki sátt við hvernig komið er fyrir heilbrigðiskerfinu okkar, menntakerfinu, samgöngumálunum o.s.frv. Þannig að einhvers staðar verðum við að hugsa upp á nýtt og gera betur.

Varðandi þessi fyrirtæki er þetta bara á miðlum núna. Við ættum kannski að kalla inn til okkar í fjárlaganefnd upplýsingar um þau fyrirtæki sem eru og hafa verið í heilbrigðisþjónustu og taka stöðuna frá hrúni. Ég held að það sé hið besta mál að gera það og sjá hvernig þróunin hefur orðið.

Mig langar að koma aftur inn á lífeyrismálin og annað. Það er kannski í beinu framhaldi af því sem við erum að ræða hérna, hvernig við förum með skattfé hins almenna borgara. Fullur lífeyrir almannatrygginga hækkar núna um 4,7%, það er 10 þús. kall fyrir skatt, sem gerir það að verkum að hinn almenni lífeyrisþegi fær þá í kringum 238 þús. kr. Eftir skatt er þetta í kringum 6.700 kr. aukning. Það er ekki nema von að fólk spyrji: Hvenær er hægt að bæta þetta ef ekki núna? Þetta er stór hópur og kostar mikla peninga.

En hvenær er þetta hægt ef ekki núna fyrir þennan lægst-stadda hóp og líka auðvitað fyrir fólk sem er á lágmarks-töxtum? Það má ekki gleymast í þessari umræðu. Ef ekki núna þegar vöxturinn hefur verið 7,2% á síðasta ári o.s.frv. Hvenær sér þingmaðurinn fyrir sér að við getum gert þetta? Því að ef við erum alltaf eftir á þá dregst (Forseti hringir.) þetta fólk alltaf aftur úr, það nær okkur ekki.

[12:31]

Haraldur Benediktsson (S) (andsvar):

Virðulegi forseti. Við hækkuð þær tilfærslur eða fram-lög til almannatrygginga, eins og lögin segja til um, um 4,7%, sem er innbyggt í reglurnar. Ég mundi hafa miklu meiri áhyggjur af því ef við værum ekki að fara að þeim til-mælum. Við höfum náð að tryggja aukinn kaupmátt þessara greiðslna á undanförnum árum, verulega aukinn kaupmátt. Það er hluti af því verki okkar. Þess vegna er svo mikilvægt að við viðhöldum þeim kaupmátti sem hefur áunnist.

Það er alveg rétt sem þingmaðurinn nefnir að þetta er gríðarlega kostnaðarsamt; það kostar mikil útgjöld að stíga stór skref í þessum efnunum. Ég vona að ég fari ekki með algjört fleipur, virðulegi forseti, þegar ég segi að mér sýnist að hver þúsundkall í hækkuð framlög kosti um 300 millj. kr. Það má vel vera að ég hafi algjörlega misst fæturna með því að nefna þessa tölu, en þannig er hún í höfðinu á mér. Ég er alveg tilbúinn að draga hana til baka og biðjast afsök-unar á því ef hún reynist algjörlega út í hött. En miðað við þessa framsetningu eru þetta mjög miklir fjármunir. Við höfum aukið þessa fjármuni verulega. Við erum, eins og hefur komið fram í þessari umræðu, að ná 300 þús. kr. markmiðinu með ellilífeyri fyrir þá sem sem búa einir. Hvenær er síðan rétti tíminn til að gera þetta? Það er nákvæmlega núna. Við erum að láta það fylgja þeirri þróun sem er í samfélaginu. Við erum að fylgja því eftir. Við höf-um náð góðum skrefum í þeim efnunum. Við höfum líka, í fjármálaáætlun okkar, sýnt að við ætlum að ná stærri skref-um í að bæta þessi kjör eins og til dæmis með lækkuð frí-tekjumarks.

[12:33]

Logi Einarsson (Sf):

Frú forseti. Við fyrsta yfirlit yfir fjárlagafrumvarpið kemur enn einu sinni í ljós að erindi þessarar ríkisstjórnar er ekkert annað en að viðhalda stöðnuðu kerfi og því kerfi sem síðasta hægri stjórnin framfylgdi. Það er ekki verið að nota það svigrúm sem er til staðar núna til að búa okkur undir framtíðina og þær breytingar sem verða þar. Og þar er ekkert verið að bæta fyrir þau glappskot sem síðasta hægri stjórn gerði sig seka um.

Það átti að breyta öllu fyrir kosningar og töluðu allir í þá átt, en það eru engar efndir. Í staðinn ræðst hæstv. forsætis-ráðherra á stéttarfélag og launafólk og segir að þau séu helsta ógnin við stöðugleikann. Ég get ekki verið sammála því, ég held að helsta ógnin sé ríkisstjórnin sjálf af því að hún vill ekki horfast í augu við kröfur sem fólk gerir. Þá er ég ekki að hugsa bara um launin, það sem maður fær í um-sluginu, ég er að hugsa um velferðarkerfið.

Stjórnarliðum varð tíðrætt um norræna módelið í gær. Svo ég endurtaki það sem margir stjórnarandstæðingar

söguðu í gær þá snýst þetta ekki bara um efnahagslegan stöðugleika, það er ekki það sem vantar fyrst og fremst upp á akkúrat núna, nei, það skortir á félagslegan stöðugleika.

Fjárlagafrumvarpið stenst auðvitað engar væntingar þegar skoðuð eru einkunnarorð ríkisins um jafnvægi og framsýni. Það getur vel verið að það sé jafnvægi fyrir ein-hverja aðila í samfélaginu, það er mjög erfitt að tala um að jafnvægi sé ákjósanlegt fyrir 6.100 börn sem liðu efnisleg-an skort árið 2015, eða öryrkja. — Hæstv. fjármálaráðherra má gjarnan brosa ef honum finnst það fyndið. Það er ekki hægt að tala um framsýni þegar ekki er sýnt fram á að menn ætli að grípa þau tækifæri og áskoranir sem biða okk-ar í menntakerfinu.

Yfirlýsingar hæstv. velferðarráðherra um norrænt módel á vinnumarkaði eru ekkert nema innihaldslausir frasar. Þetta eru falleg orð sem hann hefur pikkað upp í ræðum og skýrslum, en hann þarf þá að sýna að hann ætli að standa við það ef hann meinar eitthvað með því. Annaðhvort er hann vísitandi að afvegaleiða umræðuna eða hann skilur ekkert út á hvað þetta norræna vinnumarkaðslíkan gengur. Ég veit vegna fyrri starfa hans að það er það fyrrnefnda. Hann er að afvegaleiða umræðuna.

Fólk er sem betur fer farið að sjá í gegnum þetta enda njóta ríkisstjórnarflokkarnir stuðnings innan við þriðjungs þjóðarinnar, að ég held. Gallinn við það er að hún móttekur ekki þau skilaboð. Menn ætla að halda áfram íhaldssamri pólitík þar sem hægt og rólega er verið að grafa undan op-inberri þjónustu og opinberu heilbrigðiskerfi. Það birtist ágætlega í þessum fjárlögum. Er ekki aukning á framlögum til sjúkrahúsþjónustu á SAK og LSH 39 milljónir? Það er í raun niðurskurður.

Svo við komum aftur að framsýninni. Við vitum að það eru stórfelldar breytingar á vinnumarkaðnum. Færustu vís-indamenn tala um að 50% af öllum störfum muni hverfa og breytast. Auðvitað verða ný til en við þurfum þá að grípa þessi nýju störf og við þurfum strax að byrja að búa í hag-inn. Engu að síður er niðurskurður til nýsköpunar og rann-sókna. Háskólarnir eru áfram fjársveltir og eru hálfdrætt-ingar á við háskólana á Norðurlöndunum. Ég veit ekki hvernig þessir skólar eiga að bregðast við gjörbreyttum að-stæðum sem sníða þeim svona þröngan stakk.

Hið sama má segja um framhaldsskólana. Ég ætla ekki að halda áfram að ræða þá hér. Hæstv. fjármálaráðherra gat ekki svarað hv. þm. Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur um það mál áðan og getur það sennilega ekki núna heldur. Manni verður alltaf hugsað til norræna módelisins vegna þess að allir tala um það, bæði stjórnarandstæðingar og stjórnarlið-ar. Á hinum Norðurlöndunum horfa menn í að byggja upp og fjárfesta í þekkingu og menntun samhliða uppbyggingu á velferðarkerfinu. Hér gera menn það ekki, því miður.

Eins ótrúlegt og það er verða framhaldsskólarnir áfram í fjárhagskröggum þrátt fyrir erfið ár undanfarið.

Það sem ég hef áhyggjur af er metnaðarleysi í mennta-málum. Það snýr ekki bara að framtíðinni, það bitnar líka mjög hart á landsbyggðinni. Það hefur sýnt sig að gott menntakerfi á landsbyggðinni hefur reynst ótrúlegur byggðastuðningur. Nægir þar að nefna skóla eins og Menntaskólann á Tröllaskaga eða Háskólann á Akureyri þar sem menn hafa getað byggt upp ný og spennandi störf

en einnig hefur okkur með þessu teksti að halda fólki í þessum byggðarlögum. Ágætt dæmi um það er ástandið í leikskólum, annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar á Akureyri. Það er 96% fagmönnum í leikskólunum á Akureyri miðað við 36–37% hér. Þetta er ekki til einskis.

Framlög til samgöngumála eru líka mjög langt frá kosningalofordum og kosningaloforðin byggðu á samgöngu-áætlun sem samþykkt var í lok október, minnir mig. Mér sýnist að viðbótarfjármagnið fari mestmegnis í eina stóra framkvæmd, Dýrafjarðargöng. Hún er mikilvæg og ég held að við getum verið sammála um það. En þá er þetta kannski upptalið þó að það sé auðvitað ekki sundurliðað. Víða um land hefur samgöngukerfið ekki náð að uppfylla lágmarkskröfur og ætla ég að vona að sem flestir stjórnariðar hafi tekið sér þiltúr á Norðausturlandið eða á Vestfirði eða jafnvel til Borgarfjarðar eystri.

Þá er komið að öðru. Öflugt samgöngukerfi er ein meginforsendan fyrir því að dreifa ferðamönnum og laða þá út á land. Er ekki talað um að erlendir ferðamenn sem hingað koma gisti nærri 7 milljón nætur á Íslandi? En helmingur þeirra er á höfuðborgarsvæðinu og við höfum svo mikið að vinna að laða fólk út á land. Það er skynsamlegt.

Úr því að við tölum um landsbyggðina og byggðastefnu er náttúrlega brýnt að hugsa um flutningsgetu raforku um allt land. Það held ég að sé verkefni sem allir eru nokkuð sammála um. En skattkerfisbreytingarnar sem verið er að gera miða ekkert að því að auka jöfnuð og byggja undir félagslegan stöðugleika. Farin er sú leið að leggja á flata skatta, getum við kallað þá, krónutöluhækkarnir. Þar á ég við hækkun á eldsneyti annars vegar og hækkun á virðisaukaskatti á ferðaþjónustu hins vegar. Það mun auðvitað bitna harðar á efnaminna fólki en ekki síður á landsbyggðinni. Ég ætla ekki að fara að gagnrýna þessar hækkarnir, ég hef talað um að það geti verið skynsamlegt að færa virðisauka á ferðaþjónustu upp í efra þrep. Það eru mörg góð rök fyrir hækkun á eldsneyti en slíkum skattbreytingum þarf að fylgja einhver áætlun um til hvaða mótvægisáðgerða menn ætla að grípa þar sem þær hækkarnir munu kannski harðast bitna á fólki úti á landi.

Það er eitthvað lítið eftir af tímanum en ég kem þá kannski í ræðustól seinna í dag. Mig langar enn að ræða húsnæðismál vegna þess að það er alveg sérkapítuli. Hæstv. velferðarráðherra gerir sig digran hérna, nýkominn út úr skápnem sem einhvers konar teflon-krafi og talar um hvað hann sé að gera í húsnæðismálum. En hann er í raun (Forseti hringir.) ekkert að gera annað að gera en að efna loford og samninga sem búið var að gera við verkalýðshreyfinguna fyrir nokkrum árum. Það er gott að hann efni þau, en það þarf að gera miklu meira. Kannski tek ég bara umræðu við hann um það í óundirbúnum fyrirspurnum eftir helgi.

[12:44]

Ásta Guðrún Helgadóttir (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Mig langar til þess að byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir mjög skelegga ræðu. Ég ætla að fá að spyrja um það síðasta sem hann nefndi í ræðu sinni. Einn ríkisstjórnarflokkurinn og sá sem hefur nú fjármálaráðuneytið undir sér, kom eiginlega út úr skápnem í gær

sem, hvað á maður að segja, þriðju leiðar sósíaldemókratar sem eru með hægri efnahagsstefnu og vinstra velferðarkerfi. Nú kemur hv. þingmaður úr flokki sem kennir sig við sósíaldemókrata og hefur kannski aðeins dýpri þekkingu á þessum málum. Hvernig sér hann þessa hægri efnahagsstefnu í fjárlagafrumvarpinu? Hvar er vinstra velferðarkerfið?

Við horfum nú upp á hækkun á neyslusköttum; áfengis- og tóbaksskatti og bensínskatti, á sama tíma og verið er að hækka virðisaukaskatt, sem ég veit ekki hvort á að vera mótvægisáðgerð. Þá spyr ég: Er þá hægri efnahagsstefnan í raun og veru sú að einstaklingurinn á að borga fyrir allt, og kannski líka fyrir vinstra velferðarkerfið sem við viljum endilega byggja hér upp?

[12:45]

Logi Einarsson (Sf) (andsvar):

Frú forseti. Ég ætla ekki að fara í einhverja greiningu á stjórnáttalum hæstv. ráðherra Þorsteins Víglundssonar. Ég er oft sammála honum. Mér finnst margt skynsamlegt sem hann segir. Mér fannst ræðan hans í gær alveg þryðileg og vildi gjarnan að hann hefði þá jafnvel verið fjórði þingmaður Samfylkingarinnar. En staðan er hins vegar sú að hann situr í stjórn sem framfylgir ekki því sem hún segir. Við horfum upp á að t.d. árið 1998 var skattbyrði lægstu launa 4%. Nú er skattbyrði lægstu launa 16%. Ef hann meinti eitt hvað með því sem hann segir mundi hann grípa til skattkerfisbreytinga sem breyttu þessu en færi ekki í einhverjar áðgerðir sem munu kannski leggjast langþingst á launalægsta fólkið.

Árið 2014 töldu 12% landsmanna sig eiga erfitt með að ná saman endum. Það var auðvitað fyrir hans tíð. Ef hæstv. ráðherra meinar það sem hann segir þá leggst hann á áramar með okkur hinum og reynir að breyta þessu, reynir að ná þessu niður.

Ég las grein í morgun eftir formann Öryrkjabandalagsins, Ellen Calmon. Hún lýsir ekki þeim veruleika sem hæstv. forsætisráðherra lýsir. Ég veit að það er borð á milli þeirra tveggja, hæstv. félags- og jafnréttismálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra, en þeir hljóta að tala saman á ríkisstjórnarfundum. Þeir verða að fara að gera það. Og Þorsteinn, hæstv. ráðherra, verður að fara að segja hæstv. forsætisráðherra, ef hann er samkvæmur sjálfum sér, að hann ætli ekki að láta þetta líðast og að nú ætli hann að berjja í borðið og fara að vinna eftir gildum jafnaðarstefnunnar.

(Forseti (JSE): Forseti vill minna á að þingmenn og ráðherrar eru ávarpaðir með fullu nafni.)

[12:47]

Ásta Guðrún Helgadóttir (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég þakka gott svar. Er þetta ekki bara status quo undanfarinna ára, með leyfi forseta, svo að ég fái aðeins að sletta á latínu? Hæstv. ríkisstjórn segist í orði vilja betra velferðarkerfi og betra menntakerfi, en á sama tíma horfum við fram á mótvægisáðgerðir sem eru niðurskurður upp á það sama og menn þykjast vera að veita í sama málaflokk. Ef við ætlum að byggja upp vinstra velferðarkerfi eða velferðarkerfi yfir höfuð, hvaða áðgerðir mundi hv. þingmaður vilja sjá? Hvernig getum við búið til

sanngjarnara kerfi miðað við það sem lagt er upp með í fjárlögum fyrir 2018? Ég sé í raun og veru ekki mikla velferð þar.

[12:49]

Logi Einarsson (Sf) (andsvar):

Frú forseti. Ég bið hæstv. þingmann afsökunar á að hafa ekki nefnt hann fullu nafni. Það sem ætti í rauninni að gera núna til þess að styðja velferðarkerfið er að fara aftur í átt að því skattkerfi sem var í tíð þarsíðustu ríkisstjórnar með meiri þrepaskiptingu þar sem ríkasti partur þjóðarinnar borgaði hlutfallslega meira. Þá þarf auðvitað að gæta að því að slík skattlegging leggist ekki á meðaltekjur, á fólk sem á bara fullt í fangi með að lifa af launum sínum. En það er í rauninni hægt að leggja t.d. á auðlegðarskatt. Það er mjög réttmætur skattur og skynsamlegur. Ég held hann hafi skilað um 10 milljörðum. Við lækku nú vaxtabætur um 2 milljarða, ég held það séu 30%, vegna þess að verðgildi íbúðanna sem maður býr í eykst, en það segir ekki allt um kostnaðinn. Það leggst illa á fólk. Barnabætur eru farnar að skerðast við 250 þús. kr., en lægstu laun í landinu eru 280–300 þús. kr. á mánuði. Það á náttúrulega að styrkja þetta kerfi sem er hið raunverulega jöfnunarkerfi.

Það sem mér finnst sorglegast, vegna þess að mér finnst oft svo margt spennandi sem hv. ráðherrar Viðreisnar tala um, er að þeir hefðu miklu frekar getað komið málum sínum í gegn og farið þá að sofa með góða samvisku ef þeir meina það sem þeir segja, ef þeir hefðu myndað fimm flokka ríkisstjórn um jóln.

[12:51]

Theodóra S. Þorsteinsdóttir (Bf):

Virðulegi forseti. Það er af mörgu að taka í þessu fjárlagafrumvarpi fyrir 2018. Það byggist á nýjum lögum um opinber fjárlög, er fyrsta fjárlagafrumvarpið sem unnið er eftir nýju verklagi. Hér eru allir að fóta sig eftir þessu nýja verklagi, heyrir mér, bæði í umræðunni í sal um fjármála- stefnuna og fjármálaáætlunina og einnig í fjárlaganefnd. Þar þurfum við að taka sveitarfélögin með okkur inn í nýja hugsun, hefur mér fundist. Í fjármálaáætlun eru helstu línur lagðar en smáatriðin eru útfærð í fjárlögum, eins og hv. þm. Þjörn Leví Gunnarsson fór vel yfir í ræðu sinni hér fyrr í dag.

Það er alveg ljóst að það mun taka einhver ár að koma á fullkomnu verklagi sem fylgir nýjum lögum um opinber fjármál. En á morgun fáum við tækifæri til að spyrja ráðherra hvers ráðuneytis fyrir sig frekar út í hlutina og fá nákvæmari svör. Mér heyrir á þessari umræðu hér í dag að verið sé að fara gróft yfir. Menn velja sér málaflökka. Ég ætla að gera það líka.

Ég tek þátt í þessari umræðu í fyrsta skipti og mér finnst fróðlegt að heyra hvernig hv. þingmenn fara í 1. umr. um jafn viðamikil plagg og fjárlagafrumvarpið er. Það er ljóst að stóra verkefnið er að varðveita þann góða árangur í efnahagsmálum sem náðst hefur á undanföllum misserum. Stóru fréttirnar eru þær, ef ég gríp inn í það fyrsta og helsta sem kemur fram í frumvarpinu, að komið er til móts við gagnrýni ferðapjónustunnar um skamman aðlögunartíma hvað varðar virðisaukaskattshækkun sem átti síðan að

verða lækkan, en almennt þrep lækkar í 22,5%. Skattaþviltun ferðapjónustunnar fellur því brott. Því ætti vöruverð að lækka. Vonandi verðum við samkeppnishæfari.

Mig langar að byrja á að tala um græna skatta, sem eru hluti af stefnu stjórnvalda í umhverfisvernd og loftslagsmálum, en virðisaukaskattur fellur niður við innflutning eða kaup á vistvænum bifreiðum. Það er framlengt til þriggja ára og markmið sett um fjölda bíla. Kolefnisgjald er hækkað; gjald með skýra tengingu við losun gróðurhúsalofttegunda. Olúgjald er hækkað umfram bensíngjald í ljósi losunar. Frekari skref eru jafnframt undirbúin: uppbygging innviða, nýir hvatar fyrir einstaklinga og fyrirtæki og síðan aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Þessir grænu skattar eru í mínum huga ekki einungis tekjuöflun heldur stórt og nokkuð djarft skref í átt að breytingum í rétta átt hvað varðar loftslagsmál. Kannski er það líka svoltið ný hugsun sem þarf að venjast.

Eitt markmið með skattlagningu ökutækja er að draga úr losun eins og ég nefndi áðan með því að ívilna sparneytnari ökutækjum og ökutækjum sem ganga fyrir vistvænni orku- gjöfum. Nú þegar er mikið úrval til af slíkum bílum. Mikil aukning hefur átt sér stað í innflutningi á slíkum bílum. Það er fagnaðarefni. Kannski virka bæði umræðan og þessar aðgerðir í rétta átt, en uppbygging innviða fyrir þessi tæki þarf að vera hröð. Mín skoðun er sú að við verðum til dæmis að hætta að gefa rafmagn hér og þar á kostnað sveitarfélaga. Við þurfum að breyta um verklag þar til þess að innviðauppbyggingin geti hafist fyrir alvöru, til dæmis á landsbyggðinni.

Ef horft er á stóru línurnar ætla ríkisstjórnin sér að fangarsaða í þágu heilbrigðis- og velferðarmála eins og líka hefur komið fram. Þunginn í heilbrigðismálum er aðallega bygging nýs Landspítala sem verður mikið framfaraskref, bæði er varðar starfsaðstöðu fyrir það fólk sem þar vinnur og einnig fyrir þá sem þiggja þjónustu.

Hitt sem mig langar til að varpa ljósi á hvað varðar heilbrigðismálin er heilsugæslan; hún verður styrkt sem fyrsti viðkomustaður sjúklinga. Þverfagleg þjónusta heilsugæslunnar verður styrkt. Það felur meðal annars í sér afar mikilvægt verkefni sem er geðheilbrigðisteymi. Mér finnst það ekki hafa fengið nógu mikla umfjöllun miðað við það hve mikilvægt verkefni það er og árangursríkt. Fyrsta teymið var sett upp í Breiðholti og þjónustar austurhluta Reykjavíkur. Næst verður farið í vesturhlutann og í þriðja áfanga verður farið í sveitarfélög í Kranganum.

Það verkefni harmónerar mjög vel við markmið allra þeirra sveitarfélaga sem hafa sett sér lýðheilsustefnu. Sums staðar er hreinlega beðið eftir því að hefja samstarf við ríkið um þetta mikilvæga og þarfa verkefni. Aðgerðaáætlun sem fylgir lýðheilsustefnu sveitarfélaga felur einmitt í sér að auka samstarf við heilsugæsluna og bæta nærþjónustu hvað varðar líðan og geðheilbrigði. Í ljós hefur komið að færri sækja þjónustu á geðdeild í staðinn og úrræðið bætir þjónustuna við þá sem þurfa á henni að halda.

Við lok tímabils þessarar ríkisfjármálaáætlunar eiga framlög til heilsugæslunnar að aukast um 910 milljónir einmitt í þessu skyni. Til lengri tíma litið er ég nokkuð sátt við framtíðaráform í heilbrigðismálum hvað varðar byggingu spítalans. Greinilegt er að þunginn verður þó á næsta

ári og því þarnaesta. Það meginmarkmið sem er fram undan er að setja fram heildstæða stefnu með skýrum markmiðum fyrir heilbrigðisþjónustuna, við verkaskiptingu og samvinnu innan heilbrigðisþjónustunnar.

Ef ég kem hér í lokin örstutt inn á menntamálin þá er ég auðvitað sammála því að farsælla hefði verið að auka við framlög til menntamála. En það þarf víst að forgangsraða. Það er ákvörðun ríkisstjórnar að forgangsraða í heilbrigðis- og velferðarmálum. Unnið verður að því að bæta þá stöðu eins og fram kemur í fjárlagafrumvarpinu. Í heildina hækka framlög til háskólastigs umfram verðlagsforsendur, auk þess sem stofnframlag til byggingar Húss íslenskra fræða kemur þar til viðbótar. Ég vil ítreka að ég tek undir að það hefði verið okkar uppáhaldsaðgerð í Bjartri framtíð að auka þar við.

Ég ætla ekki að bæta meiru við. Ég sé að félags- og jafnréttismálaráðherra er hér á eftir mér í ræðustól og ætla því frekar að gefa honum orðið varðandi velferðarmálin. Ég hef lokið máli mínu í bili.

[Fundarhlé. — 12:59]

[13:32]

Félags- og jafnréttismálaráðherra (Þorsteinn Víglundsson) (V):

Herra forseti. Við ræðum hér fjárlagafrumvarp fyrir árið 2018 og þær áherslur sem í því koma fram og stefnu ríkisstjórnarinnar í helstu málum.

Það hefur verið gagnrýnt að ríkisstjórnin leggi ekki nægilega áherslu á velferðarmálin í þessu frumvarpi. Sú umræða heyrðist raunar líka í umræðum um fjármálaáætlun í vor. Engu að síður sjáum við að aukningin í velferðarmálunum er einmitt hvað mest áberandi. Það er sá málaflokkur sem tekur langmest til sín í útgjaldaaukningu milli ára og heldur áfram þar sem frá var horfið í fjárlagavinnunni fyrir árið 2017.

Á árinu 2018, gangi frumvarpið fram eins og það liggur fyrir nú, mun um 51% af útgjöldum ríkissjóðs renna til velferðarmála. Er það hæsta hlutfall sem við höfum séð á undanförnum árum. Og það sem munar meira um: Samkvæmt ríkisfjármálaáætlun er gert ráð fyrir að þetta hlutfall fari enn hækkandi eftir því sem líður á gildistíma áætlunarinnar og verði þá með hæsta móti, að ég hygg, um 53% undir lok tímabilsins.

Þetta sýnir auðvitað forgangsstöðunina í verki. Við leggjum gríðarlega mikla áherslu bæði á félagsmál og heilbrigðismál, sem endurspeglast m.a. í því að við erum jú að hefja byggingu Landspítala á næsta ári, verkefni sem beðið hefur verið eftir undanfarna tvo áratugi og aldrei hefur verið komist í fyrr en nú. Það eru auðvitað gríðarleg tímamót fyrir heilbrigðisþjónustu á Íslandi.

Við leggjum líka mikla áherslu á heilsugæsluna, á geðheilbrigðismálin, á ýmis félagsmál eins og hækkun fæðing- arorlofs, húsnæðismál — bæði ungs fólks en líka húsnæðismál allra — þar sem við leggjum fjármagn í stofnstyrki til byggingar á almennum leiguíbúðum, sem vissulega er rétt eins og bent hefur verið á í umræðunni að við erum að uppfylla skuldbindingar ríkissjóðs en við erum jafnframt að

bæta þar við umfram þær skuldbindingar sem gefnar voru. En við erum líka að grípa til ýmissa annarra aðgerða samhliða þessu, raunar 14 tölusettra aðgerða til þess að taka á þeim mikla húsnæðisvanda sem er um þessar mundir og hefur farið stigvaxandi á undanföllum árum. Hann hefur raunar leitt til þess að í augnablikinu glímum við við verðbólgu á fasteignamarkaði vegna skorts sem bitnar helst á þeim tekjulægstu, ungu fólki sem er að stíga fyrstu skrefin inn á húsnæðismarkaðinn. Þar af leiðandi skiptir gríðarlega miklu máli að vel takist til við að leysa úr þessum vanda.

Við höldum áfram uppbyggingu almannatryggingakerfisins með því að hækka lágmarksfjárhæð til þeirra sem einir búa úr 280 þús. kr. á mánuði í 300 þús. kr. til þess að þar fylgist að lágmarkslaun á vinnumarkaði og lágmarksfjárhæð almannatrygginga. Í menntamálum horfum við til verkefna eins og máltækni- og vefkerfisins, sem er gríðarlega mikilvægt fyrir framtíð tungumálsins okkar. En jafnframt, þrátt fyrir gagnrýni um ónógt framlag til bæði framhaldsskóla og háskóla, sjáum við þar hækkandi framlög á hvern nemanda á báðum stigum.

Þessu samhliða er lögð gríðarleg aukning í nýsköpun í atvinnulífnum, í að efla nýsköpunarumhverfi atvinnulífsins, og það skiptir auðvitað miklu máli. Þrátt fyrir að vel hafi árað á undanföllum árum hefur því miður fjarad talsvert undan því hagstæða umhverfi sem hér skapaðist fyrir nýsköpunarfyrirtæki skömmu eftir hrun og leiddi af sér mikla grósku á því sviði. Við sjáum að þar horfum við enn og aftur framan í afleiðingar hins sveiflukenna íslenska hagkerfis og sveiflukennrar myntar. Það er kannski þegar öllu er á botninn hvolft það sem mestu máli skiptir í þessum fjárlögum ef frá er talin áherslan á velferðarmálin, áherslan á ábyrgja fjármálastjórn hins opinbera. Að við förum ekki fram úr okkur eina ferðina enn, að ríkisfjármálin verði ekki enn og aftur til að kynda undir þenslu, auka verðbólguþrýsting, valda hækkandi vaxtastigi umfram það sem þegar er, og þykir nú flestum nóg um.

Ítrekað hefur verið bent á þennan veikleika ríkisfjármála- anna. Stjórnvöld hafa ítrekað í gegnum árin og raunar áratugina verið gagnrýnd fyrir það sama, að þegar fjármagn streymir inn í ríkissjóð er því eytt jafnharðan og mesta útgjaldaþenslan verður á tímum uppgangs. Þá verður ekkert svigrúm eftir þegar dregur saman í hagkerfinu aftur, eins og alltaf gerir á endanum. Þá hefur ríkissjóður ekki ráð á að ráðast í fjárfestingar í innviðum, ekki ráð á að sinna grunnþjónustu sinni með sóma. Það er það sem hér er verið að leggja grunn að að endurtaki sig ekki. Að við höfum svigrúm í ríkisfjármálanum þegar aftur dregur saman til þess að ráðast af krafti í innviðauppbyggingu, til þess að geta sinnt grunnþjónustunni svo sómi sé að og til þess að við leggjum hagstjórninni lið, höldum vaxtastigi eins lágu og kostur er, höldum verðbólgunni niðri eins og við höfum sem betur fer búið við núna mörg undangengin ár, eitt stöðugasta verðlag sem við höfum fengið að kynnast um langt árabil.

Fátt skiptir heimilin meira máli. Það verður að hafa í huga í þessu sambandi. Það eru einmitt þeir tekjulægstu, þeir sem síst mega við svo öfgakenndum sveiflum, sem líða fyrir þær, líða fyrir verðbólgunna, líða fyrir hátt vaxtastigi og öfgafullar sveiflur á húsnæðismarkaði þar sem ýmist er byggt allt of mikið eða allt of lítið. Það er þessi hópur sem

við eigum ekki síst að hugsa til þegar við horfum til agaðrar hagstjórnar. Þar heyrir gjarnan þessi gagnrýni: Hér ætti að auka enn við í útgjöldum, þrátt fyrir að við horfum á metaukningu ríkisútgjalda á skömmum tíma. Hér ætti að hækka skatta til að fjármagna þá útgjaldaaukningu, þrátt fyrir fullkomna óskynsemi þess að fjármagna eða auka samneysluna á hápunkti hagsveiflunnar með skattahækkunum. Það þýðir með öðrum orðum að undir þeirri aukningu verður ekki nokkur fótur þegar dregur saman aftur og þarf í raun umsvifalaust að kippa þeirri þjónustu sem þannig er uppbyggð til baka aftur eins og við höfum áður lent í. Við höfum áður þurft að glíma við það að klippa um hæl á lof-orð stjórnmalamanna, jafnvel árið eða tveimur eftir að þau eru gefin, þar sem dregið hefur saman í hagkerfinu á nýjan leik.

Fram hefur komið í umræðunni að einhverjum í minni hlutanum þyki sem málf lutningur Viðreisnar í þessum efnu-um komi á óvart. Okkur hefur svo sem verið raðað á bás allt yfir hið pólitíska litróf, ef þannig mætti orða það. Það ætti hins vegar ekki að koma neinum á óvart á hverju við byggjum hugmyndafræði okkar, fyrir hverju við berjumst. Við tölum um réttlátt samfélag, um viðskiptafrelsi, um jafnvægi. Við leggjum áherslu á velferðarkerfið og uppbyggingu þess, á stöðugleika í efnahagsumhverfinu, ábyrgja fjármálastjórn ríkissjóðs og við leggjum áherslu á frelsi, viðskiptafrelsi, jöfn tækifæri, tækifæri til að bæta stöðu sína, hvort heldur er einstaklingur eða fyrirtæki.

Þetta jafnvægi sem við leitum eftir í okkar stefnu er ágætlega endurspeglad í þeim áherslum sem koma fram í fjárlagafrumvarpinu sem hér liggur fyrir. Auðvitað er það svo þegar við horfum til heilbrigðiskerfis, málefna eldri borgara, stöðu ungs fólks, þegar kemur t.d. að húsnæðis- markaði, að margt má betur fara. Að sjálfsögðu er lagt af stað á grundvelli fimm ára áætlunar þar sem einmitt er lögð áhersla á þessi málefni.

Eitt myndi ég sérstaklega vilja nefna í því samhengi en það er sú gagnrýni sem húsnæðisstuðningur, þ.e. minnkandi vaxtabætur hljóta hér. Þar gleymist að við erum líka að byggja, samhliða vaxtabótunum, á nýju stuðningskerfi til húsnæðiskaupa hjá ungu fólki sem ég held að sé mjög vanmetið í þessari umræðu, en það er einmitt séreignarsparnað- arleiðin. Hún gleymist mjög gjarnan. Þar er verið að hvetja fólk til að nýta sér sparnaðarúrræði sem nokkuð fáir eða lágt hlutfall ungs fólks nýtir sér í dag, þar sem það getur lagt 2% til hlíðar, fengið 2% móttframlag frá vinnuveitanda sínum og þar af leiðandi tvöfaldað sparnaðinn sinn og notið svo skattfrelsis hins opinbera þegar kemur að fyrstu kaup- um. Ég held að þetta sé eitt það sterkasta úrræði sem við höfum haft til þess að styðja ungt fólk til fyrstu húsnæðis- kaupa. Ég held að við ættum að horfa betur til þess hvernig við getum byggt í kringum það úrræði.

En ég ætla ekki að hafa mín orð fleiri. Ég tek þó fram til að taka af allan vafa að hér tala ég auðvitað sem þingmaður Viðreisnar en ekki félagsmálaráðherra.

[13:42]

Katrín Jakobsdóttir (Vg) (andsvar):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að taka þátt í þessari umræðu. Ég hjó eftir því að hann aðskildi persónu

sína sem ráðherra og sem þingmann Viðreisnar hér í lokin. Kannski veitir ekki af. Við höfum verið að furða okkur á því sem höfum verið að fylgjast með umræðum í gær og í þessari umræðu að hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar Við- reisar eru fyrst og fremst að tala fyrir stefnu síns flokks. Útskýra stefnu síns flokks, fara yfir sjálfsmyndina, við er- um bæði hægri, vinstri, alls konar, við erum ekki Sjálfstæðis- flokkurinn. Hæstv. ráðherra hefði bara getað komið hing- að upp og sagt okkur það: Við erum ekki Sjálfstæðisflok- kurinn, hvað sem þið haldið. Ég er þingmaður Viðreisnar og ekki bara hæstv. félagsmálaráðherra. Mér finnst þetta dálít- ið kúnstugt, ef ég á að vera alveg heiðarleg, því að þessir flokkar sitja saman í ríkisstjórn. Við vorum í umræðum í gær um stefnu þessarar ríkisstjórnar. Fjárlögin — ég vænti þess að fjárlögin séu fjárlög ríkisstjórnarinnar en ekki bara hæstv. fjármálaráðherra, þingmanns Viðreisnar svo að það sé tekið fram.

Eða hvað? Ég vil spyrja því að ég les það í fjölmiðlum að það sé nú kannski ekki þingmeirihluti fyrir öllu því sem kemur fram í fjárlagafrumvarpinu. Ég vil í ljósi þessarar leitar að sjálfsmynd sem Viðreisnarþingmenn eiga í í opin- berum umræðum — og mér finnst það bara mjög jákvætt að þeir taki þetta bara út og losi það hér í opinberri umræðu — spyrja hvort hæstv. ráðherra telji að það sé meiri hluti fyrir frumvarpinu. Hvort hæstv. ráðherra telji að það sé meiri hluti fyrir þeim skattatilhögunum sem eru lagðar til í frumvarpinu og hann fór yfir í ræðu sinni, í ljósi þess að ekki virðist vera fullkomin eining um það í stjórninni frekar en margt annað.

Mig langar líka að spyrja hæstv. ráðherra sem talar um mikilvægi þess að gengið sé varlega um gleðinnar dyr þegar kemur að útgjöldum hvað hann hafi þá að segja um frumvarp samflokksmanns síns í Viðreisn, hæstv. fjármála- ráðherra, þar sem kemur fram í frumvarpi hæstv. ráðherra að það liggja fyrir að brottfall tekjustofna á undanförmum ár- um geri að verkum — þetta kemur fram á síðu 95 í frum- varpinu ef hæstv. ráðherra vill kynna sér það — að þunginn sé orðinn mjög mikill á meginskattstofna, eins og virðis- aukaskatt, tekjuskatt einstaklinga og tryggingagjald, sem felur í sér að þegar um hægist (Forseti hringir.) munu tekj- unnar taka mun stærri dýfu en útgjöldin með tilheyrandi áhrifum á afkomu til hins verra og skuldásöfnun hefst að nýju. Sem sagt: (Forseti hringir.) Það er búið að fella niður það marga tekjustofna að það er of mikill þungi á þeim sem eru eftir. (Forseti hringir.) Væri ekki ráð að bregðast við þessu í frumvarpi hæstv. ráðherra Viðreisnar?

[13:45]

Félags- og jafnréttismálaráðherra (Þorsteinn Víglundsson) (V) (andsvar):

Ég þakka hv. þm. Katrínu Jakobsdóttur fyrir andsvarið. Sjálfsmynd okkar var aldrei týnd, en það virtist sem æðim- margir misskildu hana. Okkur fannst einmitt ágætistilfæni í þessari stefnumræðu að skerpa á skilningi annarra á því hvaðan við kæmum.

Að sjálfsögðu er þetta fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinn- ar. Við stöndum að því og þeim áherslum sem þar eru settar fram með sama hætti og við stöðum að þeim áherslum sem settar voru fram í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar sem fjárlagafrumvarpið byggir á.

Það virðist reyndar svo í þessari umræðu að þingmenn sjálfir eigi mjög erfitt með að setta sig við þann aga sem var settur í ríkisfjármálin með lögum um opinber fjármál og mundu gjarnan vilja getað brugðið meira frá því en hér er gert, en lagt er upp með aðhaldssama ríkisfjármálastefnu til þess að vega upp á móti þeirri miklu þenslu sem er í hagarfinu, koma í veg fyrir að hér brjótist fram verðbólga með þörf á vaxtahækkunum. Þetta er reyndar það sem við höfum ítrekað verið vörud við og ég kom að ágætlega áðan, og Seðlabankinn varar reyndar mjög skýrt við, að aðhald ríkisfjármálanna verði að vera til staðar ef ekki eigi að koma til frekari vaxtahækkana.

Er meiri hluti fyrir fjárlagafrumvarpinu? Já, það held ég að sé alveg örugglega. En það væri vanvirðing við þingið að ætla að þingið muni ekki taka málin til efnislegrar umfjöllunar og einhverjar breytingar kunna að verða þar á. Að sjálfsögðu mun fjárlaganefnd fara yfir málið, að sjálfsögðu eru umdeild mál, innan flokka líka. Ég er enginn sérstakur aðdáandi skattahækkana en hér erum við að tala um eðli grænna skatta, hverjir þeir eigi að vera og hvert umfang þeirra eigi að vera, og hvað þurfi til til að hvetja til breyttrar hegðunar til að við getum staðist skuldbindingar okkar í loftslagsmálum, sem er mjög mikilvægt og við styðjum heils hugar.

Þegar talað er um að þrengja að tekjustofnum, breikka gjaldstofna o.s.frv., er það allt saman mjög huggulegt tal fyrir skattahækkanir. Ég er einfaldlega andvígur umfangsmiklur skattahækkunum þegar ríkið hefur meira en nægar tekjur. Það getur vel verið að ríkið þurfi að takast á við áskoranir í framtíðinni sem við munum þá bregðast við með viðeigandi hætti þegar þar að kemur. En við þær kringumstæður sem nú eru er ekki ástæða til víðtækra skattahækkana.

[13:47]

Forseti (Steingrímur J. Sigfússon):

Forseta mun hafa orðið á að ávarpa hæstv. ráðherra sem félags- og húsnæðismálaráðherra, en það mun vera úreltur titill, við lýði á síðasta kjörtímabili. Nú er hið rétta ávarp félags- og jafnréttismálaráðherra. Beðist er velvirðingar á þessu.

[13:47]

Katrín Jakobsdóttir (Vg) (andvar):

Herra forseti. Ég fæ ekki skilið hvernig hæstv. ráðherra og hv. þingmaður Viðreisnar fær það út að mjög mikilvægt sé að hafa aðhald en eigi að síður megi ekki innheimta tekjur því það er það sem Seðlabankinn hefur verið að segja á undanförunum árum, eins og hæstv. ráðherra ætti að vera kunnugt. Seðlabankinn hefur einmitt verið að benda á að það sé varhugavert að fella niður tekjustofna, það dragi úr aðhaldi ríkisfjármála.

Hér kemur hæstv. ráðherra upp og segir: Það er mjög mikilvægt að hafa aðhald, en það má bara alls ekki aflla meiri tekna. Sami hæstv. ráðherra sagði um daginn opinberlega að honum myndist jöfnunarhlutverk skattkerfisins mjög mikilvægt. Finnst honum þá ekki að nýta eigi skattkerfið í það að draga úr þeirri raunverulegu misskiptingu sem er í landinu sem felst í eignaskiptingunni, sem felst í vaxandi

misskiptingu auðsins á Íslandi? Á því er auðvitað hægt að taka t.d. með því að setja á hóflegan auðlegðarskatt eins og við þingmenn Vinstri grænna höfum lagt til. Eða finnst hæstv. ráðherra þá gengið of langt í jöfnunarhlutverki skattkerfisins? Vill hæstv. ráðherra hafa jöfnunarhlutverk skattkerfisins hófstíllt þannig að það sé tryggt að misskipting auðsins haldi áfram að aukast, eins og mér sýnist að sé ætlinin með þessu frumvarpi?

[13:48]

Félags- og jafnréttismálaráðherra (Þorsteinn Víglundsson) (V) (andvar):

Herra forseti. Hér er spurt stórra og áhugaverðra spurninga. Þegar kemur að tekjuaukningu ríkissjóðs með skattheimtu þá er það auðvitað ekki svo að hugmyndir minni hlutans um skattahækkanir snúi að því að auka afkomu ríkissjóðs, að auka afganginn af ríkissjóði, sem vissulega mætti alveg færa rök fyrir að gæti aukid aðhaldsstig ríkisfjármálanna á tímupunkti sem þessum. Þessum fjármunum yrði auðvitað eytt jafnharðan. Um það snúast tillögurnar, að ríkið taki stærri hluta af kókunni til sín til að eyða svo jafnharðan á nýjan leik, sem þýðir að aðhaldsáhrif slíkra skattahækkana yrðu engin og þýddu raunar einfaldlega að erfiðara yrði síðan að bregðast við niðursveiflu og samdrætti í tekjum ríkissjóðs og mikilvægi þess að draga saman að nýju í útgjöldunum.

Jöfnun eigna versus tekna er reyndar ansi stórt viðfangsefni. En við búum við mikinn tekjujöfnuð hér á landi. Það væri mjög áhugavert að fara inn í umræðuna um eignajöfnuð og hversu stór hluti af því ójafnvægi (Forseti hringir.) er einfaldlega bundinn við aldur okkar. Við söfnum eignum yfir aldurs skeiðið. Ég hygg (Forseti hringir.) að það eigi nokkurn hlut í skýringu.

[13:50]

Eygló Harðardóttir (F) (andvar):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra Þorsteini Víglundssyni fyrir ræðu hans og jafnframt fyrir að taka þátt í umræðunni. Ég vænti þess að geta líka hlustað á hann á morgun þegar kemur að einstökum málaflökum.

Ég ætla samt aðeins að fá að hoppa inn í málaflökkanu sem heyra undir ráðherrann og spyrja hann um þá. Ég á erfitt með að sjá þó að hér sé talað um aukin framlög uppreiknuð frá fjárlögum 2017 yfir til 2018 til öryrkja sérstaklega, virðist það fyrst og fremst tengjast fjölgun öryrkja. Ekki er verið að setja fjármuni til þess að mæta fyrirhuguðum lagabreytingum. Er ekki möguleiki á því að flýta þeim lagabreytingum sem boðaðar voru í fjármálaáætluninni þannig að hægt væri að tryggja öryrkjum þar sem mun herra hlutfall fólks býr við fátækt og á minna í lífeyrissjóðum, minni eigur, sambærilegar kjarabætur eins og samstaða var um að veita eldri borgurum? Hvað getum við gert í sameiningu til þess að reyna að afgreiða það mál sem ég veit að ráðherrann hefur unnið að í nokkurn tíma? Hvað getum við gert til að flýta afgreiðslu þess máls hér í þinginu?

[13:52]

Félags- og jafnréttismálaráðherra (Þorsteinn Víglundsson) (V) (andsvar):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni andsvárið. Hér er spurt sérstaklega út í málefni öryrkja. Það er rétt að við fórum í gegnum mjög mikla kerfisbreytingu á ellilífeyriskyferfi almannatrygginga sem hv. þingmaður stóð að sem félags- og húsnæðismálaráðherra á þeim tíma, en öryrkjar voru skildir eftir. Því miður virðumst við þurfa nokkurn tíma til viðbótar til þess að freista þess að ná sátt um þær breytingar við þá hagsmunaaðila og þá sér í lagi öryrkja sjálfa. Ég skil áhyggjur Öryrkjabandalagsins í þeim efnum þegar kemur að því að breyta núverandi fyrirkomulagi úr örorkumati yfir í starfsgetumat, að atvinnutækifæri og sveigjanlegur vinnumarkaður verði fyrir hendi til þess að mæta breyttu kerfi, sem ég reyndar er sannfærður um að sé, en ég þarf auðvitað að ganga úr skugga um að þá hafi verið hugað vel að áður en við hrindum þeim breytingum í framkvæmd.

Við gerum þess vegna ráð fyrir því að þau frumvörp komi fram núna í vetur, verði vonandi klárð fyrir næsta vor. Ég á þar af leiðandi ekki von á því að það verði raunhæft að ljúka þeirri vinnu eða hvað þá að þær breytingar taki gildi fyrr en um áramótin 2018/2019. Hins vegar er í fjárlagafrumvarpinu núna gert ráð fyrir sambærilegri hækkun gagnvart lágmarks- eða tekjutryggingu einstæðinga sem búa einir, þ.e. hækkun úr 280 þús. kr. í 300 þús. kr. á mánuði hjá öryrkjum líkt og ellilífeyrisþegum og verið er að hækka almennar bótafjárhæðir um 4,7% líkt og hjá ellilífisþegum.

[13:54]

Eygló Harðardóttir (F) (andsvar):

Virðulegur forseti. Ég vil ítreka hvatningu mína til hæstv. ráðherra um það að reyna að koma breytingum á lífeyriskyferfi öryrkja sem allra fyrst í þingið. Ég þekki ágætlega til ágreinings sem snýr að starfsgetumatinu, en hins vegar er ekki sambærilegur ágreiningur sem snýr að breytingum varðandi lífeyrinn sjálfan, ekki hvað síst þar sem við erum að tala um allt að því fjórðungshækkun á lífeyri þeirra sem minnst hafa.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra: Komið hafa mjög ákveðnar ábendingar frá verkalyðshreyfingunni um mikilvægi þess að hækka atvinnuleysisbætur. Þar hefur jafnframt verið bent á mikilvægi þess nú í aðdraganda kjaraviðræðna að hugað verði að persónuafslættinum og hækkun hans. Þar eru menn enn á ný að tala um hvað það er sem getur nýst best þeim sem eru með lægstu tekjurnar, minnst á milli handanna. Því hefði ég áhuga á að heyra frá ráðherranum hvort hann hafi í hyggju að mæta óskum verkalyðshreyfingarinnar um annars vegar hækkun atvinnuleysisbóta og hins vegar hækkun persónuafsláttar.

[13:55]

Félags- og jafnréttismálaráðherra (Þorsteinn Víglundsson) (V) (andsvar):

Forseti. Ég gæti náttúrlega lofað upp í ermina á hæstv. fjármálaráðherra varðandi hvort tveggja. Staða málsins er sú hvað varðar síðari spurninguna sem snýr að persónuaf-

slættinum sjálfum, að verið er að skoða, eins og við höfum kynnt, hugmyndir sem snúa að möguleikum á að breyta þessu fyrirkomulagi okkar. Ég held raunar að einn helsti galli núverandi fyrirkomulags persónuafsláttar sé hversu dýrt það er fyrir ríkissjóð að hreyfa hann. Það gagnast jú öllum tekjuhópum þegar persónuafsláttur er hækkaður. Ég held að við gætum horft til skattkerfa sem væru sveigjanlegri hvað þetta varðar og auðveldari að hreyfa til, sér í lagi með hagsmuni tekjulægstu hópanna í huga.

Hvað varðar sérstakar hækkanir á atvinnuleysisfjárhæðinni þá höfum við ekki skoðað, ekki enn sem komið er í það minnsta, hækkanir á borð við það sem við höfum séð í almannatryggingum og í núverandi atvinnuástandi hefur raunar ekki verið (Forseti hringir.) mikill þrýstingur til þess.

[13:56]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður nefnir að við höfum svigrúm þegar þrengir að. Einnig er nefnt að skattstofnarnir eigi að vera sveigjanlegri. Þá skýtur aðeins skökku við að mæla þá ekki með því að skattstofnarnir verði breikkaðir, það verði fleiri fætur undir borðinu sem hjálpa til, eins og bent er á í fjárlagafrumvarpinu, ef hægist um þá detta niður þessir stórvægilegu stofnar sem við stólum á núna. Ef við værum með fleiri og fjölbreyttari skattstofna væru jafnvel þeir sem við stólum á núna lægri. Það er líka hægt að segja að þegar skattmöguleikum fjölgar væri hægt að hafa lægri virðisaukaskatt og tekjuskatt einstaklinga, en ekki bara það að verið sé að hækka heildarskattbyrðina með því að fjölga möguleikum. Það gerir líka að verkum að þegar þarf að stilla þá til væri auðveldara að stilla til prósentu hvers skattstofns en að bæta alveg nýjum við.

Þannig lít ég dálítið á kerfið og þá ábendingu sem er í fjárlagafrumvarpinu um að nauðsynlegt sé að fjölga skattstofnum og breikka þá til þess að geta betur brugðist við þegar fer að hægjast um. Þá er ég ekki að segja að heildarskattbyrði eigi að hækka heldur einfaldlega að það sé breiddara bak skattalega séð þegar efnahagssveiflur fara af stað.

[13:58]

Félags- og jafnréttismálaráðherra (Þorsteinn Víglundsson) (V) (andsvar):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni andsvárið. Ég er þeirrar skoðunar að á endanum sé tómt mál að tala um breiða eða granna skattstofna, á endanum er þetta allt saman sótt til okkar sem hér búum. Við borgum þetta á endanum ýmist beint eða óbeint í gegnum hvort sem heldur er beina tekjuskatta, virðisaukaskatt, vöruskatta eða hvaða öðru nafni við kjósum að nefna skattana hverju sinni. Það breytir því ekki að það eru auðvitað mörg tækifæri til eignarskatta, sem ég er persónulega ekkert sérstaklega hrifinn af, hátekjuskatta, og það er gott að hafa í huga að við erum með marglaga eða margskipt tekjuskattkerfi með bæði tveimur tekjuskattsþrepum og áhrifum persónuafsláttar. Ég held að það sé miklu betra að hafa skattkerfið okkar tiltölulega einfalt og skýrt. Þetta er á endanum sótt í sama vasann og það er þó betra að virkni þess sé skýr.

Ég er ekki alveg sammála því mati sem kom fram í um-

ræðunni áðan að það setji okkur í sérstaklega viðkvæma stöðu þegar saman dregur í efnahagslífinu að nýju því að á endanum er þetta sótt á sama stað, hvort sem skatttegundirnar eru endalaust margar eða tiltölulega fáar og breiðar. Ég er persónulega hrifnari af einföldu skattkerfi með breiðum skattstofnum en ekki mjög mikilli og flókinni flóru ýmissa skatttegunda sem gerir skattkerfið mjög ógagnsætt og efit.

[14:00]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Hérna er lyklatríðið dreifing. Það snýst um að hægt sé að skattleggja þar sem í rauninni hægt er að skattleggja. Ef við erum með stóran almennan skattstofn eins og tekjuskatt einstaklinga eða virðisaukaskatt hefur það áhrif á alla, sérstaklega þá tekjulágu þegar illa árar. Með fjölbreyttari skattstofnum er hægt að beina skatta-hækkunum eða -lækkunum mun nákvæmar. Ég skil ekki alveg samhengið í þessu ef hafa má þrepaskiptan persónuafslátt, eins og er verið að tala um hérna, en ekki má vera með þrepaskiptan tekjuskatt. Það er ekkert flókið við þetta, það er enginn sem handreiknar þetta fram og til baka, þetta er rosalega tölvuvætt og einfalt í notkun og við erum búin að búa til rosalega flókin og góð tæki sem gera þetta fyrir okkur. Ég sé ekki að það sé neitt flókið við þetta (Forseti hringir.) Þannig að ég sendi bara þessar fullyrðingar aftur til baka og vonast eftir betri útskýringum.

[14:01]

Félags- og jafnréttismálaráðherra (Þorsteinn Víglundsson) (V) (andsvar):

Forseti. Hv. þingmaður óskar eftir betri útskýringum. Það er sjálfsagt að spreyta sig á því. Þegar við tölum um tekjuskattkerfið sjálf er mjög mikilvægt að við horfum til tekjujöfnunarþáttar þess og það er nákvæmlega það sem ég átti við með núverandi persónuafsláttarkerfi. Það gagnast öllum tekjuhópum, alveg óháð því hvort viðkomandi er með 2 milljónir á mánuði eða 200 þúsund. En vissulega vegur það þyngra í skattþróun eða virku skattþróuninni hjá þeim sem er með lægstar tekjur.

Ég held að hægt sé að gera þetta kerfi enn betra með því að vera með háan persónuafslátt fyrir tekjulægsta hópinn, sem hverfur svo út einhvers staðar á miðri leið, stíglækkandi með vaxandi tekjum. Þær hugmyndir sem hafa verið settar fram í þeim efnun byggja líka á tveggja þrepa skattkerfi þar ofan á. Það er orðið mjög margþrepa skattkerfi sem er þannig og mjög auðafstillanlegt einmitt til að bregðast við áskorunum eins og þeim sem hv. þingmaður lýsir þar sem við þurfum að gæta þess að hlífa tekjulægstu hópnum þegar ríkið þarf að afla aukinna tekna.

[14:03]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Herra forseti. Það er merkilegt að fylgjast með þessari umræðu, ekki síst þeirri sem var að ljúka um tekjustofna ríkisins og hins opinbera og hvernig fólk sér það nákvæmlega fyrir sér. Ef við viljum að skattkerfið þjóni sínu jöfnunarhlutverki þá verður það eðli máls samkvæmt flóknara en svo að það sé hægt að hafa flata skattþróun. Það er

eðli máls samkvæmt. Þess vegna höfum við haft mismunandi skattþróun í tekjuskattkerfi, þess vegna höfum við haft mismunandi skattþróun í virðisaukaskattkerfinu. Þó að einhverjir hv. þingmenn og jafnvel hæstv. fjármálaráðherra hafi talað fyrir því að þar verði aðeins eitt skattþrep, þá er staðreyndin sú að langflestar þjóðir nýta sér sveigjanleika kerfisins til þess að skattleggja fólk, vörur og eignir með mismunandi hætti til þess að ná fram þessu jöfnunarhlutverki.

Ég vil vekja athygli á því, af því að því hefur verið haldið fram að hér séu allir sammála um jöfnunarhlutverk skattkerfisins, að það er svo augljóst bara af þessari 1. umr. um fjárlagafrumvarpið að það er bullandi pólitískur ágreiningur. Hins vegar þykir gott að segjast vera með jöfnuði um þessar mundir, a.m.k. ef fólk er í leit að sjálfsmynd og vill staðsetja sig einhvers staðar á hinu pólitíska litrófi og milli hægri og vinstri, þá er gott að vera með jöfnuði, en þá verður fólk líka að láta aðgerðir, hv. þingmenn og hæstv. ráðherra, fylgja orðum sínum. Við verðum að sjá þess stað til að mynda í fjárlagafrumvarpinu ef menn eru skyndilega orðnir svo gríðarlega áhugasamir hér um að auka jöfnuð.

Ég benti á að á bls. 94 og 95 er líka vakin athygli á því að það fylgja því ákveðnir hagstjórnarlegir veikleikar að hafa fellt niður tekjustofna á undanförunum árum. Það gerir að verkom að á þá tekjustofna sem eftir standa leggst aukinn þungi. Mér finnst mjög mikilvægt að þetta sé dregið fram því þetta kemur beinlínis fram í frumvarpinu sjálfu og mikilvægt að við tökum mark á þeim skilaboðum sem þar er að finna. Það er verið að vara okkur hv. þingmenn við að sú áhersla sem hér hefur birst á að það eigi eingöngu að nýta hagsveifluna til uppbyggingar og ekki eigi að fjölga tekjustofnum getur verið varhugaverð. Við fáum þetta bara svart á hvítu í frumvarpi frá hæstv. fjármálaráðherra Viðreisnar.

Hér hefur líka verið varað mjög við því að auka útgjöld, en staðreyndin er sú að samneyslan sem hlutfall af vergri landsframleiðslu er að dragast saman. Hún hefur verið að dragast saman á undanförunum árum. Hún heldur áfram að dragast saman með þessu fjárlagafrumvarpi. Það er auðvitað pólitísk stefna, annars vegar að breikka ekki tekjustofnana og hins vegar að draga saman samneysluna. Það er niðurstaðan í fjárlagafrumvarpinu.

Þegar við skoðum hvað er hér verið að leggja til þá er auðvitað fjarri því að staðið sé undir þeim væntingum sem voru gefnar fyrir kosningar, og það er ekki ár líðið frá kosningum, um að hér ætti að fara í uppbyggingu innviða. Það er algjörlega fjarri því.

Hæstv. ráðherra og hv. þingmenn meiri hlutans hafa haldið því fram að verið sé að koma til móts við vanda háskólanna. Hefur þetta fólk heimsótt háskólana? Hefur það talað við fólk sem er að vinna í háskólunum? Áttar það sig á því hvernig þeir eru keyrðir og reknir áfram með stundakennurum í sívaxandi hlutfalli af því að það er ekki hægt að ráða inn kennara í fastar stöður? Hér er talað um að það sé bara eðlilegt að fækka nemendum á háskólastigi, eins og ég sagði í gær, af því að langskólamenntun hefur verið sérstakt vandamál hérna. Nei, ég hef nú ekki orðið vör við það.

Hér talar fólk um að fjárfesta í menntun, rannsóknunum og

nýsköpun. Það sagði hv. þingmaður Viðreisnar og hæstv. félags- og jafnréttismálaráðherra áðan. Jú, fjárfestum í rannsóknum og nýsköpun. Hvað erum við að tala um?

Ég fer hér upp og skoða nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar. Það er ekkert verið að fjárfesta í því. Það er verið að halda kyrrstöðu, ef þá það. Það er ekkert sótt fram í nýsköpun og rannsóknunum. Það er ekki staðið við samþykkt Vísinda- og tækniráðs um að framlög til háskólanna eigi að færist upp í meðaltal OECD. Við erum enn þá helmingi fyrir neðan Norðurlönd þegar kemur að framlögum til háskóla.

Hér er reynt að setja inn að mér sýnist einhverjar nokkur hundruð milljónir í háskólakerfi þar sem bara Háskóla Íslands vantar einn og hálfan milljarð. Þar er fólk sem opnaði sínar dyr meðan hér gekk yfir kreppa og fólk missti vinnuna, þá opnuðum háskólarnir sínar dyr, hleyptu fólk í nám þannig að það náði að skipta um störf, ná sér í menntun. Þessir skólar allir sem einn, háskólarnir í landinu, öxluðu sína samfélagslegu ábyrgð í trausti þess að Alþingi sem það þá um að gera þetta myndi svo bæta þeim það upp og tryggja að þessar stofnanir gætu haldið áfram að vera flaggskip fyrir rannsóknir, nýsköpun og vísindi í íslensku samfélagi sem er það sem okkar framtíð byggist á. Það er ekki staðið við það. Hér stendur allt í stað í nýsköpun, rannsóknunum og vísindum, alveg sama hvað hv. félags- og jafnréttismálaráðherra Viðreisnar sagði áðan um að það væri sérstök áhersla ríkisstjórnarinnar. Það er ekki hægt að koma hér upp og tala með þessum hætti, herra forseti. Það er eiginlega sama hvert ég lít í menntamáli. Þetta eru mikil vonbrigði.

Ég verð þó líka aðeins að ræða um það sem virðist enn þá vera ágreiningsefni sem eru hinar fyrirhuguðu breytingar á virðisaukaskatti. Eftir þessar breytingar verður virðisaukaskattur á gistingu á Íslandi næsthæstur í Evrópu. Á þetta hafa Samtök ferðapjónustunnar bent. Þessi breyting er lögð til til þess að jafna stöðu ferðapjónustunnar við aðrar atvinnugreinar á Íslandi. En er það svo? Í hvaða umhverfi starfar ferðapjónustan? Starfar hún ekki í alþjóðlegu umhverfi? Erum við ekki með flokka í ríkisstjórn sem eru einmitt að tala um að það skipti máli að við séum í alþjóðlegu umhverfi? Það sem er verið að gera með þessari skattbreytingu er að það á að halda áfram að vera með gistingu-áttagjald, sem tíðkast mjög víða í Evrópu og raunar hafa allir flokkar verið sammála um, en þar er hins vegar virðisaukaskattur á þessari sömu gistingu miklu lægri. Með þessum aðgerðum er því verið að veikja samkeppnisstöðu ferðapjónustunnar. Því var lofað í vor að greiningar myndu verða gerðar. Þær myndu liggja fyrir á því hvaða áhrif þetta hefði á samkeppnishæfni ferðapjónustunnar því ferðapjónustan hefur varað við því að þetta skipti máli, ekki síst fyrir smærri fyrirtæki í ferðapjónustu úti um land. Hvar er sú greining? Hún liggur ekki fyrir, ekki eftir því sem ég finn. Mér þætti vænt um ef mér væri bent á hana ef hún liggur fyrir. Mér sýnist að ætlunin sé að draga stórlega úr samkeppnishæfni ferðapjónustunnar. Hver er niðurstaðan af því? Jú, hún er aukin samþjöppun í ferðapjónustu.

Þá fer ég að velta því fyrir mér hvort þetta sé nú kannski lýsandi fyrir atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar, ef hægt er að tala um ríkisstjórn þar sem bara einn flokkur talar eins og hann sé í ríkisstjórn og hinir tala bara fyrir sig. Er stefna

ríkisstjórnarinnar eða þessara þriggja flokka sem eru saman í ríkisstjórn að auka samþjöppun í öllum greinum? Hver verður afleiðingin af aðgerðum hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðaráðherra? Það væri nú rétt að ræða það í tengslum við fjárlagafrumvarpið því þar er ætlunin að veita skattfé í að fækka sauðfé og sauðfjárþændum og vinna á lambakjötsfjallinu sem við erum núna búin að fá fréttir um að sé ekki fjall heldur meira höll eða eitthvað slíkt, þannig að birgðastaðan sem við kölluðum eftir greiningu á liggur ekki fyrir. En segjum sem svo að þessar aðgerðir verði eins og þær hafa verið kynntar. Verður afleiðingin ekki aukin samþjöppun í landbúnaði?

Hvaða áhrif nákvæmlega munu hugmyndir þær sem hafa verið kynntar í sjávarútvegi af hálfu Viðreisnar hafa á sjávarútveginn? Munu þær endilega skila auknum tekjum í ríkissjóð? Ekki endilega. Munu þær auka byggðafestu í sjávarútvegskerfinu? Nei, ekki endilega. Hvaða áhrif munu þessar hugmyndir hafa? Aukinni samþjöppun í sjávarútvegi. Er þetta atvinnustefna ríkisstjórnarinnar? Og á að fara kannski í virðisaukaskattshækkun í ferðapjónustu til að tryggja að hægt sé að ná líka fram aukinni samþjöppun í ferðapjónustu?

Mér finnst þetta áhugaverð spurning og eitthvað sem við munum þurfa að ræða á þinginu í vor því að það að reyna að átta sig á því hvaða stefna nákvæmlega kemur frá þessari ósamstæðu ríkisstjórn er flókið. Það er flókið. En með því að kafa ofan í gögn mála og reyna að skilja hvað nákvæmlega þessir þrjú ólíku flokkar sem virðast svo sam-mála um fátt eru að segja, þá stendur a.m.k. upp úr að þær aðgerðir sem er verið að grípa til miða í átt að aukinni samþjöppun í öllum atvinnugreinum. Þær miða ekki að því að auka nýsköpun og rannsóknir, því þær á ekkert að styrkja meira. Þær miða ekki að því að byggja upp þekkingarsamfélag, þekkingaratvinnuvegi, því það er ekki komið til móts við augljósa fjárförf háskólanna sem eru undirstöðustofnanir í því þekkingarsamfélagi. Hér er verið að reka atvinnustefnu sem birtist í fjárlögum, birtist í ræðu og riti hjá talsmönnum þessara þriggja flokka sem miðar að aukinni samþjöppun í atvinnugreinum, í frumatvinnugreinum, engri þróun, algerri stöðnun í nýsköpun, rannsóknunum og þekkingargreinum. Þetta er niðurstaðan.

Og ég er ekki einu sinni byrjuð að tala um skapandi greinar. Þegar við skoðum hvernig menningin og listirnar fara út úr þessu fjárlagafrumvarpi þá held ég að mörgum muni bregða í brún. Þar blasir bara auðnin við, sýnist mér, í fjárlagafrumvarpinu. Það er ekkert verið að bæta í.

Ég get síðan ekki látið hjá líða að nefna framhaldsskólana að lokum. Hér er verið að staðfesta þá stefnu sem birtist í fjármálaáætluninni. Það er verið að svíkja loforðið sem var gefið af fyrri ríkisstjórn um að einhliða ákvörðun um að stytta framhaldsskólánám myndi ekki leiða til þess að fjármunir yrðu teknir út úr framhaldsskólakerfinu heldur átti að nýta þá fjármuni að auka gæði. Ég segi bara við stjórnvöld sem taka svona lítið mark á þeim yfirlýsingum sem áður hafa verið gefnar: Hvernig ætla þessi stjórnvöld nákvæmlega að byggja upp traust í samfélaginu? Hvernig ætla þessi stjórnvöld nákvæmlega að fara til að mynda inn í þær kjara-viðræður sem eru fram undan þegar loforðin eru svikin á minna en ári, herra forseti?

[14:13]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég verð að taka undir orð hv. þingmannans um nýsköpunaráætlanirnar. Mig langaði aðeins að halda áfram með umræðuna um skattana sem jöfnunartæki og það sem hæstv. ráðherra talaði um áðan. Hann sagði að þetta væri ekki endilega jöfnunartæki heldur að markmiðið væri að setja þá þannig að byrði væri ekki sett á þá verst settu, það sé ekki aukin byrði sett á þá sem hafa það verst, segir þetta sem félags- og jafnréttismálaráðherra, þannig að þeir geti ekki staðið undir skattálögum sem eru til staðar. Fyrir mér hljómar þetta einfaldlega sem það sama, skattar sem jöfnunartæki og að passa að þeir séu ekki settir óhöflega á þá sem hafa það verst.

Þá velti ég fyrir mér af hverju við höfum ekki breiðari skattstofna, sem í raun þýðir að við getum á mun auðveldari hátt skipt um það hver dregur vagninn. Þegar við lendum í ákveðnum hægagangi í efnahagnum þá hefur það ekki jöfn áhrif á alla, en þá getum við stíllt skattkerfið á þann hátt að einn sem hefur það mjög gott í því ástandi dregur vagninn í smástund þangað til betur horfir.

Ég velti fyrir mér hvort hv. þingmaður og hæstv. ráðherra séu ekki í raun að tala um það sama, bara nota mismunandi orð. Ég heyri alla vega ekki neinn mun á þessu nema bara mismunandi orðaval um það hvað er jöfnunartæki og að skattar eigi ekki að leggjast á þá sem eru verst settir.

[14:15]

Katrín Jakobsdóttir (Vg) (andsvar):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Pírata, Birni Leví Gunnarssyni, sérstaklega fyrir að veita andsvar. Ég hélt að tilgangurinn með þessari umræðu væri að eiga orðaskipti um stefnur og straua í fjárlagafrumvarpinu. Þegar settar eru fram ábendingar sem byggjast á rökum, sem byggjast á staðreyndum og hv. þingmenn meiri hlutans og hæstv. ráðherrar treysta sér ekki í það að ræða við mann um þær ábendingar, treysta sér ekki í að ræða t.d. staðhæfingar sem hér hafa verið settar fram um að verið sé að auka stórlega í nýsköpun og vísindi og rannsóknir sem standast ekki, þá finnst mér það dapurlegt. Þannig að ég þakka hv. þingmanni fyrir að treysta sér í að taka umræðuna.

Er þetta spurning um ólíkan skilning á orðum? Nei, ég held ekki, ekki bara. Í fyrsta lagi er það svo að ef við rækjum ekki þetta jöfnunarhlutverk og höfum tekjustofnana ekki fjölbreytta, þá er kerfið vanbúnara til að takast á við áföll. Það eru hin hagstjórnarlegu rök sem hafa kannski ekkert endilega neitt að gera með jöfnunarhlutverkið. Það snýst bara um að byrðunum sé dreift, ekkert endilega með réttlátari hætti heldur með víðtækari hætti, þannig að þegar utanaðkomandi sveiflur verða hafi það ekki jafn mikil áhrif á tekjur ríkisins. Það er númer eitt. Það er það sem ég var að lesa upp úr frumvarpi hæstv. ráðherra. Það er það sem var líka bent á í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, að ef við erum búin að fækka tekjustofnum þá er kerfið brothættara.

Síðan er það jöfnunarhlutverkið sjálft og það sem ég er að benda á er það sem við erum alls ekkert sammála um og hefur ekkert með orðaskilningu að gera. Við erum kannski

sammála um að lægstu tekjur eigi að njóta skattleysis eða vera sem mest undanþegnar skatti, það erum við sammála um. Við erum líka sammála um að launajöfnuður er tiltölulega mikill. Við getum ekkert andæft því. En við tökum ekki á misskiptingunni sem er í eignastöðu á landinu. Þar erum við ósammála. Það hefur ekkert með skilningu orða að gera. Við erum bara ósammála.

Mér finnst ekki ganga upp að stjórnámálemenn leyfi sér að tala alltaf um jöfnunarhlut skattkerfisins en skilja eftir þann hluta myndarinnar sem lýtur að misskiptingu auðs og eigna eins og hún komi málinu ekki við. Ef við skoðum efnahagsþróun í heiminum í dag þá er það þar sem misskiptingin er að aukast, ekki í hefðbundnum launum.

[14:18]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég held að allir sem skoða söguna ættu að geta áttað sig á því hversu slæmar afleiðingar misskipting innan samfélags hefur á samfélagið sjálft. Þarna virðist vera grundvallarmunurinn og það sem við þurfum að passa okkur á er hvort við tökum á ósanngjarnan hátt meiri skattbyrði af vissum hópum en öðrum. Það er alveg tvímælalaust eitthvað sem við erum að togast á um. Þegar allt kemur til alls þá er það einmitt í hag þeirra sem hafa það verst í samfélaginu og sem slíkt er það samkvæmt skilgreiningunni jöfnunarhlutverk, óháð því hvernig maður útfærir það.

Varðandi umræðurnar hérna þá fáum við frumvarpið með ekkert rosalega löngum fyrirvara fyrir 1. umr. Það er dálítið torf að fara í gegnum frumvarpið og fatta samhengið í þessu öllu. Það gerir að verkom að 1. umr. er einmitt svo mikilvæg til að stilla saman skilningu okkar á því hvað er verið að setja fram í frumvarpinu. Þá þurfum við að fá skoðanir allra sem eru hérna inni, ekki bara stjórnarandstöðunnar, heldur líka stjórnarþingmanna. Ég hvet þá til þess að taka þátt til þess að segja okkur hver er skilningur þeirra á því hvað er verið að setja fram í fjárlagafrumvarpinu þannig að við getum átt þessa umræðu og öðlast betri skilning á því. Eins og við erum að reyna að komast að hérna, er þetta hugtakamisskilningur eða erum við að tala um sama hlutinn?

Ég nota a.m.k. þessa umræðu til þess að læra af öðrum þingmönnum, finnst það mjög nauðsynlegt af því að við höfum ekki haft nægilegan tíma til þess sem einstaklingar að kynna okkur frumvarpið algjörlega í gegn og ná öllum tengingum sem eru í því. En saman höfum við farið þó nokkuð vel yfir það og getum gert þær tengingar saman. Þetta er tækifærið okkar til þess í 1. umr.

[14:20]

Katrín Jakobsdóttir (Vg) (andsvar):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni aftur fyrir. Já, ég skil hvað hv. þingmaður er að fara og til þess erum við að eiga þessa umræðu, er það ekki? Ég nefndi áðan framhaldsskólana sérstaklega og af því að við erum að tala um jöfnunarhlutverk skattkerfisins þá eigum við tvö jöfnunartæki sem gefast best, það er skattkerfið og bótakerfið annars vegar og hins vegar er það menntakerfið.

Við höfum fengið fréttir af því að framhaldsskólarnir

eru í þeirri stöðu að fatlaðir nemendur sem eru í fyrsta forgangi um inntöku í framhaldsskóla fá ekki einu sinni pláss í framhaldsskólum. Fatlaðir nemendur fá ekki pláss í framhaldsskólum. Finnst okkur þetta bara í lagi? Eigum við að hlusta á það og láta segja okkur að það séu nægir peningar í framhaldsskólunum? Haldið þið að þetta tengist kannski því að það er búið að svíkja lofordið sem var gefið fyrir ári um að peningarnir sem áttu að skila sér til framhaldsskólanna þrátt fyrir styttinguna myndu halda sér inni í framhaldsskólunum? Þetta er auðvitað umhugsunarefni.

Mér finnst skrytið, mér finnst sérstakt að hv. þingmenn stjórnarliða vilji ekki einu sinni eiga þennan orðastað um framhaldsskólana og háskólana, vísindin, rannsóknir, nýsköpun, ekki heldur ferðaþjónustuna. Allt lykilatíði. Svo les maður um það í blöðum að þeir séu nú ekkert alveg sammála.

Við erum búin að ræða svoltið um skilninginn á hlutverki Alþingis. Ég hef þann skilning á hlutverki Alþingis að ég vil vita hvort fólk er sátt við þá stefnu sem er verið að leggja í menntamálum þjóðarinnar. Ég vil vita hvort fólk telji í alvöru, þeir þingmenn sem standa að framlagningu fjárlagafrumvarpsins, sem styðja ríkisstjórnina sem leggur hana fram, að þetta sé hin rétta leið til að mynda þegar kemur að uppbyggingu þjóðarinnar. Svo er manni sagt að það verði nú að fara varlega í uppbyggingu. Hvenær á þá að fara að byggja upp skólakerfið, þetta sama skólakerfi sem opnaði sínar dyr þegar allt hrundi hérna? Þegar skattkerfið var vanbúið til að takast á við áföllin, þegar hagstjórnin var vanbúin til að takast á við áföllin? Skólakerfið var tilbúið en það á greinilega ekki að hafa það tilbúið aftur.

[14:22]

Silja Dögg Gunnarsdóttir (F):

Hæstv. forseti. Fátt kemur á óvart í fjárlagafrumvarpinu sem nú er til umfjöllunar þegar horft er til þess hvernig fjármálaáætlun var afgreidd á Alþingi í vor enda er gert ráð fyrir að fjármálaáætlun sé rammí um ríkisfjármál. Hugmyndin er að auka aga í ríkisfjármálum, auka fyrirsjáanleika með það fyrir augum að halda stöðugleika í efnahagslífinu. Stöðugleiki er nefnilega algert lykilatíði þegar kemur að ríkisfjármálum því að hann þjónar samfélaginu öllu.

Sú sem hér stendur hefur skilning á því að við þurfum að sýna þolinmæði hvað varðar uppbyggingu innviða. Við þurfum að gæta þess að hagkerfið ofhitni ekki, en það að gæta þess að þenja hagkerfið ekki of mikið þýðir ekki að við getum eða megum alls ekki fara í framkvæmdir neins staðar. Það er hins vegar algert lykilatíði um opinbera framkvæmdir að velja réttu landshlutana til framkvæmda.

Skýrsla Bygðastofnunar, sem gefin var út í sumar, greinir hagvöxt eftir landshlutum. Í þeirri skýrslu kemur fram að hagvöxturinn er mjög mismunandi á milli svæða. Á Vestfjörðum er hann til dæmis neikvæður um 6% á tímabilinu frá 2008–2015.

Það sem kemur á óvart í framlögðu fjárlagafrumvarpi er að hæstv. fjármálaráðherra virðist ekki hafa farið eftir nefndarálitni meiri hluta fjárlaganefndar við afgreiðslu fjármálaáætlunar í vor þar sem hann heldur sig enn sem fyrr við hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu upp í hærri skattþrep þrátt fyrir að vitad sé að slík hækkun muni að öll-

um líkindum skerða afkomu íbúa sem búa utan suðvesturhornsins og Suðurlands. Minni ferðaþjónustufyrirtæki munu einnig taka þungt högg við þessar breytingar. Það gerist á sama tíma og krónan hefur styrkst um tugi prósentu og ferðamannafjöldi dregist saman, sérstaklega á ákveðnum svæðum, veikari svæðum. Fjármálaráðherra hafnar hins vegar komugjaldi.

Í áliti meiri hluta fjárlaganefndar með fjármálaáætlun segir svo, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn leggur til að kostir og gallar þess að leggja komugjöld á farþega til landsins verði greindir ítarlega. Fjárhæð komugjalds getur verið mismunandi eftir mánuðum, hæst þegar ferðamenn eru flestir en lægri á öðrum árstímum. Athugað verði sérstaklega hvort hægt sé að styðja við millilandafflug til annarra flugvalla en Keflavík-urflugvallar með mismunandi komugjöldum og stuðla þannig að meiri dreifingu ferðamanna um landið og skjóta þar með styrkari stöðum undir ferðaþjónustu á svokölluðum „köldum svæðum“.“

Hæstv. forseti. Ég veit ekki til þess að þessi ítarlega greining hafi farið fram. En hæstv. fjármálaráðherra, sem er því miður ekki í salnum núna, getur kannski frætt mig um það á eftir ef hann fær þessi skilaboð.

Skattar, skattar og meiri skattar. Það mætti halda að skattahækkunar hefðu verið helsta kosningamál stjórnarflokkanna miðað við áherslur fjárlagafrumvarpsins. Það er merkilegt í ljósi þess að Sjálfstæðisflokkurinn leiðir ríkisstjórnina. Sá flokkur hefur nú ekki verið þekktur fyrir að vilja hækka skatta. Þvert á móti. Hvað gerðist eiginlega? Sætta þingmenn Sjálfstæðisflokksins sig við þessa nýju nálgun í skattamálum?

Hækkun skatta á eldsneyti er annað mál sem vert er að ræða. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu stendur til að hækka bæði skatta á bensín og dísilólíu. Um svokallaðan grænan skatt er að ræða. Þetta vilja menn gera án þess að búið sé að greina áhrif þessara hækkana nægjanlega, og þá sérstaklega þau áhrif sem hækkunin mun hafa á hin margumtalaða stöðugleika. Hvað með þá kjararyrningu sem hækkun eldsneytis mun hafa í för með sér til dæmis fyrir örorku- og ellilífeyrisþega sem fá nú þessa 20 þúsund kr. hækkun? Hvað með vísitöluna, hækkun húsnæðislána, sem bitnar á mjög mörgum? Nei, það er ekkert skoðað.

Í viðtali við *Morgunblaðið* í gær bendir Runólfur Ólafsson framkvæmdastjóri FÍB, með leyfi forseta, að:

„... að viðbættum virðisaukaskatti nemi hækkunin á dísilólíu 21 krónu á lítra en lítrinn af bensíni mun hækka um níu krónur. „Ef við tökum bara venjulega notkun þá getur [sic] þetta verið aukin útgjöld um 30 til 60 þúsund krónur fyrir hverja fjölskyldu, sem á einn bíl. Vegna slíkra útgjalda þarf að vinna sér inn um það bil 50 til 90 þúsund krónur í tekjur til að eiga fyrir hækkuninni“.“

Það segir sig sjálft að slík hækkun mun fljótt éta upp 20 þús. kr. hækkun til lífeyrisþega sem og að auka þrýsting í komandi kjaraviðræðum.

Sú staðreynd ógnar svo sannarlega stöðugleikanum.

Annað atriði sem virðist ekki tekið með í reikninginn er að landsmenn sitja ekki allir við sama borð þegar kemur að því að nýta fararskjóta sem ganga fyrir öðrum orkugjöfum en bensíni eða dísilólíu. Mörg atvinnutæki ganga fyrir

dísilólu. Sú staðreynd mun ekki breytast í brád. Hvers eiga þeir að gjalda sem þurfa yfir fjallvegi að fara vegna vinnu sinnar og/eða til að sækja grunnþjónustu, opinbera þjónustu? Hleðslustöðvar eru ekki á hverju götuhorni á landsbyggðinni.

Ríkisstjórnin boðar endalausar skattahækkningar meðan afgangur í ríkissjóði er miklu meiri en gert var ráð fyrir samkvæmt fjármálaáætlun. Afgangurinn er hvorki meira né minna en 44 milljarðar, 19 milljörðum meira en gert var ráð fyrir, þar sem tekjurnar voru verulega vanáætlaðar. Við Framsóknarmenn greiddum ekki atkvæði með fjármálaáætlun í vor og það var af góðum og gildum ástæðum. Við vildum fara aðra leið, betri leið. Okkar leið felst í því að leggja áfram áherslu á niðurgreiðslur skulda til að ná niður vaxtagjöldum en skila samt sem áður minni afgangi. Það fjármagn vildum við nýta til uppbyggingar innviða, svo sem samgöngukerfis, heilbrigðis- og menntakerfis. Sú útgjaldaaukning sem birtist nú í fjárlagafrumvarpi til þessara þátta skýrist fyrst og fremst af launahækkunum og fjárfestingum í fasteignum, þ.e. meðferðarkjarna Landspítalans og Húsi íslenska fræða. Sem sagt steypu.

Hæstv. forseti. Ræðutími minn styttest nú óðum í annan endann en mig langar áður en ég lýk máli mínu að ræða málefni heilsugæslunnar og hvernig stefna ríkisstjórnarinnar gagnvart henni birtist í fjárlagafrumvarpinu. Í viðtali við Ríkisútvardið í dag segir Svanhvit Jakobsdóttir, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, að fjárlagafrumvarpið sé mikil vonbrigði og að stjórnvöld standi þannig ekki við yfirlýsingu um að efla heilsugæsluna. Samkvæmt frumvarpinu eiga framlög til heilsugæslu í landinu að hækka um 200 milljónir. Með leyfi forseta langar mig að vitna beint í viðtalið. Þar segir:

„Framlög til heilsugæslunnar eru óbreytt frá yfirstandandi ári ef frá er talið að það eiga að koma 40 milljónir til uppbyggingar sálfræði- og geðþjónustu innan heilsugæslunnar sem sannarlega er vel að okkar mati. En hins vegar verður að benda á að breytingin sem hefur orðið í heilsugæslunni er sú að það eru komnar tvær nýjar heilsugæslustöðvar. Þær eru ekki fullfjármagnaðar,“ segir Svanhvit.“

Hún bendir jafnframt á að það líti því út fyrir að taka verði fjármagn úr rekstri heilsugæslunnar til að fjármagna nýju stöðvarnar. Þá hafi bæst við verkefni hjá heilsugæslunni með tilvísunarþjónustu vegna barna sem þurfa á sérfræðilækni að halda og kröfum um fljórtari þjónustu.

Við Framsóknarmenn erum sammála því að mikilvægt sé að halda áfram að greiða niður skuldir ríkissjóðs og ná þar með niður vaxtakostnaði. En á sama tíma þarf að auka við uppbyggingu innviða, svo sem í menntakerfi, samgöngum og velferðarkerfi. Ef innviðirnir fá að grotna niður áfram mun það skaða samkeppnisstöðu Íslands til lengri tíma.

Að þessu sögðu er það niðurstaða mín að fjárlagafrumvarpið eins og það lítur út núna sé meingallað. Ég bind hins vegar vonir við að hv. fjárlaganefnd — og mér heyrst það á öllu, miðað við yfirlýsingar í fjölmiðlum — að það sé þverpólitískur vilji fyrir að gera úrbætur á frumvarpinu. Að þessi hópur þingmanna nái að gera nauðsynlega bragarbót á frumvarpinu með það fyrir augum að halda hér uppi skynsamlegri hagstjórn með stöðugleikann að leiðarljósi.

[14:31]

Björn Leví Gunnarsson (P) (*andsvor*):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður nefndi nokkur atriði sem áhugavert væri að staldra aðeins við og fjalla um. Annars vegar er það stöðugleikinn. Eins og ég nefndi í ræðu minni finnst mér stöðugleiki vera hæfnin til að breytast og aðlagast breyttum aðstæðum. Stöðugleiki er ekki eitthvað sem við getum stólað á því að samfélagið sjálf breytist svo ört að ef við höldum í óbreytt ástand verðum við úrelt mjög snemma. Ég vildi athuga hvort það gæti verið réttur skilningur hjá mér og sami skilningur hjá fleirum, ef hv. þingmaður gæti svarað því.

Einnig var fjallað um skattstefnu Sjálfstæðisflokksins, sem er samkvæmt hv. þingmanni ekki þekktur fyrir að hækka skatta heldur lækka skatta. Ég er ekki sammála því. Ég segi að þeir hækki bara samt skatta. Það koma ýmis gjöld sem hafa áhrif á ráðstöfunartekjurnar í staðinn. Það er mjög gaman að bera það saman við ræðu forsætisráðherra um ráðstöfunartekjur og hafa hana sem ákveðinn mælikvarða á það sem fram kom í skýrslu sem ASÍ gaf út.

Í þriðja lagi talaði hv. þingmaður um að velja réttu landshlutana til uppbyggingar. Það finnst mér mjög áhugavert því að á því kjördæmaflakki sem ég hef aðeins verið fyrir kosningar hef ég heyrt spurningar um hvort ekki eigi örugglega að gera þennan vegg og þessa stíflu og eitthvað svoléiðis, og þá svara einfaldlega allir já og maður veit að alls staðar um allt land svara allir í öllum félagsheimilum já við sömu spurningum. Við vitum alveg að við getum ekki uppfyllt það allt. Eigum við ekki að jafnaði að vinna að betra skipulagi þannig að það sé meiri fyrrsjáanleiki í uppbyggingar og jafnóðum-uppbyggingar í stað þess að þurfa alltaf að hoppa fram og til baka, til að gera einhverja holu í fjall herna og steinvegg í gljúfur þarna, tilviljanakennt eftir því sem við á vegna þess að eitthvað gerðist? Getum við ekki verið aðeins (Forseti hringir.) fyrrsjáanlegri með það í stað þess að detta í kjördæmapot?

[14:33]

Silja Dögg Gunnarsdóttir (F) (*andsvor*):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið. Já, stöðugleiki er ekki það sama og óbreytt ástand. Með stöðugleika er frekar átt við að halda ákveðnu jafnvægi, þ.e. jafnvægi til að draga úr vaxandi verðbólgu og þar með rýrnun kaupmáttar. Í stað þess að nota orðið stöðugleika ættum við kannski að nota orðið jafnvægi. En stöðnun, það er ekki samasemmerki þar á milli því að óbreytt ástand er óhugsandi. Auðvitað breytast hlutirnir í edli sínu.

Landshlutarnir, samgöngubætur. Ég hef fengið þær upplýsingar frá Vegagerðinni, og ég held að hv. þingmaður hafi fengið þær líka þar, að framkvæmdir vegna samgangna þurfi ekki endilega að vera þensluhvetjandi. Þar getum við kannski sett þetta í samhengi við hagvöxt á svæðum, eins og ég nefndi áðan.

Fyrrsjáanleikinn þarf jú að vera til staðar. Gerð er tilraun til þess í samgönguáætlun að búa til ákveðið plan til næstu ára. En eins og við ræddum í vor í samhengi við fjármálaáætlun rákumst við á það, og höfum líka rætt það í hv. fjárlaganefnd, að það virðist ekki tenging á milli samgönguáætlunar og svo fjármögnunar hennar í fjármála-

áætlun og í fjárlögum sem við ræðum nú. Þarna er risastórt gat á milli. Það er verkefni okkar þingmanna að tengja svo stórar og mikilvægar áætlanir saman við það fjármagn sem er til ráðstöfunar hverju sinni þannig að við getum gert raunhæfar áætlanir og byggt á einhverju haldbæru, ekki vaðið í hitt og þetta með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

[14:35]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andsvar):

Forseti. Ég er alveg sammála hv. þingmanni um samgönguáætlunina. Við verðum að taka aðeins skilvirkar á henni og ræða hana með beinum afskiptum í tengslum við fjármögnun. Þegar við búum til samgönguáætlun eigum við að fjármagna hana á sama tíma og taka þá umræðu ásamt fjármálaáætlun, væntanlega. Ég kallaði eftir því í vor að það væri örugglega gáfulegur vettvangur til þess að fjalla á sama tíma um þessa þætti. Við drögum í raun samgönguáætlun inn í fjármálaáætlunina. Við þurfum að hafa þetta dálítið heildstætt þannig að ekki komi upp sú staða við nýjar kosningar að samgönguáætlun sé ófjármögnuð og allir lendi í volli.

Ég er glaður að heyra um sameiginlegan skilning á stöðugleikanum. Ég er líka á þeim nótum. Það er gott að afmarka það. Þetta er ekki stöðnun, að sjálfsögðu ekki, og á við erum á réttum stöðum. Ég held að við höfum svipaðan skilning á þessu hugtaki með tilliti til laga um opinber fjármál.

[14:36]

Fjármála- og efnahagsráðherra (Benedikt Jóhannesson) (V) (andsvar):

Herra forseti. Hv. þingmaður beindi til mín spurningu um greinargerð um komugjöld. Sú greinargerð hefur verið tekin saman í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Það kom hins vegar í ljós að á henni voru smáannmarkar en henni mun verða lokið á allra næstu dögum og mun þá verða send til hv. fjárlaganefndar.

Ég vil aðeins ræða við þingmanninn um að ég er sammála því að við þurfum að skoða betur hin mismunandi áhrif hagsveiflunnar í landshlutum. Ég held að mjög mikilvægt sé að þar fám við betri upplýsingar en við höfum haft og söfnum upplýsingum af því tagi. Aftur á móti er ég ekki sammála því að þegar við erum t.d. með útboð, þá sjáum við að víða er þensla og það kemur þá aðallega fram í því að útboðsfjárhæðir eru oft yfir kostnaðaráætlun, sem byggja á væntanlega reynslu Vegagerðarinnar.

Það á ekki alveg eins vel við að tala um spennu. Ég get alveg fallist á þau rök að nú er hagkerfið sveigjanlega en áður því að við erum hluti af Evrópska efnahagssvæðinu. Það er auðveldara að flytja inn vinnuafn en áður var. Það eru kannski frekar tækin sem binda okkur, en ég er sammála þingmanninum um að þetta þarf að skoða miklu betur þannig að við getum stýrt þessu betur í framtíðinni.

[14:38]

Silja Dögg Gunnarsdóttir (F) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir afar greinargott andsvar og gott að heyra að þessi greinargerð sé á leiðinni. Ég bíð spennit eftir að lesa hana og átta mig betur

á hvernig þetta líti allt saman út. Gott að við erum líka sammála um greiningar á áhrifum eftir mismunandi landshlutum.

Mig langar að nýta tækifærið fyrst hæstv. ráðherra var svo almennilegur að koma í andsvar við mig og spyrja hann út í skoðun hans á því sem við ræddum hér rétt áðan, um aukna samþættingu á gerð samgönguáætlunar og fjármálaáætlunar, og einnig þær fyrirhuguðu skattahækkningar á eldsneyti sem birtast í fjárlagafrumvarpinu, hvort gerð hafi verið ítarleg greining á áhrifum þessara hækkana. Við vitum t.d. að þetta mun hafa áhrif á vísitöluna, mun hafa áhrif á verðtryggt lán, mun skerða kaupmátt fólks. Ég hef farið yfir þetta nú þegar í tveimur ræðum og myndi gjarnan vilja eiga samtal um þetta, hvaða áhrif við erum að tala um af þessum hækkunum og hvort greining liggir fyrir. Því að þetta er stórmál og þetta er aðeins lítill hluti málsins.

[14:40]

Fjármála- og efnahagsráðherra (Benedikt Jóhannesson) (V) (andsvar):

Herra forseti. Verðlagsáhrifin af þessu eru metin svona rétt rúmlega 0,1% eða 0,11%. Ég bað um að farið yrði yfir þessa útreikninga aftur í tilefni af umræðum hér, en þetta er það sem ég kemst næst því á þessari stundu.

Ég vil taka undir með hæstv. félags- og jafnréttismálaráðherra sem lýsti því yfir að hann væri ekki sérstaklega hlynntur skattahækkunum almennt. Ég er það ekki heldur. Ég er aftur á móti alveg til í að ræða breytingar á skattkerfinu, ég er alveg viss um að það er ekki besta skattkerfið í heimi sem við höfum núna. Ég held að við eigum að nýta tækifærið núna í haust til þess að ræða hvaða breytingar á skattkerfinu gætu komið til greina. Viljum við lækka skatta á einu sviði og færa þá yfir á annað svið? Ég lít ekki á þetta fjárlagafrumvarp sem einhverja helga bók sem ekki megi breyta. Það er einmitt hlutverk þingsins að fara yfir fjárlagafrumvarpið og gera þær breytingar sem meiri hluti (Forseti hringir.) þingsins telur skynsamlegar.

[14:41]

Silja Dögg Gunnarsdóttir (F) (andsvar):

Virðulegi forseti. Já, verðlagsáhrifin 0,2%, rétt tæplega. (Fjmrh.: 0,1%, rúmlega.) 0,1%, já, rúmlega, vegna hækkunar eldsneytis. Ég geri ráð fyrir að hv. fjárlaganefnd fari betur yfir þessar hækkningar á fundum sínum á næstunni og skoði þetta, eins og ég nefndi áðan, einnig út frá öðrum þáttum.

Ég er sammála hæstv. ráðherra, að að sjálfsögðu eigum við að vera opin. Það kom einmitt fram hjá hv. þm. Birni Leví Gunnarssyni áðan að auðvitað er samfélagið stöðugt að breytast og við þurfum sem stjórnmálamaður að vera opin fyrir þeim breytingum. Þora að þróast áfram og gera betur. Það er okkar hlutverk.

En varðandi skattkerfið, og ég held að við séum sammála þar líka, þurfum við að fara mjög varlega. Illa ígrundaðar skattbreytingar ógna stöðugleikanum. Það er staðreynd. Við viljum ekki að verðbólguþráugurinn rísi upp á afturfæturna. (Forseti hringir.) Við höfum náð að halda verðbólgunni tiltölulega lágrí og stöðugri núna í nokkurn tíma og ég geri ráð fyrir að við séum sammála um að þannig viljum við hafa þá.

[14:43]

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna. Þetta hafa verið áhugaverð samtöl hér. Ég átti orðastað við ráðherra á síðasta þingi um þensluhvetjandi aðgerðir í byggðum, eða útboð í vegasamgöngum og öðru slíku, og lagði til að það yrði greint. Sú vinna átti að fara af stað. Ég held að það sé nú bara gott ef við sjáum eitthvað slíkt. Við eigum auðvitað alltaf að horfa á hlutina, hvort sem það eru fjárlög eða annað, með byggðagleraugunum.

En mig langar aðeins að spyrja hv. þingmann út í afstöðu hennar til skattamállanna sem hér hafa verið til umræðu. Það var 7,2% hagvöxtur á síðasta ári. Það hefur ekki verið talið skynsamlegt að lækka skatta í árferði eins og við búum við núna. Frekar að eiga inni fyrir því þegar niðursveiflan kemur til að örva hagkerfið og örva eftirspurn, að þá sé möguleiki á að lækka skatta. Nú sjáum við að sameynslan hefur dregist saman. Tekjur ríkisins eru að lækka. Búið er að fresta virðisaukaskattinum á ferðaþjónustuna upp á 9 milljarða. Gatið er kannski ekki eins stórt vegna hækkunar á þeim gjöldum sem hér er meðal annars verið að leggja til. Mig langar að velja því upp með þingmanninum hvernig við eigum þá að bera okkur að. Það er svo sem ekki verið að fara með þessa peninga eins og ég vildi fara með þá. Ég myndi líka vilja reyna að innheimta meira til þess að geta bætt kjör þeirra sem þurfa á því að halda, til dæmis sett meiri peninga í heilbrigðisþjónustuna og allt það sem við höfum verið að ræða. Ég velti því fyrir mér hvar hún vildi bera niður. Því ég tek undir að þetta er íþyngjandi á landsbyggðinni, þótt þetta séu skattar sem skipta máli varðandi loftslagsmálin er þetta samt (Forseti hringir.) einungis einn hluti af mörgum. Þess vegna spyr ég hvar hún telji að betra væri að bera niður.

[14:45]

Silja Dögg Gunnarsdóttir (F) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvar-ið. Fyrst varðandi skattahækkanir á eldsneyti. Við eigum að sjálfsgöðu að horfa til lengri tíma til grænna skatta. Ég er í eðli mínu ekki á móti slíkri skattheimtu. Við erum sammála um að loftslagsmálin eru stórt mál og við Íslendingar þurfum að leggja okkar af mörkum á því sviði. En ég tel alls ekki tímabært að fara í svo miklar skattahækkanir á eldsneyti núna, að minnsta kosti ekki áður en við höfum farið yfir hvort hægt sé að koma til móts við fólk sem hefur ekki þann kost að færa sig algerlega yfir á annað eldsneyti en bensín og dísl. Hvernig munum við reyna að koma til móts við það fólk, með svokölluðum mótvægisáðgerðum? Ég heyrði hv. þingmann tala í ræðu hér áðan og þá fékk hún einmitt þessa spurningu: Hvers konar mótvægisáðgerðir? Ég heyrði að hún hafði ekki beint svar á reidum höndum. Það hef ég ekki heldur. En enn sem komið er tel ég þessa breytingu ekki tímabæra. Það gæti átt eftir að koma fram í umræðum í fjárlaganefnd, þá koma kannski hugmyndir upp á yfirborðið sem við sjáum fyrir okkur að gætu farið vel með þessu. En það þarf bara að skoða það. Sú leið sem ég hefði viljað fara í ríkisfjármálum er sú sem ég fór yfir í ræðu minni hér áðan, sú leið sem Framsóknarmenn töluðu fyrir í fjármálaáætlun í vor, þ.e. við vildum nýta þennan af-

gang frekar, stærri hluta hans, til uppbyggingar innviða. Ekki skila eins miklu til niðurgreiðslu vaxta og skulda. Ég skal svara þessu betur eftir smástund.

[14:47]

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þetta. Vissulega er þetta brött hækkun; ég ætla ekki að gera lítið úr því. Ég tek undir með hv. þingmanni að það þarf að greina þetta. Ég óskaði einmitt eftir mótvægisáðgerðum. Hæstv. ráðherra nefndi að skilgreina flugið sem almenningsamgöngur. Það er svolítill tvöfeldni í því ef maður hugsar um það því að það er mjög mengandi ferðamáti, flugið. Þótt maður skilji hinn endann á því; fólk kemst ekki á milli staða nema nota flugið. Það er algerlega óbærilegt að borga 50 þúsund kall fyrir að fljúga fram og til baka. En efnahags- og viðskiptanefnd kemur til með að fara yfir þessi tekjumál umfram fjárlaganefnd að einhverju leyti. Því finnst mikilvægt, þegar við tölum um að styrkja tekjustofna og breikka tekjustofna ríkisins, að við gerum það á þessum tíma uppbyggingar. Það er mikilvægt að eiga eitthvað þegar niðursveiflan verður því að hún verður alltaf einhvern tíma. Þótt við séum búin að segja þetta núna í svolíttinn tíma (Forseti hringir.) í ljósi mikils hagvaxtar er alveg ljóst að við tökum einhvern tíma dýfu. Þá er nú betra að hafa afgang.

[14:49]

Kolbeinn Óttarsson Proppé (Vg):

Virðulegi forseti. Það er búið að vera athyglisvert að fylgjast með þessari umræðu, ekki bara í dag heldur líka að setja hana í samhengi við umræðurnar hér í gærkvöldi. Raunar finnst mér hafa verið nokkuð athyglisvert að fylgjast með umræðunum í þingsal þegar kemur að öllum hlíðum þessa nýja kerfis sem lýtur að fjárlögum, fjármálaáætlun og fjármálastefnu. Satt að segja er ég dálítið hissa á þessu öllu saman, það er kannski ekkert nýtt, ég er oft hissa á mörgum hlutum og er að læra margt, en það hefur einhvern veginn verið þannig að það er eins og við höfum ýtt á undan okkur á öllum stígum þessarar alvörupólítísku umræðu um hvert við viljum stefna með þetta samfélag. Í vor átti það allt að koma í ljós í fjármálastefnu og fjármálaáætlun í haust og við að ræða um þetta þegar fjárlagafrumvarpið kæmi fram. Nú er það komið fram og við erum ekki alveg að fatta þetta, þetta er bara einhver umræða, svona lítur þetta út — og eigum við ekki að taka þetta bara næst? Það er eins og við séum að velja á undan okkur bolta sem við erum aldrei tilbúin að taka upp.

Ég er dálítið hissa á þessu, en það sem ég er mest hissa á eru fjárlögin sjálf. — Já, hv. þingmaður, samræðustjórnsmál geta verið ágæt af því að samræða skilar oft betri niðurstöðu. Hv. þingmenn stjórnarliðsins stunda margir það að eiga í samræðum við aðra stjórnarliða í gegnum fjölmíðla. Ég las í *Morgunblaðinu* í morgun einmitt vitnað í hv. þm. Óla Björn Kárasón, með leyfi forseta:

„Þær fyrirætlanir sem koma fram í fjárlagafrumvarpinu varðandi tekjuöflun ríkissjóðs og breytingar á sköttum og gjöldum hér til hækkunar eru með þeim hætti að þær hljóta að taka breytingum í meðförum þingsins.“

Þetta eru samræðustjórnsmál, eiga sér reyndar stað á síð-um *Morgunblaðsins* en ekki hér í þessum sal, í það minnsta ekki enn þá. Kannski hefði hv. þm. Óli Björn Káráson átt að fara í andsvör við hæstv. fjármálaráðherra hér áðan eða kollega sinn, hv. formann fjárlaganefndar, koma þessum at- hugasemdum sínum skilmerkilega á framfæri. Það hefði kannski fært okkur eitthvað aðeins áfram í þessari umræðu. Það verður að segjast eins og er að umræðan einkennist af frekar innihaldslausu tali, sérstaklega ef við setjum hana í samhengi við umræðuna í gær.

Það er ekki langt síðan hér voru kosningar. Mér verður tíðrætt um þetta — og þingmenn verða bara að þola það því að mér mun verða tíðrætt um þetta allt kjörtímabilið — þar sem allir stjórnsmálaflokkar stóðu fyrir framan kjósendur og reyndu að vinna hylli kjósenda: Kjósið mig! Kjósið mig, ég ætla að byggja upp innviði. Ég ætla að setja peninga í menntakerfið, ég ætla að setja peninga í heilbrigðiskerfið, ég ætla að bæta hegðun þeirra sem verst standa. Kjósið mig!

Síðan erum við hér með fjárlagafrumvarpið, fyrst fjármálastefnu, svo fjármálaáætlun og svo fjárlagafrumvarp þar sem ekkert af þessu raungerist, en enn tölum við eins og þetta sé allt að gerast. Hæstv. fjármálaráðherra talaði í gær ásamt fleiri stjórnarliðum og svo aftur í dag eins og þetta væri allt að gerast. Það er alveg sama hversu oft er bent á að sú sé ekki raunin, það skiptir bara engu máli. Þetta er bara víst að gerast að mati hæstv. fjármálaráðherra og fleiri stjórnarliða.

Ég er búinn að heyra hér einhverja stjórnarliða tala um að það sé aldeilis verið að taka vel á í málefnum Öryrkja. Það er bara víst að gerast þrátt fyrir að Öryrkjar sjálfir segi að svo sé ekki. Hæstv. fjármálaráðherra benti í Kastljós- sviðtali þjóðinni og þar með talið Öryrkja á að 20.000 kr. séu gríðarlega mikill peningur í vasa þeirra sem lægstar upphæðirnar hafa milli handanna. Veit hæstv. fjármálaráð- herra ekki enn þá sem stjórnsmálamaður að orð hafa ábyrgð? Hvaða hugrenningatengsl vöktu þessi orð hans í Kastljósinu? Ég ætla að leyfa mér að vitna í formann Öryrkjabandalags Íslands sem birtir í dag á vef Öryrkjabanda- lagsins eftirfarandi orð um þessi orð hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Með þessum skilaboðum hefur fjármálaráðherra fært í orð það lúalega viðhorf sem of víða ríkir gagnvart tekjulág- um hópum að þeir eigi að fagna hverri þeirri upphæð sem að þeim sé rétt. Upplifunin fyrir fjölmarga er að boðið er upp á mylsnu sem fellur af borði hinna ríku; hér hafið þið ölmusu sem dugar ykkur vel.“

Þetta er ekki eitthvert fólk úti í bæ að tala. Þetta er mál- svari Öryrkja, formaður Öryrkjabandalagsins.

Ég veit ekki hversu lengi hæstv. ráðherrar eða hv. stjórnarliðar ætla bara að setja undir sig hausinn, æða áfram og segja: Jú, víst, þetta er víst svona, við erum bara að setja fullt af peningum í þetta og hitt. Jú, víst.

Það er bara ekki þannig. Ég get ekki hætt að undrast það hvernig sumir hv. stjórnarliðar tala.

Ég er ekki barnanna bestur þegar kemur að flóknum kenningum um fjármál og hagstjórn. Ég er að reyna að læra. Ég hlustaði á hæstv. velferðarráðherra tala áðan um að það ætti ekki að fara í skattahækkanir núna, hann væri ekkert sérstaklega hlynntur því, það gæti þó vel verið að

það ætti að skoða það ef öðruvísi áraði. Er þetta í alvöru hagstjórnin sem við viljum stunda, að ef verr fer að ára þurfum við að fara að skoða skattahækkanir, að ef það kemur til viðbótar erfiðu efnahagsástandi getum við farið að skoða þær þrátt fyrir að í sjálfru frumvarpi til fjárlaga sé sérstaklega komið inn á að tekjuginn ríkisins hafi verið veiktur og varað við því? Ég skil þetta einfaldlega ekki.

Hæstv. forsætisráðherra talaði hér í gær og hélt ræðu um sýn sína á samfélagið, innblásna ræðu um það hvert hann vill stefna með þessa þjóð. Hæstv. forsætisráðherra talaði þar um að vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar hefði fólk fleiri krónur á milli handanna um hver mánaðamót. Það getur vel verið að það sé rétt hjá hæstv. ráðherra. Það er bara fínasta mál. Ég hef hins vegar áhyggjur af þeim sem hafa engar krónur á milli handanna þegar fer að líða á mánuðinn, alveg sama hvort þeim fjölgaði eitthvað lítilliga um síðustu mán- aðamót eða ekki. Þessi ríkisstjórn hefur ekki áhyggjur af þeim hópum. Það er ekki að sjá að áherslan sé þar.

Ég hlustaði á hæstv. fjármálaráðherra fara yfir sýn sína á samfélagið í gær og verð að játa að mér fannst dálítið gam- an að fara með honum í það ferðalag sem hann fór með okkur í. Helst óttaðist ég að hann væri að boða að hann yrði enn fjármálaráðherra árið 2050 sem hann var mikið að tala um, en þar sagði hæstv. fjármálaráðherra, með leyfi forseta:

„Okkur hættir til að reikna með því að núverandi ástand vari um alla framtíð þó að reynslan kenni okkur að það er einmitt ekki svo.“

Ég er sammála hæstv. ráðherra um þetta. Einmitt þess vegna skil ég ekki hvernig hæstv. fjármálaráðherra leggur fram fjármálaáætlun, fjármálastefnu og fjárlagafrumvarp sem byggja á því að ástandið verði óbreytt áfram, sem byggja á því að lengsta hagvaxtarskeið sögunnar haldi áfram. Til að geirneгла að ekki sé hægt að hnika neinu sér- staklega til setur hann sérstakt þak á ríkisútgjöldin þannig að ef illa árar — sem kollegi hans í ríkisstjórn, hæstv. for- sætisráðherra, er reyndar búinn að spá að muni gerast — er hæstv. fjármálaráðherra búinn að binda hendur sínar og rík- isstjórnarinnar til þess að bregðast við með því að setja þak á ríkisútgjöld sem hlutföll af vergri landsframleiðslu. Fyrir- gefið — hvers lags eiginlega er þetta?

Tíminn líður hratt á gervihnattaöld. Ég sé að ég á 30 sekúndur eftir af tíma mínum. Ég verð að koma síðar inn á fleiri hluti sem ég vildi koma inn á. En stóru línurnar í þessu frumvarpi eru þær að hlutdeild samneyslunnar hefur lækkað hratt og örugglega á síðustu árum. Frá árinu 2013 hefur hún lækkað um 4 prósentustig. Það var komið inn á þetta í umræðum í gær. Þetta eru 100 milljarðar. Hvað þýð- ir þetta á mannamáli og á hvaða vegferð heldur ríkisstjórnin áfram? Það er markvisst verið að draga úr opinberri þjón- ustu. (Forseti hringir.) Og það á að gera áfram.

[15:00]

Andrés Ingi Jónsson (Vg):

Virðulegur forseti. Það skyldi kannski engan undra að fjárlagafrumvarp sem hér er lagt fram sé jafn lélegt og raun ber vitni því það byggir á ríkisfjármálaáætlun sem helst ætti heima í moltukassa, ekki sem samþykkt ályktun Alþingis. En þetta er það sem við þurfum að spila úr.

Mig langar aðeins að fara yfir rök sem félagar mínir í allsherjar- og menntamálanefnd komu með við afgreiðslu

ríkisfjármálaáætlunar til að sýna hvernig þetta verk hefur verið unnið yfir sumarið. Það er nefnilega hægt að skoða ákveðna pósta, skoða álit meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar, fólksins sem er í stjórnarliðinu, sem beindi ýmsum athugasemdum til ráðuneytisins við afgreiðslu fjármálaáætlunar nú í vor.

Hér var fyrr í dag talað um að þessi ríkisstjórn tæki lítið mark á yfirlýsingum sem fyrr ríkisstjórnir hefðu gefið. Það er kannski bara skiljanlegt af því að hún tekur lítið mark á eigin yfirlýsingum, lítið mark á mati og yfirlýsingum fagstofnana, sérfræðinga, og sinna eigin þingmanna.

Tökum sem dæmi löggæslumál, stóran og mikilvægan málaflökk þar sem áætlað er að vanti á að giska 200 lögreglumenn í landið. Með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn leggur áherslu á að hugað verði að auknum fjárveitingum til lögreglu, m.a. vegna fækkunar lögreglumanna og aukins álags.“

Hvað gerist í frumvarpinu? Heildarfjárheimild til málaflöksins er áætluð 14,8 milljarðar og hækkar um 154 milljónir frá gildandi fjárlögum. Þetta er 1% hækkun sem dugar hugsanlega til að halda í horfinu hjá eins og tveimur lög- og reglustjóraembættum þannig að ekki þurfi að grípa til uppsagna. Því það var það sem var sagt í umsögnum við fjármálaáætlun í vor, það þyrfti að segja upp lög- og reglumönnum ef fram heldi sem horfði. Nú þarf hugsanlega ekki að segja upp þessum lögreglumönnum en það verða ekki ráðnir inn nýir til að mæta þeirri auknu þörf sem er.

Lítum á annan málaflökk skyldan löggæslumálunum, landhelgi. Með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn telur því að huga þurfi að fjárveitingum til stofnunarinnar“ — þ.e. Landhelgisgæslunnar — „og undirstríkar mikilvægi þess að Landhelgisgæsla Íslands geti haldið uppi viðunandi þjónustu þar sem öryggi fólks á hafi og í landi er í húfi.“

Landhelgisgæslan er nefnilega ekkert smotterí. Hún skiptir heilmiklu máli upp á öryggi landsins. Hvað gerist? Heildarfjárheimild til málaflöksins hækkar um 307 milljónir frá gildandi fjárlögum að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Þar af fara 100 milljónir í að kaupa langþráðar nýjar björgunarþryllur og 243 milljónir eru vegna aukins rekstrarumfangs sem fjármagnað er með sértekjum. Það á sem sagt áfram að leigja TF-SIF til Miðjarðarhafsins þannig að hún þjóni ekki öryggi Íslands heldur sé bara notuð til að lempa það að Landhelgisgæslan fái ekki þann pening sem þarf. Á næsta ári verður sem sagt áfram haldið á þeirri braut að tvo mánuði á ári hafi Gæslan ekki efni á að halda skipum úti heldur liggi þau bundin við bryggju og að hálf árið verði ekki hægt að sinna björgunar- og leitarþjónustu á sjó með þryllum. Þetta er staðreynd sem var bent á við afgreiðslu ríkisfjármálaáætlunar í vor, sem meiri hluti allsherjar- og menntamálanefndar bendir á og ráðherrann gerir ekkert með.

Hvað varðar TF-SIF þá hefði verið ágætt að hafa hana í sumar þegar skipsskaði varð langt suðvestur af landinu en þyrlan var suður í Miðjarðarhafi þannig að það þurfti að fá Dani til að hjálpa. Það fór betur en á horfðist, en sýnir vel hvað aukið rekstrarumfang sem fjármagnað er með sértekjum, eins og það heitir í fjárlagafrumvarpinu, hefur bein áhrif á öryggi fólks á hafinu.

Lítum á þriðja atriðið. Hér var reyndar hlustað á meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar. Það eru útlendingagamál. Meiri hlutinn sagði, með leyfi forseta:

„Vegna þróunar í málaflöknum telur meiri hlutinn mikilvægt að skoðað verði hvort áætlanir um fjölda hælisleitenda séu raunhæfar.“

Þetta er einmitt af því að ráðherrann hlustaði ekkert í vetur þegar hann bjó til ríkisfjármálaáætlun og gerði ráð fyrir að hælisumsóknir yrðu 700 á árinu og þeim fækkaði eftir það. Þeim myndi fækka ár frá ári þvert ofan í spá Útlendingastofnunar, þvert á það sem dómsmálaráðuneytið sagði. Á síðasta ári voru umsóknir 1.132. Útlendingastofnun og dómsmálaráðuneyti gerðu ráð fyrir 1.700–2.000 umsóknum á þessu og næsta ári. Í staðinn fyrir að hlusta á þetta ákvað ráðuneytið að slumpa á 700. Þess vegna þarf að bæta við hundruð milljóna í málaflökkinn. Ekki vegna þess að útgjöldin hafi verið ófyrirséð heldur vegna þess að það var ekki hlustað á þá sem sáu þau fyrir.

Meiri hlutinn segir líka í áliti sínu:

„Útlendingamál eru að miklu leyti óviss útgjaldaflökkur þar sem erfitt er að segja fyrir um hvernig hann þróast, m.a. vegna fjölda hælisleitenda.“

En þetta var heimagerð óvissa. Þetta var óvissa sem ráðherrann bjó til með því að hunsað ábendingar sérfræðinga.

Hvað með framhaldsskólana sem hér hafa verið nefndir í umræðunum? Um þá segir, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn leggur áherslu á að það fjármagn sem verður til í framhaldsskólakerfinu vegna styttingar náms tíma til stúdentsprófs, þ.e. sparnaðurinn, þarf að nýttast skólunum sjálfum.“

Þetta segir meiri hlutinn í vor. Þá var reyndin sú að það var búið að lækka í ríkisfjármálaáætlun á milli ára um hundruð milljóna. Það var verið að taka sparnaðinn út úr kerfinu. Hver er breytingin á fjárlögum miðað við það sem var gert ráð fyrir í voráætluninni? Hún er núll krónur. Það er sama tala lögð til fyrir framhaldsskóla og í vor, þrátt fyrir að meiri hluti allsherjar- og menntamálanefndar, alveg eins og við í minni hlutanum, hafi lagt til að þessi peningur yrði aukinn og nýttur til að efla skólana. Ofan á það var aðhaldskrafa á framhaldsskólastigið ferfölduð eins og við ræddum í vor.

Loks nokkur orð um háskóla áður en ég renn út á tíma. Þar er ég eins og í hinum atriðunum sammála meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar frá því í vor. Þar segir, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn leggur áherslu á að taka þurfi til athugunar fjármögnun háskólanna og hvernig megi bæta stöðu þeirra...“

Hér er ólíkt framhaldsskólunum breyting frá voráætluninni. Háskólastigið hækkar um 44 milljónir. Þetta er ekki núll, nei, þetta er 0,1%. 0,1% hækkun til háskólastigsins á sama tíma og öll sú hækkun sem lögð er til frá síðustu fjárlögum fer í hið ágæta Hús íslenskunnar. Þetta þýðir að það er fullkomin stöðnun háskólastigsins undir þessari ríkisstjórn. Lausn meiri hlutans kom reyndar fram í áliti meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar sem lagði til að skoðaðar yrðu aðgangsstýringar inn í háskólana, enda er besta leiðin til að ná framlögum til háskólanna upp í meðaltal OECD-ríkjana (Forseti hringir.) að mati meiri hlutans

að fækka háskólanemum, draga úr menntun landsins. (Forseti hringir.) Á sama tíma og meiri hlutinn hlustar ekki á okkur í stjórnarandstöðinni, hlustar ekki á þjóðina, hlustar ekki á sérfræðinga eða stofnanir, (Forseti hringir.) Þá skyldi kannski engan undra að hæstv. ráðherra hlusti ekki einu sinni á sína eigin þingmenn.

(Forseti (NicM): Forseti biður þingmenn að virða ræðu-tíma.)

[15:10]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að vekja athygli á lögreglumálunum. Í fjármálaáætluninni voru lögð fram níu markmið, eða aðgerðir, til umbóta innan löggæslunnar. Þar er ýmislegt, t.d. unnið er að rafrænu gagnflæði milli stofnana, bættur búnaður lögreglu, varnar- og öryggisbúnaður vegna hryðjuverkavarna og því um líkt.

Það sem við kvörtuðum undan í fjármálaáætluninni var að kostnaðardálgurinn var tómur. Það var ekki búið að kostnaðargreina þessar aðgerðir. Nú sjáum við aftur á móti í fjárlögum 2018 að aukið framlag úr ríkissjóði til rekstrar eru 400 milljónir. Það er sem sagt búið að kostnaðargreina þetta, væntanlega. En það er, eftir því sem ég best sé, engin útfylling á þessum markmiðum eða aðgerðum sem voru settar fram í fjármálaáætluninni til að sundurgreina hvað hvað kostar. Ég get fullyrt út frá minni þekkingu á ýmsu, eins og upplýsingakerfum o.s.frv., að 400 milljónir duga ekki fyrir þessar aðgerðir. Ekki séns. Markmiðið er jú á fleiri árum, en kostnaðargreiningin er algerlega tóm. Hún ætti að vera í fjárlögum til að segja okkur eitthvað til um það hversu langt við náum í þessum markmiðum á þessu ári.

Þetta er bara eitt dæmi sem hv. þingmaður nefnir sem er vandamálið sem við búum við úr fjármálaáætluninni yfir í fjárlögin, þetta hopp þarna á milli er ekki útskýrt. Það vantar gögn til að segja okkur hvað er verið að fara að gera. Í hvað duga þessar 400 milljónir? Er verið að henda 10–20 milljónum í hvert þessara verkefna? Duga þær til að gera eitthvað í þeim? Eða hvað? (Forseti hringir.)

Ég vildi aðeins fá ítarlegri greiningu á þessum ábendingum sem komu fram hérna.

[15:13]

Andrés Ingi Jónsson (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Ég þakka þingmanninum andsvarið, sérstaklega fyrir að benda á markmiðssetningu í þessum kafla. Þegar kemur að löggæslunni hefði átt að vera mjög auðvelt að færa markmið löggæsluáætlunar yfir í fjármálaáætlun. Það hefði verið hið faglega og eðlilega, hefði maður haldið. Nema hvað: Yfir í fjármálaáætlun rata þrjú af fjórum markmiðum löggæsluáætlunar. Því að markmiðið um að skilgreina þörf lögreglunnar fyrir fjármagn er væntanlega eitthvað sem hæstv. fjármálaráðherra kærir sig ekkert um að gera á sama tíma og hann er að skera fjármagn til lögreglunnar við nögl.

Mér finnst þingmaðurinn fullrausnarlegur við ráðherrann að segja að það eigi að leggja 400 milljónir til viðbótar til lögreglunnar. Ef við skoðum sundurliðunina: Jú, það er tímabundið 400 milljóna framlag, síðan lækkuð um 20

milljónir, önnur hækkun um 357 og lækkuð á móti um 124, og svo eru verðlags- og launauppfærslur sem þýðir að nettó er lögreglan að fá 154 milljónir í viðbót. Það er helvíti mikið minna en 400.

[15:14]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa ábendingu. Þetta er stærra samhengi. Það er einmitt gaman að skoða þessar breytingar á ramma tölunnar sem lýsir útgjaldasvigrúminu upp á 48 milljónir. Þetta er vandinn í hnotskurn.

Þegar ég fer yfir þessi verkefni sem löggæslan á að fara í samkvæmt fjármálaáætlun þá er ekki það erfitt að kostnaðargreina þau, alla vega ekki þannig að skeiki nema fáum tugum milljóna og í raun í lægra hlutfalli en það. Það ætti að vera auðvelt að fá kostnaðartölurnar og geta þá tengt; það vantar betri tengingu frá þessum verkefnum, þessum aðgerðum, yfir í nákvæmlega hvað verið er að fjármagna.

Eins og ég segi hef ég ekki fengið nægan tíma til að ná að gera allar þessar tengingar. Þess vegna spyr ég hv. þingmann, sem var búinn að skoða þetta málefna svið aðeins betur, þar sem hann er í nefndinni, hvort hann sjái þessar tengingar frá fjármálaáætluninni að þessum aðgerðum sem eru ekki kostnaðarmetar; það er bara tómt, það er ekki einu sinni sagt innan ramma eins og á flestum öðrum málefna sviðum, sem er alveg jafn slæmt að einhverju leyti því að það gefur manni tómt svör. Ég spyr hvort hann sjái tengingu frá þessum aðgerðum yfir í fjárlagafrumvarpið á einhvern hátt og hafi þá kannski hugmynd um það nær hvaða aðgerðum við þokumst bara á þessu ári.

[15:16]

Forseti (Nichole Leigh Mosty):

Vegna ræðu áður vill forseti biðja þingmenn að gæta orða sinna.

[15:16]

Andrés Ingi Jónsson (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Já, fyrirgefðu að mér hafi orðið fótaskortur á tungunni áðan. Þingmaðurinn spyr áfram um markmið og aðgerðir og kostnaðargreiningu sem var bara í mýflugumynd í fjármálaáætluninni. Á þetta var bent í umsögnum sem bárust við hana í vor. Ég bendi til dæmis á það sem sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu benti á; hann skoðaði þau markmið sem sett voru fram á því málefna sviði og skildi ekki hvaðan þau væru komin. Ekkert samráð var haft við stofnanir, þetta var ekkert í samræmi við það sem rætt hafði verið á milli ráðuneytis eða stofnana undanfarin misseri, þetta var einhvern veginn úr lausu lofti gripið. Enginn veit hvar. Alltaf er þetta gert án kostnaðarmats og alltaf er þetta — hvað var það sem þau sögðu? Að þetta væru frekar metnaðarlítil markmið sem komi engan veginn að kjarna þess úrlausnarefnis sem málaflokkurinn stendur frammi fyrir. Það voru því plokkuð inn einhver markmið sem auðvelt væri að færa í orð og hugsanlega hægt að mæla á einhvern hátt en þau tengdust ekkert endilega meginverkefnum málefna sviðanna. Þetta er bara enn eitt dæmið um það hversu mikil handarbakavinnubrögð eru í öllu þessu ferli,

frá fjármálastefnunni í gegnum áætlunina og hingað inn í fjárlögin.

[15:18]

Rósa Björk Brynjólfssdóttir (Vg):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að biðjast afsökunar á þessum vandræðagangi mínum rétt áðan, ég á oftast ekki mjög gott samband við prentara. Það er fjárlagafrumvarpið 2018 sem við erum að ræða hér.

Fjárlagafrumvarp er eitt mikilvægasta plagg hvorrar ríkisstjórnar því eins og við vitum öll er um að ræða mikilvægasta pólitíska plagg sem lagt er fram á Alþingi ásamt fjármálaáætlun til næstu fimm ára sem ríkisstjórn hægri flokkanna lagði fram í vor. Það er ekki lítil ábyrgð sem felst í þessu plaggi, en hvorki hér né í fjármálastefnunni fyrir næstu fimm ár sem kynnt var okkur í vor er um að ræða beysna pólitík, síður en svo. Þetta er ekki pólitík sem stuðlar að raunverulegum umbótum í innviðum þjóðarinnar sem ríkisstjórnarflokkarnir lofuðu og boðuðu fyrir kosningar, þetta er pólitík stöðnunar og framfaraleysis.

Hvað er hér að finna? Á sama tíma og neyðarástand ríkir á húsnæðismarkaði, ungt og tekjulægra fólk á minna af eignum en það átti fyrir áratug og á mun erfiðara að koma sér upp þaki yfir höfuðið en áður, er hér að finna aðgerðir í húsnæðismálum sem ráðherra gumar af en eru eingöngu efnidir vegna samninga í síðustu kjarasamningum. Síðan eru það heilbrigðismálin, en því miður er um að ræða litla raunaukningu í fjárlagafrumvarpinu til sérhæfðrar sjúkrá-húsjónustu, en undir hana fellur opinberi hluti sjúkrá-húsjónustunnar eins og starfsemi Landspítalans.

Ráðherra ríkisstjórnarinnar hafa talað mikið um að bráðum verði tekin skóflustunga til að steypa hús fyrir meðferðarkjarna Landspítalans sem er gott og vel og þarft. En það sem skiptir mestu máli í sjúkrá-húsjónustu er einmitt sú þjónusta sem á að fara fram innan sjúkrá-húsa, opinbera þjónustan við sjúklinga sem ríkinu ber að inna af hendi. Það hefur farið minna fyrir sjálfshælni ráðherranna þegar kemur að því að auka og efla sérhæfðu sjúkrá-húsjónustuna, enda er það svo að í fjárlagafrumvarpinu er að finna aukin framlög til sérfræðilækna, til einkareksturs sérfræðilækna, frú forseti, sem ekki allir hafa efni á að leita til, því miður. Hér er því um að ræða aukin framlög til einkareksturs í heilbrigðisrekstri í fjárlagafrumvarpinu þrátt fyrir andstöðu almennings við aukna áherslu á einkarekstur í heilbrigðisþjónustu. Hvaða pólitíska stefna er það að hunska vilja yfirgnæfandi meiri hluta almennings sem vill efla viðunandi opinbera heilbrigðisþjónustu í þágu allra en ekki í þágu þeirra sem hafa efni á sérfræðiþjónustu? Ósk fólksins í landinu um viðunandi opinberan rekstur heilbrigðisþjónustunnar er hunsuð, frú forseti.

Það er vissulega að sjá nokkurra milljóna kr. aukningu á framlögum til heilsugæslunnar. Þar er um að ræða 40 millj. kr. framlag. En miðað við hve mikið ríkisstjórnarflokkarnir hafa talað um og lagt gríðarlega áherslu á það í orði að heilsugæslan eigi að vera fyrsti viðkomustaðurinn og helsta stöðin í heilbrigðiskerfinu er ljóst að framlög til heilsugæslunnar hafa alls ekki hækkað í samræmi við þessar yfirlýsingar. Enda er það nú svo að forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarinnar, stærstu heilsugæslu landsins, telur ríkisstjórn-

ina hafa svikið loforðið um að efla heilsugæsluna og að yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar hér standist alls ekki. Það er ekki skrytið. Framlög sem átti að auka svo mikið eru alls 200 milljónir og eru óbreytt frá yfirstandandi ári. Óbreytt. Það eru gríðarleg vonbrigði svo ekki sé meira sagt, gríðarleg vonbrigði fyrir Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og notendur hennar, enda ekki skrytið því með þessu ámátlega framlagi getur heilsugæslan ekki sinnt verkefnum sínum. Og tvær nýjar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu eru ófjármagnaðar. Verkefni heilsugæslunnar á borð við tilvísunarþjónustu vegna barna sem þurfa á sérfræðilækni að halda verður erfiðara að sinna. Efnidir ríkisstjórnarinnar á loforðum um að efla heilsugæsluna eru ekki í þessu frumvarpi, frú forseti.

Svo er það öldrunarþjónustan. Enn vantar upp á efnidir í þeim málaflokki í fjármálafrumvarpinu. Áætlanir um byggingu á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða eru mjög langt frá því sem þarf þegar kemur að fjölgun hjúkrunarrýma fyrir aldrada.

Málafni öryrkja eru fyrir borð borin í frumvarpi til fjárlaga. Hvergi er hér nefnt að ríkisstjórnin ætli sér að hækka heildartekjur örorkulífeyrisþega. Ekkert kemur fram í þessu frumvarpi sem bendir til þess að hækka eigi tekjumörk eða upphæðir fyrir húsnæðisbætur.

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur talað um hversu góð ákvörðun það er að hækka greiðslur til lífeyrisþega úr 280 þús. kr. í heilar 300 þús. kr. á mánuði um áramótin næstu og taldi hæstv. ráðherra það muna miklu fyrir þann hóp. Þau skilaboð hæstv. fjármálaráðherra að fyrir það fólk sem bísar við að skrimta af 280 þús. kr. á mánuði skipti það gríðarlega miklu að fá til viðbótar 20 þús. kr. er ekkert annað en afar neikvætt viðhorf gagnvart tekjulágum einstaklingum í samfélaginu. Hvernig á að framfleyta sér á heilum 300 þús. kr. á mánuði? Ég sé ekki hvernig það á að vera hægt. Að auki er þessi snautlega hækkan sem hér er gumað af 6.700 kr. eftir skatt — heilar 6.700 kr. sem bætast við 280 þús. kr. á mánuði. Þessu gumar hæstv. ráðherra af opinberlega. Hvernig getur hæstv. fjármálaráðherra horft framan í fólk þegar þessi orð eru látin falla?

Fyrir hverja er þá þessi 44 milljarða kr. afgangur? Væri kannski hægt að nýta eitthvað af honum til þess að hækka greiðslur til lífeyrisþega? Væri kannski hægt að nýta eitthvað af honum til þess að veita í háskólana sem sjá ekkert nema svartnætti í sínum rekstri og þjónustu við nemendur? Eða þjónustu við aldraða eða við barnafólk? Væri hægt að nýta þessa milljarða til að treysta velferðarkerfi sem barnafólk og aðrir samfélagshópar treysta á sem er mun lakara hér en í nágrannalöndunum? Fyrir hverja eru þessi fjárlög? Ekki fyrir þá hópa sem ég hef nefnt hér. Svo sannarlega ekki. Ekki til þess að efna loforðin sem hér var talað um fyrir kosningar. Þetta er frumvarp til fjárlaga fyrir hina ríku en ekki fyrir hina tekjulágu. Þetta er ekki fjárlagafrumvarpið fyrir ungt fólk eða tekjulága. Þetta er frumvarp til fjárlaga fyrir hina efnameiri.

[15:26]

Fjármála- og efnahagsráðherra (Benedikt Jóhannesson) (V) (andsvar):

Frú forseti. Hv. þingmaður beindi til mín orðum vegna

Þess að ég taldi mikilvægt að kjör þeirra sem minnst hafa væru bætt. Ég taldi að ýmislegt hefði áunnist í því. Ég taldi um það að í breytingum sem gerðar voru á almannatryggingalögum í fyrra hefði skerðingum krónu á móti krónu verið hætt. Það var þannig að fólk sem hafði safnað sér upp í 50–60 þús. kr. í lífeyrisréttindi fékk engu meira greitt úr almannatryggingum en þeir sem engu höfðu safnað. Úr þessu var bætt. Á sama tíma var sem betur fer, og það var samþykkt af öllum þingmönnum, ákveðið að hækka lífeyri almannatrygginga fyrir þá sem búa einir úr tölum sem voru þá u.þ.b. 240 til 250 þúsund upp í 280 þúsund í ár og í 300 þúsund á næsta ári. Ég hef fengið pósta frá fólki sem er með þessi laun og auðvitað eru þetta lágur tekjur fyrir marga; ég geri ekkert lítið úr því.

Ég hef fengið pósta frá fólki sem segir: Ég þarf að velta fyrir mér hverri einustu krónu. Ég þarf að velta öllum útgjöldum fyrir mér. Mig munar um að fá hverjar þúsund krónur til viðbótar. Ég hef aldrei sagt að þetta væru miklir peningar, en ég hef sagt að það munar um það þegar fólk hefur úr litlu að spila. Við eigum ekki að gera lítið úr því. Það skiptir mjög miklu máli að við reynum að láta peningana renna sem mest til þeirra sem þurfa mest á þeim að halda.

[15:29]

Rósa Björk Brynjólfssdóttir (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessa hugleiðingu en átta mig kannski ekki alveg á því hvort til mín var beint einhverri spurningu.

Vissulega er það rétt að fyrir suma þá muna 20 þús. kr. á mánuði miklu, en raunin er sú að hér er ekki um að ræða 20 þús. kr., hér er um að ræða 6.700 kr. eftir skatt fyrir fólk sem er með 280 þús. kr. á milli handanna á mánuði til að framfleyta sér. Þegar sú staðreynd blasir við fólki að hér sé verið að boða hækkun sem gagnast eigi þeim hópi sem hefur það erfðast og hefur minnst á milli handanna finnst mér hreinlega — og ég held að fleiri en ég taki undir það, þar á meðal formaður Öryrkjabandalags Íslands — að þarna sé um að ræða aðgerð sem varla er hægt að stæra sig af. Hér þurfum við einfaldlega að gera betur. Ef ríkissjóður er með sína milljarða í afgang þá hlýtur að vera hægt að gera betur. Það hlýtur að vera hægt að gera betur fyrir þennan hóp. Ég skil, held ég, hvert hæstv. fjármálaráðherra er að fara með því að segja að þetta sé göfug aðgerð og að þetta muni gagnast mörgum, en staðreyndin er sú að um snautlega upphæð er að ræða. Ég held að við hæstv. fjármálaráðherra hljótum að vera sammála um það.

[15:30]

Fjármála- og efnahagsráðherra (Benedikt Jóhannesson) (V) (andsvar):

Frú forseti. Ég óska eftir því að hv. þingmaður leggi mér ekki orð í munn um göfuga aðgerð. Ég held að ég hafi aldrei notað það orðalag. Auk þess vil ég leiðrétta það; ég held að hér rugli hv. þingmaður saman skattinum af fjárhæðinni og því sem eftir er. Það munu vera milli 12 og 13 þús. kr. sem eru væntanlega eftir af fjárhæðinni vegna þess að skattprósentan er eitthvað um 37%. Engu að síður eru þetta lágur fjárhæðir, það er vissulega rétt.

Ég þekki vel til fjárhags fólks sem er með litlar tekjur. Ég átta mig mjög vel á því að lífeyriskerfið, sem við getum að mörgu leyti verið stolt af, er góttótt fyrir þá sem byrjuðu að borga í það fyrir 30 eða 40 árum af ýmsum ástæðum. Það urðu hér skerðingar vegna þess að ávöxtun var afar slök um tíma. Það var þannig að fólk gat ekki greitt af öllum launum. Lífeyrisiðgjöldin voru mun lægri en þau eru núna. Allt þetta vitum við. Úr þessu verðum við að bæta. Það er sameiginlegt verkefni okkar að reyna að tryggja það öryggisnet sem við viljum að almannatryggingakerfið sé. Við erum að reyna að byggja upp lífeyriskerfið. Frá miðju næsta ári verða greidd 15,5% af launum í lífeyriskerfið. Það á að tryggja u.þ.b. 70% af launum í lífeyri fyrir þá sem greiða allan tímamann, en það hjálpar ekki þeim sem núna eru á lífeyri. Um þetta getum við verið alveg sammála.

Ég vil ekki að út úr orðum mínum sé snúið á þann veg að ég sé með einhverjum hætti að gera lítið úr því fólki sem er á þessum lágur tekjum.

[15:33]

Rósa Björk Brynjólfssdóttir (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Það var alls ekki ætlun mín að snúa út úr orðum hæstv. ráðherra; ég biðst afsökunar ef túlkunin hefur verið á þann veg. Það er kannski rétt að leiðrétta það sem ég sagði hér áðan að það sló saman hjá mér tölum um að hækkun lífeyris almannatrygginga um 4,7% þýði um 6.700 kr. á mánuði; en 20 þús. kr. sem hér hafa verið boðaðar, eins og ráðherra hæstv. kom inn á, eru þá um 12–13 þús. kr. á mánuði.

Svo er það líka annað atriði sem vert er að minnst á hér í seinna andsvari, það eru barna- og vaxtabætur sem sífellt færri njóta samkvæmt þessu fjárlagafrumvarpi, enda halda útgjöld til þeirra áfram að lækka, nú um heila 2 milljarða ef mér skjóplast ekki. Þrátt fyrir að kaupmáttur hafi aukist þá er það nú svo að barna- og vaxtabætur eru gríðarlega mikilvægt tæki til tekjujöfnunar en ekki fátæktarstyrkur líkt og hægri flokkar ríkisstjórnar Íslands álfta; því miður virðast þeir gera það. En á sama tíma og hæstv. fjármálaráðherra hefur lýst því yfir að hann hafi áhyggjur af lækkaði fæðingartíðni þá dregur hann úr barnabótageiðslum til launa fólks. Lækkun barnabóta er einmitt einn helsti áhrifavaldurinn í því að skatturinn hefur aukist umtalsvert síðustu 18 árin. Því verður áhugavert að vita hvers vegna hæstv. fjármálaráðherra grípur til þessara aðgerða þegar hann hefur áhyggjur af lækkaði fæðingartíðni. Það finnst mér undarlegt. Það er ekki jöfnunartæki. Mér fyndist áhugavert að heyra svör við því.

[15:35]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Þetta eru áhugaverðar umræður um þá þúsundkalla sem verið var að tala um áðan. Ég man alveg eftir því þegar maður skrimiti af 500 kalli á dag þegar maður var leikskólastarfsmaður. Núna, miðað við verðbólgu, er það eitthvað í kringum 2 þúsund kall á dag eða svo, sem rétt dugur fyrir mat, samgöngum og svoleiðis.

Mig langar til að víkja aðeins að umtalinu um einkarekstur í heilbrigðiskerfinu sem hv. þingmaður talaði um. Ég hef verið að velta fyrir mér spurningu undanfarið. Ef við

erum með opinbert heilbrigðiskerfi sem getur sinnt allri þjónustu vel og er með háskólasjúkrahús — við erum með allt kerfið frá A–Ö. Berum umræðuna aðeins saman við heilbrigðisumræðuna sem er í löndunum í kringum okkur þar sem einn borgar það sem margir borga, á ensku heitir það „single-payer system“, og „multi-payer system“. En yfirlætt er talað um að það sé mun hagkvæmara og betra að vera með „single-payer system“, þar sem einhver einn borgar eða ríkið.

Þá langar mig til þess að spyrja hv. þingmann: Þurfa lækna, hjúkrunarfræðingar eða bara heilbrigðisstarfsfólk yfirlætt nauðsynlega að vera ríkisstarfsmenn? Þannig er umræðan eins og hún er á Íslandi þegar talað er um heilbrigðiskerfi sem á að vera opinbert rekið á móti einkarekstri innan þessa kerfis sem kallast „single-payer system“, eða þar sem hið opinbera greiðir fyrir útselda þjónustu.

Spurning mín er: Þurfa lækna, hjúkrunarfræðingar og annað heilbrigðisfólk nauðsynlega að vera ríkisstarfsmenn?

[15:37]

Rósa Björk Brynjólfssdóttir (Vg) (andvar):

Ég þakka hv. þm. Birni Leví Gunnarssyni fyrir andvar. Þurfa lækna að vera ríkisstarfsmenn? Það er stór spurning. Við sem erum fylgjandi því að standa þurfi vörð um sérfræðiþjónustu innan opinberrar sjúkráhusþjónustu, við sem erum þannig þenkjandi, hljótum að vilja hafa flesta sérfræðilækna innan hinnar opinberu sjúkráhusþjónustu en ekki að þessi læknaþópur fari í einkarekstur úti í bæ. Þetta er nú gamall og sígildur hugmyndafræðilegur ágreiningur sem hv. þingmaður bendir á hér. Það er nákvæmlega inntakið í þessum fjárlögum, að verið er að bæta í sérfræðirekstur utan opinberrar sjúkráhusþjónustu. Að sjálfsögðu þurfum við að hafa sérfræðilækna innan opinberu þjónustunnar. Það þýðir náttúrulega að viðkomandi lækna eru þá ríkisstarfsmenn, á launum hjá okkur, til að þjónusta okkur þegar við þurfum á þeirri þjónustu að halda.

Ég held og tel, það er mín lífsskoðun, að hið opinbera þurfi að tryggja með öllum tækum ráðum að við öll, óháð efnahag, sama hvað við höfum á milli handanna þegar kemur að peningum, eignum kost á að njóta opinberrar sjúkráhusþjónustu og þeirrar bestu sem völ er á, þjónustu sem ekki er undirmönnuð, undirfjármögnuð og fjársvelt, heldur er nákvæmlega besta þjónusta sem völ er á. Það þýðir að við þurfum að hafa sem flesta sérfræðilækna sem bjóða upp á bestu sérfræðiþjónustuna innan vébanda hins opinbera. Vona að þetta svari einhverjum af hugleiðingum hv. þingmanns.

[15:39]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andvar):

Virðulegi forseti. Ég skil þetta svar þannig: Nei, heilbrigðisstarfsfólk þarf ekki nauðsynlega að vera opinbert starfsfólk. En að sama skapi er gríðarlega mikilvægt að hið opinbera kerfi sé a.m.k. jafn gott og bjóði bestu þjónustuna og að lækna sem ekki vinna sem opinberir starfsmenn reyni að keppa við það sem best gerist.

Ég er aðeins að reyna að átta mig á því jafnvægi sem er þar á milli. Hv. þingmaður bendir á að þarna sé verið að

raska þessu jafnvægi. Það sem gerst hefur á undanföllum árum með samningum Sjúkratrygginga Íslands við lækna, er að það hefur verið einstefna úr opinbera kerfinu sem gerir það einmitt lélegra. Ég velti fyrir mér hvort við værum betur sett ef við mundum hafa umræðuna á þessum vettvangi í staðinn fyrir að kasta á milli okkar einkavæðingar og opinberu stefnu-umræðunni.

[15:40]

Rósa Björk Brynjólfssdóttir (Vg) (andvar):

Forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þetta andvar. Á móti spyr ég hvort hv. þingmanni þyki það eðlilegt að hið opinbera tryggi einkarekstur úti í bæ með auknum framlögum til sérfræðilækna. Hvort það væri ekki síðferðislega réttara að hið opinbera tryggði þá sérfræðiþjónustu innan opinberrar sjúkráhusþjónustu í staðinn fyrir að efla það sjálft, ríkið sjálft, einkarekstur úti í bæ. Það tel ég og hef alltaf talið vera óeðlilegt í staðinn fyrir að efla þá þjónustu sem í boði er fyrir alla borgara þessa lands.

[15:41]

Ari Trausti Guðmundsson (Vg):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér fjárlögin. Þetta frumvarp er 600 síður, tæplega. Við fáum tvo sólarhringa að frádregnum svefntíma til þess að undirbúa okkur. Maður setur stór spurningarmerki við skilvirknina og gæði þessarar umræðu og maður sér fram á einhverjar góðar breytingar í þessu eins og hafa kannski verið boðaðar. Það hefði verið fínt að fá þetta mun, mun fyrir.

Ég hef valið mér tvö svið sem eru háalvarleg. Það er þannig í fjárlagafrumvarpinu að vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknunum og þekkingargreinum teljast mikilvægir í samfélaginu, mikilvægir samfélagslegir þættir, það hefur komið fram í umræðunni líka, en þar er viðhafður hreinn niðurskurður miðað við fjárlög 2017. Þetta er gert frammi fyrir nauðsyn tæknipróunar og t.d. rannsókna vegna loftslagshlýnunar. Sama gildir um rannsóknir og nýsköpun í landbúnaði. Þar eru t.d. framlög til Landbúnaðarháskólans á þessu sviði lækkuð. Maður hefði talið að þeir geirar væru undirstaða nýrra vinnuhátta. Þannig var talað í gær um mikilvægi rannsókna og vísinda, það væri undirstaða framfarar.

Framlög til Nýsköpunarmiðstöðvar eru lækkuð, líka styrkir til nýsköpunarfyrirtækja. Rannsóknastarfsemi háskólans, allra háskóla heldur, er skorin niður um 0,6%. Það er ekki stórsókn þar á ferðinni. Framlög til byggðaþróunar-sjóðs og sóknaráætlunar lækka, en þar fer líka fram nýsköpun. Þegar þetta er allt tekið saman er augljóst að þetta eru fullkomlega óásættanleg vinnubrögð við gerð fjárlagafrumvarps í því árferði sem nú er.

Þó má segja að ljóstýra sé í myrkrinu. Aukin framlög eru boðuð til rannsókna og nýsköpunar í sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Við skulum halda því til haga. Þarna tel ég að staðfest sé, ekki aðeins með flutningi nýsköpunar og rannsókna til mennta- og menningarmálaráðuneytisins heldur líka með nánast engri nýrri innspýtingu til málaflokksins, að verið er að setta hann þvert ofan í þörf á enn öflugra vísinda-, rannsókn- og nýsköpunarstarfi en hingað til. Það er augljóst.

Frú forseti. Framlög eða öllu heldur fjárheimildir eru

auknar um 5%, eða heilar 200 milljónir, þegar kemur að hinum stóra pósti sem við köllum náttúruvernd, skógrækt og landgræðslu. Þar í felast framlög til innviðaáætlunar, t.d. allt fé til skógræktar og landgræðslu, til framkvæmdar mats fyrir náttúruverndarsvæði og líka til framkvæmda mats á ástandi og nýtingu lands eins og það heitir. Þetta er fjarri góðu lagi. Framlög til svokallaðra innviða duga hvergi til átaks til að binda kolefni né heldur til að bæta gæði landnýtingar. Þetta er gert þegar verið er að hækka kolefnisskatt sem er ekki eyrnamerkur í nokkurn skapaðan hlut eftir því sem maður getur séð.

Framlög til gestastofa tveggja þjóðgarða, Vatnajökuls og Snæfellsjökuls, eru felld tímabundið niður og hluti framlags til Heklusköga. Allt í einu eru fjárheimildir upp á 200 milljónir settar fram í skýringartexta, en nýtingu þeirra 400 aukamilljóna sem þarna verða til er erfitt að finna í fylgiritinu. Framlög til skógræktar og landgræðslu hækka mjög lítið og sumir lækka reyndar eins og til Skógræktar ríkisins. Svo maður spyr: Til hvers á að nýta auknar fjárheimildir? Eða er þetta bara pappírsgagn? Hvar er stefnan?

Fjárheimildir til rannsókna og vöktunar náttúru standa nánast í stað. Móta á áætlun um að efla vöktun náttúru og vöktun náttúruvár. Áætlun um rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga fyrir lága upphæð er felld niður, en á móti kemur allhá upphæð fyrir gerð áhættumats vegna vatnsflóða og sjávarflóða eldgosa hverfur. Hver eru rökinn fyrir því? Það er heldur ekki staf að finna um frekari vinnu við brottflutningsáætlanir einkum vegna eldgosa og jökulhlaupa annars staðar en á Kötlusvæðinu. Þær áætlanir vantar enn þá á þéttbýlum svæðum. Voru einhvern tímann í löturhægri vinnslu.

Styrkir til uppbyggingar á innviðum rafbíla eru óbreyttir eða lágir þar sem þarf stóratæk. Undir liðnum Vistvænir orkugjafar, hvað sem það nú tákna, er eyða. Það er eins og eitthvað hafi gleymst. Framlög til staðbundinna náttúrustofa lækka, en þar fer fram mikilvæg gagnasöfnun vegna loftslagsbreytinga.

Svo má leita með logandi ljósi að beinum framlögum til styrktar orkuskiptum, svo sem tilraunum eða verslun með nýja gerð vetnisbíla sem eru komnir á markað, aukinni flöndun vistvænna efna í eldsneyti, eða prófunum á metan á skipsvélum í samvinnu við klasann sem kallast Hafid. Auðvitað má verjast slíkri gagnrýni með því að vísa í vinnu við aðgerðaáætlun, en á móti kemur að ótalmargt sem fyrir löngu, löngu hefði getað verið hafid og gengur ekki í berhögg við heilðræna áætlun, þar með talið orkuskipti í samgöngum og útgerð, vantar einfaldlega. Augljós verkefni sem léttu róðurinn á meðan heildaráætlun er unnin, rædd og samþykkt, eða eiga að hafa nokkurn forgang meðan hitinn er að hækka á mælunum alls staðar um heim á hverju ári. En það er eins og einhver hafi gleymt þeim. Ríkisstjórnin skilur ekki kall tímans. Hún sparar í málaflökum sem eiga annað skilið í nafni almenning og samfélags og sveltir útgjaldaliði sem verða velferð til langs tíma og öryggi um langa framtíð. Nú er ég að tala um loftslagsmál.

Frú forseti. Að öðru og yfirgripsmeira í enda ræðu minnar. Það er auðvelt að tynast í skoðunum á krónum í þessu 600 blaðsíðna hafi hér og hvar og sökkva sér í praktísk mál sem öll eru vissulega mikilvæg í daglegu lífi

og sem speglast í fjárlögum. En það er jafn mikilvægt og raunar oft mikilvægara að horfa á og meta hugmyndafræðina sem er að baki þessu fjárlagafrumvarpi. Að mínu mati er hún í tilvikum þessarar ríkisstjórnar óásættanleg og ókræslig blanda af ákveðnu tillitsleysi við hag almenning, blindri fylgni við aukinn hagvöxt og aukinn hagnað þeirra sem nóg eiga fyrir og loks varðstöðu um þessi frægu 10% þjóðarinnar sem eiga um 60% allra eigna. Þetta er auðvitað kjarni sjálfstæðisstefnunnar sem stýrir ríkisstjórninni hvað sem öðrum ríkisstjórnarflokkum líður.

Hæstv. félagsmála- og jafnréttisráðherra, Þorsteinn Víglundsson, sagði í gær vera hallur undir hægri hagstjórn og vinstri velferð. Ég vil upplýsa að þessi orðaleikur gengur ekki upp. Eða hver myndi skilja ef ég segðist á hinn bóginn stunda vinstri hagstjórn og hægri velferð? Menn sjá að þetta er innantóm hugtakaleikfimi. Það er auðvitað þannig að bæði hagstjórn og velferð eru annaðhvort hægri eða vinstri. Hægri hugmyndafræðin kristallast t.d. í hugtakinu greiðslugeta atvinnuveganna. Það var nefnt í ræðu hæstv. forsætisráðherra, Bjarna Benediktssonar, þegar hann hélt ræðu sína um stefnumörkun. Hvað merkir það í raun? Það merkir ákveðið sjálfsveld, sjálfsveld ráðamanna í atvinnurekendahópi landsins sem telja sig geta reiknað út og ákvarðað hagþörf þessa sama hóps. Það sem út af stendur eftir þá útreikninga má svo skammta til launafólks og best ef það deilir innbyrðis um þann hluta. Þetta er ákveðin hugmyndafræði sem vert er að hafa í huga og við köllum hægri.

Nú skulum við snúa þessu við og hugsum okkur ef við reiknum út greiðslugetu launafólks og síðan væri atvinnufyrirtækjum gert að greiða í samræmi við það. Myndum við kalla það vinstri hugmyndafræði? Ég tel það. Þessar átakalínur sem eru í samfélaginu lita fjárlagafrumvarpið og lita umræður okkar í þinginu. Auðvitað er þetta einföldun, en það er alltaf mjög mikilvægt í allri þessari umræðu um peninga og fjármál, velferð og vísindi, rannsóknir, tækni og baráttuna gegn loftslagshlýnun að í odda skerst milli hægri og vinstri út af því að þarna að baki er skýr hugmyndafræði sem er komin löng reynsla á í íslensku þjóðfélagi og við þurfum að losna við, þ.e. þessa hægri stefnu sem er búin að lita þjóðfélagið allt of lengi.

[15:51]

Óli Björn Kárasón (S):

Frú forseti. Fyrst aðeins nokkrar tölulegar staðreyndir, til að setja hlutina í sögulegt samhengi. Á síðasta ári voru skatttekjur ríkisins 229 milljörðum kr. hærra að raunvirði en aldamótaárið, árið 2009, og tekjuskattur einstaklinga liðlega 58 milljörðum kr. hærra. Virðisaukaskattur skilaði ríkissjóði tæplega 48 milljörðum meira í kassann á síðasta ári, að raunvirði, á verðlagi síðasta árs, en aldamótaárið.

Útgjöldin hafa líka vaxið verulega, eða um 220 milljarða. Þá eru vextir eða sérstök gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga ekki þar með talin.

Samkvæmt því fjárlagafrumvarpi sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga skili ríkissjóði rúmlega 178 milljörðum kr. Þetta er nær 17 milljarða kr. hækkun frá síðasta ári samkvæmt ríkisreikningi. Virðisaukaskattur skilar 21 milljarði meira í tekjur og í heild

verða skattar á vörur og þjónustu um 38,5 milljörðum kr. hærrí á komandi ári, gangi áætlanir þess frumvarps sem hér er lagt fram eftir, en var á liðnu ári.

Í heild er reiknað með að skatttekjur og tryggingagjöld verði hvorki meira né minna en 76 milljörðum og 200 milljónum betur hærrí á komandi ári en var á liðnu ári. Þetta jafngildir um það bil 900 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Og þegar við þingmenn tókum ákvörðunir um útgjöld en ekki síður þegar við tókum ákvörðun um hversu miklar byrðar við ætlum að leggja á landsmenn ættum við að hafa að minnsta kosti eina staðreynd í huga: Skatttekjur ríkisins á hverja fjögurra manna fjölskyldu verða um 5,9 millj. kr. hærrí að raunvirði á komandi ári en þær voru árið 2000. Það er að teknu tilliti til mannfjölda-breytinga. Þetta eru 5,9 millj. á hverja fjögurra manna fjölskyldu, tæplega 500 þús. kr. á mánuði.

Við hljótum að spyrja: Hafa landsmenn fengið betri þjónustu fyrir alla þessa fjármuni? Fyrir þessar tæpu 500 þús. kr. á mánuði? Alveg örugglega, víða. En ekki alls staðar. Og það er alveg ljóst í mínum huga að töluverðum hluta þessara fjármuna er sóað. Þá spyr ég: Ætla menn virkilega að þyngrja byrðarnar?

Þegar horft er á þessar tölulegu staðreyndir, þær hafðar í huga, er að minnsta kosti erfitt að

færa rök fyrir því að ríkissjóður glími við tekjuvanda. Að það sé nauðsynlegt að leita leiða til að auka tekjurnar með því að þyngrja byrðarnar með auknum álögum. Ég held að það sé þvert á móti. Og það á ekki að koma neinum í þessum sal á óvart að ég segi: Hingað og ekki lengra. Það á ekki að koma ráðherrum þessarar ríkisstjórnar á óvart, ekki samstarfsmönnum mínum í ríkisstjórn á óvart og það á ekki að koma ágætum félögum mínum í stjórnarandstöðunni á óvart heldur. Allt sem ég hef sagt, allt sem ég hef skrifað, allt sem ég hef staðið fyrir undanfarna áratugi getur ekki leitt til annars en að ég segi: Hingað og ekki lengra.

Gríðarleg aukning tekna á síðustu árum er vísbending um að ríkið eigi fremur að slaka á klónni, slaka á skattaklónni. Mikil raunaukning útgjalda, þung vaxtabyrði ásamt samsetningu eigna og skulda, rennir stöðum undir þá fullyrðingu að rekstur ríkisins er óhagkvæmari í dag en hann var fyrir nokkrum árum, tíu, fimmtán árum. Við erum sem sagt ekki að nýta sameiginlega fjármuni okkar með þeim hætti sem gera verður kröfu til. Og við erum heldur ekki að nýta sameiginlegar eignir okkar landsmanna með sem hagkvæmustum hætti og landsmenn eiga kröfu til að gert sé.

Lausnir getur því ekki falist í að auka útgjöld enn frekar eða hækka skatta, leggja þyngrri byrðar á launafólk og fyrirtæki. Auðvitað þurfum við að standa með myndarlegum hætti að heilbrigðiskerfinu, byggja það enn frekar upp og tryggja að allir fái bestu mögulegu þjónustu óháð efnahag. Við eigum líka ýmis verkefni óunnin þegar kemur að almannatryggingakerfinu eins og ég hef áður vikið að í þessum ræðustól. Það er hluti eldri borgara, sem lagði grunninn að þeirri velferð sem ég hef fengið að njóta og við hér öll, sem býr við kröpp kjör. Við þurfum að huga sérstaklega að þeim. Ég hef ítrekað sagt að mér sviður að okkur skyldi ekki hafa tekist að gera breytingar á lögum um tryggingakerfi öryrkja; að innleiða hlutabótakerfi, að taka upp starfs-

skyldumat og styrkja fjárhagslega stöðu öryrkja. Þar hef ég sérstakar áhyggjur af ungum öryrkjum sem eiga lítil og jafnvel engin réttindi í almennu lífeyriskerfi.

Þetta verkefni blasir við. Við þurfum að setja aukna fjármuni í það. En þeir fjármunir eru líklegast til staðar í ríkissjóði, í ríkiskerfinu, því að við erum ekki að nýta fjármunina með skynsamlegum hætti heldur sóa þeim að nokkrum hluta, að minnsta kosti. Við getum hins vegar deilt um hversu stórum hluta. Þetta snýst allt um að nýta fjármuni með skynsamlegum hætti, þetta snýst um það hvernig við forgangsroðum, byggjum upp kerfi, skipuleggjum heilbrigðisþjónustuna o.s.frv.

Ég held nefnilega að við séum sek um það í þessum sal, og fleiri, við erum ekki þau einu, að veita því allt of litla athygli hvernig tekjur ríkisins og sameiginlegar eignir okkar nýtast í hin sameiginlegu verkefni. Afleiðingin er sú að ríkisreksturinn þenst út og verður óhagkvæmari með hverju árinu sem líður. Til að leysa vandann er þægilegra að grípa til ráðstafana til að auka tekjur, hækka skatta og finna nýja tekjustofna.

Það er auðvitað svo að við höfum verk að vinna. Við búum við mikla hagsæld. Efnahagslegar aðstæður eru okkur í flestu hagfelldar, hagvöxtur 6% á þessu ári, 3,3% á því næsta. Atvinnuleysi hverfandi, verðbólga minni en við höfum áður séð, o.s.frv. Hagsældin er ekki án áskorana. Kjarsamningar verða sjálfsagt erfiðir. Að minnsta kosti ekki einfaldir. Og ekki er hægt að reikna með að ferðaðþjónustan verði sami aflvaki og hún hefur verið á undanförunum árum. Það eru viðvörðunarkerki sem við verðum að hafa í huga. En það eru áskoranir. Þetta eru verkefni. Ef við ætlum að mæta þessum áskorunum og reyna að leysa þessi verkefni með auknum sköttum og þyngrri álögum á einstaklinga og fyrirtæki fullyrði ég að við lendum ekki aðeins (Forseti hringir.) í pólitískum erfiðleikum heldur, og það skiptir mestu máli, munum við lenda í efnahagslegum ógöngum.

(**Forseti** (NicM): Forseti biður hv. þingmenn að virða tímamörk.)

[16:02]

Björn Leví Gunnarsson (P) (*andsvar*):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður sagði að gott væri að eyða opinberu fé með skynsamlegum hætti. Því langar mig aðeins að halda áfram með þær vangaveltur sem ég hóf með hv. þm. Rósu Björk Brynjólfsdóttur. Þingmaður svaraði því hálf í hvoru í ræðu sinni en ég vildi bara skerpa á því svo við séum alveg á sömu blaðsíðu og skiljum hvor anna. Er það afstaða þingmanns að hið opinbera eigi að rekka heilbrigðisþjónustu sem er opin og aðgengileg öllum og býður upp á bestu mögulegu þjónustu? Og svo samhliða því: Að heilbrigðisstarfsfólk geti sinnt sínu fagi án þess að vera ríkisstarfsmenn og þiggja greiðslu fyrir þjónustu sína í gegnum Sjúkratryggingar Íslands, með „single-payer system“ eða einum greiðanda, þ.e. opinbert heilbrigðiskerfi sem býður upp á þjónustu fyrir alla og bestu mögulegu þjónustu sem við getum útvegað, og samhliða því séu lækna- og heilbrigðisstarfsfólk sem geti sinnt sínu fagi á sinni skrifstofu eða hvar sem það er gegn greiðslu? Það er þetta svokallaða einkafyrirbæri eins og það er. Miðað við ræðu hv. þingmanns áðan virtist svo vera, það er skilningur

minn, að kerfið virkaði svoleiðis. En þá vildi ég bæta við: Er þingmaður sammála því að einstefna sérfræðinga út úr heilbrigðiskerfinu sé vandamál eins og Landspítalinn hefur útskýrt? Og hvernig útskýrir þá þingmaður forgangsroðun fjármögnunar og fjárútláta í núgildandi fjárlögum þar sem verið er að styrkja einfaldlega einkahluta kerfisins mun meira en opinbera hlutann? Við höfum margoft fengið gögn um að það vanti á sérfræðisþjónustu þar.

[16:04]

Óli Björn Kárason (S) (*andsvar*):

Frú forseti. Ég ætla að vona að ég sé ekki að misskilja hv. þingmann en ég hygg nú að ég hafi áður svarað svipuðum vangaveltum úr þessum ræðustól. Ég segi: Það er hlutverk okkar hér inni að tryggja að allir landsmenn hafi aðgang að öflugri heilbrigðisþjónustu óháð efnahag. Það er forsendan. En ég segi líka: Það er hlutverk okkar hér að tryggja að þessum fjármunum sé vel varið, þeim sé ekki sóað. Þegar ég horfi til dæmis á úttekt Ríkisendurskoðunar á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sem hv. þingmaður hlýtur að hafa lesið og kynnt sér kemur berlega í ljós að það er nefnilega stundum hagkvæmt að ríkið geri þjónustusamninga við einkaaðila og nýti þar með takmarkaða fjármuni, því við erum auðvitað alltaf að tala um takmarkaða fjármuni ríkissjóðs, með hagkvæmari hætti en gert hefur verið. Og það sem meira er: Aðgengi höfuðborgarþéttbýlis að heilsugæslu stórbatnar, þjónustan stórbatnar, og biðraðirnar styttest. Þannig að já, einkarekstur í heilbrigðisþjónustu er okkur gríðarlega mikilvægur en hann verður auðvitað að vera þannig að hann skili okkur betri nýtingu fjármuna og bættri þjónustu án þess að við gefum nokkurn tíma eftir í því prinsippi að tryggja öllum aðgengi að góðri heilbrigðisþjónustu óháð efnahag og í rauninni búsetu líka.

[16:07]

Björn Leví Gunnarsson (P) (*andsvar*):

Virðulegi forseti. Mig langar að skerpa aðeins á þessu. Ég er sammála hv. þingmanni um aðgengi að þjónustunni og því um líkt. En ég er að spyrja hvort hv. þingmaður sé á þeirri skoðun að heilbrigðiskerfið eigi að vera í opinberum rekstri, heilbrigðiskerfi sem allir geta haft aðgang að eins og hann lýsir. Og að við séum líka með þann möguleika að gera þjónustusamninga. En grunnurinn sé sá að það sé aðgengilegt kerfi rekið af hinu opinbera sem er forgangurinn hjá okkur hér innan húss, upp á ákveðna ábyrgð og tengsl og svoleiðis.

Ég vildi leiðrétta þetta með biðraðirnar, þær styttest ekki neitt, það eru nákvæmlega jafn margir lækningar og jafn margar sjúklingar. Biðraðir styttest ekki nema maður fækki sjúklingum eða fjölgja læknum.

[16:08]

Óli Björn Kárason (S) (*andsvar*):

Frú forseti. Fyrst að síðasta atriðinu. Það er auðvitað kolrangt. Það er nefnilega svo að í einkarekinni heilsugæslu hefur þjónustan aukist, framleð hefur aukist, og þar sem við hafa biðlistar styst og meira að segja þjónustan batnað um leið. Þannig að þetta er hægt.

Ég segi: Auðvitað skiptir mestu máli að við tryggjum

sameiginlega aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Hvort við erum síðan að tala um að ríkið, ef ég skil hv. þingmann, hann er að spyrja mig hvort ég telji að ríkið eigi að reka alla heilbrigðisþjónustu, þá er svarið þvert nei. (Gripið fram í.) Nei, þá skil ég ekki spurninguna. Hvar ætlarðu að draga mörkin? Ef hv. þingmaður er að spyrja mig hvort ég sjái fyrir mér að einkaaðilar reki Landspítala Íslands þá er svarið nei. Það er sameiginlegt verkefni okkar og ég mun aldrei sjá fyrir mér að einkaaðilar geti rekið sjúkrahús með þeirri kröfu sem við gerum til Landspítala Íslands. (**BLG**: Ókei.) Ég vona að þetta sé nægilega skýrt.

[16:09]

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (Vg) (*andsvar*):

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmanninum ræðuna. Honum líður frekar illa alla jafna þegar hann talar um skatta, heyrir mér gjarnan. Hann talar um þá sem útgjöld og byrðar á okkur landsmenn. Ég held nefnilega að flestum sé ósárt um að greiða skatta. Hins vegar hefur komið fram í samfélaginu að fólk vill að þeir fari í að við getum rekið hér opinbera heilbrigðisþjónustu og gott skólakerfi og svo framvegis.

Hæstv. félags- og jafnréttisráðherra talaði um vinstri velferðina. Ég náði því ekki alveg í þessum lestri hjá hv. þingmanni. Ég verð að taka undir með hv. þm. Birni Leví Gunnarssyni sem talaði áðan um heilbrigðiskerfið. Ef aðgreiðslur eru 600 milljónir hjá tveimur fyrirtækjum frá hruni hljótuð við að hugsa með okkur: Borgum við þá ekki bara of mikið? Ef hægt er að reka slík fyrirtæki sem eru að mestu fjármögnuð af ríkistekjum með slíkum hagnaði getum við ekki talað um að þetta sé svo frábær rekstur og að hinn opinberi sé ómögulegur. Það er eitthvað vitlaust gefið í þessu, það er alveg á hreinu. Það er alla vega mín skoðun.

Svo verð ég að segja líka að komið hefur fram að heilsugæslan er ekki fullfjármögnuð í þessum fjárlögum. Ég verð að spyrja hv. þingmann hvað honum þyki um það.

Við þekkjum þetta með hagsveifluna. Ef við horfum fram hjá henni er ríkisreksturinn í jánnum vegna þess að við höfum slakað á á tekjuhlíðinni. Ég verð líka að spyrja: Hvernig ætlar hann að horfast í augu við það þegar skattstofnunum hefur fækkað svona? Er hann sátur við það og vill hann að samneyslan dragist enn meira saman en orðið er, þótt hún hafi nú farið minnkandi?

[16:11]

Óli Björn Kárason (S) (*andsvar*):

Frú forseti. Ég átti nú svo sem ekki von á að við yrðum sammála í einu og öllu. Það er alveg augljóst að viðhorf mín til skattheimtu eru allt önnur en hv. þingmanns sem lagði til hér gríðarlega miklar skattahækkningar við afgreiðslu fjárlaga ásamt samherjum sínum í þingflokki Vinstri grænna, ef minnið svíkur mig ekki. Og munaði milljónum, held ég, á hverja fjölskyldu. En látum það nú liggja á milli hluta.

Það er sérstakt viðhorf að tala um að við séum að fækka skattstofnum. Við veikjum skattstofna ef við létum eitthvað byrðum af heimilum og svo framvegis. Það er bara staðreynd og menn geta litid yfir hagsöguna og séð að stundum styrkjast skattstofnar einmitt þegar menn taka

minna af þeim. Það á líka við um þorskinn oft og tíðum. Það er það sama. Það er nefnilega þannig að ef maður gengur af nærri almenningi, of nærri fyrirtækjum, þá veikir maður skattstofnana. Maður styrkir þá ekki. Höfð eru endaskipti á hlutunum hér. Ef maður fer fram af höfsemi í álögum á fyrirtæki og einstaklinga eflir maður þróttinn og ýtir undir athafnasemi einstaklinga og fyrirtækja úti um allt land. Á endanum fær ríkissjóður hærri tekjur, meira í kassann, til þess akkúrat að sinna þeim nauðsynlegu verkum sem við erum sammála, ég og hv. þingmaður, að þurfi að sinna.

[16:13]

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):

Hagfræði Sjálfstæðismanna í þessu er alltaf jafn skýr. Það verður ekki frá þeim tekið, það er alveg ljóst. Ég geri þá bara ráð fyrir að hv. þingmaður styðji ekki framkomnið frumvarp eins og það liggur fyrir.

Hann nefndi að ég ásamt félögum mínum í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hefði lagt fram tillögur. Bæði hv. þingmanni og formanni fjárlaganefndar hefur orðið tíðrætt um að færa þetta yfir á hvern einstakling og fjölskyldur: Ójöfnuður í eignum, við þekkjum það. Ríkasta eina prósentíð sem átti fimmtu hverja krónu í eigið fé í árslok 2015. Þetta 0,1% átti 187 milljarða í eigið fé og það óx á 18 árum um 1.042 milljarða. Það átti sem sagt tæplega helming eigin fjár í landinu á þessum tíma. Ég verð því að spyrja hvort það sé óeðlilegt að hægt sé að sækja þarna einhverja peninga því að við leggjum þá ekki á alla landsmenn. Við sækjum fé þar sem peningarnir eru til. (Forseti hringir.)

Svo verð ég líka að spyrja: Hvar er sóunin að mati þingmannsins í kerfinu?

[16:14]

Óli Björn Kárason (S) (andsvar):

Frú forseti. Ég ætla nú bara að minna á að langstærsti hluti eigna hér á Íslandi er í höndum ríkisins, í höndum sveitarfélaga og lífeyrissjóða. Gefið er í skyn að það sé bara fámennur hópur manna sem eigi hér allar eignir á Íslandi. Það er rangt. En ég ætla hins vegar að benda á dæmi um sóun. Ég held að það sé mikil sóun fólgin í því að beita þeim úrræðum að vista fólk á sjúkrahúsi, eldri borgara, sem þarf ekki á sjúkrahúsvist að halda heldur bara almennri umönnun á hjúkrunarheimili, vegna þess að okkur hefur láðst að fjárfesta í hjúkrunarheimilum. Það kalla ég sóun. Það er sóun líklegast upp á 80–100 þúsund kr. á dag (Forseti hringir.) á hvern einstakling sem þetta á við um. Það er dæmi um sóun í kerfinu. (Gripnið fram í.)

(Forseti (NicM): Ræðumaður hefur orðið.)

[16:16]

Smári McCarthy (P) (andsvar):

Frú forseti. Ég þakka ræðumanni ræðuna. Mér fannst áhugavert að heyrna tilvísun í jafn vafasama hagfræðikenningu og Laffer-kúrfuna en við látum það kannski liggja á milli hluta.

Mig langar að spyrja hv. þingmann hvort það sé rétt skilið að hann sem formaður í efnahags- og viðskiptanefnd,

sem mun sjá um þessar skattbreytingar, muni leggja gegn hækku á sköttum sem lögð er til í meðfylgjandi frumvörpum, sem sagt í 2., 3., og 4. máli. Þá sérstaklega hækku á afengisgjalds, tóbaks. Reyndar er ekkert tóbak inni í þessu, en hækku á bensíni og beinum neyslusköttum sem koma hlutfallslega verst niður á þeim sem hafa lægstu tekjurnar. Ég spyr að þessu hreinlega vegna þess að ég óttast að þetta fari beint út í verðlagið og verði slæmt fyrir komandi kjara-viðræður.

Ég vil einnig spyrja: Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir 44 milljörðum kr. í afgang, sem er 1,6% af vergri landsframleiðslu. Þetta á að fara í að borga niður skuldir. Væri eðlilegra að hans mati að hætta að eyða svona miklu púðri í niðurgreiðslu skulda eins og staðan er? Nú erum við með skuldastöðu ríkissjóðs um 39,2% af vergri landsframleiðslu, ef mig misminnir ekki. Væri eðlilegra að nýta þennan afgang til skattalækkana í staðinn? Eða á einhvern hátt reyna að láta þetta fara til baka til fólksins í landinu? Það hefur til dæmis komið í ljós að persónuafsláttur hefur ekki fylgt verðlags- eða launaþróun undanfarna áratugi.

[16:18]

Óli Björn Kárason (S) (andsvar):

Frú forseti. Ég veit ekki hvort ég get verið skýrari en ég var í ræðu minni. Ég ætla hins vegar að fá að vitna í hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra sem hefur lagt þetta fjárlagafrumvarp og tengd tekjufrumvörp fram fyrir þingið. Hann telur eðlilegt og sanngjarnt að á því verði breytingar. Þannig ætla ég að vinna.

Ég segi: Það eina sem ég tel mikilvægt er að við erum ekki að fara að hækka hér álögur. Það kann vel að vera að við þurfum að færa og gera einhverjar breytingar innan kerfisins, breyta einhverju o.s.frv. En heildarálögur verða ekki auknar með mínu samþykki. Það var alveg skýrt og er alveg skýrt og á ekki að koma neinum á óvart.

Varðandi skuldir og niðurgreiðslu skulda og afgang á ríkissjóði er það auðvitað þannig, og ég hef sagt: Við þurfum að greiða niður skuldir, þurfum að lækka vaxtagjöld ríkissjóðs. Það er auðvitað fjárfesting til framtíðar að gera það. Það er fjárfesting annars vegar í möguleika þess að lækka enn frekar skatta og hins vegar að auka framlög til sameiginlegra verkefna á sviði heilbrigðismála, menntamála, almannatrygginga o.s.frv. Þannig að það er skynsamlegt. Það er hins vegar rétt hjá hv. þingmanni að ég er ekki að fara að taka þátt í að hækka álögur til þess að halda afgangi ríkissjóðs meira að segja meiri en við gerðum ráð fyrir í fjármálastefnu.

[16:20]

Smári McCarthy (P) (andsvar):

Frú forseti. Ég þakka svarið. Þetta var nokkuð skýrt. Ég hlakka til að fara í þessa vinnu í efnahags- og viðskiptanefnd, hreinlega vegna þess að ég held að það sé orðið tímabært að hætta að mata þennan veldisvöxt sem við erum alltaf að mata. Lengi hefur verið tilhneiging til að reyna að verðlagsbæta og moka ofan á. Ég er líka á þeirri skoðun að bæta þurfi töluvert í uppbyggingu kerfanna, bæði í innviðum en líka heilbrigðiskerfisins og þar fram eftir götunum. En ég er sammála hv. þingmanni um að við erum komin í

þann leik að elta halann á okkur. Við þurfum svolítið að fara að slá af í þessu. Þessir 44 milljarðar, þessi skuldalækkunarárátta, er eiginlega bara komin út í vitleysu.

[16:21]

Óli Björn Kárason (S) (*andsvar*):

Frú forseti. Ég segi bara: Ég hlakka líka til samstarfsins. Það var ágætt hér á liðnu vori. Það gekk ágætlega þótt við séum ekki alltaf sammála, ég og hv. þingmaður, þó það nú væri. En ég ætla bara að benda á eitt. Ég veit að hv. þingmaður er mér sammála um að það er nauðsynlegt að við göngum rösklega til verks í að lækka skuldir ríkisins. Ríkissjóður hefur bundið 450 milljarða í fjármálakerfinu. Við höfum rætt það í hv. efnahags- og viðskiptanefnd og eigum eftir að glíma dálítið við það í vetur hvernig það getur verið skynsamlegt fyrir ríkið að losa um þá fjármuni, 450 milljarðar svona um það bil. Það er nú hægt að gera töluvert fyrir þá. Lækka skuldir ríkisins og þar með vaxtabyrði ríkissjóðs og þar með lækka skatta, þá ekki síst tekjuskatta á þá sem lægstu launin hafa, og byggja upp almannatryggingakerfi. En þó kannski fyrst og fremst heilbrigðis- og menntakerfi til framtíðar.

[16:23]

Ásta Guðrún Helgadóttir (P):

Virðulegi forseti. Mig langar til þess að byrja á því að þakka öllum hv. þingmönnum og hæstv. ráðherra fyrir þessa góðu umræðu sem við erum búin að eiga hér í dag. Það er fyrst ein tæknileg ábending sem mig langar til að koma til skila til fjármálaráðuneytisins varðandi uppsetninguna á frumvarpi til fjárlaga. Það er að ekkert efnisyfirlit er með greinargerðinni sem er 250 blaðsíður. Þetta er nú búið að lagast frá því að ég tók sæti á þingi. Þá var ekkert efnisyfirlit yfir höfuð, en það virðist sem að leiðbeiningar mínar úr ræðustól um hvernig ætti að búa til efnisyfirlit í vor hafi skilað sér að einhverju leyti. Hins vegar væri til bóta fyrir þingmenn og aðra sem vilja glöggva sig á þessu riti að hafa gott efnisyfirlit yfir greinargerðina til þess að hafa betri yfirsýn. Ég hugsa að fjármálaráðuneytið geti kipt því mjög auðveldlega í lag fyrir næsta fjárlagafrumvarp.

Mig langar til þess að byrja á því að tala eilítið um íþrótt- og æskulýðsmál því það er eitthvað sem við höfum ekki snert á í dag enn sem komið er eftir því sem ég best veit. Í fylgiriti með fjárlagafrumvarpinu kemur fram að samningar og styrkir til æskulýðsmála í frumvarpi fyrir 2018 eru 236,9 milljónir. Það sem stingur svolítið í stúf er að það er engin sundurliðun. Hins vegar er í fjármálaáætluninni einungis gert ráð fyrir því að það verði Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, KFUM og KFUK sem muni fá þessa styrki. Það var minn skilningur þegar við vorum að samþykkja lög um opinber fjármál að svona beinir fjárlagaliðir, að vera beint á spananum eins og það er stundum kallað, myndu heyrna sögunni til. Það er hreinlega ekki nógu skýrt í greinargerðinni með fjárlagafrumvarpinu hvernig útfærslan á þessu verður. Munu samningar og styrkir til æskulýðsmála í raun og veru bara renna til þessara þriggja félagasamtaka?

Það segir réttilega í greinargerðinni að þetta er mest

megnis starf sem er unnið að eigin frumkvæði og sömuleiðis segir að hlutverk ríkisins á þessu sviði lúti einkum að því, með leyfi forseta, „að stuðla að því að eftir föngum slíkt frumkvæði fái notið sín.“

Það hefur ekki verið raunin þegar við skoðuð hvernig æskulýðsstarf hefur verið á Íslandi og hvernig fjárframlögum til æskulýðsstarfa hefur verið háttað. Það hafa að mestu leyti verið til þessi þrjú æskulýðsfélög og það er hreinlega þannig að öldin er önnur, það er komin 21. öldin. Það er kominn vilji til þess að stofna ný og frábær félög, algjörlega að skátunum, KFUM og KFUK og UMFÍ ólöstudum. Það vantar tæknilegar útskýringar á þessu í greinargerðinni og það er frekar sorglegt að sjá að ekki sé verið hvetja til nýsköpunar á sviði íþrótt- og æskulýðsmála. Þetta er gífurlega mikilvægur málaflökur til þess að virkja lýðræðisvitund og sömuleiðis til þess að stuðla t.d. að minnkandi unglingadrykkju og þar fram eftir götunum. Þetta er gífurlega mikilvægur málaflökur sem við verðum að taka mjög alvarlega.

Annað sem mig langar til þess að taka fyrir er það sem hæstv. ráðherra er búinn að ræða svolítið, þessar 20 þús. kr. sem verða síðan að 6 þús. kr. eftir skatt. Þau lög sem við leiddum í lög á haustmánuðum 2016 gerðu krónu á móti krónu skerðinguna fyrir örorkubótaþega enn skarpari en hafði áður verið. Það hefur orðið til þess að fjölmargir sem voru áður vinnufærir hafa farið af vinnumarkaðnum. Ef það er eitthvað, einhverjir 20 þúsund kallar sem þarf til að bæta eitthvað upp, ætti það að fara í að hækka frítekjumarkíð, mörkin þangað til króna á móti krónu fer að skerðast. Með því að hafa þetta svona skarpt eins og það er núna er verið að sjá til þess að hver sá sem er á þessum bótum geti aldrei komist yfir ákveðna lágmarksgrunnframsæslu. Við erum að búa til fátækt með þessu fyrirkomulagi. Það er dýrt. Það er dýrt fyrir okkur að búa til fátækt. Það er dýrt fyrir heilbrigðiskerfið að virkja ekki fólk til framkvæmda, að við notum ekki þann mannauð sem við höfum. Margir öryrkjar og jafnvel eldri borgarar hafa starfsgetu sem væri þess virði að nýta og líka upp á félagslegar tengingar, andlegar og líkamlegar. Þetta var gífurlega slæm afturför. Þannig að ef það eru einhverjir 20 þúsund kallar sem þyrfti að nota til hækka eitthvað þá er það þetta.

Mig langar til þess að koma einnig að hækkan á áfengisgjaldi og bensíngjaldinu. Ég hef ekki mikla trú á þeirri hækkan. Þetta er kannski ekki alveg vinsælasta skoðun í heimi, en mér finnst það svolítið einkennilegt fyrir flokk sem, eins og sagði í stefnuræðu forsætisráðherra, á að vera hægri frjálslyndur flokkur, að sá hinn sami boði skatta-hækkanir á neysluvörum sem hafa jafnvel verið skilgreindar sem almennar neysluvörur, sama hvort fólk líkar það betur eða verr. Þetta er náttúrlega bara íhlutun í frelsi fólks og þetta fer ábyggilega beint út í verðlagið. Þetta kemur á mjög slæmum tíma. Það eru mjög erfiðir kjarasamningar fram undan. Ég held að við séum svolítið að búa til, með leyfi forseta, „feedback loop“ með því að vera endalaust að hækka þetta. Ég hugsa að það sé komið nóg. Áfengisgjald var hækkað alveg gífurlega eftir hrúnið. Það er einfaldlega ekki ástæða fyrir endalausum hækkanum þar. Það var hækkað þá langt umfram eðlilegar verðlagshækkanir. Núna er kannski kominn tími til þess að taka eitt skref til baka og

leyfa fólki að hafa það bara allt í lagi svona einu sinni. Mér finnst við vera svolítið vera að reyna að búa til einhverja spennitreyju fyrir hinn venjulega þenkjandi mann.

Svona rétt í lokin, ég mun koma náttúrulega meira að því á morgun þegar ég ræði við hæstv. utanríkisráðherra, um utanríkisþjónustuna. Mig langar til þess að brýna fyrir hæstv. fjármálaráðherra, fyrst ég hef hann hér, að utanríkisþjónusta Íslands þarf að vera jafn stór og heimurinn er, ekki jafn stór og Ísland er eða jafn lítið og Ísland er. Hér segir á bls. 200 í fjárlagafrumvarpinu að það beri að „tryggja hagsmunum Íslands í samningaviðræðum sem leiða af brotthvarfi Bretlands úr ESB“.

Þau svör sem ég fékk frá utanríkisráðuneytinu voru að það væru ekki til peningar til þess að búa til það stöðugildi sem þyrfti til þess að fylgja eftir málefnum Brexit í London. Það þurfti að hætta við að stofna sendiskrifstofu í Strassborg sem rímar ekkert sérstaklega við að tryggja virkari þátttöku Íslands í mótun EES-löggjafar til þess að sjá til þess að það stöðugildi sem væri í Brussel myndi ekki bara flytjast til London. Við erum að tala um ábyggilega stærstu pólitísku breytingar sem hafa orðið í Evrópu til lengri tíma þegar Bretland ákveður að ganga út úr Evrópusambandinu. Við þurfum því að sjá meira til utanríkisþjónustunnar. Framlög til hennar voru skorin við nögl við hrun. Hún hefur ekki fengið þá uppreisn sem hún á skilið, sér í lagi þar sem við horfum upp á breyttan heim. Við horfum upp á ógnir sem við þurfum að taka alvarlega. Við þurfum að virkja okkur betur í Evrópusambandinu til þess að gæta hagsmuna Íslands þegar verið er að setja inn EES-reglugerðir og lög. Ég sé ekki mikla breytingu hér á því, því miður. Við þurfum miklu meira. Og utanríkisþjónustan þarf miklu meira.

Ég mun koma að aðeins meira heildrænni skoðun minni á frumvarpi til fjárlaga varðandi utanríkismál á morgun þegar ég mun eiga orðastað við hæstv. utanríkisráðherra.

[16:33]

Fjármála- og efnahagsráðherra (Benedikt Jóhannesson) (V) (andsvar):

Frú forseti. Ég þurfti að skjótast frá, eins og ég var búinn að segja hv. þingmanni frá, en náði þó að heyra stóran hluta af ræðunni.

Það er eitt mál sem ég vil koma að í sambandi við áfengisgjald sem hv. þingmaður taldi að nú væri komið af. Það minnir mig á að í eitt skipti af mörgum sem áfengisgjaldið hækkaði skrifaði frændi minn, Haraldur heitinn Blöndal, grein í *Morgunblaðið* og sagði að menn yrðu að kunna sér í hóf í hækkingum á áfengisgjaldi og muna það sem Danirnir kölluðu „den fattige mans snaps“, sem væri nauðsynlegur.

Þarna er um breytingu að ræða. Áfengisgjald hefur verið ákveðið eftir styrkleika tegunda og verið hæst fyrir sterkt vín, næsthæst fyrir bjór og þriðja hæst fyrir léttvín, þó svo að léttvín séu sterkari en bjór. Við vildum gjarnan leiðrétta það í fjármálaráðuneytinu og könnuðum ýmsar útfærslur. Sú útfærsla varð ofan á um tíma að jafna þetta tvennt, en ég mun, þegar ég mæli fyrir frumvarpinu, beina þeim tilmælum til hv. efnahags- og viðskiptanefndar að á móti verði lækkað gjaldið á bjór þannig að þarna verði ekki um eigin-

lega hækkingu að ræða heldur aðeins tilfærslu. Ég vona að það vekji gleði hjá hv. þingmanni.

[16:35]

Ásta Guðrún Helgadóttir (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Þetta vekur að sjálfsögðu gleði hjá þeirri sem hér stendur. Svo ég vitni hér í grein sem Félag atvinnurekenda var að senda á hv. þingmenn þá er áfengisgjald á Íslandi töluvert hærra en t.d. í Noregi. Ég man sjálf eftir því þegar ég var fátækur námsmaður að byrja að drekka 18 ára gömul, eins og neyslulegir íslenskir krakkar gera, að á einni nóttu fór vodkapelinn úr um tvö þúsund kalli upp í næstum því fjögur þúsund kall. Það var gagngert út af því að einhverja tekjuaukningu þurfti í ríkissjóð út af hruninu. Þess vegna er kominn tími til þess að segja stopp. Að sjálfsögðu gleðst ég yfir því að hæstv. ráðherra ætli að leiðrétta gjaldið á bjórinn sem því nemur, en þrátt fyrir það er þar komið nóg. Þetta eru neysluskattar. Þetta mun fara út í verðlagið. Ég er alveg sannfærð um það þótt ég hafi ekki hagfræðilegar kenningar um það, að þetta hafi sérstaklega slæm áhrif á verðlag á veitingastöðum þar sem dýrari bjór þýðir að viðkomandi rekur þarf að verðleggja hamborgarann í samræmi við hann þannig að bjórinn virðist ekki vera allt of dýr og hamborgarinn virðist ekki vera allt of ódýr miðað við bjórinn. Ég tel þessar hækkanir ekki vera góðar almennt þótt ég fagni að sjálfsögðu orðum hæstv. ráðherra. Ég get sömuleiðis ábyggilega stutt þessa breytingartillögu.

[16:37]

Steinunn Þóra Árnadóttir (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Mig langar að taka undir það sem hv. þm. Ásta Guðrún Helgadóttir kom inn á í upphafi ræðu sinnar áðan sem varðar efnisyfirlit fyrir greinargerð með fjárlagafrumvarpi. Mér finnst þetta ekki vera eitthvert smámál sem eigi bara að nefna eða láta í léttu rúmi liggja. Kannski vilja einhverjir líta á það sem tuð, en í mínum huga er þetta stórt aðgengismál, stórt lýðræðismál og í rauninni stórt samfélagsmál, því að það snýst um að ekki bara við þingmenn getum lesið fjárlagafrumvarpið, heldur einnig að almennigum geti með þægilegum hætti kynnt sér efni þess og veitt okkur þannig aðhald, hvort sem við erum í meiri hluta eða minni hluta á þinginu. Mér finnst þetta vera ábending sem skiptir máli inn í stóru umræðuna um fjárlög ríkisins sem við eigum að taka alvarlega og ég vona það að hún verði skoðuð í ráðuneytinu.

Af því að tíminn er að hlaupa frá mér í þessu fyrri andsvari mínu langar mig að spyrja hv. þingmann út í sýn hennar á stóru línurnar sem fjárlagafrumvarpið leggur ásamt tekjufrumvörpunum. Hvað eru þessi mál annað en uppskrift að því hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að reka samfélagið hér næstu árin? (Forseti hringir.) Hverjar eru stóru línurnar sem hv. þingmanni birtast í þessu fjárlagafrumvarpi?

[16:39]

Ásta Guðrún Helgadóttir (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilvægt að hafa gott efnisyfirlit, eins og hv. þingmaður benti réttilega á, af því

að það er aðgengismál. Það er spurning um að geta auðveldlega fundið út hvernig og hvað peningarnir okkar fara í. Fyrst hv. þingmaður benti á þetta, tók undir með mér, þá mætti sómuleiðis hafa atriðaðaskrá. Það hefur ekki tíðkast hingað til að fjárlagafrumvarpið hafi sérstaka atriðaðaskrá aftast eins og gengur og gerist í almennilegum fræðiritum og almennilegum ritum. Það mundi ábyggilega hjálpa mikið til við að greina frumvarpið og finna ákveðnar tengingar. Ég held að sé mjög auðvelt að bæta úr því. Ég verð að segja að fjármálaráðuneytið hefur verið mjög til í að taka á móti svona ábendingum. Ég benti á þetta fyrst fyrir þremur árum síðan og það hefur alla vega orðið einhver bót á.

Varðandi stóru línurnar er þetta frumvarp til fjárlaga í raun einungis útfærslan á því sem fjármálastefnan og fjármálaáætlunin byggir á. Við sjáum meiri aðhaldskröfu í fjármálastefnunni og fjármálaáætluninni en verið hefur. Aðhaldskrafan er ekki til þess fallin að auka nýsköpun eða til að koma okkur almennilega aftur á þá braut sem við vorum á. Hinn mikli fókus á niðurgreiðslu skulda sem veganesti inn í framtíðina, að við séum að byrgja okkur upp fyrir framtíðina — ég er ekki alveg sammála þeirri áherslu af því að við horfum t.d. upp á grotnandi vegakerfi. Það væri gott að fyrir framtíðina nýta þessa fjármuni til þess að bæta vegakerfið. Við notum ekki tækifærið til þess að gera það, og þetta er bara eitt dæmi af mörgum.

[16:41]

Steinunn Þóra Árnadóttir (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Ég verð að viðurkenna að sú leið sem gagnast mér hvað best er að nota líka rafræna skjalið, þ.e. að fara hreinlega í orðaleit til að finna það sem maður hefur áhuga á í þessum mikla doðrantí, smáábending fyrir þá sem eru að fylgjast með umræðunni. Svo finnst mér gott að geta lesið og krotað í pappírútgáfuna. Það er leið sem hentar mér og kannski getur hún hentað fleirum.

Aftur varðandi stóru línurnar. Það er rétt sem hv. þingmaður segir. Auðvitað hefðum við fengið forsmekkinn með fjármálastefnunni og fjármálaáætluninni. Ég hef áhyggjur af því að hér sé það bara að raungerast sem við höfum verið að tala um síðan ríkisstjórnin var mynduð; samfélagið er að færast í þá átt að staða þeirra fer versnandi sem standa veikar, hvort sem það er vegna (Forseti hringir.) þess að þeir búa við fátækt, sjúkdóma, elli eða annað. Því hef ég miklar (Forseti hringir.) áhyggjur af og tel að við þurfum aldeilis að leggjast á eitt í stjórnarandstöðunni til að breyta (Forseti hringir.) því.

[16:43]

Ásta Guðrún Helgadóttir (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Kristallast þetta ekki bara í orðum hæstv. velferðarráðherra hér í gær? Hægri hagstjórn og vinstri velferð — við höfum séð hvernig þeim flokkum sem hafa reynt að taka það upp hér, hina svokölluðu þriðju leið, hefur farnast. Ég held að þetta sé mjög varasamur hugsunarháttur. Hægri hagstjórn, hvað er það? Eru það skattalækkunarir? Hvernig ætlum við þá að fara að því að búa til betri heim fyrir okkur? Á sama tíma sjáum við svo í raun skattahækkunarir. Mín tilfinning er sú að það sé mótsagnarkennt

sem við horfumst í augu við hér. Það verður gaman að reyna að greiða úr þeirri flækju þegar við förum að vinna við þetta í nefndunum.

[16:44]

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna. Ég verð að segja alveg eins og er — og ég vona að við fáum svör við því þegar við förum að ræða þetta í fjárlaganefnd — að það er ekki gott, eins og hér kemur fram og þingmaðurinn nefndi í upphafi um íþrótt- og æskulýðsmálin, að við sjáum ekki sundurliðun heldur bara eina tölu. Það er aldrei gott. Ég átta mig ekki á því af hverju þetta er gert með þessum hætti. Það getur vel verið að þetta sé að finna annars staðar, en það er hins vegar ekki heppilegt. Það þyrfti þá að vera einhvers konar tilvísun, að minnsta kosti meðan verið er að fleyta þessu svona fram.

Það kemur líka fram á einhverjum stöðum í fjárlagafrumvarpinu, eins og t.d. um framlög til flugvalla og flugleiðsöguþjónustu, að það hækkar eitthvað smávegis frá gildandi fjárlögum, hins vegar er fjárveitingin lægri í samgönguáætluninni. Þarna er líka að finna mismun á framsetningu á tölum á nokkrum stöðum. Til dæmis er talað um 1,6 milljarða í lækkun vaxtabóta á tveimur stöðum. Svo eru rúmlega 2.000 milljónir aftur á öðrum stað. Það þarf aðeins að slípa þetta betur til þannig að vísað sé í það ef um eitthvað svona er að ræða.

Það er gott að ræða framsetningu og form. Ég tek undir að rafræna skjalið er ágætt til leitar þannig að það er líka tilvalið að nýta sér það. En ég tek undir með hv. þm. Steinunni Þóru Árnadóttur að það er alltaf gott að geta svo skrifad í bókina. Það er líka gott að hafa svona efnisyfirlit.

Mig langaði líka til að ræða það við þingmanninn, af því hún nefndi að við þyrftum að gæta hagsmuna okkar í Brusel varðandi samninga og allt það, að ég held að við þurfum að fylgjast svolítið vel með og fara vel ofan í þær breytingar sem hæstv. utanríkisráðherra er að gera á utanríkisþjónustunni og vita hvort það er ekki örugglega eitthvað sem hugnast okkur. Þar er ég meðal annars að hugsa um þróunarsamvinnuna (Forseti hringir.) sem mér finnst vera svolítið teygjanlegt hugtak eins og hér var sagt á síðasta kjörtímabili.

[16:46]

Ásta Guðrún Helgadóttir (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. þingmanni, við þurfum að gæta sérstaklega vel að þeim breytingum sem eru að verða á utanríkisþjónustunni okkar. Að sjálfsögðu er þróunarsamvinnan stór hluti af útgjöldum sem heyrir undir málaflokk utanríkisráðherra.

Það sem hefur komið á óvart — þar sem ég er nú nefndarmaður í hv. utanríkismálanefnd — er að allar tillögur utanríkisráðherra byggjast innan núverandi fjárlagaramma. Mér þykir það svolítið einkennilegt út af því að ég held að breytingar hafi alltaf kostnað í för með sér þótt það sé einungis tímabundinn kostnaður, jafnvel bara einskiptiskostnaður. Þótt hagræðing sé í gangi, þá hefur það kostnað í för með sér. Fyrir utan það eru ákveðin tilmæli í þessari skýrslu, ákveðnar hugmyndir, sem ef við ætluðum að gera

það vel — eins og t.d. auka viðveru okkar í Brussel til þess að gæta íslenskra hagsmuna — mun kosta peninga. Þetta mun kosta fjármuni.

Til samamburðar erum við með þrefalt eða fjórfalt færri starfsmenn utanríkisþjónustunnar í Brussel, ef miðað er við Noreg, til að fylgja EES-reglugerðum eftir, til þess að gæta hagsmuna Íslands. Eitthvert samstarf er þarna í gangi milli Noregs og Íslands svo að við séum ekki endalaust að tvívinna hlutina; hagsmunir okkar eru mjög tengdir. En punkturinn er nákvæmlega sá að við þurfum að sníða stakinn að vexti heimsins sem við búum í, ekki eftir stakki Íslands. Við þurfum einfaldlega fleira fólk til að fylgja ESB eftir. Það er ekki nóg að vera með 15 manns. Það er miklu stærra verkefni að fylgjast með því sem er að gerast innan Evrópusambandsins. Þetta er okkar helsta hagsmunasvæði. Þetta er skammarlegt í raun hvernig við fylgjum þessum hagsmunum eftir. Við erum (Forseti hringir.) ítrekað að fá í hendurnar reglugerðir sem ganga ekki upp miðað við íslenskar aðstæður.

[16:49]

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Ég þakka þingmanninum svarið. Ég tek undir það með henni að ég held að við þurfum að gæta okkar vel. Það eru mörg EES-mál á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar sem við eigum ekki að taka svona blindandi inn. Auðvitað væri heppilegra að við gætum haft áhrif og komið að málum fyrr með fleira fólk en verið hefur.

Ég átti þess kost að vera á Evrópuþinginu nú í sumar. Ég hefði til dæmis viljað sjá okkur styrkja stöðu okkar þar. Við heimsóttum Mannréttindadómstólinn. Róbert Spanó tók á móti okkur þar. Ég get fullyrt að það er mikill fengur að hafa slíkan mann á þessum stað, en það vantar að Ísland sé í fararbroddi í Evrópuþinginu og á þessum stöðum með lobbísta sem tala fyrir mannréttindum eins og við erum að reyna að praktisera hér heima. Við eigum að geta verið í fararbroddi þar. Ég tek undir það. Ég held að ekki séu nógu miklir peningar settir í þetta þó að suma ói nú við kostnaði í utanríkisþjónustunni. Ég held að það sé eitthvað sem við þurfum að hugsa (Forseti hringir.) vel um eins og annað hvernig við verjum þessum fjármunum. Ég held að við ættum að reyna að vera í fararbroddi í mannréttindamálum.

[16:50]

Ásta Guðrún Helgadóttir (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég er með mjög einfalda lausn á því að vera í fararbroddi innan Evrópusambandsins. Ég held að hæstv. fjármálaráðherra munu líka súa hugmynd, en það er einfaldlega að ganga í Evrópusambandið. Þá gætum við verið með okkar þingmenn þar inni, (Gripið fram í.) á Evrópuþinginu. En þangað til, óháð því hvort við séum að fara að ganga í Evrópusambandið eða ekki, er Evrópska efnahagssvæðið okkar stærsta bandalag. Við verðum að taka því alvarlega. Við verðum líka að taka alvarlega þeirri auknu ógn sem stæðjar að hinum vestræna heimi þegar kemur t.d. að Norður-Kóreu. Við þurfum að styrkja stöðu okkar í Washington líka. Við þurfum að styrkja sendiráðið þar til þess að fylgjast með málefnum sem Trump forseti er að ýta á eftir. Utanríkisþjónustan er beinagrind. Við þurfum

að setja meira kjöt á hana út af því að Ísland og utanríkisþjónusta Íslands á betra skilið.

[16:51]

Smári McCarthy (P):

Frú forseti. Mér fannst gott að sjá að í fjárlagafrumvarpinu gætir ekki jafn mikillar vúdú-hagfræði og var í fjármálaáætluninni núna í vor, sem liggur þessu frumvarpi til grundvallar. Forsendurnar eru jú síður hæpnar, þótt þær séu hæpnar á köflum. Þá ber helst á ákveðinni vongleði í spá Seðlabanka Íslands um minnkandi framleiðsluspennu. En gott og vel. Það kemur í ljós. Og það hefur líklega bara minni háttar áhrif á framgang fjárlaganna sjálfra, þar sem þetta er frekar stutt tímabil, þótt það standist ekki. Enda er líka gert ráð fyrir afgangi upp á 44 milljarða kr.

Þessum krónum á að verja til niðurgreiðslu lána. Því er gefinn forgangur vegna þess að skuldastaða ríkissjóðs er svo slæm. Ríkið skuldar í dag samtals 933.177 millj. kr. Þegar endurlán og sjóðsstaða eru fráregin er hrein skuld 753.833 millj. kr. Þetta eru stórar tölur. Ég mundi ekki vilja vera með svona skuldir á bakinu. En þetta eru bara háar tölur ef maður horfir á ríkisrekstur eins og um heimilisrekstur væri að ræða.

Forseti. Þetta er mikilvægur munur. Heimili fá ekki að gefa út sinn eigin gjaldmiðil. Fyrir þá heimild er lokað í 154. gr. almennra hegningarlaga og varðar margra ára fangelsi ef ég gæfi út minn eigin gjaldmiðil. En íslenska ríkið fær að gera það og gerir það í gegnum stofnun sína um þau mál, þ.e. Seðlabanka Íslands. Þá þarf að huga að nokkrum þáttum, einkum því að mikil hækkan peningamagns í umferð umfram hagvöxt getur skapað verðbólgu sem er óæskileg. Einnig fylgir skuldum vaxtakostnaður sem er gríðarlega hár á Íslandi. Ef ríkið skuldar mikið þurfum við að borga mikið. Enda erum við að borga 60 milljarða kr. í ár samkvæmt fjárlagafrumvarpinu, en það voru um 70 milljarðar í fyrra. Það er nokkuð góður árangur en það þarf að lækka þetta töluvert. Því vaxtakostnaðurinn er í raun eitt af því sem kemur í veg fyrir að við getum byggt upp eins mikið og við viljum gera.

Meðan vaxtakostnaði og verðbólgu er haldið í skefjum er vandamálið alls ekki óyffirstíganlegt. Það er umfram allt ekki nokkur leið fyrir íslenska ríkið að verða gjaldþrota í íslenskum krónum talið. Það er mikilvægt að skilja þetta.

Athugum að hrein skuldastaða ríkissjóðs er um 28,9% af vergri landsframleiðslu — ekki 28,2 eins og ég sagði hér áðan — og er aðeins um 5 milljörðum kr. meiri en ætlað er að heildarríkisútgjöld næsta árs verði samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Að þessu leytnu til fyllum við út í eyðurnar hlutfallslega milli Indónesíu og Gvatemala hvað ríkisskuldur varðar. Þetta eru lönd sem eru með BB÷ og BB í láns-hæfismat en við erum með A÷ sem er betra láns-hæfismat. Við erum líka með jákvæðar horfur, sem Gvatemala er reyndar með líka.

Okkar staða er að skána. Með betri lánnum á lægri vöxtum og nýjum skuldabréfum með lægri ávöxtunarkröfu mun vaxtakostnaðurinn fara minnkandi. Þetta er verkefni sem hefur verið tekið nokkuð vel á í fjármálaráðuneytinu undanfarin ár, mikið þrekvirkni unnið þar. Spurningin er að hvaða marki ríkisskuldur eru einkasparnaður. Hver króna sem rík-

ið skuldar er sparifé einhvers annars. Ef ríkið skuldar ekkert er allt sparifé fólks á kostnað annars fólks. Þannig virkar þetta bara. Á meðan við ættum að varast að skuldsetja okkur upp fyrir haus er skuldahlutfallið, ef við erum að tala um heildarskuldahlutfallið, langt fyrir neðan þessi Maastricht-skilyrði sem oft er talað um; 35,8% þegar Maastricht-skilyrðin gera ráð fyrir 60%. Það er frekar tryllt að hugsa um þetta svona.

Það eimir eftir af þeirri hugsun í fjárlagafrumvarpinu að ríkisskuldir séu alltaf af hinu illa og að allur forgangur verði alltaf að vera á að greiða þær niður á kostnað alls annars. Sem er þvæla. Helber þvæla, frú forseti.

Það er löngu orðið tímabært að við förum að huga að uppbyggingu. Allir lofuðu því fyrir kosningar. Þörfin er mikil. Vegakerfið, heilbrigðiskerfið, menntakerfið og ýmislegt annað hefur meira og minna setið á hakanum frá hruni. Það er búið að bæta vel í á undanföllum árum, vissulega, en rétt eins og lítið munar um að tífalda hraðann, þegar maður er kyrrstæður með handbremsuna á, vorum við að byrja ansi nærri núlli þegar hagkerfið var nýhrunið.

Það væri hægt að byggja ansi mikið upp fyrir 44 milljarða kr. En svo mætti líka hugsa um hag heimilanna. Samkvæmt skýrslu sem ASÍ gefur út, eða gaf út nýlega, hefur persónuafsláttur ekki fylgt launapróun. Ef hann hefði gert það væri hann kominn í 79 þús. kr. á mánuði í stað tæplega 53 þús. kr., sem myndi breyta töluvert miklu fyrir heimilin í landinu. Þótt einhverjir hafi gert grín að hæstv. fjármálaráðherra í gærkvöldi fyrir að tala um að 20 þús. kr. launabót sé hlutfallslega mikil er það rétt í sumum tilfellum. Þetta er stór uppbót fyrir einhverja. Og ég held að ýmsa muni um minna en þær 26 þús. kr. sem vantar inn á persónuafsláttinn þeirra ef allt væri með felldu.

Það verður að teljast merkilegt, jafnvel stórmerkilegt, að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins, sem hefur frá því að ég man eftir mér jarmað stanslaust um hve mikilvægt sé að lækka skatta, hafi ekki sett það sem forgangsverkefni að leiðrétta þennan persónuafslátt sem er sú alsanngjarnasta skattalækkun sem hægt er að framkvæma. En 26 þús. kr. hækkun á persónuafslætti myndi að vísu þýða 62,4 milljarða kr. lækkun á því sem skilar sér í ríkissjóð. Ef við drægjum þessa 44 milljarða frá sem ríkisstjórnin vill nota samkvæmt fjármálastefnu sinni — og þessi skuldalækkun myndi í raun duga til að koma okkur niður á milli Háfi og Malí á heimslistanum, svo að því sé haldið til haga — og notuðum þá peninga frekar í að bæta hag heimilanna í landinu þá vantar bara að finna 18,4 milljarða í viðbót.

Það læðist að mér sá grunur að hægt væri að fá þá milljarða með því að fara í frekari skattalegar jöfnunaraðgerðir. En kannski er ekki einu sinni þörf á þeim. Það má auðveldlega færa rök fyrir því að krónan sé of sterk. Þótt hún sé kannski ekki sá máttarstöpull stöðugleikans sem einn prófessor úti í bæ hefur haldið fram — að hún hafi verið það í korter á meðan á höftunum stóð — er raunverulega þess virði að benda á, eins og ég hef reyndar gert áður bæði í ræðu og riti, að ein fárra kenninga hagfræðinnar sem er búið að sanna, bæði stærðfræðilega og með reynslugögnum, er að ekki sé hægt samtímis að vera með stöðugt gengi, frjálst flæði fjármagns og sjálfstæða peningastefnu. Þetta er bara ómögulegt, það þýðir ekki einu sinni að ræða það. En

samt var þetta reynt á árunum fyrir hrun og frá því að gjald-eyrishöftin voru afnumin nú í vor er verið að reyna þetta á ný. Enda er gengisflöktið eftir því.

Auðvitað væri æskilegra fyrir bæði útflutnings- og innflutningsaðila á Íslandi að krónan væri bara hæfilega sterk en fyrst og fremst fjallstöðug, helst þannig að verðlag fari að samlagast því sem þekkest erlendis frekar en að ferðamenn þurfi að veðsetja húsið sitt til að eiga möguleika á því að heimsækja Ísland í eina viku.

Sömuleiðis væri æskilegt að vaxtastigið væri þannig að fjármagnskostnaður hætti að vera yfirgnæfandi þáttur í kostnaði allra hluta. Ef það á að byggja íbúðarblokk fyrir 200 milljónir í dag til útleigu fer rúm milljón af leigunni í hverjum mánuði í það eitt að borga vexti. Þetta gjald er herra ef lóðaverð og fleira er tekið með í reikninginn.

Við erum á margan hátt á rosalega góðum stað, sérstaklega í ríkisfjármálum. Hagkerfið rokgengur, landið er ríkt. Það er meira að segja forrikt. En margir á landinu eru sárafátækir. Margir glíma við geðræn vandamál vegna kvíða fyrir hversdeginum og vegna ýmissa annarra þátta. Verðlagið er allt of hátt, fjármagnskostnaður er allt of hár, krónan er í raun allt of sterk og hvatarnir snúa allir á haus. Pólitískt endurspeglar fjárlagafrumvarpið þetta, vilja ríkisstjórnarinnar til að viðhalda því ástandi.

Þetta fjárlagafrumvarp er fjárlagafrumvarp fátæks ríkis sem þorir ekki að byggja upp af ótta við að eitthvað slæmt hendi. Þetta er frumvarp fátæks ríkis þar sem hagspekingarnir eru villuráfandi í þeim ranghugmyndum að ríkisrekstur sé eins og heimilisrekstur. Þetta fjárlagafrumvarp endurspeglar samfélag sem Ísland er ekki. Það á að ráðstafa þessum 44 milljörðum og gott betur í að byggja upp samfélagið okkar. Það er kominn tími til. Það á að leiðrétta persónuafsláttinn og aðlaga rekstur ríkisins þeim sannindum að Ísland er eitt ríkasta land heims.

[17:02]

Steinunn Þóra Árnadóttir (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Smára McCarthy fyrir ræðuna. Mér fundust lokaorðin í ræðunni, lokasetningarnar, alveg óskaplega mikilvægar og ná að draga fram og lýsa ástandinu óskaplega vel, þ.e. að landið sé forrikt en að margir á landinu séu sárafátækir. Þetta er auðvitað svo ömurleg staða að vera í og ber að mínu mati vitni um ekkert annað en að hér sé alveg kolröng pólitík sem hefur verið keyrð á undanföllum árum. Og með henni alveg kolröng forgangsröðun.

Mér fannst líka áhugavert í ræðu hv. þingmanns þar sem hann fjallaði um skuldirnar, þ.e. niðurgreiðslu á skuldum. Þetta er nokkuð sem við höfum rætt talsvert á fyrri stigum, til að mynda þegar við ræddum um fjármálaáætlunina, og lýstum mörg þeirri skoðun okkar að hér væri farið of hratt í að greiða niður skuldir meðan annað væri látið sitja á hakanum.

Hv. þingmaður minnsti sérstaklega á persónuafsláttinn í þessu samhengi, að í staðinn væri hægt að hækka hann. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni. Mig langar að spyrja hann: Erú einhverjir fleiri eða aðrir þættir sem hv. þingmaður telur að við ættum að skoða í þessu samhengi? Annað sem við gætum fengið fyrir peningana? (Forseti hringir.) Eða telur

hann að það sé algerlega skilvirkasta og besta leiðin sem við getum farið til að ekki allt of margir á landinu séu sára-fátækir?

[17:04]

Smári McCarthy (P) (andsvar):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Steinunni Þóru Árnadóttur fyrir þessa spurningu, enda er þetta alveg rétt. Ég verð að viðurkenna að ég er ekki með tæki í höndunum til að geta lagt mat á nákvæmlega hvaða aðgerðir í breytingum á skattstefnu eru líklegastar til að skila bestri niðurstöðu. Ég hef t.d. ekki fjármálaráðuneytið á bak við mig í því. Ég hef ekki aðgang að greiningartólum. Það væri æskilegt ef þingmenn hefðu almennt betri aðgang að slíkum greiningartólum.

En alla vega út frá fræðunum er hægt að segja að persónuafsláttur er ein þeirra skattaadgerða sem er hvað líklegust til að skila auknum jöfnuði, þ.e. hún skilar til dæmis meiru en tekjuskattslækkun. En síðan er fullt af öðrum gjöldum. Hér áðan átti ég orðastað við hv. þm. Óla Björn Kárasón m.a. um áfengisgjald og gjöld á eldsneyti. Þar koma pólitísk sjónarmið inn í en engu að síður er alveg tilfellið að þau leggjast þyngst á þá sem eru með lægstu tekjurnar. Auðvitað ættum við að skoða þetta frá öllum hliðum og sömuleiðis að reyna að finna einhvers konar jafnvægi í því að vera með hæfilega og hóflega skattlagningu, samhliða sterku velferðarkerfi. Þetta eru í raun skilaboðin sem komu frá hæstv. fjármálaráðherra í gær og ég tek undir þau skilaboð. En ég er ekki sannfærður um að þetta fjárlagafrumvarp muni ná því markmiði eins og staðan er, að hluta til vegna þess að grindverkið eða regluverkið utan um hagkerfið okkar snýr einhvern veginn allt saman aðeins vitlaust. Við getum lagað það. Það er ekki svo flókið.

[17:06]

Steinunn Þóra Árnadóttir (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Við erum einmitt að ræða þessa stóru mynd, þessa víðu, stóru mynd um hvernig við viljum skipa samfélaginu. Það er rétt sem hv. þingmaður segir um að hann hafi ekki tækin og það sem þarf til að segja til um hvaða aðgerðir sé líklegust til að skila mestum árangri, en þá þurfum við líka að horfa til þess að fólkið í samfélaginu, meira að segja fólkið í samfélaginu sem býr við óskaplega kröpp kjör, býr samt við óskaplega margvíslegar aðstæður og þarfir þess eru mjög margvíslegar. Við hljótum alltaf að þurfa að hafa það í huga. Vinnan hér inni á ekki bara að snúast um að stemma af einhverjar tölur á blaði, heldur á hún að snúast um hvernig við getum skapað samfélag þar sem allra, allra flestum líður sem best. Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum að gera það með því að beita skattkerfinu með sanngjörnum hætti. Ég er ekki feimin við að segja að ég tel að þeir sem eru betur settir eigi að leggja meira til en hinir sem búa við krappari kjör.

Mig langar þess vegna að teygja þetta samt aftur til baka að skuldunum og hvað við ættum að gera við peningana. Hvort við þurfum ekki einmitt að líta til þess að fjárfesta í fólkinu okkar, hvort sem við fjárfestum í ungu fólki með menntun eða í fólki með velliðan þess í huga og setja þar með til að mynda aukna fjármuni í að allir geti haft aðgengi

að sálfræðiþjónustu á viðráðanlegu verði, (Forseti hringir.) Óháð því í raun hvort þeir eru ríkir eða fátækir. Hvort það sé ekki byrjunarpunktur sem við verðum alltaf að hafa í huga.

[17:09]

Smári McCarthy (P) (andsvar):

Frú forseti. Já, ég tek undir þetta. Það er eðli málsins að allt þetta sem við erum að gera hér snýst um stóru spurningarnar, snýst um að reyna að leysa það verkefni að búa til gott samfélag. Ég held að allir geti tekið undir það. Það er oft ágreiningsatriði nákvæmlega hvað mun gera samfélag gott. En ég held að miðað við þær fréttir sem við heyrum daglega af þjáningu fólks af margvíslegum toga sé augljóst að eitt innihaldsefnið sem við höfum ekki sett í þennan bakstur eins og er, alla vega ekki í nægjanlegu magni, er að velferðarkerfið endurspeglir þá þörf sem er til staðar og að samúðin sem samfélagið hefur gagnvart fólki sem á um sárt að binda endurspeglar í því hvernig við reukum ríkið okkar. Það er bara frekar einfalt.

En það eru auðvitað fleiri þættir sem koma til. Eitt af því sem ég hef ekki orðið nægilega var við í þessari umræðu hingað til er nauðsyn þess að fara að byggja upp fleiri tekjustofna með því að gera í raun atvinnuvegina fjölbreyttari, styðja við nýsköpun og þess háttar. Vegna þess að því öflugra hagkerfi sem við höfum á framendunum, því betra velferðarkerfi getum við verið með á bakendanum. Það er nokkuð augljóst.

Ég óttast að ef við höfum alla áhersluna á að borga niður skuldir þangað til við erum komin niður í stíg sem lönd fara eingöngu á þegar þau fá ekki fyrirgreiðslu á annað borð, munum við verða komin á stað þar sem við fáum ekki að vera með gott samfélag, alveg sama hvað við reynum.

[17:11]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Frú forseti. Það hafa verið fluttar margar áhugaverðar ræður hér í dag enda skárri væri það nú þegar sjálft fjárlagafrumvarpið er undir. Satt best að segja fyndist mér að mælendaskráin mætti vera lengri en hún er núna því umræðan er u.þ.b. að tæmast, merkilegt nokk, fyrir kvöldmat á fyrsta degi, þessi almenna umræða um fjárlagafrumvarp fyrir árið 2018.

Ég get tekið undir með síðasta ræðumanni sem var í raun og veru á þeim nótum að á margan hátt er staða Íslands mjög góð og við erum ríkt land og höfum þar af leiðandi burði til þess að gera góða hluti ef pólitískur vilji er til staðar til að nýta styrk landsins í þau verkefni. Það er hann ekki um þessar mundir og hefur ekki verið í raun og veru síðan 2013 á miðju ári. Það er vandinn sá.

Það er að sjálfsögðu gleðilegt að staða ríkissjóðs er gjörbreytt og hún er svo gjörbreytt og opinber fjármál yfirleitt frá því sem var á dekkstu tímunum fyrst eftir hrun að það fer langt fram úr öllum vonum sem maður gat gert sér þá um í hvaða stöðu ríkissjóður og landið yrði komið innan sex, sjö ára eða svo, átta ára. Það hefur margt lagst með okkur. Í það heila tekið hafa endurreisnaraðgerðir á sviði efnahagsmála og ríkisfjármála tekist vel, gengið vel alveg frá miðju ári 2009 þegar hafist var handa um það að snúa

við geigvænlegum hallarekstri ríkissjóðs eftir hrundið og ráða við skuldirnar sem virtust stefna í það að verða óviðráðanlegar.

Þegar lagt var af stað í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn settu menn það sér sem viðmið að brúttóskuldir ríkisins færu í öllu falli aldrei yfir 12% af vergri landsframleiðslu. Þetta voru skuldir án lífeyrisskuldbindinga. Þær fóru hæst í 86%. Þetta gekk allt saman miklu betur en menn óttuðust á fyrstu mánuðum eftir hrun.

Þess vegna, af því að þetta hefur tekst vel og okkur tókst að snúa við hallarekstrinum og koma ríkissjóði í jöfnuð strax á árinu 2013 og þá þegar var orðið ljóst að Ísland myndi hafa sig betur út úr þessum erfiðleikum en margir höfðu óttast, þeim mun sárgrætilegra finnst mér hvernig tíminn hefur verið nýttur síðan. Alls ekki hefur verið mætt væntingum þjóðarinnar og fjölmargra aðila um að með batnandi þjóðarhag og batnandi afkomu ríkisins yrði hafist handa um að skila til baka fjármunum í uppbyggingu og aukna velferð í landinu. Menn lögðu hart að sér. Skólarnir, háskólarnir, opnuðu dyr sínar og tóku við nemendum og fengu helmingsframlag til þess. Í heilbrigðisstofnunum og víða í hinum opinbera rekstri þá hljóp fólk hraðar, hafandi tekið á sig kjaraskerðingu. Menn höfðu úthald í þetta í nokkur ár af því að þeir treystu því að síðan yrði sýndur skilningur á því þegar betur færi að ára að það ætti að skila fjármunum á nýjan leik inn í þetta kerfi. Það þyrfti t.d. að draga úr álaginu á mörgum þessara vinnustaða eins og Landspítalanum. Menn lögðu óheyrilega hluti á sig. Einhverjar mestu hetjur efnahagslegrar endurreisnar Íslands eru auðvitað opinberir starfsmenn sem ráku allt kerfið okkar við gríðarlega erfiðar aðstæður, tóku á sig niðurskurð og kjaraskerðingu og lögðu hart að sér. Það er ekki komið fram af sanngírni við þetta fólk núna þegar við getum gert svo miklu, miklu betur. Vinnuálagið er víða allt of mikið. Innviðirnir eru laskaðir. Tæki og búnaður hafa ekki verið endurnýjuð o.s.frv. Heimsæki menn bara framhaldsskólana og skoði tölvubúnaðinn. Hvað halda menn að séu nýjustu tölvurnar t.d. í ónefndum verkmenntaskóla norður í landi? Það eru fjögurra ára gamlar tölvur úr Landsbankanum sem var hent út úr honum. Skólinn hefur að sjálf-sögu ekki efni á því að kaupa tölvur. Nei, en það er betra en ekki neitt að fá fjögurra ára gamlan búnað úr banka sem auðvitað hefur ráð á því að kaupa það nýjasta nýtt o.s.frv. Ég gæti nefnt endalaus dæmi.

Þess vegna eru það mikil vonbrigði þegar við erum komin í þetta ágæta stöðu að tímamann frá 2013, 2014, ég tala nú ekki um 2015, 2016 og fram til dagsins í dag og á næsta ári og út áætlunartíma þessarar ríkisfjármálaáætlunar, á ekki að nýta til þess að hefja bráðnaðsýnlega uppbyggingu innviða og velferðar í samfélaginu. Því miður. Það á að reka áfram hálfgerða sveltistefnu sem kristallast í því að hlutdeild ríkisins í verðmætasköpun í landinu lækkar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu ár frá ári, hefur lækkað núna samfellt í fimm ár og á að lækka áfram á næsta ári. Svo koma hér hægri mennirnir og tala um útgjaldaþunga og hafa ægilegar áhyggjur af þessu. Já, en er það ekki nákvæmlega þetta sem þeir vilja? Að draga úr umsvifum hins opinbera, þrængja að velferðarkerfinu? Einu útgjöldin sem eru litin jákvæðum augum er þegar eitthvað er komið í hendur einkaaðila, búið er að einkavæða.

Það er furðulega mildur textinn hér um t.d. Sjúkratryggingar sem eru langstærsti fráviksliðurinn í fjárlögum yfirstandandi árs, keyra langmest fram úr. Það er ekki Landspítalinn eða Sjúkrahúsið á Akureyri eða skólar. Nei, það er auðvitað samningar Sjúkratrygginga við einkaaðila, þar á meðal læknskostnaðurinn sem er náttúrulega beint við sjálfstætt starfandi sérfræðilækna í einkarekstri sem er reiknað með að fari 1,2 milljarða fram úr. Þetta hefur verið svona ár eftir ár og þessu er alltaf mætt. Það er bara snarað inn meiri pening inn í þetta. En það er þyngra fyrir fæti þegar á að reyna að sækja eitthvað í opinberan rekstur.

Hitt sem reyndar lýtur sérstaks velvilja er aukin útgjöld til hernaðartengdra verkefna. Þar er allt í einu allt í lagi þótt útgjöld vaxi myndarlega milli ára. Þar eru engar sjónhverfingar á ferð. Þar eru settir alvöru nýir peningar inn í málaflókkinn af því að það er búið að lofa NATO því einhvers staðar úti í löndum.

Sú staða sem við erum í dag er bein afleiðing af stjórnarstefnu sem hefur verið fylgt frá miðju ári 2013 um að veikja tekjustofna ríkisins og draga jafnt og þétt úr hlutdeild hins opinbera og ríkisins sérstaklega í verðmætasköpuninni í landinu og svo er það auðvitað notað til afsökunar að ekkert sé hægt að gera. Við gætum verið í svo skínandi góðum málum ef ríkið hefði þó ekki haldið hjá sér nema hluta þeirra tekna sem það hefur afsalað sér. Ef það hefði haldið inni helmingnum af því sem síðasta ríkisstjórn og þessi hefur sent út þá værum við svona 50 milljörðum betur stödd. Ef ríkið hefði haldið fullri hlutdeild sinni í vergri landsframleiðslu þá hefðum við tæpa 100 milljarða í viðbót til ráðstöfunar. Þá gætum við gert það sem mest er kallað eftir í innviðunum, í velferð, í skólum, varðandi kjör aldradra og öryrkja, varðandi samgöngumál og við gætum líka rekið ríkissjóð með myndarlegri afgangi sem væri gott. Eina frambærilega röksemin gegn þessu önnur en blind hægri pólitík væri sú að þetta væri hagstjórnarlega erfitt. En væri það hagstjórnarlega erfitt þótt umsvif ríkisins væru 40, 50 milljörðum meiri, ef afgangurinn væri líka 40, 50 milljörðum meiri? Nei, þá myndi það vera jákvætt því það hefur bremsandi áhrif að taka það fé úr umferð inn í ríkissjóð og nota til að greiða niður skuldir þar sem það er hægt án þess að þeir peningar fari í umferð. Það er engin fyrirstaða af því tagi.

Við erum búin að keyra á svo lágu fjárfestingarstigi, t.d. í samgöngukerfinu, í vegunum, í svo langan tíma og uppsöfnunin er orðin svo mikil að hvert glatað ár sem líður án þess að snúist sé við blaðinu og farið í uppbyggingu er mjög dýrt. Það er voðalega vinsælt að tala um mikilvægi þess að greiða niður hinar bókfærðu skuldir ríkisins. Hér hefur aðeins verið komið inn á það hversu mikla áherslu á að leggja á það. Jú, það er auðvitað gott að losna við sem mest af þessum skuldum sem fyrst vegna þess að vaxtastigið á Íslandi er hátt. En það er fleira skuldir en það sem er í bókum ríkisins. Hvað er vegakerfi sem er að grotna niður? Ónógt viðhald á opinberum mannvirkjum? Er það ekki líka skuld? Það kemur að skuldadögnum þar. Vegakerfið er þannig orðið á sig komið að ég fullyrði að það yrði þjóðhagslega hagkvæmara að setja verulega fjármuni í það núna í nokkur ár en að greiða niður hinar bókfærðu skuldir. Vegakerfið er komið í ástand eins og hús þar sem þakið lekur. Ef þakið

lekur og það er ekki gert við lekann þá eyðileggst húsið að lokum. Það myglar, það fúnar, það verður óbúðarhæft og tjónið margfaldast. Það að kosta viðgerðina er brot af því sem það kostar að láta húsið allt saman eyðileggjast. Þannig er þetta að hluta til að fara í okkar t.d. samgöngukerfi.

Síðan að lokum, af því að tíminn hleypur auðvitað frá manni eins og venjulega, þá (Forseti hringir.) hvet ég menn til þess að lesa vel þær vissu sjónhverfingar sem á köflum eru í frumvarpinu (Forseti hringir.) þar sem látið er líta út fyrir að verið sé að setja miklu meiri nýja peninga raunverulega inn í málaflökkana (Forseti hringir.) heldur en niðurstaðan er í raun. Ég skal koma betur að því einhvern tímann síðar.

[17:22]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Hv. formaður fjárlaganefndar sagði fyrir í ræðu sinni að vandmeðfarinn væri sá árangur sem náðst hefði. Ég svaraði því að vandasamt væri að klúðra því efnahagsástandi eða þeirri öldu sem hefur ýtt okkur þangað sem við erum nú komin. Við vorum þó sammála um að auðvelt gæti verið að klúðra þeim árangri.

Mig langaði aðeins að fræðast um aðdragandann að nútímanum frá hrúni því að vissulega hafa ýmsar aðstæður verið okkur mjög hliðhollar. Þá langar mig aðeins til að átta mig á þeim aðstæðum sem sköpuðust í kringum aflandsseignirnar og kröfuhafana og því um líkt, hvernig sú áætlun gekk fyrir sig. Eftir því sem ég best veit voru þetta í rauninni áætlanir sem Seðlabankinn lagði fyrir. Það var svo stjórnvalda að ákveða hvaða útfærslu ætti að velja o.s.frv. Mig langar til þess að fara aðeins yfir þá sögu. Eftir hrún fornum við í mjög mikinn mínus og höfum verið að byggja okkur upp síðan þá. Allir sem komið hafa að þeirri vegferð og skilað okkur hingað eiga þar einhvern hlut að máli. Mig langaði aðeins að fá innsýn í það ferli frá upphafi. Við vitum að sjálfsögðu að að miklu leyti er það vegna þess makrillinn kom, svo hefur koma ferðamannanna líka skilað okkur hingað. Það hefði verið vandasamt að klúðra því, því að það gerðist í rauninni þrátt fyrir margt sem gert hafði verið þótt auglýsingaherferðin *Inspired by Iceland* hafi vakði vissan áhuga og hjálpað til.

[17:24]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Ég þyrfti nú að hafa nokkum tíma ef ég ætti að gefa sémilega tæmandi yfirlit yfir það sem ég þekki til aðdragandans að þessu leyti. En í örstuttu máli sagt, ef maður reynir að stikla á því stærsta sem skipt hefur mestu máli fyrir vel heppnaða endurreisn Íslands: Í fyrsta lagi hófumst við strax handa á miðju ári 2009. Það var ekki beðið eins og sumir voru að tala um, að það ætti bara að láta árið 2009 líða og jafnvel milda höggið með því að reka ríkissjóð með bullandi halla í þess vegna tvö, þrjú ár, og reyna svo að vinda ofan af hlutunum. Ég sá ekkert vit í því. Eins og málin litu út 2009 hefði ríkissjóður getað orðið gjaldþrota ef menn hefðu ætlað þá leið. Þannig að við höfumst handa strax 2009 með viðamiklum aðgerðum á miðju ári sem síðan var fylgt eftir ár eftir ár. Það er stór þáttur í því að staðan er ekki verri eða jafn góð og hún er að það tókst svona hratt

að koma ríkissjóði út úr hallarekstri. Auðvitað var hann bara að safna skuldum öll árin og það voru stórar fjárhæðir framan af. Það á stóran þátt í þessu.

Endurreisn bankanna, sem var stórt og mikið verkefni þarna, endaði með því að koma út í bullandi plús fyrir ríkið. Það var geysilega vel heppnuð aðgerð í öllu falli frá sjónarhóli ríkissjóðs, skilaði hagnaði. Svo lagðist með okkur makrill og ferðamenn og margt fleira. Viðskiptakjör voru hagstæð o.s.frv.

Varðandi gjaldeyrisjöfnuðinn, aflandskrónurnar og stöðugleikaframlög þá held ég að í það heila tekið hafi frá byrjun verið tekið mjög skynsamlega á því. Það var alltaf og lá fyrir í fyrstu áætlun um afnám gjaldeyrishafta að aflandskrónurnar yrði að verðrýra, við gætum ekki skipt þeim á fullu gengi. Þegar ljóst var hversu mikil gjaldeyriskekkja var í uppgjöri slitabúanna var niðurstaðan sú sama. Þessi verðmæti fara aldrei út úr landinu á fullu verði þannig það var ekkert nýtt í því þegar menn komu á endanum með lög um stöðugleikaskatt eða stöðugleikaframlög. Það var búið að liggja lengi fyrir að þessar eignir yrði að verðrýra og það væri réttlætlanlegt. (Forseti hringir.)

Mikilvægasta aðgerðin í því var sú þegar eignir (Forseti hringir.) þrotabúanna voru færðar inn fyrir gjaldeyrishöftin í mars 2012. Það var stærsta einstaka og mikilvægasta aðgerðin í því (Forseti hringir.) sem bjó til þá stöðu sem Ísland gat síðan nýtt sér til að komast svona vel frá málinu.

[17:26]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég spyr einfaldlega af því að maður heyrir sögurnar á marga vegu, frá mismunandi sjónarhornum. Þar talar oft hver röddin á móti annarri og eignar sér heiðurinn af þessum árangri. Frá mínum bæjardyrum séð er það þannig, þar sem við í Þírötum komum ekki að þessum málum alveg frá hrúni, ekki fyrir en 2013, að teknar voru ákvarðanir sem heppnuðust og allir sem komu að þeim ákvörðunum og héldu áfram setti áætlun skiluðu okkur þangað sem við erum í dag. Vissulega hefði það getað farið öðruvísi. Það gerði það ekki sem betur fer. Það voru vissulega einhverjar ákvarðanir sem fóru í mínus á meðan aðrar fóru í plús. Það voru margar mismunandi ákvarðanir teknar þarna og heppnuðust alla vega á þann hátt fyrir ríkissjóð, í því tilliti. Til viðbótar við það bættist hvalreki, ef svo má segja, eins og ferðamenn og makrill.

Ég held að við eigum eftir ákveðið uppgjör við þessa fortíð þar sem það ríkir óvissa um hver segir rétt og satt frá um hvað gert var og hver gerði hvað, og sumt er ekki alls kostar satt. Það eru fleiri sem eiga heiðurinn af þessu.

[17:28]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Þetta er áhugaverð umræða. Ég þakka eiginlega hv. þingmanni fyrir að taka þetta upp vegna þess að mér finnst allt í lagi að fara aðeins yfir þetta af og til.

Hvað sjálfan mig varðar þá skiptir þetta ekki miklu máli, þ.e. þegar menn eru í þeim leik að eigna sér heiðurinn af hlutunum. Eins og ríkisstjórnin sem tók við 2013 gerði mikið af, hún lét eins og allt hefði verið ómögulegt og gagnslaust og verra en það, eiginlega til bölvunar sem gert

var fram að því að hún tók við, en í kjölfarið sló hún hvert heimsmetið á fætur öðru í glæsilegum árangri. Auðvitað er svona málf lutningur barnalegur. Hann er hlægilegur.

Ég sagði sjálfur einhverjum tímann á þessum erfiðu árum — það er varla hægt að hafa það eftir — að einu verkalaunin sem ég vonaðist eftir væri bara að fá að lifa það að sjá að það hefði tekist að koma Íslandi út úr þessu ástandi. Ég bjóst aldrei við neinu öðru. Mér var það vel ljóst að það yrði að gera margt sem ekki væri vel til vinsælda fallið.

Í raun held ég að hið sanngjarna mat sé það að allir sem komið hafa að málum allt frá ríkisstjórn Geirs H. Haardes sem setti neyðarlögin og upp í gegnum þessa tímálínu og til dagsins í dag eigi ágæta hlutdeild í því að Ísland er komið þangað sem það er komið. Ég vil gefa öllum „kredit“ fyrir það sem þeir eiga í þessu. Svo mega aðrir reyna að tína út úr þessu rúsinur handa sjálfum sér og vera miklir menn, það er þeirra vandamál. Það verður hlægilegra og hlægilegra eftir því sem frá líður.

Grunnurinn var í öllu falli lagður með aðgerðunum 2009–2013, það getur enginn neitað því. Það hús var ekki byggt á sandi því að ofan á það hefur risið nokkuð traust staða, ekki satt? Ég ætla að leyfa mér að halda öðru fram, að langerfiðustu verkefnið pólitískt séð féllu öll til á því tímabili. Eða vill einhver skipta? Vill hæstv. núverandi fjármálaráðherra skipta ef við hefðum nú tímavél, að hann fengi að hoppa aftur til 1. febrúar 2009 og vera fjármálaráðherra í fjögur og hálf ár og ég færi síðan í hans stól í nútímanum? (Forseti hringir.) Hann mætti alveg velta því fyrir sér.

[17:30]

Fjármála- og efnahagsráðherra (Benedikt Jóhannesson) (V) (andsvar):

Frú forseti. Þetta er skemmtileg umræða og fróðleg. Ég hef aldrei efast um að sem fjármálaráðherra þá hefur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gert fjölmörg mistök, en það var eðli málsins samkvæmt vegna þess að hann þorði að taka ákvarðanir, það var það sem þurfti að gera. Þannig komumst við áfram. Ég hef aldrei hikað við að segja það að hann getur horft stoltur um öxl þegar hann horfir yfir heildartímabilið vegna þess að eina leiðin til þess að gera engin mistök er að gera ekki neitt. Það hefði verið miklu verra og það versta sem hefði getað komið fyrir Ísland.

Það er annað sem ég er sammála hv. þingmanni í máli hans en það er aðstaða opinberra starfsmanna sem lögðu mikið á sig eftir hrúnið. Vissulega hafa kjör þeirra verið bætt mikið síðan, en ýmislegt í aðstöðu þeirra þarf að bæta. Þetta passar alveg og rímar vel við þann málf lutning sem ég hef haft uppi að undanförunu í sambandi við kjaraviðræður við opinbera starfsmenn. Ég held að þar þurfum við að einbeita okkur vel að hinu kjaralega umhverfi, stóru myndinni, þ.e. ekki bara launaliðnum heldur líka hvernig vinnuástandan er, hvernig vinnutíminn er o.s.frv.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann um ákveðnar skattbreytingar sem við leggjum til hér. Við erum annars vegar að tala um græna skatta, hér eru kolefnisgjöld og dísilgjöld, hins vegar höfum við verið að tala um breytingar á virðisaukaskatti. Ég veit að almennt talað er hv. þingmaður kannski skattaglaðari en ég, en hverjar eru skoðanir hans

á þessum ákveðnu skattbreytingum sem við erum að fara í núna?

[17:33]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Fyrst vil ég segja að mér finnst gott að heyra hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra fjalla með þessum hætti um kjör og starfsaðstæður opinberra starfsmanna. Ég held að sé mikilvægt að við höfum mann í hans stóli sem hefur á því skilning að þar er verk að vinna og það er sannarlega rétt að það snýr ekki bara að kjörunum heldur líka að starfsaðstæðum, umhverfinu, að vinnuálaginu, að mörgum þáttum sem þarf virkilega að sinna þannig að þetta verði aðlaðandi starfsumhverfi, þannig að ríkið verði samkeppnishæft, þannig að ungu fólki finnst spennandi að koma inn með sína menntun og vinna hjá ríkinu o.s.frv.

Varðandi áformaðar skattbreytingar og sérstaklega það sem snýr að umferðinni þá tel ég sjálfsagt mál að færa upp kolefnisgjaldið. Við komum því á á sínum tíma og á köflum var það ekki einu sinni látið fylgja alveg verðlagi þannig að það finnst mér vera eðlilegt.

Varðandi hækkinina á dísilskattinum til að jafna það við bensínið þá er auðvitað sá skavanki á því máli að það kemur tilfinnanlega niður á landsbyggðinni, það er ekki hægt að neita því. Þar eru menn miklu háðari löngum akstri. Menn þurfa stærri og öflugri bíla yfir vetrartímann. Svo eru það flutningarnir og flutningskostnaðurinn þar sem olían vegur inn í sérstaklega á landsbyggðinni. Ég myndi vilja skoða hvort einhver leið væri til þess að ná því fram með mótvægisáðgerðum að þetta verði ekki of íþyngjandi fyrir flutningskostnaðinn og aksturinn á landsbyggðinni.

Aðalgagnrýni mín er sú að þessar breytingar og meiri til átti auðvitað að gera fyrir tveimur, þremur árum þegar bensínverð var að hríðfalla á alþjóðamörkuðum og gengi krónunnar að styrkjast. Við sáum fleiri tuga króna lækkan á lítrann á útseldu verði. Að menn skyldu ekki þá færa t.d. mörkuðu tekjustofnana til vegagerðar upp til verðlags, það er mikil synd. Betra seint en aldrei, en kannski þarf að taka það núna í einhverjum skrefum.

Varðandi virðisaukaskattinn á ferðaþjónustuna, ef hæstv. ráðherra er að spyrja mig um það, þá er ég ekki viss um að það sé skynsamlegt að fara þá leið. Það sem ég teldi að í bili væri skynsamlegast að gera væri að (Forseti hringir.) þrepaskipta gistináttagjaldinu almennilega, (Forseti hringir.) leyfa sveitarfélögunum að fá hlutdeild í þeim tekjum og taka upp komugjöld á háannatímanum, bíða um sinn a.m.k. með breytingar á virðisaukaskattinum.

[17:35]

Fjármála- og efnahagsráðherra (Benedikt Jóhannesson) (V) (andsvar):

Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir svör hans. Mér finnst gaman að hafa tekið þátt í þessum umræðum í dag og heyrta hvað þær eru málefnalegar. Ég held að einmitt með þessum hætti getum við fært svolítið áfram.

Mig langar til þess að spyrja hv. þingmann að öðru. Á síðasta ári þeirrar ríkisstjórnar sem hann sat í síðast var sett inn í fjárlög heimild til þess að selja hlut í Landsbanka Íslands. Á þeim tíma var það eini bankinn sem ríkið átti að

fullu en nú á ríkið aftur á móti bæði Íslandsbanka allan og hlut í Arion banka, 13% hlut. Nú vitum við það að með því að selja einhvern hluta af því sem ríkið á, rétt eins og kom til greina árið 2013, þá gætum við grynnað á skuldum. Ég held að til lengri tíma lítið, eða þannig hef ég skynjað andrúmsloftið í þessum sal, séu allir sammála um að ekki sé ráðlegt að ríkið haldi á öllu bankakerfinu. Ég myndi vilja heyra hvort hv. þingmaður sjái fyrir sér að fara í það að selja hluta af þessum bönkum. Ég er ekki að spyrja til þess að koma honum í einhvern bobba heldur vegna þess að ég hef lagt mikla áherslu á þetta. Ég held að það sé gott að þetta gerist í sem mestri sátt og á sama tíma auðvitað að við hugum að hag ríkisins og ríkið fái sem mesta peninga fyrir sinn hlut.

[17:37]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Ef ég má aðeins bæta við í sambandi við virðisaukaskattinn og ferðaþjónustuna þá tel ég líka að mörgu leyti sé það fyrirkomulag gott sem er akkúrat komið á núna eftir að öll sala í ferðaþjónustu var sameinuð í einu þrepi, það var mjög góð skattatæknileg breyting. Ég hygg að við getum verið sammála um það. Það er viss eftirsjá að því að það hverfi aftur með því að hluti starfseminnar færast upp á efra þrep og áfram sitji sala á mat og öðru slíku niðri í öðru þrepi. Það er auðvitað mjög gott að allir reikningar sem útbúnir eru í ferðaþjónustu núna eru með sama virðisaukaskatt. Skiptir ekki máli hvort það er gisting, matsala, afþreying, áfengissala eða hvað það er. Það er gott fyrirkomulag. Það yrði eftirsjá að því.

Varðandi bankasölur þá kom þessi heimild um Landsbankann inn í lög í raun og veru áður en ríkið eignaðist hann að fullu. En við gerðum okkur vonir um að það mundi ganga eftir að ríkið fengi til sín að fullu eignarhaldið á Landsbankanum og það varð. Þegar B-bréfið var gert upp þá fékk ríkið án þess að borga krónu fyrir 18% í Landsbankanum. Niðurstaðan var sú að ef til þessa kæmi skyldum við hafa heimild í lögum til að selja þann hluta eða kannski rúmlega það. En í reynd var þetta heimildarákvæði sem sú ríkisstjórn var aldrei búin að ákveða hvort hún myndi nota. Þá átti ríkið ekki aðra banka þannig að staðan var þessi. Nú er hún gjörbreytt. Nú eigum við Íslandsbanka að fullu og enn þá eitthvað í Arion. Ég segi alveg hiklaust að það á að byrja þar. Ef menn ætla að losa um eignarhluti ríkisins þá á ekki að byrja á Landsbankanum. Mér finnst koma mjög vel til greina að við drögum upp til alllangrar framtíðar a.m.k. þá sviðsmynd að ríkið ætli sér bara að eiga Landsbankann að fullu, jafnvel leggja á hann sérstakar skyldur þar með, t.d. til að sinna almannabankaþjónustu út um landið o.s.frv.

Hvernig eigum við svo að losa um eignarhluti t.d. í Íslandsbanka? Ég er hrifinn af þeirri leið sem Norðmenn fóru á sínum tíma þegar þeir sátu uppi með umtalsvert eignarhald í fjármálafyrirtækjum. Þeir lögðu áætlun til langs tíma og tröppuðu eignarhald ríkisins (Forseti hringir.) niður í rólegum skrefum og eiga t.d. enn í Den Norske Bank. Við getum lært talsvert af því. Það gekk vel. Það var nokkuð góð samstaða (Forseti hringir.) í Noregi og norska Stórþingið lagði í raun línurnar þar með þingsályktun.

[17:39]

Útbýting:

Fjárfestar og Keflavíkurlflugvöllur, 27. mál, fsp. KÓP, þskj. 27.

Sjúkratryggingar, 22. mál, frv. OH o.fl., þskj. 22.

Stefna í efnahags- og félagsmálum, 5. mál, þáttill. KJak o.fl., þskj. 5.

Stefnumörkun og aðgerðaáætlun um kolefnishlutlaust Ísland, 19. mál, þáttill. KJak o.fl., þskj. 19.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 17:41.

4. FUNDUR

föstudaginn 15. september,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Fjárlög 2018, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr.

Út af dagskrá var tekið 1. mál.

Fundi slitið kl. 10:30.

5. FUNDUR

mánudaginn 18. september,
kl. 3.30 síðdegis.

Dagskrá:

Tilkynning forsætisráðherra um þingrof og alþingiskosningar.

Fjarvistarleyfi:

Eva Pandora Baldursdóttir, 5. þm. Norðvest.

Tilkynning forsætisráðherra um þingrof og alþingiskosningar.

[15:30]

Forsætisráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):

Forseti Íslands hefur ritað svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með vísan til 24. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, eins og henni var breytt með 5. gr. stjórnarskipunarlega, nr. 56/1991, samanber 21. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, er ákveðið að þing verði rofið 28. október 2017 og að almennar kosningar til Alþingis fari fram sama dag.

Gjört á Bessastöðum, 18. september 2017.

Guðni Th. Jóhannesson.

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf um þingrof og almennar kosningar til Alþingis.“

Virðulegi forseti. Við þekkjum öll aðdraganda þess að ég hef í dag lagt fyrir forseta það bréf sem ég hef hér lesið upp, en það formsatriði er hér með uppfyllt að bréfið sé tilkynnt á Alþingi til að það taki þar með gildi.

Fundi slitið kl. 15:32.

6. FUNDUR

Þriðjudaginn 26. september,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Almenn hegningarlög, frv., 111. mál, þskj. 111. — 1. umr.
2. Kosningar til Alþingis, frv., 112. mál, þskj. 112. — 1. umr.
3. Útlendingar, frv., 113. mál, þskj. 113. — 1. umr.
4. Frestun á fundum Alþingis, stjttill., 114. mál, þskj. 114. — Ein umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Jón Steindór Valdimarsson, 13. þm. Suðvest. (19.9.)
Steinunn Þóra Árnadóttir, 6. þm. Reykv. n. (22.9.)

Fjarvistarleyfi:

Lilja Rafney Magnúsdóttir, 3. þm. Norðvest.
Sigurður Ingi Jóhannsson, 2. þm. Suðurk.

[13:30]

Útbýting:

- Almenn hegningarlög, 111. mál, frv. BjarnB o.fl., þskj. 111.
Frestun á fundum Alþingis, 114. mál, stjttill. forsrh., þskj. 114.
Kosningar til Alþingis, 112. mál, frv. stjórnsk.- og eftirln., þskj. 112.
Stjórnarskipunarlæg, 107. mál, frv. BirgJ o.fl., þskj. 107.
Útlendingar, 113. mál, frv. KJak o.fl., þskj. 113.

Dagskráráttillaga.

[13:30]

Forseti (Unnur Brá Konráðsdóttir):

Forseta hefur borist dagskráráttillaga, svohljóðandi:
„Við undirrituð gerum það að tillögu okkar, í samræmi við 1. mgr. 77. gr. þingskapalaga, að dagskrá næsta fundar verði svohljóðandi:

1. Almenn hegningarlög (uppreist æru) – frv., 111. mál, flm. Bjarni Benediktsson o.fl., 1. umr.
2. Kosningar til Alþingis – frv., 112. mál, flm. stjórnarskipunar- og eftirlitsnefnd, 1. umr.
3. Útlendingalög – frv., 113. mál, flm. Katrín Jakobsdóttir o.fl., 1. umr.
4. Stjórnarskipunarlæg – frv., 107. mál, flm. Birgitta Jónsdóttir o.fl.

Við óskum eftir því að þessi tillaga verði borin upp til afgreiðslu í samræmi við áður nefnda grein þingskapa.“

Undir þetta bréf rita hv. þingmenn Ásta Guðrún Helgadóttir, Björn Leví Gunnarsson, Eva Pandora Baldursdóttir, Halldóra Mogensen, Smári McCarthy, Logi Einarsson, Guðjón S. Brjánsson, Birgitta Jónsdóttir, Einar Brynjólfsson, Gunnar Hrafn Jónsson, Jón Þór Ólafsson, Þórhildur Sunna Evarsdóttir, Oddný G. Harðardóttir.

Alþt. 2017. B. (147. löggjafarþing).

Fer nú fram atkvæðagreiðsla um tillöguna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA

[13:32]

Jón Þór Ólafsson (P) (um atkvæðagreiðslu):

Frú forseti. Þetta mál er mjög einfalt. Það þýðir að við erum að bera upp fyrir þingið hvort það samþykkir að setja á dagskrá þingfundar frumvarp Pírata sem er í rauninni þess efnis að í framtíðinni verða stjórnarskrárbreytingar bornar undir þjóðina. Það er það sem við erum að biðja um.

Ef við fáum málið á dagskrá í dag eða fyrir þinglok væri hægt að greiða atkvæði um það, klára það, og þá getur næsta þing eftir kosningar samþykkt það og við getum strax farið að breyta stjórnarskránni, eins og að taka út úr stjórnarskránni ákvæðið um uppreist æru. Það er ekki hægt að klára uppreist æru og þurrka út úr lögum nema það sé gert í stjórnarskrá.

Við getum farið að setja inn alvörugagnsæisákvæði í stjórnarskrá. Við getum gert þetta hægt og rölega og í sátt í stað þess að þurfa að bíða aftur í fjögur ár.

[13:33]

Katrín Jakobsdóttir (Vg) (um atkvæðagreiðslu):

Frú forseti. Í gær lagði ég það til á fundi formanna flokkanna, í von um að hægt væri að sameinast um nýtt breytingarákvæði í stjórnarskrá, tillögu um sambærilegt ákvæði og það sem var í gildi á árunum 2013–2017, þ.e. að hægt væri að samþykkja stjórnarskrárbreytingar með gömlu aðferðinni, en til viðbótar kæmi bráðabirgðaákvæði þannig að hægt væri að samþykkja stjórnarskrárbreytingar með auknum meiri hluta á Alþingi og þeim þröskuldi að 25% atkvæðisbærra manna myndu ljá þeim atkvæði sitt í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þessi tillaga byggir á ákvæði sem var hér í gildi en þó með hærri þátttökuþröskuldi á þeim tíma, þ.e. 40% þátttökuþröskuldi í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hún var tilraun til að miðla málum, skapa aukna samstöðu um stjórnarskrárbreytingar og allir flokkar á þingi nema Sjálfstæðisflokkurinn tóku mjög jákvætt í tillögunum. Það var mín von að við hefðum getað náð saman um þessa málamiðlun og náð þar með aukinni samstöðu um stjórnarskrárbreytingar til framtíðar. Það náðist ekki. Því er það mat okkar Vinstri grænna (Forseti hringir.) að það sé best að ljúka þinghaldi með þeim málum sem eru á þeirri dagskrá sem hefur verið útgefin og að þjóðin fái tækifæri til þess að endurnýja umboð sitt til þingmanna.

[13:35]

Heilbrigðisráðherra (Óttarr Proppé) (Bf) (um atkvæðagreiðslu):

Virðulega Alþingi. Við í Bjartri framtíð erum hjartanlega sammála um nauðsyn umbóta á stjórnarskránni og við erum sammála því að það eigi að breyta breytingarákvæðinu til að gera það auðveldara.

Við erum hins vegar með mjög opin augun, sérstaklega eftir samtöl flokkanna í síðustu viku, um að við erum á síðustu metrunum, ef ekki síðustu sentímetrunum, í þessu þingi. Því hefur verið hótad að hér verði boðad málþóf til að koma í veg fyrir að nokkuð komist í gegn ef þessi tillaga

kemst til umræðu. Við teljum mikilvægt að lagaákvæði um uppreist æru verði afnumin og að lögum um útlendinga verði breytt, m.a. til að ná utan um mál ungra barna sem hafa unnið hug og hjörtu okkar allra, bæði á Alþingi og meðal þjóðarinnar. Við teljum að þetta sé svo mikilvægt að ekki sé á það hættandi að þetta þing ljúki störfum án þess sóma að klára þau mál.

Við teljum hins vegar mjög mikilvægt fyrir næsta þing (Forseti hringir.) að hefja strax endurskoðun stjórnarskránnar og að endurskoða þingsköp þannig að minni hluti geti ekki komið í veg fyrir að mál nái í gegn.

[13:36]

Birgir Ármannsson (S) (*um atkvæðagreiðslu*):

Hæstv. forseti. Dagskráartillagan sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir að nýtt mál verði tekið á dagskrá og það væntanlega afgreitt fyrir þingfrestun. Staðan er auðvitað sú, praktískt séð, að það er skammt til kosninga. Það er samkomulag um að ljúka þingstörfum og þegar nýju máli er hent inn með þessum hætti veldur það því að öll slík áform fara í vaskinn. Þetta er mál sem er þess eðlis að ef það kæmi á dagskrá þingsins þyrfti það yfirlegu, umræðu og athugun.

Mál Pírata gerir ráð fyrir að hægt verði að afgreiða stjórnarskrárbreytingar með þjóðaratkvæðagreiðslu án nokkurra þröskulda, hvorki þröskulda í þingi né í þjóðaratkvæðagreiðslu. Efnislega er málið þannig líka algerlega óásættanlegt af minni hálfu. Í raun og veru tel ég að það væri alveg fráleitt ef við færum út í breytingu, jafnvel þótt það sé bara á breytingarákvæði stjórnarskránnar, án nokkurrar umræðu, án nokkurrar athugunar, án þess að menn sjái fyrir endann á því, (Gripíð fram í.) sama dag og ætlunin er að ljúka þingstörfum.

[13:38]

Birgitta Jónsdóttir (P) (*um atkvæðagreiðslu*):

Forseti. Við buðumst til þess að leggja fram tillögu Vinstri grænna. Það vildi fólk ekki. Það kom fram á þessum fundi. Við höfum afgreitt sambærilega tillögu og erum alveg opin fyrir því að breyta tillögunni nákvæmlega eins og sáttatillaga Vinstri grænna hljómar ef það væri vilji fyrir því. Við getum lagt fram nákvæmlega eins tillögu og var samþykkt hér 2013 fyrir utan að hafa 40% þröskuld sem að mati Fenejjanefndarinnar þykir ólýðræðislegur. Við erum opin fyrir öllum mögulegum leiðum til að tryggja að hér getum við skotið stjórnarskrárbreytingum til þjóðarinnar með annaðhvort meiri hluta þings eða auknum meiri hluta þings. Þetta snýst ekkert um það. Þetta er fyrirsláttur. Það sem þetta snýst um er að Sjálfstæðisflokkurinn fær hér fullnaðarsigur. Sjálfstæðismenn neita að hleypha málinu í atkvæðagreiðslu þannig að við getum séð hvern hinn raunverulegi vilji Alþingis er. Þeir eru aftur á móti tilbúnir að hleypha í gegn bráðabirgðaákvæði til að börnin verði ekki send úr landi. Þeir eru samt á móti því máli, en voru tilbúnir að hleypha því á dagskrá. Þeir eru aftur á móti líka tilbúnir ef þetta mál fer hér til afgreiðslu að halda þinginu í gíslingu og hóta því að það mál verði ekki afgreitt ef þetta fer á dagskrá.

Pvílík (Forseti hringir.) stjórnsýsla. Pvílíkur hroki og hræsnig og mannvonska. Ég á ekki til orð.

[13:39]

Logi Einarsson (Sf) (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegur forseti. Á rúmlega einu ári hafa tvær ríkisstjórnir fallið vegna þess að almenningi líkaði ei vinnubrögð stjórnvalda. Stjórnvöld njóta allt of lítills trausts og aðeins fimmtungur kjósenda treystir Alþingi. Það er nauðsynlegt að Alþingi komi á betri samskiptum við þjóðina og mikilvægt og skynsamlegt skref í þá átt væri að hleypha almenningi aftur að vinnu við gerð nýrrar stjórnarskrár. **(Gripíð fram í: Heyr, heyr.)**

Yfirgnæfandi stuðningur var í þjóðaratkvæðagreiðslu og í skoðanakönnunum um tillögu stjórnlagaráðs, sem ættu að mynda grunn að nýrri stjórnarskrá og er brýnt að koma á dagskrá. Við stjórnámálsmann megum ekki halda málinu í gíslingu. Við megum ekki óttast þjóðina. Félagslegur strúktúr, almennt þekkingarstig og ný tækni er nú með allt öðrum hætti en þegar við fengum gömlu stjórnarskrána og nýjar aðstæður kalla beinlínis á að við tökum upp ný vinnubrögð. Ef við þróum ekki lýðræði okkar í takt við tímann mun þátttaka almennings í kosningum halda áfram að minnka og enn mun aukast bil á milli þings og þjóðar.

Ég neita að trúa því að menn vilji nota börn sem skiptimynt (Forseti hringir.) í deilum um þingstörf. Þess vegna styð ég þessa dagskráartillögu. Það má ekki gerast að við hendum þessu máli inn í framtíðina.

[13:41]

Þórunn Egilsdóttir (F) (*um atkvæðagreiðslu*):

Hæstv. forseti. Hér er um viðamiknið og stórt mál að ræða sem við Framsóknarmenn teljum ekki hægt að afgreiða á hlaupum eða með hraði. Þess vegna erum við á móti þessari dagskráartillögu. Við erum aðilar að þinglokasamningi sem við ætlum að standa við. En að sjálfsgöngu erum við tilbúnir til áframhaldandi viðtals og samvinnu um að breyta stjórnarskránni, en við þurfum að vanda vel til verka og vinna það vel.

[13:41]

Fjármála- og efnahagsráðherra (Benedikt Jóhannesson) (V) (*um atkvæðagreiðslu*):

Frú forseti. Á fjölmörgum fundum formanna flokkanna var tekist á um hvaða málum ætti að ljúka. Það var ekki allt með þeim hætti sem við hefðum helst kosið í Viðreisn. Þar voru mál eins og stjórnarskrármálið eitt þeirra sem við vorum opin fyrir að ræða. Ég var persónulega aðili að þessu samkomulagi. Við vildum teygja okkur til sátta við aðra þingflokka. Í þessu máli munu sumir þingmenn Viðreisnar sitja hjá.

[13:42]

Eva Pandora Baldursdóttir (P) (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Þessi dagskráartillaga snýst um að fá mál á dagskrá sem leggur til að stjórnarskrárbreytingar séu bornar undir þjóðina, að þjóðin fái að ráða, að þjóðin hafi lokaákvörðunarvald um breytingar sem snúa að breytingu á stjórnarskrá allra landsmanna, ekki aðeins þingsins.

Það er það sem þetta snýst um. Ég hvet alla þingmenn til að standa við drengskaparheitið sem við öll höfum skrifað undir og greiða atkvæði eftir eigin sannfæringu en ekki eftir flokkslínunum.

[13:43]

Andrés Ingi Jónsson (Vg) (*um atkvæðagreiðslu*):

Frú forseti. Þegar ég sá frumvarpið sem dagskráráttillagan snýst um velti ég fyrir mér hvort flutningsmenn hefðu gleymt síðustu sex árum því að hér er dustað rykið af tillögu stjórnlagaráðs frá árinu 2011. Síðan hefur margt gerst. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd hefur t.d. skorið burt 2. mgr. tillögunnar (Gripið fram í.) sem er sem betur fer ekki hér, því er fylgt, enda var hún ólýðræðisleg hjáleid fram hjá þjóðinni. Af hverju er þá ekki brugðist við öðrum ábendingum stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar á þeim tíma eins og t.d. að hafa einhvern þátttökupröskuld? Hann þarf ekki að vera 50% eins og hv. 1. flutningsmaður þessa máls lagði til á 141. lögjafarþingi. Hann þarf ekki heldur að vera 40% eins og varð raunin við þinglok 2013.

Þetta er ekkert einfalt mál sem þarf að klára með hraði. Það kom fram líka við afgreiðslu mála 2013. Þá voru allir fulltrúar í meiri hluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, þar á meðal fulltrúar Samfylkingarinnar, þar á meðal (Forseti hringir.) fulltrúar þess flokks sem hv. þm. Birgitta Jónsdóttir tilheyrði á þeim tíma, hvað svo sem hann hét nú aftur, sammála um að breytingarákvæðið þyrfti að vera erfitt, (Forseti hringir.) máttulega erfitt til að það væri hægt að breyta en nógu erfitt til þess að það væri ekki of auðvelt að breyta vegna þess að stjórnarskráin var réttindi borgaranna fyrir ofrúki meiri hlutans. (Forseti hringir.) Þess vegna þarf að gera þetta af yfirvegun og að vönduðu máli.

[13:44]

Forseti (Unnur Brá Konráðsdóttir):

Forseti vill beina því kurteislega til þingmanna að virða ákvæði um tímamörk.

[13:45]

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (P) (*um atkvæðagreiðslu*):

Frú forseti. Við höfum hér sögulegt tækifæri til að veita þjóðinni fullveldi og ákvörðunarrétt gagnvart þeim leikreglum sem þingmenn og ráðherrar verða að fara eftir í störfum sínum í þjónustu þjóðarinnar, sjálfum samfélagssáttmálanum.

Hér gefst öllum hv. þingmönnum sögulegt tækifæri til að fylgja samvisku sinni og velja rétt þjóðarinnar til að setja okkur reglur. Ég hvet alla þingmenn til að láta ekki undan tuddaskap og hótunum hæstv. sitjandi forsætisráðherra, Bjarna Benediktssonar, heldur standa með þjóðinni núna. Ef ekki við, þá hverjir? Ef ekki núna, þá hvenær?

Ábyrgðin er ykkar, hv. þingmenn, samviskan er ykkar og tíminn til að fylgja henni er núna.

[13:46]

Björn Leví Gunnarsson (P) (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Í 48. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands og frumvarpi stjórnlagaráðs segir:

„Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.“

Við þetta mætti kannski bæta: „EKKI heldur við neinar reglur frá flokkum sínum.“

Hérna störfum við eftir sannfæringu okkar, eftir sam-

visku okkar. Hættið að fela ykkur á bak við einhvers konar baktjaldamakk í lokuðum formannaherbergjum. Þið, hvert eitt og einasta herna, þingmenn, eruð með aðgang að þessum atkvæðatakkum við hliðina á ykkur. Þið getið sagt ykkar skoðun á þessu máli. Hafið þið virkilega samvisku til þess að segja við þjóðina: Nei, þið megið ekki greiða atkvæði um stjórnarskrárþrengingar, bara við? Eru það í alvörðunni skilaboðin sem þið viljið senda út?

[13:46]

Forsætisráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Sú dagskrá sem liggur fyrir þessum þingfundi er niðurstaðan af samtali formanna allra flokka. Ég mótmæli því harðlega að því sé beint gegn mér að niðurstaðan hafi ráðist af hótunum, af tuddaskap, af einhvers konar tilraunum til að nota fólk í viðkvæmri stöðu, hælisleitendur eða aðra, sem skiptimynt við þinglok.

Ég vísa öllum þessum ummælum til föðurhúsanna. Sjálfstæðisflokkurinn er ekki í neinni stöðu til þess að ráða för í þinginu. Við erum bara þingflokkur eins og aðrir þingflokkar hér. Við styðjum þá dagskrá sem hér er niðurstaða af samtali allra flokka. Allar þessar ásakningar eru rakalausar árásir í aðdraganda kosninga sem hefði í raun og veru ekki verið góður upptaktur fyrir marga þingfundi á Alþingi næstu daga.

[13:48]

Jón Þór Ólafsson (P) (*um atkvæðagreiðslu*):

Frú forseti. Það er að sjálfsögðu rétt að við erum að leggja fram tillöguna eins og hún kemur frá frumvarpi stjórnlagaráðs, því að þjóðin hafði samþykkt hana, að þó undanskildu þessu ákvæði sem þýðir að þingið geti farið fram hjá þjóðinni því að það er ekki lýðræðislegt. Eins og við nefndum á fundinum í gær erum við að sjálfsögðu opin fyrir því að setja inn þröskulda, setja inn lýðræðislega þröskulda. Tillagan frá 2013 var ólýðræðisleg að mati Fenejjanefndarinnar og hún var tímabundin. Tillagan sem við erum að leggja fyrir þingið núna er lýðræðisleg og við erum tilbúin að setja lýðræðislega þröskulda þannig að þjóðin geti breytt til frambúðar, geti til frambúðar tekið þátt í að breyta stjórnarskrá sinni.

En horfið á hverju við stöndum frammi fyrir í dag. Ef við byrjum ekki í dag að breyta stjórnkerfinu hægt og örugglega, sem samþykkt þessarar tillögu þýðir að við getum gert, og við þurfum alltaf að bíða eftir kosningum, bíða og bíða og bíða, og hægt er að fresta þessu og fresta, stöndum við frammi fyrir því að væntingar landsmanna eru ekki uppfylltar, stöndum frammi fyrir því að ríkisstjórnir falla og springa, stöndum frammi fyrir pólitískum óstöðugleika. Það er það sem við stöndum frammi fyrir (Forseti hringir.) ef við förum ekki að breyta stjórnarskránni og stjórnkerfinu í samræmi við væntingar landsmanna. Þá munu ríkisstjórnir springa og falla. Það er ávisun á pólitískan óstöðugleika.

[13:49]

Halldóra Mogensen (P) (*um atkvæðagreiðslu*):

Frú forseti. Við skulum ekki flækja málið um of. Þetta er mjög einfalt. Þetta snýst um að breytingar á stjórnarskrá

geti farið í gegnum þingið án þess að það þurfi að rjúfa þing og farið svo í hendur þjóðarinnar til að greiða atkvæði um þær. Það er svo einfalt. Ef það er eitthvað að marka það sem þingmenn segja í fjölmiðlum er meiri hluti fyrir þessu á þingi. En einhverra hluta vegna, þegar einn flokkur kemur með einhverjar hótanir um málþóf, skjálfa allir í skónum sínum og enginn þorir að gera neitt. Við erum með meiri hluta. Er það virkilega orðið þannig að Sjálfstæðisflokkurinn ráði öllu hérna inni? Ef Sjálfstæðisflokkurinn er ekki sammála málinu, getum við ekki keyrt það í gegn? Ég bara bið ykkur um að greiða atkvæði samkvæmt ykkar eigin sannfæringu. Við erum ekki einu sinni að tala um að greiða atkvæði um þessa breytingu núna, við erum að tala um að setja þetta á dagskrá fyrir lýðræðislega umræðu. (Gripid fram í.)

[13:50]

Smári McCarthy (P) (*um atkvæðagreiðslu*):

Frú forseti. Hér ræðum við um frekar hóflega breytingartillögu á dagskrá. Við erum ekki að heimita að farið verði endilega alla leið enda er það hvers og eins að ákveða það fyrir sig. En þetta er hófleg breytingartillaga um mál sem á að sjálfsgöðu að hljóta meðferð þingsins. Þá getum við komið á einhverjum þröskuldum eins og sumir hafa talað fyrir. Og trúverðugleiki þingsins er satt að segja að veði. Ef við getum ekki tekið þetta einstaka mál til almennrar umræðu í stuttan tíma nú í lok þingsins, hvar stöndum við þá?

Ég segi jafnvel að framtíðin sé að veði því að ef Sjálfstæðisflokkurinn með sinn þriðjung atkvæða getur ráðið öllu um hvað verður tekið fyrir og hvernig erum við bara hreinlega komin í þá stöðu að framtíðinni verður frestað um fjögur ár í viðbót, aftur. Það er bara komið nóg af þessu. Við verðum að nota tækifæri til að taka framtíðinni fagnandi, gera það sem rétt er í stöðunni og koma helst þessari breytingu (Forseti hringir.) í gegn. Því að satt að segja verður sú atkvæðagreiðsla sem við erum að fara í núna túlkud, hún verður túlkud á einhvern hátt. Það er hvers og eins að meta hvernig hún kemur út.

[13:52]

Svandís Svavarsdóttir (Vg) (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Framtíðin er á dagskrá þingkosninga 28. október. Þar gefst þjóðinni tækifæri til að kjósa fólk sem vill hefjast handa að nýju við heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. En mikilvægasta viðfangsefnið sem við horfumst í augu við nú þegar skyndilega var boðað til kosninga er staða barna á flóttu.

Breytingin sem við erum að gera nú á útlendingalögum dugar til að ná utan um stöðu þessara barna. Það voru börn sem voru að bíða eftir mannúð, sem voru að bíða eftir réttlæti. Samkomulag um að klára það er samkomulag sem er einhvers virði. Við í þingflokki VG stöndum við það samkomulag.

Það er sannfæring mín og það er samviska mín sem segir mér að halda ekki í óvissuferð þar sem staða barna á flóttu er undir. Þetta var okkar mat. Þess vegna stendur þingflokkur VG með tillögu forseta um dagskrá þessa þingfundar.

[13:53]

Umhverfis- og auðlindaráðherra (Björt Ólafsdóttir) (Bf) (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir margt sem hefur komið fram í máli hv. þingmanna Pírata og líka hjá hv. þm. Loga Einarssyni í Samfylkingunni, en þau standa að þessari dagskrártillögu. Ég held að hugurinn sé góður. Tillagan er sett fram af góðum hug.

Staðan er sú að þingflokkar hafa rætt og komið sér saman um niðurstöðu. Við í Bjartri framtíð höfum ekki samvisku til að tefla í tvísýnu velferð fjölskyldna sem hér leita haelis. Það liggur fyrir. Það er það sem við erum að fást við í dag. Við vitum hvað gerist annars. Við vitum það, við sem vinnum í þessum sal. Þá fer umræðan út um allar þúfur og fer að snúast um eitthvað annað. Við þurfum að bregðast við málefnum barna á flóttu. Það viljum við í Bjartri framtíð gera í dag. Við viljum bregðast við (Forseti hringir.) málinu um uppreist æru og því sem þar um ræðir. Þess vegna greiðum við þessari tillögu ekki atkvæði okkar.

[13:55]

Pawel Bartoszek (V) (*um atkvæðagreiðslu*):

Frú forseti. Ég verð að segja að fyrst þegar ég heyrði af dagskrártillögu Pírata var ég frekar jákvæður í garð þeirrar hugmyndar. Það er sjálfsgött mál að ræða stjórnarskrána eins og annað. Þá hafði ég helst hugsað mér að ræða tillögu í þá veru sem sex þingflokkar gætu sætt sig við.

Vandinn er sá að sú tillaga sem hér liggur fyrir er of langt frá því sem talist getur gott að mínu mati. Þar vantar helst þrjá hluti, sem ég ætla að nefna:

Í fyrsta lagi vantar þáttökuþröskuld, sem er að mínu mati alls ekki óleysanlegt atriði. Í öðru lagi vantar aukinn meiri hluta í þinginu. (Gripid fram í.) Í þriðja lagi, sem er ekki síður mikilvægt, er gefinn of skammur tími í tillögunni frá því að tillagan er lögð fram og þangað til atkvæðagreiðsla fer fram. Ég hefði viljað sjá þann tíma lengdan mikið, a.m.k. í eitt ár.

Í þeirri tillögu sem liggur fyrir felst allt of mikil hætta á því að ríkjandi meiri hluti hverju sinni noti þessa grein til að spila út einhverjum dægurflugum og gera þær að stjórnarskrárþreyingarmáli. Ég tel að hugurinn að baki tillögunni sé góður en ég held að hættunarnar sem felast í henni (Forseti hringir.) séu of miklar. Ég mun ekki greiða atkvæði með þessari dagskrártillögu.

[13:56]

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (P) (*um atkvæðagreiðslu*):

Frú forseti. Traust á Alþingi er í lágmarki. Ég biðla til þeirra hv. þingmanna sem tala um að við ætlum að gera þetta hérna á næsta kjörtímabili að hugsa sinn gang hvað það varðar. Þessu hefur nefnilega verið lofað áður og þetta er verið að svikja aftur núna.

Hér leggjum við einfaldaða tillögu til einfalda breytingu þess efnis að þjóðin geti haft aðkomu að breytingu á stjórnarskrá, samfélagssattmálanum sínum. Það er auðvelt að komast að niðurstöðu og margir höfðu komist að niðurstöðu um hvers konar þröskuldar væru æskilegir til að þetta mál færi í gegn. En þeir flokkar sem hér sitja voru ekki reiðubúin að

berjast fyrir þessu. Ef þeir eru til í að vera reiðubúnir að berjast með okkur fyrir að fá þetta mál á dagskrá erum við að sjálfsögðu til viðræðu um hvernig við tryggjum algjörlega lýðræðislegt ferli í kringum þetta mál.

[13:57]

Björn Leví Gunnarsson (P) (*um atkvæðagreiðslu*):

Forseti. Það er gott að heyra að Sjálfstæðisflokkurinn ræður ekki för í þinginu heldur ráðum við för með atkvæðum okkar hérna. Við leggjum til dagskrárbreytingu, ekki að neitt annað flókið sé í gangi hérna, og mig langar eftir ræður þingmanna áðan að spyrja: Hver er að tefla framtíð barna í tvísýnu, hver ræður því að framtíð barna sé í einhverri óvissu? Við lögðum til dagskrárbreytingu þar sem þessi liður hjá okkur yrði síðastur á dagskrá. Þá væri búið að klára allt hitt. Mér þætti vænt um að hæstv. umhverfisráðherra svaraði spurningunni um framtíð hvaða barna væri teflt í tvísýnu varðandi það.

Hérna er verið að tala um að heildarendurskoðun verði frestað um fjögur ár, hv. þm. Svandís Svavarsdóttir. Er í alvörunni ekki hægt að gera hvort tveggja? Hvað er svona flókið við það? Í alvöru. Við getum bæði bjargað börnunum og breytt stjórnarskránni. Þetta er ekkert flókið. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[13:58]

Birgir Ármannsson (S) (*um atkvæðagreiðslu*):

Hæstv. forseti. Ég velti fyrir mér hvort margir hv. þingmenn hafi misst af því að fyrir örfáum dögum sprakk ríkisstjórn, þing var rofið og boðað til kosninga. Við erum í þeirri stöðu að rétt rúmar fjórar vikur eru til alþingiskosninga. Mér finnst í raun algjörlega ótrúlegt að mönnum skuli detta í hug að taka stjórnarskrármál inn á síðasta degi þingsins, svona vippa sér í það eins og það sé ekkert mál (Gripið fram í.) við þessar aðstæður. Mér finnst það fráleitt. (Gripið fram í.) Mér finnst alveg fráleitt að mönnum skuli detta í hug að það sé til þess fallið að ljúka þingstörfum að kippa stjórnarskrármálinu hingað inn örfáum vikum fyrir kosningar. Mér finnst það fráleitt. Aðdragandinn 2013 var allur annar þannig að það mál er ekki sambærilegt. Ég var reyndar ekki hrifinn af því máli, en það er önnur saga. Þetta er þó sýnu verra. Það er augljóst að hér er mikil þörf á að ræða stjórnarskrármál en, (Forseti hringir.) því miður, það er bara búið að rjúfa þing og boða til kosninga.

[14:00]

Birgitta Jónsdóttir (P) (*um atkvæðagreiðslu*):

Forseti. Eiginlega allir þeir þingmenn sem hér eru inni ætla að gefa kost á sér fyrir næstu kosningar. Þeir eru að fara í atvinnuviðtöl við þjóðina og biðja þjóðina um að treysta sér til þess að gæta að hagsmunum hennar. Þið sem eruð að biðja um það ætlið ekki að treysta þjóðinni fyrir að breyta stjórnarskránni. Þvílík hræsni. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[14:00]

Logi Einarsson (Sf) (*um atkvæðagreiðslu*):

Frú forseti. Hér er mikið talað um börn, kannski það dýrmætasta sem við öll eigum.

Í upphafi þings greip Samfylkingin ásamt tveimur öðrum flokkum í neyðarhemil og lagði fram frumvarp til þess að stoppa það að tvær stúlkur og fjölskyldur þeirra færu úr landi. Það var neyðarbraud. Auðvitað á að leysa hlutina með almennum hætti, enda gerðist það að málið fór í farveg sem kannski mun koma fleiri börnum til bjargar. Alþingi þarf hins vegar í framhaldinu að setja almennar og mannúðlegri leikreglur.

Við hefðum aldrei samið um neitt og við hefðum aldrei gert neitt sem hefði stefnt þessum börnum í voða. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) Ég hef enga trú á því að hver og einn þingmaður Sjálfstæðisflokksins hefði nokkurn tímann hindrað það að slíkt mál hefði komist í gegn. Það ætla ég þeim ekki. Þess vegna er ekkert sem útilokar það að við (Forseti hringir.) samþykkjum það mál og tökum jákvætt í þessa dagskrárbreytingu. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[14:02]

Gunnar Hrafn Jónsson (P) (*um atkvæðagreiðslu*):

Frú forseti. Hér hafa nokkrir hv. þingmenn lýst áhyggjum af því að verði þessi tillaga samþykkt muni hún tefla í tvísýnu því mikilvæga frumvarpi sem allir eru sammála um og á að koma þessum börnum til bjargar. Það var því mikið ánægjuefni að heyra að hæstv. forsætisráðherra skyldi þvertaka fyrir að hafa nokkurn tímann hótað málþófi eða öðrum afleiðingum af því að samþykkja þetta frumvarp. Ég skil ekki að nokkur maður hérna inni óttist það að hér verði málþóf fyrst hæstv. forsætisráðherra er búinn að lofa því að svo verði ekki. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[14:02]

Einar Brynjólfsson (P) (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegur forseti. Samkomulagið sem gert var í gær stendur. Píratar og Samfylkingin eru ekki aðilar að því en við munum ekki rugga bátnum. Við munum að sjálfsögðu hleypa þeim frumvörpum í gegn sem þar var kveðið á um. Dagskránni er því ekki ógnað að öðru leyti en því að þarna á að bæta inn breytingartillögu um stjórnarskrána.

Með þessu erum við ekki að stefna flóttafólki í voða. Við þurfum ekki að vera með einhverjar tæknilegar hártoganir. Við skulum vippa okkur í þetta verk og vera snögg. Við Píratar erum opin fyrir breytingum. Förum í þetta. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

Dagskrártillaga felld með 41:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BLG, EB, EPB, GBr, GHJ, HallM, JÞÓ, LE, OH, SMc, ÞSÆ, ÁstaH, BirgJ.

nei: BjarnB, BjÓ, BHar, ELA, EyH, GÞÞ, GBS, HarB, HildS, JónG, KJak, KÓP, KPJ, LA, NicM, NF, ÓBK, ÓP, PállM, RBB, SDG, SÁA, SilG, SJS, SpÁ, SSV, TBE, ThÞ, ValG, VilÁ, VilB, ÞórdG, ÞórE, AIJ, ATG, ÁsIs, ÁsF, BenJ, BÁ, BjG, UBK.

5 þm. (HKF, JSV, JSE, PawB, ÞorstV) greiddu ekki atkv.

4 þm. (BN, LRM, SIJ, ÞKG) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:04]

Björn Leví Gunnarsson (P):

Virðulegi forseti. Ég segi já. Að sjálfsögðu á þjóðin að

fá að greiða atkvæði um samfélagssáttmála sinn. Það eru ekki bara þingmenn sem eiga að hlutast til um það. Þjóðin á sjálf að geta sagt já eða nei við því sem kemur frá okkur.

[14:06]

Jón Þór Ólafsson (P):

Frú forseti. Ég segi já, svo að við getum farið að tryggja aðkomu þjóðarinnar að breytingum strax eftir kosningar, að þjóðin eigi séns á að geta sjálf fengið aðkomu að stjórnarskrárbreytingum, að ef Alþingi samþykkir stjórnarskrár-breytingar sé þeim vísað í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá getum við farið að breyta hlutum sem þarf að breyta. Þegar væntingar fólks breytast, eins og hefur gerst vegna upplýsinga-tækniþýlingarinnar, samfélagsmiðlanna, þá vill fólk fá að koma meira að málum sem það varða og í það minnsta fá upplýsingar um hvernig ákvarðanir eru teknar. Þetta er það sem sumarið snerist um. Fólk vildi fá að koma að ákvörðunum um sín mál, í það minnsta fá upplýsingar um hvernig ákvarðanir voru teknar. Við stöndum frammi fyrir því að ekki er hlustað á fólk nema það hafi hátt. Þá mun fólk bara halda áfram að hafa hátt ef við breytum ekki kerfinu. Þá munu ríkisstjórnir halda áfram að springa, falla. Það er ávísun á pólitískan óstöðugleika. Og svo kemur hrún, eins og hæstvi. forsætisráðherra Bjarni Benediktsson er búinn að segja að líklegt sé að komi (Forseti hringir.) og flestir vita. Og í hrúninu — hverjir munu þá komast til valda? Er kannski líklegt að þá komist til valda einhverjir popúlistar sem setja ekki borgararéttindi á oddinn eins og Píratar? Er líklegt að þá komist til valda fólk sem kollvarpar kerfinu? Við þurfum (Forseti hringir.) að fara í stjórnarskrárbreytingar sem fyrst. Þetta er tækifærið til þess.

[14:09]

Smári McCarthy (P):

Frú forseti. Að sjálfsögðu segi ég já við þeirri höfsemdartillögu að við fáum að ræða hér mál. Að sjálfsögðu segi ég já. En mér finnst frekar afhjúpanði hvernig nú hefur orðið til nýr meiri hluti á þinginu sem virðist standa gegn breytingum, gegn framtíðinni. Þetta kemur mér sannarlega á óvart. (**Gripíð fram í:** Ekki rétt.) Þetta veldur mér miklum vonbrigðum. En svona er þetta. Við erum núna alla vega búin að sjá hvar skilin liggja milli framfaraflokka og fortíðarinnar. (**Gripíð fram í:** Ekki rétt.)

[14:10]

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (P):

Frú forseti. Nú virðist útséð um að meiri hluti þessa þings treysti íslensku þjóðinni fyrir að koma að gerð samfélagssáttmála síns, koma að framtíðinni okkar í sátt milli þings og þjóðar. Ég upplifi endurminningu, déjà vu, frá því í vor þegar meiri hluti þessa þings greiddi atkvæði með ólögætum embættisgjörðum þáverandi dómsmálaráðherra, með biturt bragð í munni, þvert á eigin sannfæringu. Þá voru það mín stærstu vonbrigði í þessu starfi. Hjarta mínu sviður núna því að vonbrigðin hafa aldrei verið stærri.

[14:11]

Andrés Ingi Jónsson (Vg):

Frú forseti. Ég stend hér ekki með biturt bragð í munni

og segi nei við þessari tillögu. En þær atkvæðaskýringar sem hér hafa komið, sérstaklega frá þingmönnum Pírata, sýna að það er náttúrulega borin von að ræða þetta mál af einhverri yfirvegum meðan fólk er í miðri prófkjörsbaráttu. (**Gripíð fram í:** Heyr, heyr.) Það er engin leið að ræða af viti um breytingar á stjórnarskrá meðan fólk er með hugann við eitthvað annað. Hér erum við, jú, örugglega meiri hluti þingmanna stuðningsmenn þess að fá nýja stjórnarskrá byggða á tillögum stjórnlagaráðs og ég bið bara virðulega þingmenn Pírata að hætta að setja sig á háan hest og muna að við erum hér saman í þessu verkefni. Og það hvort við náum inn breytingarákvæði núna eða ekki skiptir ekki máli ef við treystum þjóðinni til að kjósa okkur í umbótaöflunum hér 28. október. (**Gripíð fram í:** Heyr, heyr.)

[14:12]

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég frábið mér allar ásanir um mannvönsku og hrænsni og skýringar á því hvað þetta nei mitt þýðir. Mitt nei þýðir ekki að ég telji að þjóðin eigi ekki að einhverju leyti að koma að einhverjum breytingum á stjórnarskrá. Ég tel að það þurfi að vera mun gleggri skil á milli löggjafarvaldsins og stjórnarskrárvaldsins. Ég segi hér að það þarf að vanda til verka þegar við breytum stjórnarskránni. Það þarf að gefa þessu máli tíma, bæði til umsagnar og málsmeðferðar í nefnd. Ég segi nei.

[14:13]

Birgitta Jónsdóttir (P):

Ástæðan fyrir því að við lögðum til að þetta mál yrði síðast á dagskrá var einmitt sú að standa ekki í vegi fyrir þeim mikilvægu málum sem þó eru einungis kattarþvottur því að það eru ekki varanlegar breytingar sem við ætlum að gera hér, t.d. lögum um uppreið æru. Það er bara helmingurinn. Restin hvílir á því að hægt sé að breyta stjórnarskránni, það eru fyrstu lögum sem þarf að breyta. Ef við myndum taka þessa tillögu inn í nefnd og breyta síðan yfir í tillögu Katrínar Jakobsdóttur erum við komin með mál sem yfirgnæfandi meiri hluti þingmanna er sammála um og Sjálfstæðisflokkurinn samþykkti á sínum tíma, þó með hærri þátttökuþröskuldi. (**Gripíð fram í:**) Það er nú allt meirihluta-öfbelðið sem verið er að tala um. Ef vilji væri til að taka þetta mál sem verið hefur margrætt í þinginu myndum við taka það fyrir. Það er bara ekki vilji til þess. Það er svo einfalt.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA

[14:16]

Of skammt var liðið frá útbýtingu allra dagskrármála. — Afbrigði samþ. með 58 hlj. atkv.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. BjarnB o.fl., 111. mál (uppreist æru). — Þskj. 111.

[14:16]

Forsætisráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi sem flutt er af formönnum allra flokka á Alþingi. Þetta er frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, og varðar sérstaklega uppreist æru.

Frumvarpið var upphaflega samið í dómsmálaráðuneytinu en þar hefur síðan í vor verið unnið að heildarendurskoðun á því fyrirkomulagi sem felst í uppreist æru. Þessi áform um heildarendurskoðun á fyrirkomulaginu lúta að því að endurskoða og, eftir atvikum, afnema skilgreiningar í lögum á því hvaða brot eru svívirðileg að almenningsáliti og hafa í för með sér flekkum mannorðs, samanber ákvæði 4. og 5. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, og afnema jafnframt með öllu ákvæði í almennum hegningarlögum um uppreist æru. Þess í stað yrði mælt fyrir um það í viðkomandi lagabálkum í hvaða tilvikum sakaferill skuli leiða til missis tiltekinna borgaralegra réttinda, svo sem kjörgengis, embættisgengis eða tiltekinna starfsréttinda. Megi þannig taka eðlilegt tillit til þeirra ólíku hagsmuna sem eru í húfi varðandi mismunandi störf og réttindi. Jafnframt verði alveg horfið frá þeirri framkvæmd að stjórnvöld taki ákvarðanir um uppreist æru.

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að vísa í þó nokkuð ítarlega greinargerð sem fylgir frumvarpinu, en ætla í ræðu minni einungis að stikla á stóru. Ég vil halda áfram að ræða um þá nauðsynlegu heildarendurskoðun sem ekki er ráðist í í þessu skrefi málsins. Hún stendur yfir í dómsmálaráðuneytinu. Flutningsmenn telja mikilvægt að tillögur um hana fái ítarlega lýðræðislega umfjöllun og síðan, þegar tíminn kemur, þinglega meðferð á Alþingi. Þannig stendur hins vegar á nú í aðdraganda kosninga að ekki mun vinnast tími til þess að ljúka slíkri meðferð, slíkum undirbúningi. Með frumvarpinu er því lagt til að við stígum fyrsta skrefið í átt að heildarendurskoðun. Þannig erum við einungis að leggja til að hér verði stöðvud sú framkvæmd sem fylgt hefur verið um áratugaskeið, þ.e. að stjórnvöld veiti uppreist æru samkvæmt heimildarákvæði 85. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Verði frumvarpið að lögum er eins og áður segir óhjákvæmilegt að vinnu við heildarendurskoðun verði fram haldið og að Alþingi samþykki innan tíðar ný lög þar sem afstaða er tekin til ýmissa álitafna sem reifuð eru í greinargerð með frumvarpinu.

Það má segja að eins og málið hefur verið unnið fram til þessa hafi verið horft á þá nauðsynlegu vinnu sem ráðast þarf í sem tvo áfanga. Í þeim skilningi erum við að leggja til að fyrri áfanginn verði kláraður. Heildarendurskoðunin, þar sem menn fara yfir allt lagasafnið og gá eftir því hvar óflekkað mannorð er að finna sem skilyrði fyrir borgaralegum réttindum, er þá síðari áfanginn.

Ég myndi jafnvel vilja bæta því við að ekki er ólíklegt að niðurstaðan verði á einhverjum tímamarki að menn vilji síðan fara í þriðja áfangann og velta því fyrir sér hvort ástæða sé til að staldra viðar við í réttindum sem hingað til

hafa ekki krafist óflekkaðs mannorðs og spyrja: Ja, þar sem við höfum víða í lögum slík ákvæði sem gera kröfu um að menn hafi ekki gerst brotlegir við lög þannig að tiltekin refsing hafi verið dæmd þá er mikilvægt að jafnræðis sé gætt milli starfsstétta, milli ólíkra réttinda. Það er auðvelt í sjálfu sér að láta fram í hugann streyma ýmis dæmi sem myndu orka tvímælis að við myndum ekkert að fjalla um ef ráðast á í heildarskoðun þessara mála á annað borð. Ég hef hins vegar fullan skilning á því að eins og mál hafa þróast á þessu ári og eins og við höfum í þeirri umræðu beint sjónum okkar að gildandi lagaákvæðum, að í þessum tveimur áföngum sé eingöngu um eins konar tiltekt í þessu efni að ræða.

Mig langar til þess að vekja sérstaka athygli á sögulegu yfirliti sem er að finna í greinargerð með frumvarpinu og umfjöllun um norrænan rétt. Það er t.d. athyglisvert að sjá að Svíar afnámu heimildir til að svipta menn borgaralegum réttindum á 19. öld. Það er ekki að finna ákvæði um uppreist æru í núgildandi hegningarlögum í Svíþjóð. Það væri síðan hægt að velta fyrir sér ýmsum lagalegum og siðferðilegum álitamálum, stjórnarskrárvörðum réttindum, persónuréttindum, atvinnufrelsisréttindum og slíkum þáttum í þessu samhengi. Eflaust verður það hluti hinnar almennu umræðu þegar að því kemur. En á þessum tímamarki erum við sem sagt að taka áfanga. Jafnvel þótt við séum bara að leggja til að þingið stigi þetta fyrsta skref, ljúki þessum fyrsta áfanga endurskoðunarinnar, þá koma engu að síður upp ýmis álitamál sem reynt er að bregðast við í 4. kafla greinargerðarinnar, á bls. 4 og 5 í frumvarpinu. Þar er samandregið komist að þeirri niðurstöðu að það standist skoðun að gera þá breytingu sem hér er lögð til enda sé það yfirlýst markmið þingsins að ráðast í beinu framhaldi í frekari breytingar. Það má segja að með ákveðnum hætti sé lög- mæti þessara væntanlegu laga, verði frumvarpið samþykkt, dálítið háð því að Alþingi risi undir því, sem látið er fylgja hér, að vinnunni verði lokið, þessari heildarendurskoðun. Um þetta er fjallað í 4. kafla.

Ég vil síðan undir lok máls míns hvetja til þess að frumvarpið gangi til allsherjar- og menntamálanefndar og fái þar viðeigandi umfjöllun jafnvel þótt við gerum ráð fyrir því að þingið ljúki störfum í dag. Ég tel það ekki óraunhæft sökum þess að málið hefur verið til skoðunar nú svo vikum skiptir. Ráðuneytið er reiðubúið til þess að veita öll svör og skoða öll álitamál sem upp kunna að koma í þessu sambandi. Eins og hér hefur verið rakið hefur málið verið undirbúið í marga mánuði í raun og veru og heildarendurskoðun hefur staðið yfir þannig að ég tel ekki neina godgá að afgreiða málið eins og hér er lagt til. Mér finnst hins vegar að þingið eigi ekki að taka því af neinni léttúð að það eru ákveðnar stjórnskipulegar spurningar sem menn þurfa að taka afstöðu til.

Ein af afleiðingum þess að ljúka þessum áfanga án þess að heildarendurskoðun hafi átt sér stað er að þá skapast vissst lagalegt tómarúm. Ég bendi t.d. á að kjörgengi eru réttindi sem hafa hingað til verið varin af því fyrirkomulagi sem við tókum hér til endurskoðunar og í raun og veru afnemum. Það má segja að þeirri spurningu sé ósvarað í lögum með hvaða hætti menn geti að nýju endurheimt kjörgengi þegar fyrirkomulagið við að reisa upp æru og öðlast

með því óflekkað mannorð hefur verið afmáð úr hegningarlögum. Þá stendur eftir spurningin hvernig eigi að ljúka þeirri meðferð. Svarið við því verður að koma í því sem ég mundi vilja kalla bandorminn, það kemur í bandorminum sem fylgir. Ég ætla ekki að setja af stað langa umræðu um öll þau mál sem þar koma fram. Ég vildi bara hafa minnst á það lauslega að mér finnst stundum í almennri umræðu um þessi mál að það sé vanmetið hversu vandasamt verk það verður að fara yfir hvert og eitt einasta tilvik og spyrja: Með hvaða hætti eiga menn að nýju að öðlast þau réttindi sem hér eru undir, hvort sem það eru lögmansréttindi eða einhver önnur almenn réttindi, réttindi til þess að taka sæti í stjórnnum hlutafélaga o.s.frv.? Það verður vandasamt verk fyrir Alþingi að velta fyrir sér öllum spurningunum sem upp kunna að koma vegna ýmissa annarra starfsstétta sem ekki hafa verið undir í þessari umræðu hingað til. Þar vísa ég aftur til jafnræðissjónarmiða sem hljóta að koma til skoðunar.

Að öðru leyti vil ég þakka fyrir ágæta samstöðu sem hefur ríkt milli formanna flokkanna um þetta. Ég vænti þess að það geti tekist breið samstaða um málið í þinginu eftir nauðsynlega nefndarvinnu.

[14:28]

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (P) (andsvar):

Frú forseti. Inntak þessa frumvarps er viss skurðaðgerð. Hún fjarlægir eitt æxli af mörgum sem uppgötvuðust eftir linnulausa baráttu brotaþola og aðstandenda þeirra sem höfðu hátt þar til kerfið brást loks við. Í þessum anda og í raun vegna þess að við tókum aðeins á einum mjög afmörkuðum þætti þessa risavaxna máls vil ég spyrja hæstv. forsætisráðherra: Hvernig sér hann fyrir sér að heildarendurskoðun geti farið fram þegar breyta þarf stjórnarskrá til þess að sú vinna geti klárast, sérstaklega þegar í ljós hefur komið eftir þessa miklu umræðu að hugtakið „uppreist æra“ og hugtakið „óflekkað mannorð“ eru ekki lengur boðleg réttarvitund almennings? Til þess að vera kjörgengur til Alþingis þarf maður að vera með óflekkað mannorð. Ef við fjarlægjum það án þess að setja neitt annað í staðinn og án þess að fara í breytingar á stjórnarskrá verður fullkomin réttaróvissa um hverjir eru kjörgengir til Alþingis í næstu alþingiskosningum.

Að lokum: Fyrir þinginu lá vandað frumvarp um breytingu á lögum um lögmenn sem átti að sjá til þess að einhvers konar efnislegt mat færi fram á því að þeir sem sækust eftir lögmansréttindum væru til þess bærir, að þeim væri treystandi fyrir því mikilvæga hlutverki sem lögmennskan felur í sér. Til að taka af allan vafa fyrir fram um að verið sé að sigta út einhverja eina starfsstétt eru náttúrlega bara tvær starfsstéttir sem tiltaka sérstaklega uppreista æru og óflekkað mannorð í þessu samhengi, það eru lögmenn og endurskoðendur. Hæstv. forsætisráðherra hlýtur að sjá eins og ég að það er talsverður munur á hlutverki endurskoðanda og hlutverki lögmans í samfélaginu varðandi það vald sem þeim stéttum er gefið yfir lífi þeirra sem oft eiga sér ekki varnar von.

Því eru spurningar mínar tvær: Hvernig sér hæstv. ráðherra fyrir sér að hægt verði að breyta og fara í þessa heildarendurskoðun án breytinga á stjórnarskrá? Og hvers vegna stóð hann á móti breytingu laga um lögmenn?

[14:30]

Forsætisráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):

Virðulegur forseti. Mér er skammtaður afskaplega naumur tími til að svara risavöxnum spurningum. Í fyrsta lagi: Það er ekkert vandamál að skilgreina það í kosningalögum hvenær menn hafa náð aftur óflekkuðu mannorði. Við gerum það í kosningalögum. Það kallar ekki á breytingar á stjórnarskránni. Það ætti að vera augljóst.

Varðandi það hvort lögmansstéttin sé einhvern veginn þannig sniðin að það þurfi sérstaklega að gæta sín á þeim sem sinna slíkum störfum verð ég bara að mótmæla. Ég tel að það standi engin rök til þess að taka lögmansstéttina eitthvað sérstaklega út úr. Þá á ekki heldur að tala bara um lögmenn og endurskoðendur heldur fjölmarga aðra sem gegna margvíslegum viðkvæmum störfum, ef menn vilja fara þá braut. Ég sé það þannig fyrir mér í framtíðinni að fara þurfi yfir lög um lögmenn, lög um endurskoðendur, já, hvort tveggja, en fjölmargar aðrar stéttir sömuleiðis. Ég ætla ekki að fara út í þá umræðu sem það myndi kalla á. En mér finnst það liggja í hlutarins eðli. Það eru svo margir sem gegna svo miklum viðkvæmum trúnaðarstörfum. Það væri hægt að nefna sálfræðinga, hjúkrunarfræðinga í barnaskólum, við gætum talað um lækna. Hvar endar þessi listi í raun og veru? Það verður afskaplega vandasamt fyrir þingið að vinna það verk.

Ég ætla hins vegar að segja að það skref sem hér er stigið er mikilvægt. Við það frumvarp sem spurt er um hér hafði ég sérstaklega þær athugasemdir að því hefði verið stillt þannig upp að Lögmannafélagið ætti að veita umsögn um hvort rétt væri að lögmenn fengju að nýju réttindi sín. Þar átti Lögmannafélagið að gá eftir almenningsálitinu, um hvort gott væri að menn fengju að nýju lögmansréttindin. (Forseti hringir.) Ég segi bara fyrir mitt leyti: Það er algerlega fráleit hugmynd, alveg jafn fráleit og að dómstólar eigi ekki bara að dæma eftir lögum heldur líka almenningsálitinu.

[14:32]

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (P) (andsvar):

Frú forseti. Hæstv. forsætisráðherra hefur kannski ekki fylgst með því að fram kom tillaga um að fjarlægja almenningsálitnið úr þessum matskenndu atriðum og var það bara sjálfsagt mál þar sem fólk hafði áhyggjur af því atriði. Ég hef heldur hvergi haldið því fram að lögmenn séu eitthvað varhugaverðari en annað fólk. Það eru tvær starfsstéttir sem lög um uppreist æru ná yfir í þeim skilningi sem við leggjum í þau akkúrat núna, það eru lögmenn og endurskoðendur. Vissulega er eðlismunur á þessu tvennu; forréttindi og aðgengi lögmanna að ýmsu í samfélaginu og aðstöðu, sem endurskoðendur hafa á engan hátt, t.d. að Barnahúsi, t.d. barnaverndargöngnum hvers konar. Margt fleira mætti telja upp. Þar á er því talsverður munur. Þegar fyrir liggur frumvarp og allir eru tilbúnir til málamiðlana spyr ég: Hvers vegna var ekki vilji til að klára það mál? Almenningsálitnið? Það var farið út. Ég skil ekki pennan fyrirlátt.

Hvað varðar þessa aðgerð þá skilur hún eftir sig fullkomna réttaróvissu um borgararéttindi þeirra sem geta núna ekki fengið æru sína uppreista og þurfa að stóla á þessi lög. Það er nú bara þannig.

Í því ljósi finnst mér vert að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort ekki hefði verið lag að sjá alla vega til þess að lögmenn sem misst hafa æru sína hefðu einhverja leið til að fá lögmansréttindi sín aftur því að það hefði líka verið niðurstaðan af lögmannaögunum.

[14:34]

Forsætisráðherra (Bjarni Benediktsson) (S)
(*andsvar*):

Virðulegi forseti. Ég nenni einfaldlega ekki að vera að karpa hér um mál sem ekki er á dagskrá og hefur aldrei verið lagt fram á Alþingi og var hroðvirkislega samið með akkúrat því ákvæði sem ég reifaði áðan um að almenningssáttmáli að ráða för við lagasetningu, (**PSÆ**: Það er búið að taka það út.) sem er algerlega með ólíkindum að menn hafi látið sér detta í hug að hefði eitthvað með lagasetningu á Íslandi að gera. Ég held að það væri nær að þingmaðurinn gerði grein fyrir því hvernig henni datt í hug að gera það að tillögu sinni (**Gripíð fram í**: Þingmaðurinn ...) að menn ættu að láta almenningssáttmáli ráða för við veitingu borgaralegra réttinda. Ímyndið ykkur! Ímyndið ykkur á hvaða brautir við erum komin í þessari umræðu þegar þingmenn leggja hér til að tekið verði til umræðu á Alþingi að almenningssáttmáli eigi að ráða för þegar borgaraleg réttindi eru annars vegar. Við vorum komin þangað.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Þetta er einfaldlega frumvarp sem ekki er á dagskrá. Sú umræða verður tekin þegar að því kemur.

[14:35]

Pawel Bartoszek (V) (*andsvar*):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir framsögu hans. Mig langar að nálgast málið út frá órlitlum efasemdarsjónarhól. Þannig er að þrátt fyrir allt erum við að afnema margra áratuga framkvæmd, hvað sem sagt verður um hana, á einum degi. Þó svo að þetta frumvarp hafi vissulega verið í smíðum í ráðuneytinu í nokkurn tíma sá ég það sem óbreyttur þingmaður fyrst fyrir örfáum klukkutímum. Í þeirri mynd sem frumvarpið var kynnt mér sem almennum nefndarmanni í allsherjar- og menntamálanefnd átti auðvitað að fylgja með sá hluti sem sneri að því hvernig menn gætu fengið ýmis borgaraleg réttindi sín aftur. En í þessum fyrsta áfanga sem hér er svo nefndur er stigið skref einungis í eina átt, þ.e. að taka burt heimild manna til að öðlast ákveðin réttindi að nýju. Menn sem fengu ákveðinn dóm í ákveðnum málum fyrir nokkrum misserum og sitja kannski núna í fangelsi gátu búist við því á sínum tíma að geta sótt þau réttindi aftur. En ef frumvarpið kemur fram með þessum hætti geta þeir það með erfiðara móti.

Auðvitað þarf að breyta ýmsum lögum í kjölfarið, eins og hæstv. forsætisráðherra nefndi. En er ekki ljóst út frá því sem stendur í greinargerð að verði það ekki gert erum við komin á hálán ís hvað varðar stjórnarskrá og mannréttinda-sáttmála Evrópu?

[14:37]

Forsætisráðherra (Bjarni Benediktsson) (S)
(*andsvar*):

Virðulegi forseti. Ætli það megji ekki segja sem svo að

framlagning þessa frumvarps hafi verið hugsuð sem skýr skilaboð frá Alþingi um að menn tækju alvarlega þá umræðu sem hér hefur átt sér stað á undanföllum mánuðum, að þingið teldi óásætlanlegt að fara heim og ganga til kosninga án þess að stíga einhver skref til að bregðast við. Það er í raun opinberað í greinargerðinni, og ég tók það fram í framsögu minni, að þetta er ekki fullkomið skref. Það má finna veika bletti á því að skipta þeim breytingum sem verða nú að eiga sér stað niður í áfanga. Í raun tók ég fram í framsögu minni að verði síðara skrefið ekki stigið, já, þá tel ég að menn séu komnir út á hála braut gagnvart atvinnufrelsisákvæðum, svo dæmi sé tekið. Og sömuleiðis gagnvart öðrum almennum borgaralegum réttindum sem varin eru bæði í stjórnarskrá og af alþjóðlegum sáttmálum.

Hins vegar efast ég ekki um að mikil og breið samstaða sé á þinginu um að halda þessari vinnu áfram. Þar sem ráðuneytið hefur lagt drög að slíku frumvarpi og er reyndar með það í umsagnarferli eins og rakið er í frumvarpinu finnst mér eins og ég sjái fyrir endan á því skrefi sömuleiðis, jafnvel þótt kosið verði seint í næsta mánuði. Það er ekki gallalaust að fara þessa leið. Mér finnst hins vegar skipta máli að skýr skilaboð komi frá þinginu, (Forseti hringir.) eins og ég rakti hér áðan, og ég tel að þau lagalegu álitafni sem hér rísa séu víðráðanleg.

[14:39]

Pawel Bartoszek (V) (*andsvar*):

Virðulegi forseti. Ég er kannski ekki jafn viss og margir aðrir um að það sé hlutverk þingsins með lagasetningu sinni að senda skilaboð, heldur fyrst og fremst að búa til umgjörð um þau réttindi sem borgaramir hljóta. Það er staðreynd að nýtt þing mun koma saman að loknum kosningum. Jafn mikið og ég myndum vilja getum við ekki að fullu lofað hvað muni gerast á því þingi. Það er ekki fullvíst að þeir sem þar taka sæti muni gera borgaraleg réttindi sakamanna, brotamanna, að áhersluefni í málflutningi sínum og það verði sett í forgang.

Þess vegna langar mig einfaldlega að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort hann muni leggja á það þunga áherslu í þeim víðræðum um stjórnarmyndund eða framtíð þingstarfa á næsta þingi, fari svo að hann nái kjöri, að þessi mál verði sett í forgang og vinnu við þau lokið sem fyrst.

[14:40]

Forsætisráðherra (Bjarni Benediktsson) (S)
(*andsvar*):

Ég get svarað því játandi að það sé augljóst að lögð verði áhersla á að ljúka þeirri vinnu. Það er ekkert annað í boði hér. Það er hluti af því að styðja málið að styðja áframhaldandi vinnu við heildarendurskoðunina.

Það má síðan margt segja um þá umræðu sem átt hefur sér stað undanfarna mánuði og varðar annars vegar þetta hugtak, þá upplifun sem þolendur í t.d. kynferðisbrotamálum hafa haft af framkvæmdinni, vegna þess að sá þáttur málsins er í raun og veru annars eðlis en spurningin um hvort yfir höfuð tiltekin sértæk eða almenn borgaraleg réttindi skuli aftur endurreist eftir að viðkomandi hefur tekið út sína refsingu. Mér sýnist stefna í að slík endurheimt borgaralegra réttinda muni framvegis samkvæmt þeim bandormi

sem mun koma fram á Alþingi innan tíðar tryggja að það muni gerast með sjálfkrafa hætti í framtíðinni, það verði engin umsókn, engin meðmæli, engin stjórnsluákvörðun, það verði ekki undir mati ráðherrans komið eins og heimildarákvæðið kveður á um í dag, heldur verði það einfaldlega fest í lög hvort og þá hvenær viðkomandi getur öðlast tiltekin sértæk réttindi. Almennu réttindin, og þá er ég sérstaklega að vísa til kjörgengis, held ég að sé algerlega óumdeilt að menn eigi að endurheimta.

Þessi þáttur málsins hefur kannski ekki fengið mjög mikla athygli eða umræðu. En að þessu leytinu til kann það sem sagt að verða niðurstaðan af allri endurskoðuninni að í vissum tilvikum mun það reynast fólki einfaldara, (Forseti hringir.) auðveldara, auðsóttara, að endurheimta réttindin sem öll umræðan hefur snúist um.

[14:43]

Birgitta Jónsdóttir (P):

Forseti. Það er gott að við erum að fara að gera eitthvað í þessum málum. Það er samt þannig að ef það er ekki alveg afmörkuð skýr tímalína á því hvernig eigi að halda áfram með málið — við vitum ekkert hvað gerist, við vitum ekki hversu langan tíma næstu ríkisstjórn tekur að reyna að koma sér saman — þá er ansi hætt við að mjög margir búi við óvissu. Þó svo að þetta séu viðbrögð við hörmulega lélegri meðferð í stjórnslunni á umsóknum um uppreist æru þá eru margir sem óska eftir að fá uppreist æru með þannig afplánum á bakinu að þeir munu eiga, samkvæmt anda laganna sem á að gera á næsta kjörtímabili, rétt á að sækja um og geta fengið þau réttindi sem þeir sækjast eftir. Það er náttúrulega mjög mikilvægt að hafa í huga. Mér finnst hafa verið svolítil misskilningur í umræðunni varðandi þetta því að annars vegar búum við sem betur fer í samfélagi sem er betrunarsamfélag. Þeir sem með sanni hafa betrast við að sitja í fangelsi rétt svo sem aðrir fá borgaraleg réttindi eftir að þeir hafa afplánað. Sem betur fer erum við ekki eins og Bandaríkin. En á hinn bóginn sýnir allt ferlið í kringum þetta mál að það er eitthvað rosalega mikið að framkvæmd ýmissa ákvæða og reglna og hefða í stjórnslunni.

Ég vonast til þess að það verði ekki einvörðungu hafður sá háttur á að framkvæmdin á þessu verði skoðuð og sett í eðlilegra og opnara ferli, heldur eigi það við um önnur mál sem eru einhvern veginn afgreidd fyrir luktum dyrum.

Það sem mér þætti gott að kæmi fram einhvers staðar í þessu ferli er að framkvæmdin, ástæða þess að við erum að fara að breyta lögum um uppreist æru, hefur valdið fólki miklu tjóni, sérstaklega og aðallega brotápolum og fjölskyldum þeirra. Ég hef ekki orðið vör við að þeir sem lögðu þetta frumvarp fyrst fram og aðalflutningsmaður þess hafi gert mikið til að laga þann skaða sem þessu fólki hefur verið unninn eftir að það er þó búið að fara í gegnum mjög erfða lífsreynslu.

Ég segi eins og hv. þm. Pawel Bartoszek að mér finnst þetta ekki vönduð lagasetning. Mér finnst þetta ekki vera á þann veg sem Sjálfstæðisflokkurinn talar gjarnan um og bara núna rétt áðan þá var talað um mikilvægi þess að lög væru vel unnin. Í stað þess að rífa þetta svona í sundur til þess að skora kannski einhver stig hefði verið hægt að afgreiða það með yfirlýsingu, það hefði verið hægt að taka

lögmannalögin inn í þetta ferli. Það var búið að bregðast við ábendingum sem komu fram á fundum formanna um hvað mætti betur fara og reyna að laga það þannig að Sjálfstæðisflokkurinn gæti stutt það. En það var nú þannig að það var fyrst og fremst Sjálfstæðisflokkurinn sem vildi ekki breyta lögum um það hverjir geta fengið lögmannsréttindi.

Ég tel að þetta sé í raun og veru skref fram á við, en á sama tíma, eftir reynslu mína á þingi, þá treysti ég því ekki að þetta endilega vel nema gerð verði um þetta mjög stíf aðgerðaáætlun. Það kemur t.d. fram í máli háttvirts eða réttara sagt forsætisráðherra — ég veit ekki hvort maður kalli ráðherra sem situr í vantrausti í starfsstjórn hæstvartan, þannig að ég ætla bara að sleppa því, forseti — það kemur fram í orðum forsætisráðherra í starfsstjórn að hann telji að það sé bara hægt að skítamixa til að fara fram hjá stjórnarskránni. Mér finnst það mjög furðuleg orð. Ég skil þetta ekki alveg.

Ég vona að allsherjar- og menntamálanefnd sem fær þetta mál væntanlega inn á borð til sín fái minnisblað um hvort einhver réttaróvissa sé í málinu, hvort það sé einhver óvissa ef þessi bandormur verður ekki kláraður mjög hratt. Höfum við eitthvað garantí fyrir því að næsta þing muni fara strax í þá vinnu? Ég vonast til þess að það komi mjög skýrt fram hver vilji okkar er. Það er alveg nauðsynlegt að það fylgi hreinlega með lögumum því að við erum nýbúin að uppgötva það í lögum um útleiðinguna að ef eitthvað stendur ekki skýrt í lagabálknum og stendur bara í greinargerð þá telja þeir sem framfylgja lögum að þeim beri ekki að skoða anda laganna og það sem kemur fram í greinargerðum og ræðum þingmanna.

Það er alltaf að koma betur og betur fram að við verðum að vanda betur til lagasetningar. Þau lög og tillögur sem við erum með á borðinu á þessu stutta þingi hefðu þurft meiri tíma en einn dag til þess að klára þau, það er bara þannig, forseti. Mér finnst mikilvægt að sýna þeim sem hafa þurft að þjást út af þessu máli þá virðinguna að við gefum okkur þann tíma sem við þurfum til þess að fara ítarlega yfir þetta þannig að við lendum ekki enn og aftur í því að það er galli í þeirri lagasetningu sem kemur frá okkur á þinginu.

[14:50]

Svandís Svavarsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, þ.e. þá breytingu að fella út hugtakið „uppreist æru“ úr 84. og 85. gr. laganna í samræmi við þá umræðu sem átt hefur sér stað í samfélaginu allt frá því í vor.

Forseti. Það sem við horfumst í augu við hér er að mörgu leyti viðbragð, pólitískt viðbragð við þeim veruleika sem við verðum öll að horfast í augu við og eigum að horfast í augu við og megum ekki líta undan.

Árið 2015 héldum við á Íslandi upp á 100 ára kosningarétt kvenna. Á þeim tíma og frá því á þeim tíma hefur hver femíníska bylglan af annari og kraftur haft áhrif um allt samfélagið. Við getum nefnt druslugönguna. Við getum nefnt brjóstabyltinguna. Við getum nefnt *Fokk ofbeldi*. Við getum nefnt alls kyns grasrotarhreyfingar sem hafa risið upp og krafist þess að þolendur kynferðisbrota eigi að hafa

hátt, megi hafa hátt og eigi að krefjast þess að samfélagið hætti að þagga þessi vandamál niður, að samfélagið taki mark á þessum röddum og samfélagið bregðist við með því að endurskoða alla lagaframkvæmd, alla lagaumgjörð og alla framkvæmd laga í samfélaginu, brotapolum til góðs.

Þessi bylgja sem við erum partur af núna er bylgjan sem sprengdi ríkisstjórnina. Ríkisstjórnin á Íslandi sem sat aðeins í nokkra mánuði og endalok hennar er partur af kvenfrelsis sögu Íslands. Sá endapunktur er partur af femínískri baráttusögu vegna þess að komið var að því að það risu svo sterkar bylgjur að ekki dugði að halla sér að hefðbundnum stjórnámalámlíkivörðum um hagvöxt, efnahagsstjórnun og öðrum þeim mælikvörðum sem menn vilja gjarnan halla sér að þegar rætt er um stjórnsmál. Nú var komið að því að kröfur þeirra sem höfðu hátt voru ágengari og sterkari en svo að það væri hægt að horfa fram hjá þeim.

Fjölskyldur og fulltrúar brotþola Róberts Downeys vöktu máls á þessum úrelta lagabókstaf og þessari fráleitu framkvæmd, settu málið á dagskrá, ræddu uppreist æru og líka endurheimt lögmannsréttinda með dómi, sem hér hefur verið rætt í andsvörum milli hv. þm. Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur og hæstv. ráðherra. Fjölmíðlar fjölluðu um málið. Þeim ber að þakka. Fjölmíðlar hættu ekki. Fjölmíðlar tóku þátt í því að hafa hátt. Fjölmíðlar endurspegluðu það sem er gott í íslensku samfélagi, að við ætlum ekki að taka þátt í þöggun um glæpi af þessu tagi. Fyrir það ber að þakka.

Þegar stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd tók málið fyrst til skoðunar að minni ósk í júlí kom mjög fljótt á daginn að stjórnvísan að því er varðar uppreist æru er til skammar og hefur verið til skammar um mjög langt árabíl. Þar kemur í ljós að framkvæmdin hefur verið vérlæn, hún hefur verið án viðmiða. Þótt það standi í almennum hegningarlögum að forseti geti veitt mönnum uppreist æru ef formleg skilyrði séu uppfyllt og þar standi auk þess „færi umsækjandi sönnur, sem gildir séu metnar, á það, að hegðun hans hafi verið góð umræddan tíma“, þá hefur framkvæmdin orðið sú að það hefur dugað að kalla eftir umsögnum tveggja einstaklinga, sem kallaðir hafa verið valinkunnir menn þótt ekkert um það segi í lögnum sjálfum. Raunin hefur orðið sú að þessar umsagnir eru mjög almenns eðlis, fela í sér mjög almennt orðalag og engin viðmið eru til um hvað eigi að koma fram í þeim. Svo virðist sem dugi að æskufélagi segi: Þetta er góður gaur. Þetta sama ráðuneyti sem hefur hýst þessa framkvæmd um árabíl vil ég leyfa mér að segja að sé ekki hafið yfir vafa í því að leggja til umbætur á löggjöf um þetta mál.

Ég vil brýna okkur öll sem hér erum og ekki síður þau sem verða hér aftur eftir næstu kosningar, með þeim nýju þingmönnum sem fá umboð þjóðarinnar, að halda því til haga að Alþingi sjálft þarf fyrst og fremst að horfa mjög gagnrýnum augum á þær lagabreytingar sem hér þarf að gera. Við þurfum að halda utan um þetta verkefni af því að partur af hinni ómögulegu framkvæmd er á ábyrgð innviða Stjórnarráðs Íslands. Því miður. Þannig er það og það þurfum við að ræða.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir frá ráðherra er minnsta mögulega breyting á þessu lagaumhverfi. Eins og hér hefur komið fram þá standa út af stórkostlega mikilvæg álitamál eins og til að mynda starfsréttindi lögmannna sem er

að mínu mati mál sem hefði átt að ljúka á þessu þingi.

Stjórnvísan sú sem endurspeglar í þessari framkvæmd í dómsmálaráðuneyti um árabíl er hluti af djúpstæðu skilningsleysi í íslenskrí stjórnvísun og íslenskum stjórnámalum á alvarleika áhrifa og afleiðinga kynferðisbrota. Það er nefnilega svo að ráðuneytið ber líka ábyrgð í því að hafa skapað tortryggni í kringum málið með óþarfa leyndarhyggju, með því að tregðast við fram í rauðan dauðann að afhenda gögn sem gerðar voru eðlilegar kröfur um að yrðu birt, eðlilegar kröfur almennings, eðlilegar kröfur fjölmiðla og loks eðlilegar kröfur stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

Því miður er það svo að þessi leyndarhyggja og þessi nálgun á þessu mál er líka mjög djúpstæð meðal ýmissa stjórnámalanna. Í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd fjallaði formaður nefndarinnar um málið ítrekað af ákveðnu alvöruleysi og yfirlæti sem að mínu mati sáemir ekki formanni eftirlitsnefndar þingsins, gerði því skóna að þessi gögn skiptu engu máli, að enginn hefði neitt með það að biðja um þau eða skoða þau o.s.frv. En annað hefur komið á daginn.

Þau sjónarmið sem hv. fyrirverandi formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar stóð fyrir í umræðunni eru sjónarmið sem verða að heyrja sögunni til. Þetta eru sjónarmið sem við höfum því miður heyrt og heyrdum hér síðast í svörum hæstv. ráðherra Bjarna Benediktssonar í andsvörum við hv. þm. Þórhildi Sunnu Ævarsdóttur. Lítið gert úr málinum, ákveðið yfirlæti, talað niður til þeirra sem vilja halda umræðunni opinna og á lofti. Þessi tími verður að vera liðinn. Við verðum að sýna brotapolum þá virðingu og sýna þessari femínísku bylgju þann skilning að takast á við áhrif hennar með opnum huga, hlusta og bregðast við.

Í frumvarpinu eru eins og hér hefur komið fram minnstu mögulegu viðbrögð við því sem upp hefur komið. Í greinargerð með frumvarpinu er talað um lög sem þarfnast endurskoðunar verði frumvarp þetta að lögum. Það er gott. Það er aldeilis ágætt. Hins vegar er það líka svo að önnur mál verða líka að fylgja á eftir. Hvaða mál eru það, virðulegi forseti? Þessi vandi er svo djúpstæður að hér þurfum við þingmál sem leggur til úttekt á stöðu kynferðisbrota í réttarkerfinu öllu, tillögur til úrbóta sem fela í sér endurmenntun dómara, endurmenntun saksóknara, endurmenntun lögmannna, á þessu sviði. Við megum ekki hætta hér. Við eigum langt í land, en mjög mikilvæg skref voru stigin í sumar. Það er okkar að halda þessari baráttu áfram í þágu þeirrar opnu umræðu um áhrif kynferðisbrota í samfélaginu, þessi víðtæku áhrif yfirgangs og nauðgunarmenningar. Við þurfum að halda því til haga að það dugar ekki að taka eitt hugtak út úr hegningarlögum og halda svo uppteknum hætti. Það dugar ekki. Það er skref sem við eigum að stíga. Við eigum að stíga það og styðja það. En við megum ekki láta það duga vegna þess að það dugar ekki.

Við þurfum með víðtæku átaki í öllu réttarkerfinu, í öllu kerfinu, skólakerfinu, með fræðslu, endurmenntun og vitundarvakningu, að halda því á dagskrá að það er óþolandi að börn og konur verði fyrir kynbundnu ofbeldi dag eftir dag, mánuð eftir mánuð, ár eftir ár, og menn leyfi sér að yppa öxlum yfir því.

Á dögnum var söfnunin *Á allra vörum* fyrir Kvennaathvarfið. Í viðtali við forstöðukonu Kvennaathvarfsins kom fram að þá á laugardaginn var voru 29 konur sem lögðust á

koddann í Kvennaathvarfinu vegna þess að þær höfðu ekki annars staðar höfði sínu að halla. Hversu stór hluti er það af þeim sem eru að flýja ofbeldi frá sínum nánustu?

Meðan þessi mál eru enn þá svo, meðan íslenskt samfélag þarf Kvennaathvarf, meðan íslenskt samfélag þarf Stígámót, meðan íslenskt samfélag þarf á því að halda að við höfum hátt í fjölmiðlum og að brotapolar séu studdir, þá þurfum við á feminisma að halda í stjórnmálunum, við þurfum á feminisma að halda í stjórnsýslunni. Við þurfum að horfast í augu við það að með öðrum hætti verður ekki þessi angi feðraveldisins brottinn á bak aftur.

[15:03]

Pawel Bartoszek (V) (andsvar):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni kærlega fyrir ræðuna. Mig langar að innna hana eftir svipuðum sjónarmiðum og ég spurði hæstv. forseta um. Í 4. kafla þessar ágætu greinargerðar koma fram fullyrðingar sem skilja mætti sem svo að verði þetta frumvarp að lögum og ekkert annað gerist í lengri tíma erum við búin að taka ákveðin borgararéttindi t.d. af þeim mönnum sem nú aflána dóm lengri en eitt ár.

Mig langar að spyrja hana hvort hún sé sammála því mati sem fram kemur í greinargerðinni, að það eitt og sér yrði ekki gott ef það yrði varanlegt ástand. Mig langar líka að spyrja hana hvort hún muni leggja á það áherslu að þessi mál verði kláruð sem fyrst, þ.e. annar áfangi þessarar endurskoðunar verði búinn. Hversu langur tími er boðlegur sem menn sem aflánað hafa dóm sem er lengri en eitt ár geta ekki boðið sig fram til Alþingis?

[15:04]

Svandís Svavarsdóttir (Vg) (andsvar):

Forseti. Ég þakka hv. þingmanni andsvarið. Eins og fram kemur í greinargerð með málinu ber málið það algjörlega með sér að það er unnið undir tímapressu. Það var raunar afstaða mín til þessa máls að það ætti að koma fram í bráðabirgðaákvæði við frumvarpið að fara þyrfti í endurskoðun á því innan tilskilins frests einmitt til þess að halda pressu á dómsmálaráðuneytinu að ljúka við málið. Það er alltaf hætt á því að mál sem þessi reki á reiðanum eða dragist úr hófi fram. Ég tek því undir áhyggjur hv. þingmanns, það þarf að liggja fyrir eins fljótt og nokkur kostur er. Það er aldrei gott þegar ný vandamál skapast við lagasetningu, en hér vakna sannarlega spurningar sem þarf að svara. Það verður verkefni nýs þings ásamt nokkrum öðrum að svara þeim.

[15:06]

Pawel Bartoszek (V) (andsvar):

Herra forseti. Ég þakka kærlega fyrir svarið. Mig langar þá aðeins að spyrja í kjölfarið, af því að hv. þingmaður nefndi bráðabirgðaákvæði. Það var einmitt það sem ég hugsaði fyrst þegar ég sá þessa tillögu að hugsanlega mundi fara betur á því að setja annaðhvort einhvers konar þvingunarúrreði gagnvart framkvæmdarvaldinu um að koma með tillögur til þess að gera breytingar sem myndu sannarlega gefa mönnum færi á að öðlast borgaraleg réttindi, kjörgengi að nýju, eða einfaldlega að búa þannig um hnútana

að þetta tiltekna ákvæði, 81. gr., yrði ekki virkt í ákveðinn tíma. Þannig kæmi ákveðin pressa á þingið að bregðast við því, í stað þess að taka í burtu ákveðinn glugga án þess að gefa þó skýr loforð um hvað kæmi í staðinn.

Mig langar því að spyrja hv. þingmann hvort hún sé engu að síður ánægð og sátt við þessa niðurstöðu eins og hún liggur fyrir, eða hvort hún hefði kosið hina og af hverju hún telji að það hafi ekki orðið niðurstaðan. Ef hv. þingmaður mundi fara í þá vinnu að leggja til einhvers konar tímafrest, hve langur tímafrestur telur hún að sé eðlilegur? Höfum það í huga að sá tímafrestur er sá tími þar sem íslenskir borgarar, sem aflána dóma lengur en eitt ár, hafa ekki möguleika á að bjóða sig fram til Alþingis.

[15:07]

Svandís Svavarsdóttir (Vg) (andsvar):

Virðulegi forseti. Þingmanninum til upplýsingar var það svoleiðis þegar við vorum að hefja hér fyrstu fundahöld um þinglok að nefndarvið Alþingis var að byrja að draga upp útlínur að frumvarpi sem þessu vegna þess að við höfðum ekki séð neitt frumvarp enn frá hæstv. dómsmálaráðherra. Því hafði ekki verið dreift. Við höfðum ekki séð hvernig það litu út þótt það sé síðan það sem hér er lagt til grundvallar. Þannig að umræðan var á því stigi að verið var að ræða hvort sá þrýstingur, sem hv. þingmaður og ég erum sammála um að þurfi að vera í þessum gögnum, ætti betur heima í greinargerð eða bráðabirgðaákvæði. Mín afstaða var sú að það væri í bráðabirgðaákvæði. Það varð ekki niðurstaðan. Síðan leggur ráðherrann til að þetta sé bara í greinargerðinni. Það er bara listað upp hvað þurfi að skoða að þessum lögum samþykktum.

Ég ætla ekki að nefna dagsetningu. Ég get ekki skotið á neina dagsetningu út í loftið. Ég myndi vilja heyra frá ráðuneytinu um hvað sé raunhæft í því. Það er ekki boðlegt að sá tími sé langur. Ég myndi vilja hafa þann ramma frekar þrengri en víðari. Ef ráðuneytið nefndi einhverja dagsetningu myndi ég vera frekar nær deginum í dag en fjær honum til að koma til móts við óskir ráðuneytisins í þeim efnum.

[15:09]

Hildur Sverrisdóttir (S) (andsvar):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Svandísi Svavarsdóttur fyrir yfirferð hennar. Mig langar að taka sérstaklega undir með þingmanninum um að það sé gleðiefni að áherslublýtingar, má segja, femínismans hafi breytt samfélaginu og hugum og viðmiðum flestra, langar mig að vona, hér á landi. Ég held að það sé gæðamerki samfélags þegar borgararnir sjálfir taka sig saman og tala hátt og skýrt um það sem þeim finnst ekki nógu gott í samfélaginu og að það sé styrkleikamerki samfélags að hlustað sé á það. Ég hef sjálf tekið þátt í þessari baráttu. Ég get vottað að það er ekki bara styrkur út á við heldur líka fyrir mann sjálfan. Ég tek undir með þingmanninum um að það er mikið gleði- og styrkleikamerki að mál hreyfist til betri vegar með þeim hætti.

Mig langar hins vegar að fá að spyrja hv. þingmann. Ég heyrði á yfirferð hennar yfir málið að umræðan í samfélaginu allt frá því í vor hafi hreyft við þessu máli. Mig langaði

að fá að spyrja góðfúslega, þar sem það er dómsmálaráðherra sem hafði ein og sér, áður en þessi mál komust til umræðu í samfélaginu, þar sem réttlætiskennd hennar var misboðið — henni fundust þessi lög ekki nógu góð. Er ekki rétt að halda til haga og fagna því líka að ráðherra dómsmála hafi ein og sér tekið sjálfstæða ákvörðun um að gera eitthvað í málinu þar sem þetta væri ekki nógu gott, þrátt fyrir að enginn annar utanaðkomandi þrýstingur væri þar á?

[15:11]

Svandís Svavarsdóttir (Vg) (andsvar):

Virðulegi forseti. Jú, ég get alveg þakkað hæstv. dómsmálaráðherra fyrir hlut hennar í að kom til móts við þetta andrúmsloft í samfélaginu og ekki síður fyrir að setja spurningarmerki við vélræna afgreiðslu mála í dómsmálaráðuneytinu, því að það hefur hún sannarlega gert. En ég vildi að ég hefði jafnframt séð að hæstv. dómsmálaráðherra og aðrir ráðherrar í ríkisstjórninni, kannski sérstaklega ráðherrar Sjálfstæðisflokksins, hefðu nálgast málið og umræðuna af meiri auðmykt almennt. Því miður fór allt of mikið fyrir því að talað væri af yfirlæti um þessi mál. Án þess að ég vilji fara að ræða orð fjarstaddir þingmanna held ég að allir átti sig á hvað hér er átt við.

Ég vil þannig ekki láta hjá líða að halda hlut Sigríðar Andersen til haga í því að hún hafi komið til móts við málið með því að skoða það í ráðuneyti sínu. Mér finnst það mikilvægt. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir að nefna það og halda þeim hlut ráðherra síns til haga í þessari umræðu. En eigi að síður held ég að það væri góð lexía fyrir stjórn málin almennt að við hlustuðum meira eftir því að stjórn málaumræðan snýst ekki bara um efnahagsmál, hún snýst líka um tilfinningar, líka um hvenær manni er misboðið, um þegar brotapolur er nóg boðið, um hvernig börnum líður og hvernig fólki líður heima hjá sér. Pólitík snýst nefnilega líka um gildi og það hvers virði samfélagið er á hverjum einasta degi. Það finnst mér vera lærdómurinn eftir það þegar ríkisstjórnin sprakk núna á dögnum að menn þurfa að átta sig á að pólitík er flóknara viðfangsefni en bara efnahagslegir málaflokkar. Síðustu tvær ríkisstjórnir féllu, ekki vegna efnahagsmála, heldur vegna ákveðins trúnaðarbrests milli stjórnvalda og þjóðarinnar (Forseti hringir.) á hverjum tíma. Það finnst mér að þurfi líka að vera lærdómurinn.

[15:13]

Hildur Sverrisdóttir (S) (andsvar):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni svarið. Varðandi lokaorð hennar held ég að yfirmönnum stjórnsýslunnar sé stundum vorkunn að vinna annars vegar innan lagaumhverfis þar sem þeir hlíta ákveðnum lögum og reglum til að gerast ekki brotlegir í störfum sínum, og hins vegar að mæta umræðu eða kröfum þar sem þeir skynja sjálfir sársauka og hafa mikinn skilning á málunum en eru í viðjum lagarammans. Þeir eru kannski bundnir af því að þurfa oft og tíðum að stíga önnur skref en þeim sjálfum líður vel með, því miður.

Mig langar því tengt að spyrja hv. þingmann út í orðalag hennar varðandi það frumvarp sem hér liggur fyrir, sem fyrir mína parta eru einmitt viðbrögð ráðamanna til að

mæta ákalli, þótt ekki væri nema til að bæta huglægt tjón þeirra sem urðu sárir og reiðir í umræðu sumarsins, þó að allir hér séu sammála um að þetta sé ekki fullkomin lög-gjöf. Þetta er ekki síðasta skrefið. En er ekki verið að reyna þarna, innan marka laga, að mæta ákalli samfélags?

Þar sem hv. þingmaður stendur hér og segir að þessi lagasetning gangi ekki nógu langt langar mig að spyrja hana góðfúslega og virðingarfyllt: Verið er að mæta ákalli samfélagsins með þessu fyrsta skrefi. Er ekki örliftil þversögn í því annars vegar að segja núna að það gangi ekki nógu langt og segja svo í hinu orðinu þegar ráðamenn fylgdu lögum og reglum, að þeir hafi átt að gera eitthvað annað af því að þeir áttu að mæta samfélaginu? (Forseti hringir.) Mig langar aðeins að fá betri útskýringu á því.

[15:16]

Svandís Svavarsdóttir (Vg) (andsvar):

Forseti. Í fyrsta lagi er það alveg rétt að það frumvarp sem hér er til skoðunar er hluti af viðbrögðum okkar á Alþingi, þar með talin fráfarandi ríkisstjórn, við þessu ákalli í samfélaginu. Ég vona að það hafi verið alveg skýrt af minni hálfu. En þegar ég segi að þetta gangi ekki nógu langt hef ég fyrst og fremst áhyggjur af því sem er umfram það sem fram kemur í greinargerðinni og varðar það sem stundum er kallað bandormurinn, þ.e. þá lagabálka aðra sem fara þarf inn í vegna starfsréttinda. Þá er ég að tala um að við þurfum að fara miklu nær rótunum í málum sem þessum, þ.e. stöðu brotþola kynferðisbrota. Við þurfum að fara nær rótunum inni í samfélaginu öllu. Því megum við ekki gleyma. Þetta snýst ekki bara um uppreist æru og framkvæmd þeirra laga eða það hvernig brotamenn, kynferðisbrotamenn eða aðrir brotamenn, koma aftur inn í samfélagið eða öðlast aftur starfsréttindi eða borgaraleg réttindi.

Ég vil síðan aðeins dvelja við það sem hv. þingmaður nefndi um mismunandi hlutverk ráðherra, eins og ég skildi hana, þ.e. að ráðherrum væri nokkur vandi á höndum því að þeir eru annars vegar embættismenn sem þurfa að lúta þeim reglum sem embættið felur í sér, og hins vegar pólitískir leiðtogar í sínum málaflökki. Og stundum fara þeir fyrir sínum eigin flokki að auki. Þeir þurfa því að freista þess að ná að halda jafnvægi á milli þessara þátta, að rækja skyldur sínar sem embættismenn þannig að það sé allt saman hafið yfir vafa. En jafnframt þurfa þeir að gæta að sambandi sínu við samstarfsflokkana, við kjósendur, við Alþingi o.s.frv. Mér finnst þetta mál vera gott dæmi um mál, og ég held að við munum sjá það þegar við lítum til baka, þar sem ráðherrar misstu sjónar (Forseti hringir.) á þeim hluta þess hlutverks að vera ráðherrar, þ.e. hinu pólitíska hlutverks sem snýst um trúnað við kjósendur, Alþingi og samstarfsflokka.

[15:18]

Gunnar Bragi Sveinsson (F):

Virðulegi forseti. Ég er svolítið að velta fyrir mér dag-skrá þessa fundar. Nú hefur forseti lokið fleiri þingum hér en ég mun sjálfsagt nokkru sinni gera. En við erum enn og aftur að ræða mál sem samið er um í einhverri pressu, mál sem reynt er að koma í gegn með einhvers konar samningum og þeim er breytt og svo framvegis.

Við vorum hérna fyrir tæpu ári síðan á svipuðum slóðum, minnir mig, að semja um einhver mál eða reyna að klára þingstörf. Ég verð að segja að þetta eru allt mikilvæg mál. En ég spyr, herra forseti: Hvernig stendur á því að við erum ekki með hér á þessari dagskrá eitt brýnasta málið sem leysa þarf úr í dag? Ég tek ekki undir með hv. þingflokksformanni Vinstri grænna um að mikilvægasta málið sé að koma börnum í skjól, ég held að hún hafi sagt það. Það er mikilvægt mál. En það er jafn mikilvægt að koma til móts við og bjarga fjölskyldum sauðfjárbændna sem enginn hefur nefnt hér í þessum sal.

Nú ranghvolfa sumir þingmenn augunum.

Mig langar bara að vita: Hverjir komu í veg fyrir að hægt væri að leysa þau mál fyrir þinglok? Hverjir stóðu að því? Mér er sagt að það hafi verið rætt á fundum formanna að leysa þau mál en ekki hafi náðst um það samkomulag. Ég sagði á þingflokksfundum í síðustu viku að ef þetta yrði skilið út undan tæki ég ekki þátt í að afgreiða þau mál sem hér eru á dagskrá. Því að það mál sem ég nefndi hér; fjölskyldur, býli, framtíð, atvinna sauðfjárbændanna, er ekki minna mikilvægt en þessi þrjú mál hér, svo því sé nú haldið til haga.

Ég bið þingmenn að hafa það í huga.

[15:21]

Pórhildur Sunna Ævarsdóttir (P):

Herra forseti. Með frumvarpi þessu er um að ræða lítinn plástur á svöðusár þolenda kynferðisofbeldis og annarra sem hafa átt um sárt að binda vegna ómurlægra stjórnarháttanna í þessu máli sem og öðrum sem tengjast uppreist æru. Þessi plástur græðir ekki þau sár sem urðu af uppreist æru Róberts Árna Hreiðarssonar. Eða Hjalta Sigurjóns Haukssonar.

Hann græðir ekki sárin sem hlutust af því þegar ædsti dómstóll þessa lands komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri varhugavert að maður sem dæmdur hafði verið fyrir að misnota fimm ungar stúlkur fengi lögmannsréttindi sín að nýju. Ekki varhugavert.

Þessi plástur sem hér liggur fyrir græðir ekki sár þeirra sem höfðu hátt, leituðu svara og kröfðust þess að á þau yrði hlustað en fengu aðeins hroka, yfirlæti og smættun þeirra brota sem þau höfðu þolað fyrir vikið.

Þessi plástur breytir engu um þá framkomu stjórnvalda að neita brotapolum og aðstandendum þeirra um sjálfsagðar upplýsingar um hvernig það megir vera að kvalara þeirra sé veitt mannorðsvottorð af ráðherra og hvernig að því var staðið. Neitað um aðgang að sjálfsögðum upplýsingum með hortugum yfirlýsingum um að þau ættu á þeim engan rétt.

Þessi plástur breytir engu um það að hæstv. dómsmálaráðherra talaði um vélræna afgreiðslu sem þessi mál hafa hlotið, um það hvernig hver ráðsmaðurinn á fætur öðrum steig fram og sagði: Ég ber ekki ábyrgð á þessu, kerfið gerir það, ég gerði þetta ekki, ég skrifaði bara undir af því að kerfið sagði mér að skrifa undir, það var bara eitthvert minnisblað sem lét mig gera það. Þetta breytir engu um það.

Hér erum við að tala um skurðaðgerð sem fjarlægir eitt lítið æxli af mörgum sem upp komu eftir að brotapolar og aðstandendur þeirra fóru að hafa hátt. Og þetta þing var

ekki reiðubúið að taka fyrir annað öllu stærra sem var það að ekki þykir varhugavert að maður sem hefur misnotað fimm ungar stúlkur fái lögmannsréttindi sín að nýju. Honum er greinilega treystandi því að ekki þykir varhugavert að hann fái þau að nýju og ekkert skal gert til að tryggja að álíka ástand komi ekki fyrir aftur áður en við göngum til kosninga. Enda er ekki varhugavert að menn sem drepa aðra menn eða misnota ungar stúlkur eða misnota fatlaðar konur geti bara fengið þá forréttindastöðu í samfélaginu að vera lögmenn.

Herra forseti. Hér lá fyrir tillaga um að einhver, bara einhver, aðili tæki þá ábyrgð að vegna og meta hagsmuni einstaklings sem sækist eftir að fá þau forréttindi að gegna starfi lögmanns aftur að nýju eftir að þau hafa verið af honum tekin vegna brota sem nota bene geta kallast svívirðileg af almenningi, vegna og meta þau gagnvart hagsmunum samfélagsins um hvort samfélaginu beri að treysta mönnum sem hafa gerst sekir um að misnota aðstöðu sína, um að misbeita valdi sínu, um að nota kúgun, blekkingar og aðrar viðbjóðslegar athafnir til að neyða fólk, nauðga því eða kúga á annan hátt. Hvort samfélagið þarfnist kannski ekki lögmanna sem hafa ekki gerst sekir um slíkt.

Í þessu samhengi má ég til með að leiðrétta þá rangfærslu sem fram kom í máli sitjandi forsætisráðherra um að sú sem hér stendur hafi lagt til að Lögmannafélag Íslands skyldi á einhvern hátt meta hvað almenningi segði um brot þeirra manna sem sækjast aftur eftir lögmannsréttindum. Það er bara alls ekki rétt. Sú sem hér stendur lagði fram frumvarp sem einfaldlega tók fyrir að fólk sem gerst hefði sekt um að misnota börn, nauðga fólk, drepa fólk og standa að annarri kynferðislegri misbeitingu geti bara fengið lögmannsréttindi. Hins vegar kom fram sáttatillaga, hún er ekki úr minni smíðju, sem sá til þess að það yrði alla vegna eitthvert efnislegt mat þannig að einhver aðili, í þessu tilfelli Lögmannafélag Íslands, tæki á sig þá ábyrgð að vegna og meta þá samfélagslegu hagsmuni sem felast í að það séu heiðvirðir og góðir menn og konur sem sinna þessu mikilvæga starfi, gegn því að fólk eigi rétt á að fá einhver starfsréttindi sem lögmenn, sem er forréttindastaða í samfélaginu. Það verður einhver að leggja mat á þetta.

Hingað til hefur það ekki verið gert. Dómstólar gerðu það ekki. Sýslumaðurinn telur sig ekki geta gert það. Því lögin okkar gera enga kröfu um að það standi einhver með almenningi, með samfélaginu, með brotapolum þeirra manna sem sækjast eftir að fá lögmannsréttindi sín á ný eftir að hafa brotið með mjög varhugaverðum hætti gegn lögum landsins. Það var enginn sem tók ábyrgð á því. Þetta frumvarp gerir ekkert til að laga það. Og þetta þing var ekki reiðubúið að sjá til þess að einhver tæki ábyrgð á að þeir sem veljast til lögmannsstarfa séu þess verðir að sinna því mikilvæga starfi. Það voru mikil vonbrigði.

Þetta frumvarp gerir heldur ekkert til að taka á þeim risavaxna skorti á upplýsingafrelsi sem gildir hér á landi. Ekki nokkurn skapaðan hlut. Því mætti til dæmis breyta með nýrri stjórnarskrá, sem þetta þing hefur afþakkað pent líka.

Það sem frumvarpið, og ákvæðið, gerir hins vegar er að fjarlægja uppreist æru úr almennum hegningarlögum. Það er það eina sem það gerir. Fyrir utan að það fjarlægir þá

svívirðu sem hefur verið í almennum hegningarlögum, en þar stendur að það megi ekki minnst á brot þeirra sem hafa fengið uppreist æru sinnar. Sem betur fer, segi ég, er alla vega búið að fjarlægja þessa svívirðu úr lögum, sem er náttúrlega hörmuleg og ógeðsleg aðför að málfrelsi brotaþola. Ég fagna því að þetta frumvarp taki að minnsta kosti til þess. En það hefði mátt ganga miklu lengra. Og ef það er rétt sem hæstv. forsætisráðherra segir í ræðu sinni um þetta mál, eða í andsvari við hv. þm. Pawel Bartoszek, um að í frumvarpinu felist ákveðin skilaboð frá þinginu ætti hæstv. forsætisráðherra að sjá sóma sinn í að koma hingað og biðjast afsökunar á framgöngu sinni í þessu máli. Það mætti sitjandi dómsmálaráðherra líka gera.

[15:28]

Andrés Ingi Jónsson (Vg) (andsvar):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni framsöguna og framgöngu hennar í málinu frá því í sumar. Án þess að halla á nokkurn annan held ég að þingmennirnir Svandís Svavarsdóttir og Þórhildur Sunna Ævarsdóttir eigi öðrum fremur heiður að því að þessi mál hafi komist með jafn afgerandi hætti á dagskrá þingsins.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu eru 28 lög sem þyrfti að endurskoða í framhaldi af þessari lögfestingu. En það er eitt sem ekki er nefnt sem okkur hefur verið bent á reglulega síðan þessi mál komust í hámmæli. Það eru æskulýðslög. Það er lagabálkur sem snýr að því að til að mega sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri megi fólk ekki hafa gerst brotlegt við börn og ungmenni en uppfletting í sakaskrá standi í vegi fyrir því að þeir sem skipuleggja slíka starfsemi geti sannreynt að umsækjendur um slík störf séu með hreinan skjöld í þeim málum. Mig langar aðeins að fá þingmanninn til að koma inn á þetta.

[15:30]

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (P) (andsvar):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið. Ég tel þetta einstaklega góða ábendingu sem fram hefur komið hvað þetta varðar og auðvitað eitthvað sem verður að gera bragarbót á sem fyrst. En þetta er að sjálfsögðu hluti af stærra mengi, sem er að þetta hugtak, uppreist æra, er í lögum frá 1869 eða þar um bil. Það á náttúrlega ekki heima í nútímasamfélagi, hvernig við stöndum að þessu.

En hvernig það hefur verið túlkað og hefur ratað inn í okkar lagabálka hingað til hefur verið til þess að verja ríkið, aðallega ríkið, fyrir mönnum sem hafa gerst sekir um fjárglæfrabrot. Þetta snýr bara að því að passa upp á peninga ríkisins. Þar hafa börn, konur, lögræðissviptir til dæmis, aldrei átt neina rödd eða haft neina aðkomu. Það hefur ekkert verið gert til að tryggja að einstaklingar sem hafa brotið af sér á svívirðilegan hátt geti ekki komið að þessum störfum. Alla vega ekki með fullnægjandi hætti.

Að sjálfsögðu er þetta liður í því sem verður að skoða í þessari heildarendurskoðun. Það hafa einmitt margir komið að máli við mig: Hvers vegna ekki kennarar, hvers vegna ekki þessir eða hinir? Ég segi: Að sjálfsögðu allar þessar starfsstéttir. Það eru hins vegar einungis tvær sem hafa þetta „nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar“ nákvæmlega sem skilyrði. Þess vegna fannst mér nú líka liggja talsvert á akkúrat þessu.

En auðvitað lýsir þetta ferli allt saman þeim breytingum sem eru í gangi í samfélagi okkar, um viðhorf okkar gagnvart því hvað sé ábyrgðarstaða, um viðhorf okkar gagnvart því hvað sé valdastaða. Er valdastaða einungis sú að sýsla með peninga ríkisins eða er hún mögulega líka sú að hafa á einhvern hátt aðstöðumun eða vald yfir öðrum einstaklingum, hafa þá í sinni umsjá eða bera ábyrgð á þeim? Þetta er eitthvað sem ég held að verði að vera leiðarstefið í heildarendurskoðun á þessum lögum, þ.e. að vernda rétt og mannréttindi allra þeirra sem eru í umsjón annarra og hafa einhvern veginn minna vald en þeir sem bera ábyrgð á þeim.

[15:32]

Pawel Bartoszek (V) (andsvar):

Virðulegi forseti. Mig langaði að innna þingmanninn eftir svipaðri yfirlýsingu, afstöðu, í anda þess sem ég hef verið að fiska eftir hjá öðrum þingmönnum sem hafa tekið til máls um frumvarpið. Eins og þingmönnum er kunnugt koma fram í 4. kafla greinargerðarinnar ákveðnar efasemdir sem koma fram í orðunum, með leyfi forseta:

„Í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu hefur verið fjallað um rétt einstaklinga til að bjóða sig fram í kosningum. Dómarnir veita leiðbeiningu um að heimilt sé að mæla fyrir um vissar takmarkanir á þeim rétti, en að miklu skipti að gætt sé meðalhófs við slíkar takmarkanir og að þær séu ekki ótímabundnar.“

Frá því að við samþykkjum þessa lagabreytingu, sem ég ímynda mér að við gerum, og þangað til endurskoðun á t.d. kosningalögum fer fram, þá munu þær ráðstafanir vera með öllu ótímabundnar gagnvart ákveðnum einstaklingum, þeim einstaklingum sem hafa hlotið dóm um lengri en eitt ár. Þeir munu ekki hafa nein færi til að bjóða sig fram í þeim kosningum sem nú eru fram undan eða næstu kosningum, nema við breytum lögum.

Mig langar að spyrja hv. þingmann í ljósi þess að ég veit að hún lætur mannréttindi og borgaraleg réttindi sig varða hvort hún telji það ásættanlegt að í ákveðinn tíma geti menn ekki notið þeirra réttindi að geta boðið sig fram með neinum hætti. Mig langar líka að innna hana eftir því sem kom fram í andsvari hæstv. forsætisráðherra við fyrirspurn mína um að hann sæi fyrir sér í framtíðinni að með breyttum lögum yrði þessi endurheimt borgararéttinda sjálfvirk, hvort henni lítist vel á þá lausn eða ekki.

[15:34]

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (P) (andsvar):

Herra forseti. Í fyrsta lagi hugnast mér ekki að við séum að takmarka borgararéttindi einstaklinga, hvað þá kjörgengi til Alþingis. Hins vegar, og er ég nú mikill varðmaður borgararéttinda, þá er alltaf ákveðið hagsmunamat sem fram fer þegar svona er gert. Það er kannski prófsteinn sem við sem erum að meðhöndla þessi mál getum lagt fyrir okkur, hvort við getum sætt okkur við þessa breytingu eins og hún liggur fyrir núna vegna þeirrar réttaróvissu sem í henni felst fyrir þá einstaklinga sem mögulega gætu sóst eftir því að bjóða sig fram til þings og hafa til þess enga leið.

Mannréttindadómstóllinn hefur tiltekið þrjú skilyrði sem þarf að uppfylla til þess að skerða megi þessi helstu borgararéttindi sem eru ekki algjörlega yfir allt hafin, eins og

t.d. réttur til lífs eða bann við pyndingum, sem sagt skerð-anleg borgararéttindi. Til að mega skerða þau borgararétt-indi þarf að uppfylla þrjú skilyrði. Fyrsta skilyrðið er ein-faldlega að það séu lög fyrir hendi sem skerða þessi rétt-indi. Við þurfum að spyrja okkur: Eru eða verða lög fyrir hendi sem skerða þessi réttindi? Það mætti færa rök fyrir því. Í öðru lagi þurfa að vera málefnalegar eða réttara sagt lögmætar ástæður fyrir þeirri lagasetningu sem skerðir þau réttindi sem um ræðir. Það gæti t.d. verið vegna almanna-hags sem er mjög breitt hugtak sem stjórnvöld beita yfirleitt fyrir sig.

Ef við myndum svo segja að þessi tvö skilyrði séu upp-fyllt, sem er alla jafna raunin í þessum málum þegar við setjum fullgild lög á Alþingi og við höfum réttar ástæður að baki, þá liggur bara fyrir síðasta matsatriðið sem er hvort þessi skerðing sé nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Þar fer þetta mat fram sem um ræðir.

Það er kannski þar sem við höfum helst verið að tapa, við vegum ekki og metum almannahagsmuni á móti réttind-um þeirra einstaklinga sem verða fyrir því að borgararétt-indi þeirra séu skert. Þetta er leiðbeinandi frá Mannréttinda-dómstólnum um hvað telst (Forseti hringir.) vera réttlát skerðing á borgararéttindum. Ég kem að hinu í seinna and-svari.

[15:36]

Pawel Bartoszek (V) (andsvar):

Mig langar þá að spyrja hv. þingmann í ljósi orða henn-ar og upptalningar á þeim skilyrðum sem hún telur nauð-synleg til þess að unnt sé að takmarka borgararéttindi hvort hún telji að það sé svo í þessu tilfelli — það er kannski rök-rétt afstaða miðað við það að greiða tilteknu frumvarpi at-kvæði sitt — jafnvel þótt við myndum ekki fara í endur-skodun á öðrum lögum, jafnvel þótt við myndum ekki veita fólki rétt til að öðlast borgararéttindi sín að nýju. Við getum auðvitað ekkert lofað því hvað næsta þing gerir, það er bara þannig, allir þingmenn eru bundnir af eigin sannfæringu eða þeir sem eru kosnir í framtíðinni. Telur hún að sú skerðing sem hér er lögð til, jafnvel þótt ekkert fleira verði að gert, og frumvarpið eins og hér birtist og það lagaum-hverfi sem við það skapast fullnægi þeim þremur skilyrðum sem hún nefndi?

[15:37]

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég er ekki viss af því að ég á eftir að ræða við allsherjar- og menntamálanefnd hvort eitthvað sé hægt er að gera til þess að bæta þá réttaróvissu sem mér finnst af þessu hljótast, frumvarpinu eins og það liggur fyrir núna. Ég á eftir að fullvissa mig um að mér finnst þetta vera lögmæt skerðing. Ég á eftir að fara almennilega í gegnum það mat í höfðinu á mér og hvort þetta hugnist mér sem rétt leið í þessu máli. Það sem ég lagði fram í upphafi var í raun og veru sú aðferðafræði sem ég mun nota til þess að meta það. Ég mun taka athugasemdir hv. þingmanns um þann möguleika að við breytum svo bara engu í framtíðinni eftir það til gagnarræðis skoðunar í því samhengi.

Hv. þingmaður spurði líka í fyrri andsvari sínu hvort mér hugnaðist það að endurheimt borgararéttinda yrði á

einhvern hátt vélræn í raun og veru, sjálfkrafa, eins og hæstv. sitjandi forsætisráðherra lagði til áðan. Ég myndi segja að það færi virkilega eftir eðli brotanna hvort það ferli ætti að vera sjálfvirkt eða ekki. Eins og við höfum séð þá kann það ekki góðri lucku að stýra að skýla sér á bak við vélrænt kerfi sem kemur fram við alla jafnt. Mér finnst að þegar kemur að svona málum fari það algjörlega eftir því um hvaða starfsstétt er að ræða. Það fer algjörlega eftir því hvaða brot er um að ræða hversu mikil ábyrgð hins opin-bera er á því að hleypa fólki að í svona stöður. Það fer eftir því hvernig maður braut af sér. Það fer eftir því hvaða starfi maður vill sinna. Mér finnst ekki sjálfgefið að það gerist sjálfkrafa að fólk geti t.d. byrjað að starfa með börnum eftir að hafa brotið á þeim eftir að tíu ár eru liðin. Er nóg að bíða bara í tíu ár og vona að þá sé það í lagi? Mér finnst að ein-hver í stjórnkerfinu hljóti að þurfa að bera ábyrgð á því að meta hvort það sé varhugavert að fólk fái að starfa í slíkum geira á ný.

[15:40]

Oddný G. Harðardóttir (Sf):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna því að í dag eigi að breyta ákvæði um uppreist æru í almennum hegningarlögum. Af umræðum undanfarna daga í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum og í þingnefndum er augljóst að þörf er á slíkum breytingum. Það voru fórnarlömb barnaníðinga sem höfðu hátt og knúðu fram aðgerðir stjórnvalda. Þau og fólkið þeirra sættu sig ekki við hvernig um málið var bótið og fannst gerðir stjórnvalda gera lítið úr glæpum sem á þeim var framinn þó að hann sé með þeim alvarlegustu sem hugsast getur; ofbeldi gegn börnum, kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og nauðganir. Fjölmiðlar og þingmenn héldu málinu vakandi þó að ráðherrar og stjórnarþingmenn virtust tregir til að upplýsa málið.

Með frumvarpinu eru gerðar breytingar á 84. gr. al-mennra hegningarlaga og 85. gr. er tekin út. Þetta er fyrsta skrefið í átt að heildarendurskoðun sem nauðsynlegt er að fram fari á næsta þingi. Með frumvarpinu er einungis lagt til að stöðva þá framkvæmd að stjórnvöld veiti uppreist æru samkvæmt heimildarákvæði í 85. gr. laganna og 238. gr. fellur líka brott.

Hér hefur verið talað um hvað gerist á nýju þingi. Get-um við verið viss um það að heildarendurskoðun fari fram? Ég er sannfærð um það vegna þess að allir formenn stjórn-arflokkanna, og allir þeir þingmenn sem hafa tjáð sig um málið, vilja þessa heildarendurskoðun. Ég treysti því að hún fari fram.

Í greinargerð með frumvarpinu segir, með leyfi forseta:

„Fram hefur komið mjög víðtækur vilji til að hverfa sem allra fyrst frá núgildandi reglum og framkvæmd varðandi uppreist æru.“

Þetta er sannarlega varlega orðað því að raunin er sú að almenningur getur ekki sætt sig við annað en breytingar. Krafan um breytingar á þessum lögum er skýr og hún er há-vær. Nágrannar okkar í hinum norrænu ríkjunum eru löngu búnir að laga þetta hjá sér.

Í stuttu máli er ferillinn við uppreist æru þessi:

Þegar umsókn um uppreist æru berst ráðuneytinu er ósk-að eftir opinberu sakavottorði. Síðan er kannað hvort tíma-

skilyrði séu uppfyllt. Því næst er reynt að sannreyna góða hegðun með því að fara yfir bréf frá a.m.k. tveimur meðmælendum og kannað hvort umsækjandinn eigi ólokið mál í refsivörslukerfinu eða mál á sakaskrá sem varða fangelsi eða þann dóm sem óskað er uppreist æru fyrir. Ef þetta er allt uppfyllt þá er unnið minnisblað fyrir ráðherra þar sem lagt er til að viðkomandi verði veitt uppreist æru. Dómsmálaráðherra fer svo með málið til ríkisstjórnarinnar þar sem forsætisráðherra ber málið upp og þar á eftir gengur það til forseta.

Pessi vélræni ferill, sem kallaður hefur verið í umræðunni, þar sem enginn vill kannast við að bera ábyrgð, er óásættanlegur og krafan um breytingar er sjálfsögð og löngu tímabær. Það verður að halda áfram. Þó að allt ferlið hafi farið af stað vegna þess að dómur kvað upp úr um það að dæmdur barnaníðingur gæti fengið lögmannsréttindi sín aftur eftir að hafa fengið uppreist æru þá eru það svo mörg önnur störf sem þarf að gera skýrar kröfur um að barnaníðingur sinni alls ekki. Það má nefna kennarastörf, umönnun með fötluðum börnum og þeim sem standa veikir fyrir, skólalábstjóra og mörg fleiri störf með börnum. Allt þetta þarf að vinna vel á næsta þingi og fara þarf í gegnum þá lagabálka sem um ræðir. Það verður einnig að taka til gaumgæfilegrar skoðunar meðferð kynferðisofbeldismála í öllu kerfinu.

Herra forseti. Ég er áheyrnarfulltrúi í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og hef því fylgst með og tekið þátt í vinnunni í nefndinni og eins og aðrir fylgst með allri umfjölluninni sem farið hefur fram fyrir utan nefndina um þetta mál sem er einstaklega ógeðfellt.

Eftir kröfu og ákall fornarlamba kynferðisbrotamanns óskaði hv. þm. Svandís Svavarsdóttir eftir fundi í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og fékk stuðning nokkurra nefndarmanna fyrir þeirri beiðni. Þann 18. júlí var fundurinn haldinn og nefndin óskaði eftir því að sjá meðmælendabréfin í tilteknu máli og yfirlit yfir þau brot sem umsækjendur undanfarinna ára um uppreist æru höfðu gerst sekir um. Þremur dögum eftir þá beiðni nefndarinnar, eða þann 21. júlí, hefur dómsmálaráðherra samband við forsætisráðherra og segir honum að faðir hans sé einn af meðmælendum barnaníðings sem niðst hafði á stjúpóttur sinni í 12 ár, eða frá því hún var fimm ára.

Nefndin fékk í ágúst afhent meðmælubríf frá dómsmálaráðuneytinu í trúnaði og fulltrúi Viðreisnar á þeim fundi og allir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins nema formaður nefndarinnar gengu út af fundi og vildu ekki sjá bréfin. Í viðtölum við fjölmiðla lögðu þau áherslu á að þau vildu ekki vita nöfn meðmælenda enda skiptu þau ekki máli að þeirra mati. Dómsmálaráðuneytið synjaði fréttastofu Ríkisútvarpsins í kjölfarið um að fá að sjá bréfin og Ríkisútvarpið kærir synjunina til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar kemur síðan 11. september og fjölmiðlar fá meðmælubríf. Þá fá allir að vita um föður forsætisráðherra. Í kjölfarið fara karlmennirnir sem veittu meðmælin að afsaka eða neita aðkomu að uppreist æru barnaníðinga. Í huga fólksins í landinu stóðu þær eftir varnarlausar, unglingsstúlkur og fimm ára stúlkubarn sem urðu fyrir hræðilegum glæp sem aldrei fyrmist í þeirra huga. Og stjórnin brást vegna trúnaðarbrests.

Um leið og ég fagna því að við skulum hér vera að breyta hegningarlögum, eins og þetta frumvarp gerir ráð fyrir, lýsi ég skömm minni á þeirri leynd sem umlukið hefur málið, leynd sem virðist aðeins hafa verið til þess að verja karla sem mæltu með því að barnaníðingar fengju uppreist æru, ekki bara hvaða karla sem er heldur góðan styrktaraðila Sjálfstæðisflokksins og föður forsætisráðherra.

[15:47]

Heilbrigðisráðherra (Óttarr Proppé) (Bf):

Virðulegur forseti. Það er ekki ætlun mín að lengja þessa umræðu sérstaklega. En mér finnst mikilvægt að snerta aðeins á henni. Eins og allir vita er hér um að ræða einfalt frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum til þess að taka út heimildir til að veita uppreist æru. Þetta einfalda frumvarp er komið fram eftir langar samningaviðræður allra flokka sem sitja á Alþingi, sem eitt af örfáum málum sem við snertum á hér á þinginu áður en við göngum til kosninga. Kosninga sem við göngum til vegna þess að ríkisstjórnarsamstarfi var slitið eftir að upp komst um enn meira pukur í kringum veitingu uppreistar æru en nokkum hafði grunað að ætti sér stað.

Það að veita uppreist æru er nokkuð sem við könnumst við. Við könnumst við orðalagið, kannski ekki síst vegna þess að það hljómar ankannalega. Orðið æra er ekki hversdagslegt fyrir okkur flest, en við þekkjum það og veltum því fyrir okkur þegar við heyrum orðið æra: Hvað þýðir þetta? Hvað þýðir að hafa æru? Hvað þýðir að hafa óflekkað mannorð, eins og kemur fram í lögunum?

Auðvitað höfum við öll ákveðnar hugmyndir um það. Í samfélagi eins og hér á Íslandi eru þær hugmyndir nokkuð samhljóma. Það að vera ærlegur, að hafa gott mannorð, óflekkað mannorð, er ekki tæknileg skilgreining samkvæmt lögum, heldur nokkuð sem samfélagið tekur siðferðislega afstöðu til. Sú siðferðislega afstaða breytist.

Það er mjög ánægjulegt og ég held að við séum öll stolt af því að búa í samfélagi sem hefur þróað þessi siðferðislegu viðmið mjög hratt og örugglega og jafnvel umfram það sem gerist almennt þegar kemur að réttindum og virðingu mismunandi þjóðfélags hópa, þegar kemur að jafnrétti kynja, eins og kemur aftur og aftur í ljós að Íslendingar standa framar öðrum þjóðum. Hugtakið æra og mannorð fylgir þessum siðferðisviðmiðum.

Í íslensku lagasafni höfum við haft lög um uppreist æru, heimild til að veita uppreist æru sem er í raun og veru í mínun huga því sem næst miðaldaskilgreining. Þetta er aldargömul skilgreining sem byggir í raun og veru á því að feitar kóngur eða einhverjir miðlægir valdsmenn hafi rétt til að skilgreina hverjir séu ærlegir, hverjir séu ekki ærlegir, hverjir eigi mannorð og hverjir ekki. Síðan höfum við skrifað og háttáð mörgum lögum þannig að gert sé ráð fyrir því að menn hafi ákveðin réttindi, menn séu útilokaðir frá ákveðnum réttindum hafi þeir ekki þetta skilgreinda mannorð valdsins.

Ég held að við séum öll fyrir löngu búin að kasta því í burtu að þetta sé eðlilegt, að valdsmenn, hvort sem þeir eru ráðherrar eða hvað, hafi rétt til þess að skilgreina mannorð og æru. En löggin hafa hins vegar boðið upp á það. Og ástæðan fyrir því að minn flokkur, Björt framtíð, sá sér ekki

fært að sitja áfram í ríkisstjórnarsamstarfi er sú að upp komst um pukur og leynd í sambandi við mál í kringum uppreist æru, og ástæða þess að allt logar er að engan grunn- aði að verið væri systematískt að nota þessa lagabókstafi, að ákveðnir einstaklingar sem höfðu betri tengsl eða hreinlega meiri þekkingu á lögumum nýttu sér löngu úreltan lagabókstaf.

Síðan kemur í ljós þegar verið er að skoða þessi lög, og ég vil að það sé skýrt sagt hér að það er alveg augljóst að sitjandi dómsmálaráðherra og fulltrúar úr öllum stjórnsmála- flokkum á þingi hafa lýst yfir eindregnum vilja til þess að taka þennan lagabókstaf í burtu og koma í veg fyrir að þetta ástand haldi áfram. En þegar farið er að skoða hann sjáum við hversu mörg lög gera ráð fyrir að borgaraleg réttindi og ýmiss konar starfsréttindi séu háð því að menn séu með óflekkað mannorð. Það er talið upp í greinargerð með frum- varpinu að einum 28 lögum auk 34. gr. sjálftrar stjórnar- skrárinnar þurfi að breyta til að bregðast við því að nú sé ekki lengur heimild til að veita mönnum óflekkað mannorð.

Ég held að það sé mjög gott og mikilvægt fyrir okkur í framhaldinu að unnið verði í svokölluðum bandormi, það verði farið í öll þessi lög til að skilgreina við hvaða aðstæð- ur, ef einhverjar, hafi menn gerst alvarlega brotlegir þeir geti endurheimt borgaraleg réttindi. Mikið hefur verið talað um lögmannsréttindi, sem er auðvitað eitt í þessum lögum. En hér eru líka lagabókstafir þar sem hugtakið hefur ratað inn eins og t.d. möguleiki á stjórnarsetu í Landsvirkjun. En kjörgengi, réttur til lögmannsstarfa, endurskoðendastarfa o.s.frv. er kannski það sem er augljósast að þurfi að endur- skoða. Þá þarf að taka líka sjálfstæða ákvörðun um hvort og við hvaða aðstæður menn geti endurheimt réttindi til þess að gegna ákveðnum störfum eða kjörgengi, til dæmis.

Par sem við erum að fara í kosningar með mjög skómm- um fyrirvara og nokkuð ljóst að þetta var eitt af þeim mál- um sem við gætum ekki klárað með bandormi alla leið á þeim fáu vikum er okkur eru gefnar fram að kosningum finnst mér mjög mikilvægt að við stígum þó þetta skref, að taka út heimild til að veita uppreist æru. Að mörgu leyti er þetta sýmbólísk ákvörðun. Við vitum að við, eða næsta þing, eigum eftir að taka á hinum lögumum í bandorminum. En það að þetta þing fari heim í kosningar án þess að við samþykkjum þetta frumvarp og sýnum almenningi á Ís- landi, sýnum fólki sem hefur verið að mörgu leyti eins og flakandi sár svo mánuðum skiptir vegna þessara mála, sýn- um þolendum sem hafa fengið fréttir eftir krókaleiðum af uppreist æru brotamanna, að við sýnum fólki þá virðingu að staldra við og draga þessar heimildir til baka, held ég að sé spurning um sæmd Alþingis. Ég fagna því að við séum með þetta mál hér á dagskrá, styð það þad heils hugar, en legg líka mikla áherslu á, og það verða að vera skilaboð til næsta þings, að sú vinna sem er eftir, sá bandormur eða þær laga- breytingar sem eru eftir, að unnið verði í þeim hratt og ör- ugglega.

[15:57]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra minntist á að málið tengdist ákveðnum trúnaðarbresti sem varð til þess að ríkis- stjórnarsamstarfið slitnaði. Í umræðum nýlega hefur verið

vakin athygli á því að eftir að umboðsmaður Alþingis kom á nefndarfund og útskýrði að ekki hefði verið rangt að veita upplýsingarnar, eða hvernig sem það var, var því spyrnt við að það hefði verið upphlaup hjá Bjartri framtíð að slíta stjórnarsamstarfi út af trúnaðarbresti. Ýjað var að því að það hefði ekki verið neinn trúnaðarbrestur. En ég skil alla vega að trúnaðarbresturinn hafi verið annars staðar en um- boðsmaður Alþingis lýsti á nefndarfundinum. Mig langaði að biðja hæstv. ráðherra að útskýra betur hver þessi trúnað- arbrestur var í raun og veru til þess að enginn vafi leiki á því af hverju þetta mál var svona mikilvægt í samstarfi ríkis- stjórnarflokkanna.

[15:58]

Heilbrigðisráðherra (Óttarr Proppé) (Bf) (andsvar):

Virðulegur forseti. Ég þakka andsvarið. Það er einfalt að segja frá því, þó svo að það komi ekki beinlínis þessu frum- varpi við, en sá trúnaðarbrestur sem olli því að Björt fram- tíð ákvað að slíta stjórnarsamstarfinu er, eins og hv. þing- maður bendir á, ekki lagatæknilegur. Hann er annars vegar sá trúnaðarbrestur sem kemur í ljós í úrskurði úrskurðar- nefndar sem úrskurðar að ólöglegt hafi verið að neita fjöl- miðlum og almenningi um upplýsingar. Það er trúnaðar- brestur sem er almennt í stjórnkerfinu, eða alla vega víða, þ.e. sú tilhneiging að veita ekki upplýsingar nema nauðsyn- legt sé, þ.e. hið staðlaða svar er að upplýsingar séu ekki veittar, en ekki að upplýsingar séu veittar nema ekki sé leyfilegt að veita þær.

Það er annars vegar sá trúnaðarbrestur sem við höfum talað um, en auðvitað er það ekki síður sá trúnaðarbrestur sem varð innan ríkisstjórnarinnar þegar ráðherrar eins ríkis- stjórnarflokksins ræddu sín á milli upplýsingar sem voru viðkvæmar pólitískt séð en upplýstu ekki um það, hvorki almenning né samstarfsflokka eða annarra ráðherra, sem í lýsti okkar huga í Bjartri framtíð vantrausti á því samstarfi sem við töldum að þyrfti traust til þess að geta staðið.

[16:00]

Pawel Bartoszek (V):

Virðulegi forseti. Ég hef í andsvörum mínum við nokkra þingmenn komið að ákveðnum efasemdum og áhyggjum sem ég hef varðandi nokkra þætti þessa frumvarps. Mig langar örsnöggt að stikla á þeim.

Í fyrsta lagi er nefnt í 4. kafla greinargerðar frumvarps- ins að samkvæmt Mannréttindadómstóli Evrópu beri að gæta meðalhófs við takmarkanir á kjörgengi og þær verði ekki ótímabundnar. Með samþykkt þessa frumvarps, þótt hér sé verið að bregðast við að margra mati nauðsynlegum hlutum, verður niðurstaðan engu að síður sú að þessar tak- markanir verða, alla vega um stund, ótímabundnar. Þeir sem eru með dóm á bakinu sem er lengri en eitt ár, eða þeir sem aflána slíkan dóm í fangelsum landsins, munu frá gildistöku þessara laga og þangað til bandormurinn verður samþykktur, ef það verður, ekki geta notið þeirra borgara- réttinda að geta boðið sig fram til þings.

Í 5. kafla um mat á áhrifum frumvarpsins er vísað í bandorminn og síðan segir, með leyfi forseta:

„Þar til þeirri endurskoðun lýkur mun frumvarpið, verði það að lögum, því hafa þau áhrif að sá hópur manna sem

ekki nýtur þeirra borgaralegu réttinda sem uppreist æru hef-
ur í för með sér, fari stækkandi.“

Þetta er auðvitað dálítið erfitt og snúíð. Það má auðvitað
spyrja sig hvenær er góður tími, hver er rétti tíminn þar sem
samfélagið býr við það réttarástand að ákveðinn hluti fólks
getur ekki endurheimt borgaraleg réttindi sín. Það sem ég
hugsa fyrst er að sá tími sé nálægt því að vera núll dagar
eða núll mánuðir. Það væri æskilegur tími sem slíkt réttará-
stand myndi vara því að við getum auðvitað ekki lofað því
hvað gerist í framtíðinni. Þrátt fyrir að í yfirlýsingum sínum
hafi margir þingmenn heitið því að þeir muni vinna að endur-
skoðun laga þegar þing kemur saman aftur, nái þeir kjöri,
þá eru menn engu að síður ekki að öllu leyti sammála um
hvað eigi nákvæmlega að felast í slíkri endurskoðun. Fyrsti
flutningsmaður frumvarpsins, hæstv. forsætisráðherra,
nefndi það í ræðu sinni að að hans mati myndi frumvarpið
hafa það í för með sér í flestum tilfellum að þessi endur-
heimt yrði sjálfvirk. Síðan hefur það komið fram hjá hv.
þm. Þórhildi Sunnu Ævarsdóttur að henni hugnaðist ekki
endilega að það myndi gilda, alla vega ekki um alla glæpi.

Ég er ekki efins um þann ásetning fólks að vilja vinna
að endurskoðun þessara laga, endurskoðun þessa bandorms,
en það getur vissulega gerst að á næsta þingi muni ekki
skapast sátt um með hvaða hætti nákvæmlega sú endur-
skoðun eigi að vera og það muni verða til þess að málið
rúlli áfram um einhverja stund. Á meðan fari vaxandi sá
hópur fólks sem ekki getur endurheimt borgaraleg réttindi
sín. Ég veit ekki hve stór sá hópur er en ég veit að það er
fólk sem situr í fangelsum landsins sem hefur ákveðnar
áhyggjur af þessu. Þetta er stundum ferli sem menn ganga í
gegnum til þess að setja ákveðinn endapunkt við ákveðið
skeið í ævi sinni, þó svo að þau dæmi sem hér hafa komið
til umræðu og komið í fréttum hafi ekki endilega vera bestu
dæmin um nýtingu á slíkum ákvæðum.

Ég ætla ekki að hafa þetta miklu lengra að sinni. Ég geri
ráð fyrir að frumvarpið verði tekið til umfjöllunar í nefnd.

Ég ætla að lokum að fara örlítið í gegnum frumvarpið.
Það er ekki langt. Í a-lið 1. gr. er talað um breytingu á 84.
gr., sem er þetta sjálfvirka ferli. Ég sé ekkert athugavert við
að því sé breytt. Að sama skapi finnst mér sjálfsagt að 2.
mgr. 238. gr. falli brott, sem fjallar um að óheimilt sé að
bera menn aftur þeim sökum eftir að þeir hafi öðlast upp-
reist æru, sem særir alla vega að einhverju leyti mína rétt-
lætiskennnd. Ég veit að það gerir það einnig í tilfellum
margra annarra. Ég hef ákveðnar efasemdir um svo fortaks-
lausla brottvikningu 85. gr. sem hér er lögð til án þess að
neitt annað komi í staðinn nema fyrirheit í greinargerð um
að þessi mál verði endurskoðuð. Ég held að það hefði hugs-
anlega farið betur á því að skerpa á því með einhvers konar
bráðabirgðaákvæði. Ég hef lokið máli mínu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allsh.- og mennt-
mn.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Frv. stjórnsk.- og eftirln., 112. mál (viðmiðunardagur
umsóknar um kosningarrétt). — Pskj. 112.

[16:06]

**Frsm. stjórnsk.- og eftirln. (Jón Steindór Valdimars-
son) (V):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi um breytingu
á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari
breytingum. Frumvarpið er lagt fram af stjórnskipunar- og
eftirlitsnefnd í heild sinni og er full samstaða um málið í
nefndinni.

Frumvarpið felur í sér að sett er bráðabirgðaákvæði um
viðmiðunardag umsóknar um kosningarrétt. Tilefnið er
okkur öllum ljóst.

Efnislega felur frumvarpið í sér að íslenskir ríkisborgar-
ar sem búsettir eru erlendis verði teknir á kjörskrá ef þeir
leggja fram fullnægjandi umsókn um kosningarrétt í síðasta
lagi 11. október á þessu ári. Öðlast þeir þá réttinn til að
kjósa við þær alþingiskosningar sem fyrirhugaðar eru 28.
október á þessu ári.

Þeir sem þegar hafa sent inn fullnægjandi umsókn um
kosningarrétt, sem átti að gilda frá 1. desember næstkom-
andi, öðlast á sama hátt kosningarrétt við komandi alþingis-
kosningar.

Frumvörp hliðstæðs efnis voru samþykkt 3. mars árið
2009 fyrir alþingiskosningar sem fóru fram 25. apríl sama
ár og síðan 6. september árið 2016 fyrir alþingiskosningar
sem fóru fram 29. október árið 2016.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar með frumvarpinu,
herra forseti. Lagt er til að málið gangi beint til 2. umr.

[16:08]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Frú forseti. Aðeins örfá orð um þetta mál sem ég fagna
að er fram komið og ég fylgdist með að yrði hluti af niður-
stöðunni hér, „samkomulag um lúkingu þingstarfa“. Þetta
er að verða gamall kunningi. Sams konar breyting og kom
fram í máli framsögumanns var gerð fyrir kosningar 2009
og aftur fyrir kosningar 2016. Hér erum við í þriðja sinn
stödd við þær aðstæður að kosningar ber að með óvæntum
hætti eða þannig innan ársins að varanlegu lagaákvæðin um
þetta reynast meingölluð. Ég held að þessi þriðja uppkoma
af þessu tagi ætti að vera okkur nægjanleg áminning, til að
endurskoða fyrirkomulag þessara laga til frambúðar.

Það á að sjálfsgöðu ekki að vera með einhverja sérstaka
dagsetningu sem þvælist inni í lögum fyrir því að ís-
lenskir ríkisborgarar búsettir erlendis lengur en þessi al-
mennu átta ár geti bara hvenær sem er tilkynnt sig inn og
reglan sé einfaldlega þannig að það sé einhver tímafrestur
fyrir kjördag sem vaknar til þess að Þjóðskrá geti útbúið og
fært menn inn á kjörskrá. Ég held að það sé eitt af því sem
ætti að taka til skoðunar, má auðvitað vera með í endur-
skoðun kosningalaga þar sem ýmislegt fleira hefur staðið til
og ég veit um. Að þessu þarf að huga ef það fer nú að verða
meira reglan en undantekningin á Íslandi, að kosningar beri
óvænt að og einhvern tíma þannig innan ársins að það komi
í veg fyrir að fólk geti með eðlilegum hætti og eðlilegum
aðdraganda óskað eftir því að nýta sér þennan rétt. Hann er

mjög mörgum íslenskum ríkisborgurum kær sem tímabundið hafa búsett sig erlendis, geta verið erlendis um allan tíma vegna starfa sinna, jafnvel í þágu landsins o.s.frv., flytja þar af leiðandi lögheimilið en halda sínum ríkisborgararétti og eiga að sjálfsögðu fulla rétt til að taka þátt í alþingiskosningum.

Þetta leysir málið þá í þessari umferð og býr til tíma fram til 11. október til að menn geti tilkynnt sig inn. Ég hef áður sinnt þessum málum eða tekið þau upp, þar á meðal í fyrrahaust, fyrir rúmu ári, og hef þegar á undanförunum dögum fengið fjölmargar fyrirspurnir um það erlendis frá hvort þessu verði ekki kipt í líðnum aftur núna. Það er sem sagt gott.

Herra forseti. Að öðru leyti vil ég bara segja um þessi þinglok, því ekki er víst að ég taki hér oftast til máls, að ég er eftir atvikum sáttur við þá niðurstöðu sem hefur orðið í kjölfar mikilla fundarhaldna formanna flokkanna. Fjögur mikilvæg mál eru hér undir sem fá þó úrlausn fyrir þingfrestun. Það er það sem rætt var síðast, um breytingar eða brottfall ákvæða um uppreist æru, það er mjög mikilvæg breyting á útlendingalögum, það er þessi lagfæring á kosningalögnum og það er samkomulag sem vonandi lítur dagsins ljós og verður gert opinbert á þessum degi um að búa eins vel um mikilvæg mál sem því miður næst ekki að afgreiða og varða þjónustu við fatlaða, annars vegar fatlaða með miklar þjónustuparfir, oft nefnt NPA, og hins vegar endurskoðun á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og tengd mál. Þrátt fyrir mikinn velvilja og hug reynast ekki aðstæður til að ljúka því, augljóslega ekki á þessum degi. En í staðinn er, eftir gott samstarf í velferðarnefnd og með fundarhöldum, m.a. með hæstv. ráðherra, búið að reyna að innsigla samkomulag um eins vandaðan frágang á því máli og nokkur kostur er þar sem allt er gert sem mögulegt er til að eyða allri óvissu sem að notendunum snýr í framhaldinu á næstu mánuðum þannig að ekkert rof komi í þjónustuna og áfram verði hægt að vinna að áformum um þær umbætur á þessu sviði sem til standa.

Þetta finnst mér vera ásættanleg uppskera og er sáttur við að hverfa á vit kosningabaráttunnar að þessu dagsverki loknu.

[16:13]

Eygló Harðardóttir (F) (andvar):

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi fagnað því aðeins of snemma að þetta yrði í síðasta skipti sem hann tæki til máls á þessu þingi. Þetta var ræða sem eins og svo oft hjá hv. þingmanni var áhugavert að hlusta á og fin ábending sem sneri að því að við erum hér í þriðja skipti að setja bráðabirgðaákvæði inn í kosningalögin. Ég myndi vilja fá nánar og skýrar frá þingmanninum hvernig hann myndi vilja sjá kosningalögin verða varanlega.

Þetta frumvarp er flutt af stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Mér skilst að nefndin hafi ekki hugsað sér að kalla málið aftur til sín. Í skýringartexta með 3. gr. er rökstuðningur fyrir því af hverju eðlilegt er að hafa sólarlagsákvæði í lögnum þar sem verið er að gera eitthvað sem átti bara að vera tímabundið. En ég held að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sé að benda hér á ákveðna grundvallarspurningu

sem við þurfum að svara: Væri eðlilegast að hafa svona ákvæði, að menn einfaldlega detti bara ekki út, geti kært sig hvenær sem er inn á kjörskrá? Eða eru þingmenn þeirrar skoðunar að við viljum fara í hina áttina? Það vakti athygli mína í Brexit-þjóðaratkvæðagreiðslunni í Bretlandi að umtalsverður fjöldi breskra ríkisborgara sem bjó erlendis hafði ekki möguleika á að tjá afstöðu sína, það var bara ekki heimilt. Menn urðu að búa í landinu til að geta tekið þátt og sagt hvaða afstöðu þeir höfðu. Ég er ekki þar með að segja að það sé mín afstaða. Annaðhvort viljum við tryggja að ríkisborgari geti alltaf tekið þátt og komið sér inn á kjörskrá eða við teljum að skilyrði eigi að vera það að fólk sé einfaldlega búsett á Íslandi og með lögheimili til þess að geta tekið þátt í kosningum til Alþingis.

[16:15]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andvar):

Herra forseti. Það var ekki meiningin að vekja hér upp miklar umræður með þessari sakleysislegu ræðu minni. Ég hélt að ég væri að tala um mál sem enginn ágreiningur væri um. En mér er ljúft og skylt að svara andsvörum í þessum efnum.

Þetta snýr að þeim sem búið hafa erlendis lengur en átta ár. Síðast þegar þessu er breytt er það gert þannig að lína er dregin í sandinn og framkvæmdin er sú að menn haldast inni á kjörskrá og tilheyra því kjördæmi þar sem þeir áttu síðast lögheimili þangað til átta ár eru liðin, þá hverfa þeir út af henni. Í stað þess ákvæðis sem áður var, að menn gátu kært sig inn á kjörskrá, eins og kallað var, með því að senda bréf um það til þeirra sem voru með kjörskrána á viðkomandi stað að þeir óskuðu eftir að kæra sig inn á hana — sem var allmikið ferli — var útbúið þetta tiltölulega einfalda fyrirkomulag, að menn gætu fyllt út eyðublað, sent það inn til Þjóðskrár og hún færði menn þá inn á kjörskrána. Gallinn er sá að þetta er bundið við 1. desember ár hvert. Þá eru menn að sjálfsögðu með í huga reglulegar alþingiskosningar að vori. Þetta er það sem upp kemur þegar kosningar eru boðaðar óvænt og menn hafa þar af leiðandi ekkert endilega verið uppteknir af því að senda inn slíka tilkynningu fyrr en í hönd fara reglulegar kosningar. Nú er þetta að gerast í þriðja sinn.

Ég held að besti varanlegi frágangurinn á þessu sé að taka út þessa dagsetningu, setja í staðinn það að Þjóðskrá fái alltaf lágmarkstíma fyrir kosningar til að færa umsóknir inn. Einhvern veginn þannig að allar umsóknir sem borist hafa þremur vikum fyrir kjördag skuli teknar og meðhöndlaðar. Þá þyrfti ekkert að eiga við þetta á hverju ári. (Forseti hringir.)

Frumvarpið er hins vegar fullnægjandi lausn á málinu núna þannig að ég er algerlega sáttur við að það sé samþykkt.

[16:18]

Eygló Harðardóttir (F) (andvar):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni kærlega fyrir svarið. Ég held að ég væri sammála því að gera þetta varanlega með þessum hætti, með því að breyta dagsetningunni. Það eru tvö mál sem eru á dagskrá í dag. Öðru hefur þegar verið vísað til nefndar og svo er þriðja málið sem snýr að

útlendingalöggjöfni sem fer inn í allsherjar- og menntamálanefnd. Ég velti fyrir mér, þar sem væntanlega sitja einhverjir hér í sal og eru að hlusta sem sitja í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, hvort þeir teldu rétt að gefa sér þann tíma, þótt ekki væri nema hálf tími eða klukkutími, í fund og velta fyrir sér hvort hægt væri að gera eins og þingmaðurinn ræðir hér, að taka út þessa dagsetningu. Það er alveg ljóst að eins og við höfum séð hvernig hlutirnir hafa þróast eftir hrun þar sem kosningar hafa verið boðaðar fyrir þrisvar sinnum, að við erum einfaldlega komin með aðra dagsetningu. Venjan hjá okkur er nú að kjósa að hausti frekar en að vori. (Forseti hringir.) Það væri gott að menn kæmu með nefndarálit þar sem því væri beint til dómsmálaráðherra að skoða möguleikann á að leggja fram þess háttar frumvarp þegar nýtt þing kemur saman eftir kosningar.

[16:19]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):

Herra forseti. Ég hefði að sjálfsögðu ekkert á móti því, ef stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd telur sig hafa tíma til þess og aðstæður leyfa hér í dag, að menn færu yfir það hvort þeir séu tilbúnir að breyta þessu varanlega. Ég held að það sé tiltölulega einfalt. En ég vil samt ekki á nokkurn hátt verða til þess að það komist neinn sandur í legurnar varðandi það að þetta mál verði klárað. Það er í mínum huga mjög mikilvægt. Ég veit að beðið er eftir þessu.

Ég vil svo segja að mér finnst sjálfsagt að við greiðum fyrir því að Íslendingar, íslenskir ríkisborgarar búsettir erlendis, sem vilja halda þessum tengslum við landið, geti það. Það finnst mér eðlilegt. Þannig er það víðast hvar hjá öðrum þjóðum. Við sáum til dæmis allan þann fjölda Tyrkja sem gátu kosið í kosningunum þar, þótt ég ætli ekki að fara að blanda þeim málum saman að öðru leyti. Það finnst mér allt í lagi.

Að lokum minni ég svo aftur á það að auðvitað hefur staðið til að endurskoða þó nokkur tæknileg ákvæði kosningalaga. (Forseti hringir.) Um sinn hefur ekki náðst tími til þess vegna þess að kosningar hefur borið að svo óvænt. Þetta ætti auðvitað algerlega heima í slíkri endurskoðun.

[16:21]

Frsm. stjórnsk.- og eftirln. (Jón Steindór Valdimarsson) (V) (andsvar):

Herra forseti. Ég vildi nú bara nota tækifærið og taka undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Auðvitað þarf þetta að vera í varanlegra horfi. Tímarnir breytast. Ef menn hefðu spáð því fyrir nokkrum árum síðan að hér værum við með kosningar svona ört eins og raun ber vitni held ég að ekki hefði verið mikið mark tekið á því. Þannig að það þarf tvímælalaust að breyta þessu. Ég ætla að leyfa mér að vera bjartsýnn og vona að nýju þingi veitist nú ráðrúm til að gera nauðsynlegar breytingar á kosningalögum sem taka þarf til skoðunar áður en næst verður boðað til kosninga þannig að ekki þurfi í fjórða sinn að bera fram frumvarp af þessu tagi. Ég ætlast nú ekki til sérstaks andsvars af hálfu þingmannsins en vildi koma þessu á framfæri.

[16:22]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):

Herra forseti. Það er ekki tilefni til mikilla svara. Ég

þakka bara hv. þingmanni, formanni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, fyrir undirtektirnar. Þetta er þá eitthvað til að hafa í huga. Auðvitað gæti stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd sem best litið á þessi mál á næsta kjörtímabili. Svo er spurning hvort við eigum að búast við því að hér sé að myndast regla frekar en undantekning, að kosið sé árlega á haustin. Ég veit nú ekki hvort menn óska sér þess almennt. Ekki geri ég það. Það er ekki endilega það sem við þurfum upp á stöðugleikann. En út af fyrir sig er ég alveg til ef því er að skipta og ég er náttúrulega rétt að byrja í þessu eins og kunnugt er. Maður tekur þann slag ef hann er í boði.

En ég vil segja að það er mjög brýnt að endurskoðun kosningalaganna komist í gegn. Það hefði verið gott að ná því núna fyrir þessar kosningar eða sveitarstjórnarkosningar að vori. En ég held að menn eigi þá að einsetja sér þegar mögulega gætu verið þrjú og hálf ár í næstu almennar kosningar eftir sveitarstjórnarkosningarnar í vor að ljúka því verki að endurskoða kosningalögin. Það eru þar allmörg tæknileg ákvæði sem til dæmis landskjörstjórn hefur ítrekað bent Alþingi á að þurfi að laga. Það er eiginlega ekki vansalaust að menn skuli ekki hafa haft sig í gegnum það.

[16:23]

Björn Leví Gunnarsson (P):

Virðulegi forseti. Málið er frekar einfalt en samt það flókið að sérstaka lagasetningu þarf til. Ég hef verið með frumvarp í smíðum til að reyna að einfalda þetta en því miður náðist ekki að klára það svona í byrjun þings. Ég bjóst við að geta lagt það fram á þinginu en ýmislegt annað gerðist. Málið snerist einfaldlega um að menn detta ekkert af kjörskrá. Það er hægt að viðhalda þessu á miklu einfaldari hátt; það þarf ekkert að vera með þetta kerfi í kringum það að fólk sé að detta út og kæra sig inn á kjörskrá fram og til baka. Af hverju getur fólk ekki haldið áfram að kjósa þótt það hafi búið erlendis í meira en átta ár, fyrst sá möguleiki er til staðar að viðhalda kjörskrárgengi sínu áfram?

Ég hef líka fengið skilaboð hvað þetta ferli allt varðar. Nú er það ekki endilega auðvelt að kæra sig inn á kjörskrá. Ég var að grúska í þessu á vefnum og það að grafa sig að einhverju eyðublaði og því um líkt; það mætti alveg vera auðveldara. Hins vegar mætti vera enn auðveldara að greiða atkvæði í kosningunum. Nú hefur maður fengið skilaboð frá nemendum erlendis sem hafa ekki efni á að ferðast til næsta ræðismanns eða sendiráðs til að greiða atkvæði sitt. Það eru jafnvel bara smápeningar; námsmenn hafa ekki mikinn pening á milli handanna. Þar erum við að missa af lýðræðisþátttöku sem er okkur mjög mikilvæg.

Þar væri hægt að gera einhverjar ráðstafanir, t.d. að hægt væri að sækja um að fá rafrænan atkvæðaseðil í undantekningartilvikum, ef þú getur sýnt fram á það, alveg eins og að kæra sig inn á kjörskrá. Sá kostnaður finnst mér réttlæt看legri en að vera alltaf að meðhöndla þetta kerfi um að viðhalda kjörskrá sem stækkar og minnkar eftir árafjölda erlendis; að þú getir að minnsta kosti notað atkvæðisrétt þinn sama hvar þú byrð í heiminum.

Gera þyrfti miklu fleiri breytingar á kosningalögum. Á síðasta kjörtímabili — held ég, þau eru orðin svo mörg að ég veit ekki alveg hvort það er síðasta eða þarsíðasta — skilaði nefnd viðamiklum breytingum á kosningalögum

sem ekkert hefur verið farið yfir. Þetta er eitthvað sem við eigum ekki að þurfa að þola. Eins og ég hef bent á nokkrum sinnum á nýliðnu þingi er mjög brýnt að jafna atkvæðisréttinn, þannig að við þurfum ekki að þola það að flokkar með mjög nauman meiri hluta geti verið með mjög sterkan meiri hluta á þingi. Ef þú ert með mjög nauman meiri hluta atkvæða áttu líka að vera með mjög nauman meiri hluta þingsæta. Á þessu þingi, þessu kjörtímabili, var mjög naumur ríkisstjórnarmeirihluti með minni hluta greiddra atkvæða. Það má einfaldlega ekki gerast; það er lýðræðislega bilað kerfi.

Ég vænti þess að fólk taki það alvarlega í framtíðinni að huga að þessu kosningakerfi sem er grunnurinn að lýðræðinu okkar. Ef það er bilað er lýðræðið bilað líka. Ég vil minna á að það er ekki bara þetta vandamál, þ.e. að ef kosningar ber óvænt að þá þurfi að redda einhverjum dagsetningum, heldur mun stærri vandamál sem við þurfum að huga að. Ég tek undir þau orð fyrri ræðumanna að við þurfum að taka þær áskoranir alvarlega.

[16:27]

Frsm. stjórnsk.- og eftirln. (Jón Steindór Valdimarsson) (V) (andsvar):

Herra forseti. Mig langar til að blanda mér örlítið í umræðuna. Ég held að fullt tilefni sé til, eins og hér hefur svo sem komið fram hjá öðrum ræðumönnum, að taka til skoðunar margt sem tengist kosningum og atkvæðagreiðslu og hvernig menn geta greitt atkvæði, og sjálfsagt að gera það. Við erum með þetta að stofni til eftir mjög gömlu kerfi. Nútíminn á að halda innreið sína í þessa þætti eins og aðra. Auðvitað þarf að búa þannig um hnútana að allt geti farið rétt fram og enginn vafi sé á að kerfið virki og allt það. Við þekkjum þá umræðu. Ég tek undir að ég held að það væri verðugt verkefni á komandi þingi að fara vel yfir þetta. Svo vil ég líka taka undir með þingmanninum að ég held að jöfnun atkvæðisréttar sé eitt af því brýnasta sem við þurfum að taka okkur fyrir hendur. Það ástand sem við búum við er orðið löngu tímabært að bæta úr. Ég ætlaði bara að koma þessu rétt á framfæri, ég ætlast ekki til sérstakra viðbragða.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu.

Útlendingar, 1. umr.

Frv. KJak o.fl., 113. mál (málsmeðferðartími). — Þskj. 113.

[16:29]

Flm. (Katrín Jakobsdóttir) (Vg):

Herra forseti. Frumvarpið sem hér er mælt fyrir snýst um breytingu á lögum um útlendinga hvað varðar málsmeðferðartíma. Flutningsmenn þess eru auk mín hv. þm. Birgitta Jónsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Benedikt Jóhannesson, Óttarr Proppé og Logi Einarsson, og eru það þingmenn allra flokka á Alþingi utan Sjálfstæðisflokksins.

Lög um útlendinga eru tiltölulega ný. Það var fyrrverandi hæstv. innanríkisráðherra, Ólöf Nordal, sem lagði fram heildarendurskoðun á lögum um útlendinga sem byggði á

vinnu þverpólitískrar þingmannanefndar. Aðdraganda þeirrar vinnu má einnig rekja aftur til fyrrverandi hæstv. ráðherra Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og Ögmundur Jónassonar sem hófu vinnu við heildarendurskoðun þessara laga.

Það liggur fyrir að hér er um flókinn málaflokk að ræða þar sem miklu skiptir að fylgst sé mjög vel með framkvæmd laganna. Það var ótrúlega mikilvægur áfangi, tel ég vera, þegar náðist í raun þverpólitísk samstaða á Alþingi um þennan flókna og viðkvæma en mikilvæga málaflokk í lögum um útlendinga. Hins vegar skiptir máli þegar reynsla kemst á þessi lög að fylgst sé vel með framkvæmd þeirra laga og löggjöfin virki þannig að löggjafinn sé sáttur við það hvernig henni er fylgt eftir. Það er ekki hægt að leyna því að málefni barna í hópi hælisleitenda hafa verið mjög áberandi á Íslandi að undanfögnu, barna sem hefur verið vísað úr landi. Þessi framkvæmd hefur vakið spurningar um það hvort verið sé að fylgja eftir þeim vilja löggjafans sem birtist í lögum um útlendinga þar sem rætt er um umsækjendur um alþjóðlega vernd sem eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu, samanber 6. tölulið 3. gr. laga um útlendinga. Í atvugasemdum við frumvarpið, þar sem vísað er í 2. mgr. 36. gr. frumvarps sem varðar gildandi lög um útlendinga, er rakið hvað felst í því þegar umsækjendur eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu. Það getur til að mynda tengst heilsufari, þungun, kynhneigð, kynþætti, kyni eða þeirri stöðu að vera fylgdarlaust barn. Það er skilgreint auðvitað í lögnum á öðrum stað en ekki í þessari tilteknu grein sem hér er vitnað til.

Við meðferð Alþingis á frumvarpi til laga um útlendinga var þessi upptalning tekin út úr 36. gr., en var þó árétt að í nefndaráliti nefndarinnar á þeim tíma að það ætti ekki að hafa áhrif til breyttrar túlkunar á frumvarpinu. En vegna þeirra mála sem hér hafa komið upp um börn í hópi hælisleitenda sem eiga yfir höfði sér brottvísun hafa hins vegar vaknað þær spurningar hvort þessi breyting sem var gerð á frumvarpinu í meðförum þingsins hafi haft áhrif á framkvæmd laganna. Er þar vitnað sérstaklega til kerunefndar útlendingamála þar sem fram kom að nefndin teldi þessa breytingu á frumvarpinu hafa skipt máli við úrskurði sína. Þess vegna teljum við sem stöndum að frumvarpinu, flutningsmenn þess, að það sé eðlilegt í ljósi þeirrar stöðu sem upp er komin að það hefur verið boðað til kosninga eftir harla skamman tíma, þá sé mikilvægt að gera tímabundna breytingu á lögum um útlendinga til þess að veita þeim börnum sem eiga yfir höfði sér brottvísun skjól, tímabundið skjól, og leggja það líka til eins og lagt er til í greinargerð með frumvarpinu að farið verði yfir framkvæmd laganna og gerðar á þeim breytingar ef sýnt þykir að framkvæmdin sé ekki í takt við vilja löggjafans.

Því er það lagt til að við bætist tvö ný ákvæði til bráðabirgða þar sem lagt er til að frestur í 2. málslið 2. mgr. 36. gr. laganna verði stytur úr 12 mánuðum í níu, en í því felst að hafi meira en níu mánuðir liðið frá því umsókn um alþjóðlega vernd hafi fyrst borist íslenskum stjórnvöldum skuli almennt taka hana til efnislegrar meðferðar. Jafnframt er þá eðlilegt að taka til efnislegrar meðferðar umsókn foreldra sem fara með forsjá barnsins og eftir atvikum systkina á grundvelli 1. málsliðar 2. mgr. 36. gr. laganna.

Hins vegar er lagt til að frestur í 1. málslið 2. mgr. 74.

gr. laganna verði stytur úr 18 mánuðum í 15. Í því felst að heimilt verður að veita barni sem sótt hefur um alþjóðlega vernd og ekki fengið niðurstöðu í máli sínu á stjórnsýslustigi innan 15 mánaða frá því það sótti fyrst um alþjóðlega vernd hér á landi dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða að uppfylltum öðrum skilyrðum. Jafnframt væri þá almennt eðlilegt að veita foreldrum sem fara með forsjá barnsins og eftir atvikum systkinum dvalarleyfi á grundvelli 1. mgr. 74. gr. laganna til að tryggja einingu fjölskyldunnar að uppfylltum öðrum skilyrðum.

Ætla má að kærunefnd útlendingamála hafi við gildistöku laganna þegar felld úrskurði um að synja um efnismeðferð eða dvalarleyfi í tilvikum einhverra barna sem 1. mgr. a-liðar 1. gr. og 1. mgr. b-liðar 1. gr. frumvarpsins — nei, þetta getur nú ekki hafa verið rétt, jú, þetta var rétt, þetta er alveg með ólfkindum — taka til en börnin þó ekki enn yfirgefið landið. Með 2. mgr. a-liðar 1. gr. og 2. mgr. b-liðar 1. gr. er þeim tryggður réttur til endurupptöku á málum sínum. Vituttur er tveggja vikna frestur frá gildistöku laganna til að fara fram á endurupptöku. Nýti barn ekki heimild innan frestsins stendur úrskurður kærunefndarinnar sem fæli almennt í sér að barninu yrði gert að yfirgefa landið. Barni skal ekki gert að yfirgefa landið innan frestsins eða á meðan meðferð endurupptöku máls stendur. Jafnframt væri eðlilegt að gera ekki heldur foreldrum sem fara með forsjá barnsins, eða eftir atvikum systkinum, að yfirgefa landið.

Lagt er til að breytingarnar taki að sinni aðeins til umsókna sem borist hafa fyrir gildistöku laganna. Segja má að með því móti gefist nýu mánaða svigrúm frá gildistöku til að ákveða æskilegt framhald enda væri það fyrst nýu mánuðum eftir gildistöku sem breytingar af þessu tagi gætu haft bein áhrif á umsóknir sem berast eftir gildistöku. Að mati okkar sem stöndum að þessu máli er eðlilegt að veita slíkt svigrúm svo unnt verði að meta betur áhrif breytinganna og nýtt þing geti tekið afstöðu til þess hvernig æskilegt sé að málinu verði fram haldið.

Ég ætla ekki að lengja þetta mál. Ég gæti haldið hér langa ræðu um mínar skoðanir á því hvernig eigi að standa að móttöku hælisleitenda, flóttafólks og hvort við Íslendingar getum gert meira í því sem ég tel vera. En um það snýst þetta mál ekki. Þetta mál snýst um tímabundið ákvæði sem veitir börnum og fjölskyldum þeirra skjól og Alþingi svigrúm til þess, að loknum kosningum, að fara yfir framkvæmd útlendingalaga og leggja til breytingar á þeim ef nauðsyn þykir. Ég held að það sé alveg gríðarlega mikilvægt að náðst hafi samkomulag um að þetta mál verði afgreitt. Þá getum við átt hina pólitísku umræðu um það þegar nýtt þing kemur saman og þjóðin hefur endurnýjað umboð sitt til þeirra sem hér eiga að sitja og um leið gætt að því í þessu máli sem brennur a.m.k. á okkur mörgum að þessum viðkvæmu einstaklingum sé á meðan komið í skjól.

Ég vonast til þess að breið samstaða náist um þetta mál og legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. allsherjar- og menntamálanefndar.

[16:37]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég kem hingað sem nefndarmaður í fjárlaganefnd og skoða hér skjal sem fylgir með frumvarp-

inu um kostnaðarmat, sem á að fylgja öllum frumvörpum og voðalega þægilegt. Þar er tafla sem segir: Ef fjölgun umsækjanda verður 500 manns þá hækka útgjöld til þessa málaflokks um tæpa 1,5 milljarða. Ef það verður 1 þúsund manna fjölgun þá verða 4 milljarðar í útgjaldaaukningu, ef það verða tvö þúsund manns þá verða það 13,5 milljarðar.

Mig langar til að vísa þessari áætlun um útgjaldaaukningu til baka, hún er gjörsamlega fáránleg. (**Gripíð fram í: Heyr, heyr.**) Það getur ekki verið að þegar hælisleitendum fjölgar hækki kostnaður á hvern hælisleitanda, það getur ekki verið. Mig langar til að athuga hvort nefndin hafi ekki gert athugasemdir við þetta kostnaðarmat og fái nýtt kostnaðarmat sem hefur einhverja tengingu við raunveruleikann, því að að sjálfsögðu myndi maður nýta þennan pening til að bæta kerfið sem afgreiðir þessar umsóknir á sambærilegum tíma og er gert núna og jafnvel til þess að betrumbæta núverandi kerfi í staðinn fyrir að fara út í alla þessa bið.

Til að hafa það aðeins á hreinu kom fram í umræðu í nefndinni að langmest af þessum kostnaði fer til sveitarfélaga, varðandi leigu og aðbúnað hælisleitenda í húsnæði. Sumir þæla kannski í því hvert allur þessi peningur fer, þá er það þangað.

[16:39]

Flm. (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) (andsvar):

Herra forseti. Nú erum við sem flytjum þetta mál ekki í allsherjar- og menntamálanefnd. Hv. allsherjar- og menntamálanefnd getur farið yfir þetta kostnaðarmat við umfjöllun um málið. Við sem flytjum þetta mál eru formenn og fulltrúar sex stjórn málaflokka á Alþingi. Málið tekur auðvitað til þeirra sem eru þegar staddir í landinu. Ég tel að þetta kostnaðarmat sem hefur verið sent okkur ekki standast miðað við það sem við vitum um umfang þeirra eða fjölda þeirra sem eru í landinu. Ég tel eðlilegt að nefndin fari yfir það. Í ljósi þess að þetta er tímabundið ákvæði sem á við um fjölda sem við þekkjum, fjölda sem við vitum hver er í landinu nú þegar, þá tel ég ekki að þetta kostnaðarmat standist skoðun miðað við þetta frumvarp.

[16:40]

Dómsmálaráðherra (Sigríður Á. Andersen) (S) (andsvar):

Virðulegur forseti. Framsögumaður lýsti í framsögu sinni markmiði og tilgangi þessa frumvarps sem er, ef ég skildi rétt, að koma börnum í skjól þar til sýnt væri hvort framkvæmdin við afgreiðslu hælisumsókna í dag væri í samræmi við löggjafarvilja.

Nú langar mig að spyrja hv. þingmann hvort eitthvað liggi fyrir um hvort framkvæmdin sé ekki í samræmi við löggjafarviljann eða hvort hún sé ekki í samræmi við löggin eins og þau eru, og voru samþykkt af öllum flokkum undir lok síðasta kjörtímabils.

Mig langar líka að spyrja um hvaða börn það eru sem hér er verið að koma í skjól, eins og það er orðað, því að af frumvarpinu að dæma þá er í rauninni sólarlagsákvæði í þessu. Það væri gott að fá upplýsingar um hvaða börnum nákvæmlega væri verið að koma í skjól.

[16:41]

Flm. (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) (andsvar):

Herra forseti. Ef aðstæður hér væru eðlilegar værum við væntanlega með starfandi meiri hluta og ríkisstjórn og við værum með þinghald og gætum verið að vinna eftir þessum málum á vettvangi þingsins. En það er ekki svo því að hér hefur verið tilkynnt um þingrof og boðað til kosninga. Það þýðir að Alþingi getur ekki beitt sér í þeim málum ef alþingismenn, úr hvaða flokki sem þeir eru, telja að framkvæmd hvaða laga sem er endurspeglir ekki vilja löggjafans. Hvað varðar vilja löggjafans þá er að sjálfsögðu rétt sérstaklega um börn og barnasáttmálan í lögum um útlendinga. Það hefur komið fram við skoðun á þessum málum og ég ætla ekki að fara að telja hér upp börn, einhver nöfn og kennitölur sem á að koma í skjól. Þetta snýst um einhvern fjölda barna sem eiga hugsanlega yfir höfði sér brottvísun úr landi.

Til að mynda hefur komið fram að kærunefnd útlendingamála telur að breyting sem gerð var á frumvarpi til laga um útlendinga hér í þinginu á sínum tíma, 2016, hafi haft áhrif á túlkun nefndarinnar á lögnum sem var sannarlega ekki vilji löggjafans og gerð er grein fyrir í greinargerð með þessu frumvarpi. Þá tel ég, og flutningsmenn málsins sömuleiðis, að ef við værum hér bara með eðlilegt þinghald eins og í eðlilegu árferði mundum við inna hæstv. ráðherra eftir þessu, fá hjá honum skýringar, gera tillögur. En við höfum ekki þau tæki núna því að við munum fara í kosningar 28. október. Því finnst okkur eðlilegt í ljósi þess að þing verður ekki starfandi og þingið getur ekki sinnt eðlilegu eftirlits- og aðhaldshlutverki að þetta bráðabirgðaákvæði sé sett þannig að nýtt þing geti tekið afstöðu til þess hvort framkvæmd laganna endurspeglir vilja löggjafans.

[16:43]

Dómsmálaráðherra (Sigríður Á. Andersen) (S) (andsvar):

Virðulegur forseti. Ég spurði nú bara vegna þess að það er greinilegt að þetta frumvarp nær bara til tiltekinna barna. Ég vek athygli á því að á þessu ári hefur um 100 börnum verið vísað hér úr landi eftir efnislega meðferð og a.m.k. meðferð lögum samkvæmt. Bara á síðastliðnum fjórum vikum hefur 10 börnum verið vikið úr landi. Á morgun munu börn sækja hér um um hæli, daginn eftir morgundaginn og daginn eftir þann dag munu koma hingað börn sem munu óska eftir dvalarleyfi af ýmsum ástæðum. Þetta frumvarp nær ekki til þeirra, ef ég skil það rétt svo ég velti því fyrir mér hvaða nákvæmlega börn þetta eru og í hvaða tilgangi nákvæmlega þetta frumvarp er lagt fram.

Hér komu fram vangaveltur varðandi kostnaðinn í andsvari hv. þingmanns við fyrirspurn annars hv. þingmanns. Hafa frumvarpshöfundar velt því fyrir sér hvort kostnaðarmat sé ekki hluti af meðferð málsins og mati á áhrifum af þessu frumvarpi? En ekki síður, og það er það sem mig langar að spyrja um: Hefur verið gert einhvers konar mat á því hvaða afleiðingar svona frumvarp hefur t.d. á fjölda umsókna í framhaldinu ef frumvarpið nær fram að ganga? Hafa frumvarpshöfundar gert einhverja tilraun til þess að leggja raunhæft mat á hvaða afleiðingar það hefði fyrir fjölda umsókna hér og þar af leiðandi í framhaldinu af-

greiðslutíma á hælisumsóknum og aðstöðu hér á landi til þess að taka á móti þessu fólki og þjónusta það á meðan það dvelur hér til lengri eða skemmri tíma?

[16:45]

Flm. (Katrín Jakobsdóttir) (Vg) (andsvar):

Herra forseti. Kjarni nýrra útlendingalaga var mannúð. Það var kjarninn í nýjum útlendingalögum sem allir flokkar náðu saman um. Um það var talað í mörgum þingræðum að sérstaklega þyrfti að horfa til einstaklinga í viðkvæmri stöðu. Það er hluti af þeim kjarna sem löggjöfin snerist um. Hæstv. ráðherra má ekki fyrstast við þegar við sem erum þingmenn og eigum að hafa aðhald og eftirlit með þeim sem fara með framkvæmdarvaldið, spyrjum spurninga þegar hæstv. ráðherra fer með þær allt of háu tölur yfir börn sem vísað hefur verið frá.

Þess vegna segja flutningsmenn þessa máls í greinargerð að áréttá þurfi vilja löggjafans eins og hann birtist í lögum um útlendinga, að ávallt skuli taka til efnislegrar meðferðar umsóknir um alþjóðlega vernd ef umsækjandi er í sérstaklega viðkvæmri stöðu. Við viljum áréttá þann vilja sem var algjörlega klár og skýr þegar við samþykktum lög um útlendinga í nánast algerrri sátt á þessu þingi. Það hlýtur að vera eðlilegt að við sem erum þingmenn höfum rétt til þess að spyrja gagnrýninnu spurninga um framkvæmd laganna. Og í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem hér eru uppi setjum við fram þetta mál sem hæstv. ráðherra efast um eða veltir fyrir sér hvort muni fá framgang. Ég treysti því að þegar gert hefur verið samkomulag um þinglok haldi það.

[16:47]

Dómsmálaráðherra (Sigríður Á. Andersen) (S):

Virðulegur forseti. Það hefur verið með miklum ólíkindum að fylgjast með vinnslu þessa lagafrumvarps. Ef ég má leyfa mér að segja það þá hefur það verið þyngra en tárur taki fyrir embættismann eins og þann sem stendur hér sem ráðherra málaflokksins að fylgjast með undirbúningi þessa máls. Oft er talað um reykfyllt bakherbergi, hrossakaup, ákvarðanir teknar í samningum stjórnmalamanna sem standa frammi fyrir prófkjörsbaráttu eða kosningabaráttu. Oft eiga þessi ummæli við, oft er hægt að taka undir slíkt, en ég myndi segja sjaldan eins mikið og núna.

Þetta frumvarp í þeirri mynd sem það liggur núna fyrir og hefur verið kynnt hefur tekið gríðarlegum breytingum frá því að ég sem ráðherra málaflokksins fékk það sent til yfirlestrar og til ábendinga. Mörg sjónarmið hafa verið reifuð. Segja má flutningsmönnum þessa frumvarps til hróss að menn hafa þó játað að upphaflega var málið í þeirri mynd að ekki var hægt að bjóða upp á að það yrði afgreitt á einum degi. En allt að einu stöndum við frammi fyrir afgreiðslu á frumvarpi sem hefur þann tilgang einan að grípa inn í afgreiðslu tiltekinna umsókna um hæli frá tilteknu fólki til þess að tryggja að því er einhverjir segja jákvæða afgreiðslu fyrir það. Um það má reyndar deila að mínu mati hvort sú afgreiðsla verði í raun endilega jákvæð fyrir þetta fólk.

Ég vek athygli á því að greinargerðin með frumvarpinu sem nú er lagt fram með aðkomu forystumanna margra stjórnmalaflokka er mjög fáorð og segir í raun ekkert um

raunverulegan tilgang eða markmið með frumvarpinu. Frumvarpið gengur út á og rennir stöðum undir málsmeðferð í stjórnsýslunni sem er ekki mér að skapi. Það gengur út á að tiltekin máli fái afgreiðslu í samræmi við geðþótta stjórnvalda úr því að ekki var hægt að koma vitinu fyrir ráðherrann sem hér stendur í þessu máli, þótt það hafi verið reynt og óskað eftir að ráðherra gripi með einhverjum hætti inn í afgreiðslu tiltekinna mála. Því er það lagt fyrir hv. þingmenn að bregðast við og margir hv. þingmenn hafa hér með látið undan þeim þrýstingi með þessu frumvarpi.

Ég vil aðeins fá að reifa stöðu hælisleitenda og þessa málaflokks á Íslandi í dag. Ég rifja upp að gerðar voru verulegar réttarbætur í þágu útlendinga almennt, ekki bara hælisleitenda eða kvótaflóttamanna heldur líka innflytjenda og útlendinga sem hér búa. Ég þreystist ekki á að minna á þá tugþúsundir útlendinga sem búa hér og starfa til lengri eða skemmri tíma á Íslandi og Íslendingar hafa ávallt tekið vel á móti og vilja áfram gera það.

Réttarbæturnar fölust m.a. í nýrri löggjöf um útlendinga sem var samþykkt hér, var samin reyndar af þverpólitískri nefnd, fulltrúum allra stjórn málaflokka sem þá sátu á Alþingi, undir lok síðasta kjörtímabils. Réttarbætur hafa líka verið gerðar með reglugerðarbreytingum, með breytingum á þessum nýju útlendingalögum. Allt hefur þetta miðað að auknum málshraða og bættri málsmeðferð.

Á þessu ári hafa 824 mál verið afgreidd hjá Útlendingastofnun, þ.e. mál er lúta að umsókn um hæli eða dvöl vegna mannúðarsjónarmiða. Þessi mál hafa verið afgreidd með margvíslegum hætti. 89 þessara umsækjenda hafa fengið vernd, afgangurinn ekki, en af ýmsum ástæðum. Sumir vegna þess að þeir hafa þegar fengið vernd í öðrum ríkjum og aðrir vegna þess að þeir bíða afgreiðslu annars staðar í Evrópu, í Evrópusambandslöndum.

Málsmeðferðartími hefur styst verulega á þessu ári. Árið 2016 tók það að meðaltali 8,6 mánuði að afgreiða svokölluð Dyflinnarmál. Á þessu ári hefur málsmeðferðartíminn farið niður í sex og hálfan mánuð. Þau mál sem hafa fengið efnismeðferð eru að jafnaði afgreidd á tólf og hálfum mánuði. En þar þurfa menn líka að hafa í huga að málsmeðferðarhraðinn tekur einnig mið af Dyflinnarreglugerðinni margumráðu. Þar er kveðið á um lögbundna fresti. En það er í farvatninu á vettvangi Schengen-ríkjanna að stytta þann málsmeðferðartíma verulega. Því fagna held ég allir, ekki síst hælisleitendur.

Ég vil líka nefna það að ég boðaði við stefnuræðu forsætisráðherra verulegt samráð við alla flokka sem sitja á þingi um þennan málaflök. Ég boðaði samráð sem myndi leiða til þess að menn fylgdu enn frekar úr hlaði nýju útlendingalögnum og ef tilefni væri til væri líka samráð um breytingar á lögnum.

Virðulegur forseti. Ég velti fyrir mér hagsmunum hverra sé verið að vernda með frumvarpinu. Það liggur fyrir að afleiðingin, ef þetta frumvarp nær fram að ganga, yrði sú að fleiri hælisleitendur sem hingað leita yrðu sendir til síns heimaríkis í stað þess ríkis sem þeir koma frá. Ísland nýtur þeirrar stöðu, legu sinnar vegna, að mjög fáir hælisleitendur koma hingað beint frá átakasvæðum heldur frá löndum sem hafa að mörgu leyti sérhæft sig í móttöku þeirra. Með því að taka mál þessara hælisleitenda til efnismeðferðar eins og

hér er verið að kalla eftir, mál sem ella myndu bara bíða afgreiðslu t.d. í ríkjum á borð við Þýskaland eða Svíþjóð, liggur fyrir að niðurstaða slíkra mála gæti verið sú að menn yrðu sendir til síns heimaríkis. Það væri búið að svipta þá hælisleitendur þeim möguleika að ljúka sinni efnismeðferð t.d. í Þýskalandi. Það lægi líka fyrir að mögulega fengju fleiri vernd.

Ég er auðvitað þeirrar skoðunar að Ísland sé best í heimi. Ég trúi því að þeir sem sitja í þessum sal séu þeirrar skoðunar líka. En það er ekki víst að hagsmunum alls þessa fólks sé best borgið hér á landi. Ísland er ekki best í heimi fyrir margt af þessu fólki. Hingað leitar fólk sem er í allskyns vanda og þarf að fá því líka faglega þjónustu að fyrir liggur að hún er ekki einu sinni til hér á landi. Þetta held ég að menn þurfi að hafa í huga þegar þeir ræða þessi mál. Þetta er ekki spurning um krónur og aura. Nú ætla ég ekki að taka þá umræðu, ég ætla ekki að ræða það hér. Ég bendi hins vegar á að hér er verulegur skortur og verður varanlegur skortur á tiltekinni faglegri þjónustu sem margt af þessu fólki sem hingað leitar þarf svo sannarlega á að halda.

Ég vil nefna að lokum að frumvarpið er, fyrir utan efni þess, líka gallað að formi til. Texti t.d. í greinargerð er ekki í nokkru samræmi við veruleikann. Það má segja um textann í greinargerð að hljóð og mynd fari ekki saman. Þar er gefinn einhvers konar ádráttur um tiltekna afgreiðslu sem stenst síðan ekki lagatextann þótt frumvarpið næði fram að ganga. Þetta er algerlega vanhugsuð útfærsla á lagatexta og framkvæmdinni. Ég bendi t.d. á texta í greinargerðinni þar sem segir að áréttaður sé „sá vilji löggjafans að ávallt skuli taka til efnislegrar meðferðar umsóknir um alþjóðlega vernd ef umsækjandi er í sérstaklega viðkvæmri stöðu“. Þessi texti er í ekki nokkru einasta samræmi við löggjafarviljann eins og hann var þegar útlendingalögin voru í samþykkt og ekki í nokkru einasta samræmi við þá framkvæmd sem hefur verið við lýði við afgreiðslu þessara mála. Það var aldrei vilji til þess að taka alltaf allar umsóknir til efnismeðferðar. Það segir sig alveg sjálft að langflestir þeir sem hingað leita með hælisumsókn eru í einhverri viðkvæmri stöðu. Að halda því fram að löggjafinn hafi á síðasta kjörtímabili ætlast til þess að allar slíkar umsóknir yrðu teknar til efnislegrar meðferðar þrátt fyrir samstarf okkar á vettvangi Schengen-ríkjanna með til að mynda Dyflinnarreglugerðinni er af og frá, það er af og frá að þessi framsetning og þessi málflutningur standist nokkra skoðun. Ef þetta ætti að vera til umfjöllunar hér eða þetta ætti að vera ný framkvæmd við afgreiðslu mála þyrfti það verulegar umræður við á Alþingi með aðkomu allra þeirra sem starfa í þessum málum, mannúðarstofnana, lögreglu, fagaðila hjá Útlendingastofnun og kærufnd og þar fram eftir götunum. Heilbrigðisyrivalda líka. Afgreiðsla á þessu máli með vísan til þessarar framkvæmdar getur ekki verið með þeim hætti sem hér stefnir í. Ég veit að hv. þingmenn eru tilbúnir til að vippa sér í hin og þessi mál, vippa sér í stjórnarskrárbreytingar. Þetta mál er ekki þannig að menn geti bara vippað sér í það. Breyting eins og hér er kveðið á um eða eins og ég held að frumvarpshöfundar túlki þetta frumvarp kallar á miklu vandaðri meðferð en þetta.

Virðulegur forseti. Ég vil nefna að það er mín skoðun

og hefur verið að afgreiðsla hælisumsókna verði að byggja á gagnsærri löggjöf. Hún verður að byggja á jafnræði og á því markmiði, því aðalmarkmiði, að tryggja þeim sem mest þurfa á að halda skjól. Verði um forgangs röðun í þeim efn- um að ræða verður sú forgangs röðun að byggja á neyð og á einhverri staðreynd um hverjir það eru sem eru að flýja mestu neyðina. Þetta frumvarp er langt í burtu, svo langt frá þessum sjónarmiðum, þvert á móti er hér verið að grípa inn í einstaka afgreiðslu fagaðila, grípa inn í mál sem hafa fengið ekki bara eina málsmeðferð, ekki bara tvær heldur þrjár meðferðir á stjórnslustigi. Það er hreinlega verið að segja að þessir fagaðilar hafi ekki staðið sig. Samt er ekkert sem liggur fyrir í greinargerðinni, engin vísbending um að nokkur könnun á þessu máli hafi farið fram.

Það er mjög óheillavænleg þróun að mínu mati nái þetta frumvarp fram að ganga (Forseti hringir.) og er ekki nokkrum hælisleitanda sem hingað leitar í framtíðinni til bóta.

[17:03]

Birgitta Jónsdóttir (P) (andvar):

Forseti. Á síðasta kjörtímabili var unnin mjög góð þverpólítísk vinna í ráðuneyti því sem dómsmálaráðherra núverandi starfsstjórnar fer fyrir. Það var alveg skýr vilji löggjafans um þessi mál. Það virðist því miður hafa orðið þannig að ein tiltekin grein hafi verið felld úr lagatextanum og sett í greinargerð. Sem hefur leitt til þess að matsnefndin, kærunefndin, hefur fjallað um málin án þess að fara eftir vilja löggjafans. Því hlýtur það að liggja beinast við að sú lagagrein verði þá sett aftur inn í lagabálkinn. Ég vildi bara halda því til haga því að mér finnst þau orð sem hér hafa komið fram hjá starfsstjórnardómsmálaráðherra einhvern veginn ekki lýsa þeim anda sem hér var á þingi á síðasta kjörtímabili.

En ég er með spurningu. Það kom fram í máli ráðherrans að ekki væri til ákveðin þekking hér til að taka á móti hælisleitendum sem fjallað er um í þessum lögum. Ég vil bara fá að vita nákvæmlega hvað ráðherrann á við, lið fyrir lið.

[17:05]

Dómsmálaráðherra (Sigríður Á. Andersen) (S) (andvar):

Virðulegur forseti. Ég get ekki látið hjá líða að fjalla aðeins um löggjafarviljann eins og hann blasti við landsmönnum öllum þegar lög um útlendinga voru samþykkt á síðasta kjörtímabili. Hér er því haldið fram að einhverjar setningar hafi fallið úr frumvarpinu við meðferð þingsins. (**Gripð fram í:** Það var grein ...) Það kann að vera, og að því hafi verið breytt. Frumvarpinu var svo sannarlega breytt frá því það kom hingað í þingið. Það tók verulegum breytingum í meðförum þingsins. Það heitir hins vegar á þingmáli þingleg meðferð. Niðurstaða þeirrar þinglegu meðferðar er sá lagatexti sem við stöndum frammi fyrir í dag með núgildandi útlendingalögum og greinargerð sem liggur reyndar fyrir, þar sem fjallað er um, svo ég taki nú dæmi úr greinargerðinni, 36. gr., sem er hér til umfjöllunar, tiltekin dæmi þegar svokölluð Dyflinnarmál yrðu tekin til efnismeðferðar. Það lá alveg fyrir að þingið hafði engan vilja til þess að öll hin svokölluðu Dyflinnarmál fengu efnismeðferð.

Hefði svo verið hefði það kallað á miklu meiri umræðu en raun bar vitni um þetta atriði. Svo sannarlega, ef það er ætlan löggjafans í dag að færa öll Dyflinnarmál til efnismeðferðar, kallar það á verulega mikla umræðu og þinglega meðferð og ég tel að þinginu geti ekki verið stætt á öðru en að sinna þeirri skyldu að taka það til meðferðar. Enda er það svo að þetta frumvarp færir það ekki í þennan texta sem hv. þingmaður telur að hafi fallið niður í meðförum þingsins fyrir ári síðan. Þetta frumvarp miðar ekkert að því að gera þetta að almennri reglu heldur þvert á móti, það miðar að því að gera þetta að sértekri reglu í þágu tiltekinn einstaklinga (Forseti hringir.) sem bíða hér eftir meðferð, afgreiðslu sinna mála hjá stjórnslunni.

Ég verð að fá að svara spurningunni í seinna andsvari.

[17:07]

Birgitta Jónsdóttir (P) (andvar):

Forseti. Það er eiginlega alveg með ólíkindum að hlusta á þessa ræðu frá sitjandi starfsstjórnardómsmálaráðherra og viðhorf hennar til barna á flóttu. Það er með ólíkindum að hlusta á þetta. Manni verður bara hreinlega illt í hjartanu. Sem betur fer verður mjög ólíklegt að skipað verði eins í ráðuneyti eftir næstu kosningar. Ég verð bara að segja það. Ég vona svo sannarlega að tekið verði á þessum málum. Hér erum við bara með bráðabirgðaákvæði í raun og veru sem mun falla úr gildi. Ég vona svo sannarlega að tekið verði almennilega á þessum málum, þannig að við horfum ekki nánast í hverri einustu viku upp á harmsögur um börn á flóttu þar sem ekki hefur verið tekið tillit til sjónarmiða þeirra. Það er það sem þetta snýst um, börn á flóttu. Við eigum að líta til barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og tryggja þeim skjól (Forseti hringir.) ef þau óska eftir því.

[17:08]

Dómsmálaráðherra (Sigríður Á. Andersen) (S) (andvar):

Ég frábið mér auðvitað, virðulegur forseti, öll brigsl um eitthvert hatur í garð barna (Gripð fram í.) eða óvild eða skilningsleysi í garð barna á flóttu. Þetta er að mínu mati ekki boðlegur málflutningur. Ég vil benda á að við Íslendingar höfum verið að veita 90 einstaklingum hæli, þar á meðal (Gripð fram í.) eru börn. Við viljum standa vörð um þau börn sem eru í mestri neyð, ekki börnin sem eru vinsælust í fjölmiðlaumfjöllun eða ná eyrum fjölmiðla. Við viljum ná (Gripð fram í.) til barna og aðstoða þau sem eru í mestri neyð. Svo því sé haldið til haga.

Hér var spurt um hvaða faglegu þjónustu og þekkingu okkur skorti hér. Það nægir að nefna fagaðila í heilbrigðisþjónustu. Hingað leitar fólk sem er með ör á sálinni eftir slíka lífsreynslu sem, sem betur fer, ekki nokkur Íslendingur þekkir, (Forseti hringir.) ekki af eigin raun, og varla heldur af afspurn. Hér vantar alla fagþekkingu til að takast á við vanda þessa fólks sem kemur hingað með þessi sál-arör. Og það vantar fleiri (Forseti hringir.) sambærilega fagaðila.

[17:10]

Forseti (Teitur Björn Einarsson):

Forseti biður hv. þingmenn að gæta ræðutímans sem og að vera ekki með frammiköll.

Svandís Svavarsdóttir (Vg) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að þessi ræða hæstv. ráðherra veldur mér nokkrum áhyggjum nú í aðdraganda kosninga. Hér kemur hún fram með slíka harðlínuafstöðu í garð hælisleitenda og flóttafólks sem við höfum ekki heyrt, þessa tóna, hér í þingsal áður. Ekki nema í atkvæðaskýringum þingmanna sem treystu sér ekki til að standa með þverpólitískri sátt um bætta löggjöf til handa útlendingum í anda alþjóðasáttmála og mannúðar.

Það veldur mér áhyggjum að ráðherra málaflokksins skuli vera á þessari harðlínu skoðun. Mig langar að spyrja um tvennt. Mér finnst koma fram í máli hennar að henni þyki ekki mikið til um aðdraganda þeirrar löggjafar sem þar var samþykkt þar sem hún fullyrðir um hver hafi verið vilji löggjafans í þeim efnunum og gerir jafnframt lítið úr frumvarpi sem lagt er fram af fulltrúum sex flokka, raunar formönnum sex flokka, á Alþingi og kallar það eitthvað sem hafi verið ákveðið í reykfylltum bakherbergjum. Þessi reykfylltu bakherbergi, virðulegi forseti, heita Alþingi; Alþingi Íslendinga sem er löggjafarsamkoman. Það skyldi þó ekki vera svo að af því að bakherbergið er ekki Valhöll sé það hæstv. ráðherra ekki þóknanlegt?

Það eru sex formenn sex flokka sem aðhyllast ekki harðlínuafstöðu ráðherrans. Ég vil spyrja að því. Ráðherrann talaði um það, undir stefnuræðu forsætisráðherra fyrir örstuttu, þegar það hentaði hennar pólitísku markmiðum, að endurvekja þyrfti þverpólitíska vinnu til að halda utan um framkvæmd útlendingalaga.

Nú vil ég spyrja ráðherrann hvort hún styðji enn þá hugmynd að þverpólitísk vinnu sé besta nálgunin í þessum málaflökki. (Forseti hringir.) Og síðan, þar sem ráðherrann segir að hún voni að málið nái ekki fram að ganga, hvort hún sé ekki aðili að samkomulagi hér um þinglok.

[17:12]

Dómsmálaráðherra (Sigríður Á. Andersen) (S) (andsvar):

Virðulegur forseti. Það er engin harðlínustefna sem felst í því þegar ráðherra þessa málaflokks kemur hér og bendir í augljósa annmarka, bæði augljósa og líka annmarka sem ekki eru leikmönnum jafn ljósir. Hér hefur verið bent á, og ég hef talið það skyldu mína, þá annmarka.

Þegar ég vísaði til aðdraganda þessa máls, vinnu við þetta frumvarp, hugnaðist mér það ekki þegar ég fékk þar upplýsingar að upphaflega var gert ráð fyrir lengri tímamörkum en þarna koma fram í 1. og 2. gr. Síðan, eftir einhverja talningu og samanburð við tiltekin mál sem eru til umfjöllunar í stjórnsýslunni, hafi verið fallist á að kannski þyrfti ekki að hafa þessi tímamörk svona löng heldur til dæmis að á föstudaginn næsta væri kominn sá tími sem tilteknir umsækjendur hefðu verið hér á landinu þannig að þeir myndu örugglega falla undir þetta frumvarp og fengju skjól af þessu frumvarpi.

Ég spyr: Hvað með börnin sem koma hingað á morgun eftir að frumvarpið nær fram að ganga, geri það það? Hvað með þau? Eða börnin sem koma í næstu viku? Hvaða skjól eiga þau að fá? Mörg hver koma kannski úr erfiðari aðstæðu en þau börn sem koma frá Schengen-ríki eða öðrum

[17:10]

Evrópusambandsríkjum. Hver ætlar að taka upp hanskan fyrir þau börn? Hver ætlar að gera það?

[17:14]

Svandís Svavarsdóttir (Vg) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég hef kannski ekki verið nógu skýr í mínum spurningum. Þær eru tvær.

Í fyrsta lagi spyr ég hvort ráðherrann sé enn þeirrar skoðunar sem hún var undir stefnuræðu forsætisráðherra þegar hún taldi að það væri málaflokknum fyrir bestu að beina honum aftur inn í farveg þverpólitískrar vinnu. Hún taldi það þá. Kannski er hún annarrar skoðunar núna þegar hún er laus úr viðjum ríkisstjórnarinnar og er komin í aðdraganda kosninga þar sem það kann að vera að harðlínu-tónar henti betur baklandi hæstv. ráðherra.

Ég vil í öðru lagi spyrja hvort ráðherrann styðji samkomulag síns eigin formanns um þinglok og þar með að þetta mál ná hér fram að ganga. Það væri ágætt að vita hvort hún treysti sér til þess að greiða því leið hér í gegnum þingið.

[17:15]

Dómsmálaráðherra (Sigríður Á. Andersen) (S) (andsvar):

Virðulegur forseti. Að sjálfsögðu er ég sömu skoðunar og ég var þegar ég flutti hér ræðu eftir stefnuræðu forsætisráðherra fyrir nokkrum dögum. Ég tel alveg einboðið að næstu misserin verði starfandi þverpólitísk nefnd með fulltrúum allra flokka sem sitja á Alþingi, sem munu sitja á Alþingi næstu misserin. Nefnd sem falið verður að fjalla um þessi mál heildstætt. Ég tel það einboðið. Mjög nauðsynlegt. Og fái ég tækifæri til þess mun ég að sjálfsögðu fylgja því eftir.

Hvað framgang þessa máls varðar má öllum vera ljóst, sem hafa hlustað á ræðu mína að ég mun ekki styðja það. Það hefur ekkert með samkomulag um þinglok að gera. Afstaða mín er alveg skýr í þessu máli.

[17:17]

Björn Leví Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Mig langar að gera smáathugasemd við orð starfandi dómsmálaráðherra en hún sagði í ræðu sinni áðan „að vippra sér í stjórnarskrárbreytingar“. Nú er það svo að ég giska á að verið sé að vísa í dagskrárbreytingartillögu Pírata og Samfylkingar um að taka breytingarákvæði stjórnarskrárinnar á dagskrá. Tilraun til þess er að endurvekja mjög sambærilegt ákvæði og rann út í apríl síðastliðnum. Það er nú öll kollsteypan þar í; að virkja aftur ákvæði sem þegar hefur verið í stjórnarskrá. Heimurinn fórst ekki á meðan það ákvæði var virkt.

Það er sambærilegt á þann hátt að leiðrétta þarf smávægilega ólýðræðislega galla á því ákvæði, t.d. samkvæmt álitum Feneyjanefndar. Það á ekki að vera það flókið. Það er enn mánuður í kosningar, fullt af tíma til að ræða þetta mál og fá fram vilja þingsins, en þingið virðist ekki vera tilbúið í það.

Mig langaði bara til að innra ráðherra eftir þessum orðum: „að vippra sér“ í stjórnarskrárbreytingar; leiðrétta þau ef þau eiga við um þessa dagskrárbreytingu Pírata og spyrja

hvort það sé þá rétt ágiskun hjá mér að starfandi dómsmálaráðherra hafi átt við um það mál.

[17:19]

Dómsmálaráðherra (Sigríður Á. Andersen) (S)
(*andsvar*):

Virðulegur forseti. Já, ég átti nú reyndar við það mál. Þetta orðalag, að „vippa sér“ í breytingar, bar á góma við umræðu um atkvæðagreiðsluna í því máli. Ég verð að fá að leiðrétta hv. þingmann líka. Mér skilst að það hafi nú ekki bara verið um það að ræða að endurvekja gamalt ákvæði sem var til bráðabirgða í stjórnarskránni heldur var þvert á móti um verulegar breytingar á því máli að ræða, sem hefði kallað á verulega þinglega meðferð. Þetta varðar kannski ekki það mál sem er núna hér til umræðu, en ég tel mig þá hafa svarað þessu.

[17:20]

Þjörn Leví Gunnarsson (P) (*andsvar*):

Virðulegi forseti. Jú, okkur greinir á um hversu víðá-
miklar þessar breytingar eru. Ég tel þær vera smávægilegar. Það hefur ítrekað verið fjallað um þessa útgáfu af þessu breytingarákvæði stjórnarskránnar á fyrri þingum. Það liggur fyrir fullt af umsögnum um þetta ákvæði. Og eins og kom fram í atkvæðagreiðslum áðan og umsögnum voru Þíratar alveg tilbúnir til að vinna í áttina að málamíðlun. Við fengum hins vegar ekki að leggja fram annað frumvarp sem væri nær því ákvæði sem rann út af einhverjum undarlegum ástæðum. En spurningin var hvort þingið væri tilbúið til að nýta tímann og tækifærið til að klára þetta smávægilega skref sem hefur samt það mikil áhrif að strax væri hægt að fara að vinna að breytingum á stjórnarskrá á næsta kjörtímabili, t.d. að laga það sem út af stendur varðandi uppreist æru í stjórnarskránni.

[17:21]

Dómsmálaráðherra (Sigríður Á. Andersen) (S)
(*andsvar*):

Virðulegur forseti. Ég hef fullan skilning á því þegar hv. þingmenn brenna fyrir málum sínum og vilja fá framgang sinnna hjartans mála. Sumir koma jafnvel hingað til þings í upphafi kjörtímabils með eitt mál og brenna í skinninu; ég ætla ekkert að gera lítið úr þeim tilfinningum. Ég benti hins vegar á þessa umræðu um stjórnarskrárbreytingu í samhengi við þá breytingu sem hér hefur verið mælt fyrir að gerð verði á útlendingalögum. Ég ætla ekki að jafna sam-
an breytingum á útlendingalögum og stjórnarskrá en hins vegar er um að ræða stórkostlega breytingu á útlendingalögum sem getur haft veruleg áhrif bæði á þá sem hér búa og ekki síður þá sem hingað leita með ósk um skjól. Ég tel ekki nokkurn einasta brag á því að slíkt mál sé afgreitt hér á nokkrum klukkustundum án nokkurrar þinglegrar meðferðar.

[17:22]

Birgitta Jónsdóttir (P):

Forseti. Það er mikilsvert að hafa í huga að þegar málið sem tengist þessu bráðabirgðaákvæði kom fyrst á borð okkar á Alþingi var það að frumkvæði Samfylkingarinnar, að

frumkvæði hv. þm. Loga Más Einarssonar. Lagt var til að færa tveimur stúlkum ríkisborgararéttindi af því að það var engin önnur leið til þess að bjarga þeim nema sú lausn sem nú er komin. Ég vil áréttta það og tel mjög mikilvægt að það sé alveg öruggt að þetta breytingarákvæði tryggi skjól fyrir báðar þessar stúlkur. Auðvitað er það þyngra en tárur taki að vita að þessi tilraun mun eingöngu bjarga nokkrum börnum á flotta.

Það er ekki svo að það sé algjört barnaflóð á leið til Íslands. Það er ekki svo að við getum ekki unnið þessi mál hraðar þannig að fólk þurfi ekki að bíða hér mörg ár eftir að fá afgreiðslu á sínum málum. Það er ekki svo að borga þurfi einhverja milljarða, eins og kostnaðarmatið segir sem fylgdi frumvarpinu. Það er náttúrulega bara rugl. Það sýnir ákveðið viðhorf sem mér finnst mjög dapurlegt. Ef við ætl-
uðum að takast á við það sem frumvarpsákvæðið á að bregðast við, sem er tímaramminn, sem verður væntanlega til þess að reynt verður að afgreiða málið hraðar, þarf bara að ráða fleira fólk í vinnu til að afgreiða mál.

Fram kom í máli sitjandi dómsmálaráðherra að málsmeðferðin hefði orðið hraðari, það hefði einfaldlega verið vegna þess að fleiri starfsmenn voru settir í úrskurðarnefndina. Það er töluvert mikill fjöldi af nýjum starfsmönnum hjá Útlendingastofnun.

Mér finnst svo brýnt að hafa í huga að þetta er bara til skamms tíma. Við tökum ekki heildstætt á málinu til fram-
búðar. Það er alltaf rosalega erfitt að standa hér á þingi og segja að næsta þing eigi að gera þetta og það sé einlægur vilji sex flokka að svo sé, því að við höfum nákvæmlega ekki neitt í hendi um það. Ég er alla vega glöð að við getum bjargað nokkrum því að hvert einasta líf er dýrmætt, líka líf barna á flotta, það eru líka dýrmæt líf.

Komið hefur fram í máli sitjandi dómsmálaráðherra að við höfum ekki nauðsynlega „rísorsa“ til þess að taka á móti fólki sem farið hefur í gegnum mjög erfiða reynslu. Ég tel í fyrsta lagi að það sé ekki alveg rétt. Í öðru lagi tel ég að sé raunin sú sé mjög einfalt að ráða einhvern frá út-
löndum sem hefur reynslu af því að vinna í þessum mála-
flokki. Það getur ekki verið fyrirstaðan fyrir því að við getum tekið á móti fólki þannig að vel sé. Það sem er og hefur verið stærsta vandamálið, þannig að maður segi það upp-
hátt, er einfaldlega sú staðreynd að það myndast flöskuhálsar og fólk frá svokölluðum öruggum löndum þarf að bíða óhemjulengi eftir að fá mál sín afgreidd. Langflestar fjöl-
skyldur fá sem betur fer inni hjá sveitarfélögum og geta fljótlega komist í virkni.

Ég hef unnið með og hitt rosalega mikið af hælisleitend-
um frá ótrúlegustu stöðum í heiminum. Ég hef hitt fólk úr mismunandi trúarhópum, með mismunandi litarhátt og á mismunandi aldurs skeiðum. Ég gleymi aldrei fyrsta skiptinu sem ég hitti hælisleitendur. Þá var þeim öllum hrugað á stað sem heitir Fit og er í Keflavík. Fyrsta manneskjan sem ég kynntist var ungur drengur frá Írak, 17 ára gamall. Honum var vísað til Grikklands, beint á götuna. Okkur tókst að ná honum aftur til Íslands en það var gríðarlega mikil vinna.

Það eru harmsögur á bak við alla sem koma og sækja um skjól. Við skulum ekki gleyma því að allar þjóðir geta lent í mjög erfiðum aðstæðum. Við lentum í mjög erfiðum

aðstæðum þó að það sé ekki hægt að bera þær saman við þær aðstæður sem margir búa við, eins og t.d. á Sílandi. Þá fór mikill fjöldi Íslendinga og sótti um efnahagslegt skjól í nágrennaríkjunum. Fólk flúðu Ísland til að eiga möguleika á betra lífi annars staðar. Við skulum hafa það í huga þegar við tölum niður til þeirra sem sumir kalla túristaflóttamenn, sem er bara absúrd hugtak.

Ég á marga vini sem hafa þurft að flýja. Ég á marga vini sem eru innflytjendur, sem komu fyrst til landsins sem flóttamenn. Ég hef kynnst þeim víða um heiminn. Allt þetta fólk sem ég hef kynnst hefur orðið mjög mikilvæg búbot fyrir okkur Íslendinga. Við þurfum fleira fólk. Við flytjum inn gríðarlega mikið magn af fólki frá öðrum löndum til að vinna vinnuna af því að það er svo mikil aukning t.d. í ferðamannaíðnaðinum. Þannig að við þurfum í fyrsta lagi að tryggja að við getum tekið vel á móti fólki og tryggja að það sé ekki látið sitja og bíða í óvissu mánuðum og árum saman.

Þegar við vinnum breytingarákvæði eins og þetta sem er til skamms tíma þá hljóta það að vera skýr skilaboð til næsta þings. Það hljóta að vera skýr skilaboð að allir flokkar hér inni nema Sjálfstæðisflokkurinn hafa áhuga á því að tryggja betra réttarfar og betri stöðu og taka á móti fleiri börnum á flótta. Það eru þau skilaboð sem ég hef mótttekið eftir umræðurnar í dag.

Reyndar hafa þingmenn Framsóknarflokksins stigið fram og viljað setja þetta málefni á sama bás og málefni sauðfjárbænda. Það er svo þreytandi þegar alltaf skal taka málefni hópa eins og t.d. flóttamanna og stilla þeim upp við hliðina á öðrum hópum sem hafa það skítt á Íslandi. Mig langar til að þingmenn hafi það í huga að þegar ég var að alast upp voru engir útlendingar á Íslandi, þeir voru nánast ekki til. Það mátti varla koma blökkufólk á Keflavíkurflugvöll til að vinna í hernum. Ég man ekki betur en að gamla fólkið og fátæka fólkið hafi haft það alveg jafn skítt á Íslandi þá. Það hefur ekki neitt að gera með útlendinga að gamalt fólk og öryrkjar hafa það skítt á Íslandi. Við skulum bara hætta að vera með þessar samlíkingar.

Við þurfum fleira fólk til Íslands til að vinna vinnuna, til að taka þátt í að byggja upp þetta samfélag okkar. Það er ekki neitt sem kallar á að við ýtum fólki frá sem er í neyð og sérstaklega ekki því fólki sem eru börn. Það er alveg með ólíkindum að við séum ekki enn þá komin á þann stað í tilverunni að við tökum tillit til barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Ég man eftir því að ég fékk þann heiður að gera fyrsta vefinn fyrir umboðsmann barna og kynnti mér mjög vel barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og þau mannréttindi sem lúta að börnum. Það var árið níttján hundruð nífútu og eitthvað. Það kemur svo á óvart að við séum enn þá á þeim stað, ekki bara gagnvart börnum á flótta heldur líka gagnvart börnum á Íslandi.

Við verðum bara að taka okkur saman í andlitinu og fara að huga að þeirri neyð sem mörg börn búa við og þá líka börn á flótta. Þegar maður horfir á tölfraedina yfir það hver aldurssamsetningin er hjá þeim sem eru á flótta núna í heiminum, sérstaklega þeim sem koma til Evrópu, þá er gríðarlega stór hluti af því fólki börn. Aðeins brotabrot af þeim hópi kemur til Íslands. Það er eins og örsekúnda í öllu

tímatali mannkyns hversu margir koma hingað. Það er ekki eins og það verði eitthvert flóð flóttamanna. Það er bara ekki þannig. Það er vert að hugsa út í það hvað maður myndi vilja gera ef manns eigin börn væru í þessari stöðu, að vera látin bíða í flóttamannabúðum víða úti um Evrópu í mörg ár.

Ég veit ekki hvort margir þeir þingmenn sem gagnrýnt hafa þá tilraun að bjarga nokkrum flóttamönnum hafi komið í flóttamannabúðir eins og á Grikklandi. Ég skora á þá þingmenn sem hér hafa gagnrýnt þá tilraun, til þess að bjarga nokkrum mönnum, skella sér til Lesbos og vinna þar aðeins sem sjálfboðaliðar meðal allra þeirra flóttamanna sem búa við hörmulegar aðstæður. Prófið það og komið svo hingað og haldið áfram að gagnrýna.

[17:34]

Logi Einarsson (Sf):

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta mjög langt. Hv. þm. Katrín Jakobsdóttir fór mjög vel yfir frumvarpið og málið. Hv. þm. Birgitta Jónsdóttir hélt mjög góða og innihaldsríka ræðu sem tók nokkuð vel á þessum hlutum. Hún nefnir auðvitað grundvallaratriðið þegar kemur að þessum hlutum, sem er mannúð og ábyrgð. Hún nefnir líka hversu ríkan efnahagslegan hag þetta litla land, þessi fámenna þjóð í stóru landi, hefur af því að fá inn nýja einstaklinga, nýja íbúa. Og síðast en ekki síst kemur hún inn á þá döpru staðreynd að stjórnmalaflokkar, stjórnmalamenn, ætla að slá sig til riddara og reyna að næra umræðu sem snýst um að einn aðili sem á bágt sé endilega á kostnað annars sem á bágt. Það er ekki bara ógeðfellt, það er líka rangt.

Þess vegna vona ég að í framhaldinu og eftir að við höfum afgreitt þetta mál snúi fjölmiðlar sér að öllum þeim frambjóðendum sem hafa raunverulega möguleika á að ná þingsæti eftir næstu kosningar og spyrji þá hreint út: Hver eru ykkar viðbrögð í þessum málum? Munuð þið koma að vinnu við breytingu útlendingalaga sem miða að því að sýna meiri mannúð eða ætlið þið að reisa víggirðingar um Ísland og segja: Þetta er hættulegt menningu okkar, hættulegt efnahag okkar, og næra hræðslu fólks í kosningabaráttunni?

Við erum að ræða mál sem er okkur auðvitað kærast af öllu, sem allt lífið snýst í raun um, börn. Við erum ekki að tala um börn sem búa við þann aðbúnað sem við hér inni getum veitt þeim, eða flestir Íslendingar. Við erum að ræða um börn sem koma úr aðstæðum sem enginn ætti að upplifa og sem fæst okkar, sem betur fer, gera sér grein fyrir hvernig eru.

Í þingbyrjun lagði ég fram frumvarp um að veita tveimur stúlkum og fjölskyldum þeirra ríkisborgararétt. Fyrir það var ég gagnrýndur af ýmsum. Það var kallað lýðskrum. Ég vísa því beint til föðurhúsanna því að um var að ræða neyðarvæðing. Þótt frumvarpið sem slíkt tæki aðeins til nokkurra einstaklinga með beinum hætti var því ekki síður ætlað að senda yfirvöldum útlendingamála skýr skilaboð um til hvers löggjafinn ætlaðist. Að réttindi barna væru virt í hvívetna við töku stjórnvaldsákvæðana þar sem hagsmunir þeirra væru í húfi.

Hér hefur komið fram í ræðum nokkurra hv. þingmanna hver vilji Alþingis var þegar útlendingalögin voru sam-

þykkt og að það hefðu verið þeim nokkur vonbrigði að sjá að þau skilaboð hafi ekki fyllilega skilist. Þá hefur Alþingi ekki nema eitt úrræði, að tala skýrar. Það er það sem er verið að gera. Ákall hæstv. dómsmálaráðherra um samvinnu allra flokka um að breyta útlendingalögunum núna á þingvetrinum, sem hún nefndi vissulega í stefnuræðunni og var gott, á sér uppruna í þessu máli, því að í þingmálaskránni sem hún dreifði nokkrum dögum áður en stefnuræðan var flutt er ekkert um þetta. En það er gott. Ráðherra hefur þá brugðist við aðstæðum. Það sýnir að það var nauðsyn að setja þetta mál á dagskrá.

Hitt er svo aftur annað mál að ekki var samstaða meðal þingflokka endilega um það. Þótt Samfylking, Píratar og Vinstri græn væru á málinu þótti mörgum þingflokkum betra að fara aðrar leiðir, þ.e. að breyta frekar útlendingalögunum og tryggja betur réttindi og gera það með almennum hætti þar sem byggt er á gagnsæi og jafnræði. Ég get alveg tekið undir þau sjónarmið. Það er auðvitað alltaf best. En við þessi knöppu tímamörk tókst það ekki. Í stað þess er farin sú leið að leggja til breytingar til bráðabirgða sem munu vonandi tryggja nokkrum börnum að auki öryggi þar til nýtt þing kemur saman sem vonandi verður skipað öflum sem byggja á mannréttindum og mannúð.

Herra forseti. Ég hef þó áhyggjur af þessu frumvarpi og beini til velferðarnefndar að fara mjög vel yfir það og girða fyrir að ekki stafi nein hætta fyrir þá sem lögin ná til. Hæstv. ráðherra spurði áðan: Hvað með börnin sem koma á morgun eða hinn daginn? Ja, við nokkur hér inni, nokkrir þingflokkar, höfum þó alla vega gefið skýr skilaboð um að við viljum breyta þessu eftir kosningar. Hún vill þá væntanlega að þau gangi inn í það umhverfi sem er í dag og finnst það fullnægjandi. Það er ekki boðlegt að mínu viti.

Þess vegna er mjög brýnt að til þingstarfa veljist flokkar sem byggja á þeirri mannúð sem ég talaði um. Það er óheppilegt að öryggi barna sé orðið að þrætlepli stjórnmála eða skiptimynt í viðræðum, eða alla vega hótun um skiptimynt í viðræðum. Því að ég veit auðvitað innst inni að það hefur enginn áhuga á að tefla lífi barna í hættu. Ég vona alla vega ekki.

En ég held að við ættum að lokum að muna að sennilega er framkoma okkar við börn kannski skýrasti mælikvarðinn sem við eigum á hvers konar samfélag við erum þrátt fyrir allt. Með þeim orðum lýsi ég því yfir að ég styð þetta frumvarp og vona að það gangi greiðlega og örugglega í gegn og að við komum sem flest saman eftir kosningar og gerum þær úrbætur sem nauðsynlegar eru.

[17:42]

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (P):

Virðulegi forseti. Það er augljóst af máli sitjandi dómsmálaráðherra að henni finnst samúð þingmanna með börnum sem vísa átti út í óvissuna og viðbrögð þeirra við þeirri óréttlátu meðferð sem þau hafa fengið hreinasta svívirða. Sömuleiðis finnst henni ómögulegt að ákall almennings eftir réttlæti í þessum málum hafi orðið til þess að formenn flokka fundu hér tímabundna lausn rétt í þinglokin og fór hún mikinn um ófagleg vinnubrögð flutningsmanna sem séu í ofanálag ekki í takti við raunveruleika ráðherrans.

Loks varpaði hún fram fullkomlega ábyrgðarlaust ein-

hverjum fabúlringum um gríðarlegan kostnaðarauka sem gæti orðið af völdum þessa frumvarps. Af þeim sökum þykir mér rétt að taka fram strax í upphafi að þingmenn sem og aðrir skuli varast þann hræðsluáróður sem ég óttaðist einmitt að yrði allsráðandi við þessa umræðu. Hvers vegna? Vegna minnisblaða sem hér hafa gengið þingmanna á milli um hættuna á stórkostlegri fjölgun flóttamanna, gríðarlegum og rakalausum og stjarnfræðilegum kostnaðarauka við þessa fjölgun sem og eyðileggjandi og auknu álagi á starfsmenn Útlendingastofnunar vegna frumvarpsins.

Virðulegir þingmenn. Þessi rökstuðningur er þvættingur og einmitt ekkert nema hræðsluáróður. Það liggur alveg skýrt fyrir að með þessu er ekki verið að gera annað en að efla rétt þeirra sem nú þegar hafa sótt um alþjóðlega vernd hér á landi. Að efla rétt þeirra til efnislegrar meðferðar. Það nær ekki yfir þá sem koma hér á eftir. Því er allt hjal og tal um að hingað komi straumur flóttamanna vegna orðróms um lint regluverk á Íslandi einfaldlega helber þvættingur og hræðsluáróður.

Hér er hins vegar um að ræða enn einn plástur sem skilar vonandi þó þeirri góðu niðurstöðu að börn á flótta fái hér skjól. Þetta frumvarp er eftir sem áður engin fullvissa fyrir því, enda segir það bara til um rétt þeirra barna sem hafa verið hingað til hvað mest í umræðunni til að fá mál sín í efnismeðferð hjá Útlendingastofnun, stofnun sem nú þegar hefur sýnt svo ekki verður um villst að hún er til í að líta fram hjá barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, fram hjá flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasáttmála Evrópu í viðleitni sinni til að vísa sem flestum sem hingað koma í leit að alþjóðlegri vernd úr landi.

Mér finnst raunar sorglegt að við óttumst að taka á okkur sanngjarnan skerf gagnvart samfélagi þjóða þegar kemur að móttöku flóttafólks. Ísland tekur við hífum einstaklingum í samamburði við önnur lönd og við misnotum Dyflinnarreglugerðina síendurtekið til að skjóta okkur undan okkar sjálfsögðu ábyrgð í þessum efnum.

Ísland er aðili að NATO, frú forseti, sem ber gríðarlega ábyrgð á þeirri stöðu sem upp er komin gagnvart þeim ótrúlega fjölda fólks sem hefur þurft að flýja heimili sín vegna stríðsátaka og ofsókna. En okkur dettur ekki í hug að taka ábyrgð á þætti okkar í því með því að semja lög sem taka við því fólki sem hefur beðið óafturkræfan harm vegna aðgerða þessa stærsta hernaðarbandalags heimsins á undanförmum árum. Okkur dettur það ekki í hug. Þess í stað láta sumir þingmenn það eftir sér að kvarta yfir að um þúsund sálir hafi hingað leitað árlega og beðið um skjól. Þessi tala er einfaldlega brandari þegar hún er sett í alþjóðlegt samhengi.

Þetta frumvarp er í raun skammarlegt. Skammarlegt fyrir hvað það er nánasarllegt, hvað það nær yfir fá börn á flótta, fyrir hvað það þurfti að berjast hart í lokuðum herbergjum til að fá hið minnsta að setja þetta sjálfsagða mál á dagskrá. En hér er það á dagskrá og hér ræðum við þessa lágmarks, bráðabirgða, samvægilegu réttarbót. Og við getum ekki annað en samþykkt þetta mál viljum við ekki hljóta dóm sögunnar fyrir að hafa nákvæmlega enga samvisku.

[17:46]

Eva Pandora Baldursdóttir (P):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka flutningsmanni framsöguna og þakka formönnum næstum allra flokka á Alþingi fyrir að hafa staðið að þessu frumvarpi. Ég styð þetta mál svo sannarlega, en á sama tíma harma ég að ekki var hægt að ganga lengra til að vernda fjölskyldur og börn sem sækjast eftir hæli hér á landi. Ég harma að ekki hafi verið tekið inn í þetta frumvarp ákvæði um að áður en ákvörðun er tekin og um börn er að ræða skuli Útlendingastofnun eiga samráð við barnaverndaryfirvöld.

Ég harma einnig að ekki var hægt að taka á dagskrá frumvarp hv. þm. Loga Einarssonar um að veita tveimur stúlkum og fjölskyldum þeirra sem eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu ríkisborgararétt.

Ég hef nefnilega áhyggjur af því að þó svo að þetta góða frumvarp verði að lögum tryggi það ekki sanngjarna meðferð á málum þeirra og annarra barna í sömu stöðu þó svo að þau geti óskað eftir endurupptöku á úrskurði kærunefndar útlendingamála. Þó svo að mál þeirra verði tekin upp aftur hafa þau enga tryggingu fyrir því að í þetta skipti munu stjórnvöld virða t.d. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það virðist vera svo að Útlendingastofnun vinni á órannsakanlega vegu. Ég er hrædd um að þetta frumvarp dugi ekki til þess að bæta úr því. Þess vegna hefði verið gott að geta veitt þessum fjölskyldum ríkisborgarétt til þess að þær væru öruggar á meðan stjórnsýslan reynir að laga lagalegan vanda.

Þó svo að barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hafi verið lögfestur árið 2013, fyrir fimm árum, brjóta stjórnvöld enn á honum blákalt. Í 3. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir, með leyfi forseta:

„Allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Setja á lög og reglur sem tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.“

Ísland er aðildarríki að þessum sáttmála og ber skýra ábyrgð samkvæmt honum. Aðildarríki eiga að tryggja börnum þau réttindi sem barnasáttmálinn kveður á um.

Það sem þarf að gera, og ég legg til að það verði gert strax á nýju kjörtímabili, er að setja upp áætlun sem felur í sér að hætta að misnota Dyflinnarreglugerðina til að senda hælisleitendur og börn úr landi.

[17:49]

Pawel Bartoszek (V):

Frú forseti. Þegar það er þjóðhátíð í Eyjum og við getum ekki flutt fólk til Eyja af því að Samgöngustofa segir eitthvað tiltekið þá er því bara kippt í liðinn með því að skilgreina nýtt siglingasvæði sem er akkúrat þannig að skipið komist með fólk á þjóðhátíð. Það þykir allt í lagi. Ef menn eru ósáttir við að einhver vegur getur ekki legið á þann hátt sem þeir vilja þá leggja þeir fram frumvarp um að hann geti legið á þann tiltekna hátt. Það sér enginn í fljótu bragði neitt að því að þarna sé verið að opna pandórböx sem verður ekki lokað aftur. En þegar kemur að því að senda á börn úr landi og hluti fólks er ekki ánægður með það, þá má ekki grípa inn í með lagasetningu eða einhvers konar geðþóttavaldi á nokkurn hátt. Það er ekki hægt.

Audvitað er það þannig að öll löggjöf sem við setjum er alltaf miðuð við aðstæður og hugsanlega þær tilfinningar sem þær skapa. Það er ekki bara þannig að menn bregðist við fréttum með því að setja lög varðandi þær tilteknu fréttir. Menn bregðast við fréttum og breyta lögum til þess að réttarástandið í landinu endurspegli betur siðferðisvitund þeirra. Það var það sem gerðist í þessu máli og það eru fleiri dæmi þar um.

Hér tala menn eins og fólk rjúki upp til handa og fóta bara til þess að bregðast við einhverjum falletum myndum af börnum. En hvað var fyrra málið sem við vorum að ræða í dag? Við vorum að ræða uppreist æru. Það er mál sem hefur verið fréttamál. Það lá svo á að koma því í gegn að við erum að leggja fram hálf tveimur frumvarp í rauninni, [Hlátur í þingsal.] hálf tveimur frumvarp af því að seinni hluti frumvarpsins er ekki tilbúinn. Það kemur bara seinna. Það er ekki tiltökumál að bregðast við þessu eða öllu öðru sem við höfum brugðist við með þessum hætti. En þegar kemur að því að veita börn, þá setjum við fingurinn niður. Þá verður að segja stopp, hingað og ekki lengra.

Mig langar aðeins að fjalla um tilurð frumvarpsins sem hér er til umræðu. Eins og oft áður þegar einhverjum hópi fólks, hvort sem það eru þingmenn eða almenningur, líkar ekki hvernig lög í landinu eru þá koma fram ýmsar tillögur um hvernig eigi að bregðast við því. Það kom ein tillaga um að veita fólkinu sem um ræðir ríkisborgarétt. Það komu mörg frumvörp fram til að bregðast við þessu efni. Eitt þeirra var frumvarp sem þingmenn Viðreisnar og Bjartrar framtíðar ásamt nokkrum Þírötum stóðu að þar sem farið hefði verið heildrænt yfir umhverfi þessa mála og útlendingalög skoðuð með hliðsjón af barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hv. þm. Andrés Ingi Jónsson var með ágætisfrumvarp sem sneri að því að færa aftur inn litla setningu sem var tekin út á vinnslutíma útlendingalaganna á síðasta þingi þar sem var áréttað ákvæði sem átti að gilda um fólk í sérstaklega viðkvæmri stöðu. Síðan var ákveðið að reyna, eða það hélt ég, að bræða saman öll þessi ólíku frumvörp til þess að menn gætu komið sér saman um eitthvað.

Það verður audvitað að segja það hæstv. starfandi dómsmálaráðherra til hróss að hún hefur aldrei legið á skoðun sinni í þessu máli, hún hefur kannski aldrei verið sérstaklega lausnamiðuð þegar kom að því að leysa úr þessu tiltekna viðfangsefni. Hún vill standa vörð um lagaumhverfið eins og það er, en það voru aðrir þingmenn, þingmenn í öðrum flokkum en líka í hennar flokki, sem voru að vinna að þessari vinnu, að mér fannst, til að komast að sameiginlegri niðurstöðu, ekki sem flugur á vegg eða sem áheyrendur heldur hélt ég að þeir væru að vinna að þessu máli til þess að geta komist að sameiginlegri niðurstöðu. Þannig mat ég það alla vega þegar ég mætti á fundi ásamt þingflokksformanni mínum og öðrum þingflokksformönnum og fulltrúum annarra flokka. Þar voru fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og þar var hæstv. þingforseti sem stýrði þeim fundi. Ég ímyndaði mér að við værum þarna að vinna að því að komast að sameiginlegri niðurstöðu sem við gætum öll sætt okkur við. Hér er svo sannarlega minnsti mögulegi samnefnari allra þeirra hugmynda sem settar voru á blað. En þrátt fyrir að þessi samnefnari sé afskaplega smár að mínu mati virðist hann ekki einu sinni duga til þess að

Sjálfstæðisflokkurinn geti fallist á hann. Það veldur mér ákveðnum vonbrigðum og áhyggjum í ljósi þess að við erum að fara í kosningabaráttu.

Ég hef áhyggjur af því að þetta sé einhvers konar aðgreiningartæki. Ég vonaði að við gætum fallist á það að leysa úr þessu máli í sameiningu. Sú lausn sem hér er boðið upp á er ekki lausn sem mun tryggja það að íslenska ríkið virði barnasáttmálan eins og hefur verið bent á af mörgum aðilum að núverandi lög geri ekki að fullu, ekki núverandi framkvæmd. Það eru ekki bara einhverjir galgopar sem hafa fullyrt það. Það er ekki tekið á þeim kerfisbundna vanda sem virðist vera sá að ekki er nægilega mikið tillit tekið til réttinda barna í þessum málum. Nei, það er bara verið að leysa úr einhverjum litlum afmörkuðum þætti. Þetta er mjög tímabundið ákveði. Þess vegna veldur það mér vonbrigðum að þeir sem ég hélt að hefðu farið um borð í þessa vinnu til að taka fullan þátt í henni geti ekki einu sinni fallist á þessa mjög svo höfsömu málamíðun sem við komumst að. Það er undarleg samningatækni, finnst mér, að vilja miðla málum en geta síðan ekki einu sinni fallist á málamíðunina sjálfa.

Ég játa það að ég hafði ýmsar væntingar um vinnu við útlendingalög á kjörtímabilinu. Margar þeirra sneru ekki beinlínis að þeim málum sem lúta að hælisleitendum eða þeim málum sem eru svo oft í fréttum. Ég held að það þurfi að gera mjög margt til þess að Ísland verði vingjarnlegt land gagnvart öllum þeim sem hingað vilja koma af hvaða ástæðu sem það kann að vera, ekki eingöngu í neyð heldur bara vegna þess að þeir hafa þá ástríðu að flytja til Íslands. Það voru ýmsir hlutir sem ég hafði hugsað mér að setja fram. Ég vona að ég fái tækifæri til þess að halda áfram með þá vinnu. Eitt af því er t.d. að auka rétt barna á þann hátt að börn geti ávallt fylgt foreldrum sínum sem hafa löglegt dvalarleyfi hér. Þannig er það ekki í dag. Börn námsmanna geta ekki auðveldlega fylgt foreldrum sínum til landsins, ekki ef þau eru í BS-námi. Börn starfsfólks sem starfar hér tímabundið geta það ekki o.s.frv. Þetta er eitt-hvað sem ég held að við ættum að laga.

Annað mál eru réttindi sérfræðinga. Það var farin af stað ákveðin vinna við að tryggja það að hingað gæti fólk komið frá öllum löndum heims með sérfræðileysi, að þau sérfræðileysi veittu mönnum meiri rétt. Það mál lá á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar þar sem vonast var eftir að félags- og jafnréttismálaráðherra gæti lagt fram slíkt frumvarp næsta vor, en því miður verður það ekki raunin að sinni.

Í þriðja lagi langar mig að nefna eitt sem ég held að sé tækifæri sem við höfum ekki nýtt nægilega vel, sérstaklega þegar kemur að öllum þeim löndum sem menn tala um að fólk komi oft frá og nefna það stundum að það geri slíkt án sérstaks lögmæts tilgangs. Það eru svokallaðir samningar, æskulýðssamningar. Það er heimild í útlendingalögum til að gera samninga við önnur ríki þar sem fólk á aldrinum 18–26 ára gæti komið til landsins, kynnst hér menningu og þjóð, landi og þjóð. Eftir því sem ég best veit hefur Ísland ekki gert neinn slíkan samning. Þarna er sannarlega heimild fyrir utanríkisráðherra til að vinna með og líta sérstaklega til þessara jaðarsvæða EES-samstarfsins þaðan sem mikið af þessu fólki kemur. En því miður hefur vinnan á þessu kjörtímabili oftast ekki snúist um að herða ýmsar reglur,

fylla upp í ýmsar glufur til að koma í veg fyrir að of mikið af fólki komi hingað á fölskum forsendum, t.d. með breytingum á lögum um útlendinga, varðandi frestun réttaráhrifa o.s.frv.

Því miður finnst mér að allar þær herðingar sem menn koma á séu varanlegar, en mannúðin er oftast en ekki tíma-bundin.

[17:59]

Eygló Harðardóttir (F) (andvar):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Pawel Bartoszek fyrir ræðuna og tek undir að það er mikilvægt að við vinnum þetta vel. Þetta er ekki verkefni sem við munum klára með þessu frumvarpi. Það verður væntanlega eitt af stóru verkefnum nýs þings eða nýrra þingmanna á nýju kjörtímabili.

Ég hefði hins vegar áhuga á því að heyra um hugmynd sem hv. þingmaður lýsti og væntingar hans um frekari breytingar sem snúa að útlendingalöggjöfni og líka það sem nýr að atvinnuleyfum. Ég hef ekki í hyggju að bjóða mig fram aftur til þings en ég veit að hv. þingmaður hefur áhuga á að gera það og vonandi gengur honum sem allra besta að ná kjöri aftur. Ég hefði áhuga á að spyrja um lista þingmannsins varðandi breytingar á útlendingalöggjöfni, því að ég gat tekið undir allt sem hann nefndi í upptalningu sinni. Myndi það að tryggja að við gætum tekið upp samþæringlegt fyrirkomulag og þekktist í Kanada þannig að einstaklingar eða frjáls félagasamtök gætu tekið að sér að kosta og bera ábyrgð á móttöku flóttamanna? Þar held ég að viðmiðið séu um tíu aðilar. Það var mjög áhugaverð umfjöllun í *New York Times* um reynsluna af því fyrirkomulagi í Kanada sem haft er samhliða annarri móttöku þar. Það hefur gefist mjög vel að hafa þá leið mögulega. Gæti þetta verið eitt af því sem við myndum skoða til þess að við gætum haldið áfram að hjálpa flóttamönnum?

[18:01]

Pawel Bartoszek (V) (andvar):

Ég þakka kærlega andsvarið. Þær hugmyndir sem ég nefndi sem sneru að atvinnuleyfum byggðu vissulega á kanadískri leið. Þá vorum við að hugsa um að hafa ákveðinn lista af störfum sem væri þannig að fólk sem sinnti störfum sem væru á þeim lista ætti auðveldara með að fá dvalarleyfi og einnig að börn og makar þeirra sem fengju sérfræðileysi gætu fengið miklu tryggara dvalarleyfi en er í bði í dag.

Þær hugmyndir sem hv. þingmaður nefnir voru ekki hluti af þeim þakka, bara svo það sé sagt, en mér líst vel á þær. Ég gæti vel hugsað mér að gera þær að mínum í fram-tíðinni.

[18:01]

Eygló Harðardóttir (F) (andvar):

Virðulegi forseti. Ég er mjög glöð að heyra það. Ég veit að hv. þingmaður hefur fylgt vel eftir hugmyndum sínum og þeim áhugasviðum sem hann hefur haft. Ég vona svo sannarlega að við sjáum breytingar í anda þess sem hv. þingmaður talar hér um. Við fundum það þegar við vorum að gera breytingar á síðasta kjörtímabili á útlendingalögun-

um að um bandorm var að ræða. Það var líka verið breyta lögum um atvinnuréttindi. Það var raunar sá hluti sem allir voru mest sammála um að gera breytingar á. Atvinnulífíð fagnaði því sérstaklega að þarna væri verið að auka möguleika fólks með ákvæðna þekkingu til að koma hingað til lands. Eins var verið að auka möguleika fyrir ungt fólk í sama skyni. Ég veit að utanríkisráðuneytið hefur verið að skoða það. Það var alla vega verið að skoða möguleika á því að skoða „working holiday“-samninga við Japan og Kína. Það er mjög leitt að mínu mati að ekki skuli hafa verið gerðir samningar eins og flest lönd í kringum okkur hafa gert. Ég held að það gefi öllum mjög mikið að hafa möguleika á því að fara annað að vinna. Þetta eru gagnkvæmir samningar og þá eiga Íslendingar möguleika á að fara til viðkomandi landa og fólk frá þessum löndum hefur möguleika á að koma hingað og kynna Íslandi.

En í þessu fyrirkomulagi er um að ræða flóttamenn. Þetta er ný leið til þess að bjóða fólki, sem nú er í flóttamannabúðum í löndum þar sem er mikið álag, eins og t.d. Líbanon, að koma hingað til lands. Mjög víða í samfélaginu eru einstaklingar sem hafa mikla þörf og löngun til þess að hjálpa öðrum gætu tekið sig saman um að lofa að standa undir framfærslu þessara einstaklinga í þann tíma sem það tekur fyrir fólk að koma undir sig fótunum, fá vinnu og aðlagast íslensku samfélagi. Ég vona svo sannarlega að þetta verði alla vega ein af þeim breytingum á útlendingalögum sem menn skoða á nýju kjörtímabili.

[18:03]

Pawel Bartoszek (V) (andsvar):

Virðulegur forseti. Ég þakka enn og aftur fyrir þessa ágætu hugmynd. Ég mun skoða hana vel og gera að minni.

Aðeins til þess að nefna það í framhjálaupi sem nefnt var varðandi æskuskiptasamningana þá hafði ég hafið undirbúning á rannsókn á því hvaða samninga við værum að gera og hvaða samninga lönd í kringum okkur hefðu gert. Ég hafði í hyggju að ræða þau mál hugsanlega við utanríkisráðherra í sérstakri umræðu ef tími hefði gefist til. Ég get þá glatt eða hryggt þingmanninn með því að það hefði ekki náðst, en vonandi næst það síðar.

Mín skoðun er sú að þegar við gerum t.d. fríverslunarsamninga í framtíðinni eigum við ekki einungis að horfa á vörur, við eigum líka að horfa á fólk. Við eigum að tryggja að í þeim samningum séu ákvæði t.d. um að menn þurfi ekki vegabréfsáritanir og að það sé tryggt að ungt fólk í viðkomandi löndum geti farið á milli á grundvelli samninga, eins og við nefndum hér.

[18:05]

Nichole Leigh Mosty (Bf):

Virðulegur forseti. Ég skrifaði ræðu og ætla að standa hér og tala af jákvæðni. Þótt ég hafi kynnt mjög miklu af stolti þá hlustaði ég á dómsmálaráðherra og nú mun ég tala eftir eigin geðþótta. Ég var höfð á fifli. Þetta mál hefði líka getað sprengt þessa ríkisstjórn, segi ég hér og nú. Mér þykir það mjög leitt. Ég treysti því að vinnunni sem ég lagði fram yrði mætt af virðingu. Það að mæta virðingu frá öðrum þingmönnum í þessum sal, vinum mínum í Viðreisn, en hæstv. dómsmálaráðherra sýndi mér hér að mér var ekki

mætt af virðingu. Og sú vinna sem ég lagði fram til að ná málamiðlun vegna frumvarps sem lagt var fram vegna ríkisborgararéttar sem ekki hefði verið besta fordæmið í þessum málum, var ekki virt. Vinna mín var ekki virt.

Nú skal ég fara í ræðuna sem ég skrifaði.

Ég vil þakka þeim þingmönnum sem töluðu á undan mér. Þeir skýrðu margt varðandi þá stöðu sem við erum komin í. Hv. þm. Pawel Bartoszek skýrði stöðuna mjög vel. Hér er um að ræða ákvæði til bráðabirgða um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, málsmeðferðartími. Með því að samþykka þessa breytingu til bráðabirgða munum við draga úr þeirri óvissu sem ríkir um börn sem sótt hafa um alþjóðlega vernd hérlendis fyrir gildistöku laganna og hafa ekki þegar yfirgefið landið. Málið sem við munum greiða atkvæði um er niðurstaða mikilvægrar málamiðlunar eða samningaviðræðna sem staðið hafa yfir í nokkurn tíma í kjölfar frumvarps til ríkisborgararéttar. Það er hlutverk okkar á Alþingi, eða réttara sagt skylda okkar sem kjörinna fulltrúa, að leida slík mál til lykta. Það held ég að við höfum gert.

Drög sem lögð voru fram til málamiðlunar báru annað heiti: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, hagsmunir barna. Því að það er mál málanna, hagsmunir barnanna. Það frumvarp hefði náð til breiðari hóps og hefði tilgreint sérstaklega viðkvæma stöðu sem sérstakar aðstæður fyrir því að taka skyldi Dyflinnarmál til efnislegrar meðferðar. Það hefði tryggt að það sem væri barni fyrir bestu skyldi hafa að leiðarljósi í Dyflinnarreglugerðinni, þ.e. mál barna, líka fjölskyldna, ásamt því að skilgreina betur samráð við barnayfirvöld, efnismeðferð mála, tíma og eðli.

En því miður er það er verkefni sem bíður okkar á næsta þingi að ná þeim breytingum þrátt fyrir vilja minn til að leysa það nú. Það hef ég sagt, og brosað til félaga minna í Sjálfstæðisflokknum. Því miður. En það er ekki frumvarp sem liggur fyrir okkur nú.

Í dag ætla ég að fagna því að með samþykkt þeirra breytinga sem hér er um að ræða munum við ná til nokkurra fleiri barna og fjölskyldna sem bíða í óvissu. Við munum ná að gæta jafnræðis, þótt það sé takmarkað á þessum tíma. Ég vil undirstrika því mikilvægt það er að við höldum áfram að vinna að því að draga úr óvissu. Ég hef sagt með mikilli vissu að við værum að stefna þangað og halda áfram með þetta mál og finna betri leið til að við getum verið stolt af okkur, Íslendingar, og því jákvæða fordæmi sem við munum sýna í þessum málaflokki.

Fyrirgefið. Ég er svolítið tilfinningasöm. Þetta er mikið tilfinningamál fyrir okkur öll.

Ætlunin með gerð löggjafar um útlendinga var að uppfylla skyldu okkar til að tryggja enn frekara samræmi í íslenskum lögum við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það er ákvæði í lögnum um tengsl og samræmingu við barnasáttmálann. En eitthvað klikkaði í framkvæmdinni sem sagði okkur þegar við mættum á fund í hv. allsherjar- og menntamálanefnd að túlkun þessara laga og framkvæmd þeirra næði ekki markmiðinu.

Ný lög um útlendinga, nr. 80/2016, tóku gildi 1. janúar 2017. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 80/2016 kemur fram að í því hafi sérstök áhersla verið lögð

á réttindi barna og umbætur. Þær varða m.a. sérstök ákvæði um réttindi barna í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar og skilgreiningar á því hvað sé barni fyrir bestu. Komið hefur í ljós við beitingu laganna að það er ákveðin óvissa um túlkun á ákvæðum þeirra er varðar mat á því hvað barni sé fyrir bestu, m.a. hvað varðar endursendingu umsækjanda um alþjóðlega vernd á grundvelli Dyflinnarreglugerðar nr. 604/2013 og við mat á því hvort veita skuli barni alþjóðlega vernd hér á landi.

Ég vona svo sannarlega að menn átti sig á því að málefni tengd umsækjendum um alþjóðlega vernd eru málefni sem við munum vinna lengi að. Því er ekki lokið með afgreiðslu þessa frumvarps. Samkvæmt tölfraði frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna eru í heiminum öllum yfir 62 milljónir fólks á flóttu. Af þeim eru 12,7 milljónir skilgreindar sem börn eða einstaklingar undir 18 ára.

Ég tel þörf á að við mótum stefnu til framtíðar í þessum málaflokki og að lög okkar séu skýr svo framkvæmd þeirra tryggji bæði manntúð, jafnræði og endurspeglu ekki síst ábyrgð okkar sem hluta af alþjóðasamfélaginu og ekki síður siðferðislega skyldu okkar til að taka þátt í að vernda þá sem á þurfa því að halda, svo ég noti orð hæstv. dómsmálaráðherra; fólk í alvöruneýð.

Útbýtt var á þingfundi í dag beiðni um skýrslu frá ríkisendurskoðanda um stjórnýsluendurskoðun á starfsemi Útlendingastofnunar. Ég er einn þeirra þingmanna sem telja slíkrar skýrslu þörf. Hún mun styðja við stefnugerð. Hér spurði hæstv. dómsmálaráðherra hvort við teldum að eitt-hvað væri í framkvæmdinni sem ekki væri rétt. Það kemur í ljós við gerð þessarar skýrslu. Ég tel einnig að það sé afar mikilvægt að þegar Alþingi tekur til starfa sé sett saman þverpólitísk nefnd, sem var alltaf vilji löggjafans. Það kemur fram í greinargerð þegar lögín voru samþykkt. Hefði þessi nefnd verið starfandi værum við kannski ekki hér að ræða um þessa einstaklinga. Kannski hefðu hlutirnir farið betur. Kannski hefði aukist traust á milli flokka sem voru í ríkisstjórn á þessum tíma.

Ég skræði mikið niður undir ræðum annarra þingmanna. En það var eitt sem ég vildi snerta aðeins á þar sem ég hef sterkar tilfinningar gagnvart því. Það varðar nokkuð sem er þyngra en tárur taki. Það var mín upplifun. Ég hugsaði þegar ég horfði í augun í börnum, fylgdarlausum börnum á heimili á Grikklandi, börnum í flóttamannabúðum sem bjuggu við alvöruneýð, að þegar ég kæmi heim til landsins og faðmaði mín eigin börn, sem voru örugg, að ég myndi leggja mig alla fram til að við stæðum betur að þessari löggjöf og að við Íslendingar, íslensk þjóð, bærum höfuðíð hátt og stolt yfir þeirri málsmeðferð sem við veitum fólki sem sækir um alþjóðlega vernd. En í dag mun ég fagna því að við höfum náð málamiðlun um þessar tvær fjölskyldur og nokkrar fleiri og svörum ákalli samfélagsins um þau mál sem verið hafa til umræðu.

En ég hef enn þær væntingar að fordæmi þessarar ákvörðunar hafi það gildi að menn líti á málefni flóttafólks út frá manntúð og jafnræði.

[18:15]

Forsætisráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):

Virðulegi forseti. Við höfum hér á dagskrá málaflokk

sem er sérstaklega viðkvæmur. Hann er ekki bara viðkvæmur vegna þess að þeir sem eiga hér í hlut eru einstaklingar sem eru í viðkvæmri stöðu. Það er erfitt að ímynda sér að hægt sé að vera í verri stöðu en fjarri heimahögum í fullkominni neyð og eiga í raun og veru ekki endurkomu auðið vegna stríðs eða upplausnar í heimalandinu. Ég ætla bara að segja það hér í upphafi að ég hef fullan skilning á því að í umræðu um þessi mál séu miklar tilfinningar þar sem lögín sjálf, útlendingalögín, eru lýsandi fyrir það að við finnum til með þeim sem þurfa að leita skjóls alþjóðlegrar verndar fjarri heimahögum. Það má segja að það sé eins konar kjarnaatriði í löggjöfinni.

Nú er það svo að því miður í okkar heimshluta, á jaðri Evrópska efnahagssvæðisins, hafa geisad stríð. Það hefur kallað yfir alla álfuna áður óþekktan þrýsting og viðfangsefni af stærðargráðu sem við höfum aldrei áður séð framan í. Þingmenn héðan af Alþingi hafa sótt heim flóttamannabúðir. Ríkisstjórnin hefur sett hærri fjárhæðir en nokkur sinni fyrir til þess að koma til aðstoðar. Við höfum tekið hingað heim það sem á tæknimálinu er kallað kvótaflóttamenn. Við höfum sem sagt opnað götuna hingað til Íslands fyrir fólk sem kemur beint úr flóttamannabúðum. Við höfum líka aukið við fjárveitingar beint til aðstoðar þar sem hægt er að koma til hjálpar og við höfum í gegnum utanríkisþjónustuna sent fleiri á vettvang í ýmis verkefni sem geta komið að gagni til þess að bæta líffskilyrði og aðstæður. Svo höfum við hér á Íslandi þurft að bregðast við vegna þess að umsóknum um alþjóðlega vernd á Íslandi hefur stórfjölgað. Við höfum þurft að bregðast við með því að efla getu okkar til þess að takast á við þau mál. Ég myndi leyfa mér að segja að við á Alþingi höfum líka þurft að vera fljót að læra, setja okkur inn í þennan málaflokk, að skilja betur við hvað er að fást. Af þeim sökum var á síðasta kjörtímabili talið nauðsynlegt að koma á þverpólitískri nefnd sem leidd var á þeim tíma af stjórnarandstöðunni, ef það er til eitthvað sem heitir stjórn og stjórnarandstaða í málaflokki eins og þessum. Úr því starfi öllu fæddust breytingar sem áttu að vera til þess fallnar og voru það að okkar allra mati að tryggja skjóttari málsmeðferð, en í þessum málaflokki er fyrir mína parta alveg sjálfstætt mannréttindamál að við getum veitt skjót svör.

Við höfum upplifað svipaða þróun á Íslandi og hefur orðið í öðrum nágrannaríkjum, þ.e. það hefur verið vaxandi fjöldi umsókna á Íslandi ár frá ári. Það eru fleiri mál í ár en í fyrra, fleiri mál í fyrra en árið þar áður o.s.frv. Þetta hefur kallað yfir okkur ýmiss konar áskoranir. Þetta þekkja menn í þessum sal.

Nú er það svo að við á Íslandi getum ekki sett upp okkar eigið regluverk algjörlega óháð því sem á við í nágrannalöndunum. Við höfum þess vegna valið þá leið að þegar upp kemur sú spurning hvaða viðmið við eigum að leggja til grundvallar afgreiðslu á svona umsóknum að við höfum farið í alþjóðlegt samstarf um það. Það má alveg segja að á vissan hátt sé dálítið ómanneskjulegt að segja að það gildi ein regla fyrir alla og allir fyrir einn. En það er engu að síður þannig að við höfum átt í alþjóðlegu samstarfi um það hvernig eigi að taka á þessum málum og hvaða viðmið eigi að leggja til grundvallar, t.d. um ástandið í heimalandinu, þegar kemur að því hvort fallast beri á umsókn. Eftir þessu

verklagi höfum við starfað allan tímann. Mér finnst að það hafi verið góð samstaða um það í þinginu.

Í þessu regluverki felst m.a. að að meginreglu til eru umsóknir afgreiddar þar sem viðkomandi hefur fyrst haft viðkomu í samstarfsríkjunum. Mjög stór hluti þeirra mála sem rata í opinbera umræðu á Íslandi og eru til umræðu hér á þinginu er einmitt af því tagi, þ.e. það er deilt um þá meginreglu að mál skuli afgreitt þar sem viðkomandi hefur fyrst haft viðkomu inn á svæðið.

Mér finnst það vera umhugsunarefni að það sé orðinn hluti umræðunnar á þingi að við viljum mögulega hverfa frá slíkum grundvallaratriðum í málsmeðferðinni. Mér finnst í því máli sem er hér til umræðu vera gefið undir fótinn með að við séum tilbúin til að taka þá grundvallarreglu til endurskoðunar og tryggja jafnvel að hér á landi eigi að fara fram hin eiginlega efnismeðferð þrátt fyrir að við séum aðilar að Dyflinnarsamkomulaginu og hingað til hafi verið miðað við að réttur viðkomandi sé tryggður með því alþjóðlega samstarfi sem við höfum átt hlutdeild að. Þetta finnst mér að þarfnist alveg sjálfstæðrar og sérstakrar skoðunar.

Mér hefur líka þótt hafa verið samhljómur um það á þinginu fram til þessa að þegar um jafn umfangsmikinn vanda er að ræða og hér er undir og þar sem menn vilja leysa málið eða nálgast, skulum við segja, þann vanda sem er undirbyggjandi með samstilltum aðgerðum hafi verið skilningur á því að það gangi ekki að viðmiðin varðandi afgreiðslu einstakra mála séu mjög frábrugðin frá einu ríki til annars. Þetta er viðkvæm umræða vegna þess að hún snýst um milljónafjölda sem er á flótta og það er talið að einungis 10% þeirra sem raunverulega vilja komast frá heimahögunum séu á ferðinni. Hin 90% hafa ekki treyst sér enn þá af stað, hafa vegna ýmissa ástæðna ekki treyst sér í ferðalagið. En það er talið og það hefur verið almenn samstaða um það að augljóst sé að menn muni leita þangað sem fyrirstaðan er minnst ef reglurnar, hinar efnislegu reglur um málsmeðferðina, eru ólíkar því sem almennt gildir, í þessu tilvikum í þeim löndum sem eiga aðild að Dyflinnarsamkomulaginu.

Þegar við veltum því upp í því máli sem rætt er á Alþingi í dag hvað það kunni að vera sem þarfnist endurskoðunar er ekki hægt að horfa fram hjá því að ekkert hefur komið fram í efnislegri umræðu um málið í dag sem segir að við séum að fara rangt að. Það er eingöngu verið að fara fram á að málin séu tekin til skoðunar. Upphaflega eru sett á dagskrá þessi málefni vegna tiltekinna afmarkaðra mála sem þó eru ekki enn fullafgreidd fyrir íslenskum stjórnvöldum í þeim skilningi að rætt hefur verið um að látið verði reyna á réttindi fyrir dómstólum.

Það sem ég er hér samandregið að taka fram er að ég held að það sé bráðnaðsynlegt fyrir okkur á þingi að reyna að viðhalda þeirri samstöðu sem hingað til hefur ríkt og lýsti sér í þeirri lagasetningu sem síðast var samþykkt á Alþingi, þvert á alla flokka, að við virðum ákveðin grundvallarviðmið í þessum málaflokki, viðmið sem taka mið af því alþjóðlega samstarfi sem við erum þátttakendur í og sömu-leiðis að við hljótum að þurfa að samþykka að þingið setur reglurnar og framkvæmdarvaldið fylgir reglunum. Það er grundvallaratriði.

Ef við hættum okkur inn á þá braut að taka til endur-

skoðunar einstaka niðurstöður í stjórnkerfinu þá held ég að við getum valdið slíkri óvissu um framkvæmd mála í þessum málaflokki að það geti leitt okkur í ógöngur.

Það er ekkert léttvægt að tala um þessi mál á einhverjum praktískum, mætti ég segja, framkvæmdalegum nótum um það hvernig skilvirkast sé að fást við öll þessi mál vegna þess að alveg eins og síðasti ræðumaður vék að eru raunverulegar manneskjur sem eiga í hlut. Í þessu tilvikum, í þeim málum sem hafa síðast verið mest til umræðu, eru ekki bara manneskjur heldur börn og í mörgum tilvikum fylgdarlaus börn.

Sá veruleiki blasir við íslenskum stjórnvöldum í þessum málaflokki almennt að yfirgnæfandi meiri hluti umsókna um hæli á Íslandi stafar frá ríkjum þar sem við, Íslendingar, og öll okkar samstarfsríki höfum komist að þeirri niðurstöðu að ríki ekki hættuástand hjá. Þess vegna er það meginniðurstaðan í langflestum málum að ekki beri að fallast á umsókn um hæli. Engu að síður höfum við byggt upp nokkuð öflugan stjórnsýslu og við höfum varið miklum kröftum og fjármunum í að vanda málsmeðferðina í hverju einasta tilvikum.

Það er líka augljóst í því alþjóðlega samstarfi sem við höfum tekið þát í að það er því miður ótrúlegur fjöldi fólks sem býr við bág efnahagsleg kjör sem reynir að finna glufu á því mannúðarkerfi sem hælisleitendakerfið á Íslandi og í samstarfsríkjum okkar er. Lög og reglur, stjórnsýsla, mót-taka fólks sem býr við neyð, sem er á flótta vegna þess að það getur ekki búið heima hjá sér, allt þetta kerfi hefur verið smíðað til þess að taka vel á móti þessu fólki. Ég hef engan þingmann hitt sem sér á eftir einni einustu krónu í þennan málaflokk til þess að gera vel við þá sem búa raunverulega við þannig aðstæður. Við erum stolt af því að geta tekið á móti slíku fólki. Við setjum mikinn kraft í samvinnu við sveitarfélög og alla aðra sem koma að þeim málaflokki til þess að hjálpa því fólki að setjast hér að og aðlagast vel samfélaginu, með nákvæmlega sama hætti og við bjóðum hingað til Íslands heim kvótáflóttafólki. En við verðum á sama tíma að setta okkur við það að það er hlutfallslega ótrúlegur fjöldi umsókna um hæli á Íslandi sem er á kerfis-málinu tilefnislaus. Þegar við leysum úr þeim vanda þá þurfum við að horfast í augu við það að ef við gerum það illa þá dregur það úr getu okkar til þess að taka almennilega á móti raunverulegum hælisleitendum sem eru í viðkvæmri stöðu, að hjálpa þeim að aðlagast samfélaginu og leysa hratt og örugglega úr þeirra málum. Þetta er hinn kaldri veruleiki í þessum málaflokki. Eftir því sem við ætlum að setja meiri fjármuni, setja fleira fólk á bak við það, að vinna úr málum sem ekki eiga raunverulega samkvæmt öllum samþykktum alþjóðlegum viðmiðum rétt á að koma til landsins sem hælisleitendur, eftir því sem við setjum meiri kraft í það, þeim mun meira drögum við úr getu okkar til þess að sinna almennilega þeim málum sem við erum sam-mála um að sinna.

Þetta eru nokkur almenn sjónarmið sem ég vildi koma á framfæri í umræðunni vegna þess að ég finn að hún er mjög tilfinningadrifin. Mér finnst það mjög skiljanlegt. Löggin eru beinlínis sett vegna þess að við erum mannleg. Við finnum til með þessu fólki. Hin hliðin, hin röndin á þessum málaflokki, snýr að því að við getum (Forseti hringir.) gert þetta

almennilega. Við búum þannig um þessi mál að við náum raunverulega þeim tilgangi sem lagt var af stað með.

[18:30]

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (P) (andsvar):

Herra forseti. Starfandi forsætisráðherra víkur að samstöðu um þessi mál og að við skulum ekki víkja frá samstöðu um þessi mál. Hann bendir réttilega á að þetta sé mikil tilfinningamál sem beri að sýna ýrtruðu varúð.

Mig langar að byrja á að spyrja hæstv. forsætisráðherra um hvað hann eigi við með samstöðu. Á hann við með samstöðu, eins og hann vísaði í á fundi hjá Samtökum eldri Sjálfstæðismanna, með leyfi forseta, að Íslendingar þurfi að beita ströngum reglum til þess að tryggja að „við fáum ekki yfir okkur milljón flóttamenn“, og jafnvel taka upp kerfi þar sem fólki sé ekki hleypt inn í landið án vegabréfsáritunar? Er ráðherra að tala um samstöðu gagnvart því? Finnst honum vera samstaða fyrir því? Snýr samstaðan að passa upp á tilfinningar sínar ekki líka að því að fara varlega með orð sín gagnvart fólki sem kemur hingað og sest hér að? Var ekki óvarlegt af forsætisráðherra að tala um að lögreglan fari aldrei óvopnuð í Víðines? Var það ekki óvarlega talað, og spilað inn á tilfinningar hjá fólki í þessum mála-flokki? Var það ekki svo? Er samstaða um slíkan málf lutning á þessu þingi?

Í lokin: Er samstaða á þessu þingi um að forsætisráðherra þjóðarinnar tali um að það hafi verið slæm ráðstöfun að veita Íslendingum, sem sannarlega fengu íslenskan ríkisborgararétt, þann ríkisborgararétt? Var forsætisráðherra ekki að tala til Íslendinga þar? Hvar er forsætisráðherra að passa upp á tilfinningar sínar í því máli? Hvernig er hann ekki að spila með tilfinningar fólks þar? Hvar er samstaðan í því?

[18:32]

Forsætisráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):

Herra forseti. Þegar ég vísaði í samstöðu tók ég einmitt til þetta dæmi sem við höfum nýlega frá því að Alþingi samþykkti umbætur á löggjöfinni sem allir flokkar stóðu sameiginlega að. Þetta síðasta sem þingmaðurinn nefnir, sem er ríkisborgararétturinn sem ég sjálfur studdi, er dæmi um að okkur mistókst að taka með eðlilegum hætti á einstaka málum. Það er dæmi um það að hingað inn á löggjafarsamkomuna rati erindi beint úr stjórnkerfinu frá framkvæmdarvaldinu. Mér finnst það óeðlilegt. Ég held að það sé ekki gott fordæmi almennt séð að málum sem ekki hljóta samþykki í stjórnkerfinu, þ.e. hjá framkvæmdarvaldinu, sé skotið til þingsins til áframhaldandi meðferðar. Eða er þingmaðurinn þeirrar skoðunar að við ættum að vera með einhvers konar áfrýjunarkerfi til þingsins í þessum mála-flokki? Ég held að það sé ekki gott fordæmi. Það er enn þá mín skoðun.

Varðandi vegabréfsáritanir. Við höfum eitt nýlegt dæmi sem er að Evrópusambandsríkin hafa gert samninga við Georgíu um vegabréfslausar ferðir frá Georgíu inn í Evrópusambandið. Nú er það svo að á samstarfsveitvangi um þessi tilteknu mál hérna er það algerlega óumdeilt að áritunarsleysið hefur verið misnotað fyrir hælisleitendur. Það er bara

staðreynd og rétt var um það. Við verðum að geta rétt þetta af raunsæi. Þetta er dæmi um það að við þurfum að spyrja okkur hvort það kunni að þurfa að beita áfram vegabréfsáritunum til að sporna við offjölgun tilefnislausra umsókna. Með nákvæmlega sama hætti og Svíar, sem hafa haft frjálsslyndustu reglurnar um þessi mál, nákvæmlega þessi mál, horfðust í augu við það að þeir réðu ekki við vandann og tóku upp (Forseti hringir.) áritanir á brúnni milli Danmerkur og Svíþjóðar. Danir hafa gert það sama. Við höfum ekki enn þá komist í þá stöðu, en við getum ekki litið (Forseti hringir.) undan ef slíkar aðstæður kynnu að skapast á Íslandi.

[18:35]

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra spyr hvort mér lístist á þá tilhögun að þingið yrði að einhvers konar áfrýjunarverkfæri stjórnáslunnar. Auðvitað líst mér ekkert á það enda er það ekki eðlileg stjórnásla. Hins vegar tel ég það vera hlutverk löggjafans að bregðast við þegar augljóst er að vilji löggjafans er ekki virtur sem skyldi í stjórnáslunni, þegar augljóst er að gallar eru á löggjöfinni, þegar augljóst er að óréttlæti mun eiga sér stað ef löggjafinn bregst ekki við.

Hæstv. forsætisráðherra brást hins vegar ekki við spurningu minni um hvort það teljist ekki óvarlegt að spila með tilfinningar fólks að tala um að lögreglan fari aldrei óvopnuð í Víðines þar sem sumir hælisleitendur voru til húsa. Finnst hæstv. forsætisráðherra ekki óvarlegt að tala svona? Á hverju byggir hann þessar staðhæfingar sínar? Ég hef það eftir heimildum fólks sem sér um þennan málaflökk að það hafi engin tilvik verið um það, að lögreglan hafi gefið það út að hún fari ekki óvopnuð í Víðines, sem nota bene er búið að loka fyrir mörgum mánuðum. Ég skil því ekki alveg þetta dæmi og ég spyr hæstv. ráðherra: Hvaðan fékk hann þessa staðhæfingu? Er hann ekki að spila inn á ótta fólks þegar hann notar þetta í ræðu meðal sinna félagsmanna?

[18:36]

Forsætisráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):

Virðulegi forseti. Þegar hv. þingmaður kemur hingað upp og segir að augljóst sé að vilji löggjafans sé ekki virtur í einhverri málsmeðferð, hvers vegna kemur þá ekki þingmaðurinn og stendur að einhverri lagabreytingu sem lagar þær efnisreglur sem er verið að brjóta, þar sem er verið að fara þvert gegn vilja löggjafans? En ekkert slíkt mál er hérna fyrir þinginu. Það er ekki verið að leggja til að nokkurri einustu efnisreglu sé breytt. Þvert á móti. Hér er verið að mæla fyrir máli þar sem sagt er: Það á eftir að koma í ljós hvort er verið að fylgja vilja löggjafans eða ekki. Þessi málf lutningur stenst því auðvitað enga skoðun. Það er ekki bæði hægt að koma hingað upp og segja að hér sé verið að mæla fyrir brýnu máli sem muni taka efnisreglurnar til endskoðunar og hins vegar að það eigi allt saman eftir að koma í ljós einhvern tímann síðar. Annaðhvort er það. Það var alveg skýrt í framsögu um þetta mál að ekki er verið að mæla fyrir breytingum á efnisreglunum þegar kemur að því hvernig þessi mál eru afgreidd í stjórnkerfinu.

Varðandi það hvernig aðbúnaður hefur verið hjá hælisleitendum, hvernig ástandið hefur verið, þá verð ég bara að segja alveg eins og er að mér hefur þótt það býsna dapurlegt. Mér hefur þótt erfitt að horfa upp á það að fólk hafi verið látið bíða í óvissu. Þau eru mjög slæm dæmin um þá sem hafa fest rætur, jafnvel eignast börn á Íslandi, (Gripið fram í.) myndað fjölskyldutengsl, hafið skólagöngu, byrjað í námi, (Gripið fram í.) — ef ég mætti bara ljúka þessum örfáu sekúndum sem ég hef — (**Gripið fram í:** ... svara spurningunni ...) jafnvel skotið rötum hér (Forseti hringir.) með öðrum hætti, að tilvera slíks fólks sé rifin upp með rötum. Þetta er ástæðan fyrir því að við höfum verið sammála á þinginu að það þurfi, og það var megintilgangur laganna sem við sammæltumst um síðast, að hraða málsmeðferðinni.

Það sem ég er að benda á er að við erum hér að efna til umræðu um þessi mál án þess að eitt einasta efnisatriði sé undir. Við erum svolítið að skjóta þessu máli bara áfram. Þetta er svolítið eins og að sparka vandamálinu á undan sér. Þeir (Forseti hringir.) sem tala hérna af mestum tilfinningahita nefna ekki eitt einasta efnisatriði (Forseti hringir.) sem hefur brugðist frá síðustu lagasetningu. Við sem höfum efasemdir um þetta frumvarp finnum líka til (Forseti hringir.) með þessu fólki. Við viljum bara leggja áherslu á að það séu (Forseti hringir.) öll mál afgreidd af jafnræði, (Forseti hringir.) af sanngirni og í samræmi við þær skuldbindingar sem við höfum undirgengist.

[18:39]

Forseti (Steingrímur J. Sigfússon):

Forseti biður hv. ræðumenn að virða tímamörk eftir föngum.

[18:39]

Kolbeinn Óttarsson Proppé (Vg) (andsvar):

Virðulegi forseti. Hæstv. forsætisráðherra bauð upp á almenna umræðu um þennan málaflokk. Ég er að hugsa um að þiggja það boð hans. Ég ætlaði nefnilega líka að spyrja út í fundinn sem hv. þm. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir spurði út í og hæstv. forsætisráðherra kom sér undan að svara þrátt fyrir að hann færi vel rúmlega yfir þann ræðutíma sem honum var markaður.

Mig langar að endurtaka spurningu hv. þm. Þórhildur Sunnu Ævarsdóttur: Finnst hæstv. forsætisráðherra það í lagi að tala um að lögreglan fari ekki í Víðines óvopnuð, ef sú er ekki reyndin? Finnst hæstv. forsætisráðherra að hann geti talað svona í hans stöðu?

Mig langar líka að spyrja hæstv. forsætisráðherra út í ummæli sem höfð eru eftir honum í frétt *Morgunblaðsins* af umræddum fundi Samtaka eldri Sjálfstæðismanna þar sem spurt er út í kostnaðinn við hælisleitendur. Þar er haft eftir forsætisráðherra, með leyfi forseta:

„Mér finnst erfitt að horfa á eftir þessum miklu fjármunum sem fara í þetta mál.“

Mig langar að spyrja hæstv. forsætisráðherra út í þetta þar sem hann talaði um það áðan að honum þætti býsna dapurlegt að hafa horft upp á ástandið, hvernig það hefði verið og það væri nauðsynlegt að hraða málsmeðferð. Hvernig fer það saman að finnast það erfitt að horfa á eftir

þessum miklu fjármunum sem fara í málið og vilja um leið hraða málsmeðferð?

Ég bið hæstv. forsætisráðherra lengstra orða að svara nú einfaldlega spurningunni en setja ekki á langar ræður um hvað ég ætti að vera að leggja fram eða einhverjar ímyndaðar deilur um eitthvað sem er ekki verið að spyrja út í hér. Ég er einfaldlega að spyrja út í orð hæstv. forsætisráðherra sem hann lét falla á umræddum fundi. Hann hlýtur að vera maður til að standa undir þeim orðum og svara fyrir þau.

[18:41]

Forsætisráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):

Virðulegi forseti. Mér var tjáð á sínum tíma að þetta væri staðan í Víðinesi, sem er ekki lengur starfrækt, að vegna öryggisástands á því svæði hefði lögreglan þurft að vera við öllu viðbúin. Þannig er það bara. Ég veit ekki hvort hv. þingmaður vill að maður haldi því bara fyrir sjálfan sig eða hvort málið þoli einfaldlega ekki þá umræðu. Þannig er þetta bara.

Varðandi fjármunina sem fara í þennan málaflokk þá tók ég það fram í ræðu minni áðan að ég sé ekki eftir einni einustu krónu í þennan málaflokk sem fer í að koma fólki í skjól, sem fer í að sýna mannúðlega meðferð á umsóknum, hraða málsmeðferðinni, tryggja örugga aðlögun að samfélaginu, koma fólki til hjálpar í flóttamannabúðum, sækja þangað kvótaflóttafólk. Ekki sé ég eftir einni einustu krónu. Mér finnst að við Íslendingar höfum ríkum skyldum að gegna sem ein af þeim þjóðum þar sem landsframléiðsla á mann er hvað hæst í heiminum, á margan hátt svo mikil forréttindabjód að þegar kemur að flóttamannavandanum sem við horfum upp á í dag, þá eigum við að vera stolt af því að leggja okkar af mörkum.

Hins vegar þegar kemur að flóði tilefnislausra hælisumsókna frá örugum ríkjum sem geta á skömmum tíma (Gripið fram í.) tekið upp starfskrafta í stjórnsýslunni þar sem við höfum vegna langrar málsmeðferðar séð á eftir alveg ómældum upphæðum í fæði og skjól í málum sem fyrirsjáanlegt var að myndu enda með brottvísun, þá sé ég eftir þeim fjármunum. Ég hefði frekar viljað sjá þá fara í fyrri hluta málsins, að hjálpa þessu fólki að aðlagast, að ýta undir íslenskukennslu, að hjálpa því að koma undir sig fótunum á Íslandi, í íslensku samfélagi. Það er um þetta sem lögin beinlínis snerust sem við sammæltumst um (Forseti hringir.) síðast, að hraða málsmeðferðinni þannig að hvorki væri tíma, fjármunum né mannréttindum fórn að við meðferð þessara mála.

[18:44]

Kolbeinn Óttarsson Proppé (Vg) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að svara hreint út spurningum mínum. Það er athyglisvert að heyra hæstv. ráðherra tala um löngun hans til að setja aukna fjármuni í að hraða málsmeðferð. Það er ekki svo langt síðan að hér var lagt fram frumvarp til fjárlaga. Ég veit ekki betur en þar sé staðan sú að ekki er mætt þeim kröfum Útlendingastofnunar eða þörfum sem hún þarf til að hraða málsmeðferð. Af hverju birtist þessi löngun hæstv. ráðherra ekki í fjárlagavinnunni?

Hæstv. ráðherra spyr hvort hann eigi að þegja yfir ástandinu eins og honum sé sagt að það sé og hafi það verið fyrir einhverjum mánuðum en eins og hv. þm. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir kom hér inn á, þá er búið að loka umræddum stað sem hæstv. ráðherra vísaði í. Nei, ég ætlast ekki til að hæstv. ráðherra þegi yfir einhverju. En ég ætlast til að hæstv. ráðherra gæti að orðum sínu, að hann sé ekki að tala inn í sinn innsta kjarna stuðningshóps og ala á ótta að ástæðulausu.

Það kemur mér á óvart sem hæstv. ráðherra kom inn í sinni ræðu að það kom honum á óvart að einhverjir væru að velta því fyrir sér hvort þessum málum væri rétt fyrir komið hér á landi með því að beita alltaf fyrir sig Dyflinnarsamkomulagi, það virtist hafa komið hæstv. ráðherra á óvart. Ég man eftir að hafa heyrt umræðu um það á Alþingi, ekki bara á þessu kjörtímabili og því síðasta, heldur þar áður jafnvel líka. Þetta er búið að vera umræða sem er í gangi um nokkurn tíma. Hæstv. ráðherra hefur ekki fylgst nógu vel með ef þetta kemur honum á óvart.

Það vill svo til að Ísland er aldrei fyrsti viðkomustaður. Margir hafa því spurt sig að því hvort það sé rétt að Ísland beiti ætíð fyrir sig Dyflinnarsamkomulaginu, hver sé ábyrgð Íslands þegar flóttafólk er oft á tíðum að flýja átök, jafnvel átök sem Ísland hefur stutt og þar með talið hæstv. forsætisráðherra.

[18:46]

Forsætisráðherra (Bjarni Benediktsson) (S)
(*andsvar*):

Það var nú óskaplega lítið eftir í þessu seinna andsvári hjá hv. þingmanni. (Gripið fram í.) Það er spurt um það hvort fjárlög styðji þann málflutning sem ég hef hér haldið uppi. Við skulum bara horfa á framkvæmd fjárlaga. Það hefur aldrei verið látið standa á fjárveitingum til Útlendingastofnunar eða kærufndarinnar til að ýta undir sem skjótasta málsmeðferð, það hefur aldrei staðið á því. Það væri kannski einhver innstæða fyrir orðum hv. þingmanns ef ríkisstjórnin hefði haldið þannig á málum að fjárveitingar til þessara mikilvægu stofnana væru stöðvaðar. Við höfum aldrei farið þá leið. (Gripið fram í.) Við höfum ávallt tryggt þá fjármuni sem hefur þurft til þess að tryggja sem besta málsmeðferð. Það eru engin dæmi um annað. Þannig að allt þetta tal um fjárlög og framkvæmd fjárlaga er bara út í hött.

Síðan er það allt önnur umræða og hefur ekkert með það frumvarp að gera sem hér liggur fyrir þinginu hver ábyrgð Íslands er almennt séð. Hv. þingmaður fer að tala um eitt-hvert tiltekið stríð sem Íslendingar hafa ekki átt neina beina aðild að. (Gripið fram í.) Ég minnst þess þegar yfirvofandi voru loftárásir á Sýrland og vinstri stjórnin var hér við völd þá hreyfði hún hvorki legg né lið á ráðherrafundi NATO þegar málið kom þar til umfjöllunar og olli nú talsvert miklu uppöti hér á þinginu. Ef það er það sem hv. þingmaður er að rifja upp (Gripið fram í.) hvernig þau mál lágu fyrir nokkrum árum síðan.

Hér eru menn komnir svo langt, langt út fyrir efnið. Ég hef í mínu máli verið að vekja athygli á að fyrir þinginu liggur mál sem á yfirborðinu virðist vera að taka á einhverjum efnisatriðum, en það er ekkert einasta efnisatriði að finna í málinu og því er beinlínis fylgt eftir með þeim orð-

um að það eigi eftir að koma í ljós hvort einhverjum (Forseti hringir.) efnislegum breytingum þurfi að koma að.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allsh.- og menntmn.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjttill., 114. mál. — Pskj. 114.

[18:49]

Forsætisráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 26. september 2017 eða síðar, ef nauðsyn krefur.“

Virðulegi forseti. Tillagan skýrir sig sjálf.

[Fundarhlé. — 18:49]

ATKVÆÐAGREIÐSLA

[23:03]

Till. samþ. með 47:7 atkv. og sögðu

já: AIJ, ATG, ÁsIS, ÁsF, ÁstaH, BenJ, BÁ, BjG, BjarnB, BHAr, EB, ELA, EyH, GB, HKF, HarB, HildS, JónG, JSV, JSE, KJak, KÓP, KÞJ, LA, LRM, LE, NicM, NF, OH, ÓBK, ÓP, PawB, RBB, SÁA, SilG, SJS, SPÁ, SSV, TBE, ThÞ, UBK, ValG, VilÁ, VilB, ÞKG, ÞorstV, ÞórE.

nei: BirgJ, BLG, EPB, GHJ, HallM, JÞÓ, ÞSÆ.

1 þm. (SMc) greiddi ekki atkv.

8 þm. (BjÓ, BN, GÞÞ, GBS, PállM, SDG, SIJ, ÞórdG) fjarstaddir.

Tillagan afgreidd sem ályktun Alþingis (pskj. 143).

[23:04]

Útbýting:

Aðdragandi að útgáfu á starfsleyfi til kísilverksmiðju Sameinaðs sílikons hf. í Helguvík o.fl., 26. mál, beiðni um skýrslu HKF o.fl., þskj. 26.

Aðdragandi að útgáfu starfsleyfis til kísilverksmiðju Sameinaðs sílikons hf. í Helguvík o.fl., 115. mál, beiðni um skýrslu HKF o.fl., þskj. 115.

Aðgangur að heilbrigðisgáttinni Heilsuveru, 54. mál, fsp. AIJ, þskj. 54.

Aðgangur að rafrænni þjónustu hins opinbera, 51. mál, fsp. AIJ, þskj. 51.

Alexandersflugvöllur sem varaflugvöll fyrir Keflavíkur-, Reykjavíkur- og Akureyrarflugvöll, 23. mál, þáttill. GBS o.fl., þskj. 23.

Almannaheillasjóður, 110. mál, frv. EyH o.fl., þskj. 110.

Almenn hegningarlög, 10. mál, frv. JSV o.fl., þskj. 10.

Almenn hegningarlög, 123. mál, frv. BirgJ o.fl., þskj. 123.
 Almenn hegningarlög, 111. mál, nál. m. brtt. allsh.- og menntmn., þskj. 136.
 Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, 101. mál, þáttill. HallM o.fl., þskj. 101.
 Andlát í fangageymslum og fangelsum, 136. mál, fsp. ÞSÆ, þskj. 137.
 Atvinnuleysistryggingar, 122. mál, frv. SilG o.fl., þskj. 122.
 Auðlindir og auðlindagjöld, 61. mál, þáttill. GBS o.fl., þskj. 61.
 Ábendingar í rannsóknarskýrslum Alþingis, 20. mál, beiðni um skýrslu BLG o.fl., þskj. 20.
 Áhrif brúa yfir firði á lífríki, 77. mál, fsp. SMC, þskj. 77.
 Ársreikningar og hlutafélag, 13. mál, frv. BLG o.fl., þskj. 13.
 Barnalög, 97. mál, fsp. BLG, þskj. 97.
 Brottfall úr framhaldsskólum, 28. mál, fsp. ÁstaH, þskj. 28.
 Brottnám líffæra, 60. mál, frv. SilG o.fl., þskj. 60.
 Búvörulög, 116. mál, frv. GBS o.fl., þskj. 116.
 Bygging íbúða, 32. mál, fsp. EyH, þskj. 32.
 Dagvistunarræði og vinnumarkaður, 34. mál, fsp. EPB, þskj. 34.
 Eftirfylgni við þingsályktun nr. 28/145, um stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára, 129. mál, fsp. BjG, þskj. 129.
 Endurskoðun á beitingu Dyflinnarreglugerðarinnar, 41. mál, þáttill. AIJ, þskj. 41.
 Erlendir áhrifapættir bankahrunsins, 131. mál, fsp. BLG, þskj. 131.
 Ferðakostnaður alþingismanna, 72. mál, fsp. BLG, þskj. 72.
 Ferðakostnaður ráðherra, 87. mál, fsp. SilG, þskj. 87.
 Ferðakostnaður ráðherra, 88. mál, fsp. SilG, þskj. 88.
 Ferðakostnaður ráðherra, 89. mál, fsp. SilG, þskj. 89.
 Ferðakostnaður ráðherra, 90. mál, fsp. SilG, þskj. 90.
 Ferðakostnaður ráðherra, 91. mál, fsp. SilG, þskj. 91.
 Ferðakostnaður ráðherra, 92. mál, fsp. SilG, þskj. 92.
 Ferðakostnaður ráðherra, 93. mál, fsp. SilG, þskj. 93.
 Ferðakostnaður ráðherra, 94. mál, fsp. SilG, þskj. 94.
 Ferðakostnaður ráðherra, 95. mál, fsp. SilG, þskj. 95.
 Ferjusiglingar, 55. mál, fsp. AIJ, þskj. 55.
 Félagshjónusta sveitarfélaga, 67. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 67.
 Fjarfundir á vegum ráðuneyta og notkun fjarfundabúnaðar, 63. mál, þáttill. SilG o.fl., þskj. 63.
 Fjarskipti og meðferð sakamála, 134. mál, frv. BirgJ o.fl., þskj. 134.
 Fjöldi félagslegra íbúða, 68. mál, fsp. BLG, þskj. 68.
 Framkvæmdaleyfi vegna uppbyggingar á Vestfjarða-vegi, 102. mál, frv. TBE o.fl., þskj. 102.
 Framlagning frumvarps að nýrri stjórnarskrá, 117. mál, þáttill. BirgJ o.fl., þskj. 117.
 Framleiðsla, sala og meðferð kannabiseftna, 24. mál, frv. PawB o.fl., þskj. 24.
 Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja, 38. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 38.

Fullgilding viðauka við samning um réttindi fatlaðs fólks, 35. mál, fsp. SJS, þskj. 35.
 Fæðingarorlof, 76. mál, fsp. EPB, þskj. 76.
 Garðyrkjuskólinn, 81. mál, fsp. SMC, þskj. 81.
 Gengisflökt, 73. mál, fsp. BLG, þskj. 73.
 Göng milli lands og Eyja, 133. mál, þáttill. ÁsF o.fl., þskj. 133.
 Hagvísar menningar og skapandi greina, 42. mál, þáttill. KJak, þskj. 42.
 Heildarlöggjöf fyrir almannaheillafélög, 33. mál, fsp. EyH, þskj. 33.
 Hlunnindamat vegna notkunar þingmanna á bílaleigu-bílum, 98. mál, fsp. BLG, þskj. 98.
 Innflutningur gæluðýra, 100. mál, fsp. ÁstaH, þskj. 100.
 Innheimtuaðgerðir tollstjóra, 80. mál, fsp. EPB, þskj. 80.
 Innstæðutryggingar, 128. mál, fsp. OH, þskj. 128.
 Jarðvangar, 83. mál, fsp. SilG, þskj. 83.
 Kennitölur til erlendra ríkisborgara, 96. mál, fsp. PawB, þskj. 96.
 Kjöttrækt, 44. mál, þáttill. BLG, þskj. 44.
 Kosningar til sveitarstjórna, 65. mál, frv. KJak o.fl., þskj. 65.
 Kostnaður Vegagerðarinnar við fjárfrekar nýframkvæmdir og viðhald, 50. mál, fsp. AIJ, þskj. 50.
 Kröfur um menntun landvarða og heilbrigðisfulltrúa sem fara með valdheimildir, stjórnarsýsluaðgerðir og löggæslu, 127. mál, fsp. ÞSÆ, þskj. 127.
 Kröfur um menntun opinberra starfsmanna sem fara með valdheimildir, stjórnarsýsluaðgerðir og löggæslu, 124. mál, fsp. ÞSÆ, þskj. 124.
 Kröfur um menntun starfsmanna barnaverndar sem fara með valdheimildir, stjórnarsýsluaðgerðir og löggæslu, 125. mál, fsp. ÞSÆ, þskj. 125.
 Kröfur um menntun starfsmanna ríkisstofnana sem fara með valdheimildir, stjórnarsýsluaðgerðir og löggæslu, 126. mál, fsp. ÞSÆ, þskj. 126.
 Lágskattaríki, 120. mál, þáttill. SMC og BLG, þskj. 120.
 Lánasjóður íslenskra námsmanna, 29. mál, fsp. EyH, þskj. 29.
 Mansalsmál, 53. mál, fsp. AIJ, þskj. 53.
 Málefni aldrafara, 59. mál, frv. EyH o.fl., þskj. 59.
 Meðalhraðaefirlit, 52. mál, fsp. AIJ, þskj. 52.
 Menntamálastofnun og útgáfu námsefnis, 56. mál, fsp. ATG, þskj. 56.
 Minning tveggja alda afmælis Jóns Árnasonar, 9. mál, þáttill. VilB o.fl., þskj. 9.
 Mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir, 48. mál, þáttill. ÞórE o.fl., þskj. 48.
 Notkun og ræktun lyfjahamps, 66. mál, þáttill. HallM o.fl., þskj. 66.
 Ónotaðar íbúðir og íbúðir í gistinguþjónustu, 78. mál, fsp. SMC, þskj. 78.
 Plastagnir í neysluvatni og verndun neysluvatns, 71. mál, fsp. OH, þskj. 71.
 Raforukflutningur í dreifðum byggðum, 82. mál, fsp. AIJ, þskj. 82.
 Rafræn birting álagningarskrár, 40. mál, þáttill. AIJ o.fl., þskj. 40.

Rafræn fasteignaviðskipti og ástandsskýrslur fasteigna, 118. mál, þáttill. BLG o.fl., þskj. 118.

Rafræn viðskipti og önnur rafræn þjónusta, 135. mál, frv. BirGJ o.fl., þskj. 135.

Rannsókn á ástæðum og áhrifum fátæktar í íslensku samfélagi, 12. mál, þáttill. SSV o.fl., þskj. 12.

Ráðstefna um stöðu Íslands, Færeyja og Grænlands í nýjum veruleika alþjóðastjórn mála, 47. mál, þáttill. ÍVN, þskj. 47.

Réttur barna til að vita um uppruna sinn, 64. mál, þáttill. SilG o.fl., þskj. 64.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum, 45. mál, þáttill. SPÁ o.fl., þskj. 45.

Siðareglur, 85. mál, fsp. BLG, þskj. 85.

Skammtímaútleiga íbúða, 79. mál, fsp. SMC, þskj. 79.

Skatttekjur, skattransóknir og skatteftirlit, 121. mál, skýrsla fjmrh., þskj. 121.

Skilyrðislaus grunnframfærsla, 6. mál, þáttill. HallM o.fl., þskj. 6.

Skipting útsvarstekna milli sveitarfélaga, 49. mál, þáttill. ÞórE o.fl., þskj. 49.

Skólaakstur og malarvegir, 130. mál, fsp. TBE, þskj. 130.

Skólavist barna og ungmenna í hælisleit, 58. mál, fsp. BjG, þskj. 58.

Starfshópur um útgáfu örugggra opinberra skilríkja, 43. mál, þáttill. KÓP o.fl., þskj. 43.

Stimpilgjald, 109. mál, frv. ÁsIS o.fl., þskj. 109.

Stjórnarskipunarlög, 103. mál, frv. KJak, þskj. 103.

Stjórnsýsluendurskoðun á starfsemi Útlendingastofnunar, 105. mál, beiðni um skýrslu ÁstaH o.fl., þskj. 105.

Stuðningur til kaupa á fyrstu íbúð, 7. mál, frv. ELA o.fl., þskj. 7.

Stuðningur við námsmannaíbúðir, 30. mál, fsp. EyH, þskj. 30.

Sveitarstjórnarlög, 119. mál, frv. EyH o.fl., þskj. 119.

Tekjuskattur, 16. mál, frv. VilB o.fl., þskj. 16.

Tekjuskattur, 108. mál, frv. EyH o.fl., þskj. 108.

Trygging gæða, hagkvæmni og skilvirkni opinberra fjárfestinga, 17. mál, þáttill. JSV o.fl., þskj. 17.

Tæknifróvganir og greiðsluþátttaka, 84. mál, fsp. SilG, þskj. 84.

Tölvukerfi og upplýsingatæknimál ríkisins, 106. mál, beiðni um skýrslu BirGJ o.fl., þskj. 106.

Umsókn Íslands að Geimvísindastofnun Evrópu, 74. mál, fsp. SMC, þskj. 74.

Undanþágur frá afborgunum námslána, 99. mál, fsp. ÁstaH, þskj. 99.

Undanþágur frá gjaldeyrishöftum, 137. mál, fsp. EB, þskj. 138.

Upplýsingagjöf til almennings og fjölmiðla, 86. mál, fsp. BLG, þskj. 86.

Úrræði fyrir börn með alvarlegan hegðunar- og tilfinningavanda, 57. mál, fsp. BjG, þskj. 57.

Útlendingar, 25. mál, frv. PawB, þskj. 25.

Útlendingar, 39. mál, frv. RBB o.fl., þskj. 39.

Útlendingar, 113. mál, nál. meiri hluta allsh.- og menntmn., þskj. 139; nál. minni hluta allsh.- og menntmn., þskj. 140.

Úttekt á starfsemi fjölmiðla utan höfuðborgarsvæðisins og leiðir til að tryggja stöðu þeirra, 11. mál, þáttill. BjG o.fl., þskj. 11.

Úttekt á stofnun vestnorrænna eftirskóla, 46. mál, þáttill. ÍVN, þskj. 46.

Vestnorrænt samstarf, 37. mál, þáttill. SJS o.fl., þskj. 37.

Vextir og verðtrygging o.fl., 21. mál, frv. ELA o.fl., þskj. 21.

Viðbrögð við nýrri tæknibyltingu, 15. mál, þáttill. LE o.fl., þskj. 15.

Viðbúnaður við kjarnorkumengun, 70. mál, fsp. ÁstaH, þskj. 70.

Viðurlög við því að hylma yfir kynferðisafbrot, 75. mál, fsp. JÞÓ, þskj. 75.

Virðisaukaskattur, 104. mál, frv. LA o.fl., þskj. 104.

Vistun barna með fötlun, 36. mál, fsp. BLG, þskj. 36.

Þjóðfáni Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, 62. mál, frv. SilG og EyH, þskj. 62.

Þjónusta við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, 69. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 69.

Þolmörk í ferðaþjónustu, 18. mál, beiðni um skýrslu ATG o.fl., þskj. 18.

Þróun lántöku til skólagjalda, 31. mál, fsp. EyH, þskj. 31.

Ærumeiðingar, 132. mál, frv. BirGJ o.fl., þskj. 132.

Um fundarstjórn.

Almennar stjórn málaumræður.

[23:04]

Björn Leví Gunnarsson (P):

Virðulegi forseti. Ég biðst velvirðingar á þessari athugasemd svona seint. Ein vinsamleg ábending um þingsköp þar sem í 63. gr. segir, með leyfi forseta:

„Á síðari hluta þings skal fara fram almenn stjórn málaumræða.“

Ég var bara að velta fyrir mér hvort það yrði almenn stjórn málaumræða, eldhúsdagsumræður, í lok þessa þings eða ekki.

[23:05]

Forseti (Unnur Brá Konráðsdóttir):

Almennt hefur verið miðað við að túlka þetta ákvæði svo að átt sé við að vori.

Fundi slitið kl. 23:05.

7. FUNDUR

Þriðjudaginn 26. september,
að loknum 6. fundi.

Dagskrá:

1. Kosning eins manns í stað Einars Brynjólfssonar í nefnd til að undirbúa hátíðarhöld árið 2018 um hvernig minnst skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands, skv. ályktun Alþingis frá 13. október 2016.

2. Kosning eins aðalmanns og eins varamanns í endurupptökunefnd, skv. 3. mgr. 34. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998, sbr. 2. mgr. laga nr. 15/2013, um breytingu á lögum um dómstóla, lögum um meðferð sakamála og lögum um meðferð einkamála.

3. Almenn hegningarlög, frv., 111. mál, þskj. 111, nál. m. brtt. 136. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

4. Kosningar til Alþingis, frv., 112. mál, þskj. 112. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

5. Útlendingar, frv., 113. mál, þskj. 113, nál. 139 og 140. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [23:07]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 3.–5. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 56 hlj. atkv.

Kosning eins manns í stað Einars Brynjólfssonar í nefnd til að undirbúa hátíðarhöld árið 2018 um hvernig minnst skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands, skv. ályktun Alþingis frá 13. október 2016.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Birgitta Jónsdóttir.

Kosning eins aðalmanns og eins varamanns í endurupptökunefnd, skv. 3. mgr. 34. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998, sbr. 2. mgr. laga nr. 15/2013, um breytingu á lögum um dómstóla, lögum um meðferð sakamála og lögum um meðferð einkamála.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmaður:

Haukur Örn Birgisson.

Varamaður:

Ása Ólafsdóttir.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Frv. BjarnB o.fl., 111. mál (uppreist æru). — Þskj. 111, nál. m. brtt. 136.

[23:09]

Frsm. allsh.- og menntmn. (Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir) (S):

Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir nefndarálit með breytingartillögu frá allsherjar- og menntamálanefnd.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund fólk frá dómsmálaráðuneytinu.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á almennum hegningarlögum hvað varðar uppreist æru. Lagt er til að hætt verði að veita mönnum uppreist æru með stjórnvaldsákvörðun. Einnig er lagt til að fellt verði á brott ákvæði 2. mgr. 238. gr. laganna sem kveður á um að hafi maður, er sætt hefur refsisdómi fyrir einhvern verknað, síðar öðlast uppreist æru sé ekki heimilt að bera hann framfar þeim sökum, og leysi sönnun því ekki undan refsingu er svo stendur á.

Nefndin telur að með frumvarpinu sé verið að bregðast við úreltu fyrirkomulagi um veitingu uppreistar æru. Þess í stað verði mælt fyrir um það í viðeigandi lögum í hvaða tilvikum sakaferill skuli leiða til missis tiltekinna borgaralegra réttinda, svo sem kjörgengis, embættisgengis eða tiltekinna starfsréttinda.

Með brottfalli 85. gr. hegningarlaga eru stjórnarskrárvárin réttindi skert. Slíkt brottfall getur einnig haft áhrif á stjórnarskrárvárið atvinnufrelsi. Ef ákvæðið er fellt brott en endurskoðun á öðrum lögum fer ekki fram benda dómur Mannréttindadómstóls Evrópu til þess að slíkt ástand sé ólögmat skerðing mannréttinda. Í ljósi þessa leggur nefndin til að brottfalli 85. gr. almennra hegningarlaga verði sett ákveðin tímamörk eða til 1. janúar 2019. Þannig skapist svigrúm fyrir heildarendurskoðun þeirra laga sem málinu tengjast og auk þess nægilegt svigrúm fyrir löggiðjafann að rýna þær breytingar, tryggja að mál fái þinglega meðferð og að gæði lagasetningar séu tryggð. Í þeirri vinnu verður unnt að leggja heildstætt mat á þær lagareglur sem eiga að gilda um borgaraleg réttindi manna, svo sem kjörgengi og atvinnufrelsi og þær skorður sem neytingu réttinda eru settar. Brýnt er að meta m.a. annars vegar hagsmuni samfélagsins og hins vegar hagsmuni einstaklinganna. Þannig verði tryggt að ekki skapist réttaróvissa um óákveðinn tíma um mannréttindi einstaklinga. Telur nefndin að með þessari breytingu sé fullnægt skilyrðum fyrir því að stjórnarskrárvörðum réttindum séu settar skorður enda sé það gert með lögum, í skýrum tilgangi, nauðsynlegt í lýðræðisríki og meðalhófs sé gætt.

Mikilvægt er að heildarendurskoðun fari fram á því fyrirkomulagi sem felst í uppreist æru og skilyrðum um óflekkað mannorð og að slík vinna verði unnin í samráði við önnur fagráðuneyti og hagsmunaaðila. Gefa þarf nægan tíma í þá flóknu vinnu, bæði hvað varðar frumvarpssmiðu og þinglega meðferð. Nefndin leggur þó áherslu á að vinnu verði flýtt eins og unnt er og telur rétt að skoðað verði hvort hægt sé að áfangaskipta frumvarpssmiðinni. Í því samhengi telur nefndin brýnt að lagaákvæði um kjörgengi verði endurskoðuð sem fyrst og að unnt verði að gera nauðsynlegar

breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna fyrir sveitarstjórnarkosningar 2018.

Guðjón S. Brjánsson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykktur álit þessu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Við bætist nýr málslíður svohljóðandi: B-liður 1. gr. gildir til 1. janúar 2019.

Undir þetta skrifa allir nefndarmenn allsherjar- og menntamálanefndar.

[23:12]

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (P):

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta langt. Ég vil einfaldlega fagna því að við höfum náð sátt um hvornig við stöndum sem best vörð um borgaraleg réttindi þeirra sem fyrir þessu ákvæði verða.

Mig langar líka að ítreka að mjög mikilvægt er að við förum strax í að skoða reglur um kjörgengi. Það er mjög leiðinlegt að okkur hafi ekki tekist að komast að samkomulagi um að gera okkur kleift að breyta stjórnarskránni á næsta kjörtímabili þar sem það er að sjálfsögðu eitt sem verður að breyta í heildarendurskoðun lagabálks þessa þar sem stjórnarskráin, sem við öll vitum, gerir ráð fyrir óflekkuðu mannorði til þess að gerast kjörgengur til Alþingis. Við erum samt sem áður að sjá fram á einhvers konar bráðabirgðareddingu á því og við höldum áfram þessu úrelta hugtaki, óflekkað mannorð, sem margir hafa sett sig á móti í stjórnarskránni.

Þar að auki vil ég hvetja til þess að lög sem varða starfsréttindi manna og tengjast uppreist æru og óflekkuðu mannorði, þ.e. lögmennt og endurskoðendur, fái einnig sérstaka forgangsmeðferð á næsta þingi þar sem ég tel mjög brýnt að skorið verði úr um starfsréttindi þeirra stétta sem þessi lagabálkur nær yfir hið fyrsta.

[23:14]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Þegar við tókum sæti á Alþingi heitum við því að virða stjórnarskrána og fara að henni. Þess vegna er lyklatríði, eins og kemur fram í nefndarálitinu, að með því að gera þá breytingu sem nefndin leggur til um að setja ákveðin tímatakörk eða raunar gefa annaðhvort þinginu eða dómsmálaráðuneytinu tækifæri til þess að koma með þær lagabreytingar sem snúa að grundvallarréttindum fólks, borgaralegum réttindum sem snúa að kjörgengi og atvinnufrelsi, þá séum við að uppfylla það heit sem við gáfum.

Ég tel því að setningin sem kemur fram í nefndarálitinu, virðulegi forseti, sé algjört lyklatríði í þessu máli. Með þeirri breytingu sem við leggjum hér til telur nefndin að fullnægt sé skilyrðum fyrir því að stjórnarskrárvörðum réttindum séu settar skorður, enda sé það gert með lögum í skýrum tilgangi, nauðsynlegt í lýðræðisríki og meðalhófs gætt.

Ég vænti þess að nauðsynleg vinna og sú vinna sem er í gangi nú þegar í dómsmálaráðuneytinu verði unnin hratt og vel. Hér eru einmitt líka leiðbeiningar og ábendingar um það varðandi forgangsörðun okkar, að horfa þá til kjörgengis. Síðan í framhaldinu eru aðrir þættir sem þarf að bæta úr.

[23:15]

Pawel Bartoszek (V):

Frú forseti. Mér þykir rétt að koma hingað upp enda var ég í 1. umr. sá sem hafði hvað mestar efasemdir um frumvarpið af þeim ástæðum sem hér hafa verið settar fram. Ég taldi ekki rétt að leggja fram frumvarp sem myndi skerða borgaraleg réttindi þannig að ef ekkert annað myndi gerast, þrátt fyrir yfirlýsingar um annað, gæti sú skerðing borgaralegra réttinda orðið varanleg.

Hér er verið að setja efri tímamörk á þessa skerðingu borgaralegra réttinda, sem eru 15 mánuðir. Mér þætti í sjálfa sér best ef sá tími væri 0 mánuður. En ég fellst á þá breytingu sem hefur verið gerð og er samþykktur frumvarpinu í þessari mynd.

[23:16]

Birgitta Jónsdóttir (P):

Forseti. Ágætu þingmenn. Við skulum ekki gleyma því að það var leyndarhyggja og samtrygging gamla Íslands sem varð þessari ríkisstjórn að falli. Það sem varð henni að falli kristallast í þeirri málsmeðferð sem við erum með núna.

Það sem varð þessari ríkisstjórn að falli, sem og öðrum ríkisstjórnnum sem fallið hafa, er að Íslendingar hafa þroskað með sér mjög ríka siðferðiskennd og fundið henni farveg. Það er mjög mikilvægt að hafa það í huga. Það er gott veganesti fyrir þá sem eru núna að fara í atvinnuviðtal við þjóðina.

Við erum rétt að byrja að skoða hvað er undir ísjakanum. Það er svo mikil spilling. Maður hefur svo oft skynjað það í þingsal í öll þessi ár sem ég hef verið hérna, það er ótrúlegt að fylgjast með vinnubrögðunum. Það er hreinlega ótrúlegt og það er ömurlegt að fylgjast með vinnubrögðunum hérna. Það er ömurlegt.

Og það er ömurlegt að verða vitni að því að enn og aftur er verið að skítamixa. Þetta allt sem við erum með hérna, þessi örfáu mál eru plástrar. Við tókum ekki á rót vandans eftir öll þessi ár sem við höfum haft til að laga hlutina og læra af því sem var orsök og afleiðing hrunsins. Þetta hérna er bara enn ein birtingarmynd þess að við höfum ekkert lært.

Við höfum til dæmis verið með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þar sem við erum með formann nefndar sem á að vera með eftirlit með framkvæmdarvaldinu og sá formaður er aðili framkvæmdarvalds. Og það finnst þingmönnum bara allt í lagi. Við verðum að gjöra svo vel og taka okkur tak hér í þingheimum. Ef við viljum að fólk sýni okkur einhverja virðingu verðum við að sýna vinnureglum og verklagi meiri virðingu en svo að leyfa því ítrekað að gerast að við vinnum með þessum hætti. Hvað höfum við langan tíma til að fara yfir þetta mál? Hversu langan tíma? Tvo klukkutíma í dag til að fá ráðuneytið til að fara yfir þessa lagabreytingu sem er í raun og veru aðeins hluti af lagabreytingu. Við þurfum því að skítamixa á þann hátt að láta lögin falla úr gildi til þess að það sé pressa á ráðuneytið til að klára öll hin lögin sem þarf að laga.

Þetta er skítamix, kærur vinir, kærur þingmenn. Og ef það verður ekki tekin einhver ákvörðun hjá ykkur, í flokkunum ykkar, um að laga þetta heldur þetta bara áfram og áfram og

ríkisstjórnir munu falla og springa og falla og springa, eins og einhver sagði, ef þetta verður ekki lagað. Við lögum þetta ekki með því að halda áfram á þessari vegferð. Ég hef ekki séð neitt núna eftir að ríkisstjórnin féll eða á þessu kjörtímabili eða á því síðasta eða á kjörtímabilinu þar á undan sem gefur mér von um að þetta lagist. Ég hef ekki heyrt neina tala þannig að þeir ætli sér að laga þetta.

Nú eruð þið að fara í atvinnuviðtal við þjóðina. Hverju ætlið þið að lofa henni? Loforðum sem ekki er hægt að framfylgja? Ójá. Ég held að einlægasta og heiðarlegasta loforðið sé að tryggja að hægt verði að sinna lögbundnum skyldum á þessum vinnustað. Við erum þingmenn. Við berum mikla ábyrgð. Við vorum valin af þjóðinni til að gæta hagsmuna hennar. Okkur var treyst til að gæta hagsmuna almennings. Við höfum ítrekað brugðist því trausti. Ítrekað. Finnst ykkur það í lagi?

Mér finnst það ekki í lagi. Ég veit að mörgum ykkar finnst það ekki í lagi. En hvað ætlið þið að gera í því? Nú eruð þið að fara að tala við þjóðina og biðja hana um að treysta ykkur. Hvernig ætlið þið — og hugsid það vel — að auðsýna og verðskulda það traust? Það er ekki nóg bara að komast á þing. Hvað erum við að gera sem þingmenn? Hugsid um það. Af hverju viljum við vera þingmenn? Af hverju? Og af hverju eigum við að verðskulda það traust?

Ég veit ekki hversu oft ég hef haldið nákvæmlega sömu ræðuna hérna. Aftur og aftur og aftur. Ég skal segja ykkur að ein aðalástæðan fyrir því að ég gef ekki kost á mér aftur er að ég sé fram á að ég geti ekki breytt hlutunum hérna inni því að það er nákvæmlega enginn vilji til þess. Fólk lofar öllu fögru og svo er enginn vilji til að laga neitt.

Öllu fögru verður lofað. Hugsid aðeins út í hvernig þið ætlið að standa við það. Þegar flokkar komu með stefnuskrár sínar, sínar fallegu stefnuskrár, sem maður gæti nánast kosið allar, hvernig er hægt að framkvæma þær ef maður er ekki með meirihlutavilja? Og hvernig getum við breytt þessu meirihlutaræði? Hvernig er það, hvernig ætlið þið að sýna fram á að þið getið staðið við loforðin?

Þið getið það ekki. Það er ekki hægt. Það er ekki séns.

Þannig að aftur mun þjóðin þurfa að hlusta á alls konar loforð sem ekki er hægt að standa við. Aftur mun þjóðin verða fyrir miklum vonbrigðum. Aftur munuð þið halda áfram að samþykkja gölluð lög. Hver ber ábyrgð á því og öllu sem fer úrskaiðis við lagasetningu á Íslandi? Enginn. Ekki nokkur maður. Það er engin hefð fyrir því að bera neina ábyrgð á Íslandi. Ekki nein hefð.

Hvenær ætlum við að byrja að laga það? Hvenær á að laga það? Ég vona svo sannarlega að ég sjái eftir nokkur ár raunverulegar breytingar. Ég vona að allir sem sækjast eftir því að fá fólk til að treysta sér til að gæta hagsmuna þess, hagsmuna heildarinnar — það er það sem gleymist oft því að hér erum við aðallega að gæta sérhagsmuna. Ég vona að eftir nokkur ár sjái ég raunverulegar breytingar. Ég hef hitt fullt af þingmönnum sem vilja láta gott af sér leiða, en þeir festast í einhverjum furðulegum viðjum. Sumar af þessum viðjum eru víðjar hefðarinnar. Ef við viljum breytingar þurfum við stundum að vera óþægileg. Það er bara þannig. Það er ekki vinsælt en við þurfum stundum að vera óþægileg líka við fólk sem við erum að vinna með, líka við samflokksmenn okkar. Við erum hér ekki sem hjörð. Við

sækjumst eftir trausti og við kvittum upp á drengskapareidinn við stjórnarskrána.

Ég hef allt of oft séð fólk svíkja þann eið og tala svo hér háheilagt yfir að ekki sé hægt að breyta stjórnarskránni þínulítið þannig að þjóðin geti tekið þátt.

Ég hef nánast í hverri einustu atkvæðagreiðslu við stór mál orðið vitni að því að fólk hefur svikið drengskapareidinn og finnst það bara allt í lagi.

Það er kominn tími til að breyta þessu. Ég sem kjósandi — því að ég er að verða almennur kjósandi — ætla að fylgjast mjög vel með. Ég ætla að sjá hverjir það eru sem lofa einhverju raunhæfu. Það er löngu tímabært að þið sýnið þjóðinni þá virðingu að gæta að hag heildarinnar og hætta að skítamixa á Alþingi. (**Gripid fram í:** Heyr, heyr.)

[23:24]

Björn Leví Gunnarsson (P) (*um fundarstjórn*):

Virðulegi forseti. Aðeins meira óþægilegt. Ég bið ykkur aftur að afsaka truflunina. En virðulegur forseti sagði áðan að það tíðkaðist að vera með almennar stjórn málaumræður að vori. En fyrir nákvæmlega ári síðan, 26. september 2016, voru einmitt almennar stjórn málaumræður hér á þingi. Aðstæðurnar voru tiltölulega svipaðar. Það var jú aðeins lengra þing. En mér þætti áhugavert að vita, þó að það sé óvenjulegt, þó að það sé óþægilegt: Ef við förum ekki eftir reglunum, hverjir eiga þá að gera það? Þó að það sé óþægilegt. (**Gripid fram í:** Heyr, heyr.)

[23:25]

Andrés Ingi Jónsson (Vg):

Frú forseti. Það frumvarp sem við ræðum hér kemur ekki til af góðu. Það er hálftrist að vera að ræða það hérna, við öll grútpirruð klukkan hálf tólf að nóttu eftir erfiða daga í vinnunni. En við skulum aðeins staldra við og átta okkur á þessum tímamótum. Þetta er lítið mál sem er bara lítill plástur á stórt sár, eins og bent hefur verið á. En þetta er dropi af þeirri femínísku bylgju sem sópaði ríkisstjórn úr valdastólum. Þetta er dropi af þeirri bylgju sem reis í baráttu kvenna í Rauðsokkahreyfingunni og í Samtökum um kvennalista, sem voru með fyrstu þingmönnum til að ræða kynferðisofbeldi innan veggja Alþingis. Af því að það að setja spurningamerki við að hægt að væri að uppreisa æru barnaníðinga, var ekkert sjálfsagt mál fyrir 30 árum. Núna er það það. Núna er nefnilega ekki sjálfsagt mál að lagarammi sem sniðinn var utan um fólk í valdastöðum, lögmenn, þingmenn og endurskoðendur, fólk sem höndlar með völd og peninga, og hefur þá væntanlega verið hugsaður til að gera þá stofuhæfa eftir einhvers konar hvítflibaglæpi eða hvað þá var — þetta átti ekki að vera bakleið fyrir kynferðisofbeldismenn í ábyrgðarstöðum. Og jú, þetta er bara lítill dropi en mikilvægur og skref í rétta átt af því að núna er búid að benda okkur á þennan vanda. Nú er búid að bregðast við honum.

Nú förum við, þau sem verða í þessum sal eftir kosningar, í það að laga reglur um uppreist æru, laga allt sem snertir það hvaða fólk við hleypum í ábyrgðarstöðum. Ekki ábyrgðarstöðum valda og peninga, eins og reglur um uppreist æru voru sniðnar utan um, heldur t.d. fólk sem sér um börnin okkar, kennara, fólk sem sinnir æskulýðsmálum, heilbrigðisstarfsfólk. Það þarf að skoða þetta í miklu víðara

samhengi en reglur um uppreist æru voru upphaflega hugsaðar fyrir. Við þurfum að eiga erfða en mikilvæga umræðu um það hvaða starfsstéttir sinni þess konar störfum að margdæmdir barnaníðingar eigi bara ekkert erindi þangað inn. Það snýst ekki um borgararéttindi þeirra heldur um réttindi barna.

Ég er ekki dapur yfir því hvað við erum að gera lítið, eins og ég hef heyrt suma tala um í þessu máli, heldur er ég hoppandi kátur yfir því að samfélagið sé komið á þann stað að þetta skref sé stigið og það sé sjálfsagt og mikilvægt og nauðsynlegt að það sé stigið, að það að fólk taki ekki nógu alvarlega umræðu um kynferðisofbeldi geti fellt ríkisstjórn. Hér sitja ráðherrar umboðslausir fyrir aftan mig vegna þessa máls, vegna kynferðisbrotamanna, brotþola og þeirrar umræðu sem varð í sumar og Íslands sem líður þetta ekki lengur. **(Gripð fram í: Heyr, heyr.)**

[23:30]

Dómsmálaráðherra (Sigríður Á. Andersen) (S):

Virðulegi forseti. Það fór þá aldrei svo hérna rétt fyrir þinglok að ekki næðist samstaða um mikilvægt mál á Alþingi. Ég fagna því að samstaða hefur verið í hv. allsherjar- og menntamálanefnd um þetta mál og einnig um þá breytingu sem nefndin leggur til á þessu frumvarpi.

Ég hóf endurskoðun á fyrirkomulagi uppreistar æru í maí síðastliðnum. Menn þekkja þá umræðu sem hefur orðið í kjölfarið. Ég var með á þingmálaskrá sem kynnt var í haust tillögu til Alþingis um heildarendurskoðun á þessu máli. Ég játa það að mér hefði þótt meiri bragur að því og æskilegra ef það hefði náð fram að ganga, þ.e. ekki bara þetta frumvarp sem hér er til umfjöllunar heldur einnig þær lagabreytingar sem ég hef reifað að þurfi nauðsynlega að fara í ef þetta frumvarp nær fram að ganga. Þetta segi ég í ljósi þeirrar niðurstöðu sem ég komst að í sumar um heppilegustu leiðina að fara við endurskoðun á þessu fyrirkomulagi öllu. Ég hef líka nefnt að það hefði verið hægt að fara ýmsar aðrar leiðir, en að skoðuðu máli komst ég að þeirri niðurstöðu að það væri eðlilegast að afnema alfarið heimildina til uppreistar æru í lögum en um leið að gera þessar nauðsynlegu breytingar.

Ég fagna því í sjálfu sér auðvitað að það kom fram mikill vilji til þess að afgreiða þetta atriði, taka þetta nauðsynlega kannski fyrra skref að þessu sinni. Ég hafði einnig efasemdir um að skilja málið eftir eingöngu með ádrætti eða fyrirmælum í greinargerð um áframhald málsins. Að því leyti fagna ég því að hér er bætt við þeirri grein að þessi lög muni falla úr gildi 1. janúar árið 2019 og verði ekkert annað gert fram að þeim tíma stöndum við frammi fyrir því fyrirkomulagi sem við þekkjum í dag um uppreist æru. Það er því mikilvægt að þessi vinna fari fram.

Ég vil að það komi fram hér að ég hef óskað eftir því í dómsmálaráðuneytinu að sú vinna sem þegar er hafin við endurskoðun á allri þeirri löggjöf sem kveður á um óflekkað mannorð haldi áfram og ekkert gefið eftir í þeim efnum þannig að fyrir nýju þingi liggi vonandi einhver vinna sem hægt er að byggja á í framhaldinu. Jafnvel þótt þessi tíma- setning, 1. janúar 2019, sé auðvitað rúmur tími þá hvet ég til þess, ef það mættu verða skilaboð mín til nýs þings, að menn dvelji ekki við þá dagsetningu og láti ekki tíma fara til spillis. Sú vinna sem fram undan er er að mörgu leyti

ekki einföld heldur kallar á mikla og djúpa umræðu um ekki bara endurheimt borgaralegu réttinda, heldur einnig líka mikilvægu umræðu sem kæmi inn í það sem er almenn umræða um refsistefnu hér á landi og hvaða leiðir menn vilja fara í þeim efnum. Þetta er auðvitað nátengt, endurheimt borgaralegra réttinda tengist líka refsistefnu. Það er fráleitt að gera ráð fyrir öðru en að löggjafinn, næsta þing, gefi sér góðan tíma í þetta og endurskoðunin öll fái sómasamlega þinglega meðferð.

[23:34]

Jón Þór Ólafsson (P) (andsvar):

Frú forseti. Mig langar bara að athuga hvort ég skilji það rétt af því að nú hefur Bergur Þór, faðir Nínu, haft hátt í allt sumar og landsmenn tekið undir, til þess að lögum um uppreist æru og hvernig ráðuneytin hafa farið með það, verði breytt. Mér heyrst alla vega á orðum ráðherra að hún hafi hugsað sjálf strax í vor, í maí: Já, ég ætla að breyta þessu, ég ætla að breyta þessu. Samt sem áður kynnis ráðherra ekki þær hugmyndir fyrr en Bergur Þór og þolendur kynferðisofbeldis eru búnir að hafa hátt í tvo mánuði.

Ég vil fá bara fá það á hreint hvort mótmæli þolenda kynferðisafbrotu í allt sumar hafi ekki haft neitt með það að gera að ráðherra ákvað að breyta þyrfti lögnum. Það hafi bara verið það að ráðherra ætlaði að gera þetta sjálf. Er það ekkert að þakka þolendum kynferðisafbrotu að þau höfðu hátt að þessu máli sé að ljúka núna?

[23:36]

Dómsmálaráðherra (Sigríður Á. Andersen) (S) (andsvar):

Virðulegur forseti. Það liggur alveg fyrir að ég stóð frammi fyrir því verkefni í dómsmálaráðuneytinu að fyrir mig var lögð umsókn um uppreist æru á vormánuðum. Ég tók þá ákvörðun í maí að rita ekki undir hana, þvert gegn ráðleggingum eða ráðum, tilmælum sérfræðingum þar að lútandi með vísan til stjórnsýsluréttar. Það er bara staðreynd sem liggur fyrir í þessu máli. Ég komst hins vegar að þeirri niðurstöðu eftir nokkra skoðun í maí sl. að til lengri tíma lítið færi betur á því að löggjafinn sjálfur kæmi að breytti framkvæmd í þessu efni, að það væri ekki háð gedþótta ráðherra á hverjum tíma að breyta framkvæmdinni. Ég sá það líka í hendi mér að það gæti ekki verið hlutverk ráðherra að meta hvaða brotamenn fengju uppreist æru eða ekki. Að því leyti lá það alveg skýrt fyrir í mínum huga að löggjafinn þyrfti að koma þarna að.

Hvað varðar fórnarlömb eða kannski frekar aðstandendur brotþola sem verið hafa til umræðu í sumar, þá liggur það líka fyrir að sú umræða um þennan málaflokk í sumar hefur leitt til þess t.d. að það frumvarp sem hér er til umræðu er til umræðu í dag í því formi sem það er. Við tókum ákvörðun um að bíða ekki eftir heildarendurskoðun heldur taka þetta nauðsynlega fyrra skref einmitt í ljósi þeirrar umræðu sem verið hefur í hér í haust. Það verður ekki af þeim tekið þeim sem vakið hafa máls á aðstöðu fórnarlamba og þessum málum öllum að þau hafa auðvitað haft áhrif á umræðuna og framgang þessa máls í þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Almennar stjórn málaumræður.

[23:38]

Björn Leví Gunnarsson (P):

Virðulegi forseti. Ég biðst forláts aftur. En eftir að hafa leitað að rökum og útskýringum á því af hverju ekki er farið eftir 63. gr. þingskapa um að almennar stjórn málaumræður skuli haldnar seinni hluta þings var mér tjáð að þingsköp hefðu verið skoðuð og um það tekin ákvörðun. Mig langar því til að vita hvaða flokkar á Alþingi komu að þeirri ákvörðun.

[23:38]

Forseti (Unnur Brá Konráðsdóttir):

Hér hafa formenn allra flokka setið löngum stundum á löngum fundum um þinglokin og enginn hefur óskað eftir því að slíkar umræður fari fram. Forseta rekur að minnsta kosti ekki minni til þess.

Kosningar til Alþingis, 2. umr.

Frv. stjórnsk.- og eftirln., 112. mál (viðmiðunardagur umsóknar um kosningarrétt). — Þskj. 112.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útlendingar, 2. umr.

Frv. KJak o.fl., 113. mál (málsmeðferðartími). — Þskj. 113, nál. 139 og 140.

[23:39]

Frs. meiri hluta allsh.- og menntmn. (Nichole Leigh Mosty) (B):

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að segja að hafi einhverjum í þingsalnum fundist ég vera orðhövss í fyrri ræðu vil ég biðja afsökunar á því, því mér var misboðið einu sinni enn í tengslum við málsmeðferð þessa máls og mínar tilfinningar höfðu einfaldlega meira gildi en þau orð sem ég var með á blaði.

Nú stend ég hér sem framsögumaður fyrir hönd meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar að flytja nefndarálit um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, málsmeðferðartími.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fulltrúa frá dómismálaráðuneytinu, frá kærunefnd útlendingamála, frá Útlendingastofnun, frá velferðarráðuneytinu, frá Barnaverndarstofu, frá Rauða krossi Íslands, frá ríkislögreglustjóra og frá lögreglunni á Suðurnesjum.

Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum um útlendinga að því er varðar hvenær umsókn barns um alþjóðlega vernd skuli tekin til efnislegrar meðferðar og hvenær heimilt sé að veita barni sem sótt hefur um alþjóðlega vernd og ekki fengið niðurstöðu í máli sínu dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða að uppfylltum nánari skilyrðum.

Ég mun ekki fara dýpra í þessi bráðabirgðaákvæði þar

sem við höfum rætt þetta vel og lengi í dag, en frekar fara yfir meirihlutaálit nefndarinnar.

Við meðferð málsins í nefndinni var rætt um stöðu barna á flóta og sem umsækjenda um alþjóðlega vernd og mikilvægi þess að tryggja mannréttindi þeirra við meðferð umsókna hér á landi. Meiri hlutinn leggur áherslu á að börn eigi ekki að þurfa að biða lengi eftir niðurstöðu um umsókn um alþjóðlega vernd, í óvissu um framtíðina. Við gerð laga um útlendinga var hliðsjón höfð af barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og tryggja átti að meðferð umsókna barna yrði í samræmi við ákvæði hans. Brýnt er að tryggja að sáttmálinn og þau réttindi sem honum er ætlað að tryggja séu ávallt lögð til grundvallar við meðferð umsókna barna um dvalarleyfi. Mikilvægt er að börnum og fjölskyldum þeirra verði ekki gert að yfirgefa landið hafi þau verið hér í lengri tíma og aðlagast samfélaginu. Á fundi nefndarinnar kom fram að fyrirbyggjandi frumvarp gæti haft áhrif á stöðu um 80 barna og því ljóst að um mikilvæga breytingu er að ræða.

Fyrir nefndinni var rætt um texta í greinargerð með frumvarpinu þar sem áréttaður er sá vilji löggjafans að ávallt skuli taka til efnislegrar meðferðar umsókn um alþjóðlega vernd ef umsækjandi er í sérstaklega viðkvæmri stöðu, samanber 6. tölulið 3. gr. laga um útlendinga. Bent var á að lögskýringargögn væru ekki skýr um þetta atriði og varhugavert geti verið að nýtt þing árétti vilja fyrri þinga án þess að því fylgi breytingar á lögum. Meiri hlutinn bendir á að með þessu er áréttað, líkt og fram kom í frumvarpi því er varð að lögum um útlendinga, nr. 80/2016, að taka skuli til efnislegrar meðferðar umsóknir um alþjóðlega vernd ef umsækjandi hefur slík sérstök tengsl við landið að nærtækt sé að hann fái vernd hér á landi eða ef sérstakar ástæður mæla með því að taka skuli mál til efnismeðferðar. Getur þetta átt við í tilfellum útlendinga sem eiga ættingja á Íslandi en ekki í því landi sem þeir yrðu sendir aftur til. Þetta getur einnig átt við í öðrum tilfellum þar sem tengsl eru ríkari en við viðtökuland, svo sem vegna fyrri dvalar. Með sérstökum aðstæðum er vísað til þess að einstaklingar geta verið í viðkvæmri stöðu sem leiði til þess að þeir muni eiga erfitt uppdráttar í viðtökulandi svo sem vegna heilsufars, aldurs, þungunar eða mismununar sem viðkomandi einstaklingur verður fyrir sökum kynhneigðar, kynþáttar eða kyns, eða fyrri reynslu einstaklinga, t.d. fórnarlömb mansals, ofbeldis og pyndinga. Það á ekki vera neinn vafi á því hvað átt er við með sérstakri stöðu.

Meiri hlutinn bendir á að í frumvarpinu er lagt til að breytingarnar taki að sinni aðeins til umsókna sem borist hafa fyrir gildistöku laganna og þar sem um er að ræða ákvæði til bráðabirgða er veitt tiltekið svigrúm til að meta áhrif breytinganna. Meiri hlutinn leggur áherslu á að nýtt þing taki afstöðu til áhrifa þeirra breytinga sem frumvarpið mælir fyrir um auk þess sem tekin verði til skoðunar ákvæði laganna um einstaklinga í sérstaklega viðkvæmri stöðu. Þeirri vinnu þarf að ljúka eins fljótt og auðið er. Brýnt er að huga að því hvernig styrkja megi stöðu barna sem umsækjenda um alþjóðlega vernd hér á landi til framþúðar og að framkvæmd laganna verði í sem bestu samræmi við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Guðjón S. Brjánnson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni er samþykktur álit þessu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Undir nefndarálitið rita Nichole Mosty framsögumaður, Andrés Ingi Jónsson, Birgitta Jónsdóttir, Eygló Harðardóttir, Pawel Bartoszek og Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.

Í lokin vil ég ítreka vilja meiri hluta nefndarinnar um að þverpólitísk nefnd verði sett af stað á nýju þingi.

Á fundi hv. allsherjar- og menntamálanefndar með gestum var enn og aftur kveðið á um að lög um útlendinga, nr. 80/2016, þurfi frekari skýringar þar sem ágreiningur um túlkun komi aftur og aftur fram. Einnig kom það fram, sem við töldum vera mikilvægt að við myndum ræða, að helstu sérfræðingar í málefnum barna þurfa að hafa skýra aðkomu hvað varðar málsmeðferðina. Barnaverndaryfirvöld óskuðu eftir því og það kemur skýrt fram í lögum þeirra hlutverk við framkvæmd þessara laga. Meira að segja kom fram að ekkert væri litið til þeirra hvað varðaði börn sem er vísað úr landi á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar. Ég tel það vera mjög alvarlegt mál. Ég læt þetta vera mín lokaorð.

[23:47]

Eygló Harðardóttir (F) (andsvar):

Virðulegi forseti. Eins og vænta má kem ég ekki hér upp til þess að mótmæla hv. framsögumanni, Nichole Leigh Mosty, þar sem ég skrifa undir álitinu með henni ásamt öðrum þingmönnum, fyrir utan þingmenn Sjálfstæðisflokksins.

Ástæðan fyrir því að ég kem hér upp í stutta ræðu frekar en andsvar, nota þetta fundarform, er til þess að ítreka afstöðu mína. Ástæðan fyrir því að ég er sammála þessu frumvarpi og sammála þessu nefndaráliti snýr að mikilvægi þess að alltaf sé verið að meta og huga að hagsmunum barna þegar kemur að afgreiðslu þessara mála. Það getur verið, og vonandi er það þannig í langflestum tilvikum, að það séu hagsmunir barnsins að vera á Íslandi, en það geta líka komið upp tilvik þar sem svo er ekki. Það er þá mikilvægt að gætt sé að því.

Ég tel mikilvægt, í ljósi þess að þetta er síðasti dagur þessa mjög svo stutta þings og við óvanalegar aðstæður, að við skoðum jafnframt og ihugum þær ábendingar sem fram koma frá minni hluta allsherjar- og menntamálanefndar sem byggjast m.a. á ábendingum og áhyggjum sem komu fram á fundinum frá gestum, ekki hvað síst lögreglunni.

Ég vil jafnframt taka undir það sem hv. þingmaður sagði um mikilvægi þess að samstarfið á milli Útlendingastofnunar og Barnaverndarstofnu verði betra, verði skilvirkara og nær því sem Alþingi sá fyrir sér þegar ný útlendingalög voru samþykkt. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[23:49]

Frsm. meiri hluta allsh.- og menntmn. (Nichole Leigh Mosty) (Bf) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég ætla að þakka hv. þm. Eygló Harðardóttur fyrir afstöðu hennar og koma aftur að því af hverju við erum komin á þennan stað og af hverju ég hélt tilfinningaþrungna ræðu fyrr í dag. Við höfum ekki staðið okkur nægilega vel hvað varðar málefni barna, en vilji löggjafans er að við stöndum betur að þeim málum. Ný lög um útlendinga, nr. 80/2016, tóku gildi 1. janúar 2017. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum, kemur fram að lögð

hafi verið sérstök áhersla á réttindi barna og umbætur er þau varðar. Mikilvægt er að lögini geri það í framkvæmd sem ætlast er til. Við stöndum hér núna og ræðum tvö einstök mál þar sem þjóðin segir að við höfum brotið á börnum. Það er mikilvægt að við leiðrétum það. Ein leið er að styrkja samvinnu á milli þeirrar stofnunar sem er sérfræðingur í málefnum barna og þeirra sem taka afstöðu til þeirra barna sem við ræðum hér, barna sem leita eftir alþjóðlegri vernd.

[23:51]

Eygló Harðardóttir (F) (andsvar):

Virðulegi forseti. Við þingmaðurinn erum sammála um þetta mál. Ég ætla að fá að nota seinni hlutann af andsvari mínu til þess að koma á framfæri endurtekinni ósk sem ég hef áður borið fram, um mikilvægi þess að hið opinbera, ríkið og þær stofnanir sem sinna þessu verkefni, fái aðstoð úr samfélaginu við vinnu sína. Það eru aðeins þrjú sveitarfélög í landinu sem axla raunverulega sína byrði þegar kemur að því að aðstoða hælisleitendur, það eru Reykjavík, Hafnarfjörður og Reykjanesbær sem bera meginþungann af þeirri byrði. Ég vildi svo gjarnan sjá fleiri sveitarfélög stíga fram, eins og fleiri sveitarfélög hafa gert, og bjóða til sín kvótaflóttamönnum.

Ég vil líka fá að nota tækifærið hér og óska eftir fósturforeldrum fyrir fylgdarlaus börn. Það vantar fósturforeldra. Það vantar almennt fósturforeldra, líka fyrir íslensk börn og verðandi íslensk börn sem eru fylgdarlaus.

Saman getum við gert þetta og saman getum við gert þetta vel.

[23:52]

Frsm. meiri hluta allsh.- og menntmn. (Nichole Leigh Mosty) (Bf) (andsvar):

Virðulegi forseti. Enn og aftur þakka ég hv. þm. Eygló Harðardóttur fyrir að deila svipaðri hugsjón og ég. Ég hef rætt í samtölum í tengslum við þessi mál ábyrgð samfélagsins sem heildar hvað varðar flóttamenn og hælisleitendur eða þá sem leita eftir alþjóðlegri vernd. Þegar ég var á Grikklandi í sumar voru þar félagasamtök, ég var þar á vegum SOS-barnaþorpa sem eru frjáls félagasamtök, NGO. Þau voru að mestu leyti í því að sinna þessum málefnum, en þó í samstarfi við ríkið sem ber ábyrgðina þegar upp er staðið.

Ef ég mætti bara nefna England var þar unnið út frá „Dubs proclamation“. Lagt var til að sveitarfélögin skilgreindu hvað þau mættu og gætu gert til þess að taka á móti fleiri fylgdarlausum börnum. Angela Merkel krafðist þess á þingi að öll sveitarfélög, eða eins mörg og gætu, myndu taka sitt hlutfall af fylgdarlausum börnum. Í framhaldi af þessu sé ég enga ástæðu til annars en að við hugsum um hvernig við dreifum ábyrgð til þess að valdefla og tengja flóttafólk við landið ef það fær vernd hérna, og leyfa því að kynnast fleiru en Reykjavíkurborg og húsnæðisskortinum sem hér er.

[23:54]

Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir) (S):

Virðulegi forseti. Lög nr. 80/2016, um útlendinga, voru

samin af innanríkisráðuneytinu og þverpólítískri þingmannanefnd sem skipuð var innanríkisráðherra og m.a. var ætlað að skoða hvernig móta mætti innflytjendastefnu og löggjöf sem tæki mið af þróun Íslensks samfélags ásamt því að tryggja mannúð, skilvirkni og farsæla móttöku þeirra sem hingað leita. Nefndin var leidd af Óttari Proppé, en auk hans áttu þar sæti Svandís Svavarsdóttir, Óssur Skarphéðinsson, Birgitta Jónsdóttir, Lína Anna Sævarsdóttir og Unnur Brá Konráðsdóttir.

Þingmannanefndin hafði það að leiðarljósi að bæta enn frekar íslenska löggjöf um útlendinga í samráði við helstu sérfræðinga á sviðinu, háskólasamfélagið og sjálfa notendur kerfisins. Markmiðið með skipan nefndarinnar var að stuðla að samstarfi milli þingmanna, embættismanna og fræðimanna og stuðla þar með að ábyrgum skrefum í flóknum málaflökki þar sem stefnumótun er unnin að vel ígrunduðu máli með hliðsjón af þverfaglegum rannsóknum. Fjölmargir aðilar, stofnanir, hagsmunasamtök og mannréttindasamtök komu að undirbúningi frumvarpsins. Þá var sérstaklega litið til ákvæða barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna við frumvarpssmíðina.

Minni hlutinn lítur sérstaklega til þeirra vönduðu vinnu sem unnin var á síðasta löggjafarþingi, þess víðtæka samráðs sem viðhaft var og þeirrar þverpólítísku sáttar sem skapaðist. Minni hlutinn leggur áherslu á að taka þurfi til skoðunar lög um útlendinga og kanna hvernig megi bæta meðferð umsókna barna um alþjóðlega vernd, réttindi þeirra og stöðu þeirra hér á landi. Tryggja þurfi að vandað sé til verka við lagasetningu þegar gera á breytingar á svo viðamiklum og viðkvæmum málaflökki sem útlendingamálín eru. Sambærileg mál þarf að afgreiða á sams konar hátt. Það getur ekki talist til efturbreytni að brugðist sé við einstökum málum í flýti afturvirkir með lagasetningu.

Mikilvægt er að sátt ríki um störf þeirra stofnana sem fara með útlendingamál. Trúverðugleiki þeirra stofnana fæst ekki með því að Alþingi taki fram fyrir hendurnar á stjórnissýslunni í einstökum málum. Stjórnissýslan framfylgir þeim lögum sem Alþingi setur og ef túlkun þeirra stofnana sem hér um ræðir samræmist ekki skilningi þingsins þarf að endurskoða löggjöfina sjálfa. Slík endurskoðun getur ekki farið fram með tilliti til einstakra ákvarðana heldur að vel ígrunduðu máli með víðtæku samráði sérfræðinga og með langtímahagsmunum að leiðarljósi. Þá telur minni hlutinn að stórum álitaeftum sem tengjast fyrirbyggjandi frumvarpi sé enn ósvarað.

Þær breytingar sem frumvarpið fela í sér vekja upp spurningar um jafnræði. Þar sem frumvarpið tekur eingöngu til þeirra umsókna sem bárust fyrir gildistöku þess verður ekki séð að greinarmun megi gera á aðstæðum þeirra sem frumvarpið tekur til og þeirra sem á eftir koma.

Markmið laganna miðar að því að ná til þeirra einstaklinga sem eru í mestri neyð. Í því samhengi er ekki hægt að taka afmarkaðan hóp út fyrir sviga án þess að það bitni á þeim sem síðar koma.

Við meðferð málsins hjá nefndinni kom fram að Dyflinnarreglugerðin sé túlkuð rúmt af íslenskrum stjórnissýslu, rýmra en í nágrannaríkjum okkar. Þá berast Íslandi hlutfallslega margar umsóknir um alþjóðlega vernd og kom fram að fyrir séð væri sú breyting sem lögð er leiði til tals-

verðrar fjölgunar umsókna, auk þess sem ætla má að málsmeðferðartími lengist vegna aukins álags á Útlendingastofnun og kærufnd útlendingamála. Í því samhengi má geta þess að álag í málaflöknum hefur aukist umtalsvert síðustu ár.

Við meðferð málsins komu jafnframt fram alvarlegar athugasemdir sem snúa að þeim skilaboðum sem felast í frumvarpinu og snúa að því að börn og fjölskyldur með börn geti fengið einfaldari málsmeðferð vegna umsókna um alþjóðlega vernd. Komu hafa upp mál á Íslandi tengd mansali á börnum og hætt er við að breytingarnar geti aukið hættu á mansali eða smygli á börnum. Þá kom fram að Europol hefur varað við því að nú eru um 10.000 börn flóttafólks í Evrópu sem ekki er vitað hvar eru niðurkomin. Bent var á að þrátt fyrir að um skýrt afmarkaða afturvirka breytingu sé að ræða sé erfitt að sporna við því að flökkusögur fari á kreik um að auðveldara sé að fá hæli hér á landi en áður.

Minni hlutinn leggur áherslu á að mikilvægt sé að umsóknum um alþjóðlega vernd sé forgangsraðað eftir neyð. Afgreiðsla umsókna verður að byggjast á gagnsærri löggjöf. Lykilatriði er að öll mál séu ávallt afgreidd af jafnræði og sanngirni og í samræmi við þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist.

Undir þetta nefndarálit skrifa Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, Valgerður Gunnarsdóttir og Vilhjálmur Árnason.

[23:59]

Kolbeinn Óttarsson Proppé (Vg) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. framsögumanni fyrir framsöguna. Sem sérstakur áhugamaður um þjóðfræði, sagnfræði og allt sem tengist t.d. flökkusögum, get ég ekki látið hjá líða að spyrja hv. framsögumann aðeins út í þann kafla sem farið var yfir hér. Hér segir í álitinu, með leyfi forseta:

„Bent var á að þrátt fyrir að um skýrt afmarkaða afturvirka breytingu sé að ræða sé erfitt að sporna við því að flökkusögur fari á kreik um að auðveldara sé að fá hæli hér á landi en áður og að skipulögð glæpastarfsemi sem gerir út á smygl á fólki víli ekki fyrir sér að kynda undir þá túlkun.“

Hvernig sér hv. framsögumaður fyrir sér að sé hægt að gera nokkrar breytingar í átt til batnaðar í þessum málum öðruvísi en að þessar meintu flökkusögur fari af stað?

Ég gerði nú skemmri skírni í leit á alþingisvefnum. Þetta er stór stund. Orðið flökkusögur hefur aldrei birst í þingskjali áður þannig að við erum að brjóta hér eitthvert blað. Hvernig sér hv. þingmaður fyrir sér að hægt sé að gera nokkrar breytingar án þess að flökkusögur fari af stað, þessi furðulega hugmynd um flökkusögur?

[00:01]

Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir) (S) (andsvar):

Virðulegi forseti. Til þess er vísað að lögreglan og ríkislögreglustjóri voru gestir á fundi nefndarinnar.

Ég tel að þetta sýni enn fremur að það sé mikilvægt að undirbúa vel og ígrunda vel þær breytingar sem við ætlum að gera á útlendingalöggjöfinni. Ég er ekki á móti því eins og kemur fram í þessu álitni minni hlutans að við þurfum að

gera breytingar og skoða löggjöfina okkar, en við hljótum að þurfa að skoða hvað sé efnislega að henni ef þingmenn telja að stjórnsýslan fari ekki eftir vilja löggjafans.

[00:01]

Kolbeinn Óttarsson Proppé (Vg) (andsvar):

Virðulegi forseti. Takk fyrir svarið svo langt sem það náði. Ég skil ekki alveg hvernig hv. þingmaður ætlar nokkurn tímann að koma í veg fyrir að flökkusögur fari af stað ef það þarf að gera einhverjar breytingar til batnaðar í þessum málum. Ég verð að játa það að mér finnst þetta ótrúlega sérstök setning í virðulegu plaggi eins og nefndar-álit alþingisnefndar er. Að setja fram hugmynd um að einhverjar flökkusögur fari mögulega af stað sem erfitt sé að sporna við, þetta er allt í einhverjum svona heita potts-stíl, verð ég að leyfa mér að segja. Mér finnst það ekki sæma virðulegu Alþingi að vera með svona setningar í nefndar-álit.

Hins vegar segir í nefndarálitinu að fram kom að fyrir-séð væri að sú breyting sem lögð er til leiði til talsverðrar fjölgunar umsókna um alþjóðlega vernd. Er hv. þingmaður tilbúinn að fullyrða það svo enginn efi leiki á að þetta sé satt, (Forseti hringir.) að það verði talsverð fjölgun umsókna verði þetta frumvarp að lögum?

[00:03]

Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir) (S) (andsvar):

Virðulegi forseti. Það sem stendur í álitinu er bara veruleikinn sem blasir við þeim sem starfa að þessum mála-flokki. Það sem ég held að fyrst og fremst þurfi að skoða er að þessi lagabreyting tekur til einstaka aðila og er sérsniðin að einstökum börnum hér á landi en ekki þeim sem koma hér á morgun. (Gripíð fram í: 80 börn.) Þetta eru 80 börn, það er rétt. (Gripíð fram í.) Ég held að það sé betra að hafa hér skýra löggjöf en ekki tilfallandi löggjöf sem kemur upp út af einhverjum málum og er sérsniðin að þessum börnum, frekar ættum við að taka langtímaákvörðanir og vel ígrundaðar ákvörðanir um það hvernig við ætlum að breyta útlendingalögum til hins betra og hvernig við ætlum ... (Gripíð fram í.) Ég er að svara þér, hv. þingmaður (Gripíð fram í: Nei.) Þetta er ástæðan fyrir því að þessi setning í álitinu sem hv. þingmaður spyr út í (Forseti hringir.) er þarna inni af því að þessi lagabreyting er svona takmörkuð en ekki vel ígrunduð (Forseti hringir.) og gildir ekki einnig fyrir þau börn sem síðar koma eða börnin sem voru send út síðustu fjórar vikurnar.

[00:04]

Eva Pandora Baldursdóttir (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmanni framsöguna. Hv. þingmaður sagði að mikilvægt væri að sátt myndi ríkja um störf þeirra stofnana sem fara með útlendingamál. Ég vil spyrja hv. þingmann hversu mikil sátt hún telji að sé um starfsemi þessara stofnana í dag og hvort þetta frumvarp bæti það ekki mögulega. Einnig segir hv. þingmaður að trúverðugleiki þeirra stofnana fái ekki með því að Alþingi taki fram fyrir hendurnar á stjórnsýslunni í einstökum málum. Ég vil ítreka það að hér er Alþingi ekki

að gera breytingar út af einstökum málum heldur vegna sí-endurtekinnna brota stofnana, ekki einungis á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna heldur á siðferðisvitund almennings. Ég vil endilega heyra álit hv. þingmanns á því.

Einnig segir, með leyfi forseta:

„Slík endurskoðun getur ekki farið fram með tilliti til einstaka ákvarðana heldur að vel ígrunduðu máli með við-tæku samráði sérfræðinga ...“

Ég spyr: Nú hafa sérfræðingar lagt mat á þetta mál og lagt hefur verið mat á að ítrekað er verið að brjóta á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ég vil endilega fá að heyra álit hv. þingmanns á þessum málum.

[00:05]

Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir) (S) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ákvörðun stjórnsýslunnar um þessi tilteknu mál sem hv. þingmaður vísar til er tekin á grunni þeirra útlendingalaga sem eru við lýði í landinu í dag. Hún spyr, af hverju þessi börn? Og segir að við séum að brjóta barnasáttmálann. Ég spyr þá: Er ekki eitthvað að útlendingalögum? Af hverju er ekki efnisbreyting, endanleg efnisbreyting á útlendingalögum lögð fyrir þingið ef fólk telur að stjórnsýslan sé að brjóta lög með ákvörðunum sínum? Ég velti fyrir mér af hverju verið sé að fara svona á hundavaði með einhverjar breytingar fyrir fáein börn í stað fleiri með þessum hætti í staðinn fyrir að gera efnislegar breytingar á útlendingalöggjöfinni, ef fólk telur að stjórnsýslan sé að brjóta hér lög. (Gripíð fram í: Við börðumst á móti því ...)

[00:07]

Eva Pandora Baldursdóttir (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir svarið. Mér heyrir við alveg vera sammála um þetta mál, það þurfi að leggja fram breytingar á þessum lögum. Því spyr ég: Af hverju gerði minni hluti nefndarinnar það ekki? Af hverju telur hv. þingmaður þá afsökun vera í lagi í rauninni að breyta engu af því að öllu verður ekki breytt? Eða hvernig breytir þetta ákvæði hlutum til hins verra? Er þetta ekki einmitt til þess komið að auka traust á stofnunum sem fara með þessi málefni?

Að lokum vil ég ítreka að barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur árið 2013 en síðan þá hafa stjórnvöld ekki verið að framfylgja honum og hafa líka ítrekað brotið hann. Ég vil endilega enn og aftur heyra viðhorf hv. þingmanns um þetta málefni.

[00:08]

Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir) (S) (andsvar):

Virðulegi forseti. Af hverju gerði minni hlutinn það ekki? Út af því sem ég hef hér að framan rakið. Það hefur ekki verið tími til að taka þessa löggjöf til endurskoðunar og það sem þarf að breyta í henni. Það þarf, eins og ég hef sagt, að skoða lög um útlendinga og kanna hvernig megi bæta meðferð umsókna barna um alþjóðlega vernd, en það hefur enginn bent mér á það hverju þurfi að breyta í lögum, m.a. af meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar,

til þess að forðast svona ákvarðanir um einstaka mál. (Gripið fram í.) Ég hlýt að — það kom skýrt fram á nefndarfundum í dag að þessi löggjöf sé í kringum einstök mál. Og sama, ég tel (Gripið fram í.) — við hljótum að vera setja lög á Alþingi til að sama gildi um öll börn. **(Gripið fram í: Hvernig ætlið þið að gera það?)**

[00:09]

Frsm. meiri hluta allsh.- og menntmn. (Nichole Leigh Mosty) (Bf) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. þingmanni að við eigum ekki að vera að skipuleggja lög í kringum einstök börn. En er það ekki satt að fyrir lágu drög að frumvarpi sem hefði náð utan um fleiri, sem hefði gætt að jafnræði sem ég heyrir að hv. þingmaður ræðir um hér. Ég vil spyrja: Af hverju er þessi breyting svona takmörkuð? Af hverju er hópur sem við erum að ræða mjög svo takmarkaður? Er hv. þingmaður til í að deila með okkur hvar þessi breytingartil-laga byrjaði, hvar hún endaði og hverjir tóku afstöðu til þeirrar stöðu sem við erum í nú þar sem við erum á mjög takmarkaðan hátt að gæta að börnum?

[00:10]

Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir) (S) (andsvar):

Virðulegi forseti. Þær breytingar voru ekki búnar að fara í gegnum neitt samráðsferli hér milli allra þingflokka og í vinnu þar sem við viljum sjá breytingar á þessum lögum verða gerðar í samræmi við það hvernig nýju útlendingalögin voru sett. Við stöndum auðvitað ekki að baki þessari tillögu hér, þannig að hv. þingmaður getur kannski best svarað því af hverju hún sé orðin svona takmörkuð núna.

[00:10]

Frsm. meiri hluta allsh.- og menntmn. (Nichole Leigh Mosty) (Bf) (andsvar):

Nei, ég get ekki svarað því. Eins og ég sagði þá lagði ég fram tillögu sem var víðari, sem gætti jafnræðis. Þar sem hv. þingmaður virðist ekki vita um það þá var það frumvarp sem ég lagði til stutt af fjölmörgum þingmönnum hér í þessum sal, held ég úr öllum flokkum nema Sjálfstæðisflokkum og Framsóknarflokkum, og hefði það verið samþykkt og unnið með er spurning hvort við hefðum náð að vinna með breiðari hóp og unnið til framtíðar að því að framkvæmd þessara laga sé eins og ætlast var til. Ég vil taka fram að hv. þingmaður sat þann sama nefndarfund og ég þar sem var talað um — þetta kom ekki frá mér, það kom úr munni nefndarmanna eða gesta í nefndinni — að efnislega eru lög skýr en framkvæmd þeirra og túlkun á þeim er það sem veldur því broti sem við ræðum hér.

[00:11]

Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir) (S) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hv. þingmanni að við eigum að hugsa svona löggjöf til framtíðar. Það eigum við ávallt að gera þegar við setjum löggjöf, að hugsa um heildina en ekki einstök mál sem upp koma og við erum ósatt við í stjórnsýslunni.

[00:12]

Logi Einarsson (Sf) (andsvar):

Frú forseti. Hv. þingmaður spurði af hverju ekki hefðu verið gerðar efnislega breytingar, en svaraði því svo sjálf: Vegna þess að það var ekki tími til þess. Af hverju voru þá gerðar sértækar breytingar? Það er vegna þess að hvert mannlíf, hvert barnslíf skiptir máli. Það er þess vegna.

Hér talaði hæstv. ráðherra áðan um að það væri ekki von að leikmenn skildu þetta mál. Og var hún þá væntanlega að tala um okkur þingmenn sem erum ekki löggjafingar eða lögmenn. Hv. þingmaður er hins vegar lögmaður, við skulum þá gera kröfu á hana sem slíka. Hún er sennilega að rugla saman hugtökunum jafnræði og því að eitt hvað bitni á einhverjum. Getur hún sagt mér hvernig í ósköpunum það að taka afmarkaðan hóp út fyrir sviga án þess að það bitni á þeim sem síðar komi, er rökrétt? Hvernig getur það bitnað á þeim sem koma á eftir og njóta þeirra laga sem eru í dag að einhverjir aðrir hafi fengið öryggi og skjól? Eina svarið við því, hv. þingmaður, er að hún komi með okkur eftir kosningar og breyti (Forseti hringir.) löggjöfinni til frambúðar. Þetta er rökvilla.

[00:13]

Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir) (S) (andsvar):

Virðulegi forseti. Það sem átt er við með þessu er að það væri væntanlega — og væntanlega, segi ég — meira álag á kerfinu. Af hverju er það rökstutt hér að ákveðin 80 börn, eins og slengt er fram hér í þingsal, falli undir þessa (Gripið fram í.) lagasetningu (Gripið fram í.) en ekki börnin (Gripið fram í.) sem (Forseti hringir.) koma á eftir?

(Forseti) (UBK): Við skulum gefa ræðumanni hljóð.

Þau falla ekki undir þessa lagasetningu, börnin sem koma þar á eftir. **(Gripið fram í: 80 börn. Ég nefndi ...)**

[00:14]

Logi Einarsson (Sf) (andsvar):

Frú forseti. Börnin sem koma á eftir njóta nákvæmlega þeirra réttinda sem þau hafa fyrir setningu þessara laga. Við tökum einhverja og hjálpum þeim en það bitnar ekkert á hinum. **(Gripið fram í: Heyr, heyr.)** Það er eiginlega núturlæg sýn á mannlíf að tala með þessum hætti. Ef hv. þingmaður meinar eitthvað með þessu þá lagar hún löggjöfina þannig að börn sem koma á eftir njóti þess líka. En það að einhver fái eitthvað bitnar ekki endilega á hinum. Það er nefnilega ekki alltaf þannig að ógæfa eins sé á kostnað annars sem er í vondri stöðu. Það er nefnilega líka hægt að taka af þeim sem eiga peninga og bæta þeim inn í kerfið.

[00:15]

Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir) (S) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég frábið mér að vera stillt hér upp gegn ákveðnum mannlífum, eins og hv. þingmaður orðar það. Ég er svo sannarlega til í að vinna með þér að því að bæta þessa löggjöf efnislega til frambúðar og sérstaklega þá annmarka sem þið sjáið á henni sem þið teljið að stjórnsýslan fylgi ekki í dag. (Gripið fram í.) Ég mun með glöðu geði vinna með þér að þeim breytingum í þverpólítískri sátt eins

og útlendingalöggin voru unnin svo afskaplega vel. Þau byggjast á góðum og gildum markmiðum, sérstaklega varðandi vernd barna. Við þurfum greinilega að skoða saman hverju við ættum að breyta efnislega í þeim. Mér finnst eðlilegt að það gildi um öll börn.

[00:16]

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (P):

Frú forseti. Ég gleðst yfir því að þessi 80 börn og fjölskyldur þeirra komist í skjól. Þetta er vissulega lítið skref. Þetta er bara eitt skref í átt að meiri mannúð í þeim útlendingalögum sem við höfum sett okkur.

Það hafa ekki komið fram efnislegar tillögur, nei, mögulega ekki. Mig langar að leggja til að við skoðum aftur upphaflegu drögin að útlendingalögum sem lágu fyrir af því að ég man að mér voru kynnt þau drög. Þau fylltu mig gleði og von um að við ætluðum að taka núna vel á þessum málaflökki. En eitthvað gerðist í millitíðinni. Einhver mannúð lak þar út, talsverð raunar verður að segjast. Ég held að það væri bara fallett ef við færum aftur á upphafsreit með þau drög sem kynnt voru fyrir hagsmunaaðilum, gott ef ekki árið 2014, og skoðuðum þau aðeins og athuguðum hvar okkur hefur borið af leið í þessu þverpólítiska ferli sem þingmönnum verður svo tíðrætt um. Þar getum við eflaust fundið margar góðar efnislegar breytingar sem einhvern veginn urðu ekki að lögum við gerð útlendingalaga sem við höfum í dag. Að öðru leyti ætla ég ekki að lengja mál mitt mikið.

Mig langar að ræða aðeins um afturvirkni laga og hvers vegna við höfum bann við afturvirkni laga og hvernig það virkar. Mér finnst gæta viss misskilnings í nefndaráliti minni hlutans um þetta mál um það hvernig bann við afturvirkni laga virkar. Afturvirk lög má ekki setja hafi þau neikvæð áhrif á réttindi einstaklinga. Stjórnvöld mega ekki taka ákvarðanir afturvirkni hafi þær neikvæð áhrif á réttindi einstaklinga. Þetta er reglan um bann við afturvirkum lögum. Út á það gengur hún. Hún gengur út á að vernda réttindi borgaranna gagnvart ágangi yfirvalda. Hún er til þess gerð að ekki sé hægt að segja eftir á að eitthvað sé bannað með lögum og við því liggi fangelsisrefsing eða eitthvað álíka, t.d. til þess að ná sér niður á einhverjum óþægilegum einstaklingum. Út á það gengur sú regla.

Mér finnst gæta viss misskilnings í nefndaráliti minni hlutans gagnvart því þegar segir þar, með leyfi forseta:

„Sambærileg mál þarf að afgreiða á sams konar hátt.“
— Sem er alveg rétt. — „Það getur ekki talist til eftirbreytni að brugðist sé við einstökum málum í flýti afturvirkri með lagasetningu.“

Nú höfum við fordæmi fyrir því að við einstöku máli, að vissu leyti stærra máli, sem náði til aðeins stærrri hóps fólks í þjóðfélaginu en samt sem áður einstakt mál, að við því var brugðist í flýti með afturvirkri lagasetningu. Það mál hafði neikvæð áhrif á réttindi borgaranna. Það var lífeyrismálið sem orsakaðist af klúðri í velferðarráðuneytinu og hefði orðið þess valdandi að ríkisvaldið hefði þurft að greiða út 5 milljarða til þeirra sem áttu bótarétt vegna mistaka í lagasetningu. Þá þótti nú meiri hlutanum ekki tiltökumál að setja afturvirk lög í miklum flýti til þess að bregðast við. Við skulum bara muna að það skiptir máli í hvaða tilgangi lög eru sett afturvirk. Ef þau eru sett afturvirk eins og í

þessu tilfelli til þess að bæta réttindi þeirra sem löggin ná yfir, þá er allt í lagi að setja afturvirk lög. Það er bara svoleiðis. Ég vil minna hv. þingmann á þessa reglu og hvernig hún virkar og biðja hana um að hafa hana alltaf í heiðri, líka þegar það hentar ekki.

[00:20]

Andrés Ingi Jónsson (Vg):

Virðulegur forseti. Eitt af markmiðum útlendingalaga er mannúð. Þetta frumvarp snýst einfaldlega um að bæta örlítið meiri mannúð í framkvæmd þeirra laga. Þetta kemur til vegna þess að okkur bárust fréttir í sumar af málum, jú, ákveðnum málum af því að þetta er kerfi sem snýst um einstaklinga og mál þeirra, þar sem maður fékk ekki annað séð en að fólk í viðkvæmri stöðu, mögulega fórnarlömb mansals, börn á flóttu, veikt fólk, nyti ekki þeirrar verndar sem mannúðarsjónarmið útlendingalaga gera kröfu um.

Við þessu brugðumst við á þingi, eðlilega, með því að kanna málið nánar. Við nánari eftirgrenslnan á fundi allsherjar- og menntamálanefndar kom í ljós að þessi grunur okkar var á rökum reistur. Framkvæmd laganna í tilvikum barna hælisleitenda er ekki nógu góð. Á þetta hafa UNICEF og Rauði krossinn bent, sem hafa það hlutverk að tala máli þeirra sem ekki geta talað fyrir sig sjálfir, sem eiga sér ekki nógu sterka málsvara í samfélaginu. Á það þurfum við að hlusta. Við þurfum að hlusta á það þegar starfsmenn UNICEF fara á vettvang og skoða aðbúnað hælisleitenda og hörfa nánast, svo slæmar eru aðstæðurnar, og benda á að ekki séu uppfyllt lágmarksskilyrði sem eru gerð til svona starfsemi þegar kemur að fjölskyldufólki og börnum. Meira að segja í aumustu flóttamannabúðum sem eru yfirfullar af fólki og settar upp tímabundið í einhverju fúafeni er einhvers staðar tjald með leikföngum og birtu og gleði, barnvænt svæði, fyrir börn flóttamanna til að fá að vera börn.

Þetta bjóðum við ekki upp á. Þetta býður Útlendingastofnun ekki upp á vegna þess að hún eins og við mörg hin og kerfið allt þjáist af barnasáttmálablindu, eins og Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF, komst að orði, barnasáttmálablindu sem lýsir sér í því að kerfið er ekki sniðið utan um börn sem skjólstæðinga. Það skortir fé. Það skortir starfsfólk. Það skortir þjálfun og það skortir rými til að við getum tekið á móti flóttabörnum sem eru væntanlega viðkvæmastí hópur sem samfélag getur tekið upp á arma sína. Til þess að við getum tekið sómasamlega á móti þessum börnum þurfum við að gera svo miklu, miklu betur. Þetta frumvarp leysir þann vanda ekki en það er þó skref í rétta átt. Það kemur til móts við stöðu á að giska 80 barna sem eru á ýmsum stöðum í ferlinu og tryggir þeim þó ekki væri nema bara efnislega meðferð mála sinna.

Það kom líka fram í máli hæstv. forsætisráðherra fyrr í dag í 1. umr. þessa máls að það sem við hjá Vinstri grænum höfum gagnrýnt í hvert einasta skipti sem þessi mál ber á góma er bara reyndin. Ríkisstjórnin sem góðu heilli er fráfarandi lítur svo á að Dyflinnarumsóknir, fólk sem kemur inn og fellur undir Dyflinnarreglugerðina eigi bara helst að vera á færibaldi, það eigi helst að sparka því út sem fyrst. Ef fólkið sem stýrir ríkisstjórninni lítur svona á börn sem koma inn í gegnum Dyflinnarreglugerðina þá er náttúrulega ekkert verið að búa til mikið kerfi utan um þau. Þau eru

hvort eð er á útleið eftir smástund þannig að við þurfum ekkert að sinna grundvallarréttindum þeirra eins og að tryggja þeim menntun, sem við gerum oft ekki, eða tryggja þeim barnvæn svæði í kringum móttökumiðstöðvar, sem eru gjarnan staðsettar á iðnaðarsvæði í Hafnarfirði þar sem eina leiksvæðið er kannski bílastæði fyrir utan ef það eru ekki allt of margir bílar að bakka þar. Þetta er ólíðandi. Þetta er hluti af gríðarstóru vandamáli í útlendingamálum hjá okkur. Þetta er frumvarp er hluti af því sem við þurfum að gera til að takast á við það.

Ég bind miklar vonir við að næstu ríkisstjórn takist að taka almennilega á þessum málum þannig að við þurfum ekki að vera í kapphlaupi við tímann að semja frumvörp sem ná utan um 80 börn, heldur getum við búið til mannúðlegar reglur sem ná utan um öll börn sem eiga hingað erindi og eru velkomin í samfélag okkar. Á meðan þau eru í umsjá Útlendingastofnunar og annarra stjórnvalda þá fari vel um þau og þau fái að vera börn, af því að það er ekki staðan í dag.

[00:27]

Pawel Bartoszek (V):

Frú forseti. Ég hlustaði hér af athygli á ræðu Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur sem flutti nefndarálit minni hlutans. Ég ætla ekki að saka hv. þm. Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur um að vilja börnum illt. Ég þekki hana að góðu einu. En að sama skapi vil ég ekki að endurtekin sé sú mantra æ ofan í æ að þeir sem standa að þessari tillögu hafi einfaldlega hlaupið til og mixað eitthvað afturvirktt frumvarp sem tekur einungis til þessara örfáu fjölskyldna. Það var ekki upprunalega uppleggið. Við, m.a. þingmenn Viðreisnar og Bjartrar framtíðar, lögðum fram frumvarp sem tók á þessum málum heildstætt. Við lögðum fram frumvarp sem tók á málum sem snerta barnavernd, sem stytta ýmsa fresti, sem tiltók sérstaklega stöðu fólks í viðkvæmri stöðu. Þetta frumvarp var sent út. Það var beðið um meðflutningsmenn. Það var sent á alla þingmenn. Það gátu allir farið á það frumvarp. Það má öllum vera ljóst að það var vilji alla vega hluta þeirra sem standa að þessari tillögu að taka á málinu heildstætt.

Það komu fleiri þannig frumvörp fram. Hv. þm. Andrés Ingi Jónsson kom með frumvarp sem tók á hluta af þessum málum þannig að viljinn til að taka á málum heildstætt er svo sannarlega til staðar. Það er bara hluti af niðurstöðu þeirrar vinnu sem fer síðan fram að menn skera niður.

Það er erfitt að hlusta á að upprunalega uppleggið hafi alltaf verið það að taka aðeins til þessara tilteknu mála því það var alls ekki tilfellið. Auðvitað getum við síðan tekið þá afstöðu, fólk getur komið og sagt að það hafi enginn verið tími til þess að vinna málið heildstætt. Gott og vel. Það má kannski fallast á að það sé erfitt að vinna svona heildstæðar breytingar á útlendingalögum á svona stuttum tíma. En það er allt önnur ásökun að segja að menn hafi upprunalega lagt fram áætlun þar sem þeir vildu einungis taka á málum þessara tilteknu fjölskyldna. Það var alls ekki tilfellið. Vilji margra þeirra sem standa að þessu var einmitt að breyta hlutum heildrænt. Ég læt ekki endurtaka það æ ofan í æ að það hafi verið eitthvað annað.

Síðan er athyglisvert að hlusta dálítið á þá gagnrýni sem

fram kemur á málflutning þeirra sem vilja að öðruvísi sé staðið að þessum málum. Ef það er gert eins og í þessu frumvarpi og tekið einungis á málum örfarra fjölskyldna þá er maður sakaður um að grípa í raun fram fyrir hendur á stjórnsýslunni. Ef það er gert með heildrænum hætti þá er það allt of dýrt. Annaðhvort eða. Annaðhvort viljum við hafa þetta allt of dýrt eða við viljum hafa þetta ódýrt og taka á mjög afmörkuðu málavíði. Ég sé alveg rökin á bak við hvort tveggja. En ég sé ekki að það sé heiðarlegt að setja fram gagnrýni á hvort tveggja í einu. Maður verður að ákveða sig eða segja bara: Við erum ánægð með fyrirkomulagið eins og er. Það getur líka vel verið að það sé tilfellið.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra að sinni. Mig langaði bara að koma þessu að. En ég vona að þrátt fyrir að við höfum ekki náð að gera þessa litlu og vissulega tímabundnu breytingu til bráðabirgða í sameiningu þá verði engu að síður mögulegt að halda áfram að vinna að breytingum á útlendingalögum í sátt eins og var réttilega gert á síðasta kjörtímabili.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

63. gr. þingskapa.

[00:32]

Björn Leví Gunnarsson (P):

Virðulegi forseti. Hv. þingmenn. Við forseti höfum rætt um 63. gr. þingskapa þar sem kom fram í útskýringum að venjulega eru almennar stjórn málaumræður eða eldhúsdagsumræður að vori. Í fyrra voru þær 26. september, við undarlegar kringumstæður eins og núna. Þegar ég spurði hvaða flokkar hefðu átt þátt í ákvörðun um að taka ekki almennar stjórn málaumræður á dagskrá þá kom það svar að enginn hefði beðið um þær. Það bað enginn um almennar stjórn málaumræður, það var nóg að gera. Það er því miður ekki gild ástæða að vona að enginn segi neitt til þess að sleppa við að fara eftir þingsköpum. Ég býst við það sé hlutverk virðulegs forseta að tryggja að farið sé eftir þingsköpum. Mig langar því til þess að spyrja um hver næstu skref eru varðandi þessa grein þingskapa.

[00:33]

Forseti (Unnur Brá Konráðsdóttir):

Eins og fram hefur komið þá hefur forseti litið svo á að samkomulag sé um þinglokin. Tveir flokkar hafa lýst því yfir að þeir standi ekki að því samkomulagi. Engu að síður var það ákveðið á fundi formanna í gær að ljúka þingstórftum í dag. Það var þannig að allir, eins og ég skildi niðurstöðuna, formenn flokkanna voru sammála því að hafa þann háttinn á.

[00:33]

Útbýting:

Uppreist æru, reglur og framkvæmd, 138. mál, skýrsla stjórnsk.- og eftirln., þskj. 141.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Frv. BjarnB o.fl., 111. mál (uppreist æru). — Þskj. 111, nál. m. brtt. 136.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [00:35]

1. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
 2. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
- Brtt. í nál. 136 samþ. með 56 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Kosningar til Alþingis, frh. 2. umr.

Frv. stjórnsk.- og eftirln., 112. mál (viðmiðunardagur umsóknar um kosningarrétt). — Þskj. 112.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [00:36]

1. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
 - 2.–3. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
- Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Útlendingar, frh. 2. umr.

Frv. KJak o.fl., 113. mál (málsmeðferðartími). — Þskj. 113, nál. 139 og 140.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [00:37]

1. gr. samþ. með 38:17 atkv. og sögðu
- já:** AIJ, ATG, ÁstaH, BenJ, BirgJ, BjG, BLG, EB, ELA, EPB, EyH, GBr, GHJ, HallM, HKF, JÞÓ, JSV, JSE, KJak, KÓP, LA, LRM, LE, NicM, OH, ÓP, PawB, RBB, SilG, SMC, SJS, SPÁ, SSv, ThÞ, ÞKG, ÞorstV, ÞSÆ, ÞórE.
- nei:** ÁslS, ÁsF, BÁ, BjarnB, HarB, HildS, JónG, NF, ÓBK, PállM, SÁA, TBE, UBK, ValG, VilÁ, VilB, ÞórdG.
- 8 þm. (BjÓ, BHar, BN, GÞÞ, GBS, KÞJ, SDG, SIJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 36:17 atkv. og sögðu

- já:** AIJ, ATG, ÁstaH, BenJ, BirgJ, BjG, BLG, EB, ELA, EPB, EyH, GBr, GHJ, HallM, HKF, JÞÓ, JSV, JSE, KJak, KÓP, LA, LRM, LE, NicM, OH, ÓP, PawB, SilG, SMC, SJS, SPÁ, ThÞ, ÞKG, ÞorstV, ÞSÆ, ÞórE.
- nei:** ÁslS, ÁsF, BÁ, BjarnB, HarB, HildS, JónG, NF, ÓBK, PállM, SÁA, TBE, UBK, ValG, VilÁ, VilB, ÞórdG.
- 10 þm. (BjÓ, BHar, BN, GÞÞ, GBS, KÞJ, RBB, SDG, SIJ, SSv) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Fundi slitið kl. 00:37.

8. FUNDUR

Þriðjudaginn 26. september,
að loknum 7. fundi.

Dagskrá:

1. Almenn hegningarlög, frv., 111. mál, þskj. 142. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Kosningar til Alþingis, frv., 112. mál, þskj. 112. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Útlendingar, frv., 113. mál, þskj. 113. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [00:39]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. allra mála á dagskrá. — Afbrigði samþ. með 56 shlj. atkv.

Kveðja þingmanns.

[00:40]

Eygló Harðardóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp í ræðustól í síðasta sinn. Þetta er búinn að vera verulega viðburðaríkur tími, að mörgu leyti erfiður tími frá því að ég tók sæti á Alþingi í nóvember 2008, í miðju hruni, það eru næstum því níu ár síðan. En þetta hefur líka að mörgu leyti verið skemmtilegur tími fyrir mig. Ég er búin að kynnast mörgu góðu fólki, ykkur öllum sem setið hafa hér með mér. Við höfum tekist á. Við höfum oft verið ósammála, en hins vegar svo miklu oftast verið sammála. Það er góð tilfinning, ég vil að þið munið það, að taka ákvörðun um að hætta. [Hlátur í þingsal.] (BirgJ: Heyr, heyr.)

Ég óska ykkur góðs gengis í kosningunum. Við erum þrjár, held ég, sem erum búnar að taka ákvörðun um að gefa ekki kost á okkur áfram. Ég vil hvetja ykkur hin til dáða á nýju þingi. Hvað varðar kosningabaráttuna óska ég þess að hún verði málefnaleg, hún verði góð, efnisleg og að þið komið aftur hugsanlega ásamt nýjum félögum af fullum krafti inn á þingið og haldið áfram að vinna vel fyrir samfélag okkar.

Það er ekki alltaf talað vel um þennan vinnustað, en ég verð aldrei í þeim hópi. Þetta er einkar merkilegur og mikilvægur vinnustaður. Við erum að búa til leikreglurnar fyrir samfélag okkar. En það er kannski eitt sem ég vildi fá að segja að lokum, það er nokkuð sem ég tel mig alla vega hafa lært og hefur ekki verið auðvelt að læra; að samhliða því að við setjum leikreglur fyrir alla aðra í samfélaginu er svo mikilvægt að byrja á okkur sjálfum, að hver og einn velti fyrir sér hvað hann sjálfur getur gert öðruvísi. Það er einmitt þannig sem er best að koma skilaboðum á framfæri til samfélagsins í heild, með því að vera fyrirmynd. Það er ekki auðvelt. Við gerum mistök. Við erum mannleg. En þess vegna erum við líka kosin á Alþingi Íslendinga, til að vera manneskjur.

Alþt. 2017. B. (147. löggjafarþing).

Takk kærlega. Ég þakka forseta fyrir gott samstarf.

Í síðasta hluta ræðu minnar ætla ég að fá að þakka starfsfólki Alþingis sem gerir þennan vinnustað að jafn góðum vinnustað og raun ber vitni, sem er ómetanlegur stuðningur við okkur í gegnum allt það sem gengur á oft á hverjum degi. Takk kærlega fyrir. (Gripíð fram í: Heyr, heyr.)

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Frv. BjarnB o.fl., 111. mál (uppreist æru). — Þskj. 142.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [00:43]

Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AIJ, ATG, ÁsLS, ÁsF, ÁstaH, BenJ, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, EB, ELA, EPB, EyH, GBr, GHJ, HallM, HKF, HarB, HildS, JónG, JÞÓ, JSV, JSE, KJak, KÓP, KÞJ, LA, LRM, LE, NicM, NF, OH, ÓBK, ÓP, PawB, PállM, RBB, SÁA, SilG, SMC, SJS, SÞÁ, SSv, TBE, ThÞ, UBK, ValG, VilÁ, VilB, ÞKG, ÞorstV, ÞórdG, ÞSÆ, ÞórE.

1 þm. (BLG) greiddi ekki atkv.

7 þm. (BjÓ, BHar, BN, GÞP, GBS, SDG, SIJ) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 144).

Kosningar til Alþingis, 3. umr.

Frv. stjórnsk.- og eftirln., 112. mál (viðmiðunardagur umsóknar um kosningarrétt). — Þskj. 112.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [00:43]

Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AIJ, ATG, ÁsLS, ÁsF, ÁstaH, BenJ, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BLG, EB, ELA, EPB, EyH, GBr, GHJ, HallM, HKF, HarB, HildS, JónG, JÞÓ, JSV, JSE, KJak, KÓP, KÞJ, LA, LRM, LE, NicM, NF, OH, ÓBK, ÓP, PawB, PállM, RBB, SÁA, SilG, SMC, SJS, SÞÁ, SSv, TBE, ThÞ, UBK, ValG, VilÁ, VilB, ÞKG, ÞorstV, ÞórdG, ÞSÆ, ÞórE.

7 þm. (BjÓ, BHar, BN, GÞP, GBS, SDG, SIJ) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 145).

Útlendingar, 3. umr.

Frv. KJak o.fl., 113. mál (málsmeðferðartími). — Þskj. 113.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA [00:50]

Frv. samþ. með 38:17 atkv. og sögðu

já: AIJ, ATG, ÁstaH, BenJ, BirgJ, BjG, BLG, EB, ELA, EPB, EyH, GBr, GHJ, HallM, HKF, JPÓ, JSV, JSE, KJak, KÓP, LA, LRM, LE, NicM, OH, ÓP, PawB, RBB, SiIG, SMC, SJS, SPÁ, SSV, ThP, ÞKG, ÞorstV, ÞSÆ, ÞórE.

nei: ÁslS, ÁsF, BÁ, BjarnB, HarB, HildS, JónG, NF, ÓBK, PállM, SÁA, TBE, UBK, ValG, VilÁ, VilB, ÞórdG.

8 þm. (BjÓ, BHar, BN, GÞP, GBS, KPJ, SDG, SIJ) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:44]

Dómsmálaráðherra (Sigríður Á. Andersen) (S):

Virðulegur forseti. Ég boðaði hér í umræðu um stefnu-ræðu forseta fyrir nokkrum dögum víðtækt samráð allra þeirra flokka sem eiga sæti á þingi um ekki bara endurskoðun á útlendingalögum heldur í rauninni eftirfylgni með þeim lögum sem nú gilda og voru samþykkt í þverpólítískri samstöðu á síðasta þingi. Ég tel einboðið að til þessa vettvangs verði boðað að loknum kosningum. Ég get fullyrt að gefist mér tækifæri til þeirrar vinnu mun ég taka þátt í henni sem og Sjálfstæðisflokkurinn að sjálfisögðu allur. Sú löggjöf sem hér er til umræðu hins vegar á ekkert skylt við þá almennu endurskoðun sem hugsanlega kann að þurfa að fara fram á þeim lögum.

Virðulegur forseti. Ómannúðlegasta leiðin við breytingar á útlendingalögum er í rauninni sú sem hér er farin [Kliður í þingsal.] þar sem staðfest er að hælisleitendur eigi örlög sín undir geðþótta stjórnvalda á hverjum tíma. Margir hælisleitendur eru nú einmitt að flýja það.

Ég endurtek það sem ég hef áður sagt og tel brýnt að menn hafi í huga að hér verði starfræktur næstu misserin þverpólítískur samráðsvettvangur um framkvæmd og framgang útlendingalaganna í heild. (**SJS:** Það byrjar vel hjá ykkur, Sjálfstæðis ...)

[00:45]

Logi Einarsson (Sf):

Frú forseti. Hvernig í ósköpunum er hægt að komast að því að eitt líf geti verið óþarfi? Hæstv. ráðherra talaði hér um að hún ætlaði að bjóða til samræðu allra flokka um endurskoðun útlendingalaga. Það gerði hún þó ekki þegar hún lagði fram málaskrána. Hún gerði það viku seinna eftir að þetta mál komið í deigluna. Vissulega komum við í þá vegferð vegna þess að það skiptir máli að laga þessi lög og gera þau almenn þannig að við sýnum að við séum þjóð meðal þjóða. En hvert barn skiptir máli. Ég fagna samþykkt þessara laga.

[00:46]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Frú forseti. Þegar framkvæmd laga sem varðar fólk í sérstaklega viðkvæmri stöðu, börn, hefur það í för með sér að réttlætiskennnd jafn margra er misboðið, þá er ástæða til að hlusta. Þegar UNICEF og Rauði krossinn biðja okkur að hlusta er ástæða til að hlusta, hlusta og velta því fyrir sér hvort við séum að framfylgja lögum sem eiga að byggjast á

mannúð með þeim hætti sem við eigum að gera þannig að þau uppfylli skyldur barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem við höfum undirgengist. Það er nefnilega ástæða til að hlusta og velta því fyrir sér. Það er niðurstaðan sem fulltrúar sex flokka af sjö hér á Alþingi komust að, að það væri ástæða til að hlusta. Ég velti því fyrir mér hvort fulltrúar þess flokks sem ekki kys að styðja þessa breytingu ættu ekki að hlusta. Ég segi já við þessari breytingu.

[00:47]

Vilhjálmur Árnason (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér um mjög viðkvæman málaflokk sem snertir fólk og sérstaklega börn sem eru í veikri stöðu. Því ber að vanda sig. Því er mjög erfitt að fara í gegnum þetta og vita hvernig maður getur orðið að liði til að hjálpa börnunum sem best og sem flestum. Það er það sem við stefnum öll að. Það var í þeim anda sem við bjuggum til þá löggjöf sem við samþykktum hér á síðasta þingi í samvinnu. Sú löggjöf er tilkuð rúmt á Íslandi. Dyflinnarreglugerðin er meðhöndluð rúmt á Íslandi. Það hefur komið fram við vinnu þessa máls.

Það kom líka skýrt fram í vinnunni að margt þarf að laga í löggjöfinni og sérstaklega við meðferðina á börnunum og hvernig við tryggjum framkvæmd mannréttindasáttmálans. Það skulum við fara saman í. En það sem truflar mig í þessu er sérstaklega tvennt, það er að í þeim lögum sem eru hér til umræðu er ekki gætt jafnræðis. (Forseti hringir.) Ef rangur orðrómur fer af stað getur þetta sett börn (Forseti hringir.) í sérstaklega veika stöðu. Það get ég ekki stutt.

[00:49]

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (P):

Frú forseti. Réttlætið fékk að sigra í kvöld á þessari atkvæðagreiðsluöflu sem er eitthvað sem mér finnst stundum sjaldgæft. Í þetta sinn gerir það það. Hæstv. dómsmálaráðherra leggur hér fyrir okkur að það sé ómannúðlegt að við veitum 80 börnum skjól vegna þess að það kunni það skapa einhvers konar réttaróvissu gagnvart stjórnvöldum. Ég vil taka það fram að fullkomin réttaróvissa gildir gagnvart flóttafólki hér á Íslandi eins og staðan er núna. Fólk hefur ekki vitund um það hver réttindi þess eru.

Að lokum langar mig að taka það fram að þótt það sé virðingarvert af hæstv. ráðherra að hafa ætlað að eiga samráð um málefni útlendinga þá átti sér stað samráð. Þetta samráð átti sér stað. Sjálfstæðisflokkurinn var ekki sam-mála. En samráðið átti sér á milli allra flokka hér á þingi. Það breytir því ekki að hér var samráð þótt Sjálfstæðisflokkurinn hafi ákveðið að vera ekki með í þetta sinn.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 146).

Þingfrestun.

[00:50]

Forseti (Unnur Brá Konráðsdóttir):

Háttvirtir alþingismenn. Nú er þessu stutta þingi lokið. Mál hafa sannarlega þróast með öðrum hætti en við áttum von á við upphaf þessa þings fyrir 15 dögum. Þetta verður í

sögubókunum meðal stystu löggjafarþinga, þó ekki það stysta.

Ég hef í sumar og það sem af er þessu þingi átt gott samstarf við formenn þingflokka, forsætisnefnd og ríkisstjórn og fyrir það vil ég þakka. Þingmönnum öllum og starfsfólki þakka ég sömuleiðis fyrir gott samstarf.

Fyrir liggur að fjórir þingmenn hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér í komandi alþingiskosningum. Allt eru þetta konur. Það er mjög umhugsunarvert. Reynslan sýnir að konur sitja almennt skemur á Alþingi en karlar. Eygló Harðardóttir, fyrrverandi félags- og húsnæðismálaráðherra, lætur nú af þingmennsku eftir tæp nýu ár og þar af nærri fjögurra ára setu á ráðherrabekk. Birgitta Jónsdóttir sem gegnt hefur trúnaðarstörfum á Alþingi sem formaður þingflokks Borgarahreyfingarinnar, Hreyfingarinnar og Pírata lætur af þingmennsku eftir rúmlega átta ára þingsetu. Þá hafa Elsa Lára Arnardóttir og Theodóra S. Þorsteinsdóttir tilkynnt að þær sækist ekki eftir endurkjöri. Elsa Lára hefur átt sæti á Alþingi í rúm fjögur ár og Theodóra tók sæti á Alþingi eftir alþingiskosningar í lok október á síðasta ári, en á þeim tíma gegndi hún embætti þingflokksformanns. Öllum þessum þingmönnum vil ég við þetta tækifæri þakka fyrir störf þeirra á Alþingi og óska þeim alls hins besta í framtíðinni.

Framtíð okkar sem gefum kost á okkur til endurkjörs er nú í höndum kjósenda. Allir komu þeir aftur, segir í laginu. Hugsanlega verður það ekki þannig í okkar tilviki. Kjós-
endur eiga nú valið.

[00:52]

Svandís Svavarsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Mig langar fyrir hönd þingflokksformanna að þakka fyrir samstarfið á þessu sögulega þingi. 147. þing verður lengi í minnum haft, stutt, óvenjulegt og reyndi verulega á starfsfólk Alþingis sem á skilið sérstakar þakkir frá okkur þingmönnum. Þau hafa lagt mikið á sig undanfarna daga, sinnt þingmönnum, fundum, stuttum og löngum, svarað spurningum, einföldum og flóknum, símtölum og samtölum, seint og snemma, glímt við texta, nefndarálit, greinargerðir, fundargerðir, bókanir, dagskrár, skráningar mála, skrifað upp ræður, misgóðar, sinnt okkur þingmönnum í öllum okkar daglegu sveiflum, þingmönnum sem sumir hverjir halda á vit nýrra starfa og öðrum sem hyggjast bjóða sig fram að nýju.

Fyrir hönd okkar allra: Kærar þakkir.

Einnig langar mig að þakka hæstv. forseta, Unni Brá Konráðsdóttur, fyrir lagni, úthald og sveigjanleika á þessum óvenjulegu tímum. Henni ferst embættið sérlega vel úr hendi, hún er nefnilega forseti okkar allra og verðskuldar þakkir okkar fyrir það. Takk fyrir það líka að vera forseti sem vill brjóta blað, forseti sem vill færa embættið til nútímans, auka skilning og umræðu í samfélaginu öllu, um hlutverk og eðli okkar gamla, mikilvæga og dýrmæta Alþingis.

Alþingi á nefnilega skilið að okkur þyki vænt um það, að við umgöngumst það af virðingu, en líka af þrótt og ástríðu sem dagleg umræða og átök um framtíðarsýn og þróun samfélagsins okkar verðskuldar.

Forseti. Við höldum nú á fund kjósenda sem gefa nýju þingi umboð við kosningar. Gætum að því umboði í dags-

ins önn. Sýnum okkur sjálfum, hvert öðru og þjóðinni sóma á þeim vikum sem fram undan eru. (**Gripð fram í:** Heyr, heyr.)

[00:55]

Forseti (Unnur Brá Konráðsdóttir):

Forseti þakkar góða kveðju.

[00:55]

Forsætisráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 147. löggjafarþings, frá 26. september 2017 eða síðar ef nauðsyn krefur.

Gjört í Reykjavík, 26. september 2017.

Guðni Th. Jóhannesson.

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis.“

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég yfir því að fundum Alþingis, 147. löggjafarþings, er frestað.

Virðulegi forseti. Alþingiskosningar munu fara fram 28. október næstkomandi, samanber forsetabréf um þingrof og almennar kosningar til Alþingis sem gefið var út 18. september síðastliðinn. Þingmenn og flokkar ganga nú út í kosningabaráttu í annað sinn á innan við ári.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka ykkur öllum sem og starfsmönnum þingsins fyrir samstarfið á því stutta kjörtímabili sem brátt tekur enda. Eins og hér hefur komið fram í kvöld er eitt mikilvægasta og um leið vandasamasta verkefni stjórn málaflokkanna sem fá brautargengi í komandi kosningum að skapa stöðugleika við stjórn landsins. Ég vona svo sannarlega að gæfan verði okkur hliðholl í þeim efnum, landi og þjóð til heilla.

Fundi slitið kl. 00:57.